2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1984, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex B does not exceed, annually, twenty-five per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed, annually, twenty-five per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

3. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1996, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka B ekki fram úr núlli. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr núlli. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum mörkum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Töluliður þessi skal gilda nema að því marki að aðilar ákveði að heimila það magn framleiðslu eða neyslu sem þeir hafa fallist á að sé nauðsynleg til að uppfylla bráðanotkun.

B. Grein 2D: Koltetraklóríð

Í stað greinar 2D bókunarinnar kemur eftirfarandi grein:

Grein 2D: Koltetraklóríð

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem hefst 1. janúar 1995 fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki II í Viðauka B ekki fram úr 15% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddu tímabili sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1996, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki II í Viðauka B ekki fram úr núlli. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu fari ekki fram úr núlli. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni á árinu 1989. Töluliður þessi skal gilda nema að því marki að aðilar ákveði að heimila það magn framleiðslu eða neyslu sem þeir hafa fallist á að sé nauðsynleg til að uppfylla bráðanotkun.

3. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1996, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex B does not exceed, zero. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989. This paragraph will apply save to the extent that the Parties decide to permit the level of production or consumption that is necessary to satisfy uses agreed by them to be essential.

B. Article 2D: Carbon Tetrachloride

Article 2D of the Protocol shall be replaced by the following Article:

Article 2D: Carbon Tetrachloride

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1995, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group II of Annex B does not exceed, annually, fifteen per cent if its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing the substance shall, for the same period, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, fifteen per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1996, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group II of Annex B does not exceed zero. Each Party producing the substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed zero. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989. This paragraph will apply save to the extent that the Parties decide to permit the level of production or consumption that is necessary to satisfy uses agreed by them to be essential.

C. Grein 2E: 1,1,1-tríklóretan
(metýlklóróform)

Í stað greinar 2E bókunarinnar kemur eftirfarandi grein:

Grein 2E: 1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1993 fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1994, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr 50% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr 50% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

3. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1996, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr núlli. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu fari ekki fram úr núlli. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Töluliður þessi skal gilda nema að því marki að aðilar ákveði að heimila það magn framleiðslu eða neyslu sem þeir hafa fallist á að sé nauðsynleg til að uppfylla bráðanotkun.

C. Article 2E: 1,1,1- Trichoroethane
(Methyl Chloroform)

Article 2E of the Protocol shall be replaced by the following Article:

Article 2E: 1,1,1- Trichloroethane (Methyl Chloroform)

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1993, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group III of Annex B does not exceed, annually, its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing the substance shall, for the same period, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, fifteen per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1994, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group III of Annex B does not exceed, annually, fifty per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing the substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed, annually, fifty per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989.

3. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1996, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group III of Annex B does not exceed zero. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed zero. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production for 1989. This paragraph will apply save to the extent that the Parties decide to permit the level of production or consumption that is necessary to satisfy uses agreed by them to be essential.

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana.

Hinn 15. mars 1994 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í New York afhent fullgildingarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana sem gerður var í Róm 26. október 1961 með eftirfarandi yfirlýsingum:

Ísland mun í samræmi við 3. tl. 5. gr. ekki beita skilyrðum um upptöku.

Ísland mun í samræmi við 2. mgr. 6. gr. því aðeins veita útvarpssendingu vernd að aðalstöðvar útvarpsstofnunar séu í öðru aðildarríki og að sent hafi verið út með senditæki, staðsettu í sama aðildarríki.

Ísland mun í samræmi við a-lið (i) í 1. mgr. 16. gr. ekki beita 12. gr. vegna afnota hljóðrita sem út hafa verið gefin fyrir 1. september 1961.

Ísland mun í samræmi við a-lið (ii) í 1. mgr. 16. gr. einungis beita 12. gr. ef um útvarpssendingu er að ræða eða aðra miðlun til almennings í viðskiptaskyni.

Ísland mun í samræmi við a-lið (iii) í 1. mgr. 16. gr. ekki beita 12. gr. að því er tekur til hljóðrita þegar framleiðandi þeirra er ekki ríkisborgari annars aðildarríkis.

Ísland mun í samræmi við a-lið (iv) í 1. mgr. 16. gr. takmarka vernd þá, sem kveðið er á um í 12. gr., að því er tekur til hljóðrita, þegar framleiðandi þeirra er ríkisborgari annars aðildarríkis, þannig að verndin verði bæði að því er varðar umfang og verndartíma hin sama sem síðarnefnt ríki áskilur hljóðritum sem í fyrsta sinn hafa verið tekin upp af íslenskum ríkisborgara.

Samningurinn tók gildi að því er Ísland varðaði 15. júní 1994.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið 30. desember 1994.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR

um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana.

Aðildarríkin, sem telja æskilegt að vernda réttindi listflytjenda, framleiðanda hljóðrita og útvarpsstofnana,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Vernd sú sem veitt er með samningi þessum skal ekki hagga eða á nokkurn hátt hafa áhrif á vernd höfundaréttar á bókmenntum og listaverkum. Má því ekki skýra neitt ákvæði samningsins þannig að það skerði þessa vernd.

2. gr.

1. Í samningi þessum merkir þegnleg meðferð þá meðferð sem aðildarríki, þar sem verndar er krafist, ákveður í löggjöf sinni um eftirgreinda aðila:

a. listflytjendur, sem eru ríkisborgarar þess, vegna listflutnings sem fram hefur farið, útvarpað hefur verið eða tekinn hefur verið upp í fyrsta sinn innan yfirráðasvæðis þess;
b. framleiðendur hljóðrita, sem eru ríkisborgarar þess, vegna hljóðrita sem fyrst hafa verið tekin upp eða gefin út innan yfirráðasvæðis þess;
c. útvarpsstofnanir, sem hafa aðalstöðvar sínar á yfirráðasvæði þess, vegna útvarpssendinga sem sendar eru með senditækjum, staðsettum á yfirráðasvæði þess.

2. Þegnleg meðferð er háð ákvæðum um vernd sem veitt er sérstaklega með samningi þessum og þeim takmörkunum sem kveðið er sérstaklega á um í honum.

3. gr.

Í samningi þessum merkir:

a. „listflytjandi“ leikara, söngvara, hljóðfæraleikara, dansara og aðra sem leika á leiksviði, syngja, lesa upp, segja fram, taka þátt í eða flytja með öðrum hætti verk sem heyra til bókmenntum eða listum;
b. „hljóðrit“ sérhverja upptöku, sem einungis geymir hljóð, á listflutningi eða öðrum hljómum;
c. „framleiðandi hljóðrita“ einstakling eða lögaðila sem framkvæmir fyrstu hljóðupptöku listflutnings eða annarra hljóma;
d. „útgáfa“ að bjóða almenningi til sölu eintök hljóðrita í álitsverðum fjölda;
e. „eftirgerð“ að gera eintak eða eintök upptöku;
f. „útvarpssending“ þráðlausa sendingu til almennings á hljómum eða myndum og hljómum;
g. „endurvarp“ samtímisendursendingu útvarpsstofnunar á útvarpssendingu annarrar útvarpsstofnunar.

4. gr.

Aðildarríki veita listflytjendum þegnlega meðferð ef fullnægt er einhverju því skilyrði sem hér segir:

a. listflutningur fer fram í öðru aðildarríki;
b. listflutningur verður hluti hljóðrits sem verndar nýtur samkvæmt 5. gr. samnings þessa;
c. listflutningur, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, verður hluti útvarpssendingar sem verndar nýtur samkvæmt 6. gr. samnings þessa.

5. gr.

1. Aðildarríki veita framleiðendum hljóðrita þegnlega meðferð ef fullnægt er einhverju því skilyrði sem hér segir:

a. framleiðandi hljóðrits er ríkisborgari annars aðildarríkis (skilyrði um ríkisborgararétt);
b. upptaka var fyrst gerð í öðru aðildarríki (skilyrði um upptöku);
c. hljóðrit var fyrst gefið út í öðru aðildarríki (skilyrði um útgáfu).

2. Nú hefur hljóðrit fyrst verið gefið út í ríki sem er ekki aðili að samningi þessum, en einnig verið gefið út í aðildarríki innan 30 daga frá fyrstu útgáfu þess (samtímisútgáfa), og skal þá svo með farið sem fyrsta útgáfa hafi farið fram í aðildarríkinu.

3. Hvert aðildarríki hefur rétt til að lýsa því yfir í tilkynningu, sem afhent skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að það hyggist ekki beita annaðhvort skilyrðinu um útgáfu eða skilyrðinu um upptöku. Aðildarríki getur afhent slíka tilkynningu um leið og það fullgildir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, eða hvenær sem er síðar. Í síðastgreindu tilviki öðlast hún gildi sex mánuðum eftir afhendingu hennar.

6. gr.

1. Aðildarríki veita útvarpsstofnunum þegnlega meðferð ef fullnægt er öðru hvoru því skilyrði sem hér segir:

a. aðalstöðvar útvarpsstofnunar séu í öðru aðildarríki;

b. útvarpssendingin var send út með senditæki staðsettu í öðru aðildarríki.

2. Aðildarríki hefur rétt til að lýsa því yfir í tilkynningu, sem afhent skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að það muni því aðeins veita útvarpssendingu vernd að aðalstöðvar útvarpsstofnunar séu í öðru aðildarríki og að sent hafi verið út með senditæki staðsettu í sama aðildarríki. Aðildarríki getur afhent slíka tilkynningu um leið og það fullgildir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, eða hvenær sem er síðar. Í síðastgreindu tilviki öðlast hún gildi sex mánuðum eftir afhendingu hennar.

7. gr.

1. Vernd sú sem listflytjendum er veitt með samningi þessum skal m.a. gera þeim kleift að koma í veg fyrir:

a. útvarpssendingu og miðlun til almennings á listflutningi þeirra án samþykkis þeirra nema listflutningurinn, sem sendur er út eða miðlað til almennings, sé til kominn sem útvarpssending eða upptaka;

b. upptöku án samþykkis þeirra á listflutningi sem ekki hefur verið tekinn upp;

c. eftirgerð án samþykkis þeirra á upptöku listflutnings:

i. ef frumupptakan var gerð án samþykkis þeirra;

ii. ef eftirgerðin er framkvæmd í öðrum tilgangi en þeim sem listflytjandi hafði veitt samþykki til;

iii. ef frumupptakan var gerð í samræmi við ákvæði 15. gr. en eftirgerðin framkvæmd í öðrum tilgangi en þeim sem um getur í greindum ákvæðum.

2. 1) Nú hefur listflytjandi samþykkt útvarpssendingu listflutnings, og fer þá eftir innlendum lögum þess aðildarríkis, þar sem verndar er krafist, hvernig háttað sé vernd gegn endurvarpi, upptöku til útvarpssendingar og eftirgerð slíkrar upptöku til útvarpssendingar.

2) Setja ber reglur um notkun útvarpsstofnana á upptöku, sem gerð hefur verið til útvarpssendingar, í samræmi við innlend lög þess aðildarríkis þar sem verndar er krafist.

3) Innlend lög sem um getur í undirgreinum 1 og 2 í málsgrein þessari skulu þó ekki verða til þess að svipta listflytjendur færi á að skipa með samningi samskiptum sínum við útvarpsstofnanir.

8. gr.

Aðildarríki er heimilt að kveða á um í innlendum lögum og reglugerðum með hverjum hætti sé haldið uppi fyrirsvari af hálfu listflytjenda um framkvæmd réttinda þeirra þegar þeir taka fleiri en einn saman þátt í hinum sama listflutningi.

9. gr.

Aðildarríki er heimilt að kveða á um í innlendum lögum og reglugerðum að vernd sú sem veitt er með samningi þessum skuli látin ná til skemmtikrafta sem ekki flytja bókmenntaleg eða listræn verk.

10. gr.

Framleiðendur hljóðrita hafa rétt til að heimila eða banna beina og óbeina eftirgerð á hljóðritum sínum.

11. gr.

Nú er vernd framleiðenda hljóðrita eða listflytjenda eða beggja þessara aðila háð formskilyrðum samkvæmt innlendum lögum aðildarríkis að því er tekur til hljóðrita, og skal þá talið að þeim skilyrðum sé fullnægt ef öll eintök útgefinna hljóðrita, sem til sölu eru, eða umbúðir þeirra eru merkt með tilgreiningunni tákninu (P), ásamt ártali fyrstu útgáfu, á þann hátt að það gefi nægilega til kynna að um verndað verk sé að ræða. Sé hvorki greint frá framleiðanda né leyfisþega hans á eintökunum eða umbúðunum (með nafni hans, vörumerki eða viðeigandi kennimerki) skal tilgreiningin jafnframt taka til nafns eiganda framleiðandaréttar. Ef ekki er greint frá aðallistflytjendum á eintökunum eða umbúðunum skal tilgreiningin einnig taka til nafns eiganda að réttindum listflytjenda í því landi þar sem upptaka fór fram.

12. gr.

Nú er hljóðrit sem gefið hefur verið út í viðskiptaskyni eða eftirgerð slíks hljóðrits notað beint til útvarpssendingar eða annarrar miðlunar til almennings, og skal notandi þá greiða sanngjarna þóknun í einu lagi til listflytjenda eða til framleiðenda hljóðritsins eða þeirra beggja. Heimilt er að setja skilmála um skiptingu þóknunarinnar milli aðilanna í innlendum lögum, enda hafi þeir ekki sjálfir samið um hana sín á milli.

13. gr.

Útvarpsstofnanir hafa rétt til að heimila eða banna:

a. endurvarp á útvarpssendingum þeirra;
b. upptöku á útvarpssendingum þeirra;
c. eftirgerð eins og hér segir:
   i. á upptöku útvarpssendinga þeirra sem gerð hefur verið án samþykkis þeirra;
   ii. á upptöku útvarpssendinga þeirra sem gerð hefur verið samkvæmt heimild í ákvæðum 15. gr. ef eftirgerðin er framkvæmd í öðrum tilgangi en þeim sem um getur í greindum ákvæðum;
d. miðlun til almennings á sjónvarpssendingum þeirra ef hún fer fram á stöðum sem almenningur á aðgang að gegn greiðslu inngangseyris. Um skilmála fyrir framkvæmd þessa réttar fer eftir innlendum lögum þess ríkis þar sem verndar er krafist.

14. gr.

Sú vernd sem samningur þessi veitir skal haldast í a.m.k. tuttugu ár frá lokum ársins:

a. er upptakan var gerð að því er tekur til hljóðrita og listflutnings sem þau hafa að geyma;
b. er listflutningurinn fór fram að því er tekur til listflutnings sem hefur ekki orðið hluti af hljóðriti;
c. er útvarpssendingin var send út.

15. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að kveða á um í innlendum lögum og reglugerðum undantekningar frá þeirri vernd sem veitt er með samningi þessum að því er varðar:

a. einkanot;
b. notkun á stuttum köflum í tengslum við fréttaflutning af dægurviðburðum;
c. upptöku útvarpsstofnunar til skamms tíma með eigin búnaði og vegna eigin útvarpssendinga;
d. notkun við kennslu eða vísindarannsóknir eingöngu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríki heimilt að kveða á um í innlendum lögum og reglugerðum sams konar takmarkanir á vernd til handa listflytjendum, framleiðendum hljóðrita og útvarpsstofnunum og kveðið er á um í innlendum lögum og reglugerðum vegna verndar höfundaréttar bókmennta og listaverka. Þó er einungis heimilt að kveða á um afnotakvöð að því marki sem slíkt brýtur ekki í bága við samninginn.

16. gr.

1. Þegar ríki gerist aðili að samningi þessum verður það háð öllum skyldum og nýtur allra réttinda sem þar greinir. Aðildarríki er þó heimilt hvenær sem er að lýsa því yfir í tilkynningu, sem afhent skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna:

a. um 12. gr.:
   i. að það muni ekki beita neinum ákvæðum þeirrar greinar;
   ii. að það muni ekki beita ákvæðum þeirrar greinar að því er varðar tiltekin afnot;
   iii. að það muni ekki beita ákvæðum þeirrar greinar að því er tekur til hljóðrita þegar framleiðandi þeirra er ekki ríkisborgari annars aðildarríkis;
   iv. að það muni takmarka vernd þá sem kveðið er á um í þeirri grein að því er tekur til hljóðrita, þegar framleiðandi þeirra er ríkisborgari annars aðildarríkis, þannig að verndin verði bæði að því er varðar umfang og verndartíma hin sama sem síðarnefnt aðildarríki áskilur hljóðritum sem í fyrsta sinn hafa verið tekin upp af ríkisborgara þess ríkis sem yfirlýsinguna gefur. En þó að aðildarríki, þar sem framleiðandinn er ríkisborgari, láti ekki vernd í té hinum sama eða hinum sömu réttarnjótendum og ríki, sem yfirlýsinguna gefur, skal það ekki talinn mismunur á umfangi verndarinnar.
b. um 13. gr. að það muni ekki beita ákvæðum d-liðar þeirrar greinar. Nú hefur aðildarríki gefið slíka yfirlýsingu og er öðrum aðildarríkjum þá ekki skylt að veita útvarpsstofnunum sem hafa aðalstöðvar í því ríki rétt þann sem getur í d-lið 13. gr.

2. Ef tilkynning sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar fer fram eftir að afhent hefur verið skjal um fullgildingu, samþykki eða aðild öðlast hún gildi sex mánuðum eftir afhendingu hennar.

17. gr.

Aðildarríki, sem 26. október 1961 veitir framleiðendum hljóðrita vernd eingöngu á grundvelli skilyrðisins um upptöku, er heimilt um leið og það fullgildir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum að lýsa því yfir í tilkynningu, sem afhent skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að það muni að því er 5. gr. varðar einungis beita skilyrðinu um upptöku, og að því er varðar iii. og iv. lið a-liðar 1. mgr. 16. gr., skilyrðinu um upptöku í stað skilyrðisins um ríkisborgararétt.

18. gr.

Ríki sem afhent hefur tilkynningu samkvæmt 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 16. gr. eða 17. gr. getur með síðari tilkynningu, sem afhent skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, takmarkað umfang hinnar fyrri tilkynningar eða afturkallað hana.

19. gr.

Án tillits til annarra ákvæða í samningi þessum skulu ákvæði 7. gr. ekki gilda lengur þegar listflytjandi hefur heimilað afnot af flutningi sínum í upptöku í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega.

20. gr.

1. Samningurinn rýrir ekki þau réttindi sem áunnin hafa verið í einhverju aðildarríkjanna áður en samningurinn gekk í gildi í því ríki.

2. Aðildarríki er ekki skylt að beita ákvæðum samningsins um listflutning eða útvarpssendingar sem fram hafa farið eða hljóðrit sem tekin voru upp áður en samningurinn öðlaðist gildi í því ríki.

21. gr.

Vernd sú sem veitt er með samningi þessum rýrir ekki þá vernd sem listflytjendum, framleiðendum hljóðrita eða útvarpsstofnunum hefur verið veitt með öðrum hætti.

22. gr.

Aðildarríki áskilja sér rétt til að gera með sér sérsamninga, enda veiti slíkir samningar listflytjendum, framleiðendum hljóðrita eða útvarpsstofnunum víðtækari réttindi en þau sem veitt eru með samningi þessum eða hafi að geyma önnur ákvæði sem ekki brjóta í bága við hann.

23. gr.

Samningur þessi skal afhentur aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu. Hann skal liggja frammi til 30. júní 1962 til undirritunar hverju því ríki sem boðin var þátttaka í stjórnarfulltrúaráðstefnu um alþjóðlega vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana og er jafnframt aðili að samningi um höfundarétt eða þátttökuríki í Alþjóðasambandinu til verndar bókmenntum og listaverkum.

24. gr.

1. Samningur þessi skal háður fullgildingu eða samþykki þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.

2. Sérhvert ríki sem boðin var þátttaka í ráðstefnu þeirri er getur í 23. gr. og sérhvert það ríki sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum skal eiga þess kost að gerast aðili að samningi þessum, enda sé viðkomandi ríki aðili að samningi um höfundarétt eða þátttökuríki í Alþjóðasambandinu til verndar bókmenntum og listaverkum.

3. Fullgilding, samþykki eða aðild skal eiga sér stað með afhendingu skjals þess efnis til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

25. gr.

1. Samningur þessi gengur í gildi þegar þrír mánuðir eru liðnir frá afhendingu hins sjötta skjals um fullgildingu, samþykki eða aðild.

2. Eftir það tekur samningurinn gildi að því er hvert einstakt ríki varðar þegar þrír mánuðir eru liðnir frá afhendingu skjals þess um fullgildingu, samþykki eða aðild.

26. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við stjórnskipun sína til að tryggja framkvæmd samnings þessa.

2. Þegar ríki afhendir skjal um fullgildingu, samþykki eða aðild verður því að vera kleift að landslögum að framfylgja ákvæðum samningsins.

27. gr.

1. Sérhvert ríki getur við fullgildingu, samþykki eða aðild eða hvenær sem er síðar lýst því yfir í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að samningurinn skuli ná til allra eða einhverra þeirra landsvæða sem það fer með utanríkismál fyrir, enda taki samningur um höfundarétt eða Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum til landsvæðis þess eða landsvæða sem um er að ræða. Tilkynningin öðlast gildi þegar þrír mánuðir eru liðnir frá viðtöku hennar.

2. Heimilt er að láta tilkynningar þær sem getur í 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 16. gr., 17. gr. og 18. gr. ná til einstakra eða allra þeirra landsvæða sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar.

28. gr.

1. Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum af sinni hálfu eða af hálfu allra eða einhverra þeirra landsvæða sem um ræðir í 27. gr.

2. Uppsögn skal gerð með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og öðlast hún gildi þegar tólf mánuðir eru liðnir frá viðtöku hennar.

3. Aðildarríki er óheimilt að beita uppsagnarrétti sínum fyrr en liðin eru fimm ár frá þeim degi er samningurinn öðlaðist gildi í því ríki.

4. Nú kemst aðildarríki í þá aðstöðu að það er hvorki aðili að samningi um höfundarétt né þátttökuríki í Alþjóðasambandinu til verndar bókmenntum og listaverkum og fellur þá niður frá þeim tíma aðild þess að samningi þessum.

5. Nú kemst landsvæði sem um ræðir í 27. gr. í þá aðstöðu að hvorki samningur um höfundarétt né Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum taka til þess og verður ákvæðum samnings þessa þá ekki beitt eftir það að því er það landsvæði varðar.

29. gr.

1. Aðildarríki er heimilt þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa að fara þess á leit í orðsendingu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að kvödd sé saman ráðstefna til að endurskoða samninginn. Aðalframkvæmdastjóri skal tilkynna öllum aðildarríkjum um beiðnina. Nú hefur á næstu sex mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar aðalframkvæmdastjóra a.m.k. helmingur aðildarríkja tjáð honum samþykki sitt við tilmælin og skal hann þá kynna það framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, framkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdastjóra skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum en þeir kveðja saman endurskoðunarráðstefnu í samvinnu við milliríkjanefnd þá sem í 32. gr. getur.

2. Engin breyting verður gerð á samningi þessum nema tveir þriðju hlutar þeirra ríkja sem taka þátt í endurskoðunarráðstefnunni samþykki, enda standi að þessum meiri hluta tveir þriðju hlutar þeirra ríkja sem eiga aðild að samningnum þegar ráðstefnan er haldin.

3. Nú hefur verið samþykktur nýr samningur sem felur í sér breytingu á þessum samningi í heild eða í einstökum atriðum, og skal þá, nema hinn nýi samningur mæli fyrir á annan veg:

a falla niður heimild til að fullgilda, samþykkja eða gerast aðili að samningi þessum frá þeim tíma er nýi samningurinn gengur í gildi;

b. samningur þessi halda gildi sínu í samskiptum aðildarríkja sem ekki hafa gerst aðilar að nýja samningnum.

30. gr.

Rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun á samningi þessum eða framkvæmd hans sem ekki hefur verið jafnaður með samkomulagi skal hann lagður undir úrskurð Alþjóðadómstólsins ef einhver deiluaðili æskir þess og aðilar hafa ekki samið um að leysa úr ágreiningnum með öðrum hætti.

31. gr.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan, sbr. þó 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 16. gr. og 17. gr.

32. gr.

1. Sett skal á stofn milliríkjanefnd sem gegni eftirfarandi hlutverki:

a. að kynna sér málefni sem varða framkvæmd og virkni samnings þessa;

b. að safna tillögum og undirbúa gögn í sambandi við hugsanlega endurskoðun samnings þessa.

2. Nefndin skal skipuð fulltrúum frá aðildarríkjunum og skal við val þeirra taka tillit til sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar. Nefndarmenn skulu vera sex ef aðildarríkin eru tólf eða færri, níu ef þau eru þrettán til átján að tölu, og tólf ef þau eru fleiri en átján.

3. Nefndin skal stofnuð tólf mánuðum eftir gildistöku samningsins með kosningu aðildarríkjanna. Hvert ríki um sig fer með eitt atkvæði. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, framkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdastjóri skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum annast skipulagningu kosningarinnar í samræmi við reglur sem meiri hluti aðildarríkjanna hefur samþykkt fyrirfram.

4. Nefndin kýs sér formann og aðra stjórnarmenn. Hún setur sér sjálf starfsreglur. Í þeim skal sérstaklega kveðið á um framtíðarstörf nefndarinnar og hver aðferð skuli höfð við kosningu nefndarmanna eftirleiðis þannig að tryggt sé að aðildarríkin eignist til skiptis fulltrúa í nefndinni.

5. Skrifstofa nefndarinnar skal skipuð starfsmönnum sem framkvæmdastjórar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum velja til þess starfa úr hópi starfsmanna greindra stofnana.

6. Kveðja skal til nefndarfunda hvenær sem meiri hluti nefndarmanna telur þess þörf. Fundina skal halda til skiptis í aðalstöðvum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum.

7. Ríkisstjórnir hlutaðeigandi ríkja skulu greiða kostnað af nefndarstörfum fulltrúa sinna.

33. gr.

1. Samningur þessi er gerður á ensku, frönsku og spænsku. Eru þessir þrír textar jafngildir.

2. Opinbera texta samnings þessa skal einnig gera á þýsku, ítölsku og portúgölsku.

34. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna ríkjum sem boðið var til ráðstefnu þeirrar er í 23. gr. getur og sérhverju því ríki sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum og enn fremur framkvæmdastjórum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum:

a. um afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, samþykki eða aðild til varðveislu;
b. um dag þann er samningur þessi gengur í gildi;
c. um allar tilkynningar, yfirlýsingar og orðsendingar sem getið er í samningi þessum;
d. um tilvik sem greinir í 4. og 5. mgr. 28. gr. ef þau ber að hendi.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal einnig tilkynna framkvæmdastjórum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum um beiðnir sem honum berast í samræmi við 29. gr. og einnig um allar orðsendingar sem hann fær frá aðildarríkjum um endurskoðun samnings þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Róm 26. október 1961 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku. Staðfest afrit skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, öllum ríkjum sem boðið var til ráðstefnu þeirrar sem í 23. gr. getur, öllum ríkjum sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum og enn fremur framkvæmdastjórum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu Alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum.

INTERNATIONAL CONVENTION

for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations.

The Contracting States, moved by the desire to protect the rights of performers, producers of phonograms, and broadcasting organisations,

Have agreed as follows:

Article 1

Protection granted under this Convention shall leave intact and shall in no way affect the protection of copyright in literary and artistic works. Consequently, no provision of this Convention may be interpreted as prejudicing such protection.

Article 2

1. For the purposes of this Convention, national treatment shall mean the treatment accorded by the domestic law of the Contracting State in which protection is claimed:

(a) to performers who are its nationals, as regards performances taking place, broadcast, or first fixed, on its territory;

(b) to producers of phonograms who are its nationals, as regards programs first fixed or first published on its territory;

(c) to broadcasting organisations which have their headquarters on its territory, as regards broadcasts transmitted from transmitters situated on its territory.

(c) to broadcasting organisations which have their headquarters on its territory, as regards broadcasts transmitted from transmitters situated on its territory.

2. National treatment shall be subject to the protection specifically guaranteed, and the limitations specifically provided for, in this Convention.

Article 3

For the purposes of this Convention:

(a) "performers" means actors, singers, musicians, dancers, and other persons who act, sing, deliver, declaim, play in, or otherwise perform literary or artistic works;

(b) "phonogram" means any exclusively aural fixation of sounds of a performance or of other sounds;

(c) "producers of phonograms" means the person who, or the legal entity which, first fixes the sounds of a performance or other sounds;

(d) "publication" means the offering of copies of a phonogram to the public in reasonable quantity;

(e) "reproduction" means the making of a copy or copies of a fixation;

(f) "broadcasting" means the transmission by wireless means for public reception of sounds or of images and sounds;

(g) "rebroadcasting" means the simultaneous broadcasting by one broadcasting organisation of the broadcast of another broadcasting organisation.

Article 4

Each Contracting State shall grant national treatment to performers of any of the following conditions is met:

(a) the performance takes place in another Contracting State;

(b) the performance is incorporated in a phonogram which is protected under Article 5 of this Convention;

(c) the performance, not being fixed on a phonogram, is carried by a broadcast which is protected by Article 6 of this Convention.

Article 5

1. Each Contracting State shall grant national treatment to producers of phonograms if any of the following conditions is met:

(a) the producer of the phonogram is a national of another Contracting State (criterion of nationality);

(b) the first fixation of the sound was made in another Contracting State (criterion of fixation);

(c) the phonogram was first published in another Contracting State (criterion of publication).

2. If a phonogram was first published in a non-contracting State but if it was also published, within thirty days of its first publication, in a Contracting State (simultaneous publication), it shall be considered as first published in the Contracting State.

3. By means of notification deposited with the Secretary General of the United Nations, any Contracting State may declare that it will not apply the criterion of publication or, alternatively, the criterion of fixation. Such notification may be deposited at the time of ratification, acceptance or accession, or at any time thereafter; in the last case, it shall become effective six months after it has been deposited.

Article 6

1. Each Contracting State shall grant national treatment to broadcasting organisations if either of the following conditions is met:

(a) the headquarters of the broadcasting organisation is situated in another Contracting State;

(b) the broadcast was transmitted from a transmitter situated in another Contracting State.

2. By means of notification deposited with the Secretary-General of the United Nations, any Contracting State may declare that it will protect broadcasts only if the headquarters of the broadcasting organisation is situated in another Contracting State and the broadcast was transmitted from a transmitter situated in the same Contracting State. Such notification may be deposited at the time of ratification, acceptance or accession, or at any time thereafter; in the last case, it shall become effective six months after it has been deposited.

Article 7

1. The protection provided for performers by this Convention shall include the possibility of preventing:

(a) the broadcasting and the communication to the public, without their consent, of their performance, except where the performance used in the broadcasting or the public communication is itself already a broadcast performance or is made from a fixation;

(b) the fixation, without their consent, of their unfixed performance;

(c) the reproduction, without their consent, of a fixation of their performance;

(i) if the original fixation itself was made without their consent;

(ii) if the reproduction is made for purposes different from those for which the performers gave their consent;

(iii) if the original fixation was made in accordance with the provisions of Article 15, and the reproduction is made for purposes different from those referred to in those provisions.

2. (1) if broadcasting was consented to by the performers, it shall be a matter for the domestic law of the Contracting State where protection is claimed to regulate the protection against rebroadcasting, fixation for broadcasting purposes, and the reproduction of such fixation for broadcasting purposes.

(2) The terms and conditions governing the use by broadcasting organisations of fixations made for broadcasting purposes shall be determined in accordance with the domestic law of the Contracting State where protection is claimed.

(3) However, the domestic law referred to in sub-paragraphs (1) and (2) of this paragraph shall not operate to deprive performers of the ability to control, by contract, their relations with broadcasting organisations.

Article 8

Any Contracting State may, by its domestic laws and regulations, specify the manner in which performers will be represented in connexion with the exercise of their rights if several of them participate in the same performance.

Article 9

Any Contracting State may, by its domestic laws and regulations, extend the protection provided for in this Convention to artistes who do not perform literary or artistic works.

Article 10

Producers of phonograms shall enjoy the right to authorise or prohibit the direct or indirect reproduction of their phonograms.

Article 11

If, as a condition of protecting the rights of producers of phonograms, or of performers, or both, in relation to phonograms, a Contracting State, under its domestic law, requires compliance with formalities, these shall be considered as fulfilled if all the copies in commerce of the published phonogram or their containers bear a notice consisting of the symbol ..., accompanied by the year date of the first publication, placed in such a manner as to give reasonable notice of claim of protection; and if the copies or their containers do not identify the producer or the licensee of the producer (by carrying his name, trade mark or other appropriate designation), the notice shall also include the name of the owner of the rights of the producer; and, furthermore, if the copies or their containers do not identify the principal performers, the notice shall also include the name of the person who, in the country in which the fixation was effected, owns the rights of such performers.

Article 12

If a phonogram published for commercial purposes, or a reproduction of such phonogram, is used directly for broadcasting or for any communication to the public, a single equitable remuneration shall be paid by the user to the performers, or to the producers of the phonograms, or to both. Domestic law may, in the absence of agreement between these parties, lay down the conditions as to the sharing of this remuneration.

Article 13

Broadcasting organisations shall enjoy the right to authorise or prohibit:

(a) the rebroadcasting of their broadcasts;

(b) the fixation of their broadcasts;

(c) the reproduction:

(i) of fixations, made without their consent, of their broadcasts;

(ii) of fixations, made in accordance with the provisions of Article 15, of their broadcasts, if the reproduction is made for purposes different from those referred to in those provisions;

(d) the communication to the public of their television broadcasts if such communication is made in places accessible to the public against payment of an entrance fee; it shall be a matter for the domestic law of the State where protection of this right is claimed to determine the conditions under which it may be exercised.

Article 14

The term of protection to be granted under this Convention shall last at least until the end of a period of twenty years computed from the end of the year in which:

(a) the fixation was made - for phonograms and for performances incorporated therein;

(b) the performance took place - for performances not incorporated in phonograms;

(c) the broadcast took place - for broadcasts.

Article 15

1. Any Contracting State may, in its domestic laws and regulations, provide for exceptions to the protection guaranteed by this Convention as regards:

(a) private use;

(b) use of short excerpts in connexion with the reporting of current events;

(c) ephemeral fixation by a broadcasting organisation by means of its own facilities and for its own broadcasts;

(d) use solely for the purposes of teaching or scientific research.

2. Irrespective of paragraph 1 of this Article, any Contracting State may, in its domestic laws and regulations, provide for the same kinds of limitations with regard to the protection of performers, producers of phonograms and broadcasting organisations, as it provides for, in its domestic laws and regulations, in connexion with the protection of copyright in literary and artistic works. However, compulsory licences may be provided for only to the extent to which they are compatible with this Convention.

Article 16

1. Any State, upon becoming party to this Convention, shall be bound by all the obligations and shall enjoy all the benefits thereof. However, a State may at any time, in a notification deposited with the Secretary-General of the United Nations, declare that:

(a) as regards Article 12:

(i) it will not apply the provisions of that Article;

(ii) it will not apply the provisions of that Article in respect of certain uses;

(iii) as regards phonograms the producer of which is not a national of another Contracting State, it will not apply that Article;

(iv) as regards phonograms the producer of which is a national of another Contracting State, it will limit the protection provided for by that Article to the extent to which, and to the term for which, the latter State grants protection to phonograms first fixed by a national of the State making the declaration; however, the fact that the Contracting State of which the producer is a national does not grant the protection to the same beneficiary or beneficiaries as the State making the declaration shall not be considered as a difference in the extent of the protection;

(b) as regards Article 13, it will not apply item (d) of that Article; if a Contracting State makes such a declaration, the other Contracting States shall not be obliged to grant the right referred to in Article 13, item (d), to broadcasting organisations whose headquarters are in that State.

2. If the notification referred to in paragraph 1 of this Article is made after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or accession, the declaration will become effective six months after it has been deposited.

Article 17

Any State which, on October 26, 1961, grants protection to producers of phonograms solely on the basis of the criterion of fixation may, by a notification deposited with the Secretary-General of the United Nations at the time of ratification, acceptance or accession, declare that it will apply, for the purposes of Article 5, the criterion of fixation alone and, for the purposes of paragraph 1 (a) (iii) and (iv) of Article 16, the criterion of fixation instead of the criterion of nationality.

Article 18

Any State which has deposited a notification under paragraph 3 of Article 5, paragraph 2 of Article 6, paragraph 1 of Article 16 or Article 17, may, by a further notification deposited with the Secretary-General of the United Nations, reduce its scope or withdraw it.

Article 19

Notwithstanding anything in this Convention, once a performer has consented to the incorporation of his performance in a visual or audio-visual fixation, Article 7 shall have no further application.

Article 20

1. This Convention shall not prejudice rights acquired in any Contracting State before the date of coming into force of this Convention for that State.

2. No Contracting State shall be bound to apply the provisions of this Convention to performances or broadcasts which took place, or to phonograms which were fixed, before the date of coming into force of this Convention for that State.

Article 21

The protection provided for in this Convention shall not prejudice any protection otherwise secured to performers, producers of phonograms and broadcasting organisations.

Article 22

Contracting States reserve the right to enter into special agreements among themselves in so far as such agreements grant to performers, producers of phonograms or broadcasting organisations more extensive rights than those granted by this Convention or contain other provisions not contrary to this Convention.

Article 23

This Convention shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations. It shall be open until June 30, 1962, for signature by any State invited to the Diplomatic Conference on the International Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations which is a party to the Universal Copyright Convention or a member of the International Union for the Protection of Literary and Artistic Works.

Article 24

1. This Convention shall be subject to ratification or acceptance by the signatory States.

2. This Convention shall be open for accession by any State invited to the Conference referred to in Article 23, and by any State Member of the United Nations, provided that

in either case such State is a party to the Universal Copyright Convention or a member of the International Union for the Protection of Literary and Artistic Works.

3. Ratification, acceptance or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General of the United Nations.

Article 25

1. This Convention shall come into force three months after the date of deposit of the sixth instrument of ratification, acceptance or accession.

2. Subsequently, this Convention shall come into force in respect of each State three months after the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance or accession.

Article 26

1. Each Contracting State undertakes to adopt, in accordance with its Constitution, the measures necessary to ensure the application of this Convention.

2. At the time of deposit of its instrument of ratification, acceptance or accession, each State must be in a position under its domestic law to give effect to the terms of this Convention.

Article 27

1. Any State may, at the time of ratification, acceptance or accession, or at any time thereafter, declare by notification addressed to the Secretary-General of the United Nations that this Convention shall extend to all or any of the territories for whose international relations it is responsible, provided that the Universal Copyright Convention or the International Convention for the Protection of Literary and Artistic Works applies to the territory or territories concerned. This notification shall take effect three months after the date of its receipt.

isins á hina ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. tl. útiloka það aðildarríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða framgreindra töluliða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude that Contracting State from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary. The method of apportionment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.

5. No profits shall be attributed to a permanent establishment by reason of the mere purchase by that permanent establishment of goods or merchandise for the enterprise.

6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.

7. Where profits include items of income which are dealt with separately in other Articles of this Convention, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

8. gr.

Siglingar og loftferðir

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Ákvæði 1. tl skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

Article 8

Shipping and air transport

1. Profits of an enterprise of a Contracting State from the operation of ships or aircraft in international traffic shall be taxable only in that State.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to profits from the participation in a pool, a joint business, or an international operating agency.

9. gr.

Tengd fyrirtæki

1. Þegar
   a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í hinu aðildarríkinu eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess,
   b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í hinu aðildarríkinu eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna,

Article 9

Associated enterprises

1. Where
   a) an enterprise of a Contracting State participates directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of the other Contracting State, or
   b) the same persons participate directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of a Contracting State and an enterprise of the other Contracting State,

and in either case conditions are made or imposed between the two enterprises in their commercial or financial relations which differ from those which would be made between independent enterprises, then any profits which would, but for those conditions, have accrued to one of the enterprises, but, by reason of those condi-

teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar aðildarríki telur með í hagnaði fyrirtækis í því ríki - og skattleggur samkvæmt því - hagnað sem fyrirtæki í hinu aðildarríkinu hefur verið skattlagt af í því ríki, og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er af hálfu fyrrnefnda ríkisins talinn hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, þá skal hitt ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð álagðs skatts þar á þennan hagnað, að svo miklu leyti sem þetta síðarnefnda ríki telur leiðréttinguna réttlætanlega. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða samnings þessa og bær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

tions, have not so accrued, may be included in the profits of that enterprise and taxed accordingly.
2. Where a Contracting State includes in the profits of an enterprise of that State - and taxes accordingly - profits on which an enterprise of the other Contracting State has been charged to tax in that other State and the profits so included are by the first-mentioned State claimed to be profits which would have accrued to the enterprise of the first-mentioned State if the conditions made between the two enterprises had been those which would have been made between independent enterprises, then that other State shall make an appropriate adjustment to the amount of tax charged therein on those profits, where that other State considers the adjustment justified. In determining such adjustment, due regard shall be had to the other provisions of this Convention and the competent authorities of the Contracting States shall if necessary consult each other.

10. gr.
Ágóðahlutir

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi rétthafinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;
b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttað.

Ákvæði þessa töluliðar hafa engin áhrif á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.
3. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. tl. má á Íslandi leggja skatt á ágóðahluti sem greiddir eru af félagi heimilisföstu á Íslandi til félags heimilisfasts í Lettlandi sem ekki má vera hærri en 15 af hundraði af þeim hluta ágóðahlutanna sem

Article 10
Dividends

1. Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting State to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting State of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the dividends the tax so charged shall not exceed:

a) 5 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company (other than a partnership) which holds directly at least 25 per cent of the capital of the company paying the dividends;

b) 15 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.

The competent authorities of the Contracting States may by mutual agreement settle the mode of application of these limitations.

The provisions of this paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid.
3. Notwithstanding the provisions of sub-paragraph a) of paragraph 2, dividends paid by a company which is a resident of Iceland to a company which is a resident of Latvia may be taxed in Iceland at a rate not exceeding 15 per

hefur eftir íslenskum lögum verið leyfður sem frádráttur frá hagnaði íslenska félagsins sem ágóðahlutina greiddi eða sem yfirfæranlegt rekstrartap þess.

4. Hugtakið „ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem við skattlagningu er farið með á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast.
5. Ákvæði 1., 2. og 3. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur viðskipti í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun sem staðsett er í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

6. Ef félag sem er heimilisfast í aðildarríki fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

cent on that part of the dividends which have, according to the laws of Iceland, been allowed as a deduction from the profits of, or as a carry forward as an operating loss of, the Icelandic company paying the dividends.
4. The term "dividends" as used in this Article means income from shares, or other rights, not being debt-claims, participating in profits, as well as income from other corporate rights which is subjected to the same taxation treatment as income from shares by the laws of the State of which the company making the distribution is a resident.
5. The provisions of paragraphs 1, 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the dividends, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State of which the company paying the dividends is a resident, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
6. Where a company which is a resident of a Contracting State derives profits or income from the other Contracting State, that other State may not impose any tax on the dividends paid by the company, except insofar as such dividends are paid to a resident of that other State or insofar as the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with a permanent establishment or a fixed base situated in that other State, nor subject the company's undistributed profits to a tax on the company's undistributed profits, even if the dividends paid or the undistributed profits consist wholly or partly of profits or income arising in such other State.

11. gr.
Vextir

1. Vexti, sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Þó má einnig skattleggja vexti í því aðildarríki þar sem þeir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé móttakandinn raunverulegur rétthafi þeirra má skattur sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð greiddra vaxta.

Article 11
Interest

1. Interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such interest may also be taxed in the Contracting State in which it arises and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the interest the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the interest.

Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttað.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. skulu

a) vextir sem myndast á Íslandi vera undanþegnir íslenskum skatti ef vextirnir eru greiddir:
   (i) lettneska ríkinu, sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess;
   (ii) Banka Lettlands;
   (iii) þeim stofnunum sem til verða í Lettlandi eftir undirskrift samnings þessa og eru sambærilegar þeim stofnunum sem stofnsettar hafa verið á Íslandi og vitnað er til í a-lið (iii) (bær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu ákveða með gagnkvæmu samkomulagi hvort slík stofnun teljist sambærileg); eða

   (iv) öðrum stofnunum sambærilegum þeim stofnunum sem nefndar eru í a-lið (iv) sem bær stjórnvöld aðildarríkjanna kynnu að gera samkomulag á hverjum tíma um að falli undir þetta ákvæði;

b) vextir sem myndast í Lettlandi vera undanþegnir lettneskum skatti ef vextirnir eru greiddir:
   (i) íslenska ríkinu, sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess;
   (ii) Seðlabanka Íslands;
   (iii) Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði eða öðrum sambærilegum stofnunum sem bær stjórnvöld aðildarríkjanna kynnu að gera samkomulag á hverjum tíma um að falli undir þetta ákvæði; eða

   (iv) öðrum stofnunum sambærilegum þeim stofnunum sem nefndar eru í lið (iii) sem bær stjórnvöld aðildarríkjanna kynnu að gera samkomulag um;

c) vextir sem myndast í aðildarríki vegna lána sem stofnanir sem nefndar eru í a- eða b-lið hafa ábyrgst greiðslu á og eru greiddir til aðila heimilisfasts í hinu aðildarríkinu skulu einungis skattlagðir í því ríki;

The competent authorities of the Contracting States may by mutual agreement settle the mode of application of this limitation.

3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2,

a) interest arising in Iceland shall be exempt from Icelandic tax if the interest is paid to:
   (i) the State of Latvia, a political subdivision, a local authority or a statutory body thereof;
   (ii) the Bank of Latvia;
   (iii) any organisation established in the State of Latvia after the date of signature of this Convention and which is of a similar nature as any organisation established in Iceland and referred to in sub-paragraph a) (iii) (the competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement determine whether such organisation is of a similar nature); or
   (iv) any institution similar to any of those referred to in sub-paragraph a) (iv), as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States;

b) interest arising in Latvia shall be exempt from Latvian tax if the interest is paid to:
   (i) the State of Iceland, a political subdivision, a local authority or a statutory body thereof;
   (ii) the Central Bank of Iceland;
   (iii) the Industrial Loan Fund or the Industrial Development Fund, or any other similar institution, as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States; or
   (iv) any other institution, similar to those mentioned in subdivision (iii), as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States;

c) interest arising in a Contracting State on a loan guaranteed by any of the bodies mentioned or referred to in sub-paragraph a) or sub-paragraph b) and paid to a resident of the other Contracting State shall be taxable only in that other State;

d) vextir sem myndast í aðildarríki skulu einungis skattlagðir í hinu aðildarríkinu ef:

(i) móttakandinn er heimilisfastur í því ríki, og
(ii) hann er fyrirtæki sem hefur heimilisfesti í því aðildarríki og er raunverulegur rétthafi vaxtanna, og
(iii) vextirnir eru greiddir vegna skulda sem eiga rætur sínar að rekja til lána sem það fyrirtæki hefur veitt vegna sölu hvers kyns varnings eða iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaðar til annars fyrirtækis sem hefur heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu, nema ef salan á sér stað eða skuldin verður til milli tengdra aðila.

4. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum án tillits til þess hvort þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki, og sérstaklega tekjur af ríkisskuldabréfum og tekjur af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

5. Ákvæði 1. og 2. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi vaxtanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem vextirnir myndúust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

6. Þegar greiðandi vaxta hefur heimilisfesti í aðildarríki skulu vextir taldir hafa myndast í því ríki. Ef aðili sem greiðir vextina, hvort sem hann hefur heimilisfesti í aðildarríki eða ekki, hefur hins vegar fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í aðildarríki og skuldin sem vextirnir eru greiddir af varð til í tengslum við hina föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, og vextirnir eru greiddir af hinni föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, skulu slíkir vextir taldir hafa myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stofnun er.

7. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri,

d) interest arising in a Contracting State shall be taxable only in the other Contracting State if:

(i) the recipient is a resident of that other State, and
(ii) such recipient is an enterprise of that other State and is the beneficial owner of the interest, and
(iii) the interest is paid with respect to indebtedness arising on the sale on credit, by that enterprise, of any merchandise or industrial, commercial or scientific equipment to an enterprise of the first-mentioned State, except where the sale or indebtedness is between related persons.

4. The term "interest" as used in this Article means income from debt-claims of every kind, whether or not secured by mortgage, and in particular, income from government securities and income from bonds or debentures, including premiums and prizes attaching to such securities, bonds or debentures. Penalty charges for late payment shall not be regarded as interest for the purpose of this Article.

5. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the interest, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the interest arises, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the debt-claim in respect of which the interest is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

6. Interest shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the interest, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred, and such interest is borne by such permanent establishment or fixed base, then such interest shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

7. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person,

miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattlögð í samræmi við löggjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.
Þóknanir

1. Þóknanir sem myndast í aðildarríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi þóknananna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:
   a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð greiddra þóknana vegna afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði;
   b) 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknananna í öllum öðrum tilvikum.

Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttað.
3. Hugtakið „þóknanir" í þessari grein merkir hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með taldar kvikmyndir og mynd- eða hljóðsegulbönd fyrir sjónvarps- eða hljóðvarpssendingar, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluaðferðir, eða fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.
4. Ákvæði 1. og 2. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi þóknananna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem þóknanirnar mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

the amount of the interest, having regard to the debt-claim for which it is paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

Article 12
Royalties

1. Royalties arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such royalties may also be taxed in the Contracting State in which they arise and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the royalties, the tax so charged shall not exceed:
   a) 5 per cent of the gross amount of royalties paid for the use of industrial, commercial or scientific equipment;
   b) 10 per cent of the gross amount of the royalties in all other cases.

The competent authorities of the Contracting States may by mutual agreement settle the mode of application of these limitations.
3. The term "royalties" as used in this Article means payments of any kind received as a consideration for the use of, or the right to use, any copyright of literary, artistic or scientific work including cinematograph films, and films or tapes for television or radio broadcasting, any patent, trade mark, design or model, plan, secret formula or process, or for the use of, or the right to use, industrial, commercial, or scientific equipment, or for information concerning industrial, commercial or scientific experience.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the royalties, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the royalties arise, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the royalties are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

5. Þegar greiðandi þóknananna hefur heimilisfesti í aðildarríki skulu þóknanirnar taldar hafa myndast í því ríki. Ef aðilinn sem greiðir þóknanirnar, hvort sem hann hefur heimilisfesti í aðildarríki eða ekki, hefur hins vegar fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í aðildarríki, og skyldan til að greiða þóknanirnar stafar frá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, og þóknanirnar eru greiddar af hinni föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, skulu slíkar þóknanir taldar hafa myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stofnun er.

6. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð í samræmi við löggjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

7. Ef Lettland mundi í samningi til að koma í veg fyrir tvísköttun sem það gerir við þriðja ríki, sem á aðild að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunni (OECD) við dagsetningu undirritunar þessa samnings, eftir þá dagsetningu undanþiggja einhver þau réttindi eða eignir frá þeirri skilgreiningu sem felst í 3. tl. þessarar greinar, eða undanþiggja þóknanir sem myndast í Lettlandi frá lettneskum skatti á þóknanir eða takmarka skatthlutfall af þóknunum skv. 2. tl. skal slík skilgreining, undanþága eða lækkað skatthlutfall sjálfkrafa eiga við eins og það hefði verið skilgreint í 3. eða 2. tl., eftir því sem við á.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er í 2. tl. 6. gr. og sem staðsett er í hinu aðildarríkinu eða af hlutabréfum í félagi ef eignir þess eru einkum fólgnar í fasteignum, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun

5. Royalties shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the royalties, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the liability to pay the royalties was incurred, and such royalties are borne by such permanent establishment or fixed base, then such royalties shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

6. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

7. If in any Convention for the avoidance of double taxation concluded by Latvia with a third State, being a member of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) at the date of signature of this Convention, Latvia after that date would agree to exclude any kind of rights or property from the definition contained in paragraph 3 of this Article or exempt royalties arising in Latvia from Latvian tax on royalties or to limit the rates of tax provided in paragraph 2, such definition or exemption or lower rates shall automatically apply as if it had been specified in paragraph 3 or paragraph 2, respectively.

Article 13

Capital gains

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in paragraph 2 of Article 6 and situated in the other Contracting State or shares in a company the assets of which consist mainly of such property may be taxed in that other State.

2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting

sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.

3. Hagnað, sem fyrirtæki í aðildarríki hlýtur af sölu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því aðildarríki.

4. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í undanfarandi töluliðum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such fixed base, may be taxed in that other State.

3. Gains derived by an enterprise of a Contracting State from the alienation of ships or aircraft operated in international traffic or movable property pertaining to the operation of such ships or aircraft, shall be taxable only in that State.

4. Gains from the alienation of any property other than that referred to in the preceding paragraphs of this Article, shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði fasta stofnun í hinu aðildarríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stofnunar. Þegar einstaklingur sem er heimilisfastur í aðildarríki dvelur í hinu aðildarríkinu í eitt eða fleiri skipti, samtals lengur en 183 daga á tólf mánaða tímabili, sem hefst eða endar á viðkomandi skattári, skal hann í þessum skilningi talinn hafa fasta stofnun að jafnaði í því ríki og tekjur, sem hann hefur af nefndri starfsemi sem er leyst af hendi í því ríki, skulu taldar tilheyra þessari föstu stofnun.

2. Hugtakið „sjálfstæð starfsemi“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

Article 14

Independent personal services

1. Income derived by an individual who is a resident of a Contracting State in respect of professional services or other activities of an independent character shall be taxable only in that State unless he has a fixed base regularly available to him in the other Contracting State for the purpose of performing his activities. If he has such a fixed base, the income may be taxed in that other State, but only so much of the income as is attributable to that fixed base. For this purpose, where an individual who is a resident of a Contracting State stays in the other Contracting State for a period or periods exceeding in the aggregate 183 days in any twelve-month period commencing or ending in the tax year concerned, he shall be deemed to have a fixed base regularly available to him in that other State and the income that is derived from his activities referred to above that are performed in that other State shall be attributable to that fixed base.

2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artistic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

15. gr.

Launað starf

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, einungis

Article 15

Dependent personal services

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18 and 19, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be tax-

skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu aðildarríkinu. Ef starfið er leyst af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu aðildarríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

a) móttakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á viðkomandi skattári, og

b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf leyst af hendi um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum á vegum aðila heimilisfasts í aðildarríki í því ríki.

able only in that State unless the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if:

a) the recipient is present in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve-month period commencing or ending in the tax year concerned, and

b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and

c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other State.

3. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration derived in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic by a resident of a Contracting State, may be taxed in that State.

16. gr.
Stjórnarlaun

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi sem heimilisfast er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

Article 16
Directors' fees

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors or any other similar organ of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

17. gr.
Listamenn og íþróttamenn

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila heimilisfastan í aðildarríki af tekjum sem hann aflar í hinu aðildarríkinu af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem leyst er af hendi af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því aðildarríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

Article 17
Artistes and sportsmen

1. Notwithstanding the provisions of Articles 14 and 15, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theatre, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsman, from his personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.

2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsman in his capacity as such accrues not to the entertainer or sportsman himself but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 14 and 15, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsman are exercised.

3. Ákvæði 1. og 2. tl. þessarar greinar eiga ekki við um tekjur af starfi listamanns eða íþróttamanns í aðildarríki ef koman til þess ríkis er kostuð að einhverju eða öllu leyti af opinberum sjóðum hins aðildarríkisins eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess. Í því tilviki skulu tekjurnar skattlagðar í samræmi við ákvæði 7., 14. og 15. gr., eftir því sem við á.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to income derived from activities exercised in a Contracting State by an entertainer or a sportsman if the visit to that State is wholly or mainly supported by public funds of the other Contracting State, or a political subdivision, or a local authority thereof. In such case, the income shall be taxable in accordance with the provisions of Articles 7, 14 and 15, as the case may be.

18. gr.
Eftirlaun og svipaðar greiðslur

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 2. tl. 19. gr., skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem greiddar eru aðila heimilisföstum í aðildarríki, einungis skattlagðar í því ríki.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. og ákvæði 2. tl. 19. gr. skulu eftirlaun og aðrar bætur, hvort sem þær eru inntar af hendi með vissu millibili eða í einu lagi, sem greiddar eru samkvæmt almannatryggingalöggjöf aðildarríkis eða úr öðrum opinberum sjóðum aðildarríkis sem eru reknir til að tryggja velferð almennings, einungis skattlagðar í því ríki.

Article 18
Pensions and similar payments

1. Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State shall be taxable only in that State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, and the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions paid and other benefits, whether periodic or lump-sum compensation, granted under the social security legislation of a Contracting State or under any public scheme organised by a Contracting State for social welfare purposes shall be taxable only in that State.

19. gr.
Opinbert starf

1. a) Endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir launuð störf hans í þjónustu þess ríkis, sjálfstjórnarhéraðs, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.
   b) Slíkt endurgjald skal þó einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem maðurinn er heimilisfastur ef starfið er leyst af hendi þar og maðurinn:
      (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
      (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir launuð störf hans í þjónustu þessa ríkis, sjálfstjórnarhéraðs, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.
   b) Slík eftirlaun skal þó einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem maðurinn er

Article 19
Government service

1. a) Remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State, or a political subdivision, or a local authority, or a statutory body thereof, to an individual in respect of dependent personal services rendered to that State, subdivision, authority or body shall be taxable only in that State.
   b) However, such remuneration shall be taxable only in the Contracting State of which the individual is a resident if the services are rendered in that State and the individual:
      (i) is a national of that State; or
      (ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the services.
2. a) Any pension paid by, or out of funds created by, a Contracting State, or a political subdivision, or a local authority, or a statutory body thereof, to an individual in respect of dependent personal services rendered to that State, subdivision, authority or body shall be taxable only in that State.
   b) However, such pension shall be taxable only in the Contracting State of which the

heimilisfastur ef hann er ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 15., 16. og 18. gr. skulu gilda um endurgjald og eftirlaun greidd fyrir störf leyst af hendi í sambandi við starfsemi sem rekin er af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess.

individual is a resident if he is a national of that State.

3. The provisions of Articles 15, 16 and 18 shall apply to remuneration and pensions in respect of services rendered in connection with a business carried on by a Contracting State, or a political subdivision, or a local authority or a statutory body thereof.

20. gr.
Námsmenn

Námsmaður, lærlingur eða nemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til aðildarríkis heimilisfastur í hinu aðildarríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal ekki skattlagður í því ríki af greiðslum sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

Article 20
Students

Payments which a student, or an apprentice or trainee, who is or was immediately before visiting a Contracting State a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of his education or training receives for the purpose of his maintenance, education or training shall not be taxed in that State, provided that such payments arise from sources outside that State.

21. gr.
Aðrar tekjur

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar og ekki er fjallað um í undanfarandi greinum þessa samnings, skal einungis skattleggja í því ríki. Þó má einnig skattleggja slíkar tekjur sem myndast í hinu aðildarríkinu í því ríki.

2. Ákvæði 1. tl. gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sbr. skilgreiningu í 2. tl. 6. gr., þegar móttakandi teknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

Article 21
Other income

1. Items of income of a resident of a Contracting State not dealt with in the foregoing Articles of this Convention shall be taxable only in that State. However, such items of income, arising in the other Contracting State, may also be taxed in that other State.

2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income, other than income from immovable property as defined in paragraph 2 of Article 6, if the recipient of such income, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the income is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

22. gr.
Eignir

1. Eign, sem fólgin er í fasteign sem getið er í 2. tl. 6. gr. sem er í eigu aðila heimilisfasts í aðildarríki og sem staðsett er í hinu aðildarríkinu eða sem fólgin er í hlutabréfum í félagi ef eignir þess eru einkum fólgnar í slíkum fasteignum, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

Article 22
Capital

1. Capital represented by immovable property referred to in paragraph 2 of Article 6, owned by a resident of a Contracting State and situated in the other Contracting State, or by shares in a company the assets of which consist mainly of such property may be taxed in that other State.

2. Eign, sem fólgin er í lausafjáreign sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu eða í lausafjáreign sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

3. Eign, sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í aðildarríki, svo og í lausafé sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því ríki.
4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í aðildarríki skal einungis skattleggja í því ríki.

2. Capital represented by movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or by movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, may be taxed in that other State.

3. Capital represented by ships and aircraft operated in international traffic by an enterprise of a Contracting State, and by movable property pertaining to the operation of such ships and aircraft, shall be taxable only in that State.
4. All other elements of capital of a resident of a Contracting State shall be taxable only in that State.

23. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun

1. Á Íslandi skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eignir, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má skattleggja í Lettlandi, skal Ísland undanþiggja þessar tekjur eða eignir skattlagningu, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars.

b) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi fær tekjur sem í samræmi við ákvæði

(i) b-liðar 2. tl. 10. gr; eða

(ii) 2. tl. 11. eða 12. gr.

má skattleggja í Lettlandi skal Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið í Lettlandi. Frádráttur þessi skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af framangreindum tekjum sem til verða í Lettlandi.

c) Ef tekjur sem aðili heimilisfastur á Íslandi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins er Íslandi samt heimilt við ákvörðun skatta þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

d) Ákvæði b-liðar (i) skulu gilda fyrstu 10 árin sem samningur þessi er í gildi. Bær

Article 23

Elimination of double taxation

1. In Iceland double taxation shall be eliminated as follows:

a) Where a resident of Iceland derives income or owns capital which, in accordance with the provisions of this Convention, may be taxed in Latvia, Iceland shall, subject to the provisions of sub-paragraphs b) and c), exempt such income or capital from tax.

b) Where a resident of Iceland derives items of income which, in accordance with the provisions of:

(i) sub-paragraph b) of paragraph 2 of Article 10, or

(ii) paragraph 2 of Articles 11 or 12

may be taxed in Latvia, Iceland shall allow as a deduction from the tax on the income of that resident an amount equal to the tax paid in Latvia. Such deduction shall not, however, exceed that part of the tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to such items of income derived from Latvia.

c) Where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of Iceland is exempt from tax in Iceland, Iceland may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital.

d) The provisions in subdivision b) (i) shall apply for the first 10 years for which the

stjórnvöld skulu ráðgast sín á milli í þeim tilgangi að ákvarða hvort þetta tímabil skuli framlengt. Slík framlenging skal taka gildi frá þeim degi og lúta þeim breytingum og skilyrðum, þar á meðal ákvæðum um uppsögn, sem aðildarríkin tilgreina og koma sér saman um með erindaskiptum eftir diplómatískum leiðum eða með einhverjum öðrum þeim hætti sem samræmist stjórnskipun þeirra. Þegar b-liður (i) fellur niður í samræmi við þennan lið skal í stað b-liðar (ii) koma eftirfarandi: „(ii) 2. tl. 10., 11. eða 12. gr.“

2. Í Lettlandi skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

(4) (a) Subject to the provisions of subparagraph (b), withdrawal of the demand or of the election of a Contracting State shall, unless the national law of that State provides otherwise, be considered to be withdrawal of the international application as far as that State is concerned.

(b) Withdrawal of the demand or of the election shall not be considered to be withdrawal of the international application if such with-

þess frests sem getið er í 22. gr. Aðildarríki getur engu að síður kveðið svo á í landslögum sínum að þetta skuli því aðeins eiga við ef einkaleyfastofnun þess hefur fengið afrit af alþjóðlegu umsókninni ásamt þýðingu (eins og tilskilið er) og að tilskilið gjald (landsgjald) hafi verið greitt innan fyrrnefnds frests.

38. gr.
Leynd hinnar alþjóðlegu forathugunar.

(1) Hvorki alþjóðaskrifstofunni né alþjóðlegu forathugunarstofnuninni er heimilt nema að beiðni eða með heimild umsækjandans að veita einstaklingi eða yfirvöldum aðgang að gögnum varðandi alþjóðlega forathugun í þeirri merkingu og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 4. mgr. 30. gr. Undanskildar ákvæði þessarar greinar eru þó hinar völdu stofnanir eftir að gengið hefur verið frá alþjóðlegu forathugunarskýrslunni.

(2) Hvorki alþjóðaskrifstofunni né alþjóðlegu forathugunarstofnuninni er heimilt, nema að beiðni eða með heimild umsækjandans, að veita upplýsingar um hvort gefin hafi verið út alþjóðleg forathugunarskýrsla og hvort beiðni um slíka athugun hafi verið afturkölluð eða val einhvers ríkis hafi verið afturkallað eða ekki, sbr. þó ákvæði 1. mgr., 1. og 3. mgr. 36. gr. og b-lið 3. mgr. 37. gr.

39. gr.
Framsending á afriti, þýðingu og gjaldi til valinna stofnana.

(1) (a) Hafi aðildarríki verið valið áður en 19 mánuðir eru liðnir frá forgangsréttardegi skulu ákvæði 22. gr. ekki eiga við um það ríki og umsækjandinn skal láta öllum hinum völdu stofnunum í té afrit af alþjóðlegu umsókninni (nema framsending skv. 20. gr. hafi þegar átt sér stað) og þýðingu á henni (eins og mælt er fyrir um) og greiða hverri valinni stofnun tilskilið landsgjald (ef við á) eigi síðar en 30 mánuðum eftir forgangsréttardag.

(b) Heimilt er að setja ákvæði í landslög sem veita rýmri fresti til að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í a-lið.

(2) Áhrif sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. skulu falla niður í hinu valda ríki með sömu afleiðingum og afturköllun umsóknar hefur í því ríki ef umsækjandi uppfyllir ekki skyldur sínar

drawal is effected prior to the expiration of the applicable time limit under Article 22; however, any Contracting State may provide in its national law that the aforesaid shall apply only if its national Office has received, within the said time limit, a copy of the international application, together with a translation (as prescribed), and the national fee.

Article 38
Confidential Nature of the International Preliminary Examination

(1) Neither the International Bureau nor the International Preliminary Examining Authority shall, unless requested or authorized by the applicant, allow access within the meaning, and with the proviso, of Article 30 (4) to the file of the international preliminary examination by any person or authority at any time, except by the elected Offices once the international preliminary examination report has been established.

(2) Subject to the provisions of paragraph (1) and Article 36 (1) and Article 36 (3) and Article 37 (3) (b), neither the International Bureau nor the International Preliminary Examining Authority shall, unless requested or authorized by the applicant, give information on the issuance or non issuance of an international preliminary examination report and on the withdrawal or nonwithdrawal of the demand or of any election.

Article 39
Copy, Translation, and Fee, to Elected Offices

(1) (a) If the election of any Contracting State has been effected prior to the expiration of the 19th month from the priority date, the provisions of Article 22 shall not apply to such State and the applicant shall furnish a copy of the international application (unless the communication under Article 20 has already taken place) and a translation thereof (as prescribed), and pay the national fee (if any), to each elected Office not later than at the expiration of 30 months from the priority date.

(b) Any national law may, for performing the acts referred to in subparagraph (a), fix time limits which expire later than the time limit provided for in that subparagraph.

(2) The effect provided for in Article 11 (3) shall cease in the elected State with the same consequences as the withdrawal of any national application in that State if the applicant fails to

skv. a-lið 1. mgr. innan tilskilins frests skv. a- eða b-lið 1. mgr.

(3) Valinni stofnun er heimilt að viðhalda þeim áhrifum sem kveðið er á um í 3. mgr. 11. gr. jafnvel þótt umsækjandinn uppfylli ekki þau skilyrði sem kveðið er á um í a- eða b-lið 1. mgr.

40. gr.
Frestun á landsbundinni rannsókn og annarri meðferð.

(1) Ef aðildarríki hefur verið valið áður en 19 mánuðir eru liðnir frá forgangsréttardegi skulu ákvæði 23. gr. ekki eiga við um það ríki og skal viðkomandi einkaleyfastofnun, eða stofnun sem starfar í þágu ríkisins, ekki hefja rannsókn og aðra meðferð á alþjóðlegu umsókninni fyrr en viðeigandi frestur er liðinn skv. 39. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr.

(2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er valinni stofnun hvenær sem er heimilt, ef fyrir liggur ótvíræð beiðni umsækjandans, að hefja rannsókn og aðra meðferð á alþjóðlegu umsókninni.

41. gr.
Breytingar á einkaleyfiskröfunum, lýsingunni og teikningunum hjá völdum stofnunum.

(1) Umsækjandanum skal innan tilskilins frests gefið tækifæri til að breyta kröfunum, lýsingunni og teikningunum hjá valinni stofnun. Valin stofnun skal hvorki veita einkaleyfi né hafna umsókn um veitingu einkaleyfis fyrr en sá frestur er liðinn, nema með yfirlýstu samþykki umsækjandans.

(2) Breytingarnar mega ekki vera með þeim hætti að alþjóðlega umsóknin verði efnislega víðtækari en þegar hún var lögð inn nema landslög í hinu valda ríki heimili það.

(3) Breytingarnar skulu vera í samræmi við landslög hins valda ríkis ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum eða reglunum.

(4) Þegar valin stofnun krefst þýðingar á alþjóðlegu umsókninni skulu breytingarnar vera á sama tungumáli og þýðingin.

perform the acts referred to in paragraph (1) (a) within the time limit applicable under paragraph (1) (a) or (1) (b).

(3) Any elected Office may maintain the effect provided for in Article 11 (3) even where the applicant does not comply with the requirements provided for in paragraph (1) (a) or paragraph (1) (b).

Article 40
Delaying of National Examination and Other Processing

(1) If the election of any Contracting State has been effected prior to the expiration of the 19th month from the priority date, the provisions of Article 23 shall not apply to such State and the national Office of or acting for that State shall not proceed, subject to the provisions of paragraph (2), to the examination and other processing of the international application prior to the expiration of the applicable time limit under Article 39.

(2) Notwithstanding the provisions of paragraph (1), any elected Office may, on the express request of the applicant, proceed to the examination and other processing of the international application at any time.

Article 41
Amendment of the Claims, the Description, and the Drawings, before Elected Offices

(1) The applicant shall be given the opportunity to amend the claims, the description, and the drawings, before each elected Office within the prescribed time limit. No elected Office shall grant a patent, or refuse the grant of a patent, before such time limit has expired, except with the express consent of the applicant.

(2) The amendments shall not go beyond the disclosure in the international application as filed, unless the national law of the elected State permits them to go beyond the said disclosure.

(3) The amendments shall be in accordance with the national law of the elected State in all respects not provided for in this Treaty and the Regulations.

(4) Where an elected Office requires a translation of the international application, the amendments shall be in the language of the translation.

42. gr.
Niðurstaða landsbundinnar athugunar hjá völdum stofnunum.

Valin stofnun sem tekur við alþjóðlegu forathugunarskýrslunni getur ekki krafist þess að umsækjandinn láti í té afrit af gögnum eða upplýsingar um innihald gagna er tengjast athugun á sömu alþjóðlegu umsókninni hjá öðrum völdum stofnunum.

Article 42
Results of National Examination in Elected Offices

No elected Office receiving the international preliminary examination report may require that the applicant furnish copies, or information on the contents, of any papers connected with the examination relating to the same international application in any other elected Office.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

43. gr.
Sótt er um ákveðna tegund verndar.

Ef lög í tilnefndu eða völdu ríki heimila útgáfu á uppfinningaskírteini, smáeinkaleyfaskírteini, smáeinkaleyfi, viðbótareinkaleyfi eða viðbótareinkaleyfaskírteini, viðbótaruppfinningaskírteini eða viðbótarskírteini fyrir smáeinkaleyfi getur umsækjandinn í samræmi við reglurnar tiltekið að alþjóðleg umsókn hans, hvað varðar viðkomandi ríki, varði útgáfu á uppfinningaskírteini, smáeinkaleyfaskírteini eða smáeinkaleyfi, fremur en einkaleyfi, eða að hún varði útgáfu á viðbótareinkaleyfi eða viðbótareinkaleyfaskírteini, viðbótaruppfinningaskírteini eða viðbótarskírteini fyrir smáeinkaleyfi, og ráðast áhrif umsóknar þá af vali umsækjandans. Ákvæði ii-liðar 2. gr. eiga ekki við um þessa grein og reglur samkvæmt henni.

CHAPTER III
Common Provisions

Article 43
Seeking Certain Kinds of Protection

In respect of any designated or elected State whose law provides for the grant of inventors' certificates, utility certificates, utility models, patents or certificates of addition, inventors' certificates of addition, or utility certificates of addition, the applicant may indicate, as prescribed in the Regulations, that his international application is for the grant, as far as that State is concerned, of an inventor's certificate, a utility certificate, or a utility model, rather than a patent, or that it is for the grant of a patent or certificate of addition, an inventor's certificate of addition, or a utility certificate of addition, and the ensuing effect shall be governed by the applicant's choice. For the purposes of this Article and any Rule thereunder, Article 2 (ii) shall not apply.

44. gr.
Sótt er um tvenns konar vernd.

Ef lög ríkis gera ráð fyrir að í umsókn megi auk einkaleyfis, eða verndar sem getið er í 43. gr., sækja um aðra vernd er umsækjanda heimilt að tiltaka, með þeim hætti sem kveðið er á um í reglunum, þá tvenns konar vernd sem hann sækir um og ráðast áhrif umsóknar þá af vali umsækjandans. Ákvæði ii-liðar 2. gr. skulu ekki eiga við að því er þessa grein varðar.

Article 44
Seeking Two Kinds of Protection

In respect of any designated or elected State whose law permits an application, while being for the grant of a patent or one of the other kinds of protection referred to in Article 43, to be also for the grant of another of the said kinds of protection, the applicant may indicate, as prescribed in the Regulations, the two kinds of protection he is seeking, and the ensuing effect shall be governed by the applicant's indications. For the purposes of this Article, Article 2 (ii) shall not apply.

45. gr.
Samningar um svæðisbundin einkaleyfi.

(1) Í samningi, sem kveður á um veitingu svæðisbundinna einkaleyfa („samningur um svæðisbundin einkaleyfi") og veitir öllum, er mega leggja inn alþjóðlegar umsóknir skv. 9. gr., rétt til að leggja inn umsóknir um slík einkaleyfi, má

Article 45
Regional Patent Treaties

(1) Any treaty providing for the grant of regional patents ("regional patent treaty"), and giving to all persons who, according to Article 9, are entitled to file international applications the right to file applications for such patents, may pro-

heimila að leggja inn slíkar umsóknir ef í þeim er tilgreint eða valið ríki sem er aðili bæði að samningnum um svæðisbundin einkaleyfi og þessum samningi.
(2) Í landslögum slíkra tilnefndra eða valinna ríkja er heimilt að kveða á um að tilnefning eða val þess ríkis í alþjóðlegu umsókninni skuli teljast tilkynning um að óskað sé eftir svæðisbundnu einkaleyfi samkvæmt samningnum um svæðisbundin einkaleyfi.

46. gr.
Röng þýðing á alþjóðlegu umsókninni.

Ef röng þýðing á alþjóðlegu umsókninni veldur því að umfang einkaleyfis, sem veitt er á grundvelli hennar, er víðtækara en efni alþjóðlegu umsóknarinnar á frummálinu er þar til bærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að takmarka, með afturvirkum áhrifum, umfang einkaleyfisins og lýsa það ógilt að því leyti sem umfang þess er víðtækara en efni alþjóðlegu umsóknarinnar á frummálinu.

47. gr.
Frestir.

(1) Nánari ákvæði um útreikning á frestum, sem vísað er til í samningnum, er að finna í reglunum.
(2) (a) Aðildarríkin geta, að undanskilinni endurskoðun skv. 60. gr., ákveðið breytingar á öllum frestum sem settir eru í I. og II. kafla samningsins.

(b) Slíkar ákvarðanir skulu teknar á þinginu eða með skriflegri atkvæðagreiðslu og skulu þær vera samhljóða.

(c) Nánari ákvæði um framkvæmdina eru í reglunum.

48. gr.
Frestir ekki virtir.

(1) Ef frestur, sem settur er í samningi þessum eða reglunum, er ekki virtur vegna truflana á póstþjónustu eða óviðráðanlegrar glötunar eða seinkunar á pósti skal litið svo á að frestur hafi verið virtur í þeim tilvikum, að uppfylltum kröfum um sönnun og önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í reglunum.
(2) (a) Aðildarríki skal fyrir sitt leyti veita undanþágu ef frestur er ekki virtur vegna ástæðna sem landslög þess heimila.

vide that international applications designating or electing a State party to both the regional patent treaty and the present Treaty may be filed as applications for such patents.
(2) The national law of the said designated or elected State may provide that any designation or election of such State in the international application shall have the effect of an indication of the wish to obtain a regional patent under the regional patent treaty.

Article 46
Incorrect Translation of the International Application

If, because of an incorrect translation of the international application, the scope of any patent granted on that application exceeds the scope of the international application in its original language, the competent authorities of the Contracting State concerned may accordingly and retroactively limit the scope of the patent, and declare it null and void to the extent that its scope has exceeded the scope of the international application in its original language.

Article 47
Time Limits

(1) The details for computing time limits referred to in this Treaty are governed by the Regulations.
(2) (a) All time limits fixed in Chapters I and II of this Treaty may, outside any revision under Article 60, be modified by a decision of the Contracting States.

(b) Such decisions shall be made in the Assembly or through voting by correspondence and must be unanimous.

(c) The details of the procedure are governed by the Regulations.

Article 48
Delay in Meeting Certain Time Limits

(1) Where any time limit fixed in this Treaty or the Regulations is not met because of interruption in the mail service or unavoidable loss or delay in the mail, the time limit shall be deemed to be met in the cases and subject to the proof and other conditions prescribed in the Regulations.
(2) (a) Any Contracting State shall, as far as that State is concerned, excuse, for reasons admitted under its national law, any delay in meeting any time limit.

(b) Aðildarríki er fyrir sitt leyti heimilt að veita undanþágu ef frestur er ekki virtur vegna annarra ástæðna en þeirra sem vísað er til í alið.

49. gr.
Réttur til að fara með mál fyrir alþjóðlegum stofnunum.

Lögmaður, umboðsmaður eða annar aðili, sem rétt hefur til að fara með mál fyrir einkaleyfastofnun þar sem alþjóðlega umsóknin var lögð inn, skal eiga rétt á að fara með mál er varða viðkomandi umsókn fyrir alþjóðaskrifstofunni, hinni bæru alþjóðlegu nýnæmisrannsóknarstofnun og hinni bæru alþjóðlegu forathugunarstofnun.

IV. KAFLI
Tæknileg þjónusta.

50. gr.
Upplýsingaþjónusta varðandi einkaleyfi.

(1) Alþjóðaskrifstofunni er heimilt að veita þjónustu með því að láta í té tæknilegar upplýsingar og aðrar viðeigandi upplýsingar sem henni eru tiltækar á grundvelli birtra skjala, einkum einkaleyfa og birtra umsókna (í þessari grein nefnd „upplýsingaþjónustan").
(2) Alþjóðaskrifstofunni er heimilt að veita þessa upplýsingaþjónustu annaðhvort beint eða með milligöngu einnar eða fleiri alþjóðlegra nýnæmisrannsóknarstofnana eða annarra sérhæfðra alþjóðlegra eða landsbundinna stofnana sem alþjóðaskrifstofan kann að gera samning við.
(3) Upplýsingaþjónustan skal veitt með þeim hætti að sérstaklega auðvelt sé fyrir þróunarlönd sem eru aðildarríki að afla tækniþekkingar og tæknikunnáttu, þar með talið verkþekkingar sem er tiltæk og hefur verið birt.
(4) Upplýsingaþjónustan skal vera aðgengileg ríkisstjórnum aðildarríkja, þegnum þeirra og öðrum íbúum. Þingið getur ákveðið að veita einnig fleirum aðgang að þessari þjónustu.

(5) (a) Þjónusta við ríkisstjórnir aðildarríkja skal veitt á kostnaðarverði, að því tilskildu að ríkisstjórnir aðildarríkja í hópi þróunarríkja fái þjónustuna undir kostnaðarverði ef hægt er að mæta mismuninum með ágóða af þjónustu sem veitt er öðrum en ríkisstjórnum aðildarríkja, eða með leiðum sem vísað er til í 4. mgr. 51. gr.

(b) Any Contracting State may, as far as that State is concerned, excuse, for reasons other than those referred to in subparagraph (a), any delay in meeting any time limit.

Article 49
Right to Practice before International Authorities

Any attorney, patent agent, or other person, having the right to practice before the national Office with which the international application was filed, shall be entitled to practice before the International Bureau and the competent International Searching Authority and competent International Preliminary Examining Authority in respect of that application.

CHAPTER IV
Technical Services

Article 50
Patent Information Services

(1) The International Bureau may furnish services by providing technical and any other pertinent information available to it on the basis of published documents, primarily patents and published applications (referred to in this Article as "the information services").
(2) The International Bureau may provide these information services either directly or through one or more International Searching Authorities or other national or international specialized institutions, with which the International Bureau may reach agreement.

(3) The information services shall be operated in a way particularly facilitating the acquisition by Contracting States which are developing countries of technical knowledge and technology, including available published know-how.
(4) The information services shall be available to Governments of Contracting States and their nationals and residents. The Assembly may decide to make these services available also to others.
(5) (a) Any service to Governments of Contracting States shall be furnished at cost, provided that, when the Government is that of a Contracting State which is a developing country, the service shall be furnished below cost if the difference can be covered from profit made on services furnished to others than Governments of Contracting States or from the sources referred to in Article 51 (4).

(b) Hugtakið „kostnaðarverð“ sem vísað er til í a-lið skal túlka sem kostnað umfram þann sem venjulega leiðir af þjónustu einkaleyfastofnana í einstökum ríkjum eða skyldum þeim sem lagðar eru á alþjóðlegar nýnæmisrannsóknarstofnanir.

(6) Einstök atriði varðandi framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu ráðast af ákvörðunum þingsins og, innan þeirra marka sem þingið setur, af ákvörðunum þeirra starfshópa sem þingið kann að skipa í þeim tilgangi.

(7) Þingið skal mæla með öðrum leiðum til að útvega fjármagn en þeim sem um er rætt í 5. mgr. þegar það telur það nauðsynlegt.

51. gr.
Tækniaðstoð.

(1) Þingið skal setja á fót nefnd um tækniaðstoð (í þessari grein kölluð „nefndin“).

(2) (a) Nefndarmenn skulu kosnir úr hópi aðildarríkjanna að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess að þróunarríkin eigi þar fulltrúa.

(b) Aðalframkvæmdastjórinn skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni nefndarinnar, bjóða fulltrúum milliríkjastofnana sem sinna tækniaðstoð við þróunarríki að taka þátt í störfum nefndarinnar.

(3) (a) Verkefni nefndarinnar skal vera að skipuleggja og hafa yfirumsjón með tækniaðstoð til handa aðildarríkjum sem eru þróunarríki við að þróa einkaleyfakerfi þeirra hvers um sig eða svæðisbundið.

(b) Í tækniaðstoðinni skal meðal annars felast að þjálfa sérmenntaða menn, lána sérfræðinga og útvega tæki bæði til sýnikennslu og til raunverulegra nota.

(4) Alþjóðaskrifstofan skal leitast við að ná samningum um fjármögnun verkefna samkvæmt þessari grein, annars vegar við alþjóðlegar fjármögnunarstofnanir og milliríkjastofnanir, einkum Sameinuðu þjóðirnar, stjórnarstofnanir Sameinuðu þjóðanna og þær sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna er sjá um tækniaðstoð, og hins vegar við ríkisstjórnir þeirra ríkja sem tækniaðstoðina þiggja.

(b) The cost referred to in subparagraph (a) is to be understood as cost over and above costs normally incident to the performance of the services of a national Office or the obligations of an International Searching Authority.

(6) The details concerning the implementation of the provisions of this Article shall be governed by decisions of the Assembly and, within the limits to be fixed by the Assembly, such working groups as the Assembly may set up for that purpose.

(7) The Assembly shall, when it considers it necessary, recommend methods of providing financing supplementary to those referred to in paragraph (5).

Article 51
Technical Assistance

(1) The Assembly shall establish a Committee for Technical Assistance (referred to in this Article as "the Committee").

(2) (a) The members of the Committee shall be elected among the Contracting States, with due regard to the representation of developing countries.

(b) The Director General shall, on his own initiative or at the request of the Committee, invite representatives of intergovernmental organizations concerned with technical assistance to developing countries to participate in the work of the Committee.

(3) (a) The task of the Committee shall be to organize and supervise technical assistance for Contracting States which are developing countries in developing their patent systems individually or on a regional basis.

(b) The technical assistance shall comprise, among other things, the training of specialists, the loaning of experts, and the supply of equipment both for demonstration and for operational purposes.

(4) The International Bureau shall seek to enter into agreements, on the one hand, with international financing organizations and intergovernmental organizations, particularly the United Nations, the agencies of the United Nations, and the Specialized Agencies connected with the United Nations concerned with technical assistance, and, on the other hand, with the Governments of the States receiving the technical assistance, for the financing of projects pursuant to this Article.

(5) Um nánari atriði varðandi framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal fara samkvæmt ákvörðunum þingsins og, innan þeirra marka sem þingið setur, samkvæmt ákvörðunum þeirra starfshópa sem þingið kann að skipa í þeim tilgangi.

52. gr.
Tengsl við önnur ákvæði samningsins.

Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á fjármálaákvæði í öðrum köflum samningsins. Þess háttar ákvæði eiga ekki við um þennan kafla eða um framkvæmd hans.

V. KAFLI
Stjórnunarákvæði.

53. gr.
Þingið.

(1) (a) Á þinginu skulu aðildarríkin eiga sæti, sbr. þó 8. mgr. 57. gr.

(b) Ríkisstjórn hvers aðildarríkis skal eiga einn fulltrúa sem má hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

(2) (a) Þingið skal:

(i) fjalla um öll málefni er varða viðhald og þróun sambandsins og framkvæmd samnings þessa;

(ii) annast þau verkefni sem því eru sérstaklega falin samkvæmt öðrum ákvæðum samningsins;

(iii) gefa alþjóðaskrifstofunni fyrirmæli varðandi undirbúning endurskoðunarráðstefna;

(iv) endurskoða og samþykkja skýrslur og störf framkvæmdastjórans er varða sambandið, og gefa honum öll nauðsynleg fyrirmæli er varða mál sem eru innan valdsviðs sambandsins;

(v) endurskoða og samþykkja skýrslur og störf framkvæmdanefndarinnar sem stofnuð er skv. 9. mgr., og gefa slíkri nefnd fyrirmæli;

(vi) ákveða framkvæmdaáætlun og samþykkja þriggja ára fjárhagsáætlun sambandsins og lokareikninga þess;

(vii) samþykkja reglur varðandi fjármál sambandsins;

(viii) skipa þær nefndir og starfshópa sem það telur nauðsynlega til að markmiðum sambandsins verði náð;

(5) The details concerning the implementation of the provisions of this Article shall be governed by decisions of the Assembly and, within the limits to be fixed by the Assembly, such working groups as the Assembly may set up for that purpose.

Article 52
Relations with Other Provisions of the Treaty

Nothing in this Chapter shall affect the financial provisions contained in any other Chapter of this Treaty. Such provisions are not applicable to the present Chapter or to its implementation.

CHAPTER V
Administrative Provisions

Article 53
Assembly

(1) (a) The Assembly shall, subject to Article 57 (8), consist of the Contracting States.

(b) The Government of each Contracting State shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(2) (a) The Assembly shall:

(i) deal with all matters concerning the maintenance and development of the Union and the implementation of this Treaty;

(ii) perform such tasks as are specifically assigned to it under other provisions of this Treaty;

(iii) give directions to the International Bureau concerning the preparation for revision conferences;

(iv) review and approve the reports and activities of the Director General concerning the Union, and give him all necessary instructions concerning matters within the competence of the Union;

(v) review and approve the reports and activities of the Executive Committee established under paragraph (9), and give instructions to such Committee;

(vi) determine the program and adopt the triennial budget of the Union, and approve its final accounts;

(vii) adopt the financial regulations of the Union;

(viii) establish such committees and working groups as it deems appropriate to achieve the objectives of the Union;

(ix) ákveða hvaða ríki önnur en aðildarríkin og, sbr. þó ákvæði 8. gr., hvaða milliríkjastofnanir og alþjóðleg óháð félagasamtök skuli hafa heimild til að sitja fundi þess sem áheyrnarfulltrúar;

(x) gera aðrar viðeigandi ráðstafanir sem eru til þess fallnar að ná markmiðum sambandsins og vinna önnur þau störf sem nauðsynleg eru vegna samnings þessa.

(b) Ákvarðanir um málefni sem einnig varða önnur sambönd er heyra undir stofnunina skal þingið taka að fengnu áliti samræmingarnefndar stofnunarinnar.

(3) Hver fulltrúi getur einungis komið fram fyrir hönd eins ríkis og greitt atkvæði fyrir það.

(4) Hvert aðildarríki skal hafa yfir einu atkvæði að ráða.

(5) (a) Þingið er ályktunarhæft ef fulltrúar frá helmingi aðildarríkja eru viðstaddir.

(b) Sé þingið ekki ályktunarhæft getur það tekið ákvarðanir en allar slíkar ákvarðanir skulu þó, að undanskildum ákvörðunum er varða starfsreglur þingsins sjálfs, einungis öðlast gildi ef ályktunarhæfi og nauðsynlegum meirihluta er náð með skriflegri atkvæðagreiðslu eins og kveðið er á um í reglunum.

(6) (a) Ákvarðanir þingsins þurfa að hljóta tvo þriðju hluta greiddra atkvæða til að teljast samþykktar, sbr. þó ákvæði í b-lið 2. mgr. 47. gr., b-lið 2. mgr. 58. gr., 3. mgr. 58. gr. og b-lið 2. mgr. 61. gr.

(b) Hjáseta telst ekki vera greitt atkvæði.

(7) Í tengslum við málefni, sem einungis varða ríki sem bundin eru af II. kafla, skal til aðildarríkja, sem nefnd eru í 4., 5. og 6. mgr., einungis telja þau ríki sem bundin eru af þeim kafla.

(8) Milliríkjastofnun, sem útnefnd er alþjóðleg nýnæmisrannsóknar- eða forathugunarstofnun, skal heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á þinginu.

(9) Þegar fjöldi aðildarríkja fer yfir fjörutíu skal þingið koma á fót framkvæmdanefnd. Tilvísanir til framkvæmdanefndar í samningi þessum og reglunum skal túlka sem tilvísun til þeirrar nefndar þegar henni hefur verið komið á fót.

(10) Þar til framkvæmdanefndinni hefur verið komið á fót skal þingið samþykkja árlegar framkvæmdaáætlanir og fjárhagsáætlanir sem aðalframkvæmdastjórinn undirbýr innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar og þriggja ára fjárhagsáætlunarinnar.

(ix) determine which States other than Contracting States and, subject to the provisions of paragraph (8), which intergovernmental and international non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers;

(x) take any other appropriate action designed to further the objectives of the Union and perform such other functions as are appropriate under this Treaty.

(b) With respect to matters which are of interest also to other Unions administered by the Organization, the Assembly shall make its decisions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(3) A delegate may represent, and vote in the name of, one State only.

(4) Each Contracting State shall have one vote.

(5) (a) One-half of the Contracting States shall constitute a quorum.

(b) In the absence of the quorum, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the quorum and the required majority are attained through voting by correspondence as provided in the Regulations.

(6) (a) Subject to the provisions of Article 47 (2) (b), Article 58 (2) (b), Article 58 (3) and Article 61 (2) (b), the decisions of the Assembly shall require two-thirds of the votes cast.

(b) Abstentions shall not be considered as votes.

(7) In connection with matters of exclusive interest to States bound by Chapter II, any reference to Contracting States in paragraph (4), paragraph (5), and paragraph (6), shall be considered as applying only to States bound by Chapter II.

(8) Any intergovernmental organization appointed as International Searching or Preliminary Examining Authority shall be admitted as observer to the Assembly.

(9) When the number of Contracting States exceeds forty, the Assembly shall establish an Executive Committee. Any reference to the Executive Committee in this Treaty and the Regulations shall be construed as references to such Committee once it has been established.

(10) Until the Executive Committee has been established, the Assembly shall approve, within the limits of the program and triennial budget, the annual programs and budgets prepared by the Director General.

(11) (a) Þingið skal koma saman til reglulegra funda annað hvert almanaksár að boði aðalframkvæmdastjórans á sama tíma og á sama stað og allsherjarþing stofnunarinnar, enda komi ekki óvenjulegar kringumstæður í veg fyrir það á þeim tíma.

(b) Þingið skal koma saman til aukafundar að boði aðalframkvæmdastjórans, að beiðni framkvæmdanefndarinnar eða að beiðni fjórðungs aðildarríkja.

(12) Þingið skal setja sér starfsreglur.

(11) (a) The Assembly shall meet in every second calendar year in ordinary session upon convocation by the Director General and, in the absence of exceptional circumstances, during the same period and at the same place as the General Assembly of the Organization.

(b) The Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, at the request of the Executive Committee, or at the request of one-fourth of the Contracting States.

(12) The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

54. gr.

Framkvæmdanefndin.

(1) Þegar þingið hefur komið á fót framkvæmdanefnd skulu þau ákvæði gilda sem fara hér á eftir.

(2) (a) Í framkvæmdanefndinni skulu eiga sæti ríki sem kosin eru af þinginu úr hópi ríkja sem sæti eiga á þinginu, sbr. þó 8. mgr. 57. gr.

(b) Ríkisstjórn hvers ríkis sem aðild á að framkvæmdanefndinni skal eiga þar einn fulltrúa og má hann hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

(3) Fjöldi ríkja sem aðild eiga að framkvæmdanefndinni skal samsvara fjórðungi af fjölda þeirra ríkja sem aðild eiga að þinginu. Þegar fjöldi sæta er ákveðinn skal ekki telja með þau sem eftir verða þegar deilt hefur verið með fjórum.

(4) Við kosningu fulltrúa í framkvæmdanefndina skal þingið taka tilhlýðilegt tillit til sanngjarnrar hnattrænnar dreifingar.

(5) (a) Fulltrúar í framkvæmdanefnd skulu starfa frá lokum þess þings sem kaus þá til loka næsta reglulegs þings.

(b) Endurkjósa má að hámarki tvo þriðju hluta fulltrúa í framkvæmdanefnd.

(c) Þingið skal setja nánari reglur um kosningu og hugsanlegt endurkjör fulltrúa í framkvæmdanefndina.

(6) (a) Framkvæmdanefndin skal:

(i) útbúa drög að dagskrá fyrir þingið;

(ii) leggja fyrir þingið tillögur varðandi drög að framkvæmdaáætlun og tveggja ára fjárhagsáætlun sambandsins sem aðalframkvæmdastjórinn útbýr;

Article 54

Executive Committee

(1) When the Assembly has established an Executive Committee, that Committee shall be subject to the provisions set forth hereinafter.

(2) (a) The Executive Committee shall, subject to Article 57 (8), consist of States elected by the Assembly from among States members of the Assembly.

(b) The Government of each State member of the Executive Committee shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(3) The number of States members of the Executive Committee shall correspond to one-fourth of the number of States members of the Assembly. In establishing the number of seats to be filled, remainders after division by four shall be disregarded.

(4) In electing the members of the Executive Committee, the Assembly shall have due regard to an equitable geographical distribution.

(5) (a) Each member of the Executive Committee shall serve from the close of the session of the Assembly which elected it to the close of the next ordinary session of the Assembly.

(b) Members of the Executive Committee may be re-elected but only up to a maximum of two-thirds of such members.

(c) The Assembly shall establish the details of the rules governing the election and possible re-election of the members of the Executive Committee.

(6) (a) The Executive Committee shall:

(i) prepare the draft agenda of the Assembly;

(ii) submit proposals to the Assembly in respect of the draft program and biennial budget of the Union prepared by the Director General;

(iii) [liðurinn hefur verið felldur niður,]

(iv) leggja fyrir þingið reglubundnar skýrslur aðalframkvæmdastjórans og árlegar endurskoðunarskýrslur með reikningum, ásamt viðeigandi athugasemdum;

(v) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðalframkvæmdastjórinn fylgi framkvæmdaáætlun sambandsins í samræmi við ákvarðanir þingsins og að teknu tilliti til aðstæðna sem upp kunna að koma milli tveggja reglulegra þinga;

(vi) sinna öðrum þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt samningi þessum.

(b) Ákvarðanir um málefni sem einnig varða önnur sambönd er heyra undir stofnunina skal framkvæmdanefndin taka að fengnu áliti samræmingarnefndar stofnunarinnar.

(7) (a) Framkvæmdanefndin skal koma saman til reglulegs fundar einu sinni á ári að boði aðalframkvæmdastjórans, helst á sama tíma og á sama stað og samræmingarnefnd stofnunarinnar.

(b) Framkvæmdanefndin skal koma saman til aukafundar að boði aðalframkvæmdastjórans, annaðhvort að hans eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni formanns hennar eða fjórðungs fulltrúa hennar.

(8) (a) Hvert ríki sem sæti á í framkvæmdanefndinni skal hafa yfir einu atkvæði að ráða.

(b) Framkvæmdanefndin er ályktunarhæf ef helmingur aðildarríkja hennar er viðstaddur.

(c) Ákvarðanir skulu teknar með einföldum meirihluta greiddra atkvæða.

(d) Hjáseta telst ekki vera greitt atkvæði.

(e) Hver fulltrúi getur einungis komið fram og greitt atkvæði fyrir eitt ríki.

(9) Aðildarríkjum sem ekki eiga aðild að framkvæmdanefndinni skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi hennar og sama á við um milliríkjastofnun sem útnefnd er alþjóðleg nýnæmisrannsóknar- eða forathugunarstofnun.

(10) Framkvæmdanefndin skal setja sér starfsreglur.

55. gr.

Alþjóðaskrifstofa.

(1) Alþjóðaskrifstofan skal annast stjórnsýslustörf er varða sambandið.

(iii) [deleted]

(iv) submit, with appropriate comments, to the Assembly the periodical reports of the Director General and the yearly audit reports on the accounts;

(v) take all necessary measures to ensure the execution of the program of the Union by the Director General, in accordance with the decisions of the Assembly and having regard to circumstances arising between two ordinary sessions of the Assembly;

(vi) perform such other functions as are allocated to it under this Treaty.

(b) With respect to matters which are of interest also to other Unions administered by the Organization, the Executive Committee shall make its decisions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(7) (a) The Executive Committee shall meet once a year in ordinary session upon convocation by the Director General, preferably during the same period and at the same place as the Coordination Committee of the Organization.

(b) The Executive Committee shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, either on his own initiative or at the request of its Chairman or one-fourth of its members.

(8) (a)Each State member of the Executive Committee shall have one vote.

(b) One-half of the members of the Executive Committee shall constitute a quorum.

(c) Decisions shall be made by a simple majority of the votes cast.

(d) Abstentions shall not be considered as votes.

(e) A delegate may represent, and vote in the name of, one State only.

(9) Contracting States not members of the Executive Committee shall be admitted to its meetings as observers, as well as any intergovernmental organization appointed as International Searching or Preliminary Examining Authority.

(10) The Executive Committee shall adopt its own rules of procedure.

Article 55

International Bureau

(1) Administrative tasks concerning the Union shall be performed by the International Bureau.

(2) Alþjóðaskrifstofan skal fara með skrifstofuhald fyrir hinar ýmsu stofnanir sambandsins.
(3) Aðalframkvæmdastjórinn skal vera æðsti handhafi framkvæmdavalds sambandsins og skal koma fram fyrir þess hönd.
(4) Alþjóðaskrifstofan skal gefa út rit vegna opinberra birtinga og önnur rit sem kveðið er á um í reglunum eða þingið ákveður.
(5) Í reglunum skal tilgreina þá þjónustu sem einkaleyfastofnanir í einstökum löndum skulu veita til þess að aðstoða alþjóðaskrifstofuna og alþjóðlegar nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnanir við að framkvæma verkefni sín samkvæmt samningi þessum.
(6) Aðalframkvæmdastjórinn og allir starfsmenn sem hann tilnefnir skulu taka þátt, án atkvæðisréttar, í öllum fundum þingsins, framkvæmdanefndarinnar og annarra nefnda og starfshópa sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum eða reglunum. Aðalframkvæmdastjórinn eða starfsmaður sem hann tilnefnir skal í krafti embættis síns vera ritari þessara starfseininga.
(7) (a) Alþjóðaskrifstofan skal undirbúa endurskoðunarráðstefnur í samræmi við fyrirmæli þingsins og í samvinnu við framkvæmdanefndina.

(b) Alþjóðaskrifstofan getur ráðgast við milliríkjastofnanir og alþjóðleg óháð félagasamtök varðandi undirbúning endurskoðunarráðstefna.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn og þeir sem hann tilnefnir skulu án atkvæðisréttar taka þátt í umræðum á endurskoðunarráðstefnum.

(8) Alþjóðaskrifstofan skal sinna öðrum þeim verkefnum sem henni eru falin.

(2) The International Bureau shall provide the secretariat of the various organs of the Union.
(3) The Director General shall be the chief executive of the Union and shall represent the Union.
(4) The International Bureau shall publish a Gazette and other publications provided for by the Regulations or required by the Assembly.
(5) The Regulations shall specify the services that national Offices shall perform in order to assist the International Bureau and the International Searching and Preliminary Examining Authorities in carrying out their tasks under this Treaty.
(6) The Director General and any staff member designated by him shall participate, without the right to vote, in all meetings of the Assembly, the Executive Committee and any other committee or working group established under this Treaty or the Regulations. The Director General, or a staff member designated by him, shall be ex officio secretary of these bodies.

(7) (a) The International Bureau shall, in accordance with the directions of the Assembly and in cooperation with the Executive Committee, make the preparations for the revision conferences.

(b) The International Bureau may consult with intergovernmental and international non-governmental organizations concerning preparations for revision conferences.

(c) The Director General and persons designated by him shall take part, without the right to vote, in the discussions at revision conferences.
(8) The International Bureau shall carry out any other tasks as signed to it.

56. gr.
Nefnd um tæknilega samvinnu.
(1) Þingið skal koma á fót nefnd um tæknilega samvinnu (kölluð „nefndin“ í þessari grein).

(2) (a) Þingið skal ákveða samsetningu nefndarinnar og skipa nefndarmenn með tilhlýðilegu tilliti til þess að þróunarríkin eigi þar sanngjarnan fjölda fulltrúa.

(b) Alþjóðlegu nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnanirnar skulu sjálfkrafa eiga aðild að nefndinni. Þegar slík stofnun er einkaleyfastofnun aðildarríkis skal það ríki ekki eiga annan fulltrúa í nefndinni.

Article 56
Committee for Technical Cooperation
(1) The Assembly shall establish a Committee for Technical Cooperation (referred to in this Article as "the Committee").
(2) (a) The Assembly shall determine the composition of the Committee and appoint its members, with due regard to an equitable representation of developing countries.

(b) The International Searching and Preliminary Examining Authorities shall be ex officio members of the Committee. In the case where such an Authority is the national Office of a Contracting State, that State shall not be additionally represented on the Committee.

(c) Ef fjöldi aðildarríkja leyfir skal heildarfjöldi fulltrúa í nefndinni vera meira en tvöfaldur fjöldi þeirra sem þar eiga sjálfkrafa sæti.

(d) Aðalframkvæmdastjórinn skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni nefndarinnar, bjóða fulltrúum stofnana sem hagsmuna eiga að gæta að taka þátt í umræðum um málefni er varða hagsmuni þeirra.

(3) Markmið nefndarinnar er að stuðla að því með ráðgjöf og ábendingum:

(i) að bæta stöðugt þjónustuna sem veitt er samkvæmt samningi þessum,

(ii) að tryggja, meðan starfandi eru fleiri en ein alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun og fleiri en ein alþjóðleg forathugunarstofnun, sem mest samræmi í rannsóknargögnum þeirra og vinnuaðferðum og jafnframt að skýrslur þeirra séu sem bestar og mest sambærilegar að gæðum, og

(iii) að leysa, að frumkvæði þingsins eða framkvæmdanefndarinnar, tæknileg vandamál sem sérstaklega lúta að stofnun einnar alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknarstofnunar.

(4) Aðildarríki og þær alþjóðastofnanir sem eiga hagsmuna að gæta geta sent nefndinni skriflegar fyrirspurnir varðandi málefni sem falla innan verksviðs hennar.

(5) Nefndin getur beint áliti sínu og ábendingum til aðalframkvæmdastjórans eða fyrir milligöngu hans til þingsins, framkvæmdanefndarinnar, allra eða einhverra af hinum alþjóðlegu nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnunum og allra eða einhverra af viðtökustofnununum.

(6) (a) Aðalframkvæmdastjórinn skal í öllum tilvikum senda framkvæmdanefndinni texta álitsgerða og samþykkta nefndarinnar. Hann má gera athugasemdir við slíka texta.

(b) Framkvæmdanefndinni er heimilt að tjá sig um álit og ráðleggingar eða önnur störf nefndarinnar og getur boðið nefndinni að athuga og gefa skýrslu um mál sem eru til umfjöllunar og falla undir verksvið hennar. Framkvæmdanefndin getur lagt ráðleggingar sínar, ábendingar og skýrslur fyrir þingið með viðeigandi athugasemdum.

(7) Þar til framkvæmdanefndinni hefur verið komið á fót skulu tilvísanir til framkvæmdanefndarinnar í 6. mgr. túlkaðar sem tilvísanir til þingsins.

(8) Þingið setur nánari ákvæði um starfshætti nefndarinnar.

(c) If the number of Contracting States so allows, the total number of members of the Committee shall be more than double the number of ex officio members.

(d) The Director General shall, on his own initiative or at the request of the Committee, invite representatives of interested organizations to participate in discussions of interest to them.

(3) The aim of the Committee shall be to contribute, by advice and recommendations:

(i) to the constant improvement of the services provided for under this Treaty,

(ii) to the securing, so long as there are several International Searching Authorities and several International Preliminary Examining Authorities, of the maximum degree of uniformity in their documentation and working methods and the maximum degree of uniformly high quality in their reports, and

(iii) on the initiative of the Assembly or the Executive Committee, to the solution of the technical problems specifically involved in the establishment of a single International Searching Authority.

(4) Any Contracting State and any interested international organization may approach the Committee in writing on questions which fall within the competence of the Committee.

(5) The Committee may address its advice and recommendations to the Director General or, through him, to the Assembly, the Executive Committee, all or some of the International Searching and Preliminary Examining Authorities, and all or some of the receiving Offices.

(6) (a) In any case, the Director General shall transmit to the Executive Committee the texts of all the advice and recommendations of the Committee. He may comment on such texts.

(b) The Executive Committee may express its views on any advice, recommendation, or other activity of the Committee, and may invite the Committee to study and report on questions falling within its competence. The Executive Committee may submit to the Assembly, with appropriate comments, the advice, recommendations and report of the Committee.

(7) Until the Executive Committee has been established, references in paragraph (6) to the Executive Committee shall be construed as references to the Assembly.

(8) The details of the procedure of the Committee shall be governed by the decisions of the Assembly.

57. gr.
Fjármál.

(1) (a) Sambandið skal gera fjárhagsáætlun.

(b) Í fjárhagsáætluninni skulu koma fram tekjur og útgjöld sambandsins og framlag þess til sameiginlegra útgjalda sambandanna sem heyra undir stofnunina.

(c) Útgjöld sem ekki verða eingöngu rakin til sambandsins heldur einnig til eins eða fleiri sambanda er heyra undir stofnunina skulu talin sameiginleg útgjöld sambandanna. Hlutur sambandsins í slíkum sameiginlegum útgjöldum skal vera í samræmi við þá hagsmuni sem sambandið hefur af þeim.

(2) Við gerð fjárhagsáætlunar sambandsins skal tekið tilhlýðilegt tillit til nauðsynlegrar samræmingar við fjárhagsáætlanir annarra sambanda sem heyra undir stofnunina.

(3) Með þeirri undantekningu sem felst í ákvæðum 5. mgr. skal fjárhagsáætlun sambandsins fjármögnuð með:

(i) gjöldum og þóknunum fyrir þjónustu sem alþjóðaskrifstofan veitir vegna sambandsins;

(ii) sölu eða höfundarlaunum af ritum sem alþjóðaskrifstofan gefur út vegna sambandsins;

(iii) gjöfum, áheitum og styrkjum;

(iv) leigutekjum, vöxtum og ýmsum öðrum tekjum.

(4) Upphæð gjalda og þóknana sem greiða skal alþjóðaskrifstofunni og verð fyrir rit sem hún gefur út skulu ákveðin þannig að þau mæti undir venjulegum kringumstæðum öllum útgjöldum alþjóðaskrifstofunnar vegna framkvæmdar samnings þessa.

(5) (a) Ef halli verður á fjárhagsári skulu aðildarríkin leggja til fjárframlag til að mæta honum, sbr. þó ákvæði b- og c-liðar.

(b) Þingið skal ákveða upphæð fjárframlags hvers aðildarríkis með tilhlýðilegu tilliti til fjölda alþjóðaumsókna sem komið hafa frá hverju ríki á því ári sem um ræðir.

(c) Ef aðrar leiðir eru tryggðar til að mæta öllum hallanum eða hluta hans til bráðabirgða getur þingið ákveðið að slíkur halli verði fluttur milli ára og að aðildarríkin verði ekki beðin um fjárframlag.

(d) Þingið getur ákveðið að endurgreiða aðildarríkjum fjárframlag sem þau hafa lagt til skv. a-lið ef fjárhagsstaða sambandsins leyfir.

Article 57
Finances

(1) (a) The Union shall have a budget.

(b) The budget of the Union shall include the income and expenses proper to the Union and its contribution to the budget of expenses common to the Unions administered by the Organization.

(c) Expenses not attributable exclusively to the Union but also to one or more other Unions administered by the Organization shall be considered as expenses common to the Unions. The share of the Union in such common expenses shall be in proportion to the interest the Union has in them.

(2) The budget of the Union shall be established with due regard to the requirements of coordination with the budgets of the other Unions administered by the Organization.

(3) Subject to the provisions of paragraph (5), the budget of the Union shall be financed from the following sources:

(i) fees and charges due for services rendered by the International Bureau in relation to the Union;

(ii) sale of, or royalties on, the publications of the International Bureau concerning the Union;

(c) The rules of procedure referred to in paragraph (4) shall provide that, except in special cases, amendments to the Classification shall be adopted at the end of specified periods; the length of each period shall be determined by the Committee of Experts.

(8) Abstentions shall not be considered as votes.

4. gr.
Tilkynningar, gildistaka og birting breytinga.

(1) Breytingar sem samþykktar eru af sérfræðinganefndinni og tillögur sem hún gerir skal Alþjóðaskrifstofan tilkynna þar til bærum stjórnvöldum í sérsambandsríkjunum. Breytingarnar skulu öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi er tilkynning var send. Allar aðrar breytingar skulu öðlast gildi á þeim degi sem sérfræðinganefndin ákveður þegar viðkomandi breyting er samþykkt.

(2) Alþjóðaskrifstofan skal taka þær breytingar upp í flokkunarkerfið sem öðlast hafa gildi. Tilkynningar um þessar breytingar skulu birtar í þeim tímaritum sem þingið kann að mæla fyrir um, sbr. 5. gr.

Article 4
Notification, Entry Into Force and Publication of Changes

(1) Changes decided upon by the Committee of Experts and recommendations of the Committee of Experts shall be notified to the competent Offices of the countries of the Special Union by the International Bureau. Amendments shall enter into force six months after the date of dispatch of the notification. Any other change shall enter into force on a date to be specified by the Committee of Experts at the time the change is adopted.

(2) The International Bureau shall incorporate in the Classification the changes which have entered into force. Announcements of those changes shall be published in such periodicals as may be designated by the Assembly referred to in Article 5.

5. gr.
Þing sérsambandsins.

(1) (a) Sérsambandið skal hafa þing sem samanstendur af þeim ríkjum sem hafa fullgilt eða gerst aðilar að samningi þessum.

(b) Ríkisstjórn sérhvers ríkis skal eiga einn fulltrúa og má hann njóta aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

(c) Stjórnvöld skulu bera kostnað af sendinefnd þeirri er þau tilnefna.

(2) (a) Í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. skal þingið:

(i) fjalla um öll mál er varða rekstur og þróun sérsambandsins og framkvæmd samnings þessa;

(ii) gefa Alþjóðaskrifstofunni fyrirmæli um undirbúning endurskoðunarráðstefna þar sem taka skal tillit til allra ábendinga sem settar hafa verið fram af þeim aðildarríkjum sérsambandsins sem ekki hafa fullgilt samning þennan eða gerst aðilar að honum;

(iii) endurskoða og samþykkja skýrslur og gerðir aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn“) er varða sérsambandið og gefa honum þau fyrirmæli sem nauðsynleg eru varðandi þau mál sem eru innan valdsviðs sérsambandsins;

(iv) ákveða dagskrá og samþykkja þriggja ára fjárhagsáætlun sérsambandsins og endanlega reikninga þess;

Article 5
Assembly of the Special Union

(1) (a) The Special Union shall have an Assembly consisting of those countries which have ratified or acceded to this Act.

(b) The Government of each country shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) The expenses of each delegation shall be borne by the Government which has appointed it.

(2) (a) Subject to the provisions of Articles 3 and 4, the Assembly shall:

(i) deal with all matters concerning the maintenance and development of the Special Union and the implementation of this Agreement;

(ii) give directions to the International Bureau concerning the preparation for conferences of revision, due account being taken of any comments made by those countries of the Special Union which have not ratified or acceded to this Act;

(iii) review and approve the reports and activities of the Director General of the Organization (hereinafter designated as "the Director General") concerning the Special Union, and give him all necessary instructions concerning matters within the competence of the Special Union;

(iv) determine the program and adopt the biennial budget of the Special Union, and approve its final accounts;

(v) samþykkja fjárhagsreglur sérsambandsins;

(vi) setja á fót, auk sérfræðinganefndarinnar sem vísað er til í 3. gr., þær nefndir sérfræðinga og vinnuhópa sem það telur nauðsynlegt til að markmiðum sérsambandsins verði náð;

(vii) ákveða hvaða ríki sem ekki eru aðilar að sérsambandinu og hvaða milliríkjastofnanir og alþjóðleg óháð félagasamtök skuli hafa rétt til að sitja fundi sérsambandsins sem áheyrnarfulltrúar;

(viii) samþykkja breytingar á 5.-8. gr.;

(ix) gera aðrar viðeigandi ráðstafanir sem til þess eru fallnar að ná fram markmiðum sérsambandsins;

(x) vinna að öðrum þeim verkefnum sem viðeigandi eru samkvæmt samningi þessum.

(b) Þegar um er að ræða mál sem einnig varða önnur sambönd er heyra undir stofnunina skal þingið ráðfæra sig við samræmingarnefnd stofnunarinnar áður en ákvörðun er tekin.

(3) (a) Hvert ríki sem á aðild að þinginu fer með eitt atkvæði.

(b) Fundur telst ályktunarhæfur ef helmingur aðildarríkja á þar fulltrúa.

(c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar getur þingið tekið ákvarðanir, ef á fundi eru færri fulltrúar ríkja en helmingur en fjöldinn er jafn eða meiri en þriðjungur aðildarríkja þingsins, en slíkar ákvarðanir aðrar en þær er varða starfsreglur þingsins öðlast einungis gildi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fara hér á eftir. Alþjóðaskrifstofunni ber að tilkynna áðurnefndar ákvarðanir til ríkja sem eiga aðild að þinginu en ekki áttu fulltrúa á viðkomandi fundi og bjóða þeim að gera skriflega grein fyrir atkvæði sínu eða hjásetu innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar. Ef ríki þau, sem að liðnum þessum fresti hafa gert grein fyrir atkvæði sínu eða hjásetu, eru jafnmörg þeim ríkjum sem þarf til að fundurinn verði ályktunarhæfur skulu slíkar ákvarðanir öðlast gildi að því tilskildu að þá sé enn fyrir hendi tilskilinn meirihluti.

(d) Ákvarðanir þingsins skulu teknar með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða, sbr. þó 2. mgr. 8. gr.

(e) Hjáseta telst ekki vera greitt atkvæði.

(v) adopt the financial regulations of the Special Union;

(vi) establish, in addition to the Committee of Experts referred to in Article 3, such other committees of experts and working groups as it may deem necessary to achieve the objectives of the Special Union;

(vii) determine which countries not members of the Special Union and which intergovernmental and international non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers;

(viii) adopt amendments to Articles 5 to 8;

(ix) take any other appropriate action designed to further the objectives of the Special Union;

(x) perform such other functions as are appropriate under this Agreement.

(b) With respect to matters which are of interest also to other Unions administered by the Organization, the Assembly shall make its decisions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(3) (a) Each country member of the Assembly shall have one vote.

(b) One-half of the countries members of the Assembly shall constitute a quorum.

(c) Notwithstanding the provisions of subparagraph (b), if, in any session, the number of countries represented is less than one-half but equal to or more than one-third of the countries members of the Assembly, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the conditions set forth hereinafter are fulfilled. The International Bureau shall communicate the said decisions to the countries members of the Assembly which were not represented and shall invite them to express in writing their vote or abstention within a period of three months from the date of the communication. If, at the expiration of this period, the number of countries having thus expressed their vote or abstention attains the number of countries which was lacking for attaining the quorum in the session itself, such decisions shall take effect provided that at the same time the required majority still obtains.

(d) Subject to the provisions of Article 8 (2), the decisions of the Assembly shall require two-thirds of the votes cast.

(e) Abstentions shall not be considered as votes.

(f) Fulltrúi má aðeins koma fram fyrir hönd og greiða atkvæði fyrir eitt ríki.

(g) Ríkjum sem eru aðilar að sérsambandinu en ekki að þinginu skal heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum þingsins.

(4) (a) Að boði aðalframkvæmdastjórans skal þingið koma saman annað hvert almanaksár til reglulegs þingfundar og, nema sérstakar aðstæður hamli, á sama stað og tíma og allsherjarþing stofnunarinnar.

(b) Ef fjórðungur aðildarríkja að þinginu krefst þess skal þingið koma saman til aukafundar að boði aðalframkvæmdastjórans.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn skal undirbúa dagskrá hvers fundar.

(5) Þingið skal setja sér starfsreglur.

6. gr.

Alþjóðaskrifstofan.

(1) (a) Alþjóðaskrifstofan sér um stjórnsýslu sérsambandsins.

(b) Alþjóðaskrifstofunni ber einkum að undirbúa fundi og útvega starfsaðstöðu fyrir þingið, sérfræðinganefndina og aðrar nefndir sérfræðinga og vinnuhópa sem þingið eða sérfræðinganefndin kann að setja á laggirnar.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn er handhafi framkvæmdavalds sérsambandsins og kemur fram fyrir þess hönd.

(2) Aðalframkvæmdastjórinn og starfsfólk sem hann tilnefnir skal, án atkvæðisréttar, taka þátt í öllum fundum þingsins, sérfræðinganefndarinnar svo og annarra nefnda sérfræðinga og vinnuhópa sem þingið eða sérfræðinganefndin kann að setja á laggirnar. Aðalframkvæmdastjórinn eða starfsmaður sem hann tilnefnir skulu vera ritarar þessara hópa í krafti embættis síns.

(3) (a) Alþjóðaskrifstofan skal í samræmi við fyrirmæli þingsins undirbúa ráðstefnur um endurskoðun ákvæða samningsins annarra en 5.-8. gr.

(b) Alþjóðaskrifstofunni er heimilt að ráðfæra sig við milliríkjastofnanir og alþjóðleg óháð félagasamtök um undirbúning fyrir endurskoðunarráðstefnur.

(f) A delegate may represent, and vote in the name of, one country only.

(g) Countries of the Special Union not members of the Assembly shall be admitted to the meetings of the latter as observers.

(4) (a) The Assembly shall meet once in every second calendar year in ordinary session upon convocation by the Director General and, in the absence of exceptional circumstances, during the same period and at the same place as the General Assembly of the Organization.

(b) The Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, at the request of one-fourth of the countries members of the Assembly.

(c) The agenda of each session shall be prepared by the Director General.

(5) The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

Article 6

International Bureau

(1) (a) Administrative tasks concerning the Special Union shall be performed by the International Bureau.

(b) In particular, the International Bureau shall prepare the meetings and provide the secretariat of the Assembly, the Committee of Experts, and such other committees of experts and working groups as may have been established by the Assembly or the Committee of Experts.

(c) The Director General shall be the chief executive of the Special Union and shall represent the Special Union.

(2) The Director General and any staff member designated by him shall participate, without the right to vote, in all meetings of the Assembly, the Committee of Experts, and such other committees of experts or working groups as may have been established by the Assembly or the Committee of Experts. The Director General, or a staff member designated by him, shall be ex officio secretary of those bodies.

(3) (a) The International Bureau shall, in accordance with the directions of the Assembly, make the preparations for the conferences of revision of the provisions of the Agreement other than Articles 5 to 8.

(b) The International Bureau may consult with intergovernmental and international nongovernmental organizations concerning preparations for conferences of revision.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn og starfsmenn sem hann tilnefnir skulu, án atkvæðisréttar, taka þátt í umræðum á þessum ráðstefnum.
(4) Alþjóðaskrifstofunni ber að sjá um öll önnur verkefni sem henni eru falin.

7. gr.
Fjármál.

(1) (a) Sérsambandið skal starfa samkvæmt fjárhagsáætlun.

(b) Fjárhagsáætlun sérsambandsins skal ná yfir tekjur og gjöld vegna sérsambandsins, framlag þess til fjárhagsáætlunar vegna sameiginlegra útgjalda sambandanna og, eftir því sem við á, fjárhæð þá sem er til ráðstöfunar samkvæmt fjárhagsáætlun þings stofnunarinnar.

(c) Útgjöld, sem ekki verða eingöngu rakin til sérsambandsins heldur einnig til annars eða annarra sambanda sem lúta stjórn stofnunarinnar, skulu teljast til sameiginlegra útgjalda sambandanna. Hlutur sérsambandsins í slíkum sameiginlegum útgjöldum skal vera í hlutfalli við hagsmuni sérsambandsins af þeim.

(2) Fjárhagsáætlun sérsambandsins skal ákveðin með viðeigandi tilliti til þeirrar kröfu sem gerð er til samræmingar við fjárhagsáætlanir annarra sambanda sem lúta stjórn stofnunarinnar.

(3) Fjárhagsáætlun sérsambandsins skal fjármögnuð með:

(i) fjárframlögum ríkja sem aðild eiga að sérsambandinu;

(ii) þóknunum og gjöldum fyrir veitta þjónustu alþjóðaskrifstofunnar varðandi sérsambandið;

(iii) sölulaunum eða greiðslum fyrir útgáfurétt á þeim ritum sem alþjóðaskrifstofan gefur út og varða sérsambandið;

(iv) gjöfum, áheitum og styrkjum;

(v) leigu, vöxtum og ýmsum tekjum.

(4) (a) Til að ákveða fjárframlög skv. i-lið 3. mgr. skal hvert sérsambandsríki tilheyra sama flokki og það tilheyrir samkvæmt Parísarsamningnum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og skal greiða árlegt fjárframlag á grundvelli sama einingafjölda og er í viðeigandi flokki sambandsins.

(b) Árlegt fjárframlag hvers aðildarríkis sérsambandsins skal vera í sama hlutfalli við heildarupphæð þá sem öllum ríkjunum ber að leggja til sérsambandsins og hlutfall einingafjölda viðkomandi lands er við heildareiningafjölda allra ríkjanna er leggja fram fé.

(c) The Director General and persons designated by him shall take part, without the right to vote, in the discussions at those conferences.
(4) The International Bureau shall carry out any other tasks assigned to it.

Article 7
Finances

(1) (a) The Special Union shall have a budget.

(b) The budget of the Special Union shall include the income and expenses proper to the Special Union, its contribution to the budget of expenses common to the Unions, and, where applicable, the sum made available to the budget of the Conference of the Organization.

(c) Expenses not attributable exclusively to the Special Union but also to one or more other Unions administered by the Organization shall be considered as expenses common to the Unions. The share of the Special Union in such common expenses shall be in proportion to the interest the Special Union has in them.

(2) The budget of the Special Union shall be established with due regard to the requirements of coordination with the budgets of the other Unions administered by the Organization.

(3) The budget of the Special Union shall be financed from the following sources:

(i) contributions of the countries of the Special Union;

(ii) fees and charges due for services rendered by the International Bureau in relation to the Special Union;

(iii) sale of, or royalties on, the publications of the International Bureau concerning the Special Union;

(iv) gifts, bequests, and subventions;

(v) rents, interests, and other miscellaneous income.

(4) (a) For the purpose of establishing its contribution referred to in paragraph (3) (i), each country of the Special Union shall belong to the same class as it belongs to in the Paris Union for the Protection of Industrial Property, and shall pay its annual contributions on the basis of the same number of units as is fixed for that class in that Union.

(b) The annual contribution of each country of the Special Union shall be an amount in the same proportion to the total sum to be contributed to the budget of the Special Union by all countries as the number of its units is to the total of the units of all contributing countries.

(c) Gjalddagi fjárframlaga er 1. janúar ár hvert.

(d) Ríki sem ekki hefur staðið í skilum með fjárframlag sitt er óheimilt að nýta atkvæðisrétt sinn í stofnunum sambandsins ef hin vangreidda upphæð er jöfn eða hærri en framlag það sem vænta mátti frá því tvö síðastliðin ár. Hins vegar er sérhverrri stofnun sérsambandsins heimilt að leyfa slíku ríki að nýta atkvæðisrétt sinn í viðkomandi stofnun svo framarlega sem stofnunin er þess fullviss að dráttur á greiðslunni sé vegna sérstakra og óviðráðanlegra aðstæðna.

(e) Hafi fjárhagsáætlun ekki verið samþykkt fyrir upphaf nýs fjárhagstímabils skal hún samsvara fjárhagsáætlun fyrra árs eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsreglunum.

(5) Aðalframkvæmdastjórinn skal ákveða og tilkynna þinginu um upphæð þóknana og gjalda vegna veittrar þjónustu Alþjóðaskrifstofunnar varðandi sérsambandið.

(6) (a) Sérsambandið skal eiga veltufé í sjóði sem skal samanstanda af eingreiðslum frá hverju sérsambandsríki. Verði fjármagn sjóðsins ekki nægilegt skal þingið ákveða að auka það.

(b) Upphæð fyrstu greiðslu hvers ríkis í fyrrgreindan sjóð eða fjárhæð í því skyni að efla hann skal vera í hlutfalli við framlag ríkisins fyrir það ár þegar sjóðurinn var stofnaður eða þegar ákvörðun var tekin um eflingu hans.

(c) Þingið skal ákveða hlutfall og skilmála greiðslu eftir tillögu aðalframkvæmdastjórans og að höfðu samráði við samræmingarnefnd Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

(7) (a) Í samningum sem aðalskrifstofan gerir við ríki á svæði þar sem stofnunin hefur aðalskrifstofur sínar skal kveða á um að viðkomandi ríki greiði framlag sitt fyrirfram þegar ekki er nægilegt fé í veltusjóðnum. Í hverju tilviki skal kveðið á um upphæð fyrirframgreiðslna og með hvaða skilyrðum þær eru inntar af hendi í sérstökum samningum milli ríkisins og stofnunarinnar.

(b) Ríki sem vísað er til í a-lið og stofnunin skulu hvor um sig hafa rétt til að segja skriflega upp skyldu til að heimila fyrirframgreiðslu. Uppsögnin skal taka gildi þremur árum frá lokum þess árs er hún var tilkynnt.

(c) Contributions shall become due on the first of January of each year.

(d) A country which is in arrears in the payment of its contributions may not exercise its right to vote in any organ of the Special Union if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years. However, any organ of the Special Union may allow such a country to continue to exercise its right to vote in that organ if, and as long as, it is satisfied that the delay in payment is due to exceptional and unavoidable circumstances.

(e) If the budget is not adopted before the beginning of a new financial period, it shall be at the same level as the budget of the previous year, as provided in the financial regulations.

(5) The amount of the fees and charges due for services rendered by the International Bureau in relation to the Special Union shall be established, and shall be reported to the Assembly, by the Director General.

(6) (a) The Special Union shall have a working capital fund which shall be constituted by a single payment made by each country of the Special Union. If the fund becomes insufficient, the Assembly shall decide to increase it.

(b) The amount of the initial payment of each country to the said fund or of its participation in the increase thereof shall be a proportion of the contribution of that country for the year in which the fund is established or the decision to increase it is made.

(c) The proportion and the terms of payment shall be fixed by the Assembly on the proposal of the Director General and after it has heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(7) (a) In the headquarters agreement concluded with the country on the territory of which the Organization has its headquarters, it shall be provided that, whenever the working capital fund is insufficient, such country shall grant advances. The amount of those advances and the conditions on which they are granted shall be the subject of separate agreements, in each case, between such country and the Organization.

(b) The country referred to in subparagraph (a) and the Organization shall each have the right to denounce the obligation to grant advances, by written notification. Denunciation shall take effect three years after the end of the year in which it has been notified.

(8) Endurskoðun reikninga skal framkvæmd af einu eða fleiri ríki sérsambandsins eða af utanaðkomandi endurskoðanda eins og greinir í fjárhagsreglunum. Endurskoðendur skulu tilnefndir af þinginu, að fengnu samþykki þeirra.

8. gr.
Breytingar á 5.-8. gr.

(1) Sérhvert það ríki sem er aðili að sérsambandinu og aðalframkvæmdastjórinn geta lagt fram breytingartillögur við 5., 6., 7. gr. og þessa grein. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna aðildarríkjum þingsins um slíkar tillögur a.m.k. 6 mánuðum áður en þingið tekur þær til umfjöllunar.

(2) Breytingar á greinum þeim sem vísað er til í 1. mgr. skulu samþykktar af þinginu. Til samþykktar þarf þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða, að því undanskildu að sérhver breyting á 5. gr. og þessari málsgrein þarf fjóra fimmtu hluta greiddra atkvæða.

(3) Breytingar á greinum þeim sem vísað er til í 1. mgr. skulu öðlast gildi einum mánuði eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur tekið við skriflegum tilkynningum um samþykki frá þremur fjórðu hlutum sérsambandsríkjanna á þeim tíma sem breytingin var samþykkt, í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð þeirra. Allar breytingar á fyrrnefndum greinum sem samþykktar hafa verið skulu vera bindandi fyrir þau ríki sem aðild áttu að þinginu á þeim tíma sem breytingin tók gildi eða sem munu eiga aðild síðar, að því undanskildu að allar breytingar sem hafa í för með sér auknar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir aðildarríkin skulu aðeins vera bindandi fyrir þau ríki sem hafa tilkynnt um samþykki sitt á slíkum breytingum.

9. gr.
Fullgilding og aðild; gildistaka.

(1) Sérhverju sérsambandsríki sem hefur undirritað samning þennan er heimilt að fullgilda hann og, hafi það ekki undirritað hann, að gerast aðili að honum.

(2) Sérhvert ríki utan sérsambandsins sem aðild á að Parísarsamningnum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar getur gerst aðili að samningi þessum og þannig orðið aðili að sérsambandinu.

(3) Fullgildingar- eða aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóranum til vörslu.

(8) The auditing of the accounts shall be effected by one or more of the countries of the Special Union or by external auditors, as provided in the financial regulations. They shall be designated, with their agreement, by the Assembly.

Article 8
Amendment of Articles 5 to 8

(1) Proposals for the amendment of Articles 5, 6, 7, and the present Article, may be initiated by any country member of the Assembly, or by the Director General. Such proposals shall be communicated by the Director General to the member countries of the Assembly at least six months in advance of their consideration by the Assembly.

(2) Amendments to the Articles referred to in paragraph (1) shall be adopted by the Assembly. Adoption shall require three-fourths of the votes cast, provided that any amendment to Article 5, and to the present paragraph, shall require four-fifths of the votes cast.

(3) Any amendment to the Articles referred to in paragraph (1) shall enter into force one month after written notifications of acceptance, effected in accordance with their respective constitutional processes, have been received by the Director General from three-fourths of the countries members of the Assembly at the time it adopted the amendment. Any amendment to the said Articles thus accepted shall bind all the countries which are members of the Assembly at the time the amendment enters into force, or which become members thereof at a subsequent date, provided that any amendment increasing the financial obligations of countries of the Special Union shall bind only those countries which have notified their acceptance of such amendment.

Article 9
Ratification and Accession; Entry Into Force

(1) Any country of the Special Union which has signed this Act may ratify it, and, if it has not signed it, may accede to it.

(2) Any country outside the Special Union which is party to the Paris Convention for the Protection of Industrial Property may accede to this Act and thereby become a country of the Special Union.

(3) Instruments of ratification and accession shall be deposited with the Director General.

(4) (a) Samningur þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir að bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

(i) sex eða fleiri ríki hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín til vörslu;

(ii) að minnsta kosti þrjú þessara ríkja eiga aðild að sérsambandinu á þeim degi er samningurinn liggur fyrst frammi til undirritunar.

(b) Gildistakan skv. a-lið á við þau ríki sem a.m.k þremur mánuðum fyrir gildistökuna hafa afhent fullgildingarskjal eða aðildarskjal til vörslu.

(c) Hvað varðar önnur ríki sem ákvæði b-liðar eiga ekki við skal samningur þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að fullgilding eða aðild að honum hefur verið tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum, nema síðari dagsetning hafi verið tilgreind í fullgildingar- eða aðildarskjali. Í síðara tilvikinu skal samningur þessi öðlast gildi varðandi viðkomandi ríki á þar tilgreindum degi.

(5) Fullgilding eða aðild skal sjálfkrafa hafa í för með sér samþykki á öllum ákvæðum þessa samnings og rétt til að njóta alls hagræðis af honum.

(6) Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi má ekkert ríki fullgilda hann eða gerast aðili að eldri gerðum hans.

10. gr.
Gildistími.

Samningur þessi skal hafa sama gildistíma og Parísarsamningurinn um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

11. gr.
Endurskoðun.

(1) Heimilt er að endurskoða samninginn öðru hverju á ráðstefnu sérsambandsríkjanna.

(2) Þingið skal taka ákvörðun um að efna til endurskoðunarráðstefnu.

(3) Breyta má 5.-8. gr. annaðhvort á endurskoðunarráðstefnu eða samkvæmt ákvæðum 8. gr.

12. gr.
Uppsögn.

(1) Sérhverju ríki er heimilt að segja samningi þessum upp með tilkynningu þess efnis til aðalframkvæmdastjórans. Slík uppsögn skal einnig

(4) (a) This Act shall enter into force three months after both of the following conditions are fulfilled:

(i) six or more countries have deposited their instruments of ratification or accession;

(ii) at least three of the said countries are countries which, on the date this Act is opened for signature, are countries of the Special Union.

(b) The entry into force referred to in subparagraph (a) shall apply to those countries which, at least three months before the said entry into force, have deposited instruments of ratification or accession.

(c) With respect to any country not covered by subparagraph (b), this Act shall enter into force three months after the date on which its ratification or accession was notified by the Director General, unless a subsequent date has been indicated in the instrument of ratification or accession. In the latter case, this Act shall enter into force with respect to that country on the date thus indicated.

(5) Ratification or accession shall automatically entail acceptance of all the clauses and admission to all the advantages of this Act.

(6) After the entry into force of this Act, no country may ratify or accede to an earlier Act of this Agreement.

Article 10
Duration

This Agreement shall have the same duration as the Paris Convention for the Protection of Industrial Property.

Article 11
Revision

(1) This Agreement may be revised from time to time by a conference of the countries of the Special Union.

(2) The convocation of any revision conference shall be decided upon by the Assembly.

(3) Articles 5 to 8 may be amended either by a revision conference or according to Article 8.

Article 12
Denunciation

(1) Any country may denounce this Act by notification addressed to the Director General. Such denunciation shall constitute also denunciation

taka til fyrri gerðar eða gerða samnings þessa sem viðkomandi land kann að hafa fullgilt eða gerst aðili að og gildir uppsögnin aðeins fyrir það ríki er hana tilkynnir og skal samningurinn vera áfram í fullu gildi og hafa áhrif í öðrum sérsambandsríkjum.
(2) Uppsögn skal öðlast gildi einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn hefur tekið við tilkynningunni.
(3) Aðildarríki skal ekki neyta réttar síns til uppsagnar samkvæmt þessari grein fyrr en fimm ár eru liðin frá því að það gerðist aðili að sérsambandinu.

13. gr.
Vísan til 24. gr. Parísarsamningsins.

Ákvæði 24. gr. Stokkhólmsgerðar Parísarsamningsins frá 1967 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar skulu gilda um samning þennan, þó þannig að sé þeim ákvæðum breytt í framtíðinni skal síðasta breytingin eiga við samning þennan að því er varðar þau sérsambandsríki sem bundin eru af slíkri breytingu.

14. gr.
Undirritun; tungumál; vörsluhlutverk; tilkynningar.

(1) (a) Samningur þessi skal undirritaður í einu frumeintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir og skal því komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóranum.

(b) Aðalframkvæmdastjórinn skal gera opinbera texta samnings þessa að höfðu samráði við hlutaðeigandi ríkisstjórnir innan tveggja mánaða frá undirritun samningsins á tveimur öðrum tungumálum, rússnesku og spænsku, sem, ásamt þeim tungumálum sem vísað er til í a-lið, gildir textar samningsins um Alþjóðahugverkastofnunina voru undirritaðir á.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn skal gera opinbera texta samnings þessa að höfðu samráði við hlutaðeigandi ríkisstjórnir á arabísku, ítölsku, portúgölsku og þýsku og öðrum þeim tungumálum sem þingið kann að mæla fyrir um.

(2) Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fram til 31. desember 1977.
(3) (a) Aðalframkvæmdastjórinn skal senda tvö afrit af samningi þessum undirrituðum, sem

of the earlier Act or Acts of this Agreement which the country denouncing this Act may have ratified or acceded to, and shall affect only the country making it, the Agreement remaining in full force and effect as regards the other countries of the Special Union.
(2) Denunciation shall take effect one year after the day on which the Director General has received the notification.
(3) The right of denunciation provided by this Article shall not be exercised by any country before the expiration of five years from the date upon which it becomes a country of the Special Union.

Article 13
Reference to Article 24 of the Paris Convention

The provisions of Article 24 of the Stockholm Act of 1967 of the Paris Convention for the Protection of Industrial Property shall apply to this Agreement, provided that, if those provisions are amended in the future, the latest amendment shall apply to this Agreement with respect to those countries of the Special Union which are bound by such amendment.

Article 14
Signature; Languages; Depositary Functions; Notifications

(1) (a) This Act shall be signed in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic, and shall be deposited with the Director General.

(b) Official texts of this Act shall be established by the Director General, after consultation with the interested Governments and within two months from the date of signature of this Act, in the two other languages, Russian and Spanish, in which, together with the languages referred to in subparagraph (a), authentic texts of the Convention Establishing the World Intellectual Property Organization were signed.

(c) Official texts of this Act shall be established by the Director General, after consultation with the interested Governments, in the Arabic, German, Italian and Portuguese languages, and such other languages as the Assembly may designate.
(2) This Act shall remain open for signature until December 31, 1977.
(3) (a) The Director General shall transmit two copies, certified by him, of the signed text

hann staðfestir, til allra ríkisstjórna sérsambandsríkjanna og til þeirra ríkisstjórna annarra ríkja er þess óska.

(b) Aðalframkvæmdastjórinn skal senda tvö afrit af öllum breytingum á samningi þessum, sem hann staðfestir, til ríkisstjórna allra sérsambandsríkjanna og til ríkisstjórna annarra ríkja er þess óska.

(4) Aðalframkvæmdastjórinn skal láta skrá samning þennan hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

(5) Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna stjórnvöldum allra aðildarríkja Parísarsamningsins um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar um:

(i) undirritanir skv. 1. mgr.;
(ii) afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjala til vörslu skv. 3. mgr. 9. gr.;
(iii) gildistökudag samnings þessa skv. a-lið 4. mgr. 9. gr.;
(iv) samþykkt breytinga á samningi þessum skv. 3. mgr. 8. gr.;
(v) gildistökudag slíkra breytinga;

(vi) uppsagnir sem hann hefur tekið við skv. 12. gr.

of this Act to the Governments of all countries of the Special Union and, on request, to the Government of any other country.

(b) The Director General shall transmit two copies, certified by him, of any amendment to this Act to the Governments of all countries of the Special Union and, on request, to the Government of any other country.

(4) The Director General shall register this Act with the Secretariat of the United Nations.

(5) The Director General shall notify the Governments of all countries party to the Paris Convention for the Protection of Industrial Property of:

(i) signatures under paragraph (1);
(ii) deposits of instruments of ratification or accession under Article 9 (3);
(iii) the date of entry into force of this Act under Article 9 (4) (a);
(iv) acceptances of amendments to this Act under Article 8 (3);
(v) the dates on which such amendments enter into force;
(vi) denunciations received under Article 12.

10. maí 1995 Nr. 9

AUGLÝSING

um Búdapestsamning um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála.

Hinn 23. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna Búdapestsamnings um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála sem gerður var í Búdapest 28. apríl 1977 ásamt breytingum frá 26. september 1980. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 23. mars 1995.

Samningurinn með téðum breytingum er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

BÚDAPESTSAMNINGUR um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála

gerður í Búdapest 28. apríl 1977 ásamt breytingum frá 26. september 1980.

Inngangsorð.

1. gr.

Stofnun sambands.

Ríki þau er samningur þessi tekur til (hér eftir nefnd „aðildarríki“) mynda með sér samband til að koma á alþjóðlegri viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum og reglunum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

(i) „einkaleyfi“ merkir einkaleyfi fyrir uppfinningu, uppfinningaskírteini, smáeinkaleyfaskírteini, smáeinkaleyfi, viðbótareinkaleyfi, eða viðbótarskírteini, viðbótaruppfinningaskírteini og viðbótarskírteini fyrir smáeinkaleyfi;

(ii) „innlagning örvera“ merkir, eftir því hvert samhengið er, eftirfarandi aðgerðir í samræmi við samning þennan og reglurnar: flutning örvera til alþjóðlegrar vörslustofnunar sem tekur á móti þeim og viðurkennir þær, eða varðveislu slíkra örvera hjá alþjóðlegri vörslustofnun, eða bæði slíkan flutning og slíka varðveislu;

(iii) „meðferð einkaleyfis“ merkir hverskonar stjórnsýslu- eða dómsmeðferð er snertir einkaleyfisumsóknir eða einkaleyfi;

(iv) „birting vegna meðferðar einkaleyfis“ merkir opinbera birtingu eða að almenningi sé veittur aðgangur að einkaleyfisumsóknum eða einkaleyfum;

(v) „milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar“ merkir stofnun sem lagt hefur inn yfirlýsingu skv. 1. mgr. 9. gr.;

(vi) „skrifstofa eignarréttinda á sviði iðnaðar“ merkir stjórnvald aðildarríkis eða milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar sem hefur rétt til að veita einkaleyfi;

BUDAPEST TREATY on the International Recognition of the Deposit of Microorganisms for the Purposes of Patent Procedure

Done at Budapest on April 28, 1977 and amended on September 26, 1980

Introductory Provisions

Article 1

Establishment of a Union

The States party to this Treaty (hereinafter called "the Contracting States") constitute a Union for the international recognition of the deposit of microorganisms for the purposes of patent procedure.

Article 2

Definitions

For the purposes of this Treaty and the Regulations:

(i) references to a "patent" shall be construed as references to patents for inventions, inventors' certificates, utility certificates, utility models, patents or certificates of addition, inventors' certificates of addition, and utility certificates of addition;

(ii) "deposit of a microorganism" means, according to the context in which these words appear, the following acts effected in accordance with this Treaty and the Regulations; the transmittal of a microorganism to an international depositary authority, which receives and accepts it, or the storage of such a microorganism by the international depositary authority, or both the said transmittal and the said storage;

(iii) "patent procedure" means any administrative or judicial procedure relating to a patent application or a patent;

(iv) "publication for the purposes of patent procedure" means the official publication, or the official laying open for public inspection, of a patent application or a patent;

(v) "intergovernmental industrial property organization" means an organization that has filed a declaration under Article 9 (1);

(vi) "industrial property office" means an authority of a Contracting State or an intergovernmental industrial property organization competent for the grant of patents;

(vii) „vörslustofnun“ merkir stofnun sem tekur á móti örverum, viðurkennir þær, hefur þær til varðveislu og lætur í té sýni af þeim;

(viii) „alþjóðleg vörslustofnun“ merkir vörslustofnun sem öðlast hefur stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar eins og gert er ráð fyrir í 7. gr.;

(ix) „eigandi örvera“ merkir einstakling eða lögaðila sem flytur örverur til alþjóðlegrar vörslustofnunar er tekur við þeim og viðurkennir þær. Enn fremur merkir það hvern þann er öðlast rétt fyrrgreinds einstaklings eða lögaðila;
(x) „sambandið“ merkir sambandið sem greint er frá í 1. gr.;
(xi) „þingið“ merkir þingið sem greint er frá í 10. gr.;
(xii) „stofnunin“ merkir Alþjóðahugverkastofnunina;
(xiii) „alþjóðaskrifstofa“ merkir alþjóðaskrifstofu stofnunarinnar og einnig Alþjóðaskrifstofuna um hugverkavernd (BIRPI) meðan sú stofnun er til;

(xiv) „aðalframkvæmdastjóri“ merkir aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar;
(xv) „reglurnar“ merkir reglurnar sem kveðið er á um í 12. gr.

(vii) "depositary institution" means an institution which provides for the receipt, acceptance and storage of microorganisms and the furnishing of samples thereof;
(viii) "international depositary authority" means a depositary institution which has acquired the status of international depositary authority as provided in Article 7;
(ix) "depositor" means the natural person or legal entity transmitting a microorganism to an international depositary authority, which receives and accepts it, and any successor in title of the said natural person or legal entity;
(x) "Union" means the Union referred to in Article 1;
(xi) "Assembly" means the Assembly referred to in Article 10;
(xii) "Organization" means the World Intellectual Property Organization;
(xiii) "International Bureau" means the International Bureau of the Organization and, as long as it subsists, the United International Bureaux for the Protection of Incellectual Property (BIRPI);
(xiv) "Director General" means the Director General of the Organization;
(xv) "Regulations" means the Regulations referred to in Article 12.

I. KAFLI
Efnisákvæði.

3. gr.
Viðurkenning og gildi innlagningar örvera.

(1) (a) Aðildarríki, sem leyfa eða krefjast innlagningar örvera vegna meðferðar einkaleyfis, skulu taka til varðveislu gilda innlagningu hjá öllum alþjóðlegum vörslustofnunum. Slík viðurkenning skal fela í sér viðurkenningu á innlagningu og dagsetningu hennar í samræmi við það sem viðkomandi alþjóðleg vörslustofnun tilgreinir. Enn fremur skal í slíkri viðurkenningu felast staðfesting á að sýni sem látið er í té sé í raun og veru sýni af þeim örverum sem lagðar voru inn.

(b) Aðildarríki getur krafist afrits af vottorði sem alþjóðleg vörslustofnun gefur út fyrir innlagningu í samræmi við ákvæði a-liðar.

(2) Í málum, sem samningur þessi eða reglurnar ná yfir, er aðildarríkjum ekki heimilt að krefjast þess að farið sé að kröfum sem eru frábrugðnar eða koma til viðbótar þeim er felast í samningi þessum eða reglunum.

CHAPTER 1
Substantive Provisions

Article 3
Recognition and Effect of the Deposit of Microorganisms

(1) (a) Contracting States which allow or require the deposit of microorganisms for the purposes of patent procedure shall recognize, for such purposes, the deposit of a microorganism with any international depositary authority. Such recognition shall include the recognition of the fact and date of the deposit as indicated by the international depositary authority as well as the recognition of the fact that what is furnished as a sample is a sample of the deposited microorganism.

(b) Any Contracting State may require a copy of the receipt of the deposit referred to in subparagraph (a), issued by the international depositary authority.

(2) As far as matters regulated in this Treaty and the Regulations are concerned, no Contracting State may require compliance with requirements different from or additional to those which are provided in this Treaty and the Regulations.

4. gr.

Nýtt innlegg.

(1) (a) Geti alþjóðleg vörslustofnun af einhverjum ástæðum ekki látið í té sýni af innlögðum örverum, sér í lagi ef:

(i) örverurnar eru ekki lengur lífvænlegar, eða

(ii) í afhendingu sýna er fólginn flutningur til annarra landa og flutningurinn eða viðtaka sýnanna erlendis er hindruð af útflutnings- eða innflutningstakmörkunum,

skal stjórnvaldið svo fljótt sem við verður komið eftir að ljóst er að það getur ekki látið sýnið í té greina eiganda örveranna frá því og geta um ástæðurnar. Eiganda örveranna skal gefinn kostur á að leggja inn nýja rækt af örverunum sem upphaflega voru lagðar inn, að uppfylltum skilyrðum þessarar málsgreinar og 2. mgr.

(b) Hið nýja innlegg skal afhent alþjóðlegu vörslustofnuninni sem örverurnar voru upphaflega lagðar inn hjá, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

(i) örverurnar verður að leggja inn hjá annarri alþjóðlegri vörslustofnun ef stofnunin, sem örverurnar voru upphaflega lagðar inn hjá, hefur ekki lengur stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar, annaðhvort hvað snertir allar tegundir örvera eða einungis hvað snertir þá tegund sem viðkomandi örverur tilheyra, eða ef alþjóðlega vörslustofnunin, sem tók við örverunum í upphafi, hættir rekstri hvað snertir viðkomandi örverur, tímabundið eða endanlega;

(ii) í þeim tilvikum sem frá er greint í iilið a-liðar er heimilt að leggja örverur inn hjá annarri alþjóðlegri vörslustofnun.

(c) Nýju innleggi skal fylgja undirrituð yfirlýsing eiganda örveranna þar sem fram kemur að hinar innlögðu örverur séu sömu tegundar og þær sem upphaflega voru lagðar inn. Séu bornar brigður á staðhæfingar eiganda örveranna skal sönnunarbyrðin ráðast af þeim lögum sem við eiga.

(d) Að uppfylltum skilyrðum í a- til c-liðar og e-liðar skal farið með hið nýja innlegg eins og það hafi borist sama dag og upphaflega innleggið, að því tilskildu að örverurnar hafi verið lífvænlegar samkvæmt öllum undanfarandi yfirlýsingum um lífvænleika örveranna sem upphaflega voru lagðar inn, að nýja innleggið hafi borist innan þriggja mánaða frá þeim degi er

Article 4

New Deposit

(1) (a) Where the international depositary authority cannot furnish samples of the deposited microorganism for any reason, in particular,

(i) where such microorganism is no longer viable, or

(ii) where the furnishing of samples would require that they be sent abroad and the sending or the receipt of the samples abroad is prevented by export or import restrictions,

that authority shall, promptly after having noted its inability to furnish samples, notify the depositor of such inability, indicating the cause thereof, and the depositor, subject to paragraph (2) and as provided in this paragraph, shall have the right to make a new deposit of the microorganism which was originally deposited.

(b) The new deposit shall be made with the international depositary authority with which the original deposit was made, provided that:

(i) it shall be made with another international depositary authority where the institution with which the original deposit was made has ceased to have the status of international depositary authority, either entirely or in respect of the kind of microorganism to which the deposited microorganism belongs, or where the international depositary authority with which the original deposit was made discontinues, temporarily or definitively, the performance of its functions in respect of deposited microorganisms;

(ii) it may be made with another international depositary authority in the case referred to in subparagraph (a) (ii).

(c) Any new deposit shall be accompanied by a statement signed by the depositor alleging that the newly deposited microorganism is the same as that originally deposited. If the allegation of the depositor is contested, the burden of proof shall be governed by the applicable law.

(d) Subject to subparagraphs (a) to (c) and (e), the new deposit shall be treated as if it had been made on the date on which the original deposit was made where all the preceding statements concerning the viability of the originally deposited microorganism indicated that the microorganism was viable and where the new deposit was made within three months after the

eiganda örveranna barst tilkynningin sem frá er greint í a-lið.

(e) Þar sem i-liður b-liðar á við og ef eiganda örvera berst ekki tilkynningin sem frá er greint í a-lið innan sex mánaða frá þeim degi er endalok, takmörkun eða stöðvun rekstrar samkvæmt því sem fram kemur í i-lið b-liðar var birt af alþjóðaskrifstofunni skal þriggja mánaða fresturinn, sem frá er greint í d-lið, talinn frá dagsetningu áðurnefndrar birtingar.

(2) Réttur sá sem frá er greint í a-lið 1. mgr. fellur niður ef innlagðar örverur hafa verið fluttar til annarrar alþjóðlegrar vörslustofnunar og endurnýjast ekki meðan sú stofnun er í aðstöðu til að láta af hendi sýni þeirra örvera.

5. gr.

Takmarkanir á útflutningi og innflutningi.

Hvert aðildarríki viðurkennir mikilvægi þess að ef og að því marki sem útflutningur og innflutningur tiltekinna örvera er takmörkunum háður í ríkinu skuli slíkar takmarkanir aðeins eiga við um innlagðar örverur eða örverur sem fyrirhugað er að leggja inn samkvæmt samningi þessum þegar þær eru nauðsynlegar með tilliti til þjóðaröryggis eða af heilbrigðis- eða umhverfisástæðum.

6. gr.

Staða alþjóðlegrar vörslustofnunar.

(1) Skilyrði fyrir því að vörslustofnun öðlist stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar er að hún hafi aðsetur í aðildarríki og njóti þeirrar ábyrgðar sem aðildarríkið veitir um að stofnunin standist og muni standast kröfur þær sem settar eru fram í 2. mgr. Einnig geta milliríkjastofnanir um eignaréttindi á sviði iðnaðar veitt slíkar ábyrgðir. Þegar þannig háttar til verður vörslustofnunin að hafa aðsetur á yfirráðasvæði ríkis sem á aðild að viðkomandi stofnun.

(2) Til að geta starfað sem alþjóðleg vörslustofnun verður vörslustofnun að:

(i) hafa viðvarandi rekstur;

(ii) hafa yfir að ráða nauðsynlegum mannafla og aðstöðu, svo sem fyrir er mælt í reglunum, til að uppfylla vísindalegar og stjórnunarlegar skyldur sínar samkvæmt samningi þessum;

(iii) vera óhlutdræg og gæta hlutleysis;

date on which the depositor received the notification referred to in subparagraph (a).

(e) Where subparagraph (b) (i) applies and the depositor does not receive the notification referred to in subparagraph (a) within six months after the date on which the termination, limitation or discontinuance referred to in subparagraph (b) (i) was published by the International Bureau, the three-month time limit referred to in subparagraph (d) shall be counted from the date of the said publication.

(2) The right referred to in paragraph (l) (a) shall not exist where the deposited microorganism has been transferred to another international depositary authority as long as that authority is in a position to furnish samples of such microorganism.

Article 5

Export and Import Restrictions

Each Contracting State recognizes that it is highly desirable that, if and to the extent to which the export from or import into its territory of certain kinds of microorganisms is restricted, such restriction should apply to microorganisms deposited, or destined for deposit, under this Treaty only where the restriction is necessary in view of national security or the dangers for health or the environment.

Article 6

Status of International Depositary Authority

(1) In order to qualify for the status of international depositary authority, any depositary institution must be located on the territory of a Contracting State and must benefit from assurances furnished by that State to the effect that the said institution complies and will continue to comply with the requirements specified in paragraph (2). The said assurances may be furnished also by an intergovernmental industrial property organization; in that case, the depositary institution must be located on the territory of a State member of the said organization.

(2) The depositary institution must, in its capacity of international depositary authority:

(i) have a continuous existence;

(ii) have the necessary staff and facilities, as prescribed in the Regulations, to perform its scientific and administrative tasks under this Treaty;

(iii) be impartial and objective;

(iv) vera reiðubúin að taka á móti örverum til varðveislu samkvæmt sömu skilyrðum fyrir alla eigendur örvera;

(v) samþykkja að taka til varðveislu annaðhvort allar eða einungis tilteknar tegundir örvera, ganga úr skugga um lífvænleika þeirra og geyma þær, svo sem fyrir er mælt í reglunum;

(vi) gefa út vottorð til eigenda örvera svo og staðfestingu, ef óskað er, um lífvænleika, svo sem fyrir er mælt í reglunum;

(vii) uppfylla kröfur um þagnarskyldu hvað viðkemur innlögðum örverum, svo sem fyrir er mælt í reglunum;

(viii) láta í té sýni af innlögðum örverum í samræmi við skilyrði sem sett eru í reglunum og með þeim aðferðum sem þar er lýst.

(3) Reglurnar skulu kveða á um ráðstafanir sem gripið skal til:

(i) ef alþjóðleg vörslustofnun hættir, tímabundið eða endanlega, að sinna verkefnum sínum í sambandi við innlagðar örverur eða neitar að samþykkja einhverjar tegundir örvera sem henni ber þó að taka gildar samkvæmt þeim ábyrgðum sem veittar hafa verið;

(ii) ef alþjóðleg vörslustofnun hættir störfum eða starfssvið hennar er þrengt.

(iv) be available, for the purposes of deposit, to any depositor under the same conditions;

(v) accept for deposit any or certain kinds of microorganisms, examine their viability and store them, as prescribed in the Regulations;

(vi) issue a receipt to the depositor, and any required viability statement, as prescribed in the Regulations;

(vii) comply, in respect of the deposited microorganisms, with the requirement of secrecy, as prescribed in the Regulations;

(viii) furnish samples of any deposited microorganism under the conditions and in conformity with the procedure prescribed in the Regulations.

(3) The Regulations shall provide the measures to be taken:

(i) where an international depositary authority discontinues, temporarily or definitively, the performance of its functions in respect of deposited microorganisms or refuses to accept any of the kinds of microorganisms which it should accept under the assurances furnished;

(ii) in case of the termination or limitation of the status of international depositary authority of an international depositary authority.

7. gr.

Skilyrði fyrir stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar.

(1) (a) Vörslustofnun skal öðlast stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar með þeim hætti að aðildarríkið á því svæði sem vörslustofnunin hefur aðsetur sitt á beinir um það skriflegu erindi til aðalframkvæmdastjórans. Erindinu skal fylgja ábyrgðaryfirlýsing til staðfestingar á að stofnunin standist og muni standast kröfur þær sem settar eru fram í 2. mgr. 6. gr. Slíka stöðu er einnig hægt að öðlast með því að milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar sendi frá sér skriflegt erindi um það, stílað á aðalframkvæmdastjórann, ásamt ofangreindri yfirlýsingu.

(b) Í erindinu skulu enn fremur koma fram upplýsingar um vörslustofnunina eins og mælt er fyrir í reglunum og er einnig hægt að láta

Article 7

Acquisition of the Status of International Depositary Authority

(l) (a) A depositary institution shall acquire the status of international depositary authority by virtue of a written communication addressed to the Director General by the Contracting State on the territory of which the depositary institution is located and including a declaration of assurances to the effect that the said institution complies and will continue to comply with the requirements specified in Article 6 (2). The said status may be acquired also by virtue of a written communication addressed to the Director General by an intergovernmental industrial property organization and including the said declaration.

(b) The communication shall also contain information on the depositary institution as provided in the Regularions and may indi-

koma fram á hvaða degi stofnun alþjóðlegrar vörslustofnunar á að taka gildi.

(2) (a) Telji aðalframkvæmdastjórinn að erindinu fylgi staðfesting eins og til er ætlast og að tekið hafi verið við öllum gögnum skal Alþjóðaskrifstofan birta erindið án tafar.

(b) Alþjóðleg vörslustofnun telst öðlast stöðu sem slík á birtingardegi erindisins eða, ef dagsetning hefur verið tilgreind skv. b-lið 1. mgr. og sú dagsetning er síðar en birtingardagur erindisins, þá frá þeim degi.

(3) Nánar er kveðið á um meðferðina skv. 1. og 2. mgr. í reglunum.

8. gr.
Lyktir og skerðing á stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar.

(1) (a) Aðildarríkin, hvert um sig, eða milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar geta lagt fram beiðni um að þingið samþykki að starfrækslu vörslustofnunar sem alþjóðlegrar vörslustofnunar verði hætt eða að starfssvið hennar verði takmarkað við tilgreindar tegundir örvera með þeim rökum að ekki hafi verið farið að eða að hætt hafi verið að fara að skilyrðum sem greinir í 6. gr. Hins vegar geta hvorki aðildarríki né milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar sett fram slíka beiðni varðandi alþjóðlega vörslustofnun sem það eða þau hafa gefið yfirlýsingu um í samræmi við a-lið 1. mgr. 7. gr.

(b) Áður en aðildarríki eða milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar setur fram beiðni skv. a-lið skal, með milligöngu aðalframkvæmdastjórans, gera því aðildarríki eða þeirri milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar, sem sendi frá sér erindið sem vísað er til í 1. mgr. 7. gr., kunnar ástæðurnar fyrir hinni áformuðu beiðni svo að ríkið eða stofnunin geti, innan sex mánaða frá dagsetningu fyrrnefndrar tilkynningar, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komist verði hjá að setja fram hina áformuðu beiðni.

(c) Ef þingið telur beiðnina byggða á fullgildum rökum skal það ákveða að bundinn verði endir á stöðu stofnunar, er um ræðir í a-lið, sem alþjóðlegrar vörslustofnunar, eða að starfssvið hennar verði takmarkað við ákveðnar tegundir örvera. Til að ákvörðun þingsins nái fram að

cate the date on which the status of international depositary authority should take effect.

(2) (a) If the Director General finds that the communication includes the required declaration and that all the required information has been received, the communication shall be promptly published by the International Bureau.

(b) The status of international depositary authority shall be acquired as from the date of publication of the communication or, where a date has been indicated under paragraph (l) (b) and such date is later than the date of publication of the communication, as from such date.

(3) The details of the procedure under paragraphs (1) and (2) are provided in the Regulations.

Article 8
Termination and Limitation of the Status of International Depositary Authority

(1) (a) Any Contracting State or any intergovernmental industrial property organization may request the Assembly to terminate, or to limit to certain kinds of microorganisms, any authority's status of international depositary authority on the ground that the requirements specified in Article 6 have not been or are no longer complied with. However, such a request may not be made by a Contracting State or intergovernmental industrial property organization in respect of an international depositary authority for which it has made the declaration referred to in Article 7 (1) (a).

(b) Before making the request under subparagraph (a), the Contracting State or the intergovernmental industrial property organization shall, through the intermediary of the Director General, notify the reasons for the proposed request to the Contracting State or the intergovernmental industrial property organization which has made the communication referred to in Article 7 (1) so that that State or organization may, within six months from the date of the said notification, take appropriate action to obviate the need for making the proposed request.

(c) Where the Assembly finds that the request is well founded, it shall decide to terminate, or to limit to certain kinds of microorganisms, the status of international depositary authority of the authority referred to in subparagraph (a). The decision of the Assembly

ganga verður hún að styðjast við tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

(2) (a) Aðildarríki eða milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar geta, ef þau hafa sett fram yfirlýsingu eins og um er getið í a-lið 1. mgr. 7. gr., tekið aftur yfirlýsingu sína með erindi sem beint er til aðalframkvæmdastjórans, annaðhvort að öllu leyti eða aðeins að því er varðar tilgreindar tegundir örvera. Þetta skulu framangreindir aðilar gera, hvað sem öðru líður, ef ábyrgðir þeirra eiga, að einhverju eða öllu leyti, ekki lengur við.

(b) Slíkt erindi skal, ef það á við um alla yfirlýsinguna, fela í sér að stöðu stofnunar sem alþjóðlegrar vörslustofnunar sé lokið frá þeim degi sem reglurnar kveða á um. Ef erindið lýtur aðeins að tilgreindum tegundum örvera skal það fela í sér skerðingu í samræmi við það.

(3) Nánar er kveðið á um meðferðina skv. 1. og 2. mgr. í reglunum.

shall require that a majority of two-thirds of the votes cast be in favour of the request.

(2) (a) The Contracting State or intergovernmental industrial property organization having made the declaration referred to in Article 7 (l) (a) may, by a communication addressed to the Director General, withdraw its declaration either entirely or in respect only of certain kinds of microorganisms and in any event shall do so when and to the extent that its assurances are no longer applicable.

(b) Such a communication shall, from the date provided for in the Regulations, entail, where it relates to the entire declaration, the termination of the status of international depositary authority or, where it relates only to certain kinds of microorganisms, a corresponding limitation of such status.

(3) The details of the procedure under paragraphs (1) and (2) are provided in the Regulations.

9. gr.

Milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar.

(1) (a) Milliríkjastofnanir, sem fjöldi ríkja hefur falið að veita svæðisbundin einkaleyfi, geta, ef svo hagar til að öll aðildarríkin eru aðilar að Alþjóðasambandinu (Parísarsambandinu) um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, lagt inn hjá aðalframkvæmdastjóranum yfirlýsingu um að þær samþykki það form viðurkenningar sem tilgreint er í a-lið 1. mgr. 3. gr., þær skyldur varðandi kröfurnar sem um er getið í 2. mgr. 3. gr., svo og allt það sem hljótast kann af ákvæðum samnings þessa og reglnanna og við á um milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar. Ef yfirlýsingin, sem frá er greint í setningunni hér að framan, er lögð inn áður en samningurinn öðlast gildi skv. 1. mgr. 16. gr. skal hún öðlast gildi á fyrrnefndum gildistökudegi. Ef áðurnefnd yfirlýsing er lögð inn eftir gildistökuna skal hún öðlast gildi þremur mánuðum eftir afhendingu eða seinna hafi annarrar dagsetningar verið getið í yfirlýsingunni. Í síðara tilvikinu skal yfirlýsingin öðlast gildi á þeim degi sem þannig er tilgreindur.

(b) Fyrrnefndar stofnanir skulu hafa þann rétt sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 3. gr.

(2) Ef einhver ákvæði samnings þessa eða reglnanna er snerta milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar eru endurskoðuð eða

Article 9

Intergovernmental Industrial Property Organizations

(l) (a) Any intergovernmental organization to which several States have entrusted the task of granting regional patents and of which all the member States are members of the International (Paris) Union for the Protection of Industrial Property may file with the Director General a declaration that it accepts the obligation of recognition provided for in Article 3 (l) (a), the obligation concerning the requirements referred to in Article 3 (2) and all the effects of the provisions of this Treaty and the Regulations applicable to intergovernmental industrial property organizations. If filed before the entry into force of this Treaty according to Article 16 (1), the declaration referred to in the preceding sentence shall become effective on the date of the said entry into force. If filed after such entry into force, the said declaration shall become effective three months after its filing unless a later date has been indicated in the declaration. In the latter case, the declaration shall take effect on the date thus indicated.

(b) The said organization shall have the right provided for in Article 3 (1) (b).

(2) Where any provision of this Treaty or of the Regulations affecting intergovernmental industrial property organizations is revised or amend-

þeim er breytt geta milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar afturkallað yfirlýsingu þá sem getið er um í 1. mgr. með tilkynningu, stíluðri á aðalframkvæmdastjórann. Afturköllunin skal taka gildi:

(i) á gildistökudegi endurskoðaðra eða breyttra ákvæða ef tilkynningin hefur borist fyrir þann dag;

(ii) á þeim degi sem tilgreindur er í tilkynningunni ef hún hefur borist eftir þann dag sem fram kemur í i-lið eða, ef enginn dagur er tilgreindur í tilkynningunni, þremur mánuðum eftir að tilkynningin berst.

(3) Auk þess tilviks sem nefnt er í 2. mgr. geta milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar afturkallað yfirlýsingu sína sem nefnd er í a-lið 1. mgr. með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin skal taka gildi tveimur árum eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur tekið við tilkynningunni. Ekki skal tekið við tilkynningu um afturköllun samkvæmt þessari málsgrein fyrr en að liðnum fimm árum frá því að yfirlýsingin tók gildi.

(4) Nú sendir milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar, sem hefur sent frá sér erindi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. er leitt hefur til þess að vörslustofnun hefur öðlast stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar, frá sér tilkynningu um afturköllun eins og lýst er í 2. eða 3. mgr. og skal þá slíkri stöðu lokið einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóranum berst afturköllunartilkynningin.

(5) Ekki er hægt að gefa út yfirlýsingu eins og frá er greint í a-lið 1. mgr., tilkynningu um afturköllun skv. 2. eða 3. mgr., ábyrgðir sem veittar eru samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 6. gr., og innifaldar eru í yfirlýsingu sem gerð hefur verið í samræmi við a-lið 1. mgr. 7. gr., beiðni sem sett er fram skv. 1. mgr. 8. gr. né erindi um afturköllun eins og lýst er í 2. mgr. 8. gr., nema æðsta stjórn viðkomandi milliríkjastofnunar um eignarréttindi á sviði iðnaðar hafi samþykkt það fyrirfram og án fyrirvara þar sem öll aðildarríki samtakanna eiga aðild að æðstu stjórn og ákvarðanir hennar eru teknar af opinberum fulltrúum ríkisstjórna slíkra ríkja.

ed, any intergovernmental industrial property organization may withdraw its declaration referred to in paragraph (1) by notification addressed to the Director General. The withdrawal shall take effect:

(i) where the notification has been received before the date on which the revision or amendment enters into force, on that date;

(ii) where the notification has been received after the date referred to in (i), on the date indicated in the notification or, in the absence of such indication, three months after the date on which the notification was received.

(3) In addition to the case referred to in paragraph (2), any intergovernmental industrial property organization may withdraw its declaration referred to in paragraph (1) (a) by notification addressed to the Director General. The withdrawal shall take effect two years after the date on which the Director General has received the notification. No notification of withdrawal under this paragraph shall be receivable during a period of five years from the date on which the declaration took effect.

(4) The withdrawal referred to in paragraph (2) or (3) by an intergovernmental industrial property organization whose communication under Article 7 (1) has led to the acquisition of the status of international depositary authority by a depositary institution shall entail the termination of such status one year after the date on which the Director General has received the notification of withdrawal.

(5) Any declaration referred to in paragraph (l) (a), notification of withdrawal referred to in paragraph (2) or (3), assurances furnished under Article 6 (l), second sentence, and included in a declaration made in accordance with Article 7 (1) (a), request made under Article 8 (1) and communication of withdrawal referred to in Article 8 (2) shall require the express previous approval of the supreme governing organ of the intergovernmental industrial property organization whose members are all the States members of the said organization and in which decisions are made by the official representatives of the governments of such States.

II. KAFLI
Stjórnunarákvæði.
10. gr.
Þingið.

(1) (a) Aðildarríkin mynda þingið.

(b) Hvert aðildarríki skal eiga einn fulltrúa á þinginu og getur hann haft sér til fulltingis varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

(c) Sérhver milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar skal eiga sérstakan áheyrnarfulltrúa á fundum þingsins svo og í öllum nefndum og vinnuhópum sem þingið stofnar.

(d) Ríkjum, sem ekki eiga aðild að sambandinu en eru aðilar að stofnuninni eða Alþjóðasambandinu (Parísarsambandinu) um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, svo og milliríkjastofnun sem sérhæfð er á sviði einkaleyfa, þó ekki milliríkjastofnun um eignarréttindi á sviði iðnaðar eins og hún er skilgreind í v-lið 2. gr., skal heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum þingsins og einnig, ef þingið ákveður svo, á fundum nefnda eða vinnuhópa sem þingið hefur skipað.

(2) (a) Þingið skal:

(i) fjalla um öll málefni er varða rekstur og þróun sambandsins svo og framkvæmd samnings þessa;

(ii) neyta réttinda sem því eru sérstaklega veitt og sinna verkefnum sem því eru sérstaklega falin samkvæmt samningnum;

(iii) veita aðalframkvæmdastjóranum fyrirmæli varðandi undirbúning endurskoðunarráðstefna;

(iv) endurskoða og samþykkja skýrslur og störf aðalframkvæmdastjórans er varða sambandið og gefa honum öll nauðsynleg fyrirmæli varðandi málefni sem heyra undir sambandið;

(v) stofna nefndir og vinnuhópa sem það álítur að gagnist starfsemi sambandsins;

(vi) ákveða, sbr. þó ákvæði d-liðar 1. mgr., hvaða ríki önnur en aðildarríkin, hvaða milliríkjastofnanir aðrar en milliríkjastofnanir um eignarréttindi á sviði iðnaðar, eins og þær er skilgreindar í v-lið 2. gr., og hvaða alþjóðleg óháð félagasamtök skuli hafa heimild til að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum þess og að hvaða marki alþjóðlegum vörslustofnunum skuli heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum þess;

CHAPTER II
Administrative Provisions
Article 10
Assembly

(l) (a) The Assembly shall consist of the Contracting States.

(b) Each Contracting State shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) Each intergovernmental industrial property organization shall be represented by special observers in the meetings of the Assembly and any committee and working group established by the Assembly.

(d) Any State not member of the Union which is a member of the Organization or of the International (Paris) Union for the Protection of Industrial Property and any intergovernmental organization specialized in the field of patents other than an intergovernmental industrial property organization as defined in Article 2(v) may be represented by observers in the meetings of the Assembly and, if the Assembly so decides, in the meetings of any committee or working group established by the Assembly.

(2) (a) The Assembly shall:

(i) deal with all matters concerning the maintenance and development of the Union and the implementation of this Treaty;

(ii) exercise such rights and perform such tasks as are specially conferred upon it or assigned to it under this Treaty;

(iii) give directions to the Director General concerning the preparations for revision conferences;

(iv) review and approve the reports and activities of the Director General concerning the Union, and give him all necessary instructions concerning matters within the competence of the Union;

(v) establish such committees and working groups as it deems appropriate to facilitate the work of the Union;

(vi) determine, subject to paragraph (1) (d), which States other than Contracting States, which intergovernmental organizations other than intergovernmental industrial property organizations as defined in Article 2 (v) and which international non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers and to what extent international depositary authorities shall be admitted to its meetings as observers;

(vii) gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að ná fram markmiðum sambandsins;

(viii) sinna öðrum verkefnum sem við eiga samkvæmt samningi þessum.

(b) Að því er varðar mál, er önnur sambönd sem stjórnað er af stofnuninni láta til sín taka, skal þingið taka ákvarðanir að fengnu áliti samhæfingarnefndar stofnunarinnar.

(3) Hver fulltrúi kemur einungis fram fyrir hönd eins ríkis og greiðir atkvæði aðeins fyrir það.

(4) Hvert aðildarríki hefur yfir einu atkvæði að ráða.

(5) (a) Fundur telst ályktunarhæfur ef helmingur aðildarríkja á þar fulltrúa.

(b) Þótt fundur teljist ekki ályktunarhæfur má þingið taka ákvarðanir en þær skulu þó ekki öðlast gildi, nema um sé að ræða ákvarðanir um starfsreglur þingsins, fyrr en nauðsynlegur meirihluti liggur fyrir eftir bréflega atkvæðagreiðslu eins og gert er ráð fyrir í reglunum.

(6) (a) Til að ákvarðanir nái fram að ganga þarf meirihluta greiddra atkvæða, sjá þó c-lið 1. mgr. 8. gr., 4. mgr. 12. gr. og b-lið 2. mgr. 14. gr.

(b) Hjáseta telst ekki vera greitt atkvæði.

(7) (a) Þingið skal koma saman annað hvert almanaksár til reglulegs þinghalds samkvæmt boði aðalframkvæmdastjórans og er æskilegt að það gerist samtímis og á sama stað og allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar kemur saman.

(b) Þingið skal koma saman til aukafundar þegar aðalframkvæmdastjórinn kallar það saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni eins fjórða hluta aðildarríkjanna.

(8) Þingið setur sér starfsreglur.

(vii) take any other appropriate action designed to further the objectives of the Union;

(viii) perform such other functions as are appropriate under this Treaty.

(b) With respect to matters which are of interest also to other Unions administered by the Organization, the Assembly shall make its decisions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(3) A delegate may represent, and vote in the name of, one State only.

(4) Each Contracting State shall have one vote.

(5) (a) One-half of the Contracting States shall constitute a quorum.

(b) In the absence of the quorum, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the quorum and the required majority are attained through voting by correspondence as provided in the Regulations.

(6) (a) Subject to Articles 9 (l) (c), 12 (4) and 14 (2) (b), the decisions of the Assembly shall require a majority of the votes cast.

(b) Abstentions shall not be considered as votes.

(7) (a) The Assembly shall meet once in every second calendar year in ordinary session upon convocation by the Director General, preferably during the same period and at the same place as the General Assembly of the Organization.

(b) The Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, either on his own initiative or at the request of one fourth of the Contracting States.

(8) The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

11. gr.
Alþjóðaskrifstofan.

(1) Alþjóðaskrifstofan skal:

(i) annast stjórnsýslu sambandsins, sér í lagi þau atriði er henni hafa sérstaklega verið falin samkvæmt samningi þessum og reglunum eða samkvæmt ákvörðunum þingsins;

(ii) útvega starfsaðstöðu fyrir endurskoðunarráðstefnur, þingið, nefndir og vinnuhópa sem þingið hefur skipað, og hvers

Article 11
International Bureau

(1) The International Bureau shall:

(i) perform the administrative tasks concerning the Union, in particular such tasks as are specifically assigned to it under this Treaty and the Regulations or by the Assembly;

(ii) provide the secretariat of revision conferences, of the Assembly, of committees and working groups established by the

konar aðra fundi sem aðalframkvæmdastjórinn kallar til og sem fjalla um málefni er varða sambandið.

(2) Aðalframkvæmdastjórinn skal vera aðalstjórnandi sambandsins og kemur fram fyrir þess hönd.

(3) Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla til allra funda er fjalla skulu um mál er varða sambandið.

(4) (a) Aðalframkvæmdastjórinn og starfsfólk er hann tilnefnir skulu, án atkvæðisréttar, taka þátt í öllum fundum þingsins, fundum nefnda og vinnuhópa sem þingið hefur skipað svo og öllum öðrum fundum sem aðalframkvæmdastjórinn kallar til og fjalla um málefni er varða sambandið.

(b) Aðalframkvæmdastjórinn eða starfsmaður, tilnefndur af honum, skal í krafti embættis síns vera ritari þingsins, nefndanna, vinnuhópanna og annarra funda sem frá er greint í a-lið.

(5) (a) Aðalframkvæmdastjórinn skal undirbúa endurskoðunarráðstefnur samkvæmt fyrirmælum þingsins.

(b) Aðalframkvæmdastjóranum er heimilt að hafa samráð við milliríkjastofnanir og alþjóðleg óháð félagasamtök vegna undirbúnings endurskoðunarráðstefna.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn og einstaklingar, sem hann tilnefnir, skulu taka þátt í umræðum á endurskoðunarráðstefnum, án atkvæðisréttar.

(d) Aðalframkvæmdastjórinn eða starfsmaður, sem hann tilnefnir, skal í krafti embættis síns vera ritari á endurskoðunarráðstefnum.

12. gr.
Reglur.

(1) Í reglunum er kveðið á um:

(i) málefni þar sem samningur þessi vísar berum orðum til reglnanna eða gerir það að skilyrði að þær gildi um eða skuli gilda um;

(ii) stjórnsýslukröfur, málefni eða -aðferðir;

(iii) einstök atriði sem að gagni mega koma við framkvæmd samnings þessa.

(2) Reglurnar sem settar eru samtímis samningi þessum eru í viðaukum hans.

(3) Þingið hefur heimild til að breyta reglunum.

(4) (a) Til að breytingar á reglunum nái fram að ganga þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða, sbr. þó b-lið.

Assembly, and of any other meeting convened by the Director General and dealing with matters of concern to the Union.

(2) The Director General shall be the chief executive of the Union and shall represent the Union.

(3) The Director General shall convene all meetings dealing with matters of concern to the Union.

(4) (a) The Director General and any staff member designated by him shall participate, without the right to vote, in all meetings of the Assembly, the committees and working groups established by the Assembly, and any other meeting convened by the Director General and dealing with matters of concern to the Union.

(b) The Director General, or a staff member designated by him, shall be ex officio secretary of the Assembly, and of the committees, working groups and other meetings referred to in subparagraph (a).

(5) (a) The Director General shall, in accordance with the directions of the Assembly, make the preparations for revision conferences.

(b) The Director General may consult with intergovernmental and international non-governmental organizations concerning the preparations for revision conferences.

(c) The Director General and persons designated by him shall take part, without the right to vote, in the discussions at revision conferences.

(d) The Director General, or a staff member designated by him, shall be ex officio secretary of any revision conference.

Article 12
Regulations

(1) The Regulations provide rules concerning:

(i) matters in respect of which this Treaty expressly refers to the Regulations or expressly provides that they are or shall be prescribed;

(ii) any administrative requirements, matters or procedures;

(iii) any details useful in the implementation of this Treaty.

(2) The Regulations adopted at the same time as this Treaty are annexed to this Treaty.

(3) The Assembly may amend the Regulations.

(4) (a) Subject to subparagraph (b), adoption of any amendment of the Regulations shall require two thirds of the votes cast.

(b) Til að breytingar er varða afhendingu örverusýna af hálfu alþjóðlegrar vörslustofnunar nái fram að ganga er það skilyrði að ekkert aðildarríki greiði atkvæði gegn breytingartillögunni.
(5) Ef í ljós kemur að ákvæði samnings þessa og reglnanna stangast á skulu ákvæði samningsins gilda.

III. KAFLI
Endurskoðun og breytingar.

13. gr.
Endurskoðun samningsins.

(1) Heimilt er að endurskoða samning þennan öðru hverju á ráðstefnum aðildarríkjanna.
(2) Þingið tekur ákvörðun um hvort efna skuli til endurskoðunarráðstefna.
(3) Hægt er að gera breytingar á 10. og 11. gr. hvort sem er á endurskoðunarráðstefnu eða skv. 14. gr.

14. gr.
Breytingar á einstökum ákvæðum samningsins.

(1) (a) Tillögur samkvæmt þessari grein um breytingar á 10. og 11. gr. mega koma frá sérhverju aðildarríki eða frá aðalframkvæmdastjóranum.
(b) Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna aðildarríkjunum um slíkar tillögur með að minnsta kosti sex vikna fyrirvara áður en um þær er fjallað á þinginu.
(2) (a) Breytingar á greinunum, sem vísað er til í 1. mgr., skulu samþykktar af þinginu.

(b) Til breytinga á 10. gr. þarf fjóra fimmtu hluta greiddra atkvæða; samþykki á breytingum á 11. gr. þarf þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða.
(3) (a) Breytingar á greinunum, sem frá er greint í 1. mgr., skulu öðlast gildi einum mánuði eftir að skriflegar tilkynningar um að þær hafi verið samþykktar í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð þeirra hafa borist aðalframkvæmdastjóranum frá þremur fjórðu hlutum þeirra ríkja sem voru aðilar að samningnum er þingið samþykkti breytingarnar.
(b) Þegar breytingar á áðurnefndum greinum hafa hlotið slíkt samþykki eru þær bindandi fyrir öll aðildarríki sem voru orðin aðilar þegar þingið samþykkti þær, að því tilskildu að breytingar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir framangreind aðildarríki eða auka slíkar skuldbindingar, eru einungis

(b) Adoption of any amendment concerning the furnishing of samples of deposited microorganisms by the international depositary authorities shall require that no Contracting State vote against the proposed amendment.
(5) In the case of conflict between the provisions of this Treaty and those of the Regulations, the provisions of this Treaty shall prevail.

CHAPTER III
Revision and Amendment

Article 13
Revision of the Treaty

(1) This Treaty may be revised from time to time by conferences of the Contracting States.
(2) The convocation of any revision conference shall be decided by the Assembly.
(3) Articles 10 and 11 may be amended either by a revision conference or according to Article 14.

Article 14
Amendment of Certain Provisions of the Treaty

(l) (a) Proposals under this Article for the amendment of Articles 10 and 11 may be initiated by any Contracting State or by the Director General.
(b) Such proposals shall be communicated by the Director General to the Contracting States at least six months in advance of their consideration by the Assembly.
(2) (a) Amendments to the Articles referred to in paragraph (1) shall be adopted by the Assembly.
(b) Adoption of any amendment to Article 10 shall require four-fifths of the votes cast; adoption of any amendment to Article 11 shall require three-fourths of the votes cast.
(3) (a) Any amendment to the Articles referred to in paragraph (1) shall enter into force one month after written notifications of acceptance, effected in accordance with their respective constitutional processes, have been received by the Director General from three-fourths of the Contracting States members of the Assembly at the time the Assembly adopted the amendment.
(b) Any amendment to the said Articles thus accepted shall bind all the Contracting States which were Contracting States at the time the amendment was adopted by the Assembly, provided that any amendment creating financial obligations for the said Contracting States or increasing such obligations shall bind only those

bindandi fyrir þau aðildarríki sem tilkynnt hafa um samþykki sitt á breytingunum.

(c) Breytingar sem búið er að samþykkja og sem öðlast hafa gildi skv. a-lið eru bindandi fyrir öll ríki sem gerast aðildarríki eftir þann dag er þingið samþykkti breytingarnar.

Contracting States which have notified their acceptance of such amendment.

(c) Any amendment which has been accepted and which has entered into force in accordance with subparagraph (a) shall bind all States which become Contracting States after the date on which the amendment was adopted by the Assembly.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

15. gr.
Skilyrði fyrir aðild að samningnum.

(1) Sérhvert ríki, sem er aðili að Alþjóðasambandinu (Parísarsambandinu) um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, getur orðið aðili að samningi þessum með því að:

(i) undirrita hann og afhenda síðan fullgildingarskjal til vörslu, eða

(ii) afhenda aðildarskjal til vörslu.

(2) Fullgildingar- eða aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóranum til vörslu.

CHAPTER IV
Final Provisions

Article 15
Becoming Party to the Treaty

(1) Any State member of the International (Paris) Union for the Protection of Industrial Property may become party to this Treaty by:

(i) signature followed by the deposit of an instrument of ratification, or

(ii) deposit of an instrument of accession.

(2) Instruments of ratification or accession shall be deposited with the Director General.

16. gr.
Gildistaka samningsins.

(1) Hvað fimm fyrstu ríkin varðar er afhenda fullgildingar- eða aðildarskjöl til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að fimmta skjalið er afhent.

(2) Hvað önnur ríki varðar skal samningur þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag er viðkomandi ríki leggur inn fullgildingar- eða aðildarskjal sitt, nema að síðari dagsetning hafi verið tilgreind í fullgildingar- eða aðildarskjalinu. Í síðara tilvikinu skal samningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi ríki varðar á þeim degi sem þannig er tilgreindur.

Article 16
Entry Into Force of the Treaty

(1) This Treaty shall enter into force, with respect to the first five States which have deposited their instruments of ratification or accession, three months after the date on which the fifth instrument of ratification or accession has been deposited.

(2) This Treaty shall enter into force with respect to any other State three months after the date on which that State has deposited its instrument of ratification or accession unless a later date has been indicated in the instrument of ratification or accession. In the latter case, this Treaty shall enter into force with respect to that State on the date thus indicated.

17. gr.
Uppsögn samningsins.

(1) Sérhverju aðildarríki er heimilt að segja samningi þessum upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.

(2) Uppsögnin skal taka gildi tveimur árum eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni.

(3) Réttinn til uppsagnar skv. 1. mgr. mega aðildarríkin ekki nýta fyrr en að fimm árum liðnum frá þeim degi er þau gerðust aðilar að samningnum.

Article 17
Denunciation of the Treaty

(1) Any Contacting State may denounce this Treaty by notification addressed to the Director General.

(2) Denunciation shall take effect two years after the day on which the Director General has received the notification.

(3) The right of denunciation provided for in paragraph (1) shall not be exercised by any Contracting State before the expiration of five years from the date on which it becomes party to this Treaty.

(4) Ef aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu skv. a-lið 1. mgr. 7. gr. varðandi vörslustofnun sem við það öðlast stöðu alþjóðlegrar vörslustofnunar, segir upp aðild að samningnum lýkur hlutverki alþjóðlegrar vörslustofnunar sem slíkrar einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn tók við þeirri tilkynningu sem frá er greint í 1. mgr.

(4) The denunciation of this Treaty by a Contracting State that has made a declaration referred to in Article 7 (l) (a) with respect to a depositary institution which thus acquired the status of international depositary authority shall entail the termination of such status one year after the day on which the Director General received the notification referred to in paragraph (1).

18. gr.

Undirritun samningsins og tungumál hans.

(1) (a) Samningur þessi skal undirritaður í einu eintaki á ensku og frönsku og skulu báðir textarnir vera jafngildir.

(b) Aðalframkvæmdastjórinn skal, innan tveggja mánaða frá dagsetningu undirritunar samningsins, ganga frá opinberum texta á öllum þeim tungumálum sem stofnsamningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar var undirritaður á, að höfðu samráði við stjórnvöld þeirra ríkja er málið snertir.

(c) Aðalframkvæmdastjórinn skal sjá um að ganga frá opinberum textum samnings þessa að höfðu samráði við stjórnvöld þeirra ríkja sem málið varðar, á arabísku, ítölsku, japönsku, portúgölsku og þýsku og öðrum þeim tungumálum er þingið kann að ákveða.

(2) Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Búdapest fram til 31. desember 1977.

Article 18

Signature and Languages of the Treaty

(l) (a) This Treaty shall be signed in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic.

(b) Official texts of this Treaty shall be established by the Director General, after consultation with the interested Governments and within two months from the date of signature of this Treaty, in the other languages in which the Convention Establishing the World Intellectual Property Organization was signed.

(c) Official texts of this Treaty shall be established by the Director General, after consultation with the interested Governments, in the Arabic, German, Italian, Japanese and Portuguese languages, and such other languages as the Assembly may designate.

(2) This Treaty shall remain open for signature at Budapest until December 31, 1977.

19. gr.

Varsla samningsins, sending afrita, skráning samningsins.

(1) Þegar frestur til undirritunar er runninn út skal samningi þessum komið fyrir í vörslu aðalframkvæmdastjórans.

(2) Aðalframkvæmdastjórinn skal senda tvö afrit af samningi þessum og reglunum, staðfest af honum sjálfum, til stjórnvalda allra ríkjanna sem um er getið í 1. mgr. 15. gr., milliríkjastofnana sem kunna að leggja inn yfirlýsingar skv. a-lið 1. mgr. 9. gr. og til stjórnvalda annarra ríkja ef þau fara fram á það.

(3) Aðalframkvæmdastjórinn skal láta skrá samning þennan hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

(4) Aðalframkvæmdastjórinn skal senda tvö afrit, staðfest af honum sjálfum, af öllum breytingum sem kunna að vera gerðar á samningi þessum og reglunum til ríkisstjórna allra aðildarríkjanna, til milliríkjastofnana um eignarréttindi

Article 19

Deposit of the Treaty; Transmittal of Copies; Registration of the Treaty

(1) The original of this Treaty, when no longer open for signature, shall be deposited with the Director General.

(2) The Director General shall transmit two copies, certified by him, of this Treaty and the Regulations to the Governments of all the States referred to in Article 15 (1), to the intergovernmental organizations that may file a declaration under Article 9 (l) (a) and, on request, to the Government of any other State.

(3) The Director General shall register this Treaty with the Secretariat of the United Nations.

(4) The Director General shall transmit two copies, certified by him, of any amendment to this Treaty and to the Regulations to all Contracting States, to all intergovernmental industrial property organizations and, on request,

á sviði iðnaðar og, ef fram á það er farið, til ríkisstjórna annarra ríkja eða til annarra millirríkjastofnana sem kunna að leggja inn yfirlýsingar skv. a-lið 1. mgr. 9. gr.

20. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna aðildarríkjum, millirríkjastofnunum um eignarréttindi á sviði iðnaðar og ríkjum, sem ekki eru aðilar að sambandinu en eru aðilar að Alþjóðasambandinu (Parísarsambandinu) um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, um eftirfarandi:

(i) undirritun skv. 18. gr.;
(ii) afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjala skv. 2. mgr. 15. gr.;
(iii) yfirlýsingar sem lagðar eru inn skv. a-lið 1. mgr. 9. gr. og tilkynningar um uppsögn skv. 2. eða 3. mgr. 9. gr.;
(iv) dagsetningu gildistöku samnings þessa skv. 1. mgr. 16. gr.;
(v) erindi skv. 7. og 8. gr. og ákvarðanir skv. 8. gr.;
(vi) samþykktir um breytingar á samningi þessum, sjá 3. mgr. 14. gr.;
(vii) breytingar á reglunum;
(viii) dagsetningar gildistöku breytinga á samningi þessum eða reglunum;
(ix) uppsagnir sem tekið hefur verið við skv. 17. gr.

to the Government of any other State and to any other intergovernmental organization that may file a declaration under Article 9 (1) (a).

Article 20
Notifications

The Director General shall notify the Contracting States, the intergovernmental industrial property organizations and those States not members of the Union which are members of the International (Paris) Union for the Protection of Industrial Property of:

(i) signatures under Article 18;
(ii) deposits of instruments of ratification or accession under Article 15 (2);
(iii) declarations filed under Article 9 (l) (a) and notifications of withdrawal under Article 9 (2) or (3);
(iv) the date of entry into force of this Treaty under Article 16 (1);
(v) the communications under Articles 7 and 8 and the decisions under Article 8;
(vi) acceptance of amendments to this Treaty under Article 14 (3);
(vii) any amendment of the Regulations;
(viii) the dates on which amendments to the Treaty or the Regulations enter into force;
(ix) denunciations received under Article 17.

Nr. 10 10. maí 1995

AUGLÝSING

um Locarnosamning um alþjóðlega flokkun hönnunar.

Hinn 23. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna Locarnosamnings um alþjóðlega flokkun hönnunar sem gerður var í Locarno 8. október 1968. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 9. apríl 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

LOCARNOSAMNINGUR um alþjóðlega flokkun hönnunar

undirritaður í Locarno 8. október 1968.

1. gr.
Stofnun sérsambands; samþykkt alþjóðlegrar flokkunar.

(1) Ríki þau er samningur þessi tekur til mynda með sér sérsamband.

(2) Þau taka upp eitt flokkunarkerfi fyrir hönnun (hér eftir nefnt „alþjóðlega flokkunin").

(3) Alþjóðlega flokkunin skal samanstanda af:

(i) lista yfir flokka og undirflokka;
(ii) lista í stafrófsröð yfir vörur sem hönnun er skráð fyrir þar sem tilgreindir eru þeir flokkar og undirflokkar sem hönnun fellur undir;
(iii) skýringum.

(4) Listinn yfir flokka og undirflokka er sá listi sem er viðauki við samning þennan og er hann háður þeim breytingum og viðaukum sem sérfræðinganefndin skv. 3. gr. kann að gera.

(5) Vörulistinn í stafrófsröð og skýringar skulu samþykktar af sérfræðinganefndinni í samræmi við þá málsmeðferð sem greinir í 3. gr.

(6) Sérfræðinganefndin getur lagfært eða aukið við alþjóðlegu flokkunina í samræmi við þá málsmeðferð sem greinir í 3. gr.

(7) (a) Opinber texti alþjóðlegu flokkunarinnar skal vera á ensku og frönsku.

(b) Opinberir textar alþjóðlegu flokkunarinnar á öðru því tungumáli en þingið sem vísað er til í 5. gr. kann að tilnefna skulu gerðir af Alþjóðlegu skrifstofunni um hugverkaréttindi (hér eftir nefnd „Alþjóðaskrifstofan") sem vísað er til í samningnum um Alþjóðahugverkastofnunina (hér eftir nefnd „stofnunin") en áður skal hún hafa ráðfært sig við þau stjórnvöld sem hagsmuna eiga að gæta.

LOCARNO AGREEMENT Establishing an International Classification for Industrial Designs

signed at Locarno on October 8, 1968

Article 1
Establishment of a Special Union; Adoption of an International Classification

(1) The countries to which this Agreement applies constitute a Special Union.

(2) They adopt a single classification for industrial designs (hereinafter designated as "the international classification").

(3) The international classification shall comprise:

(i) a list of classes and subclasses;
(ii) an alphabetical list of goods in which industrial designs are incorporated, with an indication of the classes and subclasses into which they fall;
(iii) explanatory notes.

(4) The list of classes and subclasses is the list annexed to the present Agreement, subject to such amendments and additions as the Committee of Experts set up under Article 3 (hereinafter designated as "the Committee of Experts") may make to it.

(5) The alphabetical list of goods and the explanatory notes shall be adopted by the Committee of Experts in accordance with the procedure laid down in Article 3.

(6) The international classification may be amended or supplemented by the Committee of Experts, in accordance with the procedure laid down in Article 3.

(7) (a) The international classification shall be established in the English and French languages.

(b) Official texts of the international classification, in such other languages as the Assembly referred to in Article 5 may designate, shall be established, after consultation with the interested Governments, by the International Bureau of Intellectual Property (hereinafter designated as "the International Bureau") referred to in the Convention Establishing the World Intellectual Property Organization (hereinafter designated as "the Organization").

2. gr.
Notkun og lagagildi alþjóðlegu flokkunarinnar.

(1) Að uppfylltum skilyrðum í samningi þessum er alþjóðlega flokkunin aðeins ætluð til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld. Engu að síður er hverju ríki heimilt að veita henni það lagalega gildi sem það telur viðeigandi. Sér í lagi á alþjóðlega flokkunin ekki að binda sérsambandsríkin hvað varðar eðli og umfang hönnunarverndar í ríkjunum.

(2) Hverju sérsambandsríki er frjálst að nota alþjóðlegu flokkunina sem grundvallarkerfi eða til viðmiðunar.

(3) Í opinberum skjölum er varða umsókn eða skráningu hönnunar og í birtingum, ef skjölin eru birt opinberlega, skulu skrifstofur aðildarríkjanna geta um númer viðeigandi flokka og undirflokka þeirrar vöru sem hönnunin er skráð fyrir.

(4) Þegar valin eru heiti sem nota á í lista yfir vörur í stafrófsröð ber sérfræðinganefndinni að sýna hæfilega aðgát til að forðast notkun heita sem geta verið háð einkarétti. Þótt orð sé greint í atriðaskrá í stafrófsröð ber ekki að túlka slíkt sem álit sérfræðinganefndarinnar á því hvort viðkomandi orð sé háð einkarétti eða ekki.

3. gr.
Sérfræðinganefnd.

(1) Sérfræðinganefnd skal annast þau verkefni sem vísað er til í 4.-6. mgr. 1. gr. Sérhvert sérsambandsríki skal eiga fulltrúa í sérfræðinganefndinni sem skal skipulögð í samræmi við málsmeðferðarreglur sem staðfestar eru af einföldum meirihluta þeirra ríkja sem fulltrúa eiga.

(2) Sérfræðinganefndin skal staðfesta vörulistann í stafrófsröð ásamt skýringum með einföldum meirihluta atkvæða ríkja sérsambandsins.

(3) Skrifstofur aðildarríkjanna eða alþjóðaskrifstofan geta borið fram tillögur um breytingar eða viðbætur við alþjóðlegu flokkunina. Skrifstofurnar skulu senda Alþjóðaskrifstofunni tillögur sínar. Alþjóðaskrifstofan skal senda fulltrúum sérfræðinganefndarinnar tillögur frá skrifstofum og Alþjóðaskrifstofunni eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fund þann þar sem taka á tillögurnar fyrir.

Article 2
Use and Legal Scope of the International Classification

(1) Subject to the requirements prescribed by this Agreement, the international classification shall be solely of an administrative character. Nevertheless, each country may attribute to it the legal scope which it considers appropriate. In particular, the international classification shall not bind the countries of the Special Union as regards the nature and scope of the protection afforded to the design in those countries.

(2) Each country of the Special Union reserves the right to use the international classification as a principal or as a subsidiary system.

(3) The Offices of the countries of the Special Union shall include in the official documents for the deposit or registration of designs, and, if they are officially published, in the publications in question, the numbers of the classes and subclasses of the international classification into which the goods incorporating the designs belong.

(4) In selecting terms for inclusion in the alphabetical list of goods, the Committee of Experts shall exercise reasonable care to avoid using terms in which exclusive rights may exist. The inclusion of any word in the alphabetical index, however, is not an expression of opinion of the Committee of Experts on whether or not it is subject to exclusive rights.

Article 3
Committee of Experts

(1) A Committee of Experts shall be entrusted with the tasks referred to in Article 1 (4) to Article 1 (6). Each country of the Special Union shall be represented on the Committee of Experts, which shall be organized according to rules of procedure adopted by a simple majority of the countries represented.

(2) The Committee of Experts shall adopt the alphabetical list and explanatory notes by a simple majority of the votes of the countries of the Special Union.

(3) Proposals for amendments or additions to the international classification may be made by the Office of any country of the Special Union or by the International Bureau. Any proposal emanating from an Office shall be communicated by that Office to the International Bureau. Proposals from Offices and from the International Bureau shall be transmitted by the latter to the members of the Committee of Experts

(4) Ákvarðanir sérfræðinganefndarinnar varðandi samþykkt á breytingum og viðbótum á alþjóðlegu flokkuninni þurfa einfaldan meirihluta ríkja sambandsins. Ákvarðanir sem hafa í för með sér nýjan flokk eða flutning vöru milli flokka þurfa hins vegar einróma samþykki.

08 Markers, marks and shackles
09 Hitching posts
99 Miscellaneous

Flokkur 31
Vélar og tæki til matseldar eða drykkjargerðar sem ekki tilheyra öðrum flokkum

00 Vélar og tæki til matseldar eða drykkjargerðar sem ekki tilheyra öðrum flokkum

Flokkur 99
Ýmislegt

00 Ýmislegt

Class 31
Machines and Applicances for Preparing Food or Drink, Not Elsewhere Specified

00 Machines and applicances for preparing food or drink, not elsewhere specified

Class 99
Miscellaneous

00 Miscellaneous

STJÓRNARTÍÐINDI C 3 – 1995

10. maí 1995 169 Nr. 11

AUGLÝSING

um samning um líffræðilega fjölbreytni.

Hinn 12. september 1994 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiró 5. júní 1992. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 12. júní 1992 með fyrirvara um fullgildingu. Hann öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. desember 1994. Alþingi hafði með ályktun 6. maí 1994 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

SAMNINGUR
um líffræðilega fjölbreytni.

Inngangsorð.

Samningsaðilar,

sem gera sér ljóst gildi líffræðilegrar fjölbreytni í sjálfu sér sem og vistfræðilegt, erfðafræðilegt, félagslegt, efnahagslegt, vísindalegt, mennta- og menningarlegt, útivistar- og fagurfræðilegt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og efnisþátta hennar,

sem gera sér einnig ljóst mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni fyrir þróun og viðhald kerfa í lífhvolfinu sem bera uppi líf,

sem staðfesta að vernd líffræðilegrar fjölbreytni sé sameiginlegt verkefni mannkyns,

sem staðfesta að ríki hafa fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum,

sem staðfesta einnig að ríki bera ábyrgð á að vernda líffræðilega fjölbreytni sína og að nýta líffræðilegar auðlindir sínar á sjálfbæran hátt,

sem hafa áhyggjur af því að verulega dregur úr líffræðilegri fjölbreytni vegna vissra mannlegra athafna,

CONVENTION
on Biological Diversity

Preamble

The Contracting Parties,

Conscious of the intrinsic value of biological diversity and of the ecological, genetic, social, economic, scientific, educational, cultural, recreational and aesthetic values of biological diversity and its components,

Conscious also of the importance of biological diversity for evolution and for maintaining life sustaining systems of the biosphere,

Affirming that the conservation of biological diversity is a common concern of humankind,

Reaffirming that States have sovereign rights over their own biological resources,

Reaffirming also that States are responsible for conserving their biological diversity and for using their biological resources in a sustainable manner,

Concerned that biological diversity is being significantly reduced by certain human activities,

sem gera sér grein fyrir almennum skorti á upplýsingum og þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni og knýjandi þörf á að þróa vísindalega, tæknilega og stjórnsýslulega getu til að veita grundvallarskilning til að skipuleggja viðeigandi aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd,

sem veita því athygli að afar mikilvægt er að sjá fyrir, koma í veg fyrir og ráðast gegn orsökum umtalsverðrar rýrnunar eða tjóns á líffræðilegri fjölbreytni við upptök þeirra,

sem veita því einnig athygli að þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forða eða draga úr þeirri hættu eins og unnt er,

sem veita því enn fremur athygli að grundvallarskilyrðið fyrir að vernda líffræðilega fjölbreytni er vernd vistkerfa og náttúrulegra búsvæða á upprunalegum stað og viðhald og endurheimt lífvænlegra stofna tegunda í náttúrulegu umhverfi þeirra,

sem veita því enn fremur athygli að aðgerðir utan upprunalegs staðar, helst í upprunalandinu, gegna einnig mikilvægu hlutverki,

sem viðurkenna að mörg rótgróin og staðbundin samfélög með hefðbundinn lífsmáta eru samkvæmt venju mjög háð líffræðilegum auðlindum og að æskilegt sé að skipt sé réttlátlega þeim hagnaði sem hlýst af notkun hefðbundinnar þekkingar, nýjunga og venja er varða vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra notkun á efnisþáttum hennar,

sem viðurkenna einnig hið mikilvæga hlutverk sem konur gegna við vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni og staðfesta að þörf sé á fullri þátttöku kvenna á öllum stigum stefnumörkunar og framkvæmdar fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni,

sem leggja áherslu á mikilvægi og þörf þess að efla alþjóðlega, svæðisbundna og hnattræna samvinnu milli ríkja og milliríkjastofnana og einkageirans til að vernda líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra notkun á efnisþáttum hennar,

sem viðurkenna að búast megi við að öflun nýs og aukins fjármagns og hæfilegur aðgangur að viðeigandi tækni muni skipta verulegu máli hvað varðar getu heimsins til að takast á við tjónið á líffræðilegri fjölbreytni,

sem viðurkenna enn fremur að sérstakra ráðstafana er þörf til að mæta þörfum þróunarlanda,

Aware of the general lack of information and knowledge regarding biological diversity and of the urgent need to develop scientific, technical and institutional capacities to provide the basic understanding upon which to plan and implement appropriate measures,

Noting that it is vital to anticipate, prevent and attack the causes of significant reduction or loss of biological diversity at source,

Noting also that where there is a threat of significant reduction or loss of biological diversity, lack of full scientific certainty should not be used as a reason for postponing measures to avoid or minimize such a threat,

Noting further that the fundamental requirement for the conservation of biological diversity is the in-situ conservation of ecosystems and natural habitats and the maintenance and recovery of viable populations of species in their natural surroundings,

Noting further that ex-situ measures, preferably in the country of origin, also have an important role to play,

Recognizing the close and traditional dependence of many indigenous and local communities embodying traditional lifestyles on biological resources, and the desirability of sharing equitably benefits arising from the use of traditional knowledge, innovations and practices relevant to the conservation of biological diversity and the sustainable use of its components,

Recognizing also the vital role that women play in the conservation and sustainable use of biological diversity and affirming the need for the full participation of women at all levels of policy-making and implementation for biological diversity conservation,

Stressing the importance of, and the need to promote, international, regional and global cooperation among States and intergovernmental organizations and the non-governmental sector for the conservation of biological diversity and the sustainable use of its components,

Acknowledging that the provision of new and additional financial resources and appropriate access to relevant technologies can be expected to make a substantial difference in the world's ability to address the loss of biological diversity,

Acknowledging further that special provision is required to meet the needs of developing

þar með talin öflun nýs, aukins fjármagns og hæfilegur aðgangur að viðeigandi tækni,

sem veita athygli í þessu tilliti hinum sérstöku aðstæðum hinna minnst þróuðu landa og smárra eyríkja,

sem viðurkenna að verulegrar fjárfestingar er þörf til að vernda líffræðilega fjölbreytni og að búast má við margs konar hagnaði á sviði umhverfismála og félags- og efnahagsmála vegna þessarar fjárfestingar,

sem viðurkenna að efnahagsleg og félagsleg þróun og útrýming fátæktar hafa algjöran forgang í þróunarlöndum,

sem gera sér grein fyrir að vernd og sjálfbær notkun líffræðilegrar fjölbreytni skiptir gífurlegu máli í tengslum við að mæta fæðu-, heilsufars- og öðrum þörfum vaxandi fjölda fólks í heiminum, í þeim tilgangi er mikilvægt að hafa aðgang að og deila bæði erfðaauðlindum og tækni,

sem veita því athygli að þegar allt kemur til alls mun vernd og sjálfbær notkun líffræðilegrar fjölbreytni efla vinsamleg samskipti meðal ríkja og stuðla að friði meðal mannkyns,

sem æskja þess að auka og fullkomna það alþjóðlega fyrirkomulag sem er fyrir hendi til verndar líffræðilegri fjölbreytni og sjálfbærri notkun á efnisþáttum hennar, og

sem eru staðráðnir í að vernda og nota á sjálfbæran hátt líffræðilega fjölbreytni til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Markmið.

Markmið samnings þessa, sem keppt skal að samkvæmt viðeigandi ákvæðum hans, eru vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbær notkun efnisþátta hennar og sanngjörn og réttlát skipting þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda, þ.m.t. hæfilegur aðgangur að erfðaauðlindum og miðlun viðeigandi tækni, að teknu tilliti til réttar yfir þessum auðlindum og til tækni, og hæfileg fjármögnun.

2. gr.
Notkun hugtaka.

Í samningi þessum:

Merkir „líffræðileg fjölbreytni" breytileika meðal lífvera frá öllum uppsprettum, þar með talin meðal annars vistkerfi á landi, í sjó og vötnum og þau vistfræðilegu kerfi sem þær eru

countries, including the provision of new and additional financial resources and appropriate access to relevant technologies,

Noting in this regard the special conditions of the least developed countries and small island States,

Acknowledging that substantial investments are required to conserve biological diversity and that there is the expectation of a broad range of environmental, economic and social benefits from those investments,

Recognizing that economic and social development and poverty eradication are the first and overriding priorities of developing countries,

Aware that conservation and sustainable use of biological diversity is of critical importance for meeting the food, health and other needs of the growing world population, for which purpose access to and sharing of both genetic resources and technologies are essential,

Noting that, ultimately, the conservation and sustainable use of biological diversity will strengthen friendly relations among States and contribute to peace for humankind,

Desiring to enhance and complement existing international arrangements for the conservation of biological diversity and sustainable use of its components, and

Determined to conserve and sustainable use biological diversity for the benefit of present and future generations,

Have agreed as follows:

Article 1
Objectives

The objectives of this Convention, to be pursued in accordance with its relevant provisions, are the conservation of biological diversity, the sustainable use of its components and the fair and equitable sharing of the benefits arising out of the utilization of genetic resources, including by appropriate access to genetic resources and by appropriate transfer of relevant technologies, taking into account all rights over those resources and to technologies, and by appropriate funding.

Article 2
Use of Terms

For the purposes of this Convention:

"Biological diversity" means the variability among living organisms from all sources including, inter alia, terrestrial, marine and other aquatic ecosystems and the ecological complex-

hluti af, þetta nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum.

Fela „líffræðilegar auðlindir“ í sér erfðaauðlindir, lífverur eða hluta af þeim, stofna eða hverja aðra lífræna efnisþætti vistkerfa með raunverulega eða mögulega notkun eða gildi fyrir mannkynið.

Merkir „líftækni“ hvers konar tæknilega beitingu þar sem notuð eru líffræðileg kerfi, lifandi lífverur eða úrefni þeirra til að búa til eða breyta framleiðsluvörum eða ferlum til sérstakra nota.

Merkir „upprunaland erfðaauðlinda“ það land þar sem þessar erfðaauðlindir eru við upprunalegar aðstæður.

Merkir „land sem leggur til erfðaauðlindir“ það land sem lætur í té erfðaauðlindir sem safnað hefur verið úr upprunalegum uppsprettum, þar með taldir stofnar úr bæði villtum og tömdum tegundum, eða sem safnað hefur verið úr uppsprettum utan upprunalegs umhverfis, hvort sem þær eru upprunnar í þessu landi eða ekki.

Merkir „tamdar eða ræktaðar tegundir“ tegundir þar sem þróunarferlið hefur orðið fyrir áhrifum manna til að mæta þörfum þeirra.

Merkir „vistkerfi“ lifandi kerfi jurta-, dýra- og örverusamfélaga og lífvana umhverfis þeirra sem verka hvert á annað í starfrænni einingu.

Merkir „vernd utan upprunalegs umhverfis“ vernd efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni utan náttúrulegs búsvæðis þeirra.

Merkir „erfðaefni“ hvers konar efni sem rekja má til jurta, dýra, örvera eða annars uppruna er hefur að geyma virkar erfðaeiningar.

Merkir „erfðaauðlindir“ erfðaefni sem hefur raunverulegt eða mögulegt gildi.

Merkir „búsvæði“ svæði eða gerð svæðis þar sem lífverur eða stofn er að finna af náttúrulegum ástæðum.

Merkir „skilyrði upprunalegs umhverfis“ skilyrði þar sem erfðaauðlindir eru til innan vistkerfa og náttúrulegra búsvæða og, þegar um er að ræða tamdar eða ræktaðar tegundir, í umhverfi þar sem sérstakir eiginleikar þeirra hafa þróast.

Merkir „vernd upprunalegs umhverfis“ vernd vistkerfa og náttúrulegra búsvæða og viðhald og endurheimt lífvænlegra tegundastofna í náttúrulegu umhverfi þeirra og, þegar um er að ræða tamdar eða ræktaðar tegundir, í umhverfi þar sem sérstakir eiginleikar þeirra hafa þróast.

es of which they are part; this includes diversity within species, between species and of ecosystems.

"Biological resources" includes genetic resources, organisms or parts thereof, populations, or any other biotic component of ecosystems with actual or potential use or value for humanity.

"Biotechnology" means any technological application that uses biological systems, living organisms, or derivatives thereof, to make or modify products or processes for specific use.

"Country of origin of genetic resources" means the country which possesses those genetic resources in in-situ conditions.

"Country providing genetic resources" means the country supplying genetic resources collected from in-situ sources, including populations of both wild and domesticated species, or taken from ex-situ sources, which may or may not have originated in that country.

"Domesticated or cultivated species" means species in which the evolutionary process has been influenced by humans to meet their needs.

"Ecosystem" means a dynamic complex of plant, animal and micro-organism communities and their non-living environment interacting as a functional unit.

"Ex-situ conservation" means the conservation of components of biological diversity outside their natural habitats.

"Genetic material" means any material of plant, animal, microbial or other origin containing functional units of heredity.

"Genetic resources" means genetic material of actual or potential value.

"Habitat" means the place or type of site where an organism or population naturally occurs.

"In-situ conditions" means conditions where genetic resources exist within ecosystems and natural habitats, and, in the case of domesticated or cultivated species, in the surroundings where they have developed their distinctive properties.

"In-situ conservation" means the conservation of ecosystems and natural habitats and the maintenance and recovery of viable populations of species in their natural surroundings and, in the case of domesticated or cultivated species, in the surroundings where they have developed their distinctive properties.

Merkir „verndað svæði“ landfræðilega skilgreint svæði sem er frátekið eða stjórnað og stýrt til að ná sérstökum verndarmarkmiðum.

Merkir „svæðisstofnun um efnahagslega samvinnu“ stofnun sem sett er á fót af fullvalda ríkjum innan tiltekins svæðis og sem aðildarríkin hafa veitt vald varðandi mál sem samningur þessi nær til og sem hefur fengið fulla heimild í samræmi við innri starfsreglur hennar til að undirrita, fullgilda, staðfesta eða samþykkja samninginn eða gerast aðili að honum.

Merkir „sjálfbær notkun“ notkun efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni á þann hátt og í þeim mæli sem ekki leiðir til langvarandi hnignunar á líffræðilegri fjölbreytni þannig að haldið sé möguleikum til að fullnægja þörfum og væntingum núverandi og komandi kynslóða.

Nær „tækni“ til líftækni.

3. gr.
Grundvallarregla.

Samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og reglum þjóðaréttar hafa ríki fullveldisrétt til að nýta eigin auðlindir í samræmi við umhverfisstefnu sína sem og þá ábyrgð að sjá til þess að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir þeirra stjórn valdi ekki skaða á umhverfi annarra ríkja eða svæða utan innlendrar lögsögu.

4. gr.
Lögsögulegt svið.

Með fyrirvara um réttindi annarra ríkja og nema þegar skýrt er kveðið á um annað í samningi þessum gilda ákvæði þessa samnings varðandi sérhvern samningsaðila:

a. þegar um er að ræða efnisþætti líffræðilegrar fjölbreytni, á svæðum innan lögsögu hans, og

b. þegar um er að ræða ferli og starfsemi, án tillits til þess hvar áhrif þeirra eiga sér stað, sem framkvæmd eru undir lögsögu hans eða stjórn, á svæði innan lögsögu hans eða utan innlendrar lögsögu.

5. gr.
Samvinna.

Sérhver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á, hafa samvinnu við aðra samningsaðila beint eða, þar sem við á, á vettvangi bærra alþjóðlegra stofnana, um svæði utan inn-

"Protected area" means a geographically defined area which is designated or regulated and managed to achieve specific conservation objectives.

"Regional economic integration organization" means an organization constituted by sovereign States of a given region, to which its member States have transferred competence in respect of matters governed by this Convention and which has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to it.

"Sustainable use" means the use of components of biological diversity in a way and at a rate that does not lead to the long-term decline of biological diversity, thereby maintaining its potential to meet the needs and aspirations of present and future generations.

"Technology" includes biotechnology.

Article 3
Principle

States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction.

Article 4
Jurisdictional Scope

Subject to the rights of other States, and except as otherwise expressly provided in this Convention, the provisions of this Convention apply, in relation to each Contracting Party:

(a) In the case of components of biological diversity, in areas within the limits of its national jurisdiction; and

(b) In the case of processes and activities, regardless of where their effects occur, carried out under its jurisdiction or control, within the area of its national jurisdiction or beyond the limits of national jurisdiction.

Article 5
Cooperation

Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate, cooperate with other Contracting Parties, directly or, where appropriate, through competent international organiza-

lendrar lögsögu og í öðrum sameiginlegum hagsmunamálum, til verndar og sjálfbærrar notkunar á líffræðilegri fjölbreytni.

6. gr.
Almennar aðgerðir til verndar og sjálfbærrar notkunar.

Sérhver samningsaðili skal í samræmi við sérstakar aðstæður sínar og getu:

a. þróa á landsvísu aðferðir, áform eða áætlanir til að vernda og nota á sjálfbæran hátt líffræðilega fjölbreytni eða aðlaga í þeim tilgangi þær aðferðir, áform og áætlanir sem fyrir eru og skulu þær meðal annars endurspegla þær aðgerðir sem settar eru fram í samningi þessum er varða hlutaðeigandi samningsaðila, og

b. samlaga, eftir því sem unnt er og við á, þróun áforma, áætlana og stefnumála, er varða hina ýmsu geira þjóðfélagsins, vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

7. gr.
Greining og vöktun.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á, sérstaklega vegna 8. - 10. gr.

a. greina efnisþætti líffræðilegrar fjölbreytni sem mikilvægir eru fyrir vernd hennar og sjálfbæra notkun og að teknu tilliti til vísbendandi skráar yfir flokka samkvæmt I. viðauka,

b. vakta með sýnatöku og annarri tækni efnisþætti líffræðilegrar fjölbreytni sem greindir hafa verið í samræmi við a-lið hér að framan með sérstöku tilliti til þeirra efnisþátta sem þarfnast brýnna verndaraðgerða sem og þeirra sem hafa mesta möguleika á sjálfbærri notkun,

c. greina ferli og þá flokka starfsemi sem hafa, eða eru líklegir til að hafa, veruleg skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni og vakta áhrif þeirra með sýnatöku og annarri tækni, og

d. viðhalda og skipuleggja með hvers konar búnaði gögn sem fengist hafa með greiningar- og vöktunarstarfsemi í samræmi við a-, b- og c-lið hér að framan.

8. gr.
Vernd upprunalegs umhverfis.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á:

a. koma á kerfi verndaðra svæða eða svæða þar sem gera þarf sérstakar ráðstafanir til að vernda líffræðilega fjölbreytni,

tions, in respect of areas beyond national jurisdiction and on other matters of mutual interest, for the conservation and sustainable use of biological diversity.

Article 6
General Measures for Conservation and Sustainable Use

Each Contracting Party shall, in accordance with its particular conditions and capabilities:

(a) Develop national strategies, plans or programmes for the conservation and sustainable use of biological diversity or adapt for this purpose existing strategies, plans or programmes which shall reflect, inter alia, the measures set out in this Convention relevant to the Contracting Party concerned; and

(b) Integrate, as far as possible and as appropriate, the conservation and sustainable use of biological diversity into relevant sectoral or cross-sectoral plans, programmes and policies.

Article 7
Identification and Monitoring

Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate, in particular for the purposes of Articles 8 to 10:

(a) Identify components of biological diversity important for its conservation and sustainable use having regard to the indicative list of categories set down in Annex I;

(b) Monitor, through sampling and other techniques, the components of biological diversity identified pursuant to subparagraph (a) above, paying particular attention to those requiring urgent conservation measures and those which offer the greatest potential for sustainable use;

(c) Identify processes and categories of activities which have or are likely to have significant adverse impacts on the conservation and sustainable use of biological diversity, and monitor their effects through sampling and other techniques; and

(d) Maintain and organize, by any mechanism data, derived from identification and monitoring activities pursuant to subparagraphs (a), (b) and (c) above.

Article 8.
In-situ Conservation

Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate:

(a) Establish a system of protected areas or areas where special measures need to be taken to conserve biological diversity;

b. þróa, þar sem nauðsynlegt er, leiðbeiningarreglur um val, stofnun og stjórnun verndaðra svæða eða svæða þar sem gera þarf sérstakar ráðstafanir til að vernda líffræðilega fjölbreytni,

c. stýra eða stjórna líffræðilegum auðlindum sem mikilvægar eru fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni hvort sem er innan eða utan verndaðra svæða í þeim tilgangi að tryggja vernd þeirra og sjálfbæra notkun,

d. stuðla að vernd vistkerfa, náttúrulegra búsvæða og viðhaldi lífvænlegra tegundastofna í náttúrulegu umhverfi,

e. stuðla að umhverfisvænni og sjálfbærri þróun á svæðum sem liggja að vernduðum svæðum í þeim tilgangi að styrkja vernd þessara svæða,

f. endurbyggja og lagfæra spillt vistkerfi og stuðla að því að tegundir sem í hættu eru nái sér aftur á strik, meðal annars með þróun og framkvæmd áætlana eða annarra stjórnunaraðferða,

g. koma á eða viðhalda aðferðum til að stýra, stjórna eða hafa eftirlit með þeirri áhættu sem tengist því að nota og sleppa lifandi erfðabreyttum lífverum sem eru líklegar til að hafa skaðleg áhrif á umhverfið sem gætu haft áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Um leið skal gefa gaum að áhættunni fyrir heilsu manna,

h. koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær,

i. leitast við að skapa þau skilyrði sem þörf er á til að farið geti saman núverandi notkun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær notkun efnisþátta hennar,

j. með fyrirvara um löggjöf sína, virða, varðveita og viðhalda þekkingu, nýjungum og venjum rótgróinna og staðbundinna samfélaga með hefðbundinn lífsmáta sem skiptir máli fyrir vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni og stuðla að því að þeim sé beitt víðar með samþykki og þátttöku þeirra sem hafa slíka þekkingu, nýjungar og venjur og hvetja til réttlátrar skiptingar á þeim hagsbótum sem nást með nýtingu slíkrar þekkingar, nýjunga og venja,

k. móta eða viðhalda nauðsynlegri löggjöf og/eða öðrum stjórnunarákvæðum til verndar tegundum og stofnum sem eru í hættu,

(b) Develop, where necessary, guidelines for the selection, establishment and management of protected areas or areas where special measures need to be taken to conserve biological diversity;

(c) Regulate or manage biological resources important for the conservation of biological diversity whether within or outside protected areas, with a view to ensuring their conservation and sustainable use;

(d) Promote the protection of ecosystems, natural habitats and the maintenance of viable populations of species in natural surroundings;

(e) Promote environmentally sound and sustainable development in areas adjacent to protected areas with a view to furthering protection of these areas;

(f) Rehabilitate and restore degraded ecosystems and promote the recovery of threatened species, inter alia, through the development and implementation of plans or other management strategies;

(g) Establish or maintain means to regulate, manage or control the risks associated with the use and release of living modified organisms resulting from biotechnology which are likely to have adverse environmental impacts that could affect the conservation and sustainable use of biological diversity, taking also into account the risks to human health;

(h) Prevent the introduction of, control or eradicate those alien species which threaten ecosystems, habitats or species;

(i) Endeavour to provide the conditions needed for compatibility between present uses and the conservation of biological diversity and the sustainable use of its components;

(j) Subject to its national legislation, respect, preserve and maintain knowledge, innovations and practices of indigenous and local communities embodying traditional lifestyles relevant for the conservation and sustainable use of biological diversity and promote their wider application with the approval and involvement of the holders of such knowledge, innovations and practices and encourage the equitable sharing of the benefits arising from the utilization of such knowledge, innovations and practices;

(k) Develop or maintain necessary legislation and/or other regulatory provisions for the protection of threatened species and populations;

l. stýra eða stjórna viðeigandi ferlum og mismunandi starfsemi þar sem veruleg, skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni hafa verið greind í samræmi við 7. gr., og

m. vinna saman að öflun fjárhagslegs og annars stuðnings fyrir vernd í upprunalegu umhverfi, sem lýst er í a- til l-lið hér að framan, einkum við þróunarlönd.

9. gr.

Vernd utan upprunalegs umhverfis.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á, og sérstaklega í þeim tilgangi að ljúka við ráðstafanir í upprunalegu umhverfi:

a. samþykkja ráðstafanir utan upprunalegs umhverfis fyrir vernd efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni, helst í upprunalandi slíkra efnisþátta,

b. koma á og viðhalda aðstöðu fyrir vernd utan upprunalegs umhverfis og rannsóknir á plöntum, dýrum og örverum, helst í upprunalandi erfðaauðlinda,

c. samþykkja aðgerðir til að tegundir sem eru í hættu styrkist og nái sér aftur á strik og flytja þær aftur á náttúruleg búsvæði þeirra við viðeigandi skilyrði,

d. stýra og stjórna söfnun líffræðilegra auðlinda frá náttúrulegum búsvæðum vegna verndar utan upprunalegs umhverfis til þess að ógna ekki vistkerfum og tegundastofnum í upprunalegu umhverfi nema þar sem sérstakra bráðabirgðaaðgerða utan upprunalegs umhverfis er þörf skv. c-lið hér að framan, og

e. vinna saman að öflun fjárhagslegs og annars stuðnings fyrir vernd utan upprunalegs umhverfis sem lýst er í a- til d-lið hér að framan og að stofnun og viðhaldi aðstöðu til verndar utan upprunalegs umhverfis í þróunarlöndunum.

10. gr.

Sjálfbær notkun efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á:

a. samlaga athugun á vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegra auðlinda innlendri ákvarðanatöku,

b. samþykkja ráðstafanir varðandi notkun líffræðilegra auðlinda til að forðast eða draga sem mest úr skaðlegum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni,

c. vernda og ýta undir venjulega notkun líffræðilegra auðlinda í samræmi við hefðbundnar siðvenjur sem eru samrýmanlegar þörfum verndar eða sjálfbærrar notkunar,

(l) Where a significant adverse effect on biological diversity has been determined pursuant to Article 7, regulate or manage the relevant processes and categories of activities; and

(m) Cooperate in providing financial and other support for in-situ conservation outlined in subparagraphs (a) to (l) above, particularly to developing countries.

Article 9

Ex-situ Conservation

Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate, and predominantly for the purpose of complementing in-situ measures:

(a) Adopt measures for the ex-situ conservation of components of biological diversity, preferably in the country of origin of such components;

(b) Establish and maintain facilities for ex-situ conservation of and research on plants, animals and micro- organisms, preferably in the country of origin of genetic resources;

(c) Adopt measures for the recovery and rehabilitation of threatened species and for their reintroduction into their natural habitats under appropriate conditions;

(d) Regulate and manage collection of biological resources from natural habitats for ex-situ conservation purposes so as not to threaten ecosystems and in-situ populations of species, except where special temporary ex-situ measures are required under subparagraph (c) above; and

(e) Cooperate in providing financial and other support for ex-situ conservation outlined in subparagraphs (a) to (d) above and in the establishment and maintenance of ex- situ conservation facilities in developing countries.

Article 10

Sustainable Use of Components of Biological Diversity

Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate:

(a) Integrate consideration of the conservation and sustainable use of biological resources into national decision-making;

(b) Adopt measures relating to the use of biological resources to avoid or minimize adverse impacts on biological diversity;

(c) Protect and encourage customary use of biological resources in accordance with traditional cultural practices that are compatible with conservation or sustainable use requirements;

d. styðja staðbundna hópa við að þróa og hrinda í framkvæmd umbótaaðgerðum á hnignunarsvæðum þar sem dregið hefur úr líffræðilegri fjölbreytni, og

e. hvetja til samvinnu milli stjórnvalda og einkageirans í þróun aðferða við sjálfbæra notkun líffræðilegra auðlinda.

(d) Support local populations to develop and implement remedial action in degraded areas where biological diversity has been reduced; and

(e) Encourage cooperation between its governmental authorities and its private sector in developing methods for sustainable use of biological resources.

11. gr.
Hvetjandi ráðstafanir.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á, samþykkja efnahagslega og félagslega skynsamlegar ráðstafanir sem hvetja til verndar og sjálfbærrar notkunar á efnisþáttum líffræðilegrar fjölbreytni.

Article 11
Incentive Measures

Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate, adopt economically and socially sound measures that act as incentives for the conservation and sustainable use of components of biological diversity.

12. gr.
Rannsóknir og þjálfun.

Hver samningsaðili skal, að teknu tilliti til sérstakra þarfa þróunarlanda:

a. koma á og viðhalda áætlunum um vísindalega og tæknilega menntun og þjálfun í aðgerðum til greiningar, verndar og sjálfbærrar notkunar líffræðilegrar fjölbreytni og efnisþátta hennar og sjá um að styðja slíka menntun og þjálfun vegna sérstakra þarfa þróunarlanda,

b. efla og ýta undir rannsóknir sem stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni, einkum í þróunarlöndum, meðal annars í samræmi við þær ákvarðanir þings aðila sem teknar voru vegna ályktana undirnefndarinnar um vísindalega, tæknilega og tæknifræðilega ráðgjöf, og

c. efla og hafa samvinnu, í samræmi við ákvæði 16., 18. og 20. gr., um að nýta vísindalegar framfarir í rannsóknum á líffræðilegri fjölbreytni við að þróa aðferðir við vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegra auðlinda.

Article 12
Research and Training

The Contracting Parties, taking into account the special needs of developing countries, shall:

(a) Establish and maintain programmes for scientific and technical education and training in measures for the identification, conservation and sustainable use of biological diversity and its components and provide support for such education and training for the specific needs of developing countries;

(b) Promote and encourage research which contributes to the conservation and sustainable use of biological diversity, particularly in developing countries, inter alia, in accordance with decisions of the Conference of the Parties taken in consequence of recommendations of the Subsidiary Body on Scientific, Technical and Technological Advice; and

(c) In keeping with the provisions of Articles 16, 18 and 20, promote and cooperate in the use of scientific advances in biological diversity research in developing methods for conservation and sustainable use of biological resources.

13. gr.
Menntun og fræðsla almennings.

Samningsaðilar skulu:

a. efla og ýta undir skilning á mikilvægi þess að vernda líffræðilega fjölbreytni og grípa til aðgerða í þá átt og auglýsa í fjölmiðlum og enn fremur fella þessi umræðuefni inn í fræðsluáætlanir, og

b. hafa samvinnu, eftir því sem við á, við önnur ríki og alþjóðastofnanir um að þróa áætlanir til að fræða og vekja vitund almennings

Article 13
Public Education and Awareness

The Contracting Parties shall:

(a) Promote and encourage understanding of the importance of, and the measures required for, the conservation of biological diversity, as well as its propagation through media, and the inclusion of these topics in educational programmes; and

(b) Cooperate, as appropriate, with other States and international organizations in developing educational and public awareness pro-

varðandi vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

14. gr.
Mat á áhrifum og minnkun skaðlegra áhrifa eins og unnt er.

1. Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á:

a. koma á viðeigandi starfsaðferðum sem krefjast mats á umhverfisáhrifum áætlaðra framkvæmda hans sem líklegar eru til að hafa veruleg skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, í því skyni að forðast eða draga sem mest úr slíkum áhrifum og, þar sem við á, gera ráð fyrir þátttöku almennings í slíkum starfsaðferðum,

b. gera viðeigandi ráðstafanir til að sjá til þess að viðeigandi tillit verði tekið til afleiðinga áætlana og stefnumála hans á umhverfið sem líkleg eru til að hafa veruleg skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni,

c. stuðla að, á grundvelli gagnkvæmni, tilkynningum, upplýsingaskiptum og samráði um starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir þeirra stjórn sem gera má ráð fyrir að hafi veruleg skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni annarra ríkja eða svæða utan innlendrar lögsögu með því að hvetja til að gerðar verði tvíhliða, svæðisbundnar eða fjölhliða ráðstafanir, eftir því sem við á,

d. þegar um er að ræða yfirvofandi eða alvarlega hættu eða skemmdir, sem rekja má til lögsögu hans eða yfirráða, á líffræðilegri fjölbreytni innan svæðis, lögsögu annarra ríkja eða svæða utan innlendrar lögsögu, tilkynna þegar í stað þeim ríkjum, sem gætu hafa orðið fyrir búsifjum, um slíka hættu eða skemmdir og hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr slíkri hættu eða skemmdum, og

e. stuðla að ráðstöfunum innanlands fyrir neyðarsvörun við starfsemi eða atburðum, hvort sem þeir eiga sér náttúrulegar eða aðrar orsakir, sem skapa alvarlega og yfirvofandi hættu fyrir líffræðilega fjölbreytni og hvetja til alþjóðlegrar samvinnu til fyllingar slíkri innlendri viðleitni og til að koma á fót sameiginlegum neyðaráætlunum þar sem við á og samþykkt hefur verið af viðkomandi ríkjum eða svæðisstofnunum um efnhagssamvinnu.

2. Á grundvelli athugana sem gerðar verða skal þing aðila kanna ábyrgð og bætur, þar með talda lagfæringu og skaðabætur, fyrir skemmdir á líffræðilegri fjölbreytni, nema þar sem slík bótaábyrgð er algjört innanríkismál.

grammes, with respect to conservation and sustainable use of biological diversity.

Article 14
Impact Assessment and Minimizing Adverse Impacts

1. Each Contracting Party, as far as possible and as appropriate, shall:

(a) Introduce appropriate procedures requiring environmental impact assessment of its proposed projects that are likely to have significant adverse effects on biological diversity with a view to avoiding or minimizing such effects and, where appropriate, allow for public participation in such procedures;

(b) Introduce appropriate arrangements to ensure that the environmental consequences of its programmes and policies that are likely to have significant adverse impacts on biological diversity are duly taken into account;

(c) Promote, on the basis of reciprocity, notification, exchange of information and consultation on activities under their jurisdiction or control which are likely to significantly affect adversely the biological diversity of other States or areas beyond the limits of national jurisdiction, by encouraging the conclusion of bilateral, regional or multilateral arrangements, as appropriate;

(d) In the case of imminent or grave danger or damage, originating under its jurisdiction or control, to biological diversity within the area under jurisdiction of other States or in areas beyond the limits of national jurisdiction, notify immediately the potentially affected States of such danger or damage, as well as initiate action to prevent or minimize such danger or damage; and

(e) Promote national arrangements for emergency responses to activities or events, whether caused naturally or otherwise, which present a grave and imminent danger to biological diversity and encourage international cooperation to supplement such national efforts and, where appropriate and agreed by the States or regional economic integration organizations concerned, to establish joint contingency plans.

2. The Conference of the Parties shall examine, on the basis of studies to be carried out, the issue of liability and redress, including restoration and compensation, for damage to biological diversity, except where such liability is a purely internal matter.

15. gr.

Aðgangur að erfðaauðlindum.

1. Með því að viðurkenna fullveldisrétt ríkja yfir náttúruauðlindum sínum hafa ríkisstjórnir vald til að ákveða aðgang að erfðaauðlindum og er það vald háð löggjöf hvers ríkis.

2. Hver samningsaðili skal leitast við að skapa aðstæður sem auðvelda öðrum samningsaðilum aðgang að erfðaauðlindum sem þeir geta nýtt á umhverfisvænan máta, og setja ekki hömlur sem brjóta í bága við markmið samnings þessa.

3. Að því er samning þennan varðar eru þær erfðaauðlindir, sem samningsaðili lætur í té, eins og getið er í þessari grein og 16. og 19. gr., aðeins þær sem látnar eru í té af samningsaðilum sem eru upprunalönd slíkra auðlinda eða af aðilum er aflað hafa erfðaauðlindanna í samræmi við samning þennan.

4. Aðgangur sem veittur hefur verið skal vera með gagnkvæmu samþykki aðila og háður ákvæðum þessarar greinar.

5. Aðgangur að erfðaauðlindum skal háður því að samningsaðilinn sem leggur til slíkar auðlindir hafi áður tilkynnt um samþykki sitt, nema sá aðili hafi ákveðið annað.

6. Hver samningsaðili skal leitast við að móta og gera vísindalegar rannsóknir byggðar á erfðaauðlindum sem aðrir samningsaðilar hafa með fullri þátttöku þeirra samningsaðila og þegar unnt er látið þeim í té.

7. Hver samningsaðili skal eftir því sem við á gera ráðstafanir varðandi löggjöf, stjórnsýslureglur eða stefnu og í samræmi við 16. og 19. gr. og þar sem nauðsynlegt er, með því fjármálakerfi sem 20. og 21. gr. kveða á um í þeim tilgangi að skipta á sanngjarnan og réttlátan hátt niðurstöðum rannsókna og þróunar og þeim hagnaði sem stafar af verslun með og annarri nýtingu á erfðaauðlindum með samningsaðilanum sem lætur slíkar auðlindir í té. Skilmálar um slíka skiptingu skulu vera með gagnkvæmu samþykki.

16. gr.

Aðgangur að tækni og miðlun hennar.

1. Hver samningsaðili sem viðurkennir að tækni nær til líftækni og að bæði aðgangur að tækni og miðlun hennar meðal samningsaðila séu mikilvægir þættir í því að ná markmiðum samnings þessa, skuldbindur sig með fyrirvara

Article 15

Access to Genetic Resources

1. Recognizing the sovereign rights of States over their natural resources, the authority to determine access to genetic resources rests with the national governments and is subject to national legislation.

2. Each Contracting Party shall endeavour to create conditions to facilitate access to genetic resources for environmentally sound uses by other Contracting Parties and not to impose restrictions that run counter to the objectives of this Convention.

3. For the purpose of this Convention, the genetic resources being provided by a Contracting Party, as referred to in this Article and Articles 16 and 19, are only those that are provided by Contracting Parties that are countries of origin of such resources or by the Parties that have acquired the genetic resources in accordance with this Convention.

4. Access, where granted, shall be on mutually agreed terms and subject to the provisions of this Article.

5. Access to genetic resources shall be subject to prior informed consent of the Contracting Party providing such resources, unless otherwise determined by that Party.

6. Each Contracting Party shall endeavour to develop and carry out scientific research based on genetic resources provided by other Contracting Parties with the full participation of, and where possible in, such Contracting Parties.

7. Each Contracting Party shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, and in accordance with Articles 16 and 19 and, where necessary, through the financial mechanism established by Articles 20 and 21 with the aim of sharing in a fair and equitable way the results of research and development and the benefits arising from the commercial and other utilization of genetic resources with the Contracting Party providing such resources. Such sharing shall be upon mutually agreed terms.

Article 16

Access to and Transfer of Technology

1. Each Contracting Party, recognizing that technology includes biotechnology, and that both access to and transfer of technology among Contracting Parties are essential elements for the attainment of the objectives of this Convention,

um ákvæði þessarar greinar til að láta í té og/eða auðvelda aðgang fyrir og miðlun til annarra samningsaðila á tækni sem varðar vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni eða nýta erfðaauðlindir og valda ekki umtalsverðum skemmdum á umhverfinu.

2. Láta skal í té og/eða auðvelda aðgang að og miðlun tækni, sem getið er í 1. tl. hér að framan, í þágu þróunarlanda með sanngjörnum og hagstæðustu skilmálum, þar með töldum eftirgjafar- og ívilnunarskilmálum með gagnkvæmu samþykki og, þar sem nauðsyn krefur, í samræmi við það fjármálakerfi sem 20. og 21. gr. kveða á um. Þegar um er að ræða tækni sem háð er einkaleyfum og öðrum hugverkarétti skal slíkur aðgangur og miðlun látin í té samkvæmt skilmálum sem viðurkenna og eru í samræmi við nægilega og virka vernd hugverkaréttinda. Gildi þessa töluliðar skal vera í samræmi við 3., 4. og 5. tl. hér á eftir.

3. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir varðandi löggjöf, stjórnsýslureglur eða stofnun, eftir því sem við á, í þeim tilgangi að samningsaðilum, einkum þróunarlöndum, sem láta í té erfðaauðlindir sé veittur aðgangur að og miðlað tækni sem notar þessar auðlindir samkvæmt skilmálum með gagnkvæmu samþykki þar með talinni tækni sem vernduð er með einkaleyfum og öðrum hugverkaréttindum þar sem nauðsyn ber til, með ákvæðum 20. og 21. gr. og samkvæmt þjóðarétti og í samræmi við 4. og 5. tl. hér á eftir.

4. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir varðandi löggjöf, stjórnsýslureglur og stefnu eftir því sem við á í þeim tilgangi að einkageirinn auðveldi aðgang að sameiginlegri þróun og miðlun tækni sem getið er í 1. tl. hér að framan til hagsbóta fyrir bæði ríkisstofnanir og einkageirann í þróunarlöndum og skal í þessu tilliti fara eftir þeim skuldbindingum sem getið er í 1., 2. og 3. tl. hér að framan.

5. Samningsaðilar, sem viðurkenna að einkaleyfi og önnur hugverkaréttindi kunni að hafa áhrif á framkvæmd samnings þessa, skulu hafa samvinnu í þessu tilliti í samræmi við innlenda löggjöf og þjóðarétt til þess að tryggja að slík réttindi styðji en stangist ekki á við markmið samningsins.

undertakes subject to the provisions of this Article to provide and/or facilitate access for and transfer to other Contracting Parties of technologies that are relevant to the conservation and sustainable use of biological diversity or make use of genetic resources and do not cause significant damage to the environment.

2. Access to and transfer of technology referred to in paragraph 1 above to developing countries shall be provided and/or facilitated under fair and most favourable terms, including on concessional and preferential terms where mutually agreed, and, where necessary, in accordance with the financial mechanism established by Articles 20 and 21. In the case of technology subject to patents and other intellectual property rights, such access and transfer shall be provided on terms which recognize and are consistent with the adequate and effective protection of intellectual property rights. The application of this paragraph shall be consistent with paragraphs 3, 4 and 5 below.

3. Each Contracting Party shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, with the aim that Contracting Parties, in particular those that are developing countries, which provide genetic resources are provided access to and transfer of technology which makes use of those resources, on mutually agreed terms, including technology protected by patents and other intellectual property rights, where necessary, through the provisions of Articles 20 and 21 and in accordance with international law and consistent with paragraphs 4 and 5 below.

4. Each Contracting Party shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, with the aim that the private sector facilitates access to, joint development and transfer of technology referred to in paragraph 1 above for the benefit of both governmental institutions and the private sector of developing countries and in this regard shall abide by the obligations included in paragraphs 1, 2 and 3 above.

5. The Contracting Parties, recognizing that patents and other intellectual property rights may have an influence on the implementation of this Convention, shall cooperate in this regard subject to national legislation and international law in order to ensure that such rights are supportive of and do not run counter to its objectives.

17. gr.
Upplýsingaskipti.

1. Samningsaðilar skulu auðvelda upplýsingamiðlun frá öllum heimildum sem opinber aðgangur er að og varða vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni en taka tillit til sérþarfa þróunarlanda.

2. Slík upplýsingaskipti skulu ná til skipta á niðurstöðum tæknilegra, vísindalegra og hagfélagslegra rannsókna sem og upplýsingum um þjálfunar- og landmælingaáætlanir, sérþekkingu, hefðbundna þekkingu innfæddra sem slíka og í sameiningu við þá tækni sem getið er í 1. tl. 16. gr. Þau skulu einnig, þar sem mögulegt er, taka til endursendingar upplýsinga til heimalands.

18. gr.
Tæknileg og vísindaleg samvinna.

1. Samningsaðilar skulu stuðla að alþjóðlegri, tæknilegri og vísindalegri samvinnu á sviði verndar og sjálfbærrar notkunar líffræðilegrar fjölbreytni þar sem nauðsyn krefur með aðstoð viðeigandi alþjóðlegra og innlendra stofnana.

2. Hver samningsaðili skal við framkvæmd samnings þessa efla tæknilega og vísindalega samvinnu við aðra samningsaðila, sérstaklega þróunarríkin, meðal annars með þróun og framkvæmd stefnu hvers ríkis í huga. Við eflingu slíkrar samvinnu ætti að gefa sérstakan gaum að því að þróa og efla hæfileika hverrar þjóðar með þróun mannauðs og uppbyggingu stofnana.

3. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum ákveða hvernig koma eigi á fót kerfi fyrir upplýsingamiðlun til að stuðla að og auðvelda tæknilega og vísindalega samvinnu.

4. Samningsaðilar skulu, í samræmi við löggjöf og stefnu sína, ýta undir og efla aðferðir við samvinnu um þróun og notkun tækni, þar með talda hefðbundna og rótgróna tækni, við að ná markmiðum þessa samnings. Í því skyni skulu samningsaðilar einnig stuðla að samvinnu við þjálfun starfsliðs og skiptum á sérfræðingum.

5. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um gagnkvæman samning, stuðla að því að koma á fót sameiginlegum rannsóknaráætlunum og sameiginlegu framtaki um þróun tækni sem varðar markmið þessa samnings.

Article 17
Exchange of Information

1. The Contracting Parties shall facilitate the exchange of information, from all publicly available sources, relevant to the conservation and sustainable use of biological diversity, taking into account the special needs of developing countries.

2. Such exchange of information shall include exchange of results of technical, scientific and socio-economic research, as well as information on training and surveying programmes, specialized knowledge, indigenous and traditional knowledge as such and in combination with the technologies referred to in Article 16, paragraph 1. It shall also, where feasible, include repatriation of information.

Article 18
Technical and Scientific Cooperation

1. The Contracting Parties shall promote international technical and scientific cooperation in the field of conservation and sustainable use of biological diversity, where necessary, through the appropriate international and national institutions.

2. Each Contracting Party shall promote technical and scientific cooperation with other Contracting Parties, in particular developing countries, in implementing this Convention, inter alia, through the development and implementation of national policies. In promoting such cooperation, special attention should be given to the development and strengthening of national capabilities, by means of human resources development and institution building.

3. The Conference of the Parties, at its first meeting, shall determine how to establish a clearing-house mechanism to promote and facilitate technical and scientific cooperation.

4. The Contracting Parties shall, in accordance with national legislation and policies, encourage and develop methods of cooperation for the development and use of technologies, including indigenous and traditional technologies, in pursuance of the objectives of this Convention. For this purpose, the Contracting Parties shall also promote cooperation in the training of personnel and exchange of experts.

5. The Contracting Parties shall, subject to mutual agreement, promote the establishment of joint research programmes and joint ventures for the development of technologies relevant to the objectives of this Convention.

19. gr.
Meðferð líftækni og dreifing hagnaðar af henni.

1. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir varðandi löggjöf, stjórnun eða stefnu, eftir því sem við á, til að sjá fyrir virkri þátttöku þeirra samningsaðila í líftæknilegri rannsóknastarfsemi, einkum þróunarlanda sem leggja til erfðaauðlindir fyrir slíkar rannsóknir, og þar sem gerlegt er í slíkum samningsríkjum.

2. Hver samningsaðili skal gera allar mögulegar ráðstafanir til að stuðla að og efla forgangsaðgang á heiðarlegum og sanngjörnum grundvelli handa samningsaðilum, einkum þróunarlöndum, að niðurstöðum og hagnaði af líftækni byggðri á erfðaauðlindum sem þeir samningsaðilar hafa látið í té. Slíkur aðgangur skal vera samkvæmt gagnkvæmum skilmálum.

3. Aðilar skulu íhuga þörfina fyrir viðauka og gerð hans þar sem settar eru fram viðeigandi aðferðir, þar með talið sérstaklega fyrirfram upplýst samkomulag, á sviði öruggra flutninga, meðhöndlun og notkun hvers konar lifandi breyttra lífvera sem stafa af líftækni sem kann að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

4. Hver samningsaðili skal sjálfur eða með því að skylda sérhvern einstakling eða lögaðila innan lögsögu sinnar sem leggur fram þær lífverur sem vísað er til í 3. tl. hér að framan, til að láta í té allar fáanlegar upplýsingar um notkun og öryggisreglur sem krafist er af þeim samningsaðila við meðhöndlun á slíkum lífverum sem og allar tiltækar upplýsingar um möguleg skaðleg áhrif þeirra sérstöku lífvera sem um er að ræða, handa þeim samningsaðila sem flytja á þær lífverur til.

20. gr.
Fjármagn.

1. Í samræmi við getu sína skuldbindur hver samningsaðili sig til að leggja fram fjárhagslegan stuðning og hvata varðandi þá innanlandsstarfsemi sem ætlað er að ná markmiðum þessa samnings, í samræmi við áform hans, forgangsröðun og áætlanir.

2. Þróuð aðildarlönd skulu leggja fram nýtt og aukið fjármagn til að gera þróunarlöndum sem eru aðilar kleift að rísa undir öllum samþykktum viðbótarkostnaði sínum við framkvæmd aðgerða sem fullnægja skilyrðum þessa samnings og að njóta góðs af ákvæðum hans og þeim kostnaði

Article 19
andling of Biotechnology and Distribution of its Benefits

1. Each Contracting Party shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, to provide for the effective participation in biotechnological research activities by those Contracting Parties, especially developing countries, which provide the genetic resources for such research, and where feasible in such Contracting Parties.

2. Each Contracting Party shall take all practicable measures to promote and advance priority access on a fair and equitable basis by Contracting Parties, especially developing countries, to the results and benefits arising from biotechnologies based upon genetic resources provided by those Contracting Parties. Such access shall be on mutually agreed terms.

3. The Parties shall consider the need for and modalities of a protocol setting out appropriate procedures, including, in particular, advance informed agreement, in the field of the safe transfer, handling and use of any living modified organism resulting from biotechnology that may have adverse effect on the conservation and sustainable use of biological diversity.

4. Each Contracting Party shall, directly or by requiring any natural or legal person under its jurisdiction providing the organisms referred to in paragraph 3 above, provide any available information about the use and safety regulations required by that Contracting Party in handling such organisms, as well as any available information on the potential adverse impact of the specific organisms concerned to the Contracting Party into which those organisms are to be introduced.

Article 20
Financial Resources

1. Each Contracting Party undertakes to provide, in accordance with its capabilities, financial support and incentives in respect of those national activities which are intended to achieve the objectives of this Convention, in accordance with its national plans, priorities and programmes.

2. The developed country Parties shall provide new and additional financial resources to enable developing country Parties to meet the agreed full incremental costs to them of implementing measures which fulfil the obligations of this Convention and to benefit from its provisions

sem samkomulag hefur orðið um milli þróunarlands sem er aðili og stofnunar sem vísað er til í 21. gr., í samræmi við stefnu, áætlun, forgangsverkefni, hæfnisviðmiðanir og vísbendandi skrá yfir viðbótarkostnað sem þing aðila hefur komið á fót. Aðrir aðilar, þar með talin lönd sem eru að breyta yfir í markaðsbúskap, geta sjálfviljugir takast á hendur skyldur þróaðra aðildarlanda. Vegna þessarar greinar skal þing aðila á fyrsta fundi sínum semja skrá yfir þróuð aðildarlönd og aðra aðila sem sjálfviljugir takast á hendur skuldbindingar þróaðra aðildarlanda. Þing aðila skal með reglulegu millibili endurskoða og breyta skránni ef nauðsynlegt þykir. Einnig er hvatt til frjálsra framlaga frá öðrum löndum og stöðum. Við framkvæmd þessara skuldbindinga skal taka mið af þörfinni fyrir fullnægjandi og fyrirsjánlegt fjármagnsflæði með nægum fyrirvara og mikilvægi þess að aðilar á skránni, sem leggja fram sinn skerf, skipti með sér byrðinni.

3. Þróuðum aðildarlöndum er einnig heimilt að leggja fram, og þróunarlöndum sem eru aðilar að notfæra sér, fjármagn er tengist framkvæmd samnings þessa eftir tvíhliða, svæðisbundnum og öðrum fjölhliða leiðum.

4. Hversu vel þróunarlöndum sem eru aðilar tekst að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum er komið undir virkri framkvæmd þróaðra aðildarlanda á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum varðandi fjármagn og miðlun tækni og munu þau taka fullt tillit til þess að efnahagsleg og félagsleg þróun og útrýming fátæktar séu þau forgangsverkefni sem vega þyngst á metunum hjá þróunarlöndum sem eru aðilar.

5. Í aðgerðum sínum varðandi fjármögnun og miðlun tækni skulu aðilar taka fullt tillit til sérþarfa og sérstöðu hinna minnst þróuðu landa.

6. Samningsaðilar skulu einnig taka til íhugunar hin sérstöku skilyrði sem stafa af því að vera háður líffræðilegri fjölbreytni, dreifingu hennar og staðsetningu innan þróunarlanda sem eru aðilar, einkum lítilla eyríkja.

7. Einnig skal taka tillit til sérstakrar aðstöðu þróunarlanda, þar með talinna þeirra landa sem eru mjög viðkvæm frá umhverfislegu sjón-

and which costs are agreed between a developing country Party and the institutional structure referred to in Article 21, in accordance with policy, strategy, programme priorities and eligibility criteria and an indicative list of incremental costs established by the Conference of the Parties. Other Parties, including countries undergoing the process of transition to a market economy, may voluntarily assume the obligations of the developed country Parties. For the purpose of this Article, the Conference of the Parties, shall at its first meeting establish a list of developed country Parties and other Parties which voluntarily assume the obligations of the developed country Parties. The Conference of the Parties shall periodically review and if necessary amend the list. Contributions from other countries and sources on a voluntary basis would also be encouraged. The implementation of these commitments shall take into account the need for adequacy, predictability and timely flow of funds and the importance of burden-sharing among the contributing Parties included in the list.

3. The developed country Parties may also provide, and developing country Parties avail themselves of, financial resources related to the implementation of this Convention through bilateral, regional and other multilateral channels.

4. The extent to which developing country Parties will effectively implement their commitments under this Convention will depend on the effective implementation by developed country Parties of their commitments under this Convention related to financial resources and transfer of technology and will take fully into account the fact that economic and social development and eradication of poverty are the first and overriding priorities of the developing country Parties.

5. The Parties shall take full account of the specific needs and special situation of least developed countries in their actions with regard to funding and transfer of technology.

6. The Contracting Parties shall also take into consideration the special conditions resulting from the dependence on, distribution and location of, biological diversity within developing country Parties, in particular small island States.

7. Consideration shall also be given to the special situation of developing countries, including those that are most environmentally vulnerable,

armiði, til dæmis landa með gróðurlaus og hálfgróðurlaus svæði, strandsvæði og fjallahéruð.

21. gr.
Fjármálastofnun.

1. Til skal vera stofnun sem útvegar fjármagn til þróunarlanda sem eru aðilar vegna samnings þessa í formi styrkja eða tilslakana, en aðalþáttum þeirra er lýst í þessari grein. Stofnunin skal starfa undir stjórn og leiðsögn þings aðila vegna samnings þessa og bera ábyrgð gagnvart því. Starfsemi stofnunarinnar skal byggjast á þeirri stofnunargerð sem þing aðila kann að ákveða á fyrsta fundi sínum. Að því er varðar samning þennan skal þing aðila ákveða stefnu, aðferðir, forgangsáætlun og hæfnisviðmiðanir varðandi aðgang að og nýtingu á slíkum auðlindum. Framlögin skulu vera með þeim hætti að gert sé ráð fyrir þörfinni á fyrirsjáanlegu og nægilegu fjármagnsflæði sem sé til staðar á réttum tíma, sbr. 20. gr. í samræmi við það auðlindamagn sem þörf er á og þing aðila ákveður með reglulegu millibili og mikilvægi þess að jafna byrðinni á þá aðila sem veita framlög og getið er um í skránni sem vísað er til í 2. tl. 20. gr. Þróuð aðildarlönd geta einnig látið frjáls framlög af hendi rakna sem og önnur lönd og aðilar. Stofnunin skal starfa samkvæmt lýðræðislegu og gagnsæju stjórnunarkerfi.

2. Samkvæmt markmiðum samnings þessa skal þing aðila ákveða á fyrsta fundi sínum stefnu, aðferðir og forgangsáætlun sem og sundurliðaðar viðmiðanir og leiðbeiningar um aðgangsrétt að og nýtingu á fjármagni þar með talið eftirlit með og mat á föstum grundvelli á slíkri nýtingu. Þing aðila skal ákveða með hvaða fyrirkomulagi skuli hrinda í framkvæmd 1. tl. hér að framan eftir að hafa ráðgast við þá stofnunargerð sem falið er að stjórna fjármálastofnuninni.

3. Þing aðila skal kanna virkni þeirrar stofnunar sem komið er á samkvæmt grein þessari, þar með taldar þær viðmiðanir og leiðbeiningar sem vísað er til í 2. tl. hér að framan, eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessa samnings og reglulega eftir það. Á grundvelli slíkrar athugunar skal þingið gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta virkni stofnunarinnar ef þurfa þykir.

such as those with arid and semi- arid zones, coastal and mountainous areas.

Article 21
Financial Mechanism

1. There shall be a mechanism for the provision of financial resources to developing country Parties for purposes of this Convention on a grant or concessional basis the essential elements of which are described in this Article. The mechanism shall function under the authority and guidance of, and be accountable to, the Conference of the Parties for purposes of this Convention. The operations of the mechanism shall be carried out by such institutional structure as may be decided upon by the Conference of the Parties at its first meeting. For purposes of this Convention, the Conference of the Parties shall determine the policy, strategy, programme priorities and eligibility criteria relating to the access to and utilization of such resources. The contributions shall be such as to take into account the need for predictability, adequacy and timely flow of funds referred to in Article 20 in accordance with the amount of resources needed to be decided periodically by the Conference of the Parties and the importance of burden-sharing among the contributing Parties included in the list referred to in Article 20, paragraph 2. Voluntary contributions may also be made by the developed country Parties and by other countries and sources. The mechanism shall operate within a democratic and transparent system of governance.

2. Pursuant to the objectives of this Convention, the Conference of the Parties shall at its first meeting determine the policy, strategy and programme priorities, as well as detailed criteria and guidelines for eligibility for access to and utilization of the financial resources including monitoring and evaluation on a regular basis of such utilization. The Conference of the Parties shall decide on the arrangements to give effect to paragraph 1 above after consultation with the institutional structure entrusted with the operation of the financial mechanism.

3. The Conference of the Parties shall review the effectiveness of the mechanism established under this Article, including the criteria and guidelines referred to in paragraph 2 above, not less than two years after the entry into force of this Convention and thereafter on a regular basis. Based on such review, it shall take appropriate action to improve the effectiveness of the mechanism if necessary.

4. Samningsaðilar skulu skoða möguleika á að efla þær fjármálastofnanir sem fyrir eru til að útvega fjármagn fyrir vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

22. gr.
Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

1. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur neins samningsaðila sem rekja má til einhvers alþjóðlegs samnings sem til er, nema þar sem beiting slíkra réttinda eða kvaða myndi valda líffræðilegri fjölbreytni alvarlegum skaða eða ógnun.

2. Samningsaðilar skulu framkvæma samning þennan með tilliti til sjávarumhverfis í samræmi við réttindi og skyldur ríkja samkvæmt hafrétti.

23. gr.
Þing aðila.

1. Þing aðila er hér með komið á fót. Fyrsti fundur þings aðila skal boðaður af framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings. Eftir það skulu reglulegir fundir þings aðila haldnir með reglulegu millibili sem ráðstefna aðila ákveður á fyrsta fundi sínum.

2. Aukafundir þings aðila skulu haldnir á þeim tímum sem þingið kann að telja nauðsynlegt eða samkvæmt skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskildu að innan sex mánaða frá því að skrifstofan tilkynnti þeim um beiðnina sé hún studd af að minnsta kosti einum þriðja hluta aðila.

3. Þing aðila skal með einróma áliti ákveða og samþykkja starfsreglur fyrir sig og hverja þá undirnefnd sem það kann að koma á fót svo og fjármálareglur varðandi fjármögnun skrifstofunnar. Á hverjum reglulegum fundi skal það samþykkja fjárhagsáætlun fyrir fjárhagstímabilið fram að næsta reglulega fundi.

4. Þing aðila skal endurskoða framkvæmd þessa samnings og skal í þeim tilgangi:

a. ákveða hvernig og hve oft skuli senda þær upplýsingar sem leggja skal fram skv. 26. gr. og skoða slíkar upplýsingar sem og þær skýrslur sem undirnefndir leggja fram,

4. The Contracting Parties shall consider strengthening existing financial institutions to provide financial resources for the conservation and sustainable use of biological diversity.

Article 22
Relationship with Other International Conventions

1. The provisions of this Convention shall not affect the rights and obligations of any Contracting Party deriving from any existing international agreement, except where the exercise of those rights and obligations would cause a serious damage or threat to biological diversity.

2. Contracting Parties shall implement this Convention with respect to the marine environment consistently with the rights and obligations of States under the law of the sea.

Article 23
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established. The first meeting of the Conference of the Parties shall be convened by the Executive Director of the United Nations Environment Programme not later than one year after the entry into force of this Convention. Thereafter, ordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at regular intervals to be determined by the Conference at its first meeting.

2. Extraordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to them by the Secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

3. The Conference of the Parties shall by consensus agree upon and adopt rules of procedure for itself and for any subsidiary body it may establish, as well as financial rules governing the funding of the Secretariat. At each ordinary meeting, it shall adopt a budget for the financial period until the next ordinary meeting.

4. The Conference of the Parties shall keep under review the implementation of this Convention, and, for this purpose, shall:

(a) Establish the form and the intervals for transmitting the information to be submitted in accordance with Article 26 and consider such information as well as reports submitted by any subsidiary body;

b. endurskoða vísindalega, tæknilega og tæknifræðilega ráðgjöf um líffræðilega fjölbreytni sem látin er í té skv. 25. gr.,

c. fjalla um og samþykkja eftir því sem þörf er á, bókanir skv. 28. gr.,

d. fjalla um og samþykkja eftir því sem þörf er á skv. 29. og 30. gr. breytingar á samningi þessum og viðaukum við hann,

e. fjalla um breytingar við hverja bókun og hvern viðauka við hana og, ef svo er ákveðið, mæla með samþykkt þeirra við aðila að umræddri bókun,

f. fjalla um og samþykkja, eftir því sem þörf krefur, skv. 30. gr. viðbótarviðauka við samning þennan,

g. stofna þær undirnefndir, sem taldar eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd þessa samnings, einkum til að sjá fyrir vísindalegri og tæknilegri ráðgjöf,

h. hafa, fyrir tilstuðlan skrifstofunnar, samband við framkvæmdanefndir samninga er fjalla um mál sem samningur þessi nær til í því skyni að koma á viðeigandi samvinnu við þær, og

i. fjalla um og ráðast í hverjar þær viðbótaraðgerðir sem þörf kann að vera á til að ná markmiðum þessa samnings í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur við framkvæmd hans.

5. Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, sem og hverju því ríki sem ekki er aðili að samningi þessum, er heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á þingi aðila. Sérhverri annarri nefnd eða stofnun, hvort sem hún er á vegum ríkis eða óháðra félagasamtaka, sem fullhæf er á sviði umhverfisverndar og sjálfbærrar notkunar líffræðilegrar fjölbreytni og hefur tilkynnt skrifstofunni um þá ósk sína að eiga áheyrnarfulltrúa á fundi þings aðila, má veita aðgang nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila sé því mótfallinn. Aðgangur og þátttaka áheyrnarfulltrúa skal vera samkvæmt þeim starfsreglum sem þing aðila hefur samþykkt.

24. gr.
Skrifstofa.

1. Skrifstofa er hér með sett á stofn. Hlutverk hennar skal vera:

a. að undirbúa og þjónusta fundi þings aðila sem kveðið er á um í 23. gr.,

b. að inna af hendi þau störf sem henni eru falin í bókunum,

(b) Review scientific, technical and technological advice on biological diversity provided in accordance with Article 25;

(c) Consider and adopt, as required, protocols in accordance with Article 28;

(d) Consider and adopt, as required, in accordance with Articles 29 and 30, amendments to this Convention and its annexes;

(e) Consider amendments to any protocol, as well as to any annexes thereto, and, if so decided, recommend their adoption to the parties to the protocol concerned;

(f) Consider and adopt, as required, in accordance with Article 30, additional annexes to this Convention;

(g) Establish such subsidiary bodies, particularly to provide scientific and technical advice, as are deemed necessary for the implementation of this Convention;

(h) Contact, through the Secretariat, the executive bodies of conventions dealing with matters covered by this Convention with a view to establishing appropriate forms of cooperation with them; and

(i) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the purposes of this Convention in the light of experience gained in its operation.

5. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State not Party to this Convention, may be represented as observers at meetings of the Conference of the Parties. Any other body or agency, whether governmental or non-governmental, qualified in fields relating to conservation and sustainable use of biological diversity, which has informed the Secretariat of its wish to be represented as an observer at a meeting of the Conference of the Parties, may be admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

Article 24
Secretariat

1. A secretariat is hereby established. Its functions shall be:

(a) To arrange for and service meetings of the Conference of the Parties provided for in Article 23;

(b) To perform the functions assigned to it by any protocol;

c. að semja skýrslur um framkvæmd á störfum hennar samkvæmt samningi þessum og leggja þær fyrir þing aðila,

d. að gæta samræmis við störf annarra hlutaðeigandi alþjóðlegra stofnana og taka sérstaklega þátt í þeirri stjórnunar- og samningstilhögun sem þörf kann að vera á til að hún ræki störf sín á skilvirkan hátt, og

e. að leysa af hendi önnur þau störf sem þing aðila kann að ákveða.

2. Á fyrsta venjulega fundi sínum skal þing aðila útnefna skrifstofu úr hópi þeirra hæfu alþjóðlegu stofnana sem hafa lýst sig fúsar til að vinna störf skrifstofunnar samkvæmt samningi þessum.

(c) To prepare reports on the execution of its functions under this Convention and present them to the Conference of the Parties;

(d) To coordinate with other relevant international bodies and, in particular to enter into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions; and

(e) To perform such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.

2. At its first ordinary meeting, the Conference of the Parties shall designate the secretariat from amongst those existing competent international organizations which have signified their willingness to carry out the secretariat functions under this Convention.

25. gr.

Undirnefnd um vísindalega, tæknilega og tæknifræðilega ráðgjöf.

1. Undirnefnd til að annast vísindalega, tæknilega og tæknifræðilega ráðgjöf er hér með komið á fót til að láta þingi aðila í té, og eftir því sem við á öðrum undirnefndum þess, tímanlega ráðgjöf um framkvæmd þessa samnings. Nefnd þessi skal vera öllum aðilum opin til þátttöku og skal vera þverfagleg. Hún skal samanstanda af fulltrúum ríkja sem færir eru á viðkomandi sérfræðisviðum. Skal hún gefa þingi aðila skýrslur um alla þætti starfs síns með reglulegu millibili.

2. Samkvæmt heimild þings aðila og í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðila hefur ákveðið og að beiðni þess skal nefnd þessi:

a. annast vísindalegt og tæknilegt mat á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni,

b. semja vísindalegt og tæknilegt mat á áhrifum þeirra mismunandi ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum þessa samnings,

c. benda á hátækni sem er skilvirk, stuðlar að nýsköpun og er í samræmi við það sem best gerist á hverjum tíma og þekkingu á vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni og gefa ráð um leiðir til að stuðla að þróun og/eða miðlun slíkrar tækni,

d. gefa ráð um vísindalegar áætlanir og alþjóðlega samvinnu í rannsóknum og þróun varðandi vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni, og

e. svara vísindalegum, tæknilegum, tæknifræðilegum og aðferðafræðilegum spurningum sem þing aðila og undirnefndir þess kunna að leggja fyrir nefndina.

Article 25

Subsidiary Body on Scientific, Technical and Technological Advice

1. A subsidiary body for the provision of scientific, technical and technological advice is hereby established to provide the Conference of the Parties and, as appropriate, its other subsidiary bodies with timely advice relating to the implementation of this Convention. This body shall be open to participation by all Parties and shall be multidisciplinary. It shall comprise government representatives competent in the relevant field of expertise. It shall report regularly to the Conference of the Parties on all aspects of its work.

2. Under the authority of and in accordance with guidelines laid down by the Conference of the Parties, and upon its request, this body shall:

(a) Provide scientific and technical assessments of the status of biological diversity;

(b) Prepare scientific and technical assessments of the effects of types of measures taken in accordance with the provisions of this Convention;

(c) Identify innovative, efficient and state-of-the-art technologies and know-how relating to the conservation and sustainable use of biological diversity and advise on the ways and means of promoting development and/or transferring such technologies;

(d) Provide advice on scientific programmes and international cooperation in research and development related to conservation and sustainable use of biological diversity; and

(e) Respond to scientific, technical, technological and methodological questions that the Conference of the Parties and its subsidiary bodies may put to the body.

3. Þing aðila getur skilgreint nánar hlutverk, viðmiðunarskilmála, skipulag og rekstur nefndar þessarar.

26. gr.
Skýrslur.

Hver samningsaðili skal með millibili, sem þing aðila ákveður, leggja fyrir þingið skýrslur um aðgerðir sem hann hefur gripið til, til þess að framkvæma ákvæði þessa samnings og hvaða árangur hafi náðst með þeim aðgerðum til að ná fram markmiðum samningsins.

27. gr.
Lausn deilumála.

1. Rísi deila milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd þessa samnings skulu hlutaðeigandi aðilar leitast við að leysa málið með samningaviðræðum.

2. Nái viðkomandi aðilar ekki samkomulagi, geta þeir í sameiningu leitað aðstoðar eða farið fram á milligöngu þriðja aðila.

3. Þegar ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum getur ríkið eða svæðisstofnunin lýst því yfir skriflega við vörsluaðila að ef ekki finnst lausn á deilu skv. 1. eða 2. tl. hér að framan fallist ríkið eða svæðisstofnunin á aðra eða báðar eftirfarandi leiðir til skyldubundinnar lausnar á deilunni:

a. gerðardóm, í samræmi við þær reglur sem ákveðnar eru í 1. hluta II. viðauka,

b. vísun deilunnar til Alþjóðadómstólsins.

4. Hafi deiluaðilar ekki, í samræmi við 3. tl. hér að framan, samþykkt sömu eða neina málsmeðferð skal deilan lögð í sátt í samræmi við 2. hluta í II. viðauka nema aðilarnir fallist á annað.

5. Ákvæði greinar þessarar skulu gilda varðandi hverja bókun nema þegar kveðið er á um annað í viðkomandi bókun.

28. gr.
Samþykkt bókana.

1. Samningsaðilar skulu hafa samvinnu um orðalag og samþykkt bókana við samning þennan.

2. Bókanir skulu samþykktar á fundi þings aðila.

3. The functions, terms of reference, organization and operation of this body may be further elaborated by the Conference of the Parties.

Article 26
Reports

Each Contracting Party shall, at intervals to be determined by the Conference of the Parties, present to the Conference of the Parties, reports on measures which it has taken for the implementation of the provisions of this Convention and their effectiveness in meeting the objectives of this Convention.

Article 27
Settlement of Disputes

1. In the event of a dispute between Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Convention, the parties concerned shall seek solution by negotiation.

2. If the parties concerned cannot reach agreement by negotiation, they may jointly seek the good offices of, or request mediation by, a third party.

3. When ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, or at any time thereafter, a State or regional economic integration organization may declare in writing to the Depositary that for a dispute not resolved in accordance with paragraph 1 or paragraph 2 above, it accepts one or both of the following means of dispute settlement as compulsory:

(a) Arbitration in accordance with the procedure laid down in Part 1 of Annex II;

(b) Submission of the dispute to the International Court of Justice.

4. If the parties to the dispute have not, in accordance with paragraph 3 above, accepted the same or any procedure, the dispute shall be submitted to conciliation in accordance with Part 2 of Annex II unless the parties otherwise agree.

5. The provisions of this Article shall apply with respect to any protocol except as otherwise provided in the protocol concerned.

Article 28
Adoption of Protocols

1. The Contracting Parties shall cooperate in the formulation and adoption of protocols to this Convention.

2. Protocols shall be adopted at a meeting of the Conference of the Parties.

3. Texta hverrar bókunar, sem tillaga er gerð um, skal skrifstofan senda samningsaðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir slíkan fund.

29. gr.

Breyting á samningnum eða bókunum.

1. Sérhver samningsaðili getur gert tillögu um breytingar við samning þennan. Sérhver aðili að bókun getur gert tillögu um breytingar á viðkomandi bókun.

2. Breytingar á samningi þessum skulu samþykktar á fundi þings aðila. Breytingar á sérhverri bókun skulu samþykktar á fundi aðila að bókuninni sem um ræðir. Texta hverrar breytingartillögu við samning þennan eða einhverja bókun sem tillaga er um, nema kveðið sé á um annað í slíkri bókun, skal skrifstofan senda aðilum að umræddu skjali að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann fund er tillagan er borin upp til samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda þeim aðilum er undirritað hafa samning þennan breytingartillögur til upplýsingar.

3. Aðilar skulu gera sitt ítrasta til að ná samkomulagi um hverja breytingartillögu við samning þennan eða bókun með einróma samþykki. Hafi allar slíkar tilraunir reynst árangurslausar og samkomulag ekki tekist, skal breytingin, ef allt annað bregst, samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðila að umræddu skjali sem viðstaddir eru og greiða atkvæði á fundinum og skal vörsluaðili senda hana öllum aðilum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykktar.

4. Vörsluaðila skal tilkynnt skriflega um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt breytinganna. Samþykkt breytinga skv. 3. tl. skulu öðlast gildi gagnvart þeim aðilum sem hafa staðfest þær á nítugasta degi eftir að fullgildingar-, staðfestingar-, eða samþykktarskjölin eru afhent af að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum samningsaðila eða aðila að bókuninni sem um ræðir, nema kveðið kunni að vera á um annað í slíkri bókun. Eftir það skulu breytingarnar öðlast gildi gagnvart hverjum öðrum aðila á nítugasta degi frá því að sá aðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytinganna.

5. Í grein þessari merkir „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða móti.

3. The text of any proposed protocol shall be communicated to the Contracting Parties by the Secretariat at least six months before such a meeting.

Article 29

Amendment of the Convention or Protocols

1. Amendments to this Convention may be proposed by any Contracting Party. Amendments to any protocol may be proposed by any Party to that protocol.

2. Amendments to this Convention shall be adopted at a meeting of the Conference of the Parties. Amendments to any protocol shall be adopted at a meeting of the Parties to the Protocol in question. The text of any proposed amendment to this Convention or to any protocol, except as may otherwise be provided in such protocol, shall be communicated to the Parties to the instrument in question by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to this Convention for information.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention or to any protocol by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a two-third majority vote of the Parties to the instrument in question present and voting at the meeting, and shall be submitted by the Depositary to all Parties for ratification, acceptance or approval.

4. Ratification, acceptance or approval of amendments shall be notified to the Depositary in writing. Amendments adopted in accordance with paragraph 3 above shall enter into force among Parties having accepted them on the ninetieth day after the deposit of instruments of ratification, acceptance or approval by at least two thirds of the Contracting Parties to this Convention or of the Parties to the protocol concerned, except as may otherwise be provided in such protocol. Thereafter the amendments shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after that Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendments.

5. For the purposes of this Article, "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

30. gr.

Samþykkt og breyting á viðaukum.

1. Viðaukar við samning þennan eða sérhverja bókun skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins eða þeirrar bókunar eftir því sem við á og ef ekki er skýrt kveðið á um annað er tilvísun í samning þennan eða bókanir hans um leið tilvísun í sérhvern viðauka hans. Slíkir viðaukar skulu takmarkaðir við málsmeðferð og vísindaleg, tæknileg og stjórnsýsluleg málefni.

2. Sé ekki kveðið á um annað í einhverri bókun varðandi viðauka hennar skal eftirfarandi málsmeðferð gilda um tillögu, samþykkt og gildistöku viðbótarviðauka við samning þennan eða viðauka við hvaða bókun sem er:

a. viðaukar við samning þennan eða sérhverja bókun skulu lagðir til og samþykktir samkvæmt þeirri tilhögun sem kveðið er á um í 29. gr.,

b. sérhver sá aðili sem ekki getur samþykkt viðbótarviðauka við samning þennan eða viðauka við sérhverja bókun sem hann er aðili að skal tilkynna vörsluhafa það skriflega innan eins árs frá tilkynningu vörsluhafa um samþykktina. Vörsluhafi skal tafarlaust tilkynna öllum aðilum um hverja slíka tilkynningu sem borist hefur. Aðila er heimilt hvenær sem er að afturkalla fyrri yfirlýsingu um andmæli og viðaukarnir skulu því næst öðlast gildi gagnvart þeim aðila samkvæmt c-lið hér á eftir,

c. þegar liðið er eitt ár frá tilkynningu vörsluhafa um samþykktina, skal viðaukinn taka gildi gagnvart öllum aðilum að samningi þessum, eða sérhverri viðeigandi bókun, sem ekki hafa lagt fram tilkynningu í samræmi við ákvæði b-liðar hér að ofan.

3. Tillaga, samþykkt og gildistaka breytinga á viðauka við samning þennan eða sérhverja bókun skulu háðar sömu reglum og tillaga, samþykkt og gildistaka viðauka við samninginn eða viðauka við sérhverja bókun.

4. Ef viðbótarviðauki eða breyting á viðauka er tengd breytingu við samning þennan eða einhverja bókun skal viðbótarviðaukinn eða breytingin ekki öðlast gildi fyrr en breytingin við samninginn eða bókunin sem um ræðir öðlast gildi.

Article 30

Adoption and Amendment of Annexes

1. The annexes to this Convention or to any protocol shall form an integral part of the Convention or of such protocol, as the case may be, and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Convention or its protocols constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Such annexes shall be restricted to procedural, scientific, technical and administrative matters.

2. Except as may be otherwise provided in any protocol with respect to its annexes, the following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention or of annexes to any protocol:

(a) Annexes to this Convention or to any protocol shall be proposed and adopted according to the procedure laid down in Article 29;

(b) Any Party that is unable to approve an additional annex to this Convention or an annex to any protocol to which it is Party shall so notify the Depositary, in writing, within one year from the date of the communication of the adoption by the Depositary. The Depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time withdraw a previous declaration of objection and the annexes shall thereupon enter into force for that Party subject to subparagraph (c) below;

(c) On the expiry of one year from the date of the communication of the adoption by the Depositary, the annex shall enter into force for all Parties to this Convention or to any protocol concerned which have not submitted a notification in accordance with the provisions of subparagraph (b) above.

3. The proposal, adoption and entry into force of amendments to annexes to this Convention or to any protocol shall be subject to the same procedure as for the proposal, adoption and entry into force of annexes to the Convention or annexes to any protocol.

4. If an additional annex or an amendment to an annex is related to an amendment to this Convention or to any protocol, the additional annex or amendment shall not enter into force until such time as the amendment to the Convention or to the protocol concerned enters into force.

31. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Hver samningsaðili að samningi þessum eða sérhverri bókun skal hafa eitt atkvæði, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 2. tl. hér á eftir.

2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu neyta atkvæðaréttar síns í málum innan valdsviðs síns með þeim atkvæðafjölda sem nemur fjölda aðildarríkja þeirra sem eru aðilar að samningi þessum eða viðeigandi bókun. Slíkar stofnanir skulu ekki neyta atkvæðaréttar síns ef aðildarríki þeirra neyta atkvæðaréttar síns, og öfugt.

Article 31
Right to Vote

1. Except as provided for in paragraph 2 below, each Contracting Party to this Convention or to any protocol shall have one vote.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States which are Contracting Parties to this Convention or the relevant protocol. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs, and vice versa.

32. gr.
Tengsl samnings þessa og bókana við hann.

1. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu getur ekki orðið aðili að bókun nema það/hún sé eða verði um leið aðili að samningi þessum.

2. Ákvarðanir samkvæmt einhverri bókun skulu aðeins teknar af aðilum þeirrar bókunar sem um ræðir. Hver samningsaðili sem ekki hefur fullgilt, staðfest eða samþykkt bókun hefur heimild til að taka þátt í fundi aðila að þeirri bókun sem áheyrnarfulltrúi.

Article 32
Relationship between this Convention and Its Protocols

1. A State or a regional economic integration organization may not become a Party to a protocol unless it is, or becomes at the same time, a Contracting Party to this Convention.

2. Decisions under any protocol shall be taken only by the Parties to the protocol concerned. Any Contracting Party that has not ratified, accepted or approved a protocol may participate as an observer in any meeting of the parties to that protocol.

33. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Ríó de Janeiró af hálfu allra ríkja og sérhverrar svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu frá 5. júní 1992 til 14. júní 1992 og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 15. júní 1992 til 4. júní 1993.

Article 33
Signature

This Convention shall be open for signature at Rio de Janeiro by all States and any regional economic integration organization from 5 June 1992 until 14 June 1992, and at the United Nations Headquarters in New York from 15 June 1992 to 4 June 1993.

34. gr.
Fullgilding, staðfesting eða samþykkt.

1. Samningur þessi og sérhver bókun skulu háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjöl skal afhenda vörsluaðila til varðveislu.

2. Sérhver stofnun, sem lýst er í 1. tl. hér að framan og gerist aðili að samningi þessum eða einhverri bókun án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé samningsaðili, skal háð öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum eða bókuninni, eftir því sem við á. Þegar um slík samtök er að ræða, þar sem eitt eða fleiri aðildarríki

Article 34
Ratification, Acceptance or Approval

1. This Convention and any protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by States and by regional economic integration organizations. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

2. Any organization referred to in paragraph 1 above which becomes a Contracting Party to this Convention or any protocol without any of its member States being a Contracting Party shall be bound by all the obligations under the Convention or the protocol, as the case may be. In the case of such organizations, one or more

þeirra eru aðilar að samningi þessum eða viðeigandi bókun, skulu samtökin og aðildarríki þeirra ákveða ábyrgð þeirra hvers og eins á að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum eða bókuninni, eftir því sem við á. Þegar svo ber undir skulu samtökin og aðildarríkin ekki eiga rétt á að neyta samtímis réttinda samkvæmt samningnum og viðeigandi bókun.

3. Í fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjölum sínum skulu stofnanirnar sem greint er frá í 1. tl. hér að framan lýsa yfir hvert valdsvið þeirra sé varðandi málefni sem samningurinn eða viðkomandi bókun tekur til. Stofnanir þessar skulu einnig tilkynna vörsluaðila um sérhverja viðeigandi breytingu sem orðið hefur á valdsviði þeirra og máli skiptir.

35. gr.
Aðild.

1. Ríkjum og svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum og sérhverri bókun frá þeim degi þegar samningurinn eða viðkomandi bókun liggur ekki lengur frammi til undirritunar. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til varðveislu.

2. Í aðildarskjölum sínum skulu stofnanir, sem greint er frá í 1. tl. hér að framan, lýsa yfir valdsviði sínu varðandi málefni sem samningurinn eða viðkomandi bókun gildir um. Stofnanir þessar skulu einnig tilkynna vörsluaðila um sérhverja breytingu á valdsviði sínu sem máli skiptir.

3. Ákvæði 2. tl. 24. gr. skulu gilda um svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem gerast aðilar að samningi þessum eða einhverri bókun.

36. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að þrítugasta skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

2. Hver bókun skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sá fjöldi skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem ákveðinn er í bókuninni, hefur verið afhentur til vörslu.

3. Að því er varðar sérhvern samningsaðila, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að þríof whose member States is a Contracting Party to this Convention or relevant protocol, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention or protocol, as the case may be. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention or relevant protocol concurrently.

3. In their instruments of ratification, acceptance or approval, the organizations referred to in paragraph 1 above shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention or the relevant protocol. These organizations shall also inform the Depositary of any relevant modification in the extent of their competence.

Article 35
Accession

1. This Convention and any protocol shall be open for accession by States and by regional economic integration organizations from the date on which the Convention or the protocol concerned is closed for signature. The instruments of accession shall be deposited with the Depositary.

2. In their instruments of accession, the organizations referred to in paragraph 1 above shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention or the relevant protocol. These organizations shall also inform the Depositary of any relevant modification in the extent of their competence.

3. The provisions of Article 34, paragraph 2, shall apply to regional economic integration organizations which accede to this Convention or any protocol.

Article 36.
Entry Into Force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the thirtieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. Any protocol shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the number of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, specified in that protocol, has been deposited.

3. For each Contracting Party which ratifies, accepts or approves this Convention or accedes thereto after the deposit of the thirtieth instru-

tugasta skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu, skal hann öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sá samningsaðili hefur afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt til vörslu.

4. Sérhver bókun, sem ekki kveður á um annað, skal öðlast gildi að því er varðar samningsaðila, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni eftir að hún öðlast gildi skv. 2. tl. hér að framan, á nítugasta degi eftir að sá samningsaðili afhenti skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu eða á þeim degi sem samningur þessi öðlast gildi að því er varðar samningsaðila, hvor sem verður síðar.

5. Hvað 1. og 2. tl. varðar skal skjal sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu ekki teljast viðbót við þau skjöl sem aðildarríki slíkrar stofnunar hafa afhent.

37. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er heimilt að gera fyrirvara við samning þennan.

38. gr.
Uppsögn.

1. Hvenær sem er eftir að tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi öðlast gildi að því er varðar samningsaðila getur sá samningsaðili sagt honum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Slík uppsögn skal öðlast gildi er eitt ár er liðið frá því að vörsluaðili veitir henni viðtöku eða á þeim síðari degi er tilgreindur kann að vera í tilkynningu um uppsögn.

3. Sérhver samningsaðili sem segir upp aðild að samningi þessum skal einnig teljast hafa sagt upp aðild að hverri þeirri bókun sem hann er aðili að.

39. gr.
Bráðabirgðafjárhagsráðstafanir.

Að því tilskildu að fullkomin endurskipulagning hafi átt sér stað í samræmi við skilyrði 21. gr. skal Alþjóðlegi umhverfisfjármögnunarsjóðurinn á vegum Þróunarstofunar Sameinuðu þjóðanna, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans til endurbyggingar og nýbyggingar vera sú stofnun sem lýst er í 21. gr.

ment of ratification, acceptance, approval or accession, it shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such Contracting Party of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

4. Any protocol, except as otherwise provided in such protocol, shall enter into force for a Contracting Party that ratifies, accepts or approves that protocol or accedes thereto after its entry into force pursuant to paragraph 2 above, on the ninetieth day after the date on which that Contracting Party deposits its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or on the date on which this Convention enters into force for that Contracting Party, whichever shall be the later.

5. For the purposes of paragraphs 1 and 2 above, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.

Article 37
Reservations

No reservations may be made to this Convention.

Article 38
Withdrawals

1. At any time after two years from the date on which this Convention has entered into force for a Contracting Party, that Contracting Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.

2. Any such withdrawal shall take place upon expiry of one year after the date of its receipt by the Depositary, or on such later date as may be specified in the notification of the withdrawal.

3. Any Contracting Party which withdraws from this Convention shall be considered as also having withdrawn from any protocol to which it is party.

Article 39
Financial Interim Arrangements

Provided that it has been fully restructured in accordance with the requirements of Article 21, the Global Environment Facility of the United Nations Development Programme, the United Nations Environment Programme and the International Bank for Reconstruction and Development shall be the institutional structure referred

á bráðabirgðagrundvelli, á tímabilinu frá gildistöku þessa samnings til fyrsta þingfundar aðila eða þar til þing aðila ákveður hvaða stofnun verður tilnefnd skv. 21. gr.

40. gr.
Bráðabirgðafyrirkomulag skrifstofunnar.

Skrifstofan sem framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna leggur til skal til bráðabirgða vera sú skrifstofa sem lýst er í 2. tl. 24. gr. frá gildistöku samnings þessa til fyrsta þingfundar aðila.

41. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gegna hlutverki vörsluaðila samnings þessa og allra bókana.

42. gr.
Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir samning þennan.

Gjört í Ríó de Janeiró, 5. júní 1992.

to in Article 21 on an interim basis, for the period between the entry into force of this Convention and the first meeting of the Conference of the Parties or until the Conference of the Parties decides which institutional structure will be designated in accordance with Article 21.

Article 40
Secretariat Interim Arrangements

The secretariat to be provided by the Executive Director of the United Nations Environment Programme shall be the secretariat referred to in Article 24, paragraph 2, on an interim basis for the period between the entry into force of this Convention and the first meeting of the Conference of the Parties.

Article 41
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall assume the functions of Depositary of this Convention and any protocols.

Article 42
Authentic Texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary- General of the United Nations.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Done at Rio de Janeiro on this fifth day of June, one thousand nine hundred and ninety-two.

I. VIÐAUKI
Greining og vöktun.

1. Vistkerfi og búsvæði: sem hafa að geyma mikla fjölbreytni, mikinn fjölda innlendra tegunda eða tegunda í hættu, eða óbyggðir; nauðsynleg fyrir fartegundir; félagslega, efnahagslega, menningarlega eða vísindalega mikilvæg; eða sem eru dæmigerð, einstök eða tengd undirstöðuþróunarferlum eða öðrum líffræðilegum ferlum;

2. tegundir og samfélög sem eru: í hættu; villtir ættingjar taminna eða ræktaðra tegunda;

ANNEX I
Identification and monitoring

1. Ecosystems and habitats: containing high diversity, large numbers of endemic or threatened species, or wilderness; required by migratory species; of social, economic, cultural or scientific importance; or, which are representative, unique or associated with key evolutionary or other biological processes;

2. Species and communities which are: threatened; wild relatives of domesticated or cultivat-

með læknandi, landbúnaðarlegt eða annað efnahagslegt gildi; eða félagslegt, vísindalegt eða menningarlegt mikilvægi; eða mikilvægi fyrir rannsóknir á vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni, svo sem vísitegundir, og

3. skilgreind erfðamengi og gen sem hafa félagslegt, vísindalegt eða efnahagslegt mikilvægi.

ed species; of medicinal, agricultural or other economic value; or social, scientific or cultural importance; or importance for research into the conservation and sustainable use of biological diversity, such as indicator species; and

3. Described genomes and genes of social, scientific or economic importance.

II. VIÐAUKI
1. hluti. Gerðarmeðferð.

1. gr.

Kröfuaðili skal tilkynna skrifstofunni um að aðilar vísi deilumáli til gerðarmeðferðar skv. 27. gr. Tilkynningin skal greina frá ágreiningsefninu sem vísað er til gerðarmeðferðar og skal hún sérstaklega vísa í þær greinar samningsins eða bókunarinnar sem ágreiningi valda um túlkun eða framkvæmd. Komi aðilar sér ekki saman um ágreiningsefnið áður en formaður dómsins er tilnefndur skal gerðardómurinn skera úr um ágreiningsefnið. Skrifstofan skal senda öllum samningsaðilum að samningi þessum eða bókun þeirri sem um ræðir þær upplýsingar sem um ágreiningsefnið berast.

2. gr.

1. Í deilumáli milli tveggja aðila skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Hvor deiluaðili skal tilnefna gerðarmann og þeir tveir gerðarmenn sem þannig eru tilnefndir skulu koma sér saman um að tilnefna þriðja gerðarmann sem skal vera formaður dómsins. Sá síðastnefndi skal hvorki vera ríkisborgari annars hvors deiluaðilans, eiga búsetu á yfirráðasvæði annars þessara aðila, vera í þjónustu annars þeirra né hafa fjallað um málið í nokkru öðru starfi.

2. Í deilumálum milli fleiri en tveggja aðila skulu aðilar sem hafa sömu hagsmuna að gæta skipa sameiginlega einn gerðarmann með samkomulagi.

3. Í hverja lausa stöðu skal skipa eins og kveðið er á um varðandi fyrstu tilnefningu.

3. gr.

1. Hafi formaður gerðardómsins ekki verið tilnefndur innan tveggja mánaða frá útnefningu annars gerðarmannsins skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna að ósk aðila tilnefna formanninn innan annarra tveggja mánaða.

ANNEX II
Part 1. Arbitration

Article 1

The claimant party shall notify the secretariat that the parties are referring a dispute to arbitration pursuant to Article 27. The notification shall state the subject-matter of arbitration and include, in particular, the articles of the Convention or the protocol, the interpretation or application of which are at issue. If the parties do not agree on the subject matter of the dispute before the President of the tribunal is designated, the arbitral tribunal shall determine the subject matter. The secretariat shall forward the information thus received to all Contracting Parties to this Convention or to the protocol concerned.

Article 2

1. In disputes between two parties, the arbitral tribunal shall consist of three members. Each of the parties to the dispute shall appoint an arbitrator and the two arbitrators so appointed shall designate by common agreement the third arbitrator who shall be the President of the tribunal. The latter shall not be a national of one of the parties to the dispute, nor have his or her usual place of residence in the territory of one of these parties, nor be employed by any of them, nor have dealt with the case in any other capacity.

2. In disputes between more than two parties, parties in the same interest shall appoint one arbitrator jointly by agreement.

3. Any vacancy shall be filled in the manner prescribed for the initial appointment.

Article 3

1. If the President of the arbitral tribunal has not been designated within two months of the appointment of the second arbitrator, the Secretary-General of the United Nations shall, at the request of a party, designate the President within a further two-month period.

2. Tilnefni einn deiluaðila ekki gerðarmann innan tveggja mánaða frá móttöku beiðninnar er hinum aðilanum heimilt að tilkynna það aðalframkvæmdastjóranum sem skal annast tilnefninguna innan tveggja mánaða.

4. gr.

Gerðardómurinn skal kveða upp úrskurði sína samkvæmt ákvæðum samnings þessa, sérhverra viðeigandi bókana og þjóðaréttar.

5. gr.

Gerðardómurinn setur sér málsmeðferðarreglur nema deiluaðilar hafi komið sér saman um annað.

6. gr.

Að ósk annars aðilans er gerðardóminum heimilt að mæla með mikilvægum verndarráðstöfunum til bráðabirgða.

7. gr.

Deiluaðilar skulu auðvelda starf gerðardómsins og skulu, með því að beita öllum haldbærum ráðum, einkum:

a. láta honum í té öll viðeigandi skjöl, upplýsingar og aðstöðu, og

b. gera honum kleift, þegar þess er þörf, að kalla til vitni eða sérfræðinga og fá vitnisburð þeirra.

8. gr.

Aðilum og gerðarmönnum er skylt að gæta trúnaðarskyldu varðandi allar þær upplýsingar sem þeim er trúað fyrir meðan á málsmeðferðinni stendur.

9. gr.

Deiluaðilar skulu bera kostnað við gerðardóminn að jöfnu, nema dómurinn ákveði annað vegna sérstöðu málsins. Dómurinn skal halda bókhald yfir allan kostnað sinn og láta deiluaðilum í té lokauppgjör þar að lútandi.

10. gr.

Sérhverjum samningsaðila, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta í deilumálinu og sem úrslit málsins kynnu að hafa áhrif á, er heimil meðalganga í málsmeðferðinni með samþykki dómsins.

2. If one of the parties to the dispute does not appoint an arbitrator within two months of receipt of the request, the other party may inform the Secretary-General who shall make the designation within a further two-month period.

Article 4

The arbitral tribunal shall render its decisions in accordance with the provisions of this Convention, any protocols concerned, and international law.

Article 5

Unless the parties to the dispute otherwise agree, the arbitral tribunal shall determine its own rules of procedure.

Article 6

The arbitral tribunal may, at the request of one of the parties, recommend essential interim measures of protection.

Article 7

The parties to the dispute shall facilitate the work of the arbitral tribunal and, in particular, using all means at their disposal, shall:

(a) Provide it with all relevant documents, information and facilities; and

(b) Enable it, when necessary, to call witnesses or experts and receive their evidence.

Article 8

The parties and the arbitrators are under an obligation to protect the confidentiality of any information they receive in confidence during the proceedings of the arbitral tribunal.

Article 9

Unless the arbitral tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the costs of the tribunal shall be borne by the parties to the dispute in equal shares. The tribunal shall keep a record of all its costs, and shall furnish a final statement thereof to the parties.

Article 10

Any Contracting Party that has an interest of a legal nature in the subject-matter of the dispute which may be affected by the decision in the case, may intervene in the proceedings with the consent of the tribunal.

11. gr.

Dóminum er heimilt að hlýða á og úrskurða um gagnkröfur sem eiga beinar rætur að rekja til efnisatriða deilumálsins.

12. gr.

Ákvarðanir bæði um málsmeðferð og efnistök gerðardómsins skulu teknar með meirihluta atkvæða gerðarmanna hans.

13. gr.

Ef annar deiluaðilinn mætir ekki fyrir gerðardóminn eða tekur ekki til varna, er hinum aðilanum heimilt að fara þess á leit að dómurinn haldi málsmeðferðinni áfram og kveði upp úrskurð sinn. Sé aðili fjarverandi eða láti hjá líða að taka til varna skal það ekki hindra málsmeðferðina. Áður en gerðardómurinn kveður upp endanlegan úrskurð sinn verður hann að ganga úr skugga um að krafan sé byggð á staðreyndum og lögum samkvæmt.

14. gr.

Dómurinn skal kveða upp endanlegan úrskurð sinn innan fimm mánaða frá þeim degi sem hann var skipaður nema nauðsynlegt sé talið að lengja þann frest um tíma sem ekki skal vera lengri en fimm mánuðir.

15. gr.

Endanlegur úrskurður gerðardómsins skal einskorðast við ágreiningsefnið og skal fylgja rökstuðningur. Skal hann hafa að geyma nöfn gerðarmanna sem þátt hafa tekið og dagsetningu endanlegs úrskurðar. Hverjum gerðarmanni er heimilt að skila séráliti eða sératkvæði með endanlega úrskurðinum.

16. gr.

Úrskurðurinn skal vera bindandi fyrir báða deiluaðila. Ekki er hægt að áfrýja honum nema deiluaðilar hafi fyrirfram fallist á áfrýjunarmeðferð.

17. gr.

Hverju því deilumáli, sem kann að rísa milli deiluaðila vegna túlkunar eða framkvæmdar endanlegs úrskurðar, er hvorum aðila sem er heimilt að vísa til úrskurðar gerðardómsins sem kvað hann upp.

Article 11

The tribunal may hear and determine counterclaims arising directly out of the subject-matter of the dispute.

Article 12

Decisions both on procedure and substance of the arbitral tribunal shall be taken by a majority vote of its members.

Article 13

If one of the parties to the dispute does not appear before the arbitral tribunal or fails to defend its case, the other party may request the tribunal to continue the proceedings and to make its award. Absence of a party or a failure of a party to defend its case shall not constitute a bar to the proceedings. Before rendering its final decision, the arbitral tribunal must satisfy itself that the claim is well founded in fact and law.

Article 14

The tribunal shall render its final decision within five months of the date on which it is fully constituted unless it finds it necessary to extend the time-limit for a period which should not exceed five more months.

Article 15

The final decision of the arbitral tribunal shall be confined to the subject-matter of the dispute and shall state the reasons on which it is based. It shall contain the names of the members who have participated and the date of the final decision. Any member of the tribunal may attach a separate or dissenting opinion to the final decision.

Article 16

The award shall be binding on the parties to the dispute. It shall be without appeal unless the parties to the dispute have agreed in advance to an appellate procedure.

Article 17

Any controversy which may arise between the parties to the dispute as regards the interpretation or manner of implementation of the final decision may be submitted by either party for decision to the arbitral tribunal which rendered it.

2. hluti. Sátt.

1. gr.

Sáttanefnd skal stofnuð að ósk annars deiluaðilans. Í nefndinni skulu vera, nema aðilar komi sér saman um annað, fimm menn, tveir tilnefndir af hvorum aðila og formaður sem kosinn er sameiginlega af nefndarmönnunum.

2. gr.

Í deilumálum milli fleiri en tveggja aðila skulu aðilar sem hafa sömu hagsmuna að gæta tilnefna sameiginlega fulltrúa sína í nefndinni með gagnkvæmu samkomulagi. Þegar tveir eða fleiri aðilar eiga ólíkra hagsmuna að gæta eða ósamkomulag er um hvort þeir eigi sömu hagsmuna að gæta skulu þeir tilnefna fulltrúa sína hver í sínu lagi.

3. gr.

Hafi engar tilnefningar átt sér stað hjá aðilum innan tveggja mánaða frá þeim degi sem óskað var eftir að stofnuð yrði sáttanefnd skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, að beiðni þess aðila sem bar fram óskina, tilnefna formann innan annarra tveggja mánaða.

4. gr.

Hafi formaður sáttanefndar ekki verið valinn innan tveggja mánaða frá því að síðasti nefndarmaður var tilnefndur, skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ef aðili fer þess á leit, tilnefna formann innan annarra tveggja mánaða.

5. gr.

Ákvarðanir sáttanefndar skulu teknar með meirihluta atkvæða fulltrúa hennar. Skal nefndin setja sér starfsreglur, nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Hún skal gera tillögu um lausn deilumálsins sem aðilar skulu fjalla um í góðri trú.

6. gr.

Ef ágreiningur rís um valdsvið sáttanefndarinnar skal nefndin skera úr.

Part 2. Conciliation

Article 1

A conciliation commission shall be created upon the request of one of the parties to the dispute. The commission shall, unless the parties otherwise agree, be composed of five members, two appointed by each Party concerned and a President chosen jointly by those members.

Article 2

In disputes between more than two parties, parties in the same interest shall appoint their members of the commission jointly by agreement. Where two or more parties have separate interests or there is a disagreement as to whether they are of the same interest, they shall appoint their members separately.

Article 3

If any appointments by the parties are not made within two months of the date of the request to create a conciliation commission, the Secretary-General of the United Nations shall, if asked to do so by the party that made the request, make those appointments within a further two-month period.

Article 4

If a President of the conciliation commission has not been chosen within two months of the last of the members of the commission being appointed, the Secretary-General of the United Nations shall, if asked to do so by a party, designate a President within a further two-month period.

Article 5

The conciliation commission shall take its decisions by majority vote of its members. It shall, unless the parties to the dispute otherwise agree, determine its own procedure. It shall render a proposal for resolution of the dispute, which the parties shall consider in good faith.

Article 6

A disagreement as to whether the conciliation commission has competence shall be decided by the commission.

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um gáma.

Hinn 25. október 1994 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um gáma sem gerður var í Genf 2. desember 1972 ásamt breytingum frá 2. apríl 1981, 13. júní 1983 og 17. maí 1991. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 25. október 1995.

Samningurinn með téðum breytingum er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR um gáma, 1972.

Inngangur.

Samningsaðilar,

gera sér grein fyrir nauðsyn þess að gæta fyllsta öryggis við meðhöndlun, stöflun og flutning á gámum,

hafa hugfasta nauðsyn þess að auðvelda flutninga á gámum milli landa,

viðurkenna í þessu sambandi hagræði þess að setja almennar, alþjóðlegar öryggiskröfur,

álíta, að þessu markmiði verði helst náð með samningi,

hafa ákveðið að setja reglur um styrkleikakröfur, til þess að tryggja öryggi við meðhöndlun, stöflun og flutning á gámum við venjulegar aðstæður, og í því augnamiði

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Almennar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að beita ákvæðum samnings þessa og viðauka við hann sem eru óaðskiljanlegir hlutar samnings þessa.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar nema annað sé sérstaklega tekið fram:

1. „Gámur" merkir flutningstæki:

(a) sem hefur þann eiginleika að vera varanlegt og nægilega sterkbyggt til að þola margendurtekna notkun;

INTERNATIONAL CONVENTION for Safe Containers, 1972

Preamble

The Contracting Parties,

Recognizing the need to maintain a high level of safety of human life in the handling, stacking and transporting of containers,

Mindful of the need to facilitate international container transport,

Recognizing, in this context, the advantages of formalizing common international safety requirements,

Considering that this end may best be achieved by the conclusion of a convention,

Have decided to formalize structural requirements to ensure safety in the handling, stacking and transporting of containers in the course of normal operations, and to this end

Have agreed as follows:

Article I
General obligations under the present Convention

The Contracting Parties undertake to give effect to the provisions of the present Convention and the annexes hereto, which shall constitute an integral part of the present Convention.

Article II
Definitions

For the purpose of the present Convention, unless expressly provided otherwise:

1. "Container" means an article of transport equipment:

(a) of a permanent character and accordingly strong enough to be suitable for repeated use;

(b) sérhannað til flutnings á varningi með einum eða fleiri flutningsmátum, án umhleðslu varningsins;
(c) hannað þannig, að festa megi það niður og/eða meðhöndla auðveldlega, búið sérstökum festingum á hornunum í þessu skyni;
(d) af þeirri stærð, að botnflöturinn milli fjögurra neðri hornanna er annaðhvort:
(i) ekki minni en 14,00 m^2 (150 ferfet) að stærð eða
(ii) ekki minni en 7,00 m^2 (75 ferfet) að stærð, ef hann er búinn festingum á efri hornunum.

Skilgreining á gámi nær hvorki yfir ökutæki né umgerð, en þegar gámur er byggður á grind, þá telst grindin til gámsins. Gámar sem byggðir eru á burðargrind teljast þó með.
2. „Hornfesting“ merkir sérstaklega búin göt og fleti ofan á og/eða neðanundir gám til þess að meðhöndla, stafla og/eða festa hann.

3. „Stjórnvöld“ merkir ríkisstjórn samningsaðila, sem hefur vald til þess að viðurkenna gáma.
4. „Viðurkenndur“ merkir viðurkenndur af stjórnvöldum.
5. „Viðurkenning“ merkir ákvörðun stjórnvalda um að hönnunargerð gáms eða gámur sé talinn öruggur miðað við ákvæði þessa samnings.
6. „Millilandaflutningur“ merkir flutning milli brottfararstaðar og komustaðar, sem eru á yfirráðasvæði tveggja landa og að auki gildi ákvæði þessa samnings að minnsta kosti í öðru landinu. Þessi samningur á einnig við, ef hluti flutningsleiðarinnar milli tveggja landa liggur um yfirráðasvæði lands þar sem samningur þessi gildir.
7. „Farmur“ merkir allan varning af öllu tagi sem fluttur er í gámi.

8. „Nýr gámur“ merkir gám sem smíði hófst við á gildistökudegi þessa samnings eða síðar.

9. „Eldri gámur“ merkir gám sem ekki er nýr gámur.
10. „Eigandi“ merkir þann sem er eigandi samkvæmt landslögum samningsaðilans eða annaðhvort leigutaki eða vörsluaðili, enda gildi samningur milli viðkomandi aðila þess efnis að ábyrgð eiganda á viðhaldi og eftirliti með gáminum skuli fullnægt af leigutakanum eða vörsluaðilanum.

(b) specially designed to facilitate the transport of goods, by one or more modes of transport, without intermediate reloading;
(c) designed to be secured and/or readily handled, having corner fittings for these purposes;

(d) of a size such that the area enclosed by the four outer bottom corners is either:
(i) at least 14 m^2 (150 sq ft) or

(ii) at least 7 m^2 (75 sq ft) if it is fitted with top corner fittings.

The term container includes neither vehicles or packaging; however, containers when carried on chassis are included.

2. “Corner fittings” means an arrangement of apertures and faces at the top and/or bottom of a container for the purposes of handling, stacking and/or securing.
3. “Administration” means the Government of a Contracting Party under whose authority containers are approved.
4. “Approved” means approved by the Administration.
5. “Approval” means the decision by an Administration that a design type or a container is safe within the terms of the present Convention.

6. “International transport” means transport between points of departure and destination situated in the territory of two countries to at least one of which the present Convention applies. The present Convention shall also apply when part of a transport operation between two countries takes place in the territory of a country to which the present Convention applies.
7. “Cargo” means any goods, wares, merchandise and articles of every kind whatsoever carried in the containers.
8. “New container” means a container the construction of which was commenced on or after the date of entry into force of the present Convention.
9. “Existing container” means a container which is not a new container.
10. “Owner means” the owner as provided for under the national law of the Contracting Party or the lessee or bailee, if an agreement between the parties provide for the exercise of the owner's responsibility for maintenance and examination of the container by such lessee or bailee.

11. „Gámagerð“ merkir þá hönnunargerð sem hefur verið viðurkennd af stjórnvöldum.
12. „Raðsmíðagámur“ merkir hvern þann gám, sem framleiddur er í samræmi við viðurkennda hönnunargerð.
13. „Frumgerð“ merkir gám sem er dæmigerður fyrir þá gáma sem hafa verið eða verða raðsmíðaðir samkvæmt tiltekinni hönnunargerð.
14. „Hámarksbrúttóþyngd í notkun eða -þyngdarmörk („rating“) eða „R““ merkir hámarks samanlagða, leyfilega þyngd á gámi og farmi hans.
15. „Töruþyngd“ merkir þyngd tóms gáms með áföstum hjálparbúnaði.

16. „Hámarks leyfileg hleðsla í notkun eða „P““ merkir mismuninn milli hámarksbrúttóþyngdar í notkun eða þyngdarmarka og töruþyngdarinnar.

11. "Type of container" means the design type approved by the Administration.
12. "Type-series container" means any containers manufactured in accordance with the approved design type.
13. "Prototype" means a container representative of those manufactured or to be manufactured in a design type series.
14. "Maximum operating gross weight or rating or R" means the maximum allowable combined weight of the container and its cargo.

15. "Tare weight" means the weight of the empty container including permanently affixed ancillary equipment.
16. "Maximum permissible payload or P" means the difference between maximum operating gross weight or rating and tare weight.

3. gr.
Gildissvið.

1. Samningur þessi nær yfir nýja og eldri gáma sem notaðir eru í millilandaflutningum að undanteknum þeim gámum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir loftflutninga.
2. Sérhver nýr gámur skal viðurkenndur annaðhvort í samræmi við ákvæði um prófun tiltekinna gámagerða eða ákvæði um sérstaka prófun á einstökum gámum, sbr. I. viðauka.
3. Sérhver eldri gámur er háður viðurkenningu samkvæmt viðeigandi ákvæðum um viðurkenningu eldri gáma í I. viðauka, innan 5 ára frá gildistöku þessa samnings.

Article III
Application

1. The present Convention applies to new and existing containers used in international transport, excluding containers specially designed for air transport.
2. Every new container shall be approved in accordance with the provisions either for type-testing or for individual testing as contained in annex I.
3. Every existing container shall be approved in accordance with the relevant provisions for approval of existing containers set out in annex I within five years from the date of entry into force of the present Convention.

4. gr.
Prófun, skoðun, viðurkenning og viðhald.

1. Í því skyni að framfylgja ákvæðunum í I. viðauka skulu stjórnvöld setja raunhæfar starfsreglur um prófun, skoðun og viðurkenningu á gámum í samræmi við ákvæði þessa samnings, að því tilskildu þó að stjórnvöldum er heimilt að fela sérstofnunum slíka prófun, skoðun og viðurkenningu í sínu umboði.

2. Stjórnvöld sem fela sérstofnun slíka prófun, skoðun og viðurkenningu, skulu tilkynna um það til aðalritara Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér eftir nefnd „stofnunin“) sem sendir upplýsingarnar áfram til annarra samningsaðila.

Article IV
Testing, inspection, approval and maintenance

1. For the enforcement of the provisions of annex I every Administration shall establish an effective procedure for the testing, inspection and approval of containers in accordance with the criteria established in the present Convention, provided however that an Administration may entrust such testing, inspection and approval to organizations duly authorized by it.
2. An Administration which entrusts such testing, inspection and approval to an organization shall inform the Secretary-General of the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization (hereinafter referred to as "the Organization") for Communication to Contracting Parties.

3. Sækja má um viðurkenningu til stjórnvalda sérhvers samningsaðila.
4. Sérhverjum gámi skal haldið við í öruggu ástandi, í samræmi við ákvæði I. viðauka.

5. Ef viðurkenndur gámur uppfyllir í raun ekki kröfur í I. og II. viðauka skulu hlutaðeigandi stjórnvöld gera þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til þess að gámurinn verði í samræmi við þessar kröfur eða afturkalla viðurkenningu hans.

5. gr.
Samþykki á viðurkenningu.

1. Viðurkenning sem veitt er með heimild samningsaðila samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skal tekin gild af hinum samningsaðilunum, í einu og öllu er varðar ákvæði þessa samnings. Aðrir samningsaðilar skulu líta svo á að slík viðurkenning hafi sama gildi og ef þeir hefðu veitt hana sjálfir.

2. Samningsaðili skal ekki setja aðrar reglur um smíðaöryggi né reglur um prófanir á gámum sem heyra undir þennan samning að því undanskildu, að ekkert í þessum samningi hindrar að beitt sé ákvæðum laga eða reglugerða viðkomandi lands eða alþjóðasamninga sem krefjast aukinna reglna um smíðaöryggi eða prófana á gámum sem sérstaklega eru hannaðir til flutnings á hættulegum efnum, eða á þeim búnaði sem er sérstakur fyrir gáma sem ætlaðir eru til flutnings á farmi í fljótandi formi, eða á gámum þegar þeir eru fluttir í flugi. Skilgreining á „hættulegu efni“ skal vera hin sama og ákveðin er í alþjóðasamningum.

6. gr.
Eftirlit.

1. Sérhver gámur, sem hefur verið viðurkenndur skv. 3. gr., er háður eftirliti á yfirráðasvæði samningsaðila og er það framkvæmt af eftirlitsmönnum sem hafa til þess fullt umboð viðkomandi samningsaðila. Þetta eftirlit takmarkast við það að sannreyna að gámurinn hafi gilt öryggisskilti, eins og krafist er í samningi þessum, nema augljós ástæða sé til þess að ætla að af gáminum kunni að stafa hætta. Í slíku tilfelli skal eftirlitsmaðurinn aðeins sjá til þess, eftir því sem nauðsyn krefur, að gáminum sé komið í öruggt lag áður en notkun hans er haldið áfram.

3. Application for approval may be made to the Administration of any Contracting Party.
4. Every container shall be maintained in a safe condition in accordance with the provisions of annex I.
5. If an approved container does not in fact comply with the requirements of annexes I and II the Administration concerned shall take such steps as it deems necessary to bring the container into compliance with such requirements or to withdraw the approval.

Article V
Acceptance of approval

1. Approval under the authority of a Contracting Party, granted under the terms of the present Convention, shall be accepted by the other Contracting Parties for all purposes covered by the present Convention. It shall be regarded by the other Contracting Parties as having the same force as an approval issued by them.
2. A Contracting Party shall not impose any other structural safety requirements or tests on containers covered by the present Convention, provided however that nothing in the present Convention shall preclude the application of provisions of national regulations or legislation or of international agreements, prescribing additional structural safety requirements or tests for containers specially designed for the transport of dangerous goods, or for those features unique to containers carrying bulk liquids or for containers when carried by air. The term dangerous goods shall have that meaning assigned to it by international agreements.

Article VI
Control

1. Every container which has been approved under article III shall be subject to control in the territory of the Contracting Parties by officers duly authorized by such Contracting Parties. This control shall be limited to verifying that the container carries a valid Safety Approval Plate as required by the present Convention, unless there is significant evidence for believing that the condition of the container is such as to create an obvious risk to safety. In that case the officer carrying out the control shall only exercise it in so far as it may be necessary to ensure that the container is restored to a safe condition before it continues in service.

2. Ef gámur virðist vera orðinn hættulegur sökum galla, sem gæti hafa verið á honum þegar hann var viðurkenndur, skal sá samningsaðili sem uppgvötaði gallann tilkynna hann þeim stjórnvöldum sem eru ábyrg fyrir viðurkenningu gámsins.

7. gr.
Undirskrift, fullgilding, staðfesting, samþykkt og aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fram til 15. janúar 1973 á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, en eftir það frá 1. febrúar 1973 til 31. desember 1973, að báðum dögum meðtöldum, í aðalstöðvum stofnunarinnar í Lundúnum. Heimild til að undirrita samninginn hafa öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eða aðildarríki einhverrar sérstofnunnar þeirra eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða aðilar að samþykktum Alþjóðadómstólsins svo og hvert það ríki sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefir boðið að gerast aðili að samningnum.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.
3. Öllum þeim ríkjum, sem vísað er til í 1. tl. þessarar greinar, skal heimilt að gerast aðili að þessum samningi.
4. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild skulu afhent aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn“) til vörslu.

8. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að tíunda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.
2. Að því er varðar sérhvert ríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, eftir að tíunda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild er afhent til vörslu, öðlast samningur þessi gildi tólf mánuðum eftir að það afhenti skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild til vörslu.
3. Ef ekki er annað tekið sérstaklega fram skal sérhvert ríki sem gerist aðili að samningi þessum eftir gildistöku breytingar,

(a) teljast aðili að samningnum með áorðnum breytingum; og

2. Where the container appears to have become unsafe as a result of a defect which may have existed when the container was approved, the Administration responsible for that approval shall be informed by the Contracting Party which detected the defect.

Article VII
Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1. The present Convention shall be open for signature until 15 January 1973 at the Office of the United Nations at Geneva and subsequently from 1 February 1973 until 31 December 1973 inclusive at the Headquarters of the Organization at London by all States Members of the United Nations or Members of any of the specialized agencies or of the International Atomic Energy Agency or Parties to the Statute of the International Court of Justice, and by any other State invited by the General Assembly of the United Nations to become a Party to the present Convention.
2. The present Convention is subject to ratification, acceptance or approval by States which have signed it.
3. The present Convention shall remain open for accession by any State referred to in paragraph 1.
4. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Secretary-General of the Organization (hereinafter referred to as "the Secretary-General").

Article VIII
Entry into force

1. The present Convention shall enter into force twelve months from the date of the deposit of the tenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the present Convention after the deposit of the tenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the present Convention shall enter into force twelve months after the date of the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
3. Any State which becomes a Party to the present Convention after the entry into force of an amendment shall, failing an expression of a different intention by that State,
(a) be considered as a Party to the Convention as amended; and

(b) teljast aðili að samningnum óbreyttum gagnvart sérhverjum samningsaðila sem ekki er bundinn af breytingunni.

9. gr.

Starfsreglur við breytingar á einhverjum hluta eða hlutum þessa samnings.

1. Samningi þessum má breyta að tillögu samningsaðila samkvæmt þeim starfsreglum sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Breyting að lokinni athugun hjá stofnuninni:

(a) Að ósk samningsaðila skal sérhver tillaga hans um breytingu á samningnum tekin til umfjöllunar hjá stofnuninni. Ef breytingin er samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra sem eru viðstaddir atkvæðagreiðsluna og þátt taka í henni í siglingaöryggisnefnd stofnunarinnar sem öllum samningsaðilum hefur verið boðið að taka þátt í og greiða atkvæði, skal slík breyting tilkynnt öllum aðilum stofnunarinnar og öllum samningsaðilum að minnsta kosti sex mánuðum áður en breytingin er tekin til umfjöllunar á þingi stofnunarinnar. Samningsaðili sem ekki er aðili stofnunarinnar skal eiga rétt á að taka þátt í og greiða atkvæði þegar fjallað er um breytingartillöguna á þinginu.

(b) Ef breytingin er samþykkt á þinginu með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra sem eru viðstaddir og þátt taka í atkvæðagreiðslunni og ef sá meirihluti felur í sér tvo þriðju hluta þeirra samningsaðila sem voru viðstaddir og tóku þátt í atkvæðagreiðslunni, skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna öllum samningsaðilum um breytinguna til staðfestingar þeirra.

(c) Slík breyting tekur gildi að tólf mánuðum liðnum frá því að hún var samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða samningsaðilanna. Breytingin öðlast gildi gagnvart öllum samningsaðilunum, nema þeim, sem gefa yfirlýsingu um að þeir samþykki hana ekki fyrir gildistöku hennar.

3. Breyting gerð á ráðstefnu:

Að ósk samningsaðila sem studd er af a.m.k. einum þriðju hluta samningsaðila, skal aðalframkvæmdastjórinn efna til ráðstefnu og boða til hennar þau ríki sem getið er í 7. gr.

(b) be considered as a Party to the unamended Convention in relation to any Party to the Convention not bound by the amendment.

Article IX

Procedure for amending any part or parts of the present Convention

1. The present Convention may be amended upon the proposal of a Contracting Party by any of the procedures specified in this article.

2. Amendment after consideration in the Organization:

(a) Upon request of a Contracting Party, any amendment proposed by it to the present Convention shall be considered in the Organization. If adopted by a majority of two thirds of those present and voting in the Maritime Safety Committee of the Organization, to which all Contracting Parties shall have been invited to participate and vote, such amendment shall be communicated to all Members of the Organization and all Contracting Parties at least six months prior to its consideration by the Assembly of the Organization. Any Contracting Party which is not a Member of the Organization shall be entitled to participate and vote when the amendment is considered by the Assembly.

(b) If adopted by a two-thirds majority of those present and voting in the Assembly, and if such majority includes a two-thirds majority of the Contracting Parties present and voting, the amendment shall be communicated by the Secretary-General to all Contracting Parties for their acceptance.

(c) Such amendments shall come into force twelve months after the date on which it is accepted by two thirds of the Contracting Parties. The amendment shall come into force with respect to all Contracting Parties except those which, before it comes into force, make a declaration that they do not accept the amendment.

3. Amendment by a conference:

Upon the request of a Contracting Party, concurred in by at least one third of the Contracting Parties, a conference to which the States referred to in article VII shall be invited will be convened by the Secretary-General.

10. gr.
Sérstök málsmeðferð við breytingar á viðaukunum.

1. Sérhver breyting á viðaukunum sem samningsaðili leggur til, skal tekin til umfjöllunar hjá stofnuninni að ósk þess aðila.
2. Ef breyting er samþykkt af siglingaöryggisnefnd stofnunarinnar með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra sem eru viðstaddir atkvæðagreiðsluna og taka þátt í henni og sem öllum samningsaðilum hefur verið boðið að taka þátt í og greiða atkvæði og ef sá meirihluti felur í sér tvo þriðju hluta þeirra samningsaðila, sem viðstaddir voru og tóku þátt í atkvæðagreiðslunni, skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna öllum samningsaðilum um breytinguna til staðfestingar þeirra.
3. Slík breyting skal öðlast gildi þann dag sem siglingaöryggisnefndin ákveður um leið og breytingin er samþykkt, nema að fyrir fyrri dag, sem siglingaöryggisnefndin tiltekur samtímis, hafi einn fimmti hluti samningsaðila eða fimm samningsaðilar, eftir því hvor talan er lægri, tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum um andstöðu sína við breytinguna. Ákvörðun siglingaöryggisnefndarinnar um dagsetningar þær, sem getið er í þessum tölulið, skal samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða viðstaddra þátttakenda í atkvæðagreiðslunni, og skal meirihlutinn fela í sér tvo þriðju hluta viðstaddra samningsaðila sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
4. Við gildistöku skal sérhver breyting, að því er varðar samningsaðila sem ekki hafa andmælt breytingunni, koma í staðinn fyrir fyrri ákvæði sem breytingin tekur til. Andmæli eins samningsaðila eru ekki bindandi fyrir aðra samningsaðila að því er varðar viðurkenningu gáma, sem þessi samningur nær til.

5. Aðalframkvæmdastjórinn skal upplýsa alla samningsaðila og aðila stofnunarinnar um öll tilmæli og samskipti samkvæmt þessari grein og um dagsetningu gildistöku sérhverrar breytingar.

6. Þegar fjallað hefur verið um tillögu um breytingu á viðaukunum en hún ekki samþykkt af siglingaöryggisnefndinni, getur sérhver samningsaðili óskað eftir að haldin verði ráðstefna og til hennar boðið þeim ríkjum sem getið er í 7. gr. Þegar tilkynningar hafa borist um stuðning við slíka ráðstefnu frá að minnsta kosti einum þriðja hluta hinna samningsaðilanna skal aðalframkvæmdastjórinn kalla saman ráðstefnu til þess að fjalla um breytingar á viðaukunum.

Article X
Special procedure for amending the annexes

1. Any amendment to the annexes proposed by a Contracting Party shall be considered in the Organization at the request of that Party.
2. If adopted by a two-thirds majority of those present and voting in the Maritime Safety Committee of the Organization to which all Contracting Parties shall have been invited to participate and to vote, and if such majority includes a two-thirds majority of the Contracting Parties present and voting, such amendment shall be communicated by the Secretary-General to all Contracting Parties for their acceptance.

3. Such an amendment shall enter into force on a date to be determined by the Maritime Safety Committee at the time of its adoption unless, by a prior date determined by the Maritime Safety Committee at the same time, one fifth or five of the Contracting Parties, whichever number is less, notify the Secretary-General of their objection to the amendment. Determination by the Marine Safety Committee of the dates referred to in this paragraph shall be made by a two-thirds majority of those present and voting, which majority shall include a two-thirds majority of the Contracting Parties present and voting.
4. On entry into force any amendment shall, for all Contracting Parties which have not objected to the amendment, replace and supersede any previous provision to which the amendment refers; an objection made by a Contracting Party shall not be binding on other Contracting Parties as to acceptance of containers to which the present Convention applies.
5. The Secretary-General shall inform all Contracting Parties and Members of the Organization of any request and communication under this article and the date on which any amendment enters into force.
6. Where a proposed amendment to the annexes has been considered but not adopted by the Marine Safety Committee, any Contracting Party may request the convening of a conference to which the States referred to in article VII shall be invited. Upon receipt of notification of concurrence by at least one third of the other Contracting Parties such a conference shall be convened by the Secretary-General to consider amendments to the annexes.

11. gr.
Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þess efnis. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir að uppsagnarskjalið var afhent aðalframkvæmdastjóranum.
2. Samningsaðili, sem mótmælt hefur breytingu á viðaukunum, getur sagt upp samningi þessum og skal uppsögnin öðlast gildi um leið og breytingin.

12. gr.
Lyktir.

Samningur þessi fellur úr gildi ef samningsaðilar eru færri en fimm í tólf mánuði samfellt.

13. gr.
Lausn deilumála.

1. Öllum deilum milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa sem ekki er unnt að leiða til lykta með samningum eða öðrum hætti skal að ósk eins þeirra, vísað til gerðardóms sem skal þannig skipaður: Hvor deiluaðilinn skal tilnefna einn gerðarmann og þessir tveir gerðarmenn skulu tilnefna hinn þriðja sem skal vera formaður gerðardómsins. Hafi deiluaðili enn ekki tilnefnt gerðarmann þremur mánuðum eftir að ósk um gerðardómsmeðferð barst eða hafi gerðarmennirnir ekki kosið sér formann getur hver deiluaðilanna farið þess á leit við aðalframkvæmdastjórann að hann tilnefni gerðarmann eða formann gerðardómsins.
2. Úrskurður gerðardómsins, sem skipaður er í samræmi við 1. tl. þessarar greinar skal vera bindandi fyrir deiluaðilana.
3. Gerðardómurinn skal setja sér starfsreglur.

4. Ákvarðanir gerðardómsins um starfsreglur og þingstað svo og um allan ágreining sem fyrir dóminn er lagður, skulu teknar með meirihluta greiddra atkvæða.
5. Nú rís ágreiningur milli deiluaðila um túlkun og framkvæmd gerðardómsúrskurðar og er þá sérhverjum deiluaðila heimilt að leita úrskurðar hjá gerðardóminum sem kvað upp gerðardómsúrskurðinn.

Article XI
Denunciation

1. Any Contracting Party may denounce the present Convention by effecting the deposit of an instrument with the Secretary-General. The denunciation shall take effect one year from the date of such deposit with the Secretary-General.
2. A Contracting Party which has communicated an objection to an amendment to the annexes may denounce the present Convention and such denunciation shall take effect on the date of entry into force of such an amendment.

Article XII
Termination

The present Convention shall cease to be in force if the number of Contracting Parties is less than five for any period of twelve consecutive months.

Article XIII
Settlement of disputes

1. Any dispute between two or more Contracting Parties concerning the interpretation or application of the present Convention which cannot be settled by negotiation or other means of settlement shall, at the request of one of them, be referred to an arbitration tribunal composed as follows: each party to the dispute shall appoint an arbitrator and these two arbitrators shall appoint a third arbitrator, who shall be Chairman. If, three months after the receipt of a request, one of the parties has failed to appoint an arbitrator or if the arbitrators have failed to elect the Chairman, any of the parties may request the Secretary-General to appoint an arbitrator or the Chairman of the arbitration tribunal.
2. The decision of the arbitration tribunal established under the provisions of paragraph 1 shall be binding on the parties to the dispute.
3. The arbitration tribunal shall determine its own rules of procedure.
4. Decisions of the arbitration tribunal, both as to its procedures and its place of meeting and as to any controversy laid before it, shall be taken by majority vote.
5. Any controversy which may arise between the parties to the dispute as regards the interpretation and execution of the award may be submitted by any of the parties for judgement to the arbitration tribunal which made the award.

14. gr.
Fyrirvarar.

1. Fyrirvarar við samning þennan eru heimilaðir, nema þeir sem eiga við ákvæði 1.-6. gr., 13 gr., þessarar greinar og viðaukanna, með þeim skilyrðum að slíkir fyrirvarar séu gerðir skriflega og ef þeir eru gerðir áður en skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er lagt fram, séu þeir staðfestir í því skjali. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna slíka fyrirvara öllum ríkjum sem getið er í 7. gr.

2. Sérhver fyrirvari sem gerður er í samræmi við 1. tl.:
(a) breytir, að því er varðar samningsaðilann sem gerði fyrirvarann, ákvæðum þeim í þessum samningi sem fyrirvarinn nær til og að því marki sem fyrirvarinn gerir ráð fyrir; og
(b) breytir þessum ákvæðum að sama marki fyrir aðra samningsaðila í samskiptum þeirra við samningsaðilann, sem gerði fyrirvarann.

3. Sérhver samningsaðili, sem gert hefir fyrirvara skv. 1. tl., getur dregið hann til baka hvenær sem er með tilkynningu þess efnis til aðalframkvæmdastjórans.

15. gr.
Tilkynningar.

Til viðbótar þeim tilkynningum og upplýsingum, sem fjallað er um í 9., 10. og 14. gr., skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna öllum ríkjum sem vísað er til í 7. gr. um eftirfarandi:
(a) undirritanir, fullgildingar, staðfestingar, samþykki og aðild skv. 7. gr.;
(b) gildistökudaga þessa samnings í samræmi við 8. gr.;
(c) dagsetninguna þegar breytingar á samningi þessum öðlast gildi í samræmi við 9. og 10. gr.;

(d) uppsögn samkvæmt 11. gr.;
(e) lyktir samnings þessa samkvæmt 12. gr.

16. gr.
Frumtextar.

Frumtextar samnings þessa, þar sem enski, franski, kínverski, rússneski og spánski textinn eru jafngildir, skulu afhentir aðalframkvæmdastjóranum til vörslu sem skal senda staðfest afrit öllum þeim ríkjum sem vísað er til í 7. gr.

Article XIV
Reservations

1. Reservations to the present Convention shall be permitted, excepting those relating to the provisions of articles I to VI, XIII, the present article and the annexes, on condition that such reservations are communicated in writing and, if communicated before the deposit of the instrument of ratification, acceptance, approval or accession, are confirmed in that instrument. The Secretary-General shall communicate such reservations to all States referred to in Article VII.
2. Any reservation made in accordance with paragraph 1:
(a) modifies for the Contracting Party which made the reservation the provisions of the present Convention to which the reservation relates to the extent of the reservation; and
(b) modifies those provisions to the same extent for the other Contracting Parties in their relations with the Contracting Party which entered the reservation.
3. Any Contracting Party which has formulated a reservation under paragraph 1 may withdraw it at any time by notification to the Secretary-General.

Article XV
Notification

In addition to the notifications and communications provided for in articles IX, X and XIV, the Secretary-General shall notify all the States referred to in article VII of the following:
(a) signatures, ratifications, acceptances, approvals and accessions under article VII;
(b) the dates of entry into force of the present Convention in accordance with article VIII;
(c) the date of entry into force of amendments to the present Convention in accordance with articles IX and X;
(d) denunciations under article XI;
(e) the termination of the present Convention under article XII.

Article XVI
Authentic texts

The original of the present Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General, who shall communicate certified true copies to all States referred to in article VII.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf, 2. desember 1972.

In Witness Whereof the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Convention.

Done at Geneva this second day of December, one thousand nine hundred and seventy two.

I. VIÐAUKI
Reglur um prófun, skoðun, viðurkenningu og viðhald á gámum.

I. KAFLI
Almennar reglur um viðurkenningu.

1. regla.
Öryggisskilti.

1. (a) Öryggisskilti, sem gert er samkvæmt fyrirmælum í fylgiskjali með þessum viðauka, skal vera tryggilega fest við hvern viðurkenndan gám, á sýnilegum stað, til hliðar við önnur viðurkenningarskilti sem sett eru í opinberum tilgangi, þar sem það verður ekki auðveldlega fyrir hnjaski.

(b) Á hverjum gámi skulu hámarksbrúttóþyngdir sem merktar eru á gáminn vera í samræmi við uppgefna hámarksbrúttóþyngd sem skráð er á öryggisskiltið.

(c) Eigandi gámsins skal fjarlægja öryggisskiltið af gáminum ef:

(i) gáminum hefur verið breytt þannig að upprunalega viðurkenningin og þær upplýsingar, sem eru á öryggisskiltinu, séu ekki lengur í gildi, eða

(ii) gámurinn er tekinn úr notkun og er ekki viðhaldið í samræmi við samninginn, eða

(iii) ef stjórnvöld hafa afturkallað viðurkenningu sína.

2. (a) Skiltið skal innihalda eftirfarandi upplýsingar á að minnsta kosti ensku eða frönsku:

„CSC öryggisviðurkenning"
Land er veitti viðurkenningu ásamt tilvísunarnúmeri viðurkenningar. Framleiðsludagur (mánuður og ár). Einkennisnúmer framleiðandans á gáminum eða ef um er að ræða eldri gám, þar sem þetta númer er óþekkt, þá númer sem úthlutað er af stjórnvöldum. Hámarksbrúttóþyngd í notkun (kg og lbs). Leyfilegt stöflunarálag miðað við 1,8 g (kg og lbs).
Prófað álag gegn liðun til hliðar (kg og lbs).

(b) Á skiltinu skal vera eyða þar sem færa má inn styrkleikagildi (stuðla) gafla og/eða hliðarveggja í samræmi við fyrirmæli í 3. tl. þessarar reglu og II. viðauka, prófanir 6 og 7. Einnig ætti að vera eyða á skiltinu fyrir dagsetningu (mánuð og ár) fyrstu og síðari viðhaldsskoðana, séu þær gerðar.

ANNEX I
Regulations for the testing, inspection, approval and maintenance of containers

CHAPTER I
Regulations common to all systems of approval

Regulation 1
Safety Approval Plate

1. (a) A Safety Approval Plate conforming to the specifications set out in the appendix to this annex shall be permanently affixed to every approved container at a readily visible place, adjacent to any other approval plate issued for official purposes, where it would not be easily damaged.

(b) On each container, all maximum gross weight markings shall be consistent with the maximum gross weight information on the Safety Approval Plate.

(c) The owner of the container shall remove the Safety Approval Plate on the container if:

(i) the container has been modified in a manner which would void the original approval and the information found on the Safety Approval Plate, or

(ii) the container is removed from service and is not being maintained in accordance with the Convention, or

(iii) the approval has been withdrawn by the Administration.

2. (a) The plate shall contain the following information in at least the English or French language:

"CSC Safety Approval"
Country of approval and approval reference. Date (month and year) of manufacture. Manufacturer's identification number of the container or, in the case of existing containers for which that number is unknown, the number allotted by the Administration. Maximum operating gross weight (kg and lb). Allowable stacking weight for 1.8 g (kg and lb).
Transverse racking test load value (kg and lb).

(b) A blank space should be reserved on the plate for insertion of end-wall and/or side-wall strength values (factors) in accordance with paragraph 3 of this regulation and annex II, tests 6 and 7. A blank space should also be reserved on the place for the first and subsequent maintenance examination dates (month and year) when used.

3. Þegar stjórnvöld telja nýjan gám uppfylla kröfur samnings þessa að því er varðar öryggi, og ef gaflar og/eða hliðarveggir þessara gáma eru hannaðir með hærra eða lægra styrkleikagildi (stuðlar) en áskilið er í II. viðauka, skal skrá styrkleikagildið á öryggisskiltið.

4. Öryggisskiltið kemur ekki í veg fyrir nauðsyn á að önnur merkisspjöld séu sett upp eða veittar aðrar upplýsingar sé þess krafist samkvæmt öðrum gildandi reglum.

2. regla.
Viðhald og eftirlit.

1. Eigandi gáms er ábyrgur fyrir því að honum sé haldið við í öruggu ástandi.

2. (a) Eigandi viðurkennds gáms skal skoða gáminn eða láta skoða hann, í samræmi við starfsreglur sem settar eru eða viðurkenndar af hlutaðeigandi samningsaðila, með hæfilegu millibili að teknu tilliti til notkunar gámsins.

(b) Á öryggisskiltið skal skrá lokadag (mánuð og ár) til að skoða nýjan gám í fyrsta sinn.

(c) Lokadagur til að skoða gáminn að nýju (mánuður og ár) skal skráður á gáminn með áberandi hætti á öryggisskiltið eða eins nærri því og hægt er með þeim hætti sem samningsaðili, er fyrirskipaði eða samþykkti viðkomandi skoðunarreglur, getur fallist á.

(d) Tíminn frá því að gámurinn var smíðaður fram að fyrstu skoðun, skal vera skemmri en fimm ár. Ekki skal líða lengri tími en 30 mánuðir milli síðari skoðana á nýjum gámum og endurskoðunar eldri gáma. Allar skoðanir skulu ákvarða hvort gámurinn hefur galla sem gætu stofnað mönnum í hættu.

3. (a) Í stað þess sem kveðið er á um í 2. lið getur hlutaðeigandi samningsaðili samþykkt áætlun um samfellt skoðunarferli sé hann þess fullviss samkvæmt gögnum sem eigandinn hefir lagt fram að slík áætlun veiti öryggi til jafns við það sem ákvæði 2. liðar veitir.

(b) Til að sýna að gámurinn sé notaður undir eftirliti samkvæmt samþykktri áætlun um samfellda skoðun, skulu stafirnir „ACEP“ merktir á gáminn og einkennismerki samningsaðilans sem viðurkenndi skoðunaráætlunina, annaðhvort á gáminn eða eins nálægt öryggisskiltinu og hægt er.

3. Where the Administration considers that a new container satisfies the requirements of the present Convention in respect of safety and if, for such container, the end-wall and/or side-wall strength values (factors) are designed to be greater or less than those stipulated in annex II, such values shall be indicated on the Safety Approval Plate.

4. The presence of the Safety Approval Plate does not remove the necessity of displaying such labels or other information as may be required by other regulations which may be in force.

Regulation 2
Maintenance and examination

1. The owner of the container shall be responsible for maintaining it in safe condition.

2. (a) The owner of an approved container shall examine the container or have it examined in accordance with the procedure either prescribed or approved by the Contracting Party concerned, at intervals appropriate to operating conditions.

(b) The date (month and year) before which a new container shall undergo its first examination shall be marked on the Safety Approval Plate.

(c) The date (month and year) before which the container shall be re-examined shall be clearly marked on the container on or as close as practicable to the Safety Approval Plate and in a manner acceptable to that Contracting Party which prescribed or approved the particular examination procedure involved.

(d) The interval from the date of manufacture to the date of the first examination shall not exceed five years. Subsequent examination of new containers and re-examination of existing containers shall be at intervals of not more than 30 months. All examinations shall determine whether the container has any defects which could place any person in danger.

3. (a) As an alternative to paragraph 2, the Contracting Party concerned may approve a continuous examination programme if satisfied, on evidence submitted by the owner, that such a programme provides a standard of safety not inferior to the one set out in paragraph 2 above.

(b) To indicate that the container is operated under an approved continuous examination programme, a mark showing the letters ACEP and the identification of the Contracting Party which has granted approval of the programme shall be displayed on the container on or as close as practicable to the Safety Approval Plate.

(c) Allar skoðanir sem gerðar eru samkvæmt slíkri áætlun skulu ákvarða hvort gámurinn hefur galla sem gætu stofnað mönnum í hættu. Þær skulu gerðar í tengslum við meiriháttar viðgerðir, endurnýjun eða leiguskipti og eigi sjaldnar en á 30 mánaða fresti.

4. Í reglum þessum er „hlutaðeigandi samningsaðili" samningsaðili þess yfirráðasvæðis, þar sem eigandinn er búsettur eða hefur aðalskrifstofu sína. Hafi hins vegar ríkisstjórn þess lands þar sem eigandinn er búsettur eða hefur skrifstofu sína, ekki gert ráðstafanir til að fyrirskipa eða viðurkenna skoðunaráætlun, er eigandanum heimilt að notast við starfsreglur sem settar eru eða viðurkenndar af stjórnvöldum samningsaðila sem tilbúinn er til að koma fram sem hlutaðeigandi samningsaðili þar til ráðstafanirnar hafa verið gerðar. Eigandinn skal hlíta þeim skilyrðum sem viðkomandi stjórnvöld setja fyrir notkun slíkra starfsreglna.

(c) All examinations performed under such a programme shall determine whether a container has any defects which could place any person in danger. They shall be performed in connection with a major repair, refurbishment, or on-hire/off-hire interchange and in no case less than once every 30 months.

4. For the purpose of this regulation the Contracting Party concerned is the Contracting Party of the territory in which the owner is domiciled or has his head office. However, in the event that the owner is domiciled or has his head office in a country the government of which has not yet made arrangements for prescribing or approving an examination scheme and until such time as the arrangements have been made the owner may use the procedure described or approved by the Administration of a Contracting Party which is prepared to act as the Contracting Party concerned. The owner shall comply with the conditions for the use of such procedure set by the Administration in question.

II. KAFLI
Reglur um viðurkenningu hönnunargerðar nýrra gáma.

3. regla.
Viðurkenning á nýjum gámum.

Til þess að hljóta öryggisviðurkenningu samkvæmt samningi þessum skulu allir nýir gámar uppfylla kröfur þær sem settar eru fram í II. viðauka.

4. regla.
Viðurkenning á hönnunargerð.

Þegar um er að ræða gáma, sem sótt hefir verið um viðurkenningu á, munu stjórnvöld kanna teikningar af þeim og fylgjast með prófun á frumgerðinni til að tryggja að þeir uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í II. viðauka. Þegar stjórnvöld eru fullviss um að svo sé skulu þau tilkynna umsækjandanum skriflega um að gámarnir uppfylli kröfur samnings þessa. Tilkynningin skal heimila framleiðandanum að festa öryggisskilti á alla gáma af þessari hönnunargerð.

5. regla.
Ákvæði um viðurkenningu á hönnunargerð.

1. Þegar raðsmíða á gáma samkvæmt hönnunargerð, skulu fylgja með umsókn til stjórnvalda

CHAPTER II
Regulations for approval of new containers by design type

Regulation 3
Approval of new containers

To qualify for approval for safety purposes under the present Convention all new containers shall comply with the requirements set out in annex II.

Regulation 4
Design type approval

In the case of containers for which an application for approval has been submitted, the Administration will examine designs and witness testing of a prototype container to ensure that the containers will conform with the requirements set out in annex II. When satisfied, the Administration shall notify the applicant in writing that the container meets the requirements of the present Convention and this notification shall entitle the manufacturer to affix the Safety Approval Plate to every container of the design type series.

Regulation 5
Provisions for approval by design type

1. Where the containers are to be manufactured by design type series, application made to

um viðurkenningu hönnunargerðar teikningar og verklýsingar fyrir þá gáma sem viðurkenna skal og aðrar upplýsingar sem stjórnvöld óska.

2. Umsækjandinn skal upplýsa hvaða einkennisnúmer framleiðandinn muni setja á þá gámagerð sem sótt er um viðurkenningu á.

3. Umsókninni skal einnig fylgja yfirlýsing frá framleiðandanum um að hann muni:

(a) láta stjórnvöldum í té þá gáma af viðkomandi hönnunargerð sem þau óska eftir að prófa;

(b) upplýsa stjórnvöld um allar breytingar á hönnun eða verklýsingu og bíða viðurkenningar á breytingunum áður en öryggisskilti er fest á gáminn;
(c) festa öryggisskiltið á sérhvern gám af viðkomandi hönnunargerð, en á enga aðra;
(d) halda skrá um gáma sem framleiddir eru samkvæmt hinni viðurkenndu hönnunargerð. Í skránni skulu að minnsta kosti koma fram einkennisnúmer framleiðandans, afhendingardagur, svo og nöfn og heimilisföng viðskiptamanna sem fengu gámana.
4. Stjórnvöld geta veitt gámum viðurkenningu sem framleiddir eru nokkuð breyttir frá viðurkenndri hönnunargerð ef þau eru þess fullviss að breytingarnar hafi ekki áhrif á gildi þeirra prófana sem gerðar voru vegna viðurkenningar hönnunargerðarinnar.
5. Stjórnvöld skulu ekki veita framleiðanda heimild til þess að festa á gám öryggisskilti á grundvelli viðurkenningar á hönnunargerð, nema þau hafi fullvissu fyrir því að framleiðandinn hafi komið upp innra framleiðslueftirliti til þess að tryggja að allir framleiddir gámar samræmist hinni viðurkenndu frumgerð.

6. regla.
Eftirlit við framleiðslu.

Til þess að tryggja að gámar af sömu hönnunargerð séu framleiddir í samræmi við hina viðurkenndu hönnun skulu stjórnvöld skoða eða prófa eins marga gáma og þau telja nauðsynlegt, á hvaða stigi sem er, meðan á framleiðslu viðkomandi hönnunargerðar stendur.

7. regla.
Tilkynningar til stjórnvalda.

Framleiðandinn skal tilkynna stjórnvöldum

an Administration for approval by design type shall be accompanied by drawings, a design specification of the type of container to be approved and such other data as may be required by the Administration.
2. The applicant shall state the identification symbols which will be assigned by the manufacturer to the type of container to which the application for approval relates.
3. The application shall also be accompanied by an assurance from the manufacturer that he will:
(a) produce to the Administration such containers of the design type concerned as the Administration may wish to examine;
(b) advise the Administration of any change in the design or specification and await its approval before affixing the Safety Approval Plate to the container;
(c) affix the Safety Approval Plate to each container in the design type series and to no others;
(d) keep a record of containers manufactured to the approved design type. This record shall at least contain the manufacturer's identification numbers, dates of delivery and names and addresses of customers to whom the containers are delivered.
4. Approval may be granted by the Administration to containers manufactured as modifications of an approved design type if the Administration is satisfied that the modifications do not affect the validity of tests conducted in the course of design type approval.
5. The Administration shall not confer on a manufacturer authority to affix Safety Approval Plates on the basis of design type approval unless satisfied that the manufacturer has instituted internal production-control features to ensure that the containers produced will conform to the approved prototype.

Regulation 6
Examination during production

In order to ensure that containers of the same design type series are manufactured to the approved design, the Administration shall examine or test as many units as it considers necessary, at any stage during production of the design type series concerned.

Regulation 7
Notification of Administration

The manufacturer shall notify the Adminis-

áður en hafin er framleiðsla á nýrri framleiðsluröð gáma samkvæmt viðurkenndri hönnunargerð.

III. KAFLI
Reglur um viðurkenningu á einstökum nýjum gámum.

8. regla.
Viðurkenning á einstökum gámum.

Veita má einstökum gámum viðurkenningu þegar stjórnvöld eru þess fullviss eftir skoðanir og prófanir, að gámarnir uppfylli kröfur samnings þessa. Stjórnvöld skulu tilkynna umsækjandanum skriflega um viðurkenninguna og skal honum þá heimilt að festa öryggisskilti á viðeigandi gám.

IV. KAFLI
Reglur um viðurkenningu á eldri gámum og á nýjum gámum sem ekki voru viðurkenndir á framleiðslustigi.

9. regla.
Viðurkenning á eldri gámum.

1. Ef eigandi eldri gáms leggur fram, innan 5 ára frá gildistöku þessa samnings, eftirfarandi upplýsingar til stjórnvalda:

(a) framleiðsludag og -stað;
(b) einkennisnúmer framleiðandans á gáminum, ef það er fyrir hendi;
(c) hámarksbrúttóþyngd í notkun;

(d) (i) sönnun þess að gámur af þessari gerð hafi reynst öruggur í sjó og/eða landflutningum í að minnsta kosti tvö ár, eða

(ii) sönnun þess, að mati stjórnvalda, að gámurinn sé framleiddur í samræmi við hönnunargerð, sem hefir verið prófuð og uppfyllir þær kröfur sem eru í II. viðauka að undanskildum kröfum um styrkleikaprófanir gafla og hliðarveggja, eða

(iii) sönnun þess að gámurinn hafi verið framleiddur í samræmi við staðla sem að mati stjórnvalda eru jafngildir þeim kröfum sem gerðar eru í II. viðauka að undan-

tration prior to commencement of production of each new series of containers to be manufactured in accordance with an approved design type.

CHAPTER III
Regulations for approval of new containers by individual approval

Regulation 8
Approval of individual containers

Approval of individual containers may be granted where the Administration, after examination and witnessing of tests, is satisfied that the container meets the requirements of the present Convention; the Administration, when so satisfied, shall notify the applicant in writing of approval and this notification shall entitle him to affix the Safety Approval Plate to such container.

CHAPTER IV
Regulations for approval of existing containers and new containers not approved at time of manufacture

Regulation 9
Approval of existing containers

1. If, within five years from the date of entry into force of the present Convention, the owner of an existing container presents the following information to an Administration:
(a) date and place of manufacture;
(b) manufacturer's identification number of the container if available;
(c) maximum operating gross weight capability;
(d) (i) evidence that a container of this type has been safely operated in maritime and/or inland transport for a period of at least two years, or

(ii) evidence to the satisfaction of the Administration that the container was manufactured to a design type which had been tested and found to comply with the technical conditions set out in annex II, with the exception of those technical conditions relating to the end-wall and side-wall strength tests, or
(iii) evidence that the container was constructed to standards which, in the opinion of the Administration, were equivalent to the technical conditions set out in

skildum kröfunum um styrkleikaprófanir gafla og hliðarveggja;

(e) leyfilegt stöflunarálag miðað við 1,8 g (kg og lbs); og
(f) aðrar upplýsingar, sem krafist er vegna öryggisskiltisins;
skulu stjórnvöld, að undangenginni rannsókn, tilkynna eigandanum skriflega, hvort viðurkenning sé veitt. Ef svo er skal tilkynning þessi heimila eigandanum að festa öryggisskiltið á gáminn eftir að skoðun samkvæmt 2. reglu hefur farið fram. Viðkomandi gámur skal skoðaður og öryggisskilti sett á hann eigi síðar en 1. janúar 1985.

2. Fyrir eldri gáma, sem ekki uppfylla þau skilyrði sem þarf til að hljóta viðurkenningu samkvæmt 1. tl. þessarar reglu, má sækja um viðurkenningu samkvæmt ákvæðum í II. og III. kafla þessa viðauka. Að því er varðar slíka gáma skulu ákvæði í II. viðauka um styrktarprófun gafla og/eða hliðarveggja ekki gilda. Stjórnvöld geta, ef þau eru fullviss um að viðkomandi gámar hafa verið í notkun, fallið frá þeim atriðum í þessum kröfum sem fjalla um framvísun teikninga og prófanir að undanteknum prófunum á lyftingar- og gólfstyrkleika, eftir því sem þau telja viðeigandi.

annex II, with the exception of those technical conditions relating to the end-wall and side-wall strength tests;
(e) allowable stacking weight for 1.8 (kg and lb); and
(f) such other data as required for the Safety Approval Plate;
then the Administration, after investigation, shall notify the owner in writing whether approval is granted; and if so, this notification shall entitle the owner to affix the Safety Approval Plate after an examination of the container concerned has been carried out in accordance with regulation 2. The examination of the container concerned and the affixing of the Safety Approval Plate shall be accomplished not later than 1 January 1985.
2. Existing containers which do not qualify for approval under paragraph 1 of this regulation may be presented for approval under the provisions of chapter II or chapter III of this annex. For such containers the requirements of annex II relating to end-wall and/or side-wall strength tests shall not apply. The Administration may, if it is satisfied that the containers in question have been in service, waive such of the requirements in respect of presentation of drawings and testing, other than the lifting and floor-strength tests, as it may deem appropriate.

10. regla.
Viðurkenning á nýjum gámum sem ekki voru viðurkenndir á framleiðslutíma þeirra.

Ef eigandi nýs gáms, sem ekki var viðurkenndur á framleiðslustigi, leggur fram eftirfarandi upplýsingar til stjórnvalda hinn 6. september 1982 eða áður:
(a) framleiðsludag og -stað;
(b) einkennisnúmer framleiðandans á gáminum, ef það er fyrir hendi;
(c) hámarksbrúttóþyngd í notkun;

(d) sönnun þess, að mati stjórnvalda, að gámurinn hafi verið framleiddur í samræmi við prófaða hönnunargerð sem uppfyllir þær tæknikröfur sem gerðar eru í II. viðauka;

(e) leyfilegt stöflunarálag miðað við 1,8 g (kg og lbs); og
(f) aðrar upplýsingar sem krafist er vegna öryggisskiltisins;

Regulation 10
Approval of new containers not approved at time of manufacture

If, on or before 6 September 1982, the owner of a new container which was not approved at the time of manufacture presents the following information to an Administration:
(a) date and place of manufacture;
(b) manufacturer's identification number of the container if available;
(c) maximum operating gross weight capability;
(d) evidence to the satisfaction of the Administration that the container was manufactured to a design type which has been tested and found to comply with the technical conditions set out in annex II;
(e) allowable stacking weight for 1.8 g (kg and lb); and
(f) such other data as required for the Safety Approval Plate;

geta stjórnvöld, að undangenginni rannsókn, viðurkennt gáminn þrátt fyrir ákvæði II. kafla. Þegar viðurkenning er veitt skal tilkynna eigandanum um hana skriflega og heimilar tilkynning þessi eigandanum að festa öryggisskiltið upp á gáminn eftir að skoðun hans samkvæmt 2. reglu hefur farið fram. Viðkomandi gámur skal skoðaður og öryggisskilti sett á hann eigi síðar en 1. janúar 1985.

V. KAFLI
Reglur um viðurkenningu á breyttum gámum.

11. regla.

Viðurkenning á breyttum gámum.

Eigandi viðurkennds gáms, sem breytt hefur verið þannig að bygging hans breytist, skal tilkynna stjórnvöldum eða viðurkenndri sérstofnun, sem stjórnvöld hafa veitt umboð sitt, um breytingarnar. Stjórnvöld eða viðurkennd sérstofnun geta farið fram á endurprófun á gáminum eftir því sem viðeigandi þykir áður en ný viðurkenning er veitt.

Viðbætir.

Öryggisskilti skal gera í samræmi við fyrirmyndina sem er sýnd hér á eftir. Það skal vera rétthyrnd plata úr varanlegu efni sem hvorki tærist né brennur og ekki vera minni en 200 mm x 100 mm að stærð. Orðin „CSC öryggisviðurkenning“ skulu gerð með stöfum sem ekki eru minni en 8 mm á hæð og öll önnur orð og tölur skulu hafa lágmarkshæðina 5 mm. Stafirnir skulu slegnir eða þrykktir í yfirborð plötunnar eða gerðir á einhvern annan varanlegan, auðlæsilegan hátt.

the Administration, after investigation, may approve the container, notwithstanding the provisions of Chapter II. Where approval is granted, such approval shall be notified to the owner in writing, and this notification shall entitle the owner to affix the Safety Approval Plate after an examination of the container concerned has been carried out in accordance with regulation 2. The examination of the container concerned and the affixing of the Safety Approval Plate shall be accomplished not later than 1 January 1985.

CHAPTER V
Regulations for approval of modified containers

Regulation 11

Approval of modified containers

The owner of an approved container that has been modified in a manner resulting in structural changes shall notify the Administration or an approved organization duly authorized by it of those changes. The Administration or authorized organization may require retesting of the modified container as appropriate prior to recertification.

Appendix.

The Safety Approval Plate, conforming to the model reproduced below, shall take the form of a permanent, non-corrosive, fireproof rectangular plate measuring not less than 200 mm x 100 mm. The words “CSC Safety Approval”, of a minimum letter height of 8 mm, and all other words and numbers of a minimum height of 5 m shall be stamped into, embossed on or indicated on the surface of the plate in any other permanent and legible way.

CSC öryggisviðurkenning.
1....[GB-L/749/2/7/75]
2....FRAMLEIÐSLUDAGUR.....
3....EINKENNISNÚMER FRAMLEIÐANDA..
4....HÁMARKSBRÚTTÓÞYNGD.....kg ..... lb
5....LEYFILEGT STÖFLUNARÁLAG
VIÐ 1.8 g.....kg ..... lb
6....PRÓFAÐ ÁLAG GEGN
LIÐUN TIL HLIÐAR.....kg ..... lb
7....
8....
9....

---------- 200 m ----------

1. Landið sem veitir viðurkenninguna og tilvísunarnúmer viðurkenningarinnar, eins og sýnt er í dæminu í línu 1. (Landið sem veitir viðurkenninguna skal tilgreint með einkennisbókstöfunum sem notaðir eru til þess að einkenna skrásetningarland vélknúinna ökutækja í alþjóðlegri umferð á vegum).
2. Framleiðsludagur (mánuður og ár).
3. Einkennisnúmer framleiðandans á gáminum eða, ef um er að ræða eldri gám þar sem þetta númer er óþekkt, númerið sem stjórnvöld hafa úthlutað.
4. Hámarksbrúttóþyngd í notkun (kg og lbs).

5. Leyfilegt stöflunarálag miðað við 1,8 g (kg og lbs).
6. Prófað álag gegn hliðarliðun (kg og lbs).

7. Styrkleika gaflanna skal því aðeins getið á skiltinu að gaflarnir séu hannaðir til þess að standast álag sem er meira eða minna en 0,4 sinnum hámarks leyfileg hleðsla í notkun, þ.e. 0,4 P.
8. Styrkleika hliðarveggjanna skal því aðeins getið á skiltinu að hliðarveggirnir séu hannaðir til þess að standast álag sem er meira eða minna en 0,6 sinnum hámarks leyfileg hleðsla í notkun, þ.e. 0,6 P.
9. Dagur (mánuður og ár) fyrstu viðhaldsskoðunar nýrra gáma og dagur (mánuður og ár) síðari viðhaldsskoðana, ef skiltið er ætlað til þessara nota.

CSC Safety Approval
1....[GB-L/749/2/7/75]
2....DATE MANUFACTURED .....
3....IDENTIFICATION No. .....
4....MAXIMUM GROSS WEIGHT ... kg ..... lb
5....ALLOWABLE STACKING WEIGHT
FOR 1.8 g .....kg ..... lb
6....RACKING TEST LOAD
VALUE..... kg ..... lb
7....
8....
9....

---------- 200 m ----------

1. Country of approval and approval reference as given in the example on line 1. (The country of approval should be indicated by means of the distinguishing sign used to indicate country of registration of motor vehicles in international road traffic.)

2. Date (month and year) of manufacture.
3. Manufacturer's identification number of the container or, in the case of existing containers for which that number is unknown, the number allotted by the Administration.
4. Maximum operating gross weight (kg and lb).
5. Allowable stacking weight for 1.8 g (kg and lb).
6. Transverse racking test load value (kg and lb).
7. End-wall strength to be indicated on plate only if end-walls are designed to withstand a load of less or greater than 0.4 times the maximum permissible payload, i.e. 0.4P.

8. Side-wall strength to be indicated on plate only if the side-walls are designed to withstand a load of less or greater than 0.6 times the maximum permissible payload, i.e. 0.6P.

9. First maintenance examination date (month and year) for new containers and subsequent maintenance examination dates (month and year) if plate used for this purpose.

II. VIÐAUKI
Smíðaöryggiskröfur og prófanir.

Inngangur.

Við ákvörðun á þeim kröfum sem settar eru fram í þessum viðauka er undirskilið að við hvers konar notkun gáma fari þeir kraftar sem orsakast af hreyfingu, staðsetningu, stöflun og þyngd hlaðins gáms og utanaðkomandi öflum ekki fram úr hönnunarstyrk gámsins. Sérstaklega er gert ráð fyrir eftirfarandi atriðum:

(a) að gámurinn verði festur með þeim hætti að ekki verki á hann kraftar umfram þá sem hann er hannaður til að þola;

(b) að hleðslu farms í gáminn sé hagað samkvæmt viðteknum starfsvenjum, þannig að farmurinn orsaki ekki álag á gáminn umfram það sem hann er hannaður til að þola.

Smíði.

1. Gám skal telja öruggan sé hann gerður úr viðeigandi efni, sem stenst eftirfarandi prófanir án þess að skekkjast eða afmyndast varanlega þannig að hann verði óhæfur til þeirra nota sem hann er hannaður fyrir.

2. Stærðir, staðsetning og viðeigandi þolvik í hornafestingum skulu prófuð með hliðsjón af þeim aðferðum sem hafðar eru við lyftingu og festingu gámsins.

Hleðsluprófanir og prófunaraðferðir.

Þar sem það á við um gerð gámsins skulu eftirfarandi hleðsluprófanir gerðar á öllum tegundum gáma sem til prófunar eru:

ANNEX II
Structural safety requirements and tests

Introduction

In setting the requirements of this annex, it is implicit that in all phases of the operation of containers the forces as a result of motion, location, stacking and weight of the loaded container and external forces will not exceed the design strength of the container. In particular, the following assumptions have been made:

(a) the container will be so restrained that it is not subject to forces in excess of those for which it has been designed;

(b) the container will have its cargo stowed in accordance with the recommended practices of the trade so that the cargo does not impose upon the container forces in excess of those for which it has been designed.

Construction

1. A container made from any suitable material which satisfactorily performs the following tests without sustaining any permanent deformation or abnormality which would render it incapable of being used for its designed purpose shall be considered safe.

2. The dimensions, positioning and associated tolerances of corner fittings shall be checked having regard to the lifting and securing systems in which they will function.

Test loads and test procedures

Where appropriate to the design of the container, the following test loads and test procedures shall be applied to all kinds of containers under test:

1. Lyfting.

Gámi sem hlaðinn hefur verið með fyrirskipuðum hætti skal lyft þannig að ekki verki á hann nein teljandi þyngdarhröðun. Eftir að gáminum er lyft skal hann látinn hanga eða undir hann stutt í fimm mínútur en síðan slakað niður á jörðina á ný.

(A) Lyfting á hornfestingum.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	(i) Lyfting á efri hornfestingum:
Jafndreift álag, þannig að samanlögð þyngd gáms og hleðslu sé jöfn 2R. Í tilviki tankgáms, þegar prófunarþyngd hleðslunnar að viðbættri töruþyngd er minni en 2R, skal dreifa viðbótarþyngd að því marki sem upp á vantar á alla lengd gámsins.	Á gáma, sem eru lengri en 3000 mm (10 fet) (að nafngildi) skal lyftikraftinum beitt lóðrétt á festingarnar á öllum fjórum efri hornunum. Á gáma, sem eru 3000 mm (10 fet) að lengd eða minni (að nafngildi), skal lyftikraftinum beitt á festingarnar á öllum fjórum efri hornunum, þannig að hornið milli lyftibúnaðarins og lóðréttrar stefnu sé 30°.
Utanávirkandi kraftar:	(ii) Lyfting á neðri hornfestingum:
Þannig að þeir lyfti samanlagðri þyngd 2R á þann hátt sem gert er ráð fyrir (í dálkinum „aðferðir við prófun“).	Lyftikröftunum skal beitt á gáma þannig að lyftibúnaðurinn taki aðeins á neðri hornunum. Lyftikröftunum skal beita sem hér segir og er stefnuhorn átaksins miðað við láréttan flöt: 30° við gáma sem eru 12000 mm (40 fet) að lengd eða stærri (að nafngildi). 37° við gáma sem eru 9000 mm (30 fet) að lengd og stærri, allt að 12000 mm (40 fet) (að nafngildi). 45° við gáma sem eru 6000 mm (20 fet) og stærri, allt að 9000 mm (30 fet) (að nafngildi). 60° við gáma sem eru minni en 6000 mm (20 fet) (að nafngildi).

1. Lifting

The container, having the prescribed internal loading, shall be lifted in such a way that no significant acceleration forces are applied. After lifting, the container shall be suspended or supported for five minutes and then lowered to the ground.

(A) Lifting from corner fittings

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading: A uniformly distributed load such that the combined weight of container and test load is equal to 2R. In the case of a tank-container, when the test weight of the internal load plus the tare weight is less than 2R, a supplementary load distributed over the length of the tank is to be applied to the container.	(i) Lifting from corner fittings: Containers greater than 3,000 m (10 ft) (nominal) in length shall have lifting forces applied vertically at all four top corner fittings. Containers of 3,000 mm (10 ft) (nominal) in length shall have lifting forces applied at all four top corner fittings, in such a way that the angle between each lifting device and the vertical shall be 30°.
Externally applied forces: Such as to lift the combined weight of 2R in the manner prescribed (under the heading "Test procedures").	(ii) Lifting from bottom corner fittings: Containers shall have lifting forces applied in such a manner that the lifting devices bear on the bottom corner fittings only. The lifting forces shall be applied at angles to the horizontal of: 30° for containers of length 12,000 m (40 ft) (nominal) or greater. 37° for containers of length 9,000 m (30 ft) (nominal) and up to but not including 12,000 m (30 ft) (nominal). 45° for containers of length 6,000 m (20 ft) (nominal) and up to but not including 9,000 m (30 ft) (nominal). 60° for containers of less than 6,000 m (20 ft) (nominal).

(B) Lyfting með öðrum hætti.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	(i) Lyfting á lyftigötum:
Jafndreift álag, þannig að samanlögð þyngd gáms og hleðslu sé jöfn og 1,25R. Í tilviki tankgáms, þegar prófunarþyngd hleðslunnar að viðbættri töruþyngd er minni en 1,25R, skal dreifa viðbótarþyngd að því marki sem upp á vantar á alla lengd gámsins.	Gáminn skal setja á slár sem eru á sama lárétta fleti. Slá er sett mitt inn í hvert lyftislíður gaffallyftara sem notað er við að lyfta gáminum hlöðnum. Slárnar skulu vera jafn breiðar og gafflarnir sem ráðgert er að nota og skulu ná inn í lyftislíðrið sem nemur 75% af dýpt þess.
Utanávirkandi kraftar:	(ii) Lyfting á átaksflötum griparma:
Þannig að þeir lyfti samanlagðri þyngd 1,25R á þann hátt, sem gert er ráð fyrir (í dálkinum „aðferðir við prófun").	Setja skal gáminn á þófa sem eru á sama lárétta fleti, einn undir hvern átaksflöt griparms. Þessir þófar skulu vera af sömu stærð og átaksflötur griparmanna sem ráðgert er að nota.

(iii) Aðrar aðferðir:

Ef gámar eru svo hannaðir að þeim megi lyfta hlöðnum á einhvern annan hátt, en getið er í (A) eða (B) (i) og (ii) skulu þeir ennfremur einnig prófaðir hlaðnir og undir álagi utanávirkandi krafta sem svara til þeirra þyngdarhröðunaraðstæðna sem við eiga um þá lyftingaraðferð.

2. Stöflun.

1. Við þær aðstæður í millilandaflutningum að í hámarks þyngdarhröðunarkröftum eru veruleg frávik frá 1,8 g og þegar notkun gámsins er með öruggum og áreiðanlegum hætti takmörkuð við flutninga við slíkar aðstæður má breyta stöflunarálaginu í hlutfalli við breytinguna á þyngdarhröðuninni.
2. Eftir að þessari prófun er lokið að fullu má flokka gáminn samkvæmt leyfilegu álögðu stöflunarálagi í kyrrstöðu, og skal skrá það á öryggisskiltið undir fyrirsögninni LEYFILEGT STÖFLUNARÁLAG VIÐ 1,8 g (kg og lbs).

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	
Jafndreift álag, þannig að samanlögð þyngd gáms og hleðslu sé jöfn 1,8R. Tankgáma má prófa tóma, sem umbúðir (töru).	Gáminn, með fyrirlagðri hleðslu, skal setja á fjóra lárétta þófa, sem hvíla á láréttum, föstum fleti, einn undir hverri festingu á hornunum eða öðru því sem er í þeirra stað. Þófarnir skulu hafðir undir miðjum festingunum og skulu vera af sem næst sömu flatarstærð og festingarnar.
Utanávirkandi kraftar:	Sérhverjum utanávirkandi krafti skal beitt á hverja hornfestingu með samsvarandi prófunarfestingu eða með þófa af sömu flatarstærð. Prófunarfestingunni eða þófanum skal hliðrað gagnvart efri hornfestingu gámsins um 25 mm (1 þumlung) þversum og 38 mm ($1^1/_2$ þumlung) langsum.
Þannig að hvert af fjórum efri hornunum fái lóðrétt álag niður á við sem er jafnt og 1/4 x 1,8 x leyfilegt stöflunarálag í kyrrstöðu.	

(B) Lifting by any other additional methods

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading: A uniformly distributed load such that the combined weight of container and test load is equal to 1.25R. In the case of a tank container, when the test weight of the internal load plus the tare weight is less than 1.25R, a supplementary load distributed over the length of the tank is to be applied to the container.	(i) Lifting from fork-lift pockets: The container shall be placed on bars which are in the same horizontal plane, one bar centered within each fork-lift pocket which is used for lifting the loaded container. The bars shall be of the same width as the forks intended to be used in the handling, and shall project into the fork pocket 75% of the length of the fork pocket.
Externally applied forces: Such as to lift the combined weight of 1.25R in the manner prescribed (under the heading "Test procedures").	(ii) Lifting from grappler arm positions: The container shall be placed on pads in the same horizontal plane, one under each grappler arm position. These pads shall be of the same size as the lifting area of the grappler arms intended to be used.

(iii) Other methods:

Where containers are designed to be lifted in the loaded condition by any method not mentioned in (A) or (B)(i) and (II) they shall also be tested with the internal loading and externally applied forces representative of the acceleration conditions appropriate to that method.

2. Stacking

1. For conditions of international transport where the maximum vertical acceleration vary significantly from 1.8 g and when the container is reliably and effectively limited to such conditions of transport, the stacking load may be varied by the appropriate ratio of acceleration forces.
2. On successful completion of this test the container may be rated for the allowable superimposed static stacking weight, which should be indicated on the Safety Approval Plate against the heading ALLOWABLE STACKING WEIGHT FOR 1.8 g (kg and lb).

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading: A uniformly distributed load such that the combined weight of container and test load is equal to 1.8R. Tank-containers may be tested in the tare condition.	The container, having the prescribed internal loading, shall be placed on four level pads which are in turn supported on a rigid horizontal surface, one under each bottom corner fitting or equivalent corner structure. The pads shall be centralized under the fittings and shall be of approximately the same plan dimensions as the fittings.
Externally applied forces: Such as to subject each of the four top corner fittings to a vertical downward force equal to 0.25 X 1.8 X the allowable superimposed static stacking weight.	Each externally applied force shall be applied to each of the corner fittings through a corresponding test corner fitting or through a pad of the same plan dimensions. The test corner fitting or pad shall be offset with respect to the top corner fitting of the container by 25 mm (1 in) laterally and 38 mm ($1^1/_2$ in) longitudinally.

3. Punktálag.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
	(a) Á þak.
Hleðsla í gám:	
Engin.	
Utanávirkandi kraftar:	
300 kg punktálag (660 lbs) jafndreift yfir flöt sem er 600 mm x 300 mm (24x12 þuml.).	Utanávirkandi kröftum skal beitt lóðrétt niður á ytra borð veikbyggðasta hluta gámþaksins.
	(b) Á gólf.
Hleðsla í gám:	
Tvenns konar punktálag, hvort um sig 2730 kg (6000 lbs) og hvoru um sig beitt á gólf gámsins á snertiflöt sem er 142 cm^2 (22 ferþuml.).	Prófunina skal gera þannig að gámurinn hvíli á fjórum jafnháum stoðum undir hverju horni botnsins, þannig að botn gámsins hafi nægjanlegt rými til að svigna. Farið skal yfir allt gólfið í gáminum með hlaðinn prófunarbúnað, þannig að álagið sé 5460 kg (12000 lbs), það er , 2730 kg (6000 lbs), hvíli á hvorum snertifletinum sem til samans eru 284 cm^2 (44 ferþuml.), það er 142 cm^2 (22 ferþuml.) hvor snertiflötur. Breidd snertiflatanna skal vera 180 mm (7 þuml.) og bilið milli þeirra 760 mm (30 þuml.) frá miðju í miðju.
Utanávirkandi kraftar:	
Engir.	

3. Concentrated loads

Test loadings and applied forces	Test procedures
(a) On roof	
Internal loading:	
None.	
Externally applied forces:	
A concentrated load of 300 kg (600 lb) uniformly distributed over an area of 600 mm x 300 mm (24 in x 12 in).	The externally applied forces shall be applied vertically downwards to the outer surface of the weakest area of the roof of the container.
(b) On floor	
Internal loading:	
Two concentrated loads each of 2,730 kg (6000 lb) and each applied to the container floor through a contact area of 142 cm2 (22 sq in).	The test should be made with the container resting on four level supports under its four bottom corners in such a manner that the base structure of the container is free to deflect. A testing device loaded to a weight of 5,460 kg (12,000 lb) that is 2,730 kg (6000 lb) on each of two surfaces having, when loaded, a total contact area of 284 cm^2 (44 sq in) that is 142 cm^2 (22 sq in) on each surface, the surface width being 180 mm (7 in) spaced 760 mm (30 in) apart, centre to centre, should be manoeuvred over the entire floor area of the container.
Externally applied forces:	
None.	

4. Liðun til hliðar.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	
Engin.	Tóman gám skal setja á fjórar láréttar stoðir, eina undir hvert horn botnsins. Gámurinn er skorðaður gegn láréttum og lóðréttum hreyfingum með sérstökum festibúnaði sem er þannig að hann hindrar lárétta hreyfingu aðeins á því neðra horni botnsins sem er í hornalínu gegn því horni sem kraftinum er beitt að.
Utanávirkandi kraftar:	
Þannig að þeir sveigi endaeiningar gámsins út til hliðar. Kraftarnir skulu vera jafnir þeim sem gámurinn er hannaður til að standast.	Utanávirkandi kröftum skal beitt á báðar efri hornfestingar sömu hliðar gámsins annaðhvort hvora í sínu lagi eða báðar samtímis og eftir stefnum sem eru bæði samsíða botni og gaflfleti gámsins. Kröftunum skal fyrst beitt að og síðan frá festingunum á efri hornunum. Ef báðir gaflar gáms eru samhverfir um eigin lóðrétta miðlínu þarf aðeins að prófa aðra hliðina, en prófa skal báðar hliðar gáms sem hefir ósamhverfa gafla.

5. Álag langsum.

Við hönnun og smíði gáma ber að hafa hugfast að þegar þeir eru fluttir landleiðis geta þeir orðið fyrir hröðunarálagi sem nemur 2 g í lárétta stefnu langsum.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	
Jafndreift álag, þannig að samanlögð þyngd gáms og hleðslu sé jöfn hámarks leyfilegri brúttóþyngd í notkun eða skráningarstiginu R. Þegar um er að ræða tankgám og þyngd hleðslunnar, að viðbættri töruþyngd, er minni en hámarksbrúttóþyngd í notkun eða skráningarstigið, R, skal auka við hleðslu gámsins.	Gámurinn, með fyrirskipaðri hleðslu, skal skorðaður með því að festa tvær neðri hornfestingar, eða jafngildi þeirra, á annan gaflinn, í viðeigandi festingar.
Utanávirkandi kraftar:	
Þannig að hver hlið gámsins verði fyrir langsum þrýsti- og þanálagi að styrkleika R, það er að samanlagður kraftur sé 2R á allan botn gámsins.	Utanávirkandi kröftum skal beitt að og síðan frá festingum. Báðar hliðar gámsins skulu prófaðar.

4. Transverse racking

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading:	
None	The container in tare condition shall be placed on four level supports, one under each bottom corner, and shall be restrained against lateral and vertical movement by means of anchor devices so arranged that the lateral restraint is provided only at the bottom corners diagonally opposite to those at which the forces are applied.
Externally applied forces:	
Such as to rack the end structures of the container sideways. The forces shall be equal to those for which the container was designed.	The externally applied forces shall be applied either separately or simultaneously to each of the top corner fittings on one side of the container in lines parallel both to the base and to the planes of the ends of the container. The forces shall be applied first towards and then away from the top corner fittings. In the case of containers in which each end is symmetrical about its own vertical centreline, one side only need be tested, but both sides of containers with asymmetric ends shall be tested.

5. Longitudinal restraint (Static test)

When designing and constructing containers, it must be borne in mind that containers, when carried by inland modes of transport, may sustain accelerations of 2 g applied horizontally in a longitudinal direction.

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading:	
A uniformly distributed load, such that the combined weight of a container and test load is equal to the maximum operating gross weight or rating, R. In the case of a tank-container, when the weight of the internal load plus the tare is less than the maximum gross weight or rating, R, a supplementary load is to be applied to the container.	The container, having the prescribed internal loading, shall be restrained longitudinally be securing the two bottom corner fittings or equivalent corner structures at one end to suitable anchor points.
Externally applied forces:	
Such as to subject each side of the container to longitudinal compressive and tensile forces of magnitude R, that is, a combined force of 2R on the base of the container as a whole.	The externally applied forces shall be applied first towards and then away from the anchor points. Each side of the container shall be tested.

6. Gaflar.

Gaflarnir skulu þola álag, sem er ekki minna en 0,4 sinnum hámarks leyfileg hleðsla í notkun. Ef gaflarnir eru hins vegar hannaðir til þess að þola meira eða minna álag en 0,4 sinnum hámarks leyfilega hleðslu í notkun þá skal það styrkleikagildi skráð á öryggisskiltið í samræmi við 1. reglu í I. viðauka.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	
Þannig að hún orsaki jafndreift álag á innri hlið gafls 0,4 P, eða hvert annað álag sem gámurinn er hannaður til að þola.	Fyrirlagðri hleðslu skal beitt sem hér segir: Báðir gaflar gáms skulu prófaðir, nema þar sem gaflarnir eru eins, en þar þarf aðeins að prófa annan gaflinn. Gafla gáma, sem hafa ekki opnar hliðar eða hliðarhurðir, má prófa hvorn fyrir sig eða báða samtímis. Gafla gáma, sem hafa opnar hliðar eða hliðarhurðir, skal prófa hvorn fyrir sig. Þegar gaflar eru prófaðir hvor fyrir sig skal einungis meta áhrif álagsins á burðargrind gámsins.
Utanávirkandi kraftar:	
Engir.	

7. Hliðarveggir.

Hliðarveggir skulu þola álag sem er ekki minna en 0,6 sinnum hámarks leyfileg hleðsla í notkun. Ef hliðarveggirnir eru hins vegar hannaðir til þess að þola álag, sem er minna eða meira en 0,6 sinnum hámarks leyfileg hleðsla í notkun, skal það skráð á öryggisskiltið í samræmi við 1. reglu í I. viðauka.

Hleðsla og álag	Aðferðir við prófun
Hleðsla í gám:	
Þannig að hún orsaki jafndreift álag á innri hlið hliðarveggjar 0,6 P, eða hvert það annað álag sem gámurinn er hannaður til að þola.	Tilskilinni hleðslu skal beitt sem hér segir: Báðar hliðar gáms skulu prófaðar, nema þar sem hliðarnar eru eins en þar þarf aðeins að prófa aðra hliðina. Hliðarveggi skal prófa hvorn í sínu lagi og skal mótstaðan gegn hleðslunni vera í hornfestingum, eða jafngildi þeirra. Gámar, sem eru opnir að ofan, skulu prófaðir í því ástandi sem þeir eru hannaðir til að vera í við notkun, t.d. með þakeiningar á sínum stað sem hægt er að fjarlægja.
Utanávirkandi kraftar:	
Engir.	

6. End-Walls

The end-walls should be capable of withstanding a load of not less than 0.4 times the maximum permissible payload. If, however, the end-walls are designed to withstand a load of less or greater than 0.4 times the maximum permissible payload such a strength factor shall be indicated on the Safety Approval Plate in accordance with annex I, regulation I.

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading:	
Such as to subject the inside of an end-wall to a uniformly distributed load of 0.4P or such other load for which the container may be designed.	The prescribed internal loading shall be applied as follows: Both ends of a container shall be tested except that where the ends are identical only one end need be tested. The end-walls of containers which do not have open sides or side doors may be tested separately or simultaneously. The end-walls of containers which do have open sides or side doors should be tested separately. When the ends are tested separately the reactions to the forces applied to the end-wall shall be confined to the base structure of the container.
Externally applied forces:	
None.	

7. Side-Walls

The side-walls should be capable of withstanding a load of not less than 0.6 times the maximum permissible payload. If, however, the side-walls are designed to withstand a load of less or greater than 0.6 times the maximum permissible payload, such a strength factor shall be indicated on the Safety Approval Plate in accordance with annex I, regulation 1.

Test loadings and applied forces	Test procedures
Internal loading:	
Such as to subject the inside of a side-wall to a uniformly distributed load of 0.6P or such other load for which the container may be designed.	The prescribed internal loading shall be applied as follows: Both sides of a container shall be tested except that where the sides are identical only one side need be tested. Side-walls shall be tested separately and the reactions to the internal loading shall be confined to the corner fittings or equivalent corner structures. Open-topped containers shall be tested in the condition in which they are designed to be operated for example, with removable top members in position.
Externally applied forces:	
None	

AUGLÝSING

um Baselsamning um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.

Hinn 28. júní 1995 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna Baselsamnings um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra sem gerður var í Basel 22. mars 1989. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 26. september 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

BASELSAMNINGUR um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.

Inngangsorð.

Aðilar að samningi þessum,

sem gera sér grein fyrir þeirri hættu á skaða á heilsu manna og umhverfi sem hlotist getur af spilliefnum og öðrum úrgangi og flutningi á slíkum úrgangi milli landa,

sem gera sér ljósa hina vaxandi ógn fyrir heilsu manna og umhverfi sem stafar af aukinni framleiðslu og margbreytileika spilliefna og annars úrgangs, og flutnings slíks úrgangs milli landa,

sem gera sér einnig ljóst að til að vernda heilsu manna og umhverfi fyrir þeim hættum sem stafa af slíkum úrgangi er áhrifaríkast að draga eins og unnt er bæði úr framleiðslu hans og/eða þeirri hættu sem af honum stafar,

sem eru sannfærðir um að ríkjum beri að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að meðferð spilliefna og annars úrgangs, þar á meðal flutningur úrgangsins milli landa og förgun sé í samræmi við kröfur um verndun á heilsu manna og umhverfi, hvar sem förgunin á sér stað,

sem vekja athygli á að ríkjum ber að sjá til þess að framleiðendum úrgangs sé falið að sinna þeirri skyldu að flytja og farga spilliefnum og öðrum úrgangi með þeim hætti að það samræmist umhverfisvernd, hvar sem förgunin á sér stað,

sem viðurkenna til fulls að sérhvert ríki eigi fullveldisrétt til að banna að spilliefni og annar

BASEL CONVENTION on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal

Preamble

The Parties to this Convention,

Aware of the risk of damage to human health and the environment caused by hazardous wastes and other wastes and the transboundary movement thereof,

Mindful of the growing threat to human health and the environment posed by the increased generation and complexity, and transboundary movement of hazardous wastes and other wastes,

Mindful also that the most effective way of protecting human health and the environment from the dangers posed by such wastes is the reduction of their generation to a minimum in terms of quantity and/or hazard potential,

Convinced that States should take necessary measures to ensure that the management of hazardous wastes and other wastes including their transboundary movement and disposal is consistent with the protection of human health and the environment whatever the place of their disposal,

Noting that States should ensure that the generator should carry out duties with regard to the transport and disposal of hazardous wastes and other wastes in a manner that is consistent with the protection of the environment, whatever the place of disposal,

Fully recognizing that any State has the sovereign right to ban the entry or disposal of for-

úrgangur erlendis frá sé fluttur til yfirráðasvæðis síns eða fargað þar,

sem taka undir vaxandi óskir um bann við því að spilliefni séu flutt og þeim fargað í öðrum löndum, einkum þróunarlöndum,

sem eru ákveðið þeirrar skoðunar að spilliefnum og öðrum úrgangi beri, að því marki sem samrýmist meðferð sem er umhverfisvæn og skilvirk, að farga í því landi þar sem framleiðslan átti sér stað,

sem gera sér einnig ljóst að aðeins ber að leyfa flutning slíks úrgangs frá framleiðsluríki hans til annars lands fari flutningurinn fram við aðstæður sem ógna ekki heilsu manna og umhverfi, og sem samræmist ákvæðum samnings þessa,

sem telja að bætt eftirlit með flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa muni stuðla að umhverfisvænni meðferð hans og að því að draga úr slíkum flutningum milli landa,

sem eru ákveðið þeirrar skoðunar að ríkjum beri að gera fullnægjandi ráðstafanir til að skiptast á upplýsingum um og hafa eftirlit með flutningi spilliefna og annars úrgangs til og frá þeim,

sem veita því athygli að í ýmsum alþjóðlegum og svæðisbundum samningum hefur verið tekið á málefnum er varða vernd og varðveislu umhverfisins með tilliti til flutnings á hættulegum vörum,

sem hafa hliðsjón af yfirlýsingu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins (Stokkhólmi 1972), Kaíró-leiðbeiningarreglnanna um umhverfisvæna meðferð spilliefna sem samþykktar voru af framkvæmdaráði Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) með ákvörðun nr. 14/30 17. júní 1987, ályktunum sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum (samdar árið 1957 og uppfærðar á tveggja ára fresti), ályktunum, yfirlýsingum, samningum og reglum um þetta efni sem samþykkt hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og þeirrar vinnu og rannsókna sem fram hefur farið á vegum annarra alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana,

sem hafa í huga anda, reglur, markmið og hlutverk alþjóðlega náttúruverndarsáttmálans sem samþykktur var á 37. allsherjarþingi Sam-

eign hazardous wastes and other wastes in its territory,

Recognizing also the increasing desire for the prohibition of transboundary movements of hazardous wastes and their disposal in other States, especially developing countries,

Convinced that hazardous wastes and other wastes should, as far as is compatible with environmentally sound and efficient management, be disposed of in the State where they were generated,

Aware also that transboundary movements of such wastes from the State of their generation to any other State should be permitted only when conducted under conditions which do not endanger human health and the environment, and under conditions in conformity with the provisions of this Convention,

Considering that enhanced control of transboundary movement of hazardous wastes and other wastes will act as an incentive for their environmentally sound management and for the reduction of the volume of such transboundary movement,

Convinced that States should take measures for the proper exchange of information on and control of the transboundary movement of hazardous wastes and other wastes from and to those States,

Noting that a number of international and regional agreements have addressed the issue of protection and preservation of the environment with regard to the transit of dangerous goods,

Taking into account the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment (Stockholm, 1972), the Cairo Guidelines and Principles for the Environmentally Sound Management of Hazardous Wastes adopted by the Governing Council of the United Nations Environment Programme (UNEP) by decision 14/30 of 17 June 1987, the Recommendations of the United Nations Committee of Experts on the Transport of Dangerous Goods (formulated in 1957 and updated biennially), relevant recommendations, declarations, instruments and regulations adopted within the United Nations system and the work and studies done within other international and regional organizations,

Mindful of the spirit, principles, aims and functions of the World Charter for Nature adopted by the General Assembly of the United

einuðu þjóðanna (1982), sem siðferðislegan grunn fyrir verndun umhverfis mannsins og varðveislu náttúruauðlinda,

sem staðfesta að ríkjum ber að uppfylla þjóðréttarlegar skyldur sínar um verndun heilsu manna og verndun og varðveislu umhverfisins og bera ábyrgð að þjóðarétti,

sem viðurkenna að sé brotið gegn ákvæðum samnings þessa eða bókana við hann, gildi um það viðeigandi reglur alþjóðasamningaréttar,

sem er ljós sú nauðsyn að halda áfram þróun og nýtingu á umhverfisvænni og úrgangslítilli tækni, endurvinnslumöguleikum, góðum heimilisháttum og stjórnunarkerfum til þess að draga sem mest úr framleiðslu spilliefna og annars úrgangs,

sem er einnig ljós vaxandi áhersla á alþjóðavettvangi á nauðsyn þess að hafa strangt eftirlit með flutningi spillefna og annars úrgangs milli landa og nauðsyn þess að draga úr slíkum flutningi eins og unnt er,

sem hafa áhyggjur af ólöglegum flutningi spillefna og annars úrgangs milli landa,

sem hafa einnig hliðsjón af takmörkuðum möguleikum þróunarlanda til meðferðar á spilliefnum og öðrum úrgangi,

sem viðurkenna þörfina á að efla tæknimiðlun sem stuðlar að umhverfisvænni meðferð spilliefna og annars úrgangs sem framleiddur er staðbundið, einkum til þróunarlanda í samræmi við anda Kaíró-leiðbeiningarreglnanna og ákvörðun framkvæmdaráðs Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna nr. 14/16 um eflingu miðlunar á umhverfisverndartækni,

sem viðurkenna einnig að flytja ber spillefni og annan úrgang á þann hátt sem mælt er fyrir um í viðeigandi alþjóðasamningum og ályktunum,

sem eru sannfærðir um að aðeins beri að leyfa viðeigandi flutning á spilliefnum og öðrum úrgangi milli landa þegar flutningur og endanleg förgun á slíkum úrgangi er umhverfisvæn, og

sem eru staðráðnir í að vernda, með ströngu eftirliti, heilsu manna og umhverfi fyrir neikvæðum áhrifum sem framleiðsla og meðferð spillefna og annars úrgangs kann að valda,

Nations at its thirty-seventh session (1982) as the rule of ethics in respect of the protection of the human environment and the conservation of natural resources,

Affirming that States are responsible for the fulfilment of their international obligations concerning the protection of human health and protection and preservation of the environment, and are liable in accordance with international law,

Recognizing that in the case of a material breach of the provisions of this Convention or any protocol thereto the relevant international law of treaties shall apply,

Aware of the need to continue the development and implementation of environmentally sound low-waste technologies, recycling options, good house- keeping and management systems with a view to reducing to a minimum the generation of hazardous wastes and other wastes,

Aware also of the growing international concern about the need for stringent control of transboundary movement of hazardous wastes and other wastes, and of the need as far as possible to reduce such movement to a minimum,

Concerned about the problem of illegal transboundary traffic in hazardous wastes and other wastes,

Taking into account also the limited capabilities of the developing countries to manage hazardous wastes and other wastes,

Recognizing the need to promote the transfer of technology for the sound management of hazardous wastes and other wastes produced locally, particularly to the developing countries in accordance with the spirit of the Cairo Guidelines and decision 14/16 of the Governing Council of UNEP on Promotion of the transfer of environmental protection technology,

Recognizing also that hazardous wastes and other wastes should be transported in accordance with relevant international conventions and recommendations

Convinced also that the transboundary movement of hazardous wastes and other wastes should be permitted only when the transport and the ultimate disposal of such wastes is environmentally sound, and

Determined to protect, by strict control, human health and the environment against the adverse effects which may result from the generation and management of hazardous wastes and other wastes,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Gildissvið samningsins.

1. Í samningi þessum telst eftirfarandi úrgangur sem fluttur er milli landa vera „spilliefni“:

a. úrgangur í einhverjum þeirra flokka sem taldir eru upp í I. viðauka, nema hann hafi ekki neina þá eiginleika sem taldir eru í III. viðauka; og

b. úrgangur sem ekki fellur undir a-lið, en er skilgreindur eða álitinn vera spilliefni samkvæmt landslögum þess aðila þar sem útflutningur, innflutningur eða viðkoma á sér stað.

2. Í samningi þessum telst úrgangur í einhverjum þeirra flokka sem taldir eru í II. viðauka og fluttir eru á milli landa vera „annar úrgangur“.

3. Samningur þessi tekur ekki til úrgangs sem vegna geislavirkni er háður öðru alþjóðlegu eftirliti, þar á meðal þjóðréttarlegum gerningum, sem sérstaklega gilda um geislavirk efni.

4. Samningur þessi tekur ekki til úrgangs sem fellur til í venjulegum rekstri skipa og aðrir þjóðréttarlegir gerningar fjalla um losun á.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

1. „Úrgangur“ efni eða hluti sem fargað er, ráðgert er að farga eða sem ber að farga samkvæmt ákvæðum landslaga.

2. „Meðferð“ söfnun, flutning og förgun á spilliefnum og öðrum úrgangi, þar með talin eftirmeðferð á förgunarstað.

3. „Flutningur milli landa“ flutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi frá svæði í lögsögu eins ríkis til eða um svæði í lögsögu annars ríkis, eða til eða um svæði sem ekki er í lögsögu neins ríkis, enda varði flutningurinn að minnsta kosti tvö ríki.

4. „Förgun“ hverja þá aðgerð sem tilgreind er í IV. viðauka.

5. „Viðurkenndur viðtökustaður eða aðstaða“ stað eða aðstöðu til förgunar á spilliefnum eða öðrum úrgangi þar sem slíkt er gert samkvæmt heimild eða leyfi viðeigandi stjórnvalds þess ríkis sem staðurinn eða aðstaðan er í.

have agreed as follows:

Article 1
Scope of the Convention

1. The following wastes that are subject to transboundary movement shall be “hazardous wastes” for the purposes of this Convention:

(a) Wastes that belong to any category contained in Annex I, unless they do not possess any of the characteristics contained in Annex III; and

(b) Wastes that are not covered under paragraph (a) but are defined as, or are considered to be, hazardous wastes by the domestic legislation of the Party of export, import or transit.

2. Wastes that belong to any category contained in Annex II that are subject to transboundary movement shall be “other wastes” for the purposes of this Convention.

3. Wastes which, as a result of being radioactive, are subject to other international control systems, including international instruments, applying specifically to radioactive materials, are excluded from the scope of this Convention.

4. Wastes which derive from the normal operations of a ship, the discharge of which is covered by another international instrument, are excluded from the scope of this Convention.

Article 2
Definitions

For the purposes of this Convention:

1. “Wastes” are substances or objects which are disposed of or are intended to be disposed of or are required to be disposed of by the provisions of national law;

2. “Management” means the collection, transport and disposal of hazardous wastes or other wastes, including after-care of disposal sites;

3. “Transboundary movement” means any movement of hazardous wastes or other wastes from an area under the national jurisdiction of one State to or through an area under the national jurisdiction of another State or to or through an area not under the national jurisdiction of any State, provided at least two States are involved in the movement;

4. “Disposal” means any operation specified in Annex IV to this Convention;

5. “Approved site or facility” means a site or facility for the disposal of hazardous wastes or other wastes which is authorized or permitted to operate for this purpose by a relevant authority of the State where the site or facility is located;

6. „Lögbært stjórnvald“ eitt stjórnvald sem aðili tilnefnir til að bera ábyrgð á móttöku tilkynninga um flutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi milli landa innan þess landsvæðis sem aðilinn kann að ákveða, svo og öllum upplýsingum sem varða flutninginn og til að svara slíkri tilkynningu, svo sem mælt er fyrir um í 6. gr.

7. „Tengiliður“ þá stofnun aðila sem fjallað er um í 5. gr. og falið er að taka við og veita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 13. og 16. gr.

8. „Umhverfisvæn meðferð spilliefna og annars úrgangs“ að gripið sé til allra raunhæfra aðgerða til að sjá til þess að farið sé með spilliefni og annan úrgang þannig að heilsa manna og umhverfi njóti verndar gegn hugsanlegum neikvæðum áhrifum frá slíkum úrgangi.

9. „Svæði undir lögsögu ríkis“ hvert það landsvæði, hafsvæði eða loftrými þar sem ríki hefur samkvæmt þjóðarrétti með höndum stjórnsýslu og lagasetningu varðandi vernd á heilsu manna og umhverfi.

10. „Útflutningsríki“ aðila sem ráðgert er að flutningur milli landa á spilliefnum eða öðrum úrgangi hefjist frá eða sem slíkur flutningur er hafinn frá.

11. „Innflutningsríki“ aðila sem ráðgert er að flutningur milli landa á spillefnum eða öðrum úrgangi fari til, eða sem slíkur flutningur er hafinn til, í því skyni að farga þar eða lesta fyrir förgun á svæði sem ekki lýtur lögsögu neins ríkis.

12. „Viðkomuríki“ hvert það ríki, annað en útflutnings- eða innflutningsríkið, þar sem ráðgert er að flutningur spilliefna eða annars úrgangs fari um eða þar sem slíkur flutningur fer um.

13. „Ríki sem í hlut eiga“ aðila sem eru inneða útflutningsríki, eða viðkomuríki hvort sem þau eru aðilar eða ekki.

14. „Persóna“ einstakling eða lögaðila.

15. „Útflytjandi“ sérhverja persónu sem lýtur lögsögu útflutningsríkis og skipuleggur útflutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi.

16. „Innflytjandi“ sérhverja persónu sem lýtur lögsögu innflutningsríkis og skipuleggur innflutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi.

6. “Competent authority” means one governmental authority designated by a Party to be responsible, within such geographical areas as the Party may think tit, for receiving the notification of a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes, and any information related to it, and for responding to such a notification, as provided in Article 6;

7. “Focal point” means the entity of a Party referred to in Article 5 responsible for receiving and submitting information as provided for in Articles 13 and 16;

8. “Environmentally sound management of hazardous wastes or other wastes” means taking all practicable steps to ensure that hazardous wastes or other wastes are managed in a manner which will protect human health and the environment against the adverse effects which may result from such wastes;

9. “Area under the national jurisdiction of a State” means any land, marine area or airspace within which a State exercises administrative and regulatory responsibility in accordance with international law in regard to the protection of human health or the environment;

10. “State of export” means a Party from which a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes is planned to be initiated or is initiated;

11. “State of import” means a Party to which a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes is planned or takes place for the purpose of disposal therein or for the purpose of loading prior to disposal in an area not under the national jurisdiction of any State;

12. “State of transit” means any State, other than the State of export or import, through which a movement of hazardous wastes or other wastes is planned or takes place;

13. “States concerned” means Parties which are States of export or import, or transit States, whether or not Parties;

14. “Person” means any natural or legal person;

15. “Exporter” means any person under the jurisdiction of the State of export who arranges for hazardous wastes or other wastes to be exported;

16. “Importer” means any person under the jurisdiction of the State of import who arranges for hazardous wastes or other wastes to be imported;

17. „Flytjandi“ sérhverja persónu sem flytur spilliefni eða annan úrgang.

18. „Framleiðandi“ sérhverja persónu sem hefur með höndum starfsemi sem framleiðir spilliefni eða annan úrgang, en sé ekki vitað hver hún er, þá sú persóna sem hefur úrgang í vörslu sinni og/eða umsjá.

19. „Förgunaraðili“ sérhverja persónu sem spilliefni eða annar úrgangur er sendur til, og sem tekur að sér að farga honum.

20. „Svæðisstofnun um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu“ stofnun sem fullvalda ríki hafa sett á fót og aðildarríki hafa veitt vald til að fara með málefni sem samningur þessi tekur til og sem í samræmi við gildandi starfsreglur innan hennar hefur verið veitt heimild til að undirrita, fullgilda, samþykkja eða staðfesta samning þennan eða gerast aðili að honum.

21. „Ólöglegur flutningur“ flutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi svo sem segir í 9. gr.

17. “Carrier” means any person who carries out the transport of hazardous wastes or other wastes;

18. “Generator” means any person whose activity produces hazardous wastes or other wastes or, if that person is not known, the person who is in possession and/or control of those wastes;

19. “Disposer” means any person to whom hazardous wastes or other wastes are shipped and who carries out the disposal of such wastes;

20. “Political and/or economic integration organization” means an organization constituted by sovereign States to which its member States have transferred competence in respect of matters governed by this Convention and which has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve, formally confirm or accede to it;

21. “Illegal traffic” means any transboundary movement of hazardous wastes or other wastes as specified in Article 9.

3. gr.

Skilgreiningar á spilliefnum í landslögum.

1. Sérhver aðili skal innan sex mánaða frá því að hann hefur gerst aðili að samningi þessum skýra skrifstofu samningsins frá því hvaða úrgangur, annar en sá sem tilgreindur er í I. og II. viðauka, er álitinn vera spilliefni eða skilgreindur sem slíkur í landslögum hans og frá öllum kröfum um hvernig skuli staðið að flutningi á slíkum úrgangi milli landa.

2. Sérhver aðili skal síðan skýra skrifstofunni frá öllum verulegum breytingum á því sem hann hefur veitt upplýsingar um skv. 1. mgr.

3. Skrifstofan skal þegar skýra öllum aðilum frá upplýsingum sem henni hafa borist skv. 1. og 2. mgr.

4. Aðilum ber skylda til að koma upplýsingum sem skrifstofan hefur sent þeim skv. 3. mgr. á framfæri við útflytjendur sína.

Article 3

National Definition of Hazardous Wastes

1. Each Party shall, within six months of becoming a Party to this Convention, inform the Secretariat of the convention of the wastes, other than those listed in Annexes I and II, considered or defined as hazardous under its national legislation and of any requirements concerning transboundary movement procedures applicable to such wastes.

2. Each Party shall subsequently inform the Secretariat of any significant changes to the information it has provided pursuant to paragraph 1.

3. The Secretariat shall forthwith inform all Parties of the information it has received pursuant to paragraphs 1 and 2.

4. Parties shall be responsible for making the information transmitted to them by the Secretariat under paragraph 3 available to their exporters.

4. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. a. Aðilar, sem nýta sér rétt sinn til að banna innflutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi í því skyni að farga honum, skulu skýra öðrum aðilum frá ákvörðun sinni skv. 13. gr.

b. Er aðilar hafa fengið tilkynningu skv. a-lið hér að framan skulu þeir banna útflutning eða synja um útflutningsleyfi á spilliefnum eða

Article 4

General Obligations

1. (a) Parties exercising their right to prohibit the import of hazardous wastes or other wastes for disposal shall inform the other Parties of their decision pursuant to Article 13.

(b) Parties shall prohibit or shall not permit the export of hazardous wastes and other wastes to the Parties which have prohibited the import

öðrum úrgangi til aðila sem bannað hafa innflutning hans.

c. Aðilar skulu banna útflutning eða synja um útflutning á spilliefnum og öðrum úrgangi ef innflutningsríkið fellst ekki á hinn tilgreinda flutning skriflega, enda hafi viðkomandi innflutningsríki ekki bannað innflutning slíkra úrgangsefna.

2. Hver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:

a. tryggja, með hliðsjón af félagslegum, tæknilegum og efnahagslegum þáttum, að dregið sé svo sem kostur er úr framleiðslu spilliefna og annars úrgangs;

b. sjá til þess að viðunandi förgunaraðstaða til umhverfisvænnar meðferðar spilliefna og annars úrgangs sé til staðar sem skal vera staðsett hjá aðilanum ef mögulegt er;

c. sjá til þess að persóna sem annast meðferð spilliefna og annars úrgangs, geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun sem rekja má til spilliefna og annars úrgangs af hans völdum og dragi sem mest úr afleiðingum slíkrar mengunar, ef upp kemur, fyrir heilsu manna og umhverfi;

d. sjá til þess að dregið sé úr flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa á skilvirkan og umhverfisvænan hátt og að í flutningunum sé dregið eins og mögulegt er úr afleiðingum þeim sem úrgangurinn kann að hafa á heilsu manna og umhverfi;

e. leyfa ekki útflutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi til ríkis eða hóps af ríkjum sem eru aðilar að svæðisstofnunum stjórnmálalegrar og/eða efnahagslegrar samvinnu sem eru aðilar að samningnum, sérstaklega ekki til þróunarlanda, sem með lögum hafa bannað allan innflutning, eða ef hann hefur ástæðu til að ætla að meðferð viðkomandi úrgangs verði ekki umhverfisvæn samkvæmt viðmiðum sem aðilar skulu koma sér saman um á fyrsta fundi sínum;

f. krefjast þess að upplýsingar um fyrirhugaðan flutning spilliefna eða annars úrgangs á milli landa séu veittar þeim ríkjum sem í hlut eiga skv. V. viðauka A, til að gerð sé grein fyrir áhrifum hins fyrirhugaða flutnings á heilsu manna og umhverfi;

g. koma í veg fyrir innflutning spilliefna og annars úrgangs, hafi hann ástæðu til að ætla að

of such wastes, when notified pursuant to subparagraph (a) above.

(c) Parties shall prohibit or shall not permit the export of hazardous wastes and other wastes if the State of import does not consent in writing to the specific import, in the case where that State of import has not prohibited the import of such wastes.

2. Each Party shall take the appropriate measures to:

(a) Ensure that the generation of hazardous wastes and other wastes within it is reduced to a minimum, taking into account social, technological and economic aspects;

(b) Ensure the availability of adequate disposal facilities, for the environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes, that shall be located, to the extent possible, within it, whatever the place of their disposal;

(c) Ensure that persons involved in the management of hazardous wastes or other wastes within it take such steps as are necessary to prevent pollution due to hazardous wastes and other wastes arising from such management and, if such pollution occurs, to minimize the consequences thereof for human health and the environment;

(d) Ensure that the transboundary movement of hazardous wastes and other wastes is reduced to the minimum consistent with the environmentally sound and efficient management of such wastes, and is conducted in a manner which will protect human health and the environment against the adverse effects which may result from such movement;

(e) Not allow the export of hazardous wastes or other wastes to a State or group of States belonging to an economic and/or political integration organization that are Parties, particularly developing countries, which have prohibited by their legislation all imports, or if it has reason to believe that the wastes in question will not be managed in an environmentally sound manner, according to criteria to be decided on by the Parties at their first meeting;

(f) Require that information about a proposed transboundary movement of hazardous wastes and other wastes be provided to the States concerned, according to Annex V A, to state clearly the effects of the proposed movement on human health and the environment;

(g) Prevent the import of hazardous wastes and other wastes if it has reason to believe that

ekki verði farið með efnin á umhverfisvænan hátt;

h. hafa samstarf við aðra aðila og stofnanir sem láta sig mál þessi varða, beint og fyrir milligöngu skrifstofunnar, þar á meðal um dreifingu upplýsinga um flutning spilliefna og annars úrgangs milli landa, til þess að bæta umhverfisvæna meðferð slíkra efna og koma í veg fyrir ólöglegan flutning.

3. Aðilarnir líta svo á að ólöglegur flutningur með spilliefni eða annan úrgang sé glæpsamlegur.

4. Hver aðili skal gera viðeigandi lagalegar, stjórnsýslulegar sem og aðrar ráðstafanir til að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd og framfylgja þeim, þar á meðal ráðstafanir til að koma í veg fyrir og refsa fyrir háttsemi sem brýtur gegn honum.

5. Aðili skal ekki leyfa að spilliefni eða annar úrgangur sé fluttur til ríkis sem ekki er aðili eða fluttur inn frá ríki sem ekki er aðili.

6. Aðilar samþykkja að leyfa ekki útflutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi í því skyni að farga honum sunnan 60° suðlægrar breiddar, hvort sem slíkur úrgangur er fluttur milli landa eða ekki.

7. Einnig skal sérhver aðili:

a. banna öllum persónum sem hann hefur lögsögu yfir að flytja spilliefni eða annan úrgang eða farga honum, nema þeim sé heimilt að stunda slíka starfsemi;

b. krefjast þess að spilliefnum og öðrum úrgangi sem flytja skal milli landa sé pakkað og að hann sé merktur og fluttur í samræmi við almennt viðteknar og viðurkenndar alþjóðareglur og -staðla á sviði pökkunar, merkingar og flutninga og að nægilegt tillit sé tekið til alþjóðlega viðurkenndrar framkvæmdar;

c. krefjast þess að spilliefnum og öðrum úrgangi fylgi flutningsskjöl frá þeim stað þar sem flutningur milli landa hefst og til förgunarstaðar.

8. Sérhver aðili skal krefjast þess að meðferð spilliefna og annars úrgangs sem flytja skal út fari fram á umhverfisvænan hátt í innflutningsríkinu eða annars staðar. Aðilar skulu á fyrsta fundi sínum setja tæknilegar leiðbeiningarreglur um umhverfisvæna meðferð úrgangs samkvæmt samningi þessum.

9. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til

the wastes in question will not be managed in an environmentally sound manner;

(h) Co-operate in activities with other Parties and interested organizations, directly and through the Secretariat, including the dissemination of information on the transboundary movement of hazardous wastes and other wastes, in order to improve the environmentally sound management of such wastes and to achieve the prevention of illegal traffic.

3. The Parties consider that illegal traffic in hazardous wastes or other wastes is criminal.

4. Each Party shall take appropriate legal, administrative and other measures to implement and enforce the provisions of this Convention, including measures to prevent and punish conduct in contravention of the Convention.

5. A Party shall not permit hazardous wastes or other wastes to be exported to a non-Party or to be imported from a non-Party.

6. The Parties agree not to allow the export of hazardous wastes or other wastes for disposal within the area south of 60 degrees South latitude, whether or not such wastes are subject to transboundary movement.

7. Furthermore, each Party shall:

(a) Prohibit all persons under its national jurisdiction from transporting or disposing of hazardous wastes or other wastes unless such persons are authorized or allowed to perform such types of operations;

(b) Require that hazardous wastes and other wastes that are to be the subject of a transboundary movement be packaged, labelled, and transported in conformity with generally accepted and recognized international rules and standards in the field of packaging, labelling, and transport, and that due account is taken of relevant internationally recognized practices;

(c) Require that hazardous wastes and other wastes be accompanied by a movement document from the point at which a transboundary movement commences to the point of disposal.

8. Each Party shall require that hazardous wastes or other wastes, to be exported, are managed in an environmentally sound manner in the State of import or elsewhere. Technical guidelines for the environmentally sound management of wastes subject to this Convention shall be decided by the Parties at their first meeting.

9. Parties shall take the appropriate measures

að tryggja að flutningur með spilliefni og annan úrgang milli landa sé því aðeins leyfður ef:

a. útflutningsríkið hefur ekki yfir að ráða nauðsynlegri tækni og nauðsynlegri aðstöðu, möguleikum eða hentugum förgunarstöðum til að unnt sé að farga viðkomandi úrgangsefnum með skilvirkum hætti á umhverfisvænan og skilvirkan hátt; eða

b. þörf er á úrganginum sem hráefni til endur- eða úrvinnslu í innflutningsríkinu; eða

c. sá flutningur milli landa sem um er að ræða sé í samræmi við önnur viðmið er aðilar ákveða að því tilskildu að þau séu ekki andstæð markmiðum samnings þessa.

10. Innflutnings- eða viðkomuríki geta aldrei, hvernig sem á stendur, leyst þau ríki þar sem spilliefni eða annar úrgangur er framleiddur, undan skyldu til að krefjast þess að með úrganginn sé farið á umhverfisvænan hátt.

11. Ekkert í samningi þessum er því til fyrirstöðu að aðili geri viðbótarkröfur, sem samræmast ákvæðum samnings þessa og þjóðréttarreglna, til að vernda enn betur heilsu manna og umhverfið.

12. Samningur þessi hefur í engu áhrif á fullveldisrétt ríkja yfir landhelgi sinni sem stofnast hefur samkvæmt þjóðarétti, fullveldisrétt þann og lögsögu sem ríki eiga yfir efnahagslögsögu sinni og landgrunni að þjóðarétti, né á réttindi og heimildir skipa og loftfara allra ríkja til ferða eins og kveðið er á um í þjóðarétti og fram kemur í þjóðréttarlegum gerningum um það efni.

13. Aðilar skulu taka að sér að athuga reglulega hvort mögulegt sé að draga úr mengun og/eða hugsanlegri mengun af völdum spilliefna og annars úrgangs sem fluttur er til annarra ríkja, einkum til þróunarlanda.

5. gr.
Tilnefning á lögbærum stjórnvöldum og tengiliðum.

Til að greiða fyrir framkvæmd samnings þessa skulu aðilar:

1. Tilnefna eða setja á stofn lögbært stjórnvald, eitt eða fleiri, og einn tengilið. Eitt lögbært stjórnvald skal tilnefnt til að veita viðtöku tilkynningu þegar um viðkomuríki er að ræða.

to ensure that the transboundary movement of hazardous wastes and other wastes only be allowed if:

(a) The State of export does not have the technical capacity and the necessary facilities, capacity or suitable disposal sites in order to dispose of the wastes in question in an environmentally sound and efficient manner; or

(b) The wastes in question are required as a raw material for recycling or recovery industries in the State of import; or

(c) The transboundary movement in question is in accordance with other criteria to be decided by the Parties, provided those criteria do not differ from the objectives of this Convention.

10. The obligation under this Convention of States in which hazardous wastes and other wastes are generated to require that those wastes are managed in an environmentally sound manner may not under any circumstances be transferred to the States of import or transit.

11. Nothing in this Convention shall prevent a Party from imposing additional requirements that are consistent with the provisions of this Convention, and are in accordance with the rules of international law, in order better to protect human health and the environment.

12. Nothing in this Convention shall affect in any way the sovereignty of States over their territorial sea established in accordance with international law, and the sovereign rights and the jurisdiction which States have in their exclusive economic zones and their continental shelves in accordance with international law, and the exercise by ships and aircraft of all States of navigational rights and freedoms as provided for in international law and as reflected in relevant international instruments.

13. Parties shall undertake to review periodically the possibilities for the reduction of the amount and/or the pollution potential of hazardous wastes and other wastes which are exported to other States, in particular to developing countries.

Article 5
Designation of Competent authorities and Focal Point

To facilitate the implementation of this Convention, the Parties shall:

1. Designate or establish one or more competent authorities and one focal point. One competent authority shall be designated to receive the notification in case of a State of transit.

2. Skýra skrifstofunni innan þriggja mánaða frá því er samningurinn öðlast gildi að því er þá varðar, frá því hvaða stjórnsýsluaðila þeir hafa tilnefnt sem tengilið sinn og lögbær stjórnvöld.

3. Skýra skrifstofunni, innan mánaðar frá ákvörðun, um breytingu á tilnefningu sem fram hefur farið skv. 2. mgr.

6. gr.

Millilandaflutningur milli aðila.

1. Útflutningsríki skal tilkynna skriflega eða krefjast þess af framleiðanda eða útflytjanda að hann tilkynni skriflega lögbærum stjórnvöldum þeirra ríkja sem í hlut eiga eftir boðleiðum lögbærs stjórnvalds útflutningsríkisins um allan flutning á spilliefnum eða öðrum úrgangi sem fyrirhugaður er. Í slíkri tilkynningu skulu vera þær yfirlýsingar og upplýsingar sem tilgreindar eru í V. viðauka A á tungumáli sem innflutningsríkið fellst á. Aðeins þarf að senda eina tilkynningu hverju ríki sem í hlut á.

2. Innflutningsríkið skal svara tilkynnanda skriflega hvort flutningurinn er heimilaður með eða án skilyrða, synjað er leyfi til flutningsins, eða frekari upplýsinga er óskað. Samrit af endanlegu svari innflutningsríkisins skal sent lögbærum stjórnvöldum þeirra ríkja sem í hlut eiga og aðilar eru.

3. Útflutningsríkið skal ekki heimila framleiðanda eða útflytjanda að hefja millilandaflutninginn fyrr en það hefur fengið skriflega staðfestingu á:

a. að tilkynnandinn hafi fengið skriflegt samþykki innflutningsríkisins; og

b. að tilkynnandinn hafi fengið staðfestingu frá innflutningsríkinu á að fyrir hendi sé samningur milli útflytjandans og förgunaraðila þar sem kveðið er á um umhverfisvæna meðferð úrgangsins.

4. Hvert viðkomuríki sem er aðili skal þegar staðfesta viðtöku tilkynningarinnar að því er varðar tilkynnandann. Það getur síðan veitt tilkynnandanum skriflegt svar innan 60 daga þar sem flutningurinn er samþykktur með eða án skilyrða, synjað er leyfi til flutningsins, eða frekari upplýsinga óskað. Útflutningsríkið skal ekki heimila að flutningur sé hafinn fyrr en það hefur fengið skriflegt samþykki viðkomuríkisins. Ef aðili ákveður þó einhvern tíma að krefjast ekki skriflegs samþykkis fyrirfram er viðkoma spilliefna eða annars úrgangs á sér stað, hvort

2. Inform the Secretariat, within three months of the date of the entry into force of this Convention for them, which agencies they have designated as their focal point and their competent authorities.

3. Inform the Secretariat, within one month of the date of decision, of any changes regarding the designation made by them under paragraph 2 above.

Article 6

Transboundary Movement between Parties

1. The State of export shall notify, or shall require the generator or exporter to notify, in writing, through the channel of the competent authority of the State of export, the competent authority of the States concerned of any proposed transboundary movement of hazardous wastes or other wastes Such notification shall contain the declarations and information specified in Annex V A, written in a language acceptable to the State of import. Only one notification needs to be sent to each State concerned.

2. The State of import shall respond to the notifier in writing, consenting to the movement with or without conditions, denying permission for the movement, or requesting additional information. A copy of the final response of the State of import shall be sent to the competent authorities of the States concerned which are Parties.

3. The State of export shall not allow the generator or exporter to commence the transboundary movement until it has received written confirmation that:

(a) The notifier has received the written consent of the State of import; and

(b) The notifier has received from the State of import confirmation of the existence of a contract between the exporter and the disposer specifying environmentally sound management of the wastes in question.

4. Each State of transit which is a Party shall promptly acknowledge to the notifier receipt of the notification. It may subsequently respond to the notifier in writing, within 60 days, consenting to the movement with or without conditions, denying permission for the movement, or requesting additional information. The State of export shall not allow the transboundary movement to commence until it has received the written consent of the State of transit. However, if at any time a Party decides not to require prior written consent, either generally or under spe-

sem það er gert almennt eða með tilgreindum skilyrðum, eða breytir kröfum sínum að þessu leyti, skal hann þegar í stað skýra öðrum aðilum frá ákvörðun sinni eins og mælt er fyrir um í 13. gr. Í hinu síðargreinda tilviki getur útflutningsríkið, hafi því ekki borist svar innan 60 daga frá því er því barst staðfesting viðkomuríkis fyrir móttöku tilkynningar sinnar, heimilað að útflutningurinn fari fram um viðkomuríkið.

5. Þegar um er að ræða flutning úrgangs milli landa þar sem úrgangurinn er skilgreindur lögum samkvæmt eða talinn vera eingöngu spilliefni:

a. af útflutningsríkinu, skulu kröfur þær sem settar eru fram í 9. mgr. þessarar greinar og gilda um innflytjanda eða förgunaraðila og innflutningsríki, gilda að breyttu breytanda um útflytjanda og útflutningsríki, í þeirri röð;

b. af innflutningsríki, eða innflutningsríkjum eða viðkomuríkjum sem eru aðilar, skulu kröfur þær sem settar eru fram í 1., 3., 4. og 6. mgr. þessarar greinar og gilda um útflytjanda og útflutningsríki, gilda að breyttu breytanda um innflytjanda eða förgunaraðila og innflutningsríki, í þeirri röð; eða

c. af sérhverju viðkomuríki sem er aðili, skulu ákvæði 4. mgr. gilda um slíkt ríki.

6. Útflutningsríki getur að fengnu skriflegu samþykki þeirra ríkja sem í hlut eiga heimilað framleiðanda eða útflytjanda að nota almenna tilkynningu þegar spilliefni eða annar úrgangur, sem hefur sömu eðlis- og efnafræðilegu einkenni, er reglulega sendur sömu förgunaraðilum um sömu tollstöð útflutningsríkisins og sömu tollstöð innflutningsríkisins, og ef um viðkomu er að ræða, um sömu tollstöðvar viðkomuríkisins.

7. Ríki þau sem í hlut eiga geta veitt skriflegt samþykki sitt fyrir notkun almennrar tilkynningar skv. 6. mgr. með þeim skilyrðum að látnar séu í té ákveðnar upplýsingar, svo sem nákvæmt magn eða reglulegar skrár um spilliefni eða annan úrgang sem flytja skal.

8. Hægt er að láta almenna tilkynningu og skriflegt samþykki skv. 6. og 7. mgr. taka til margra sendinga á spilliefnum eða öðrum úrgangi í allt að 12 mánuði.

9. Aðilar skulu krefjast þess að hver sú persóna sem tekur að sér að annast flutning á spilliefnum og öðrum úrgangi milli landa, undirriti flutningsskjalið annaðhvort þegar úrgangurinn er afhentur eða þegar við honum er tekið.

cific conditions, for transit transboundary movements of hazardous wastes or other wastes, or modifies its requirements in this respect, it shall forthwith inform the other Parties of its decision pursuant to Article 13. In this latter case, if no response is received by the State of export within 60 days of the receipt of a given notification by the State of transit, the State of export may allow the export to proceed through the State of transit.

5. In the case of a transboundary movement of wastes where the wastes are legally defined as or considered to be hazardous wastes only:

(a) By the State of export, the requirements of paragraph 9 of this Article that apply to the importer or disposer and the State of import shall apply mutatis mutandis to the exporter and State of export, respectively;

(b) By the State of import, or by the States of import and transit which are Parties, the requirements of paragraphs 1, 3, 4 and 6 of this Article that apply to the exporter and State of export shall apply mutatis mutandis to the importer or disposer and State of import, respectively; or

(c) By any State of transit which is a Party, the provisions of paragraph 4 shall apply to such State.

6. The State of export may, subject to the written consent of the States concerned, allow the generator or the exporter to use a general notification where hazardous wastes or other wastes having the same physical and chemical characteristics are shipped regularly to the same disposer via the same customs office of exit of the State of export via the same customs office of entry of the State of import, and, in the case of transit, via the same customs office of entry and exit of the State or States of transit.

7. The States concerned may make their written consent to the use of the general notification referred to in paragraph 6 subject to the supply of certain information, such as the exact quantities or periodical lists of hazardous wastes or other wastes to be shipped.

8. The general notification and written consent referred to in paragraphs 6 and 7 may cover multiple shipments of hazardous wastes or other wastes during a maximum period of 12 months.

9. The Parties shall require that each person who takes charge of a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes sign the movement document either upon delivery or receipt of the wastes in question. They shall also

Þeir skulu einnig krefjast þess að förgunaraðilinn skýri bæði útflytjanda og lögbæru yfirvaldi útflutningsríkisins frá því er hann tekur við úrganginum og, þegar þar að kemur, frá förgun hans eins og mælt er fyrir um í tilkynningu. Ef slíkar upplýsingar berast ekki til útflutningsríkisins skal lögbært stjórnvald þess eða útflytjandinn tilkynna innflutningsríkinu um það.

10. Tilkynningar og svör, sem krafist er í þessari grein, skal senda lögbæru stjórnvaldi viðkomandi aðila eða því stjórnvaldi sem við á ef um er að ræða ríki sem ekki er aðili.

11. Allur flutningur á spilliefnum eða öðrum úrgangi skal vera vátryggður, í ábyrgð eða tryggður á annan hátt eins og krafist kann að vera af innflutningsríki eða viðkomuríki sem eru aðilar að samningnum.

7. gr.
Flutningur milli landa frá aðila um ríki sem ekki eru aðilar.

2. mgr. 6. gr. samnings þessa gildir að breyttu breytanda um flutning spilliefna og annars úrgangs milli landa frá aðila og um ríki, eitt eða fleiri, sem ekki eiga aðild að samningnum.

8. gr.
Skylda til að flytja aftur inn.

Þegar flutningur á spilliefnum eða öðrum úrgangi milli landa sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa hefur verið samþykktur af ríkjum þeim sem í hlut eiga getur ekki farið fram eins og samningurinn tilskilur, skal útflutningsríkið sjá til þess að úrgangurinn sé fluttur aftur til útflutningsríkisins á vegum útflytjandans innan 90 daga frá því að tilkynning innflutningsríkisins berst útflutningsríkinu og skrifstofu, eða innan þess frests sem ríki þau sem í hlut eiga koma sér saman um, sé ekki unnt að gera aðrar ráðstafanir til að farga þeim á umhverfisvænan hátt. Með tilliti til þessa skal hvorki útflutningsríkið né sérhvert viðkomuríki standa gegn, hindra eða koma í veg fyrir að úrgangurinn sé fluttur aftur inn til útflutningsríkisins.

9. gr.
Ólöglegur flutningur.

1. Í samningi þessum skal sérhver flutningur spilliefna eða annars úrgangs milli landa:

require that the disposer inform both the exporter and the competent authority of the State of export of receipt by the disposer of the wastes in question and, in due course, of the completion of disposal as specified in the notification. If no such information is received within the State of export, the competent authority of the State of export or the exporter shall so notify the State of import.

10. The notification and response required by this Article shall be transmitted to the competent authority of the Parties concerned or to such governmental authority as may be appropriate in the case of non-Parties.

11. Any transboundary movement of hazardous wastes or other wastes shall be covered by insurance, bond or other guarantee as may be required by the State of import or any State of transit which is a Party.

Article 7
Transboundary Movement from a Party through States which are not Parties

Paragraph 2 of Article 6 of the Convention shall apply mutatis mutandis to transboundary movement of hazardous wastes or other wastes from a Party through a State or States which are not Parties.

Article 8
Duty to Re-import

When a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes to which the consent of the States concerned has been given, subject to the provisions of this Convention, cannot be completed in accordance with the terms of the contract, the State of export shall ensure that the wastes in question are taken back into the State of export, by the exporter, if alternative arrangements cannot be made for their disposal in an environmentally sound manner, within 90 days from the time that the importing State informed the State of export and the Secretariat, or such other period of time as the States concerned agree. To this end, the State of export and any Party of transit shall not oppose, hinder or prevent the return of those wastes to the State of export.

Article 9
Illegal traffic

1. For the purpose of this Convention, any transboundary movement of hazardous wastes or other wastes:

a. sem fram fer án tilkynningar til allra ríkja sem í hlut eiga samkvæmt ákvæðum samnings þessa; eða

b. sem fram fer án samþykkis ríkis sem í hlut á samkvæmt ákvæðum samnings þessa; eða

c. sem fram fer samkvæmt samþykki er fengist hefur hjá ríki sem í hlut á með fölsun, blekkingu eða svikum; eða

d. sem ekki er í samræmi við flutningsskjöl hvað snertir atriði sem máli skipta; eða

e. sem leiðir til þess að spilliefnum eða öðrum úrgangi er vísvitandi fargað (t.d. varpað) í andstöðu við samning þennan og meginreglur þjóðaréttar, teljast vera ólöglegur flutningur.

2. Nú eru spilliefni eða annar úrgangur fluttur milli landa þannig að flutningurinn telst ólöglegur vegna háttsemi útflytjandans eða framleiðandans og skal þá útflutningsríkið sjá um að umræddur úrgangur:

a. sé fluttur til baka af útflytjanda eða framleiðanda, eða af því sjálfu ef nauðsyn krefur til útflutningsríkisins eða, ef það er ekki raunhæft,

b. að honum sé fargað á annan hátt samkvæmt ákvæðum samnings þessa innan 30 daga frá því er útflutningsríkinu hefur verið skýrt frá hinum ólöglega flutningi eða innan þess frests sem ríki þau sem í hlut eiga koma sér saman um. Með tilliti til þessa skulu aðilar þeir sem í hlut eiga hvorki standa gegn, hindra né koma í veg fyrir að úrgangurinn sé fluttur aftur til útflutningsríkisins.

3. Nú eru spilliefni eða annar úrgangur fluttur milli landa þannig að flutningurinn telst ólöglegur vegna háttsemi innflytjanda eða förgunaraðila og skal þá innflutningsríkið sjá til þess að úrganginum sé fargað af innflytjandanum eða förgunaraðilum á umhverfisvænan hátt, eða af því sjálfu ef nauðsyn krefur, innan 30 daga frá því er innflutningsríkið hefur komist að hinum ólöglega flutningi, eða innan þess frests sem ríki þau sem í hlut eiga koma sér saman um. Aðilar þeir sem í hlut eiga skulu í þessu skyni eiga með sér samstarf, ef með þarf, við að farga úrganginum á umhverfisvænan hátt.

4. Þegar hvorki útflytjandi, framleiðandi, innflytjandi né förgunaraðili verður talinn bera ábyrgð á ólöglegum flutningi skulu aðilar þeir sem í hlut eiga, eða aðrir aðilar eftir því sem við á, tryggja með samvinnu að úrganginum sé eins fljótt og unnt er fargað á umhverfisvænan hátt,

(a) without notification pursuant to the provisions of this Convention to all States concerned; or

(b) without the consent pursuant to the provisions of this Convention of a State concerned; or

(c) with consent obtained from States concerned through falsification, misrepresentation or fraud; or

(d) that does not conform in a material way with the documents; or

(e) that results in deliberate disposal (e.g. dumping) of hazardous wastes or other wastes in contravention of this Convention and of general principles of international law, shall be deemed to be illegal traffic.

2. In case of a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes deemed to be illegal traffic as the result of conduct on the part of the exporter or generator, the State of export shall ensure that the wastes in question are:

(a) taken back by the exporter or the generator or, if necessary, by itself into the State of export, or, if impracticable,

(b) are otherwise disposed of in accordance with the provisions of this Convention, within 30 days from the time the State of export has been informed about the illegal traffic or such other period of time as States concerned may agree. To this end the Parties concerned shall not oppose, hinder or prevent the return of those wastes to the State of export.

3. In the case of a transboundary movement of hazardous wastes or other wastes deemed to be illegal traffic as the result of conduct on the part of the importer or disposer, the State of import shall ensure that the wastes in question are disposed of in an environmentally sound manner by the importer or disposer or, if necessary, by itself within 30 days from the time the illegal traffic has come to the attention of the State of import or such other period of time as the States concerned may agree. To this end, the Parties concerned shall co-operate, as necessary, in the disposal of the wastes in an environmentally sound manner.

4. In cases where the responsibility for the illegal traffic cannot be assigned either to the exporter or generator or to the importer or disposer, the Parties concerned or other Parties, as appropriate, shall ensure, through co-operation, that the wastes in question are disposed of as

annaðhvort í útflutningsríkinu, innflutningsríkinu eða annars staðar, eftir því sem við á.

5. Sérhver aðili skal koma á hjá sér viðeigandi löggjöf til að koma í veg fyrir og refsa fyrir ólöglega flutninga. Aðilar skulu hafa með sér samvinnu við að ná markmiðum þessarar greinar.

10. gr.
Alþjóðleg samvinna.

1. Aðilar skulu hafa með sér samvinnu til að bæta og koma á umhverfisvænni meðferð spilliefna og annars úrgangs.

2. Í þessu skyni skulu aðilar:

a. veita upplýsingar þegar þess er óskað, hvort sem er á tvíhliða eða marghliða grunni, til að stuðla að meðferð spilliefna og annars úrgangs á umhverfisvænan hátt, þar á meðal með því að samræma tæknistaðla og verklagsreglur til að tryggja fullnægjandi meðferð á spilliefnum og öðrum úrgangi;

b. hafa samvinnu um að hafa eftirlit með þeim áhrifum sem meðferð spilliefna hefur á heilsu manna og umhverfið;

c. hafa samvinnu um, í samræmi við landslög sín, reglugerðir og stefnumið, að þróa og hrinda í framkvæmd nýrri umhverfisvænni tækni sem veldur lítilli myndun úrgangsefna og bæta þær tæknilegu aðferðir sem þegar tíðkast í því skyni að koma í veg fyrir myndun spilliefna og annars úrgangs eins og kostur er og ná fram áhrifameiri og skilvirkari aðferðum til að tryggja umhverfisvæna meðferð, þar á meðal við rannsóknir á efnahagslegum og félagslegum áhrifum og umhverfisáhrifum af slíkri nýrri eða bættri tækni;

d. eiga samstarf í samræmi við landslög sín, reglugerðir og stefnumið, um miðlun á tækni og stjórnunarháttum vegna umhverfisvænnar meðferðar á spilliefnum og öðrum úrgangi. Þeir skulu einnig hafa með sér samvinnu um að byggja upp tæknigetu meðal aðila, einkum þeirra sem að þarfnast kunna og óska tæknilegrar aðstoðar á þessu sviði;

e. hafa með sér samvinnu um að móta viðeigandi tæknilegar leiðbeiningar og/eða starfsreglur.

3. Aðilar skulu á viðeigandi hátt hafa með sér samvinnu um aðstoð við þróunarlönd við framkvæmd a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr.

soon as possible in an environmentally sound manner either in the State of export or the State of import or elsewhere as appropriate.

5. Each Party shall introduce appropriate national/domestic legislation to prevent and punish illegal traffic. The Parties shall co-operate with a view to achieving the objects of this Article.

Article 10
International Co-operation

1. The Parties shall co-operate with each other in order to improve and achieve environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes.

2. To this end, the Parties shall:

(a) Upon request, make available information, whether on a bilateral or multilateral basis, with a view to promoting the environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes, including harmonization of technical standards and practices for the adequate management of hazardous wastes and other wastes;

(b) Co-operate in monitoring the effects of the management of hazardous wastes on human health and the environment;

(c) Co-operate, subject to their national laws, regulations and policies, in the development and implementation of new environmentally sound low-waste technologies and the improvement of existing technologies with a view to eliminating, as far as practicable, the generation of hazardous wastes and other wastes and achieving more effective and efficient methods of ensuring their management in an environmentally sound manner, including the study of the economic, social and environmental effects of the adoption of such new or improved technologies;

(d) Co-operate actively, subject to their national laws, regulations and policies, in the transfer of technology and management systems related to the environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes. They shall also co-operate in developing the technical capacity among Parties, especially those which may need and request technical assistance in this field;

(e) Co-operate in developing appropriate technical guidelines and/or codes of practice.

3. The Parties shall employ appropriate means to cooperate in order to assist developing countries in the implementation of subparagraphs a, b, c and d of paragraph 2 of Article 4.

4. Að því er varðar þarfir þróunarlanda er hvatt til samvinnu aðila og þar til bærra alþjóðastofnana til að stuðla að því að vekja vitund almennings, þróa umhverfisvæna meðferð spilliefna og annars úrgangs og taka upp tækni sem lágmarkar úrgangsmyndun.

11. gr.
Tvíhliða, marghliða og svæðisbundnir samningar.

1. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 4. gr. geta aðilar gert með sér tvíhliða, marghliða eða svæðisbundna samninga eða samkomulag, um flutning spilliefna eða annars úrgangs milli landa, við aðra aðila eða ríki sem ekki eru aðilar, enda dragi slíkir samningar eða slík tilhögun ekki úr umhverfisvænni meðferð spilliefna og annars úrgangs, svo sem krafist er í samningi þessum. Slíkir samningar eða samkomulag skulu mæla fyrir um ráðstafanir sem eru ekki síður umhverfisvænar en þær sem samningur þessi kveður á um, einkum með tilliti til þarfa þróunarlanda.

2. Aðilar skulu tilkynna skrifstofunni um alla tvíhliða, marghliða eða svæðisbundna samninga eða tilhögun sem vísað er til í 1. mgr., svo og samninga eða samkomulag sem þeir hafa gert með sér áður en samningur þessi öðlast gildi að því er þá varðar, til að stjórna flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa sem fram fer einungis meðal aðila að slíkum samþykktum. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á flutning milli landa sem fram fer samkvæmt slíkum samþykktum, enda sé það í samræmi við umhverfisvæna meðferð spilliefna og annars úrgangs, svo sem samningur þessi mælir fyrir um.

12. gr.
Viðræður um bótaábyrgð.

Aðilar skulu hafa með sér samvinnu í því skyni að gera með sér bókun eins fljótt og unnt er þar sem kveðið er á um viðeigandi reglur og starfshætti á sviði ábyrgðar og bóta vegna tjóns af flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa og förgun slíks úrgangs.

13. gr.
Upplýsingamiðlun.

1. Aðilar skulu ávallt sjá til þess er þeim berst vitneskja um að óhapp hafi orðið í flutningi milli

4. Taking into account the needs of developing countries, co-operation between Parties and the competent international organizations is encouraged to promote, inter alia, public awareness, the development of sound management of hazardous wastes and other wastes and the adoption of new low-waste technologies.

Article 11
Bilateral, Multilateral and Regional Arrangements

1. Notwithstanding the provisions of Article 4 paragraph 5, Parties may enter into bilateral, multilateral, or regional agreements or arrangements regarding transboundary movement of hazardous wastes or other wastes with Parties or non-Parties provided that such agreements or arrangements do not derogate from the environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes as required by this Convention. These agreements or arrangements shall stipulate provisions which are not less environmentally sound than those provided for by this Convention in particular taking into account the interests of developing countries.

2. Parties shall notify the Secretariat of any bilateral, multilateral or regional agreements or arrangements referred to in paragraph 1 and those which they have entered into prior to the entry into force of this Convention for them, for the purpose of controlling transboundary movements of hazardous wastes and other wastes which take place entirely among the Parties to such agreements. The provisions of this Convention shall not affect transboundary movements which take place pursuant to such agreements provided that such agreements are compatible with the environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes as required by this Convention.

Article 12
Consultations on Liability

The Parties shall co-operate with a view to adopting, as soon as practicable, a protocol setting out appropriate rules and procedures in the field of liability and compensation for damage resulting from the transboundary movement and disposal of hazardous wastes and other wastes.

Article 13
Transmission of information

1. The Parties shall, whenever it comes to their knowledge, ensure that, in the case of an

landa á spilliefnum eða úrgangi eða við förgun þeirra, sem líklegt er að skapi hættu fyrir heilsu manna og umhverfi annarra ríkja, að þeim ríkjum sé þegar tilkynnt um það.

2. Fyrir milligöngu skrifstofunnar skulu aðilar skýra hverjir öðrum frá:

a. breytingum á tilnefningu lögbærra stjórnvalda og/eða tengiliða skv. 5. gr.;

b. breytingum á skilgreiningu á spilliefnum skv. 3. gr.; einnig skulu aðilar svo fljótt sem unnt er skýra frá;

c. ákvörðunum um að heimila ekki að neinu eða einhverju leyti að spilliefni eða annar úrgangur sé fluttur til förgunar á svæði í lögsögu þeirra;

d. ákvörðunum um að takmarka eða banna útflutning spilliefna eða annars úrgangs;

e. öllum öðrum upplýsingum sem krafist er skv. 4. mgr. þessarar greinar.

3. Aðilar skulu fyrir milligöngu skrifstofunnar, eftir því sem samræmist lögum þeirra og reglugerðum, senda þingi aðila sem stofnsett hefur verið skv. 15. gr., skýrslu fyrir lok hvers almanaksárs um næstliðið almanaksár þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a. lögbær stjórnvöld og tengiliðir sem þeir hafa tilnefnt skv. 5. gr.;

b. upplýsingar um flutning á spilliefnum og öðrum úrgangi milli landa, sem þeir hafa átt þátt í, þar með talið:

(i.) magn spilliefna og annars úrgangs sem fluttur hefur verið út, flokk þeirra, einkenni, ávörðunarstað, viðkomuríki er við á og förgunaraðferð eins og tekið er fram í svari við tilkynningu;

(ii.) magn spilliefna og annars úrgangs sem fluttur er inn, flokkur, einkenni, uppruni og förgunaraðferðir;

(iii.) förgun sem tókst ekki eins og ætlað var;

(iv.) aðgerðir til að minnka magn spilliefna og annars úrgangs sem fluttur er milli landa;

c. upplýsingar um ráðstafanir sem þeir hafa gert til að framkvæma samning þennan;

d. upplýsingar um tiltækar vandaðar tölfræðilegar upplýsingar er þeir hafa tekið saman um áhrif framleiðslu, flutnings og förgunar á spilliefnum og öðrum úrgangi á heilsu manna og umhverfið;

accident occurring during the transboundary movement of hazardous wastes or other wastes or their disposal, which are likely to present risks to human health and the environment in other States, those states are immediately informed.

2. The Parties shall inform each other, through the Secretariat, of:

(a) Changes regarding the designation of competent authorities and/or focal points, pursuant to Article 5;

(b) Changes in their national definition of hazardous wastes, pursuant to Article 3; and, as soon as possible,

(c) Decisions made by them not to consent totally or partially to the import of hazardous wastes or other wastes for disposal within the area under their national jurisdiction;

(d) Decisions taken by them to limit or ban the export of hazardous wastes or other wastes;

(e) Any other information required pursuant to paragraph 4 of this Article.

3. The Parties, consistent with national laws and regulations, shall transmit, through the Secretariat, to the Conference of the Parties established under Article 15, before the end of each calendar year, a report on the previous calendar year, containing the following information:

(a) Competent authorities and focal points that have been designated by them pursuant to Article 5;

(b) Information regarding transboundary movements of hazardous wastes or other wastes in which they have been involved, including:

(i) The amount of hazardous wastes and other wastes exported, their category, characteristics, destination, any transit country and disposal method as stated on the response to notification;

(ii) The amount of hazardous wastes and other wastes imported, their category, characteristics, origin, and disposal methods;

(iii) Disposals which did not proceed as intended;

(iv) Efforts to achieve a reduction of the amount of hazardous wastes or other wastes subject to transboundary movement;

(c) Information on the measures adopted by them in implementation of this Convention;

(d) Information on available qualified statistics which have been compiled by them on the effects on human health and the environment of the generation, transportation and disposal of hazardous wastes or other wastes;

e. upplýsingar um tvíhliða, marghliða og svæðisbundna samninga og samkomulag sem þeir hafa gerst aðilar að skv. 11. gr. samnings þessa;

f. upplýsingar um óhöpp sem orðið hafa meðan á flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa stendur og aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna þeirra;

g. upplýsingar um förgunarkosti innan lögsögu þeirra;

h. upplýsingar um hvað gert hefur verið til að þróa tækni til að draga úr og/eða koma í veg fyrir framleiðslu spilliefna og annars úrgangs; og

i. annað það sem þing aðila telur skipta máli.

4. Eftir því sem samræmist landslögum og reglugerðum, skulu þeir sjá um að afrit af hverri tilkynningu um flutning milli landa á spilliefnum eða öðrum úrgangi, svo og svar við henni, séu send skrifstofunni þegar aðili, sem telur að umhverfi sínu kunni að vera hætta búin af flutningnum, fer fram á það.

(e) Information concerning bilateral, multilateral and regional agreements and arrangements entered into pursuant to Article 11 of this Convention;

(f) Information on accidents occurring during the transboundary movement and disposal of hazardous wastes and other wastes and on the measures undertaken to deal with them;

(g) Information on disposal options operated within the area of their national jurisdiction;

(h) Information on measures undertaken for development of technologies for the reduction and/or elimination of production of hazardous wastes and other wastes; and

(i) Such other matters as the Conference of the Parties shall deem relevant.

4. The Parties, consistent with national laws and regulations, shall ensure that copies of each notification concerning any given transboundary movement of hazardous wastes or other wastes, and the response to it, are sent to the Secretariat when a Party considers that its environment may be affected by that transboundary movement has requested that this should be done.

14. gr.
Fjármál.

1. Aðilar eru sammála um að eftir þörfum einstakra svæða og undirsvæða skuli koma upp svæða- og undirsvæðamiðstöðvum til að þjálfa starfsfólk og miðla tækni í meðferð spilliefna og annars úrgangs og tækni til að draga sem mest úr slíkri framleiðslu. Aðilar skulu koma sér saman um viðeigandi fjármögnunarfyrirkomulag á grundvelli frjálsra framlaga.

2. Aðilar skulu taka til athugunar að koma upp sjóði til að veita bráðabirgðaaðstoð í neyðartilvikum við að draga eins og unnt er úr tjóni af óhöppum sem verða vegna flutnings á spilliefnum og öðrum úrgangi milli landa eða vegna förgunar slíks úrgangs.

Article 14
Financial Aspects

1. The Parties agree that, according to the specific needs of different regions and subregions, regional or sub-regional centres for training and technology transfers regarding the management of hazardous wastes and other wastes and the minimization of their generation should be established. The Parties shall decide on the establishment of appropriate funding mechanisms of a voluntary nature.

2. The Parties shall consider the establishment of a revolving fund to assist on an interim basis in case of emergency situations to minimize damage from accidents arising from transboundary movements of hazardous wastes and other wastes or during the disposal of those wastes.

15. gr.
Þing aðila.

1. Þing aðila er hér með sett á stofn. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal kalla það saman til fyrsta fundar eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Eftir það skulu reglulegir þingfundir aðila haldnir með jöfnu millibili eins og ákveðið er á fyrsta þingfundi.

Article 15
Conferece of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established. The first meeting of the Conference of the Parties shall be convened by the Executive Director of UNEP not later than one year after the entry into force of this Convention. Thereafter, ordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at regular intervals to be determined by the Conference at its first meeting.

2. Aukafundir þings aðila skulu haldnir þegar þingið telur þess þörf eða að skriflegri ósk einhvers aðila, enda styðji að minnsta kosti einn þriðji hluti aðila þá ósk innan sex mánaða frá því er skrifstofan hefur skýrt þeim frá henni.

3. Þing aðila skal með einróma samþykki samþykkja og setja sér starfsreglur og stofnunum sem það kann að setja á fót, svo og reglur um fjármál til að ákvarða einkum fjárframlag aðila samkvæmt samningi þessum.

4. Á fyrsta fundi sínum skulu aðilar fjalla um aðrar ráðstafanir sem þörf kann að vera á til að auðvelda þeim að sinna skyldum sínum um verndun og varðveislu umhverfis hafsins með tilliti til samnings þessa.

5. Þing aðila skal stöðugt endurskoða og leggja mat á framkvæmd samnings þessa og skal einnig:

a. stuðla að því að samræma viðeigandi stefnumið, áætlanir og ráðstafanir til að draga sem mest úr skaða af völdum spilliefna og annars úrgangs á heilsu manna og á umhverfið;

b. fjalla um og gera breytingar á samningi þessum og viðaukum við hann eftir því sem þörf er á og taka þar meðal annars tillit til þeirra upplýsinga á sviði vísinda, tækni, efnahags- og umhverfismála sem tiltækar eru;

c. fjalla um og framkvæma hvaðeina annað sem þörf kann að vera á til að ná tilgangi samnings þessa í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af honum og af samningum þeim og samkomulagi sem gert er ráð fyrir í 11. gr.;

d. fjalla um bókanir og samþykkja þær eins og þörf krefur; og

e. koma á fót þeim undirstofnunum sem þörf er talin á til að framkvæma samning þennan.

6. Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra, svo og ríki sem ekki eru aðilar að samningi þessum, mega eiga áheyrnarfulltrúa á þingi aðila. Sérhverri annarri stofnun eða fyrirtæki hvort heldur á landsvísu eða alþjóðleg, opinber eða óháð, sem er sérhæfð á sviði spilliefna og annars úrgangs og hefur gert skrifstofunni grein fyrir ósk sinni um að senda áheyrnarfulltrúa á fund þings aðila, má veita aðgang, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila mótmæli því. Um aðgang og þátttöku áheyrnarfulltrúa

2. Extraordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to them by the Secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

3. The Conference of the Parties shall by consensus agree upon and adopt rules of procedure for itself and for any subsidiary body it may establish, as well as financial rules to determine in particular the financial participation of the Parties under this Convention.

4. The Parties at their first meeting shall consider any additional measures needed to assist them in fulfilling their responsibilities with respect to the protection and the preservation of the marine environment in the context of this Convention.

5. The Conference of the Parties shall keep under continuous review and evaluation the effective implementation of this Convention, and, in addition, shall:

(a) Promote the harmonization of appropriate policies, strategies and measures for minimizing harm to human health and the environment by hazardous wastes and other wastes;

(b) Consider and adopt, as required, amendments to this Convention and its annexes, taking into consideration, inter alia, available scientific, technical, economic and environmental information;

(c) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the purposes of this Convention in the light of experience gained in its operation and in the operation of the agreements and arrangements envisaged in Article 11;

(d) Consider and adopt protocols as required; and

(e) Establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of this Convention.

6. The United Nations, its specialized agencies, as well as any State not party to this Convention, may be represented as observers at meetings of the Conference of the Parties. Any other body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, qualified in fields relating to hazardous wastes or other wastes which has informed the Secretariat of its wish to be represented as an observer at a meeting of the Conference of the Parties, may be admitted unless at least one third

skal fara samkvæmt starfsreglum sem þing aðila setur.

7. Þremur árum eftir að samningur þessi öðlast gildi og síðan á sex ára fresti skal þing aðila gera könnun á áhrifum hans og fjalla, ef nauðsyn krefur, um algert eða takmarkað bann við flutningi spilliefna og annars úrgangs milli landa í ljósi nýjustu þekkingar á sviði vísinda, umhverfismála, tækni og efnahagsmála.

16. gr.
Skrifstofan.

1. Hlutverk skrifstofunnar er:

a. að undirbúa og þjónusta fundi sem kveðið er á um í 15. og 17. gr.;

b. að semja og senda skýrslur byggðar á upplýsingum sem tekið hefur verið við skv. 3., 4., 6., 11. og 13. gr. og á upplýsingum frá fundum undirstofnana sem settar hafa verið á fót skv. 15. gr. og þegar við á, þar til bærum alþjóðastofnunum og frjálsum félagasamtökum;

c. að semja skýrslur um það sem hún hefur gert við framkvæmd starfa sinna samkvæmt samningi þessum og leggja þær fyrir þing aðila;

d. að sjá til þess að gætt sé nauðsynlegs samræmis við störf annarra alþjóðastofnana og sérstaklega að taka þátt í þeirri stjórnunar- og samningstilhögun sem þörf kann að vera á til að hún ræki störf sín á skilvirkan hátt;

e. að eiga samskipti við tengiliði og lögbær stjórnvöld sem aðilar skipa skv. 5. gr. samnings þessa;

f. að taka saman upplýsingar um löggiltar stöðvar og aðstöðu hjá aðilum sem tiltæk er til að farga spilliefnum þeirra og öðrum úrgangi og dreifa þessum upplýsingum meðal aðila;

g. að taka við og miðla eftirfarandi upplýsingum til og frá aðilum varðandi:
- hvar fá má tæknilega aðstoð og þjálfun;
- tiltæka tæknilega og vísindalega þekkingu;
- hvar hægt er að fá ráðgjöf og aðgang að sérfræðiþekkingu; og
- tiltæka aðstoð; í því skyni að veita þeim aðstoð samkvæmt beiðni í málefnum eins og:

of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the conference of the Parties.

7. The Conference of the Parties shall undertake three years after the entry into force of this Convention, and at least every six years thereafter, an evaluation of its effectiveness and, if deemed necessary, to consider the adoption of a complete or partial ban of transboundary movements of hazardous wastes and other wastes in light of the latest scientific, environmental, technical and economic information.

Article 16
Secretariat

1. The functions of the Secretariat shall be:

(a) To arrange for and service meetings provided for in Articles 15 and 17;

(b) To prepare and transmit reports based upon information received in accordance with Articles 3, 4, 6, 11 and 13 as well as upon information derived from meetings of subsidiary bodies established under Article 15 as well as upon, as appropriate, information provided by relevant intergovernmental and non-governmental entities;

(c) To prepare reports on its activities carried out in implementation of its functions under this Convention and present them to the Conference of the Parties;

(d) To ensure the necessary coordination with relevant international bodies, and in particular to enter into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions;

(e) To communicate with focal points and competent authorities established by the Parties in accordance with Article 5 of this Convention;

(f) To compile information concerning authorized national sites and facilities of Parties available for the disposal of their hazardous wastes and other wastes and to circulate this information among Parties;

(g) To receive and convey information from and to Parties on;
- sources of technical assistance and training;
- available technical and scientific know-how;
- sources of advice and expertise; and

- availability of resources with a view to assisting them, upon request, in such areas as:

- hvernig fara skuli með tilkynningar sem kveðið er á um í samningi þessum;
- meðferð spilliefna og annars úrgangs;
- umhverfisvæna tækni er varðar spilliefni og annan úrgang, til dæmis tækni sem veldur lítilli eða engri myndun úrgangs;
- mat á förgunarmöguleikum og á förgunarstöðum;
- eftirlit með spilliefnum og öðrum úrgangi; og
- viðbrögð við neyðarástandi;

h. að sjá aðilum samkvæmt ósk þeirra fyrir upplýsingum um ráðgjafa, eða ráðgjafafyrirtæki er til þess hafa nægilega tæknilega kunnáttu, sem aðstoðað geta við að athuga tilkynningu um flutning milli landa, á samsvörun farms af spilliefnum eða öðrum úrgangi við þá tilkynningu sem við hann á, og/eða á því hvort fyrirhuguð aðstaða til að farga spilliefnum eða öðrum úrgangi sé umhverfisvæn, þegar þeir hafa ástæðu til að ætla að ekki verði farið með þann úrgang sem um ræðir á umhverfisvænan hátt. Engin slík athugun myndi fara fram á kostnað skrifstofunnar;

i. að aðstoða aðila samkvæmt beiðni við að koma upp um ólöglegan flutning og skýra öllum aðilum sem málið varðar þegar frá öllum upplýsingum sem hún hefur fengið varðandi ólöglegan flutning;

j. að hafa samvinnu við aðila og þar til bærar alþjóðastofnanir og samtök um að útvega sérfræðinga og búnað til að veita ríkjum skjóta aðstoð í neyðartilvikum; og

k. að vinna þau störf önnur varðandi tilgang samnings þessa sem þing aðilanna kann að ákveða.

2. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna innir af hendi störf skrifstofunnar til bráðabirgða þar til fyrsta fundi þings aðila sem haldinn er skv. 15. gr. lýkur.

3. Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila tilnefna skrifstofuna úr hópi þeirra þar til bæru alþjóðastofnana sem fyrir eru og látið hafa í ljós vilja til að gegna störfum skrifstofunnar samkvæmt samningi þessum. Á þeim fundi skal þing aðila einnig athuga framkvæmd bráðabirgðaskrifstofunnar á störfum þeim sem henni hafa verið falin, sérstaklega skv. 1. mgr. að framan, og taka ákvarðanir um það skipulag sem hentar þeim störfum.

- the handling of the notification system of this Convention;
- the management of hazardous wastes and other wastes;
- environmentally sound technologies relating to hazardous wastes and other wastes, such as low- and non-waste technology;
- the assessment of disposal capabilities and sites;
- the monitoring of hazardous wastes and other wastes; and
- emergency responses;

(h) To provide Parties, upon request, with information on consultants or consulting firms having the necessary technical competence in the field, which can assist them to examine a notification for a transboundary movement, the concurrence of a shipment of hazardous wastes or other wastes with the relevant notification, and/or the fact that the proposed disposal facilities for hazardous wastes or other wastes are environmentally sound, when they have reason to believe that the wastes in question will not be managed in an environmentally sound manner. Any such examination would not be at the expense of the Secretariat;

(i) To assist Parties upon request in their identification of cases of illegal traffic and to circulate immediately to the Parties concerned any information it has received regarding illegal traffic;

(j) To co-operate with Parties and with relevant and competent international organizations and agencies in the provision of experts and equipment for the purpose of rapid assistance to States in the event of an emergency situation; and

(k) To perform such other functions relevant to the purposes of this Convention as may be determined by the Conference of the Parties.

2. The secretariat functions will be carried out on an interim basis by UNEP until the completion of the first meeting of the Conference of the Parties held pursuant to Article 15.

3. At its first meeting, the Conference of the Parties shall designate the Secretariat from among those existing competent intergovernmental organizations which have signified their willingness to carry out the secretariat functions under this Convention. At this meeting, the Conference of the Parties shall also evaluate the implementation by the interim Secretariat of the functions assigned to it, in particular under paragraph 1 above, and decide upon the structures appropriate for those functions.

17. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Sérhver aðili getur lagt til breytingar á samningi þessum og hver aðili að bókun getur lagt til breytingar á bókuninni. Slíkar breytingar skulu meðal annars taka viðeigandi tillit til vísindalegra og tæknilegra atriða sem máli skipta.

2. Breytingar á samningi þessum skulu samþykktar á fundi þings aðila. Breytingar á bókun skulu samþykktar á fundi aðila að viðkomandi bókun. Skrifstofan skal senda aðilum texta allra breytinga sem lagðar eru til á samningi þessum og á bókunum, sé annað ekki ákveðið í bókuninni sjálfri, eigi síðar en sex mánuðum fyrir þann fund þar sem lagt er til að þær séu samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda breytingartillögur þeim aðilum sem hafa undirritað samninginn til upplýsingar.

3. Aðilar skulu gera sitt ítrasta til að ná samkomulagi um tillögur til breytinga á samningi þessum með einróma samþykki. Hafi allar tilraunir til að ná einróma samþykki reynst árangurslausar skal síðasta úrræðið vera að samþykkja breytinguna með atkvæðum þremur fjórðu hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða á fundinum og skal vörsluaðili senda hana öllum aðilum til fullgildingar, samþykktar eða staðfestingar.

4. Málsmeðferð sú sem greinir í 3. mgr. að framan gildir einnig um breytingar á bókunum, að því undanskildu að til að samþykkja breytingu nægja tveir þriðju hlutar atkvæða aðila að viðkomandi bókun sem viðstaddir eru og atkvæði greiða á fundinum.

5. Skjöl um fullgildingu, samþykki, eða staðfestingu á breytingu skal afhenda vörsluaðila til varðveislu. Breytingar, sem samþykktar eru skv. 3. eða 4. mgr., öðlast gildi að því er varðar þá aðila sem samþykkt hafa þær á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur tekið við skjali um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu með að minnsta kosti þremur fjórðu hluta atkvæða þeirra aðila sem samþykktu breytinguna á bókuninni enda sé ekki á annan veg mælt í bókuninni. Gagnvart öðrum aðilum öðlast breyting gildi á nítugasta degi eftir að þeir hafa lagt fram skjal sitt um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu á breytingunni.

Article 17

Amendment of the Convention

1. Any Party may propose amendments to this Convention and any Party to a protocol may propose amendments to that protocol. Such amendments shall take due account, inter alia, of relevant scientific and technical considerations.

2. Amendments to this Convention shall be adopted at a meeting of the Conference of the Parties. Amendments to any protocol shall be adopted at a meeting of the Parties to the protocol in question. The text of any proposed amendment to this Convention or to any protocol, except as may otherwise be provided in such protocol, shall be communicated to the Parties by the Secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The Secretariat shall also communicate proposed amendments to the Signatories to this Convention for information.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting, and shall be submitted by the Depositary to all Parties for ratification, approval, formal confirmation or acceptance.

4. The procedure mentioned in paragraph 3 above shall apply to amendments to any protocol, except that a two-thirds majority of the Parties to that protocol present and voting at the meeting shall suffice for their adoption.

5. Instruments of ratification, approval, formal confirmation or acceptance of amendments shall be deposited with the Depositary. Amendments adopted in accordance with paragraphs 3 or 4 above shall enter into force between Parties having accepted them on the ninetieth day after the receipt by the Depositary of their instrument of ratification, approval, formal confirmation or acceptance by at least three-fourths of the Parties who accepted the amendments to the protocol concerned, except as may otherwise be provided in such protocol. The amendments shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after that Party deposits its instrument of ratification, approval, formal confirmation or acceptance of the amendments.

6. Í grein þessari merkir „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti.

18. gr.

Samþykki og breytingar á viðaukum.

1. Viðaukar við samning þennan eða bókanir eru óaðskiljanlegir hlutar hans eða bókananna, eftir því sem við á, og sé ekki beint kveðið á um annað felur tilvísun til samnings þessa eða bókana með honum einnig í sér tilvísun til viðeigandi viðauka. Slíkir viðaukar skulu einskorðaðir við vísindaleg og tæknileg málefni og stjórnunarmálefni.

2. Að því leyti sem ekki er á annan veg mælt í bókunum hvað snertir viðauka við þær gildir eftirfarandi málsmeðferð um tillögur að viðbótarviðaukunum við samning þennan og viðaukum við bókanir og um samþykki þeirra og gildistöku:

a. um tillögur að viðaukum við samning þennan, bókanir og samþykkt þeirra skal fara eftir því sem segir í 2., 3., og 4. mgr. 17. gr.;

b. sérhver aðili, sem ekki fellst á viðbótarviðauka við samning þennan eða viðauka við bókun sem hann er aðili að, skal tilkynna það vörsluaðila skriflega innan sex mánaða frá því er vörsluaðili hefur skýrt honum frá samþykkt viðaukans. Vörsluaðili skal án tafar tilkynna öllum aðilum um móttöku slíkrar tilkynningar. Aðili getur hvenær sem er látið samþykki koma í stað fyrri yfirlýsingar um andstöðu og öðlast þá viðaukarnir að svo búnu gildi að því er varðar þann aðila;

c. er sex mánuðir eru liðnir frá því er vörsluaðili hefur skýrt aðilum frá samþykktinni öðlast viðaukinn gildi gagnvart öllum aðilum að samningi þessum eða viðkomandi bókun sem ekki hafa sent tilkynningu samkvæmt ákvæðum b-liðar.

3. Um tillögur að breytingum á viðauka við samning þennan eða á bókun og um samþykki þeirra og gildistöku gildir sama málsmeðferð og um tillögur að viðaukum við samninginn eða við bókun og um samþykki þeirra og gildistöku. Viðaukar og breytingar á þeim skulu meðal annars taka viðeigandi tillit til vísindalegra og tæknilegra sjónarmiða sem máli skipta.

4. Nú felst í viðbótarviðauka eða breytingu á viðauka breyting á samningi þessum eða á bókun og öðlast þá viðbótarviðaukinn eða hinn

6. For the purpose of this Article, "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

Article 18

Adoption and Amendment of Annexes

1. The annexes to this Convention or to any protocol shall form an integral part of this Convention or of such protocol, as the case may be and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Convention or its protocols constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Such annexes shall be restricted to scientific, technical and administrative matters.

2. Except as may be otherwise provided in any protocol with respect to its annexes, the following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention or of annexes to a protocol:

(a) Annexes to this Convention and its protocols shall be proposed and adopted according to the procedure laid down in Article 17, paragraphs 2, 3 and 4;

(b) Any Party that is unable to accept an additional annex to this Convention or an annex to any protocol to which it is party shall so notify the Depositary, in writing, within six months from the date of the communication of the adoption by the Depositary. The Depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time substitute an acceptance for a previous declaration of objection and the annexes shall thereupon enter into force for that Party;

(c) On the expiry of six months from the date of the circulation of the communication by the Depositary, the annex shall become effective for all Parties to this Convention or to any protocol concerned, which have not submitted a notification in accordance with the provision of subparagraph (b) above.

3. The proposal, adoption and entry into force of amendments to annexes to this Convention or to any protocol shall be subject to the same procedure as for the proposal, adoption and entry into force of annexes to the Convention or annexes to a protocol. Annexes and amendments thereto shall take due account, inter alia, of relevant scientific and technical considerations.

4. If an additional annex or an amendment to an annex involves an amendment to this Convention or to any protocol, the additional annex

breytti viðauki ekki gildi fyrr en breytingin á samningnum eða bókuninni öðlast gildi.

19. gr.
Sannreynsla.

Sérhver aðili sem hefur ástæðu til að ætla að annar aðli brjóti eða hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningi þessum getur skýrt skrifstofunni frá því og geri hann það skal hann um leið tjá það þeim aðila sem sakir eru bornar á, beint eða fyrir milligöngu skrifstofunnar. Skrifstofan skal senda aðilum allar upplýsingar sem máli skipta.

20. gr.
Lausn deilumála.

1. Nú kemur upp deila milli aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa eða bókunar við hann, eða hvort samningnum eða bókuninni sé fylgt og skulu þeir þá leita lausnar á deilunni með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti sem þeir kjósa sjálfir.

2. Geti aðilarnir ekki leyst úr ágreiningi sínum með þeim hætti sem fjallað er um í framangreindri málsgrein skal deilunni, að fengnu samþykki deiluaðila, vísað til Alþjóðadómstólsins, eða í gerð með þeim skilyrðum sem fjallað er um í VI. viðauka um gerð. Þótt aðilum takist ekki að ná samkomulagi um að vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins eða í gerð leysir það þá samt sem áður ekki undan þeirri skyldu að halda áfram að leita lausnar á henni með þeim hætti sem segir í 1. mgr.

3. Þegar fullgilding, samþykkt, staðfesting eða aðild að samningi þessum á sér stað, eða hvenær sem er síðar, getur ríki eða svæðisstofnun um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu lýst yfir að það viðurkenni sem bindandi samkvæmt staðreyndum málsins og án sérstaks samkomulags að því er varðar hvern þann aðila sem samþykkir sömu skuldbindingar:

a. að vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins; og/eða

b. gerðarmeðferð samkvæmt málsmeðferð þeirri sem lýst er í VI. viðauka. Slíkar yfirlýsingar skal tilkynna skriflega til skrifstofunnar sem skal miðla þeim til aðilanna.

21. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu ríkja, af hálfu Namibíu sem

or amended annex shall not enter into force until such time as the amendment to this Convention or to the protocol enters into force.

Article 19
Verification

Any Party which has reason to believe that another Party is acting or has acted in breach of its obligations under this Convention may inform the Secretariat thereof, and in such an event, shall simultaneously and immediately inform, directly or through the Secretariat, the Party against whom the allegations are made. All relevant information should be submitted by the Secretariat to the Parties.

Article 20
Settlement of disputes

1. In case of a dispute between Parties as to the interpretation or application of, or compliance with, this Convention or any protocol thereto, they shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their own choice.

2. If the Parties concerned cannot settle their dispute through the means mentioned in the preceding paragraph, the dispute, if the parties to the dispute agree, shall be submitted to the International Court of Justice or to arbitration under the conditions set out in Annex VI on Arbitration. However, failure to reach common agreement on submission of the dispute to the International Court of Justice or to arbitration shall not absolve the Parties from the responsibility of continuing to seek to resolve it by the means referred to in paragraph 1.

3. When ratifying, accepting, approving, formally confirming or acceding to this Convention, or at any time thereafter, a State or political and/or economic integration organization may declare that it recognizes as compulsory *ipso facto* and without special agreement, in relation to any Party accepting the same obligation:

(a) submission of the dispute to the International Court of Justice; and/or

(b) arbitration in accordance with the procedures set out in Annex VI. Such declaration shall be notified in writing to the Secretariat which shall communicate it to the Parties.

Article 21
Signature

This Convention shall be open for signature by States, by Namibia represented by the United

Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir og af hálfu svæðisstofnana um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu, í Basel 22. mars 1989, í sambandsráðuneyti utanríkismála í Bern í Sviss frá 23. mars 1989 til 30. júní 1989 og í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 1. júlí 1989 til 22. mars 1990.

22. gr.
Fullgilding, samþykkt eða staðfesting.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu ríkja og Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, og staðfestingu svæðisstofnana um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu. Skjöl um fullgildingu, samþykkt, eða staðfestingu skulu afhent vörsluaðila til varðveislu.

2. Nú gerist stofnun sem getið er í 1. mgr., aðili að samningi þessum án þess að aðildarríki hennar séu aðilar og hefur hún þá öllum skyldum að gegna sem kveðið er á um í samningnum. Nú eru eitt eða fleiri aðildarríki stofnunarinnar aðilar að samningnum og skal þá stofnunin og aðilarríki hennar ákveða ábyrgð hvers þeirra fyrir sig á að framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum eiga stofnunin og aðildarríkin ekki rétt á að njóta samtímis réttinda samkvæmt samningnum.

3. Í skjali sínu um staðfestingu skulu stofnanir þær sem getið er í 1. mgr. lýsa yfir hvert valdsvið þeirra nær í málefnum sem samningurinn tekur til. Skulu stofnanirnar einnig upplýsa vörsluaðila sem skal skýra aðilum frá öllum efnislegum breytingum á valdsviði þeirra.

23. gr.
Aðild.

1. Ríki, Namibía sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir og svæðisstofnanir um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu geta gerst aðilar að samningi þessum frá lokum undirritunardags að telja. Aðildarskjöl skulu afhent vörsluaðila til varðveislu.

2. Í aðildarskjölum sínum skulu stofnanir þær sem getið er í 1. mgr. lýsa því yfir hvert valdsvið þeirra nær í málefnum sem samningurinn nær

Nations Council for Namibia and by political and/or economic integration organizations, in Basel on 22 March 1989, at the Federal Department of Foreign Affairs of Switzerland in Berne from 23 March 1989 to 30 June 1989, and at United Nations Headquarters in New York from 1 July 1989 to 22 March 1990.

Article 22
Ratification, Acceptance, Formal Confirmation or Approval

1. This Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval by States and by Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia and to formal confirmation or approval by political and/or economic integration organizations. Instruments of ratification, acceptance, formal confirmation, or approval shall be deposited with the Depositary.

2. Any organization referred to in paragraph 1 above which becomes a Party to this Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to the Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.

3. In their instruments of formal confirmation or approval, the organizations referred to in paragraph 1 above shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention. These organizations shall also inform the Depositary, who will inform the Parties of any substantial modification in the extent of their competence.

Article 23
Accession

1. This Convention shall be open for accession by States, by Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia, and by political and/or economic integration organizations from the day after the date on which the Convention is closed for signature. The instruments of accession shall be deposited with the Depositary.

2. In their instruments of accession, the organizations referred to in paragraph 1 above shall declare the extent of their competence with

til. Skulu stofnanirnar einnig skýra vörsluaðila frá öllum breytingum á valdsviði þeirra sem máli skipta.

3. Ákvæði 2. mgr. 22. gr. gilda um svæðisstofnanir um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu sem gerast aðilar að samningi þessum.

24. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Að öðru leyti en því, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, skal sérhver aðili að samningi þessum hafa yfir einu atkvæði að ráða.

2. Í málum sem falla undir valdsvið þeirra, sbr. 3. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 23. gr., skulu svæðisstofnanir um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu neyta atkvæðisréttar síns með atkvæðafjölda sem er jafn fjölda aðildarríkja þeirra og þeirra sem eru aðilar að samningnum eða bókun þeirri sem um ræðir. Stofnanir þessar skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns ef aðildarríki þeirra gera það og öfugt.

25. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að tuttugasta skjal um fullgildingu, samþykkt, staðfestingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

2. Að því er varðar sérhvert ríki eða svæðisstofnun um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu, sem fullgildir, samþykkir eða staðfestir samning þennan, eða gerist aðili að honum, eftir að tuttugasta skjal um fullgildingu, samþykkt, staðfestingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það ríki eða svæðisstofnun um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu afhendir skjal sitt um fullgildingu, samþykkt, staðfestingu eða aðild.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal sérhvert skjal, sem svæðisstofnun um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu afhendir til vörslu, ekki talið vera viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

26. gr.
Fyrirvarar og yfirlýsingar.

1. Enga fyrirvara eða undantekningar má gera við samning þennan.

respect to the matters governed by the Convention. These organizations shall also inform the Depositary of any substantial modification in the extent of their competence.

3. The provisions of Article 22 paragraph 2, shall apply to political and/or economic integration organizations which accede to this Convention.

Article 24
Right to Vote

1. Except as provided for in paragraph 2 below, each Contracting Party to this Convention shall have one vote.

2. Political and/or economic integration organizations, in matters within their competence, in accordance with Article 22, paragraph 3, and Article 23, paragraph 2, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States which are Parties to the Convention or the relevant protocol. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs, and vice versa.

Article 25
Entry into Force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the twentieth instrument of ratification, acceptance, formal confirmation, approval or accession.

2. For each State or political and/or economic integration organization which ratifies, accepts, approves or formally confirms this Convention or accedes thereto after the date of the deposit of the twentieth instrument of ratification, acceptance, approval, formal confirmation or accession, it shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or political and/or economic integration organization of its instrument of ratification, acceptance, approval, formal confirmation or accession.

3. For the purposes of paragraphs 1 and 2 above, any instrument deposited by a political and/or economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.

Article 26
Reservations and Declarations

1. No reservation or exception may be made to this Convention.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er því ekki til fyrirstöðu að yfirlýsing eða tilkynning sé gefin af ríki eða svæðisstofnun um stjórnmálalega og/eða efnahagslega samvinnu við undirritun, fullgildingu, samþykki, eða aðild að samningnum, hvert sem orðalag hennar eða heiti kann að vera, meðal annars með það að markmiði að samræma lög og reglugerðir ákvæðum samnings þessa, enda feli tilkynningin eða yfirlýsingin ekki í sér útilokun eða breytingu á réttaráhrifum ákvæða samningsins þegar þeim er beitt að því er varðar það ríki.

27. gr.
Uppsögn.

1. Hvenær sem er að liðnum þremur árum frá því að samningur þessi öðlast gildi að því er varðar aðila getur hann sagt honum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Uppsögn tekur gildi einu ári eftir að vörsluaðili hefur tekið við tilkynningu um hana, eða á þeim síðari degi er þar kann að vera tilgreindur.

28. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og bókana við hann.

29. gr.
Löggildir textar.

Frumrit samnings þessa er á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir samning þennan.

Gjört í Basel, hinn 22. mars 1989.

2. Paragraph 1 of this Article does not preclude a State or political and/or economic integration organizations, when signing, ratifying, accepting, approving, formally confirming or acceding to this Convention, from making declarations or statements, however phrased or named, with a view, inter alia, to the harmonization of its laws and regulations with the provisions of this Convention, provided that such declarations or statements do not purport to exclude or to modify the legal effects of the provisions of the Convention in their application to that State.

Article 27
Withdrawal

1. At any time after three years from the date on which this Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.

2. Withdrawal shall be effective one year from receipt of notification by the Depositary, or on such later date as may be specified in the notification.

Article 28
Depository

The Secretary-General of the United Nations shall be the Depository of this Convention and of any protocol thereto.

Article 29
Authentic texts

The original Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts of this Convention are equally authentic.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Done at Basel on the twenty-second day of March 1989.

I. VIÐAUKI
Flokkar eftirlitsskyldra úrgangsefna.

Úrgangsflokkar:

Y1 Úrgangur frá læknismeðferð á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastofum

Y2 Úrgangur frá framleiðslu og blöndun lyfja

Y3 Úrgangur lyfja, lyfjaefna og meðala

Y4 Úrgangur frá framleiðslu, blöndun og notkun lífskæðra efna og lyfja sem notuð eru á plöntur

Y5 Úrgangur frá framleiðslu, blöndun og notkun viðarvarna

Y6 Úrangur frá framleiðslu, blöndun og notkun lífrænna leysiefna

Y7 Úrgangur sem inniheldur sýaníð og kemur frá hitameðferð og íblöndunaraðgerðum til herslu og mýkingar

Y8 Úrgangur jarðolíu sem er óhæf til þeirrar notkunar sem hún var upphaflega ætluð til.

Y9 Úrgangur blandna eða fleytna olíu/vatns og kolvatnsefna/vatns

Y10 Úrgangsefni og hlutir sem innihalda eða eru mengaðir af fjölklórtengdum bífenýlsamböndum (PCB), fjölklórtengdum terfenýlsamböndum (PCT) og/eða fjölbrómtengdum bífenýlsamböndum (PBB)

Y11 Úrgangur tjörukenndra leifa sem koma frá olíuhreinsun, eimingu og hvers kyns hitasundrun

Y12 Úrgangur frá framleiðslu, blöndun og notkun bleks, prentsvertu, litunarefna, litarefna, málningarefna, lakks og gljákvoðu

Y13 Úrgangur frá framleiðslu, blöndun og notkun trjákvoðu, gúmmíkvoðu, mýkiefna, líms/viðloðunarefna

Y14 Úrgangur frá rannsóknum og þróunarstarfsemi eða kennslu og sem kennsl eru ekki borin á og/eða eru ný og sem hafa óþekkt áhrif á menn og/eða umhverfi

Y15 Úrgangur sem er sprengifimur og fellur ekki undir aðra löggjöf

Y16 Úrgangur frá framleiðslu, blöndun og notkun ljósmyndunar- og framköllunarefna

Y17 Úrgangur frá yfirborðsmeðhöndlun málma og plasts

Y18 Afgangur úrgangslosunar í iðnaði

ANNEX I
Categories of Wastes to be Controlled

Waste Streams:

Y1 Clinical wastes from medical care in hospitals, medical centers and clinics

Y2 Wastes from the production and preparation of pharmaceutical products

Y3 Waste pharmaceuticals, drugs and medicines

Y4 Wastes from the production, formulation and use of biocides and phytopharmaceuticals

Y5 Wastes from the manufacture, formulation and use of wood preserving chemicals

Y6 Wastes from the production, formulation and use of organic solvents

Y7 Wastes from heat treatment and tempering operations containing cyanides

Y8 Waste mineral oils unfit for their originally intended use

Y9 Waste oils/water, hydrocarbons/water mixtures, emulsions

Y10 Waste substances and articles containing or contaminated with polychlorinated biphenyls (PCBs) and/or polychlorinated terphenyls (PCTs) and/or polybrominated biphenyls (PBBs)

Y11 Waste tarry residues arising from refining, distillation and any pyrolytic treatment

Y12 Wastes from production, formulation and use of inks, dyes, pigments, paints, lacquers, varnish

Y13 Wastes from production, formulation and use of resins, latex, plasticizers, glues/adhesives

Y14 Waste chemical substances arising from research and development or teaching activities which are not identified and/or are new and whose effects on man and/or the environment are not known

Y15 Wastes of an explosive nature not subject to other legislation

Y16 Wastes from production, formulation and use of photographic chemicals and processing materials

Y17 Wastes resulting from surface treatment of metals and plastics

Y18 Residues arising from industrial waste disposal operations

Úrgangur sem inniheldur:

Y19 Málmkarbonýlsambönd
Y20 beryllíum; beryllíumsambönd
Y21 sexgild krómsambönd
Y22 koparsambönd
Y23 sinksambönd
Y24 arsen; arsensambönd
Y25 selen; selensambönd
Y26 kadmíum; kadmíumsambönd
Y27 antímon; antímonsambönd
Y28 tellúr; tellúrsambönd
Y29 kvikasilfur; kvikasilfursambönd
Y30 tallíum; tallíumsambönd
Y31 blý; blýsambönd
Y32 ólífræn flúorsambönd nema kalsíumflúoríð
Y33 ólífræn sýaníð
Y34 súrar lausnir eða sýrur í föstu formi
Y35 basískar lausnir eða basa í föstu formi
Y36 asbest (salla og trefjar)
Y37 lífræn fosfórsambönd
Y38 lífræn sýaníð
Y39 fenól, fenólsambönd, þar með talin klórfenól
Y40 etera
Y41 halóntengda lífræna leysa
Y42 lífræna leysa aðra en halóntengda leysa
Y43 sérhverja gerð fjölklórtengds díbensólfúrans
Y44 sérhverja gerð fjölklórtengds díbensó-p-díoxíns
Y45 halógenlífræn efni, önnur en þau sem vísað er til í viðauka þessum (t.d. Y39, Y41, Y42, Y43, Y44).

II. VIÐAUKI
Flokkar úrgangs sem þarfnast sérstakrar athugunar:

Y46 Úrgangur sem safnað er frá heimilum
Y47 Leifar sem koma frá brennslu úrgangs frá heimilum.

Wastes having as constituents:

Y19 Metal carbonyls
Y20 Beryllium; beryllium compounds
Y21 Hexavalent chromium compounds
Y22 Copper compounds
Y23 Zinc compounds
Y24 Arsenic; arsenic compounds
Y25 Selenium, selenium compounds
Y26 Cadmium; cadmium compounds
Y27 Antimony; antimony compounds
Y28 Tellurium; tellurium compounds
Y29 Mercury; mercury compounds
Y30 Thallium; thallium compounds
Y31 Lead, lead compounds
Y32 Inorganic fluorine compounds excluding calcium fluoride
Y33 Inorganic cyanides
Y34 Acidic solutions or acids in solid form
Y35 Basic solutions or bases in solid form
Y36 Asbestos (dust and fibres)
Y37 Organic phosphorous compounds
Y38 Organic cyanides
Y39 Phenols; phenol compounds including chlorophenols
Y40 Ethers
Y41 Halogenated organic solvents
Y42 Organic solvents excluding halogenated solvents
Y43 Any congenor of polychlorinated dibenzofuran
Y44 Any congenor of polychlorinated dibenzo-p-dioxin
Y45 Organohalogen compounds other than substances referred to in this Annex (e.g. Y39, Y41, Y42, Y43, Y44).

ANNEX II
Categories of Wastes requiring special Consideration

Y46 Wastes collected from households
Y47 Residues arising from the incineration of household.

III. VIÐAUKI
Listi yfir auðkenni spilliefna:

SÞ Flokkur*	Lykill	Auðkenni
1	H1	Sprengifim efni Sprengifim efni eða úrgangur sem eru föst eða fljótandi efni eða úrgangur (eða blöndur efna eða úrgangs) sem geta með efnahvörfum sjálf myndað lofttegund við slíkt hitastig og þrýsting og með slíkum hraða að valdi spjöllum á umhverfi.
3	H3	Eldfimir vökvar Enska orðið „flammable" hefur sömu merkingu og enska orðið „inflammable". Eldfimir vökvar eru vökvar, eða blöndur vökva, eða vökvar sem innihalda föst efni í upplausn eða sviflausn (t.d. málningarefni, lakk, gljákvoða o.s.frv., en sem innihalda ekki efnasambönd eða úrgang sem er flokkaður á annan hátt sakir hættulegra eiginleika), sem gefa frá sér eldfima gufu við hitastig sem er ekki hærra en 60,5°C við prófun í lokuðu íláti, eða við hitastig sem er ekki hærra en 65,6°C við prófun í opnu íláti. (Þar sem niðurstöður prófana í opnum og lokuðum ílátum eru ekki fyllilega sambærilegar, og jafnvel einstakar niðurstöður í sama prófi gjarnan breytilegar, myndu reglur sem víkja frá ofannefndum tölum til þess að taka tillit til slíks mismunar vera í anda þessarar skilgreiningar).
4.1	H4.1	Eldfim föst efni Föst efni eða fastur úrgangur, annar en sá sem er flokkaður sem sprengifimt efni, sem brennur greiðlega við flutningsaðstæður eða valdið eða stuðlað getur að eldi við núning.
4.2	H4.2	Efni eða úrgangur sem hætt er við sjálfíkveikju Efni eða úrgangur sem hætt er við að hitni af sjálfu sér við eðlilegar flutningsaðstæður eða sem getur hugsanlega hitnað við snertingu lofts og skapað íkveikjuhættu.

* Samsvarar áhættuflokkunarkerfi því sem kemur fram í tillögum Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegs varnings (ST/SG/AC.10/1/REV.5, Sameinuðu þjóðirnar, New York, 1988).

ANNEX III
List of Hazardous Characteristics

UN Class*	Code	Characteristics
1	H1	Explosive An explosive substance or waste is a solid or liquid substance or waste (or mixture of substances or wastes) which is in itself capable by chemical reaction of producing gas at such a temperature and pressure and at such a speed as to cause damage to the surroundings.
3	H3	Flammable liquids The word "flammable" has the same meaning as "inflammable". Flammable liquids are liquids, or mixtures of liquids, or liquids containing solids in solution or suspension (for example, paints, varnishes, lacquers, etc., but not including substances or wastes otherwise classified on account of their dangerous characteristics) which give off a flammable vapour at temperatures of not more than 60.5 deg. C, closed-cup test, or not more than 65.6 deg C, open-cup test. (Since the results of open-cup tests and of closed-cup tests are not strictly comparable and even individual results by the same test are often variable, regulations varying from the above figures to make allowance for such differences would be within the spirit of this definition.)
4.1	H4.1	Flammable solids Solids, or waste solids, other than those classed as explosives, which under conditions encountered in transport are readily combustible, or may cause or contribute to fire through friction.
4.2	H4.2	Substances or wastes liable to spontaneous combustion Substances or wastes which are liable to spontaneous heating under normal conditions encountered in transport, or to heating up on contact with air, and being then liable to catch fire.

* Corresponds to the hazard classification system included in the United Nations Recommendations on the Transport of Dangerous Goods (ST/SG/ AC.10/1/Rev.5, United Nations, New York, 1988).

SÞ Flokkur	Lykill	Auðkenni	UN Class	Code	Characteristics
4.3	H4.3	Efni eða úrgangur sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir ef hann kemst í snertingu við vatn Efni eða úrgangur sem með víxlverkun við vatn kann að skapa íkveikjuhættu eða gefa frá sér eldfimar lofttegundir í hættulegu magni.	4.3	H4.3	Substances or wastes which, in contact with water emit flammable gases Substances or wastes which, by interaction with water, are liable to become spontaneously flammable or to give off flammable gases in dangerous quantities.
5.1	H5.1	Oxandi efni Efni eða úrgangur sem er ekki endilega brennanlegur sjálfur en getur valdið eða átt þátt í bruna annarra efna með því að gefa frá sér súrefni.	5.1	H5.1	Oxidizing Substances or wastes which, while in themselves not necessarily combustible, may, generally by yielding oxygen cause, or contribute to, the combustion of other materials.
5.2	H5.2	Lífræn peroxíð Úrgangur eða lífræn efni sem innihalda tvígilda -O-O- byggingu eru efni sem eru óstöðug við hitun og geta orðið fyrir útverminni sjálfhraðandi sundrun.	5.2	H5.2	Organic Peroxides Organic substances or wastes which contain the bivalent-o-o-structure are thermally unstable substances which may undergo exothermic self-accelerating decomposition.
6.1	H6.1	Bráð eiturefni Úrgangur eða efni sem hætt er við að valdi dauða, alvarlegum áverkum eða skaði heilsu manna ef menn anda þeim að sér, gleypa þau eða ef þau komast í snertingu við hörund.	6.1	H6.1	Poisonous (Acute) Substances or wastes liable either to cause death or serious injury or to harm human health if swallowed or inhaled or by skin contact.
6.2	H6.2	Smitandi efni Efni eða úrgangur sem inniheldur lífvænar örverur eða eitur þeirra og sem vitneskja eða grunur er um að valdi sjúkdómum í dýrum eða mönnum.	6.2	H6.2	Infectious substances Substances or wastes containing viable micro organisms or their toxins which are known or suspected to cause disease in animals or humans.
8	H8	Ætandi efni Úrgangur eða efni sem með efnafræðilegum áhrifum sínum geta valdið alvarlegum skaða er þau komast í snertingu við lifandi vefi eða geta, ef þau leka út, valdið efnislegum skaða eða jafnvel eyðilagt annan varning eða flutningstæki. Þau geta einnig valdið annarri hættu.	8	H8	Corrosives Substances or wastes which, by chemical action, will cause severe damage when in contact with living tissue, or, in the case of leakage, will materially damage, or even destroy, other goods or the means of transport; they may also cause other hazards.
9	H10	Losun eitraðra lofttegunda við snertingu við vatn eða loft Efni eða úrgangur sem með víxlverkun sinni við vatn eða loft getur losað eitraðar lofttegundir í hættulegu magni.	9	H10	Liberation of toxic gases in contact with air or water Substances or wastes which, by interaction with air or water, are liable to give off toxic gases in dangerous quantities.
9	H11	Hægvirk eða langvinn eiturefni Efni eða úrgangur sem getur haft í för með sér hægvirk eða langvirk áhrif, þar með talin krabbameinsvaldandi áhrif, ef menn anda þeim að sér, neyta þeirra eða ef þau komast í gegnum hörund.	9	H11	Toxic (Delayed or chronic) Substances or wastes which, if they are inhaled or ingested or if they penetrate the skin, may involve delayed or chronic effects, including carcinogenicity.

SÞ Flokkur	Lykill	Auðkenni
9	H12	Visteitruð efni Efni eða úrgangur sem við losun leiðir til, eða getur leitt til, tafarlausra eða hægvirkra skaðvænlegra áhrifa á umhverfið með uppsöfnun og/eða með eituráhrifum á lífríkið.
9	H13	Efni eða úrgangur sem eftir losun getur með hvaða hætti sem er gefið af sér önnur efni, t.d. afrennsli, sem hafa til að bera einhver framangreind auðkenni.

Prófanir.

Hugsanleg hætta sem stafar af vissum tegundum úrgangs er ekki enn að fullu skjalfest. Prófanir sem ákvarða magn slíkrar hættu eru ekki til. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að þróa aðferðir sem lýsa hugsanlegri hættu sem mönnum og/eða umhverfi kann að stafa af þessum úrgangi. Staðlaðar prófanir hafa verið leiddar út með tilliti til hreinna efnasambanda og efnistegunda. Mörg lönd hafa þróað eigin prófanir sem unnt er að beita á efni sem skráð eru í I. viðauka í því skyni að ákveða hvort þessi efni hafi einhver þau auðkenni sem talin eru upp í þessum viðauka.

UN Class	Code	Characteristics
9	H12	Ecotoxic Substances or wastes which if released present or may present immediate or delayed adverse impacts to the environment by means of bioaccumulation and/or toxic effects upon biotic systems.
9	H13	Capable, by any means, after disposal, of yielding another material, e.g., leachate, which possesses any of the characteristics listed above.

Tests

The potential hazards posed by certain types of wastes are not yet fully documented; tests to define quantitatively these hazards do not exist. Further research is necessary in order to develop means to characterize potential hazards posed to man and/or the environment by these wastes. Standardized tests have been derived with respect to pure substances and materials. Many countries have developed national tests which can be applied to materials listed in Annex 1, in order to decide if these materials exhibit any of the characteristics listed in this Annex.

IV. VIÐAUKI
Förgunaraðgerðir.

A. Aðgerðir sem leiða ekki til endurheimtar, endurnýtingar eða endurvinnslu efna, beinnar endurnotkunar eða annarrar nýtingar.

A-hluti nær yfir allar slíkar förgunaraðgerðir sem eiga sér stað í reynd.

D1 Förgun í eða á landsvæði (t.d. urðun o.s.frv.)
D2 Meðhöndlun lands (t.d. líffræðilegt niðurbrot á vökva eða leðjukenndum úrgangi í jarðvegi o.s.frv.)
D3 Dæling niður á dýpi (t.d. dæling dælanlegs úrgangs í brunna, saltstöpla eða náttúrulega geymslustaði o.s.frv.)
D4 Aflokun á yfirborði (t.d. losun vökva eða leðjukennds úrgangs í pytti, tjarnir eða lón o.s.frv.)
D5 Sérstaklega skipulögð urðun (t.d. losun í fóðruð, afmörkuð hólf sem eru aflokuð og einangruð hvert frá öðru og umhverfinu o.s.frv.)

ANNEX IV
Disposal Operations

A. Operations which do not lead to the possibility of resource recovery, recycling, reclamation, direct re-use or alternative uses

Section A encompasses all such disposal operations which occur in practice.

D1 Deposit into or onto land, (e.g., landfill, etc.)
D2 Land treatment, (e.g., biodegradation of liquid or sludgy discards in soils, etc.)
D3 Deep injection, (e.g., injection of pumpable discards into wells, salt domes or naturally occurring repositories, etc.)
D4 Surface impoundment, (e.g., placement of liquid or sludge discards into pits, ponds or lagoons, etc.)
D5 Specially engineered landfill, (e.g., placement into lined discrete cells which are capped and isolated from one another and the environment, etc.)

D6 Losun í vatn nema hafsvæði og úthöf

D7 Losun í hafsvæði og úthöf, þ.á m. losun undir yfirborð hafsbotns

D8 Líffræðileg meðhöndlun sem ekki er tekin sérstaklega fram annars staðar í þessum viðauka og sem leiðir til endanlegra efnasambanda eða blandna sem er fargað með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í A-hluta

D9 Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka og sem leiðir til endanlegra efnasambanda eða blandna sem er fargað með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í A-hluta (t.d. uppgufun, þurrkun, glóhitun, hlutleysingu, útfellingu o.s.frv.)

D10 Brennsla á landi

D11 Brennsla á hafi

D12 Varanleg varðveisla (t.d. staðsetning gáma í námu o.s.frv.)

D13 Íblöndun eða blöndun áður en úrgangi er fargað með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í A-hluta

D14 Endurpökkun áður en úrgangi er fargað með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í A-hluta

D15 Geymsla meðan úrgangi er fargað með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í A-hluta.

B. Aðgerðir sem geta leitt til endurheimtar, endurnýtingar eða endurvinnslu efna, beinnar endurnotkunar eða annarrar nýtingar.

B-hluti nær yfir allar slíkar endurvinnsluaðgerðir með tilliti til efna sem eru löglega skilgreind eða talin vera spillefni sem hefði annars verið ætlað að farga með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í A-hluta.

R1 Notkun sem eldsneyti (önnur en í beinni brennslu) eða sem leið til orkuframleiðslu

R2 Endurvinnsla/endurnýjun leysiefna

R3 Endurvinnsla/endurnýting lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysiefni

R4 Endurvinnsla/endurnýting málma og málmsambanda

R5 Endurvinnsla/endurnýting annarra ólífrænna efna

R6 Endurnýjun á sýrum eða bösum

R7 Endurheimt efnisþátta sem notaðir eru til að draga úr mengun

R8 Endurheimt efnisþátta frá efnahvötum

R9 Endurhreinsun notaðrar olíu eða önnur endurnotkun áður notaðrar olíu

D6 Release into a water body except seas/oceans

D7 Release into seas/oceans including sea-bed insertion

D8 Biological treatment not specified elsewhere in this Annex which results in final compounds or mixtures which are discarded by means of any of the operations in Section A

D9 Physico chemical treatment not specified elsewhere in this Annex which results in final compounds or mixtures which are discarded by means of any of the operations in Section A, (e.g., evaporation, drying, calcination, neutralisation, precipitation, etc.)

D10 Incineration on land

D11 Incineration at sea

D12 Permanent storage (e.g., emplacement of containers in a mine, etc.)

D13 Blending or mixing prior to submission to any of the operations in Section A

D14 Repackaging prior to submission to any of the operations in Section A

D15 Storage pending any of the operations in Section A.

B. Operations which may lead to resource recovery, recycling, reclamation, direct re-use or alternative uses

Section B encompasses all such operations with respect to materials legally defined as or considered to be hazardous wastes and which otherwise would have been destined for operations included in Section A.

R1 Use as a fuel (other than in direct incineration) or other means to generate energy

R2 Solvent reclamation/regeneration

R3 Recycling/reclamation of organic substances which are not used as solvents

R4 Recycling/reclamation of metals and metal compounds

R5 Recycling/reclamation of other inorganic materials

R6 Regeneration of acids or bases

R7 Recovery of components used for pollution abatement

R8 Recovery of components from catalysts

R9 Used oil re-refining or other reuses of previously used oil

R10 Meðhöndlun lands sem leiðir til hagsbóta fyrir landbúnað eða til vistfræðilegra umbóta

R11 Notkun afgangsefna sem myndast við hverjar þær endurvinnsluaðgerðir sem um getur í töluliðum R1-R10

R12 Skipti á úrgangsefnum sem ætlað er að endurvinna með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í töluliðum R1-R11

R13 Uppsöfnun efnis sem ætlað er að endurvinna með hverjum þeim aðgerðum sem um getur í B-hluta.

R10 Land treatment resulting in benefit to agriculture or ecoological improvement

R11 Uses of residual materials obtained from any of the operations numbered R1-R10

R12 Exchange of wastes for submission to any of the operations numbered R1- R11

R13 Accumulation of material intended for any operation in Section B.

V. VIÐAUKI A
Upplýsingar sem gefa skal við tilkynningu.

1. Ástæða fyrir útflutningi úrgangs
2. Útflytjandi úrgangs (sjá athugasemd 1)
3. Framleiðandi/framleiðendur úrgangs og framleiðslustaðir (sjá athugasemd 1)
4. Förgunaraðili úrgangs og raunverulegur förgunarstaður úrgangs (sjá athugasemd 1)
5. Fyrirhugaðir flytjendur úrgangs eða umboðsmenn þeirra, ef þekktir (sjá athugasemd 1)
6. Útflutningsland úrgangs
   Lögbært stjórnvald (sjá athugasemd 2)
7. Ráðgert viðkomuríki
   Lögbært stjórnvald (sjá athugasemd 2)
8. Innflutningsland úrgangs
   Lögbært stjórnvald (sjá athugasemd 2)
9. Almenn eða ein tilkynning
10. Ráðgerð(ar) dagsetning(ar) sendingar og það tímabil sem ætlað er að flytja út úrgang á, svo og ráðgerð flutningsáætlun, þar með taldir innflutnings- og útflutningsstaðir (sjá athugasemd 3)
11. Fyrirsjáanleg flutningsleið (akvegur, járnbraut, haf, loft, innsævi og skipaskurðir)
12. Upplýsingar hvað varðar vátryggingar (sjá athugasemd 4)
13. Merking og efnisleg lýsing á úrgangi, þar með talin töluliðun skv. Y-lið og SÞ-flokki, svo og samsetning (sjá athugasemd 5), einnig upplýsingar um hverja þá sérstöku meðhöndlun sem þörf er á, þar með taldar neyðarráðstafanir ef slys ber að höndum
14. Fyrirsjáanlegar umbúðir (t.d. ósekkjað, í tunnum eða í tanki)
15. Ráðgert magn af þunga/rúmmáli (sjá athugasemd 6)
16. Framleiðsluferill úrgangsins (sjá athugasemd 7)

ANNEX V A
Information to be provided on Notification

1. Reason for waste export
2. Exporter of the waste/1
3. Generator(s) of the waste and site of generation/1
4. Disposer of the waste and actual site of disposal/1
5. Intended carrier(s) of the waste or their agents, if known/1
6. Country of export of the waste. Competent authority/2
7. Expected countries of transit. Competent authority/2
8. Country of import of the waste. Competent authority/2
9. General or single notification
10. Projected date(s) of shipment(s) and period of time over which waste is to be exported and proposed itinerary (including point of entry and exit)/3
11. Means of transport envisaged (road, rail, sea, air, inland waters)
12. Information relating to insurance/4
13. Designation and physical description of the waste including Y number and UN number and its compositions/5 and information on any special handling requirements including emergency provisions in case of accidents
14. Type of packaging envisaged (e.g. bulk, drummed, tanker)
15. Estimated quantity in weight/volume/6
16. Process by which the waste is generated/7

17. Varðandi úrgang sem talinn er upp í I. viðauka, flokkun hans skv. III. viðauka: hættuleg auðkenni, töluliðun skv. lið H og SÞ-flokki
18. Förgunaraðferð skv. IV. viðauka
19. Yfirlýsing framleiðanda og útflytjanda um að upplýsingarnar séu réttar
20. Upplýsingar, þar með talin tæknileg lýsing á búnaði, sem borist hafa útflytjanda eða framleiðanda úrgangsins frá förgunaraðila hans og sem hinn síðarnefndi byggir á það mat sitt að engin ástæða sé til að ætla að meðferð úrgangsins verði ekki umhverfisvæn og í samræmi við lög og reglugerðir innflutningslands

21. Upplýsingar um samkomulag útflytjanda og viðtakanda.

Athugasemdir.

1. Fullt nafn og heimilisfang, símanúmer, telex- eða telefaxnúmer og nafn og heimilisfang, símanúmer, telex- eða telefaxnúmer þess lögaðila sem hafa skal samband við.
2. Fullt nafn og heimilisfang, símanúmer, telex- eða telefaxnúmer.
3. Þegar um er að ræða almenna tilkynningu sem tekur til nokkurra sendinga er annaðhvort krafist ráðgerðrar dagsetningar hverrar sendingar eða, ef þær eru ekki þekktar, ráðgerðrar tíðni sendinga.
4. Upplýsingar um viðeigandi vátryggingarþörf ber að láta í té og hvernig útflytjandi, flytjandi og förgunaraðili hyggjast mæta þeim.
5. Eðli og efnisstyrkur hættulegustu efnisþátta hvað varðar eiturverkun og aðra hættu sem af úrganginum stafar, bæði við meðferð og áformaðar förgunaraðferðir.

6. Þegar um er að ræða almenna tilkynningu sem tekur til nokkurra sendinga er bæði krafist upplýsinga um ráðgert heildarmagn og ráðgert magn hverrar sendingar.
7. Að svo miklu leyti sem þessa er þörf til þess að meta áhættuna og ákvarða hve viðeigandi áformaðar förgunaraðgerðir eru.

V. VIÐAUKI B
Upplýsingar sem gefa skal á flutningsskjali.

1. Útflytjandi úrgangs (sjá athugasemd 1)
2. Framleiðandi/framleiðendur úrgangs og framleiðslustaður (sjá athugasemd 1)

17. For wastes listed in Annex III, classifications from Annex II: hazardous characteristic, H number, and UN class

18. Method of disposal as per Annex IV
19. Declaration by the generator and exporter that the information is correct
20. Information transmitted (including technical description of the plant) to the exporter or generator from the disposer of the waste upon which the latter has based his assessment that there was no reason to believe that the wastes will not be managed in an environmentally sound manner in accordance with the laws and regulations of the country of import
21. Information concerning the contract between the exporter and disposer.

Notes

1/ Full name and address, telephone, telex or telefax number and the name, address, telephone, telex or telefax number of the person to be contacted.
2/ Full name and address, telephone, telex or telefax number.
3/ In the case of a general notification covering several shipments, either the expected dates of each shipment or, if this is not known, the expected frequency of the shipments will be required.
4/ Information is to be provided on relevant insurance requirements and how they are met by exporter, carrier and disposer.
5/ The nature and the concentration of the most hazardous components, in terms of toxicity and other dangers presented by the waste both in handling and in relation to the proposed disposal method.
6/ In the case of a general notification covering several shipments, both the estimated total quantity and the estimated quantities for each individual shipment will be required.
7/ Insofar as this is necessary to assess the hazard and determine the appropriateness of the proposed disposal operation.

ANNEX V B
Information to be provided on the Movement Document

1. Exporter of the waste/1
2. Generator(s) of the waste and site of generation/1

3. Förgunaraðili úrgangs og raunverulegur förgunarstaður úrgangs (sjá athugasemd 1)
4. Flytjendur úrgangs eða umboðsmenn þeirra (sjá athugasemd 1)
5. Hvort um er að ræða almenna eða eina tilkynningu
6. Dagsetning þegar flutningur milli landa hófst og dagsetning(ar) og undirskrift á skriflegu svari sem hver sá lögaðili sem tekur að sér úrganginn gefur
7. Flutningsleið (akvegur, járnbraut, innsævi og skipaskurðir, haf, loft) þar með talin útflutnings-, viðkomu- og innflutningsríki, einnig innflutnings- og útflutningsstaðir þar sem þeir hafa verið gefnir til kynna
8. Almenn lýsing úrgangsins (eðlisástand, viðeigandi SÞ-flutningsnafn og flokkur, SÞ-númer, Y- og H-númer, eftir því sem við á)
9. Upplýsingar um sérstaka meðhöndlun sem þörf er á, þar með taldar neyðarráðstafanir ef slys ber að höndum
10. Gerð umbúða og fjöldi pakka
11. Magn og þungi/rúmmál
12. Yfirlýsing framleiðanda eða útflytjanda um að upplýsingarnar séu réttar
13. Yfirlýsing framleiðanda eða útflytjanda sem gefur til kynna að lögbær stjórnvöld í þeim ríkjum sem í hlut eiga og eru aðilar hreyfi ekki andmælum
14. Staðfesting förgunaraðila um að hafa tekið við úrgangi á þeim förgunarstað sem hefur verið gefinn til kynna og sem gefur til kynna förgunaraðgerð og áætlaðan förgunardag.

Athugasemdir.

Þær upplýsingar sem krafist er á flutningsskjali skulu þar sem því verður við komið vera felldar í eitt skjal með þeim upplýsingum sem krafist er skv. flutningsreglum. Þar sem þessu verður ekki við komið skulu upplýsingarnar vera til viðbótar þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt flutningsreglum fremur en að vera endurtekning á þeim. Á flutningsskjalinu skulu vera fyrirmæli um hverjum ber að gefa upplýsingar og fylla út þau eyðublöð sem þörf er á.

1. Fullt nafn og heimilisfang, símanúmer, telex- eða telefaxnúmer og nafn og heimilisfang, símanúmer, telex- eða telefaxnúmer þess lögaðila sem hafa skal samband við skapist neyðarástand.

3. Disposer of the waste and actual site of disposal/1
4. Carrier(s) of the waste/1 or his agent(s)
5. Subject of general or single notification
6. The date the transboundary movement started and date(s) and signature on receipt by each person who takes charge of the waste
7. Means of transport (road, rail, inland waterway, sea, air) including countries of export, transit and import, also point of entry and exit where these have been designated
8. General description of the waste (physical state, proper UN shipping name and class, UN number, Y number and H number as applicable)
9. Information on special handling requirements including emergency provision in case of accidents
10. Type and number of packages
11. Quantity in weight/volume
12. Declaration by the generator or exporter that the information is correct
13. Declaration by the generator or exporter indicating no objection from the competent authorities of all States concerned which are Parties
14. Certification by disposer of receipt at designated disposal facility and indication of method of disposal and of the approximate date of disposal.

Notes

The information required on the movement document shall where possible be integrated in one document with that required under transport rules. Where this is not possible the information should complement rather than duplicate that required under the transport rules. The movement document shall carry instructions as to who is to provide information and fill-out any form.

1/ Full name and address, telephone, telex or telefax number and the name, address, telephone, telex or telefax number of the person to be contacted in case of emergency.

VI. VIÐAUKI
Gerð.

1. gr.

Sé ekki kveðið á um annað í samkomulagi því sem segir í 20. gr. samningsins skal gerðarmeðferð vera skv. 2. - 10. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sóknaraðili skal tilkynna skrifstofunni um að deiluaðilar hafi komið sér saman um að leggja deilu sína í gerð skv. 2. eða 3. mgr. 20. gr., og tilgreina sérstaklega þær greinar samningsins sem deilt er um túlkun eða framkvæmd á. Skal skrifstofan senda öllum aðilum að samningnum þær upplýsingar sem þannig eru fengnar.

3. gr.

Í gerðadómi skulu eiga sæti þrír gerðarmenn. Skal hvor deiluaðili skipa einn gerðarmann og þeir síðan koma sér saman um tilnefningu hins þriðja er skal vera formaður dómsins. Hann skal hvorki vera ríkisborgari deiluaðila, eiga aðsetur að jafnaði í landi deiluaðila eða vera ráðinn til starfa á vegum deiluaðila, né áður hafa haft afskipti af sama máli í nokkru öðru starfi.

4. gr.

1. Nú hefur formaður gerðardóms eigi verið tilnefndur innan tveggja mánaða frá því hinn síðari gerðarmaður var skipaður og skal þá aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilnefna hann að ósk annars deiluaðila innan annarra tveggja mánaða.

2. Nú skipar deiluaðili ekki gerðarmann innan tveggja mánaða frá því er ósk kemur fram um það og getur þá hinn deiluaðilinn tilkynnt það aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem tilnefnir formann gerðardómsins innan annarra tveggja mánaða. Er hann hefur verið tilnefndur skal formaður gerðardómsins beina því til þess deiluaðila sem ekki hefur skipað gerðarmann að gera það innan tveggja mánaða. Er þeim fresti lýkur skal hann skýra aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá því og skal aðalframkvæmdastjóri þá skipa gerðarmanninn innan annarra tveggja mánaða.

ANNEX VI
Arbitration

Article 1

Unless the agreement referred to in Article 20 of the Convention provides otherwise, the arbitration procedure shall be conducted in accordance with Articles 2 to 10 below.

Article 2

The claimant party shall notify the Secretariat that the parties have agreed to submit the dispute to arbitration pursuant to paragraph 2 or paragraph 3 of Article 20 and include, in particular, the Articles of the Convention the interpretation or application of which are at issue. The Secretariat shall forward the information thus received to all Parties to the Convention.

Article 3

The arbitral tribunal shall consist of three members. Each of the Parties to the dispute shall appoint an arbitrator, and the two arbitrators so appointed shall designate by common agreement the third arbitrator, who shall be the chairman of the tribunal. The latter shall not be a national of one of the parties to the dispute, nor have his usual place of residence in the territory of one of these parties nor be employed by any of them, nor have dealt with the case in any other capacity.

Article 4

1. If the chairman of the arbitral tribunal has not been designated within two months of the appointment of the second arbitrator, the Secretary-General of the United Nations shall, at the request of either party, designate him within a further two months' period.

2. If one of the parties to the dispute does not appoint an arbitrator within two months of the receipt of the request, the other party may inform the Secretary- General of the United Nations who shall designate the chairman of the arbitral tribunal within a further two months' period. Upon designation, the chairman of the arbitral tribunal shall request the party which has not appointed an arbitrator to do so within two months. After such period, he shall inform the Secretary-General of the United Nations, who shall make this appointment within a further two months' period.

5. gr.

1. Gerðardómur skal byggja úrlausn sína á reglum þjóðaréttar og ákvæðum samnings þessa.

2. Gerðardómur, sem komið er á samkvæmt ákvæðum viðauka þessa, skal setja sér starfsreglur.

6. gr.

1. Úrlausnir gerðardóms, bæði um réttarfar og efni máls, skulu kveðnar upp með atkvæðum meirihluta gerðarmanna.

2. Gerðardómur getur gert allar viðeigandi ráðstafanir til að leiða málsatvik í ljós. Hann getur að ósk deiluaðila mælst til þess að nauðsynlegar verndarráðstafanir til bráðabirgða séu gerðar.

3. Deiluaðilar skulu láta í té alla aðstöðu sem þörf er á vegna málarekstursins.

4. Fjarvera eða útivist deiluaðila hindrar ekki framgang máls.

7. gr.

Gerðardómur getur fjallað um og skorið úr um gagnkröfur sem beinlínis eiga rætur að rekja til deiluefnisins.

8. gr.

Ákveði gerðardómur ekki annað vegna þess hvernig atvikum er háttað í máli skulu deiluaðilar bera kostnað af störfum gerðardóms að jöfnu, þar með talda þóknun gerðarmanna. Dómurinn skal færa allan kostnað sinn til bókar og láta deiluaðilum í té endanlegt yfirlit um hann.

9. gr.

Sérhverjum aðila, sem á slíkra réttarhagsmuna að gæta varðandi deiluefnið að dómur geti haft áhrif á þá, er heimil meðalganga að fengnu samþykki gerðardómsins.

10. gr.

1. Gerðardómur skal kveða upp dóm sinn innan fimm mánaða frá því er hann var skipaður, nema hann telji nauðsynlegt að lengja þann frest

Article 5

1. The arbitral tribunal shall render its decision in accordance with international law and in accordance with the provisions of this Convention.

2. Any arbitral tribunal constituted under the provisions of this Annex shall draw up its own rules of procedure.

Article 6

1. The decisions of the arbitral tribunal both on procedure and on substance, shall be taken by majority vote of its members.

2. The tribunal may take all appropriate measures in order to establish the facts. It may, at the request of one or the parties, recommend essential interim measures of protection.

3. The parties to the dispute shall provide all facilities necessary for the effective conduct of the proceedings.

4. The absence or default of a party in the dispute shall not constitute an impediment to the proceedings.

Article 7

The tribunal may hear and determine counterclaims arising directly out of the subject-matter of the dispute.

Article 8

Unless the arbitral tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares. The tribunal shall keep a record of all its expenses, and shall furnish a final statement thereof to the parties.

Article 9

Any Party that has an interest of a legal nature in the subject-matter of the dispute which may be affected by the decision in the case, may intervene in the proceedings with the consent of the tribunal.

Article 10

1. The tribunal shall render its award within five months of the date on which it is established unless it finds it necessary to extend the

um tíma sem ekki skyldi vera lengri en fimm mánuðir.

2. Rökstuðningur skal fylgja dómi gerðardóms. Dómur er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

3. Nú kemur upp deila milli aðila um túlkun eða fullnustu á dómi gerðardóms og getur þá deiluaðili vísað henni til þess gerðardóms sem dóminn kvað upp, ef hann er tiltækur, eða til annars gerðardóms sem komið er á í því skyni á sama hátt og þeim fyrri.

time-limit for a period which should not exceed five months.

2. The award of the arbitral tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and binding upon the parties to the dispute.

3. Any dispute which may arise between the parties concerning the interpretation or execution of the award may be submitted by either party to the arbitral tribunal which made the award or, if the latter cannot be seized thereof, to another tribunal constituted for this purpose in the same manner as the first.

23. október 1995 Nr. 14

AUGLÝSING

um loftferðasamning við Bandaríkin.

Samningur ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórnar Íslands um flutninga í lofti, sem gerður var í Washington 14. júní 1995, öðlaðist gildi 12. október 1995.

Við gildistöku samningsins féllu úr gildi loftflutningasamningur frá 27. janúar 1945, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 142, ásamt breytingu á honum frá 17. ágúst 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1978, samningur um flutninga á íslenskum farþegum og pósti með flugvélum frá 27. janúar og 11. apríl 1945, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 143, og samkomulag frá 24. júní 1970 varðandi flug Loftleiða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1970.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. október 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórnar Íslands um flutninga í lofti.

Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórn Íslands (hér á eftir nefndar „aðilar"),

hafa hug á að stuðla að alþjóðaflugi sem byggist á samkeppni milli flugfélaga á markaði þar sem opinber afskipti og stjórnun eru í lágmarki,

hafa hug á að greiða fyrir auknum möguleikum í millilandaflutningum í lofti,

hafa hug á að gera flugfélögum kleift að bjóða ferðamönnum og sendendum fjölbreytta þjón-

AIR TRANSPORT AGREEMENT between Government of the United States of America and the Government of Iceland

The Government of the United States of America and the Government of Iceland (hereinafter, "the Parties");

Desiring to promote an international aviation system based on competition among airlines in the marketplace with minimum government interference and regulation;

Desiring to facilitate the expansion of international air transport opportunities;

Desiring to make it possible for airlines to offer the travelling and shipping public a vari-

ustu fyrir sem lægst verð, sem hvorki er undirverðlagning né skapar mismunun og er ekki misnotkun á yfirburðastöðu, og vilja hvetja einstök flugfélög til að fara inn á nýjar brautir í verðlagningu og verðsamkeppni,

hafa hug á að tryggja hámarksöryggi og flugvernd í millilandaflutningum í lofti og árétta þungar áhyggjur sínar vegna aðgerða eða hótana gegn flugvernd loftfara, sem tefla öryggi manna eða eigna í tvísýnu og hafa óæskileg áhrif á rekstur flutninga í lofti auk þess að grafa undan tiltrú almennings á öryggi í almenningsflugi, og

þar eð þeir eru aðilar að samþykkt um alþjóðaflugmál, sem lögð var fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

hafa samþykkt eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

1. „Flugmálayfirvöld“ eru, að því er varðar Bandaríkin, samgönguráðuneytið eða arftaki þess, og að því er varðar Ísland, samgönguráðuneytið og hver sá einstaklingur eða stofnun sem falið hefur verið að inna af hendi störf sem eru í verkahring síðarnefnda ráðuneytisins.

2. „Samningur“ er samningur þessi, viðaukar við hann og allar breytingar þar á.

1. Deilur sem kunna að rísa út af samningi þessum, að undanskildum þeim sem kunna að rísa út af 3. mgr. 12. gr. (verðlagning), sem ekki verða leystar í fyrstu formlegum viðræðum má með samþykki aðila vísa til einhvers einstaklings eða stofnunar. Samþykki aðilar það ekki skal deilan, að beiðni annars hvors aðilans, lögð fyrir gerðardóm í samræmi við málsmeðferð þá sem hér fer á eftir:

2. Gerðardómur skal skipaður þremur gerðarmönnum sem hér segir:

a. Hvor aðili um sig skal tilnefna gerðarmann innan 30 daga frá því að ósk um gerðardóm barst. Áður en 60 dagar eru liðnir frá því að þessir tveir gerðarmenn voru tilnefndir skulu þeir í sameiningu skipa þriðja gerðarmann og er hann forseti gerðardómsins.

Article 15
Settlement of Disputes

1. Any dispute arising under this agreement, except those that may arise under paragraph 3 of Article 12 (Pricing), that is not resolved by a first round of formal consultations may be referred by agreement of the Parties for decision to some person or body. If the Parties do not so agree, the dispute shall, at the request of either Party, be submitted to arbitration in accordance with the procedures set forth below.

2. Arbitration shall be by a tribunal of three arbitrators to be constituted as follows:

a. Within 30 days after the receipt of a request for arbitration, each Party shall name one arbitrator. Within 60 days after these two arbitrators have been named, they shall by agreement appoint a third arbitrator, who shall act as President of the arbitral tribunal;

b. Ef annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðarmann, eða ef þriðji gerðarmaður er ekki skipaður samkvæmt a-lið þessarar málsgreinar, getur hvor aðilinn sem er farið fram á að forseti ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skipi gerðarmann eða gerðarmenn þá sem á vantar innan 30 daga. Ef forseti ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er ríkisborgari annars aðilans, skal sá varaforseti sem næstur er í röðinni og ekki telst vanhæfur af sömu sökum annast útnefninguna.

3. Gerðardómur ákvarðar í samræmi við samning þennan, nema annað sé ákveðið, hver lögsaga hans er og hann setur sér starfsreglur. Þegar dómurinn hefur verið skipaður getur hann mælt með bráðabirgðaráðstöfunum til úrbóta þar til niðurstaðan liggur fyrir. Halda ber þing, undir stjórn dómsins eða að beiðni annars hvors aðilans, til að ákvarða ágreiningsefnin sem á að úrskurða um og málsmeðferð eigi síðar en 15 dögum eftir að dómurinn er fullskipaður.

4. Nema annað sé ákveðið eða dómurinn ákveði annað skulu báðir aðilar leggja fram greinargerð innan 45 daga frá því að dómurinn var fullskipaður. Andmæli skulu hafa borist 60 dögum síðar. Dómurinn skal rétta í málinu að beiðni annars hvors aðilans eða að eigin frumkvæði innan 15 daga frá því að andmælin eiga að hafa borist.

5. Dómurinn skal leitast við að leggja fram skriflegar niðurstöður innan 30 daga eftir að réttað hefur verið í málinu eða, ef ekki er réttað í málinu, eftir að andmæli beggja hafa verið lögð fram. Niðurstaða meirihluta dómsins ræður úrslitum.

6. Aðilar geta beiðst skýringa innan 15 daga frá því að niðurstaða fékkst og skulu skýringar gefnar innan 15 daga frá því að beiðnin barst.

7. Báðir aðilar skulu, að því marki sem samrýmanlegt er lögum þeirra, láta niðurstöður eða úrskurði gerðardóms öðlast fullt gildi.

8. Útgjöldum gerðardóms, að meðtöldum útgjöldum gerðarmanna og þóknun til þeirra, skal skipt jafnt á milli aðila. Öll útgjöld sem forseti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar stofnar til í tengslum við málsmeðferð b-liðar 2. mgr. þessarar greinar skulu teljast hluti af útgjöldum gerðardóms.

b. If either Party fails to name an arbitrator, or if the third arbitrator is not appointed in accordance with subparagraph a of this paragraph, either Party may request the President of the Council of the International Civil Aviation Organization to appoint the necessary arbitrator or arbitrators within 30 days. If the President of the Council is of the same nationality as one of the Parties, the most senior Vice President who is not disqualified on that ground shall make the appointment.

3. Except as otherwise agreed, the arbitral tribunal shall determine the limits of its jurisdiction in accordance with this Agreement and shall establish its own procedural rules. The tribunal, once formed, may recommend interim relief measures pending its final determination. At the direction of the tribunal or at the request of either of the Parties, a conference to determine the precise issues to be arbitrated and the specific procedures to be followed shall be held not later than 15 days after the tribunal is fully constituted.

4. Except as otherwise agreed or as directed by the tribunal, each Party shall submit a memorandum within 45 days of the time the tribunal is fully constituted. Replies shall be due 60 days later. The tribunal shall hold a hearing at the request of either Party or on its own initiative within 15 days after replies are due.

5. The tribunal shall attempt to render a written decision within 30 days after completion of the hearing or, if no hearing is held, after the date both replies are submitted. The decision of the majority of the tribunal shall prevail.

6. The Parties may submit requests for clarification of the decision within 15 days after it is rendered and any clarification given shall be issued within 15 days of such request.

7. Each Party shall, to the degree consistent with its national law, give full effect to any decision or award of the arbitral tribunal.

8. The expenses of the arbitral tribunal, including the fees and expenses of the arbitrators, shall be shared equally by the Parties. Any expenses incurred by the President of the Council of the International Civil Aviation Organization in connection with the procedures of paragraph 2, b. of this Article shall be considered to be part of the expenses of the arbitral tribunal.

16. gr.
Uppsögn.

Hvor aðilinn sem er getur hvenær sem er tilkynnt hinum aðilanum skriflega ákvörðun sína um að segja upp þessum samningi. Samtímis skal slík tilkynning send Alþjóðaflugmálastofnuninni. Samningur þessi fellur úr gildi (á þeim stað þar sem hinn aðilinn tók við tilkynningunni) á miðnætti aðfaranætur sama dags að ári frá því að hinum aðilanum barst tilkynningin, nema tilkynningin sé dregin til baka með samþykki beggja aðila áður en sá tími er liðinn.

Article 16
Termination

Either Party may, at any time, give notice in writing to the other Party of its decision to terminate this Agreement. Such notice shall be sent simultaneously to the International Civil Aviation Organization. This Agreement shall terminate at midnight (at the place of receipt of the notice to the other Party) immediately before the first anniversary of the date of receipt of the notice by the other Party, unless the notice is withdrawn by agreement of the Parties before the end of this period.

17. gr.
Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Samningur þessi ásamt öllum breytingum á honum skal skráður hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Article 17
Registration with ICAO

This Agreement and all amendments thereto shall be registered with the International Civil Aviation Organization.

18. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi við erindaskipti sendifulltrúa sem staðfesta að lokið sé lögformlegri innlendri meðferð þessa máls sem nauðsynleg er til að samningurinn komi til framkvæmda.

Við gildistöku leysir þessi samningur af hólmi loftflutningasamning sem öðlaðist gildi með erindaskiptum í Reykjavík 27. janúar 1945 og breytingar við hann, samning um flutninga á íslenzkum farþegum og pósti með flugvélum sem staðfestur var með erindaskiptum í Reykjavík 27. janúar og 11. apríl 1945 og „Agreement on a Modus Vivendi with Respect to the Operations of the Designated Icelandic Airline Under the 1945 Transport Services Agreement" sem öðlaðist gildi með erindaskiptum í Washington 24. júní 1970.

Article 18
Entry into force

This Agreement shall enter into force upon an exchange of diplomatic notes confirming that the internal procedures necessary to implement the Agreement have been completed.

Upon entry into force, this Agreement shall supersede the Agreement Relating to Air Transport Services, effected by exchange of notes at Reykjavik January 27, 1945, as amended, the Agreement Relating to Transportation by Air of Icelandic Passengers and Mail, effected by exchange of notes at Reykjavik January 27 and April 11, 1945, and the Agreement on a Modus Vivendi with Respect to the Operations of the Designated Icelandic Airline Under the 1945 Transport Services Agreement, effected by exchange of notes at Washington June 24, 1970.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, ritað undir samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments, have signed this Agreement.

GJÖRT í Washington 14 júní 1995, í tvíriti, á ensku og íslensku, og eru báðir textar jafngildir.

DONE at Washington, this l4th day of June, 1995, in duplicate, in the Icelandic and English languages, each text being equally authentic.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Bandaríkja Norður-Ameríku
James Tarrant

For the Government of the
United States of America
James Tarrant

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Einar Benediktsson

For the Government of Iceland
Einar Benediktsson

I. VIÐAUKI
Áætlunarflutningar í lofti.

1. hluti.
Leiðir.

Flugfélög beggja aðila sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að stunda áætlunarflutninga milli landa í lofti á eftirfarandi leiðum:

A. Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem eru tilnefnd af ríkisstjórn Bandaríkjanna:

Frá stöðum handan við Bandaríkin um Bandaríkin og staði á milli Bandaríkjanna og Íslands til staðar eða staða á Íslandi og áfram.

B. Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem eru tilnefnd af ríkisstjórn Íslands:

Frá stöðum handan við Ísland um Ísland og staði á milli Íslands og Bandaríkjanna til staðar eða staða í Bandaríkjunum og áfram.

2. hluti.
Sveigjanleiki í rekstri.

Hvert tilnefnt flugfélag getur að eigin vali gert eftirfarandi á hvaða flugleið sem vera skal eða þeim öllum:

1. Starfrækt flug í aðra áttina eða báðar.
2. Sameinað mismunandi flugnúmer í einni ferð með sama loftfari.
3. Þjónað stöðum handan við yfirráðasvæði aðila, á milli þeirra og áfram og stöðum á yfirráðsvæðum aðila á leiðum með hvaða samsetningu og í hvaða röð sem er.
4. Sleppt viðkomu á hvaða stað eða stöðum sem er.
5. Flutt farþega/farm frá einu loftfari sínu til annars hvar sem er á leiðunum.

6. Þjónað stöðum handan við hvaða stað sem er á yfirráðasvæði sínu hvort sem skipt er um loftfar eða flugnúmer eða ekki og er heimilt að halda uppi og kynna slíka þjónustu fyrir almenningi sem flutninga á leiðarenda:

Án takmarkana á því í hvora áttina er flogið eða hvert og án þess að missa rétt til flutninga sem eru leyfðir annars staðar í þessum samningi, að því tilskildu að flutningarnir þjóni stað á yfirráðasvæði aðilans sem tilnefndi flugfélagið.

3. hluti.
Skipt um loftfar.

Tilnefnd flugfélög geta stundað millilandaflutninga í lofti án takmarkana að því er lýtur

ANNEX I
Scheduled Air Transportation

Section 1
Routes

Airlines of each Party designated under this Annex shall, in accordance with the terms of their designation, be entitled to perform scheduled international air transportation between points on the following routes:

A. Routes for the airline or airlines designated by the Government of the United States:

From points behind the United States via the United States and intermediate points to a point or points in Iceland and beyond.

B. Routes for the airline or airlines designated by the Government of Iceland:

From points behind Iceland via Iceland and intermediate points to a point or points in the United States and beyond.

Section 2
Operational Flexibility

Each designated airline may, on any or all flights and at its option:

1. Operate flights in either or both directions;
2. Combine different flight numbers within one aircraft operation;
3. Serve behind, intermediate, and beyond points and points in the territories of the Parties on the routes in any combination and in any order;
4. Omit stops at any point or points; and

5. Transfer traffic from any of its aircraft to any of its other aircraft at any point on the routes;
6. Serve points behind any point in its territory with or without change of aircraft or flight number and may hold out and advertise such services to the public as through services:

Without directional or geographic limitation and without loss of any right to carry traffic otherwise permissible under this Agreement; provided that the service serves a point in the territory of the Party designating the airline.

Section 3
Change of Gauge

On any segment or segments of the routes above, any designated airline may perform inter-

að því að skipta um gerð eða breyta fjölda loftfara í rekstri, á hvaða stað á leiðinni sem er, í hvaða áfanga eða áföngum sem er á leiðunum er um getur hér að framan, að því tilskildu að flutningar á útleið frá slíkum stað séu framhald flutninga frá yfirráðasvæði aðilans sem tilnefndi flugfélagið og að á innleið séu flutningar til yfirráðasvæðis aðilans sem tilnefndi flugfélagið framhald flutninga frá stað sem er handan við slíkan stað.

national air transportation without any limitation as to change, at any point on the route, in type or number of aircraft operated; provided that, in the outbound direction, the transportation beyond such point is a continuation of the transportation from the territory of the Party that has designated the airline and, in the inbound direction, the transportation to the territory of the Party that has designated the airline is a continuation of the transportation from beyond such point.

II. VIÐAUKI
Leiguflutningar í lofti.

1. hluti.

Flugfélög beggja aðila sem eru tilnefnd samkvæmt þessum viðauka skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að flytja farþega landa á milli með leiguflutningum í lofti (og meðfylgjandi farangur þeirra) og/eða farm (getur þá verið um að ræða, en þó ekki eingöngu, farmmiðlun, uppskiptingu og samsetningu (farþegar/farmur) í leiguflutningum):

milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði aðilans sem hefur tilnefnt flugfélagið og hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins aðilans; og

milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins aðilans og hvaða staðar eða staða sem er í þriðja landi eða þriðju löndum, að því tilskildu að slík þjónusta sé liður í samfelldum rekstri, hvort sem skipt er um loftfar eða ekki, sem felur í sér þjónustu við heimalandið í þeim tilgangi að flytja innanlandsfarþega/farm milli heimalandsins og yfirráðasvæðis hins aðilans.

Þegar þjónusta sem fellur undir þennan viðauka er veitt skulu flugfélög beggja aðila, sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka, einnig eiga rétt á að: 1) hafa viðdvöl hvar sem er innan eða utan yfirráðasvæðis hvors aðilans sem er; 2) flytja farþega/farm í umflutningi með viðkomu á yfirráðasvæði hins aðilans; og 3) sameina í einu loftfari farþega/farm sem er upprunninn annaðhvort á yfirráðasvæði annars aðilans eða á yfirráðasvæði hins aðilans og farþega/farm sem er upprunninn í þriðju löndum.

Báðir aðilar skulu með vinsemd taka til athugunar umsóknir flugfélaga hins aðilans um að stunda flutninga sem falla ekki undir þennan viðauka á grundvelli háttvísi og gagnkvæmni.

ANNEX II
Charter Air Transportation

Section 1

Airlines of each Party designated under this Annex shall, in accordance with the terms of their designation, have the right to carry international charter traffic of passengers (and their accompanying baggage) and/or cargo (including, but not limited to, freight forwarder, split, and combination (passenger/cargo) charters):

Between any point or points in the territory of the Party that has designated the airline and any point or points in the territory of the other Party; and

Between any point or points in the territory of the other Party and any point or points in a third country or countries, provided that such service constitutes part of a continuous operation, with or without a change of aircraft, that includes service to the homeland for the purpose of carrying local traffic between the homeland and the territory of the other Party.

In the performance of services covered by this Annex, airlines of each Party designated under this Annex shall also have the right: (1) to make stopovers at any points whether within or outside of the territory of either Party; (2) to carry transit traffic through the other Party's territory; and (3) to combine on the same aircraft traffic originating in one Party's territory, originating in the other Party's territory, and traffic originating in third countries.

Each Party shall extend favorable consideration to applications by airlines of the other Party to carry traffic not covered by this Annex on the basis of comity and reciprocity.

2. hluti.

Flugfélag, tilnefnt af öðrum hvorum aðilanum, sem stundar leiguflutninga í lofti landa á milli sem hefjast á yfirráðasvæði annars hvors aðilans, hvort sem um er að ræða flutninga aðra leið eða báðar, skal eiga þess kost að velja hvort það fer að lögum og reglum heimalandsins eða hins aðilans um leiguflug. Ef aðili beitir mismunandi reglum, reglugerðum, skilmálum, skilyrðum eða takmörkunum gagnvart einu eða fleiri flugfélaga sinna, eða flugfélögum annarra landa, skal hvert tilnefnt flugfélag hlíta þeim viðmiðunum sem hafa minnstu takmarkanir í för með sér.

Ekkert í ofangreindri málsgrein takmarkar þó rétt hvors aðilans sem er til að krefjast þess að flugfélög sem annar hvor þeirra tilnefnir samkvæmt þessum viðauka fylgi ákvæðum um vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt þeirra.

3. hluti.

Hvorugur aðila skal krefjast þess að flugfélag, sem hinn aðilinn hefur tilnefnt samkvæmt þessum viðauka, að því er varðar flutninga frá yfirráðasvæði hins aðilans eða þriðja lands, aðra leið eða báðar, leggi fram nokkuð umfram yfirlýsingu um að samræmis sé gætt við gildandi lög og reglur sem um getur í 2. hluta þessa viðauka, eða um undanþágur frá þessum lögum eða reglum sem þar til bær flugmálayfirvöld veita, nema að því er lýtur að reglum um neytendavernd sem um getur í málsgreininni hér að framan.

III. VIÐAUKI
Meginreglur um jafnræði og samkeppni í tölvufarskráningarkerfum.

Með því að viðurkenna að ákvæði 11. gr. (sanngjörn samkeppni) í samningnum milli Bandaríkjanna og Íslands tryggi flugfélögum beggja aðila „sanngjörn og jöfn tækifæri til samkeppni“,

með það í huga að eitt af því sem hvað mikilvægast er til að flugfélag sé samkeppnishæft er tækifæri til að koma upplýsingum um þjónustu sína á framfæri við almenning á sanngjarnan og hlutlausan hátt og má af þeim sökum líta svo á að eðli þeirra upplýsinga sem ferðaskrifstofur fá um flugþjónustu, og þær koma síðan á framfæri við ferðamenn, ásamt möguleikum flugfélags til að bjóða ferðaskrifstofum aðgang að farskráningarkerfum sem eru samkeppnishæf sé í raun aðalforsenda þess að flugfélag sé samkeppnishæft, og

Section 2

Any airline designated by either Party performing international charter air transportation originating in the territory of either Party, whether on a one-way or round-trip basis, shall have the option of complying with the charter laws, regulations, and rules either of its homeland or of the other Party, If a Party applies different rules, regulations, terms, conditions, or limitations to one or more of its airlines, or to airlines of different countries, each designated airline shall be subject to the least restrictive of such criteria.

However, nothing contained in the above paragraph shall limit the rights of either Party to require airlines designated under this Annex by either Party to adhere to requirements relating to the protection of passenger funds and passenger cancellation and refund rights.

Section 3

Except with respect to the consumer protection rules referred to in the preceding paragraph above, neither Party shall require an airline designated under this Annex by the other Party, in respect of the carriage of traffic from the territory of that other Party or of a third country on a one-way or round-trip basis, to submit more than a declaration of conformity with the applicable laws, regulations and rules referred to under section 2 of this Annex or of a waiver of these laws, regulations, or rules granted by the applicable aeronautical authorities.

ANNEX III
Principles of Non-Discrimination Within and Competition among Computer Reservation Systems

Recognizing that the provisions of Article 11 (Fair Competition) of the U.S.-Iceland Agreement guarantees the airlines of both Parties “a fair and equal opportunity to compete,”

Considering that one of the most important aspects of the ability of an airline to compete is its ability to inform the public of its services in a fair and impartial manner, and that, therefore, the quality of information about airline services available to travel agents who directly distribute such information to the travelling public and the ability of an airline to offer those agents competitive computer reservations systems (CRSs) represent the foundation for an airline's competitive opportunities, and

með það í huga að engu síður er mikilvægt að tryggja að hagsmunir þeirra sem notfæra sér flutningaþjónustu í lofti séu verndaðir gegn hvers konar misnotkun slíkra upplýsinga og villandi framsetningu þeirra og að flugfélög og ferðaskrifstofur hafi aðgang að tölvufarskráningarkerfum sem eru í raun samkeppnishæf:

1. eru aðilar sammála um að í tölvufarskráningarkerfum skuli vera samhæfð aðalskjáyfirlit þar sem:

a. upplýsingum um flugþjónustu landa á milli, meðal annars um uppbyggingu tenginga í slíkri þjónustu, skal skipað niður og skulu þær birtar á grundvelli jafnræðis og hlutlægni án þess að merki flugfélags eða markaðstákn komi þar nærri með beinum eða óbeinum hætti. Þessar viðmiðanir gilda jafnt um öll aðildarflugfélög;
b. gagnasöfn tölvufarskráningarkerfanna eru eins ítarleg og við verður komið;
c. seljendum tölvufarskráningarkerfa er gert að eyða ekki upplýsingum sem aðildarflugfélög leggja fram; slíkar upplýsingar skulu vera nákvæmar og skýrar; til dæmis skulu flug með sameiginlegum flugnúmerum, flug þar sem skipt er um loftfarsgerð á sama flugnúmeri og flug með viðdvöl vera greinilega auðkennd sem slík;
d. bæði er skylt og heimilt að öll tölvufarskráningarkerfi sem eru aðgengileg ferðaskrifstofum, sem dreifa upplýsingum um þjónustu flugfélaga beint til ferðamanna á yfirráðasvæði beggja aðila, séu starfrækt í samræmi við reglur um tölvufarskráningarkerfi sem gilda á yfirráðasvæðinu þar sem tölvufarskráningarkerfið er starfrækt;
e. ferðaskrifstofum er heimilt að nota hvers konar aukaskjáyfirlit sem eru aðgengileg í tölvufarskráningarkerfinu að því tilskildu að ferðaskrifstofan óski sérstaklega eftir slíku skjáyfirliti;

2. skal hvor aðili um sig krefjast þess að allir seljendur tölvufarskráningarkerfa með starfsemi á yfirráðasvæði hans heimili öllum flugfélögum, sem eru reiðubúin til að greiða á jafnræðisgrundvelli það gjald sem í gildi er fyrir aðild að tölvufarskráningarkerfum sínum. Aðili skal krefjast þess að öll dreifingaraðstaða sem seljandi tölvufarskráningarkerfa lætur í té standi aðildarflugfélögum til boða á jafnræðisgrundvelli. Skal hvor aðili um sig krefjast þess að seljendur tölvufarskráningarkerfa birti, á jafnræðisgrundvelli þar sem hlutleysis er gætt, flugfélögum ekki mismunað og óhlutdrægni ríkir á markaði, upplýsingar sem aðildarflugfélög veita

Considering that it is equally necessary to ensure that the interests of the consumers of air transport products are protected from any misuse of such information and its misleading presentation and that airlines and travel agents have access to effectively competitive computer reservations systems:

1. The Parties agree that CRSs will have integrated primary displays for which:

a. Information regarding international air services, including the construction of connections on those services, shall be edited and displayed based on non-discriminatory and objective criteria that are not influenced, directly or indirectly, by airline or market identity. Such criteria shall apply uniformly to all participating airlines.
b. CRS data bases shall be as comprehensive as possible.
c. CRS vendors shall not delete information submitted by participating airlines; such information shall be accurate and transparent; for example, code-shared and change-of-gauge flights and flights with stops should be clearly identified as having those characteristics.
d. All CRSs that are available to travel agents who directly distribute information about airline services to the travelling public in either Party's territory shall not only be obligated to, but shall also be entitled to, operate in conformance with the CRS rules that apply in the territory where the CRS is being operated.
e. Travel agents shall be allowed to use any of the secondary displays available through the CRS so long as the travel agent makes a specific request for that display.

2. A Party shall require that each CRS vendor operating in its territory allow all airlines willing to pay any applicable non-discriminatory fee to participate in its CRS. A Party shall require that all distribution facilities that a system vendor provides shall be offered on a non-discriminatory basis to participating airlines. A Party shall require that CRS vendors display, on a non-discriminatory, objective, carrier-neutral and market-neutral basis, the international air services of participating airlines in all markets in which they wish to sell those services. Upon request, a CRS vendor shall disclose details of its data base update and storage procedures, its

um flugþjónustu landa á milli á öllum mörkuðum þar sem þau hyggjast selja þessa þjónustu. Ef þess er óskað skal seljandi tölvufarskráningarkerfa gefa nákvæmar upplýsingar um hvaða aðferðir eru notaðar við að staðfæra og geyma gagnasöfn þeirra, hvaða viðmiðanir gilda um skipulag og sess upplýsinga, mikilvægi slíkra viðmiðana og hver viðmiðunin er þegar tengiflugvellir eru valdir og tengiflug sett inn;

criteria for editing and ranking information, the weight given to such criteria, and the criteria used for selection of connect points and inclusion of connecting flights.

3. eiga seljendur tölvufarskráningarkerfa á yfirráðasvæði annars aðilans rétt á að innleiða hjá ferðaskrifstofum eða fyrirtækjum í ferðaþjónustu, sem leggja höfuðáherslu á dreifingu þjónustu er tengist ferðamálum, viðhalda og veita frjálsan aðgang að tölvufarskráningarkerfum sínum á yfirráðasvæði hins aðilans, ef tölvufarskráningarkerfið er í samræmi við þessar meginreglur;

3. CRS vendors operating in the territory of one Party shall be entitled to bring in, maintain, and make freely available their CRSs to travel agencies or travel companies whose principal business is the distribution of travel-related products in the territory of the other Party if the CRS complies with these principles.

4. skal hvorugur aðilinn gera eða heimila að gerðar séu á yfirráðasvæði sínu strangari kröfur til seljenda tölvufarskráningarkerfa hins aðilans að því er varðar aðgengi og notkun samskiptabúnaðar, val og notkun tæknilegs vélbúnaðar og hugbúnaðar tölvufarskráningarkerfa og tæknilega uppsetningu vélbúnaðar þessara kerfa en til eigin seljenda tölvufarskráningarkerfa;

4. Neither Party shall, in its territory, impose or permit to be imposed on the CRS vendors of the other Party more stringent requirements with respect to access to and use of communication facilities, selection and use of technical CRS hardware and software, and the technical installation of CRS hardware, than those imposed on its own CRS vendors.

5. skal hvorugur aðilinn leggja eða heimila að lagðar séu á yfirráðasvæði sínu meiri hömlur á seljendur tölvufarskráningarkerfa hins aðilans að því er varðar skjáyfirlit tölvufarskráningarkerfa (meðal annars skipulag og stærð skjáyfirlita) starfrækslu eða sölu, en á eigin seljendur tölvufarskráningarkerfa;

5. Neither Party shall, in its territory, impose or permit to be imposed on the CRS vendors of the other Party more restrictive requirements with respect to CRS displays (including edit and display parameters), operation, or sale than those imposed on its own CRS vendors.

6. skulu tölvufarskráningarkerfi, sem eru í notkun á yfirráðasvæði annars aðilans og starfrækt í samræmi við þessar meginreglur og aðra stjórnvalds-, tækni- og flugverndarstaðla sem byggja á jafnræðisreglunni, hafa virkt og ótruflað aðgengi á yfirráðasvæði hins aðilans. Einn liður í því er að tilnefnt flugfélag eigi aðild að slíku kerfi með jafnvirkum hætti á yfirráðasvæði heimalands síns og að öðrum kerfum sem ferðaskrifstofum á yfirráðasvæði hins aðilans stendur til boða. Skulu eigendur/stjórnendur tölvufarskráningarkerfa frá öðrum aðilanum hafa sama tækifæri til að eiga/starfrækja tölvufarskráningarkerfi sem eru í samræmi við þessar meginreglur á yfirráðasvæði hins aðilans og eigendur/stjórnendur frá hinum aðilanum. Skal hvor aðili um sig tryggja að flugfélög hans og seljendur tölvufarskráningarkerfa mismuni ekki ferðaskrifstofum á yfirráðasvæði heimalandsins vegna þess að þær noti eða eigi tölvufarskráningarkerfi sem einnig er starfrækt á yfirráðasvæði hins aðilans.

6. CRSs in use in the territory of one Party that comply with these principles and other relevant non-discriminatory regulatory, technical, and security standards shall be entitled to effective and unimpaired access in the territory of the other Party, One aspect of this is that a designated airline shall participate in such a system as fully in its homeland territory as it does in any system offered to travel agents in the territory of the other Party. Owners/operators of CRSs of one Party shall have the same opportunity to own/operate CRSs that conform to these principles within the territory of the other Party as do owners/operators of that Party. Each Party shall ensure that its airlines and its CRS vendors do not discriminate against travel agents in their homeland territory because of their use or possession of a CRS also operated in the territory of the other Party.

STJÓRNARTÍÐINDI C 4 – 1995

10. maí 1995 285 Nr. 15

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.

Hinn 24. mars 1994 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem gerð var í Lundúnum 19. nóvember 1976, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980 þar sem samningurinn er birtur. Alþingi hafði með ályktun 14. desember 1993 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta bókunina. Bókunin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 22. júní 1994.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

BÓKUN
við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969.

Aðilar að bókun þessari,

sem eru aðilar að alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem gerður var í Brussel 29. nóvember 1969,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í bókun þessari:

1. merkir „samningur“ alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969.

2. hefur „Stofnunin“ sömu merkingu og í samningnum.

3. merkir „aðalritari“ aðalritara Stofnunarinnar.

2. gr.

5. gr. samningsins breytist sem hér segir:

PROTOCOL
to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969

The Parties to the Present Protocol,

Being Parties to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, done at Brussels on 29 November 1969;

Have agreed as follows:

Article I

For the purpose of the present Protocol:

1. "Convention" means the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969.

2. "Organization" has the same meaning as in the Convention.

3. "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

Article II

Article V of the Convention is amended as follows:

1) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi texti:

„Eiganda skips skal heimilt að takmarka ábyrgð sína í samningi þessum varðandi hvern einstakan atburð við heildartöluna 133 mælieiningar fyrir hverja rúmlest af rúmlestatölu skipsins. Heildartala þessi skal þó aldrei vera hærri en 14 milljón mælieiningar.“

2) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi texti:

9 a) „Mælieiningin“, sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar, er sérstök dráttarréttindi eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir þau. Upphæðum þeim sem nefndar eru í 1. mgr. skal breyta í gjaldmiðil þess ríkis þar sem sjóðurinn er stofnaður á grundvelli verðmætis þess gjaldmiðils með tilvísun til hinna sérstöku dráttarréttinda þann dag sem sjóðurinn var stofnaður. Umreikningur á ríkisgjaldmiðli samningsríkis, sem einnig er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, í sérstök dráttarréttindi skal fara fram í samræmi við þá matsaðferð sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beitir og er í gildi umræddan dag fyrir rekstur hans og viðskipti. Verðmæti ríkisgjaldmiðils samningsríkis sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skal varðandi sérstöku dráttarréttindin reiknað á þann hátt sem það ríki ákveður.

9 b) Nú er samningsríki ekki aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lög þess heimila ekki að ákvæðum a-liðar 9. mgr. sé beitt og skal því samt sem áður heimilt við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að samningi þessum eða hvenær sem er eftir það að lýsa því yfir að takmörk þeirrar ábyrgðar, sem kveðið er á um í 1. mgr. að beitt sé á yfirráðasvæði þess, skuli varðandi hvern einstakan atburð vera samtals 2000 gjaldeyriseiningar fyrir hverja rúmlest af rúmlestatölu skipsins að því tilskildu að þessi heildartala verði ekki hærri en 210 milljónir gjaldeyriseininga. Gjaldeyriseiningin sem getið er í málsgrein þessari samsvarar sextíu og fimm og hálfu milligrammi gulls sem er að 900/1000 hlutum skírt gull. Umreikningur þessara magntalna í gjaldmiðli hvers ríkis skal gerður samkvæmt lögum þess ríkis sem hlut á að máli.

9 c) Útreikningar sem minnst er á í síðustu setningu a-liðar 9. mgr., og umreikningurinn sem minnst er á í b-lið 9. mgr., skulu gerðir þannig að þeir sýni í gjaldmiðli samningsríkis

(1) Paragraph 1 is replaced by the following text:

“The owner of a ship shall be entitled to limit his liability under this Convention in respect of any one incident to an aggregate amount of 133 units of account for each ton of the ship's tonnage. However, this aggregate amount shall not in any event exceed 14 million units of account.”

(2) Paragraph 9 is replaced by the following text:

9 (a) The “unit of account” referred to in paragraph 1 of this Article is the Special Drawing Right as defined by the International Monetary Fund. The amounts mentioned in paragraph 1 shall be converted into the national currency of the State in which the fund is being constituted on the basis of the value of that currency by reference to the Special Drawing Right on the date of the constitution of the fund. The value of the national currency in terms of the Special Drawing Right, of a Contracting State which is a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund in effect at the date in question for its operations and transactions. The value of the national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a Contracting State which is not a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in a manner determined by that State.

9 (b) Nevertheless, a Contracting State which is not a member of the International Monetary Fund and whose law does not permit the application of the provisions of paragraph 9 (a) of this Article may, at the time of ratification, acceptance, approval of or accession to the present Convention, or at any time thereafter, declare that the limits of liability provided for in paragraph 1 to be applied in its territory shall, in respect of any one incident, be an aggregate of 2,000 monetary units for each ton of the ship's tonnage provided that this aggregate amount shall not in any event exceed 210 million monetary units. The monetary unit referred to in this paragraph corresponds to sixty-five and a half milligrammes of gold of millesimal fineness nine hundred. The conversion of these amounts into the national currency shall be made according to the law of the State concerned.

9 (c) The calculation mentioned in the last sentence of paragraph 9 (a) and the conversion mentioned in paragraph 9 (b) shall be made in such a manner as to express in the national cur-

eftir því sem hægt er það sama raunverulega verðgildi upphæðanna í 1. mgr. og sýnt er þar í mælieiningum. Samningsríki skulu tjá vörsluaðila hvernig útreikningar fara fram í samræmi við a-lið 9. mgr. eða niðurstöður umreikningsins í b-lið 9. mgr. eftir því sem við á þegar skjal sem vísað er til í 4. gr. er afhent til varðveislu og hvenær sem breyting verður á annarri hvorri þeirra.

3. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem hefur undirritað samninginn eða gerst aðili að honum og af hálfu hvers þess ríkis sem boðið hefur verið að sækja ráðstefnu til að endurskoða mælieiningarákvæði alþjóðasamningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969, sem haldin var í Lundúnum 17. til 19. nóvember 1976. Bókunin skal liggja frammi til undirritunar frá 1. febrúar 1977 til 31. desember 1977 í aðalbækistöðvum stofnunarinnar.
2. Bókun þessi skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem hafa undirritað hana, sbr. þó 4. mgr.

3. Ríkjum sem ekki hafa undirritað bókunina er heimilt að gerast aðilar að henni, sbr. þó 4. mgr.

4. Ríkjum sem aðilar eru að samningnum er heimilt að fullgilda, staðfesta eða samþykkja bókun þessa eða gerast aðilar að henni.

4. gr.

1. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með því að afhenda aðalritara formlegt skjal þess efnis til varðveislu.

2. Hvert það skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem afhent er eftir að breyting á bókun þessari öðlast gildi að því er varðar alla aðila sem fyrir eru ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er varðar alla aðila sem fyrir eru, skal teljast gilda um bókunina með áorðinni breytingu.

5. gr.

1. Bókun þessi skal öðlast gildi gagnvart ríkjum sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt hana eða gerst aðilar að henni á nítugasta degi frá þeim degi er átta ríki, þar á meðal fimm ríki með eigi minna en 1.000.000 brúttórúmlestir olíuflutningaskipa hvert, hafa afhent aðalritara

rency of the Contracting State as far as possible the same real value for the amounts in paragraph 1 as is expressed there in units of account. Contracting States shall communicate to the depositary the manner of calculation pursuant to paragraph 9 (a), or the result of the conversion in paragraph (b) as the case may be, when depositing an instrument referred to in Article IV and whenever there is a change in either.

Article III

1. The present Protocol shall be open for signature by any State which has signed the Convention or acceded thereto and by any State invited to attend the Conference to Revise the Unit of Account Provisions of the Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969, held in London from 17 to 19 November 1976. The Protocol shall be open for signature from 1 February 1977 to 31 December 1977 at the Headquarters of the Organization.

2. Subject to paragraph 4 of this Article, the present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by the States which have signed it.
3. Subject to paragraph 4 of this Article, this Protocol shall be open for accession by States which did not sign it.
4. The present Protocol may be ratified, accepted, approved or acceded to by States Parties to the Convention.

Article IV

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General.
2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the present Protocol with respect to all existing Parties or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to all existing Parties, shall be deemed to apply to the Protocol as modified by the amendment.

Article V

1. The present Protocol shall enter into force for the States which have ratified, accepted, approved or acceded to it on the ninetieth day following the date on which eight States including five States each with not less than 1,000,000 gross tons of tanker tonnage have deposited

skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til varðveislu.
2. Fyrir hvert það ríki sem síðar fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni skal hún öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það afhendir viðeigandi skjal til varðveislu.

6. gr.

1. Sérhver aðili getur sagt upp bókun þessari hvenær sem er eftir þann dag er hún öðlast gildi að því er varðar viðkomandi aðila.
2. Uppsögn skal tilkynnt með því að afhenda aðalritara skjal þess efnis til varðveislu.

3. Uppsögn skal öðlast gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er afhent aðalritara til varðveislu.

7. gr.

1. Stofnunin má boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta bókun þessari.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðila að þessari bókun í því skyni að endurskoða eða breyta henni ef þess er beiðst af eigi færri en einum þriðja hluta aðila.

8. gr.

1. Bókun þessi skal fengin aðalritara til varðveislu.
2. Aðalritari skal:
a) tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni, um:
i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals ásamt dagsetningu hennar;
ii) gildistökudag þessarar bókunar;

iii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn þessarar bókunar ásamt dagsetningu er uppsögnin öðlast gildi;

iv) sérhverjar breytingar á bókun þessari;
b) senda öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni staðfest rétt eftirrit af henni.

9. gr.

Jafnskjótt og bókun þessi öðlast gildi skal aðalritari senda staðfest rétt afrit til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birt-

instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General.
2. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it, the present Protocol shall enter into force on the ninetieth day after the deposit by such State of the appropriate instrument.

Article VI

1. The present Protocol may be denounced by any Party at any time after the date on which the Protocol enters into force for that Party.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.
3. Denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary- General.

Article VII

1. A Conference for the purpose of revising or amending the present Protocol may be convened by the Organization.
2. The Organization shall convene a Conference of Parties to the present Protocol for the purpose of revising or amending it at the request of not less than one-third, of the Parties.

Article VIII

1. The present Protocol shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:
(a) inform all States which have signed the present Protocol or acceded thereto of:
(i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;
(ii) the date of entry into force of the present Protocol;
(iii) the deposit of any instrument of denunciation of the present Protocol together with the date on which the denunciation takes effect;
(iv) any amendments to the present Protocol;
(b) transmit certified true copies of the present Protocol to all States which have signed the present Protocol or acceded thereto.

Article IX

As soon as the present Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General to the Secre-

ingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Opinberar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar með hinu undirritaða frumriti.

Gjört í Lundúnum, 19. nóvember 1976.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir bókun þessa.

tariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article X

The present Protocol is established in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared and deposited with the signed original.

Done at London this nineteenth day of November one thousand nine hundred and seventy-six.

In witness whereof the undersigned being duly authorized for that purpose have signed the present Protocol.

10. maí 1995 Nr. 16

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Hinn 24. mars 1994 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem gerð var í Lundúnum 19. nóvember 1976, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980 þar sem samningurinn er birtur. Alþingi hafði með ályktun 14. desember 1993 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta bókunina. Bókunin öðlaðist gildi 22. nóvember 1994.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

BÓKUN
við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, 1971.

Aðilar að bókun þessari,

sem hafa íhugað alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem gerður var í Brussel 18. desember 1971,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

PROTOCOL
to the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971

The Parties to the Present Protocol,

Having considered the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, done at Brussels on 17 December 1971;

Have agreed as follows:

1. gr.

Í bókun þessari:

1. merkir „samningur“ alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, 1971,

2. hefur „ábyrgðarsamningur“ sömu merkingu og í samningnum,

3. hefur „Stofnunin“ sömu merkingu og í samningnum,

4. merkir „aðalritari“ aðalritara Stofnunarinnar.

2. gr.

Í stað 4. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi texti:

„Mælieining“ eða „gjaldeyriseining“ merkir mælieiningu eða gjaldeyriseiningu eftir því sem við á og vísað er til í 5. gr. ábyrgðarsamningsins eins og honum var breytt með bókun við hann sem samþykkt var 19. nóvember 1976.

3. gr.

Þær magntölur sem getið er um í samningnum skulu hvar sem þær koma fyrir breytast sem hér segir:

a) Í 4. gr.:

i) í stað „450 milljónum franka“ kemur „30 milljónum mælieininga eða 450 milljónum gjaldeyriseininga“, og í stað „450 milljónir franka“ kemur „30 milljónir mælieininga eða 450 milljónir gjaldeyriseininga“;

ii) í stað „900 milljónum franka“ kemur „60 milljónum mælieininga eða 900 milljónum gjaldeyriseininga“.

b) Í 5. gr.:

i) í stað „1.500 frönkum“ kemur „100 mælieiningum eða 1.500 gjaldeyriseiningum“,

ii) í stað „125 milljónum franka“ kemur „8.333.000 mælieiningum eða 125 milljónum gjaldeyriseininga“;

iii) í stað „2.000 frönkum“ kemur „133 mælieiningum eða 2.000 gjaldeyriseiningum“;

iv) í stað „210 milljónum franka“ kemur „14 milljónum mælieininga eða 210 milljónum gjaldeyriseininga“.

c) Í 11. gr., í stað „75 milljóna franka“ kemur „5 milljóna mælieininga eða 75 milljóna gjaldeyriseininga“.

d) Í 12. gr., í stað „15 milljónum franka“ kemur „1 milljón mælieininga eða 15 milljónum gjaldeyriseininga“.

Article I

For the purpose of the present Protocol:

1. “Convention” means the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971.

2. “Liability Convention” has the same meaning as in the Convention.

3. “Organization” has the same meaning as in the Convention.

4. “Secretary-General” means the Secretary-General of the Organization.

Article II

Article 1, paragraph 4 of the Convention is replaced by the following text:

“Unit of Account” or “Monetary Unit” means the unit of account or monetary unit as the case may be, referred to in Article V of the Liability Convention, as amended by the Protocol thereto adopted on 19 November 1976.

Article III

The amounts referred to in the Convention shall wherever they appear be amended as follows:

(a) Article 4:

(i) “450 million francs” is replaced by “30 million units of account or 450 million monetary units”;

(ii) “900 million francs” is replaced by 60 million units of account or 900 million monetary units”.

(b) In Article 5:

(i) “1,500 francs” is replaced by “100 units of account or 1.500 monetary units”;

(ii) “125 million francs” is replaced by “8,333,000 units of account or 125 million monetary units”;

(iii) “2,000 francs” is replaced by “133 units of account or 2,000 monetary units”;

(iv) “210 million francs” is replaced by “14 million units of account or 210 million monetary units”.

(c) In Article 11, “75 million francs” is replaced by “5 million units of account or 75 million monetary units”.

(d) In Article 12, “15 million francs” is replaced by “1 million units of account or 15 million monetary units”.

4. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem hefur undirritað samninginn eða gerst aðili að honum og af hálfu hvers þess ríkis sem boðið var að sækja ráðstefnu til að endurskoða mælieiningarákvæði alþjóðasamningsins um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, 1971, sem haldin var í Lundúnum 17. - 19. nóvember 1976. Bókunin skal liggja frammi til undirritunar frá 1. febrúar 1977 til 31. desember 1977 í aðalbækistöðvum Stofnunarinnar.

2. Bókun þessi skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem hafa undirritað hana, sbr. þó 4. mgr.

3. Ríkjum sem ekki hafa undirritað bókunina er heimilt að gerast aðilar að henni, sbr. þó 4. mgr.

4. Ríkjum sem aðilar eru að samningnum er heimilt að fullgilda, staðfesta eða samþykkja bókun þessa eða gerast aðilar að henni.

5. gr.

1. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með því að afhenda aðalritara formlegt skjal þess efnis til varðveislu.

2. Hvert það skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem afhent er eftir að breyting á bókun þessari öðlast gildi að því er varðar alla aðila sem fyrir eru ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er varðar alla aðila sem fyrir eru, skal teljast gilda um bókunina með áorðinni breytingu.

6. gr.

1. Bókun þessi skal öðlast gildi að því er varðar ríki sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt hana eða gerst aðilar að henni á nítugasta degi frá þeim degi er eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) eigi færri en átta ríki hafa afhent aðalritara skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til varðveislu, og

b) aðalritari hefur fengið upplýsingar í samræmi við 39. gr. samningsins um að þeir aðilar í þeim ríkjum sem yrði skylt að greiða framlög skv. 10. gr. samningsins hafi á almanaksárinu næst á undan tekið á móti heildarmagni sem

Article IV

1. The present Protocol shall be open for signature by any State which has signed the Convention or acceded thereto and by any State invited to attend the Conference to Revise the Unit of Account Provisions in the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971, held in London from 17 to 19 November 1976. The Protocol shall be open for signature from 1 February 1977 to 31 December 1977 at the Headquarters of the Organization.

2. Subject to paragraph 4 of this Article, the present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by the States which have signed it.

3. Subject to paragraph 4 of this Article, this Protocol shall be open for accession by States which did not sign it.

4. The present Protocol may be ratified, accepted, approved or acceded to by States Parties to the Convention.

Article V

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General.

2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the present Protocol with respect to all existing Parties or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to all existing Parties shall be deemed to apply to the Protocol as modified by the amendment.

Article VI

1. The present Protocol shall enter into force for the States which have ratified, accepted, approved or acceded to it on the ninetieth day following the date on which the following requirements are fulfilled:

(a) at least eight States have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General, and

(b) the Secretary-General has received information in accordance with Article 39 of the Convention that those persons in such States who would be liable to contribute pursuant to Article 10 of the Convention have received dur-

nemur að minnsta kosti 750 milljónum tonna gjaldskyldrar olíu.
2. Bókun þessi skal þó ekki öðlast gildi áður en samningurinn hefur öðlast gildi.

3. Að því er varðar hvert það ríki sem síðar fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni skal hún öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það afhendir viðeigandi skjal til varðveislu.

7. gr.

1. Bókun þessari getur sérhver aðili sagt upp hvenær sem er eftir þann dag er hún öðlast gildi að því er varðar viðkomandi aðila.
2. Uppsögn skal tilkynnt með því að afhenda aðalritara skjal þess efnis til varðveislu.
3. Uppsögn skal öðlast gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er afhent aðalritara til varðveislu.

8. gr.

1. Stofnunin má boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta bókun þessari.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðila að þessari bókun í því skyni að endurskoða eða breyta henni ef þess er beiðst af eigi færri en einum þriðja hluta aðila.

9. gr.

1. Bókun þessi skal fengin aðalritara til varðveislu.
2. Aðalritari skal:
a) tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni um:
i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals ásamt dagsetningu hennar;
ii) gildistökudag þessarar bókunar;

iii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn þessarar bókunar ásamt dagsetningu er uppsögnin öðlast gildi;

iv) sérhverjar breytingar á bókun þessari;
b) senda öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni staðfest rétt eftirrit af henni.

10. gr.

Jafnskjótt og bókun þessi öðlast gildi skal aðalritari senda staðfest rétt eftirrit til skrifstofu

ing the preceding calendar year a total quantity of at least 750 million tons of contributing oil.
2. However, the present Protocol shall not enter into force before the Convention has entered into force.
3. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it, the present Protocol shall enter into force on the ninetieth day after deposit by such State of the appropriate instrument.

Article VII

1. The present Protocol may be denounced by any Party at any time after the date on which the Protocol enters into force for that Party.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General.
3. Denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General.

Article VIII

1. A conference for the purpose of revising or amending the present Protocol may be convened by the Organization.
2. The Organization shall convene a Conference of Parties to the present Protocol for the purpose of revising or amending it at the request of not less than one-third of the Parties.

Article IX

1. The present Protocol shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:
(a) inform all States which have signed the present Protocol or acceded thereto of:
(i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;
(ii) the date of entry into force of the present Protocol;
(iii) the deposit of any instrument of denunciation of the present Protocol together with the date on which the denunciation takes effect;
(iv) any amendments to the present Protocol;
(b) transmit certified true copies of the present Protocol to all States which have signed the present Protocol or acceded thereto.

Article X

As soon as this Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted

Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

by the Secretary-General to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

11. gr.

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Skrifstofa Stofnunarinnar skal annast opinberar þýðingar á rússnesku og spænsku og skulu þær varðveittar með hinu undirritaða frumriti.

Article XI

The present Protocol is established in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared by the Secretariat of the Organization and deposited with the signed original.

Gjört í Lundúnum, 19. nóvember 1976.

Done at London this nineteenth day of November one thousand nine hundred and seventy-six.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

In Witness whereof the undersigned being duly authorized for that purpose have signed the present Protocol.

10. maí 1995 Nr. 17

AUGLÝSING

um breytingu á Óslóarsamningi um mengun sjávar.

Hinn 20. apríl 1994 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerð var í Ósló 5. desember 1989, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1973, þar sem samningurinn er birtur, 5/1974, 10/1987, 22/1989 og 35/1991. Alþingi hafði með ályktun 14. desember 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda bókunina.

Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Ríkin sem eiga aðild að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerður var í Ósló 15. febrúar 1972 (hér eftir nefndur „samningurinn“);

PROTOCOL
amending the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft

The States Parties to the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft, done at Oslo on 15 February 1972 (hereinafter referred to as "the Convention");

minna á að samningurinn hvetur samningsaðila til að samhæfa stefnur og aðgerðir til að hindra mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna;

benda á að ákvæði samningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem gerður var í París 4. júní 1974 ná ekki aðeins til úthafs og landhelgi heldur og til innsævis samningsaðila;

vilja stefna að því að samræma landfræðilegt umfang samninganna tveggja;

lýsa fullum vilja til að sjá til þess að markmið samningsins náist á innsævi sem liggur að hafsvæðum sem heyra undir samninginn;

hafa áhuga á að bæta verndun hafsins;

álykta að breyta skuli samningnum í þessum tilgangi;

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

2. gr. samningsins breytist sem hér segir:

„Samningur þessi gildir um eftirfarandi hafsvæði:

a) þá hluta Atlantshafsins og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða sem eru norðan 36°N.br. og milli 42° V.l. og 51° A.l. að undanteknu:

i) Eystrasalti og sundunum sunnan og austan lína sem dregnar eru frá Hasenörehöfða til Gnibentanga, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen, og

ii) Miðjarðarhafi og aðliggjandi höfum að skurðpunkti 36° N.br. og 5°36' Vl.

b) þann hluta Atlantshafsins sem er norðan 59° n.br. og milli 44° V.l. og 42°V.l.“

2. gr.

c-liður 1. mgr. 15. gr. samningsins breytist sem hér segir:

„c) af skipum og flugvélum sem grunuð eru um að stunda losun úrgangsefna á innsævi eða innan landhelgi þess samningsaðila.“

Recalling that the Convention calls upon the Contracting Parties to harmonize their policies and measures to prevent the pollution of the sea by dumping;

Noting that the provisions of the Convention for the Prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources, done at Paris on 4 June 1974, cover not only the high seas and the territorial seas but also the internal waters of Contracting Parties;

Being desirous of bringing the geographical coverage of the two Conventions into closer alignment;

Desiring to ensure that the aims of the Convention will be achieved in internal waters which are situated adjacent to the territorial sea to which the Convention applies;

Wishing to improve the protection of the marine environment;

Resolving that the Convention should be amended for this purpose;

Have agreed as follows:

Article I

Article 2 of the Convention shall be amended to read as follows:

“The present Convention shall apply to the maritime area within the following limits:

a) Those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and the dependent seas which lie north of 36° north latitude and between 42° west longitude and 51° east longitude, but excluding:

(i) the Baltic Sea and Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbjerg and from Gilbjerg Head to the Kullen, and

(ii) the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36° north latitude and the meridian of 5°36' west longitude.

b) that part of the Atlantic Ocean north of 59° north latitude and between 44° west longitude and 42° west longitude.”

Article II

Article 15 (1) (c) of the Convention shall be amended to read as follows:

“c) by ships and aircraft believed to be engaged in dumping within its internal waters or within its territorial sea.”

3. gr.

15. gr. 2) samningsins breytist sem hér segir:

„Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að gefa út fyrirmæli til skipa og flugvéla í landhelgisgæslu og til annarra viðkomandi stofnana um að tilkynna til stjórnvalda hvert atvik eða aðstæður á úthafinu eða á þeim hluta hafsins sem er utan landhelginnar og liggur að henni og lýtur lögsögu samningsaðila að þjóðarétti sem valda grun um að losun úrgangsefna, sem eru andstæð ákvæðum þessa samnings, hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað. Viðkomandi samningsaðili skal, ef ástæða er til, láta í té upplýsingar til sérhvers annars samningsaðila sem hlut á að máli."

4. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 19. gr. samningsins:

„4) Þýðir „hafsvæði" sá hluti innsævis samningsaðila sem hann hefur skilgreint að því er varðar samning þennan, landhelgi samningsaðila, sá hluti hafsins, sem er utan landhelginnar og liggur að henni og lýtur lögsögu samningsaðila að þjóðarétti og úthafið."

5. gr.

22. gr. samningsins breytist sem hér segir:

„Öll ríki sem 20. gr. tekur til geta gerst aðilar að samningi þessum, eins og honum var breytt með bókunum sem lagðar voru fram til undirritunar 2. mars 1983 og 5. desember 1989. Samningsaðilar geta samhljóða boðið öðrum ríkjum aðild að samningnum með áorðnum breytingum. Aðildarskjöl skulu afhent norsku ríkisstjórninni til varðveislu."

6. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Ósló frá 5. desember 1989 til 5. mars 1990 af hálfu þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum þegar hún er lögð fram til undirritunar.

7. gr.

Bókun þessi skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu varðveitt af ríkisstjórn Noregs.

Article III

Article 15 (2) of the Convention shall be amended to read as follows:

"Each Contracting Party undertakes to issue instructions to its maritime inspection vessels and aircraft and to other appropriate services to report to its authorities any incidents or conditions on the high seas or in that part of the sea beyond and adjacent to the territorial sea under its jurisdiction in accordance with international law which give rise to suspicisions that dumping in contravention of the provisions of the present Convention has occurred or is about to occur. That Contracting Party shall, if it considers it appropriate, report accordingly to any other Contracting Party concerned."

Article IV

The following paragraph shall be added to Article 19 of the Convention:

"4) "Maritime area" means that part of the internal waters of a Contracting Party designated by that Contracting Party for the purpose of this Convention, the territorial sea of a Contracting Party, that part of the sea beyond and adjacent to the territorial sea under the jurisdiction of a Contracting Party in accordance with international law, and the high seas."

Article V

Article 22 of this Convention shall be amended to read as follows:

"This Convention, as amended by the Protocols opened for signature on 2 March 1983 and on 5 December 1989, shall be open for accession by any State referred to in Article 20. The Contracting Parties may unanimously invite other States to accede to the Convention as amended. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway."

Article VI

This Protocol shall be open for signature at Oslo from 5 December 1989 until 5 March 1990 by the States which are Parties to the Convention on the date of the opening for signature of this Protocol.

Article VII

This Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of Norway.

8. gr.

Hvert það ríki sem 22. gr. tekur til og ekki hefur undirritað bókun þessa, getur gerst aðili að henni. Skjöl um aðild skulu varðveitt af ríkisstjórn Noregs.

9. gr.

1) Bókun þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er öll þau ríki, sem 6. gr. bókunar þessarar tekur til, hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til varðveislu.
2) Að því er varðar sérhvert ríki sem gerist aðili að bókun þessari eftir að hún hefur öðlast gildi skal hún öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að það hefur afhent skjal um aðild til varðveislu.

10. gr.

Ríkisstjórnin sem er vörsluaðili skal tilkynna samningsaðilum um undirritanir bókunar þessarar og um afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skv. 6., 7. og 8. gr.

11. gr.

Frumrit bókunar þessarar, en enskur og franskur texti hennar eru jafngildir, skal fengið ríkisstjórn Noregs til varðveislu og skal hún senda staðfest afrit þess til samningsaðila. Hún skal einnig senda staðfest afrit þess til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í Ósló, 5. desember 1989.

Article VIII

This Protocol shall be open for accession by any State referred to in Article 22 of the Convention which has not signed this Protocol. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway.

Article IX

1) This Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which all States referred to in Article VI of this Protocol shall have deposited their instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
2) For any State acceding to this Protocol after its entry into force, this Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which that State shall have deposited its instrument of accession.

Article X

The depositary Government shall inform the Contracting Parties to the Convention of signature of this Protocol and of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, in accordance with Articles VI, VII and VIII.

Article XI

The original of this Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of Norway, which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties to the Convention. It shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done at Oslo, this fifth day of December 1989.

AUGLÝSING

um samning við Austurríki um almannatryggingar.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Austurríkis á sviði almannatrygginga, sem gerður var í Vín 18. nóvember 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Austurríkis á sviði almannatrygginga.

Lýðveldið Ísland
og
lýðveldið Austurríki

hafa með hliðsjón af 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og með það að markmiði að veita þeim einstaklingum sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf annars eða beggja ríkjanna vernd á sviði almannatrygginga umfram það sem fyrir er mælt í ákvæðum reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og 574/72

ákveðið að gera með sér svofelldan samning:

I. HLUTI
Almenn ákvæði.

1. gr.

(1) Í samningi þessum merkir:

1. „Reglugerð" reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja með því orðalagi sem í gildi er milli samningsríkjanna á hverjum tíma;

2. „Framkvæmdarreglugerð" reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagn-

ABKOMMEN
zwischen der Republik Island und der Republik Österreich über Soziale Sicherheit.

Die Republik Island
und
die Republik Österreich

in dem Wunsche, unter Bedachtnahme auf Artikel 8 der Verordnung (EWG) Nr. 1408/71 auf dem Gebiet der Sozialen Sicherheit zwischen den beiden Staaten über die Verordnungen (EWG) Nr. 1408/71 und 574/72 hinausgehend Personen zu schützen, die nach den Rechtsvorschriften eines oder beider Staaten geschützt sind oder waren,

sind übereingekommen, folgendes Abkommen zu schließen:

ABSCHNITT I
ALLGEMEINE BESTIMMUNGEN

Artikel 1

(1) In diesem Abkommen bedeuten die Ausdrücke

1. „Verordnung"
   die Verordnung (EWG) Nr. 1408/71 des Rates über die Anwendung der Systeme der Sozialen Sicherheit auf Arbeitnehmer und Selbständinge sowie deren Familienangehörige, die innerhalb der Gemeinschaft zu- und abwandern, in der zwischen den beiden Vertragsstaten jeweils geltenden Fassung;
2. „Durchführungsverordnung"
   die Verordnung (EWG) Nr. 574/72 des Rates über die Durchführung der Verordnung (EWG) Nr. 1408/71 über die An-

vart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja með því orðalagi sem gildir milli samningsríkjanna á hverjum tíma.

(2) Önnur orð og hugtök sem notuð eru í samningi þessum skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í reglugerðinni og framkvæmdarreglugerðinni eða í löggjöf viðkomandi ríkis eftir því sem við á.

2. gr.

Samningur þessi skal gilda um alla löggjöf sem efnislegt gildissvið reglugerðarinnar (tryggingarflokkar) tekur til.

3. gr.

(1) Samningur þessi skal gilda um einstaklinga sem persónulegt gildissvið reglugerðarinnar (einstaklingar sem eru tryggðir) tekur til.

(2) Samningur þessi skal einnig gilda um eftirtalda einstaklinga sem persónulegt gildissvið reglugerðarinnar (einstaklingar sem eru tryggðir) tekur ekki til:

a) einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf annars eða beggja samningsríkjanna;
b) aðstandendur eða eftirlifendur einstaklinga sem tilteknir eru í a-lið.

4. gr.

(1) Ríkisborgarar annars samningsríkisins, sem búsettir eru utan landsvæðis ríkis sem reglugerðin tekur til skulu njóta jafnræðis við ríkisborgara hins samningsríkisins að því er varðar beitingu löggjafar þess.

(2) Fyrsta málsgrein tekur ekki til löggjafar samningsríkjanna varðandi tryggingu manna sem starfa við sendiráð eða ræðisskrifstofu samningsríkjanna í öðru ríki en ríki sem reglugerðin tekur til eða hjá meðlimum þeirra.

5. gr.

(1) Sé ekki í samningi þessum kveðið á um annað um samskipti samningsríkjanna að því er varðar einstaklinga sem tilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr. skulu reglugerðin, framkvæmdarreglugerð-

wendung der Systeme der sozialen Sicherheit auf Arbeitnehmer und Selbständige sowie deren Familienangehörige, die innerhalb der Gemeinschaft zu- und abwandern, in der zwischen den beiden Vertragsstaaten jeweils geltenden Fassung.

(2) In diesem Abkommen haben andere Ausdrücke die Bedeutung, die ihnen nach der Verordnung und der Durchführungsverordnung oder den innerstaatlichen Rechtsvorschriften zukommt.

Artikel 2

Dieses Abkommen gilt für die Rechtsvorschriften, die vom sachlichen Geltungsbereich der Verordnung erfaßt sind.

Artikel 3

(1) Dieses Abkommen gilt für Personen, die vom persönlichen Geltungsbereich der Verordnung erfaßt sind.

(2) Dieses Abkommen gilt ferner für folgende Personen, die nicht vom persönlichen Geltungsbereich der Verordnung erfaßt sind:

(a) Personen, für die die Rechtsvorschriften eines oder beider Vertragsstaaten gelten oder galten;
(b) Personen, die Familienangehörige oder Hinterbliebene der in Buchstabe a genannten Personen sind.

Artikel 4

(1) Die Staatsangehörigen eines Vertragsstaates, die außerhalb des Gebietes eines Staates wohnen, für den die Verordnung gilt, stehen bei Anwendung der Rechtsvorschriften des anderen Vertragsstaates den Staatsangehörigen dieses Vertragsstaates gleich.

(2) Absatz 1 berührt nicht die Rechtsvorschriften der beiden Vertragsstaaten betreffend die Versicherung von Personen, die bei einer amtlichen Vertretung eines der beiden Vertragsstaaten in einem anderen Staat als einem Staat, für den die Verordnung gilt, oder bei Mitgliedern einer solchen Vertretung beschäftigt sind.

Artikel 5

(1) Für die im Artikel 3 Absatz 2 genannten Personen finden im Verhältnis zwischen den beiden Vertragsstaaten die Verordnung, die Durchführungsverordnung und die zu ihrer Dur-

in og allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið um beitingu þeirra gilda eftir því sem við á.

(2) Að því er varðar einstaklinga sem tilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr. skal 3. gr. reglugerðarinnar einungis ná til ríkisborgara samningsríkjanna sem og aðstandenda eða eftirlifenda þeirra.

(3) Fyrsta málsgrein skal ekki gilda um bætur samkvæmt 6. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar. Að því er varðar bætur vegna umönnunar barna samkvæmt austurríkskri löggjöf skal 72. gr. reglugerðarinnar ekki gilda.

II. HLUTI
Sérstök ákvæði.

6. gr.

Í þeim tilvikum þar sem samningsríkin hafa gert samkomulag um endurgreiðslur með eingreiðslum eða brottfall endurgreiðslna í stað endurgreiðslna samkvæmt 93. til 96. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar geta lögbær yfirvöld samningsríkjanna komið sér saman um:

a) tilnefningu stofnunar á búsetustað sem til þess bærrar stofnunar;
b) ráðstafanir til að koma í veg fyrir verulegar fjárhagslegar byrðar stofnunar eða tengiliðs vegna endurgreiðslu eingreiðslu eða brottfalls endurgreiðslu.

7. gr.

Að því er varðar einstaklinga sem tilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr. skal 67. gr. reglugerðarinnar gilda eftir því sem við á.

8. gr.

Um einstaklinga sem tilgreindir eru í 1. eða 2. mgr. 3. gr. sem búa utan landsvæðis ríkis sem reglugerðin tekur til, og um einstaklinga sem tilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr. sem búa á landsvæði ríkis sem reglugerðin tekur til skal 3. kafli III. bálks reglugerðarinnar gilda eftir því sem við á að því er varðar

a) hækkun eða uppbót á elli- eða örorkulífeyri vegna barna,
b) lífeyri munaðarleysingja að undanteknum lífeyri munaðarleysingja sem greiddur er samkvæmt vinnuslysa- og atvinnusjúkdómatryggingum.

chführung getroffenen Vereinbarungen entsprechend Anwendung, soweit in diesem Abkommen nichts anderes bestimmt ist.

(2) Artikel 3 der Verordnung gilt in bezug auf die im Artikel 3 Absatz 2 gennanten Personen nur für die Staatsangehörigen der Vertragsstaaten sowie für die Familienangehörigen und Hinterbliebenen dieser Personen.

(3) Absatz 1 findet keine Anwendung auf Leistungen nach Titel III Kapitel 6 und 8 der Verordnung. In bezug auf das Karenzurlaubsgeld nach den österreichischen Rechtsvorschriften findet Artikel 72 der Verordnung keine Anwendung.

ABSCHNITT II
BESONDERE BESTIMMUNGEN

Artikel 6

In jenen Fällen, in denen die Vertragsstaaten anstelle der nach den Artikeln 93 bis 96 der Durchführungsverordnung vorgesehenen Kostenerstattung eine Erstattung auf der Grundlage eines Pauschbetrages oder einen Verzicht auf eine Erstattung vereinbaren, können die zuständigen Behörden beider Vertragsstaaten folgendes vereinbaren:

a) die Bezeichnung des Trägers des Wohnortes als zuständiger Träger;
b) Maßnahmen zur Vermeidung einer außergewöhnlichen Belastung, die sich für einen Träger oder für eine Verbindungsstelle aus der Erstattung auf der Grundlage eines Pauschbetrages oder aus dem Verzicht auf eine Erstattung ergeben würde.

Artikel 7

Für die im Artikel 3 Absatz 2 genannten Personen findet Artikel 67 der Verordnung entsprechend Anwendung.

Artikel 8

Für die im Artikel 3 Absätze 1 und 2 genannten Personen, die außerhalb des Gebietes eines Staates wohnen, für den die Verordnung gilt, und für die im Artikel 3 Absatz 2 bezeichneten Personen, die im Gebiet eines Staates wohnen, für den die Verordnung gilt, findet in bezug auf

a) Kinderzuschüsse zu Alters- und Invaliditätsrenten,
b) Waisenrenten mit Ausnahme von Waisenrenten aus der Versicherung bei Arbeitsunfällen und Berufskrankheiten.

Titel III Kapitel 3 der Verordnung entsprechend Anwendung.

III. HLUTI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

(1) Dómsúrskurðir og opinber skjöl frá stofnunum eða yfirvöldum í öðru samningsríkinu, sem hafa réttaráhrif að því er varðar greiðslur og aðrar kröfur frá almannatryggingum, skulu viðurkennd af hinu samningsríkinu.

(2) Einungis er unnt að synja um viðurkenningu ef það væri andstætt réttarreglum í því samningsríki sem á að viðurkenna úrskurðinn eða skjalið.

(3) Dómsúrskurði og skjöl sem viðurkennd eru samkvæmt 1. mgr. er unnt að fullnusta í hinu samningsríkinu. Fullnusta fer eftir löggjöf þess samningsríkis þar sem fullnusta á að eiga sér stað og sem gildir um fullnustu samsvarandi úrskurða og skjala útgefinna í því samningsríki. Úrskurðurinn eða skjalið skal við útgáfu þess vera með staðfestingu um að fullnusta geti átt sér stað (skilyrði um fullnustu).

10. gr.

(1) Rísi ágreiningur við túlkun eða framkvæmd samnings þessa skal hann að svo miklu leyti sem unnt er leystur með gagnkvæmu samkomulagi milli lögbærra yfirvalda samningsríkjanna.

(2) Leysist slíkur ágreiningur ekki innan sex mánaða getur hvort samningsríkjanna lagt málið í gerðardóm, sem er skipaður og starfar samkvæmt samkomulagi samningsríkjanna, til bindandi úrskurðar.

IV. HLUTI
Bráðabirgða- og lokaákvæði.

11. gr.

Um ákvörðun eða endurskoðun bóta samkvæmt samningi þessum skulu 94. og 95. gr. reglugerðarinnar og 118. og 119. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda eftir því sem við á frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi.

ABSCHNITT III
VERSCHIEDENE BESTIMMUNGEN

Artikel 9

(1) Die vollstreckbaren Entscheidungen der Gerichte sowie die vollstreckbaren Bescheide und Rückstandsausweise (Urkunden) der Träger oder der Behörden eines Vertragsstaates über Beiträge und sonstige Forderungen aus der Sozialen Sicherheit werden im anderen Vertragsstaat anerkannt.

(2) Die Anerkennung darf nur versagt werden, wenn sie der öffentlichen Ordnung des Vertragsstaates widerspricht, in dem die Entscheidung oder die Urkunde anerkannt werden soll.

(3) Die nach Absatz 1 anerkannten vollstreckbaren Entscheidungen und Urkunden werden im anderen Vertragsstaat vollstreckt. Das Vollstreckungsverfahren richtet sich nach den Rechtsvorschriften, die in dem Vertragsstaat, in dessen Gebiet vollstreckt werden soll, für die Vollstreckung der in diesem Vertragsstaat erlassenen entsprechenden Entscheidungen und Urkunden gelten. Die Ausfertigung der Entscheidung oder der Urkunde muß mit der Bestätigung ihrer Vollstreckbarkeit (Vollstreckungsklausel) versehen sein.

Artikel 10

(1) Streitigkeiten zwischen den Vertragsstaaten über die Auslegung oder die Anwendung dieses Abkommens sollen, soweit möglich, durch die zuständigen Behörden der Vertragsstaaten beigelegt werden.

(2) Kann eine Streitigkeit auf diese Weise innerhalb von sechs Monaten nicht beigelegt werden, so kann sie auf Verlangen eins Vertragsstaates zu verbindlichen Entscheidung einem Schiedsgericht unterbreitet werden, dessen Zusammensetzung und Verfahren zwischen den beiden Vertragsstaaten vereinbart wird.

ABSCHNITT IV
ÜBERGANGS- UND SCHLUSSBESTIMMUNGEN

Artikel 11

Für die Feststellung und Neufeststellung von Leistungen nach diesem Abkommen gelten die Artikel 94 und 95 der Verordnung sowie die artikel 118 und 119 der Durchführungsverordnung mit Inkrafttreten dieses Abkommens entsprechend.

12. gr.

(1) Samningur þessi skal fullgiltur. Skiptast skal á fullgildingarskjölum í Reykjavík eins fljótt og unnt er.

(2) Samningur þessi skal öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá þeim mánuði að telja er skipst er á fullgildingarskjölum en þó eigi fyrr en reglugerðin öðlast gildi í samskiptum samningsríkjanna.

(3) Samningur þessi skal gilda um óákveðinn tíma. Hvort samningsríkjanna getur sagt honum upp skriflega eftir diplómatískum leiðum með þriggja mánaða fyrirvara.

(4) Komi til uppsagnar skal samningur þessi gilda áfram um öll áunnin réttindi.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsríkjanna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Vín, 18. nóvember 1993, í tveimur frumritum á þýsku og íslensku og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir lýðveldið Ísland:
Guðmundur Árni Stefánsson

Fyrir lýðveldið Austurríki:
Josef Hesoun

Artikel 12

(1) Dieses Abkommen ist zu ratifizieren. Die Ratifikationsurkunden sind so bald wie möglich in Reykjavík auszutauschen.

(2) Dieses Abkommen tritt am ersten Tag des dritten Monats nach ablauf des Monats in Kraft, in dem die Ratifikationsurkunden ausgetauscht werden, frühestens aber mit dem Inkrafttreten der Verordnung im Verhältnis zwischen den beiden Vertragsstaaten.

(3) Dieses Abkommen wird auf unbestimmte Zeit geschlossen. Jeder Vertragsstaat kann es under Einhaltung einer Frist von drei Monaten schriftlich auf diplomatischen Weg kündigen.

(4) Im Falle der Kündigung gelten die Bestimmungen dieses Abkommens für erworbene Ansprüche weiter.

Zu Urkund dessen haben die Bevollmächtigten beider Vertragsstaaten dieses Abkommen unterzeichnet.

Geschehen zu Wien, am 18. November 1993, in zwei Urschriften, in isländischer und deutscher Sprache, wobei beide Texte in gleicher Weise authentisch sind.

Für die Republik Island:
Guðmundur Árni Stefánsson

Für die Republik Österreich:
Josef Hesoun

10. maí 1995 Nr. 19

AUGLÝSING

um viðurkenningu Íslands á lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins hefur verið afhent yfirlýsing um viðurkenningu Íslands á lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu. Yfirlýsingin gildir ótímabundið frá 2. september 1994 nema yfirlýsing um annað verði gefin.

Yfirlýsingin er gefin skv. 46. gr. samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954, þar sem samningurinn er birtur, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1969, 6/1987, 21/1989 og 39/1991, 2. mgr. 6. gr. viðbótarsamnings nr. 4 við samninginn frá 16. september 1963, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967, þar sem viðbótarsamningurinn er birtur, og 39/1991, og 2. mgr. 7. gr. viðbótarsamnings nr. 7 við samninginn frá 22. nóvember 1984, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987, þar sem viðbótarsamningurinn er birtur, og 21/1989.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um viðbótarsamning nr. 11 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 29. júní 1995 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarsamnings nr. 11 við samning frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins sem gerður var í Strassborg 11. maí 1994, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954 þar sem samningurinn er birtur, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967, 7/1968, 6/1987, 9/1988, 21/1989 og 39/1991. Alþingi hafði með ályktun 25. febrúar 1995 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda viðbótarsamninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku viðbótarsamningsins síðar.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR NR. 11 við sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins.

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa viðbótarsamning þennan við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

telja að brýn þörf sé að endurskipuleggja eftirlitskerfi það sem stofnað er til með samningnum til að viðhalda og bæta skilvirkni þess við verndun mannréttinda og mannfrelsis, einkum með tilliti til fjölgunar kæra og aðildar fleiri ríkja að Evrópuráðinu,

telja að það sé því æskilegt að breyta tilteknum ákvæðum samningins sérstaklega í því skyni að nýr dómstóll sem starfi samfellt komi í stað núverandi mannréttindanefndar og mannréttindadómstóls Evrópu,

vísa til samþykktar nr. 1 sem gerð var á Evrópsku ráðherraráðstefnunni um mannréttindi sem haldin var í Vínarborg 19. og 20. mars 1985,

vísa til ályktunar 1194 (1992) sem þing Evrópuráðsins samþykkti 6. október 1992,

vísa til ákvörðunar leiðtoga ríkja Evrópuráðsins í Vínaryfirlýsingunni frá 9. október 1993 um endurbætur á eftirlitskerfi samningsins,

PROTOCOL NO. 11 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, restructuring the control machinery established thereby

The member States of the Council of Europe, signatories to this Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention");

Considering the urgent need to restructure the control machinery established by the Convention in order to maintain and improve the efficiency of its protection of human rights and fundamental freedoms, mainly in view of the increase in the number of applications and the growing membership of the Council of Europe;

Considering that it is therefore desirable to amend certain provisions of the Convention with a view, in particular, to replacing the existing European Commission and Court of Human Rights with a new permanent Court;

Having regard to Resolution No. 1 adopted at the European Ministerial Conference on Human Rights, held in Vienna on 19 and 20 March 1985;

Having regard to Recommendation 1194 (1992), adopted by the Parliamentary Assembly of the Council of Europe on 6 October 1992;

Having regard to the decision taken on reform of the Convention control machinery by the Heads of State and Government of the Council

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Í stað texta II. - IV. kafla samningsins (19.-56. gr.) og viðbótarsamnings nr. 2 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit skal koma eftirfarandi II. kafli samningsins (19. - 51. gr.):

„II. KAFLI
Mannréttindadómstóll Evrópu.

19. gr.
Stofnun dómstólsins.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður „dómstóllinn“. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.
Fjöldi dómara.

Dómstóllinn skal skipaður jafnmörgum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.
Hæfisskilyrði.

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

2. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.
3. Meðan kjörtímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.
Kosning dómara.

1. Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meiri hluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

2. Sami háttur skal hafður á til að fylla tölu dómara við tilkomu nýs samningsaðila eða þegar sæti losnar í dómstólnum.

of Europe member States in the Vienna Declaration on 9 October 1993;

Have agreed as follows:

Article 1

The existing text of Sections II to IV of the Convention (Articles 19 to 56) and Protocol No. 2 conferring upon the European Court of Human Rights competence to give advisory opinions shall be replaced by the following Section II of the Convention (Articles 19 to 51):

"Section II
European Court of Human Rights

Article 19
Establishment of the Court

To ensure the observance of the engagements undertaken by the High Contracting Parties in the Convention and the protocols thereto, there shall be set up a European Court of Human Rights, hereinafter referred to as "the Court". It shall function on a permanent basis.

Article 20
Number of judges

The Court shall consist of a number of judges equal to that of the High Contracting Parties.

Article 21
Criteria for office

1. The judges shall be of high moral character and must either possess the qualifications required for appointment to high judicial office or be juris consults of recognised competence.
2. The judges shall sit on the Court in their individual capacity.
3. During their term of office the judges shall not engage in any activity which is incompatible with their independence, impartiality or with the demands of a full-time office; all questions arising from the application of this paragraph shall be decided by the Court.

Article 22
Election of judges

1. The judges shall be elected by the Parliamentary Assembly with respect to each High Contracting Party by a majority of votes cast from a list of three candidates nominated by the High Contracting Party.
2. The same procedure shall be followed to complete the Court in the event of the accession of new High Contracting Parties and in filling casual vacancies.

23. gr.
Kjörtímabil.

1. Dómararnir skulu kosnir til sex ára í senn. Þá má endurkjósa. Kjörtímabili helmings þeirra dómara, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að kosningu þeirra lokinni.

3. Til að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming dómara þriðja hvert ár er þinginu heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og þingið beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins annast þegar að kosningu lokinni.

5. Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.
6. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.
7. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

Article 23
Terms of office

1. The judges shall be elected for a period of six years. They may be re-elected. However, the terms of office of one-half of the judges elected at the first election shall expire at the end of three years.
2. The judges whose terms of office are to expire at the end of the initial period of three years shall be chosen by lot by the Secretary General of the Council of Europe immediately after their election.
3. In order to ensure that, as far as possible, the terms of office of one-half of the judges are renewed every three years, the Parliamentary Assembly may decide, before proceeding to any subsequent election, that the term or terms of office of one or more judges to be elected shall be for a period other than six years but not more than nine and not less than three years.
4. In cases where more than one term of office is involved and where the Parliamentary Assembly applies the preceding paragraph, the allocation of the terms of office shall be effected by a drawing of lots by the Secretary General of the Council of Europe immediately after the election.
5. A judge elected to replace a judge whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.
6. The terms of office of judges shall expire when they reach the age of 70.
7. The judges shall hold office until replaced. They shall, however, continue to deal with such cases as they already have under consideration.

24. gr.
Brottvikning.

Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveimur þriðju hlutum atkvæða að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.

Article 24
Dismissal

No judge may be dismissed from his office unless the other judges decide by a majority of two-thirds that he has ceased to fulfil the required conditions.

25. gr.
Skrifstofa og löglærðir aðstoðarmenn.

Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins. Dómstólnum til aðstoðar skulu vera löglærðir aðstoðarmenn.

Article 25
Registry and legal secretaries

The Court shall have a registry, the functions and organisation of which shall be laid down in the rules of the Court. The Court shall be assisted by legal secretaries.

26. gr.
Fullskipaður dómstóll.
Fullskipaður dómstóll skal:

a. kjósa forseta sinn og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;

b. skipa deildir til ákveðins tíma;

c. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
d. samþykkja starfsreglur dómstólsins; og
e. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara.

Article 26
Plenary Court
The plenary Court shall

a. elect its President and one or two Vice-Presidents for a period of three years; they may be re-elected;
b. set up Chambers, constituted for a fixed period of time;
c. elect the Presidents of the Chambers of the Court; they may be re-elected;
d. adopt the rules of the Court; and
e. elect the Registrar and one or more Deputy Registrars.

27. gr.
Nefndir, deildir og yfirdeild.

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.
2. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem kjörinn er af hálfu þess ríkis sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti hann ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir aðildarríkið dómara.

3. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara sem sæti áttu í þeirri deild sem kvað upp dóm í málinu eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem sæti átti af hálfu þess ríkis sem er málsaðili.

Article 27
Committees, Chambers and Grand Chamber

1. To consider cases brought before it, the Court shall sit in committees of three judges, in Chambers of seven judges and in a Grand Chamber of seventeen judges. The Court's Chambers shall set up committees for a fixed period of time.
2. There shall sit as an ex officio member of the Chamber and the Grand Chamber the judge elected in respect of the State Party concerned or, if there is none or if he is unable to sit, a person of its choice who shall sit in the capacity of judge.
3. The Grand Chamber shall also include the President of the Court, the Vice-Presidents, the Presidents of the Chambers and other judges chosen in accordance with the rules of the Court. When a case is referred to the Grand Chamber under Article 43, no judge from the Chamber which rendered the judgment shall sit in the Grand Chamber, with the exception of the President of the Chamber and the judge who sat in respect of the State Party concerned.

28. gr.
Yfirlýsingar nefnda um að kæra sé ótæk.
Með samhljóða atkvæðum er nefnd heimilt að að lýsa ótæka eða fella af málaskrá sinni kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari könnunar. Ákvörðunin skal vera endanleg.

Article 28
Declarations of inadmissibility by committees
A committee may, by a unanimous vote, declare inadmissible or strike out of its list of cases an individual application submitted under Article 34 where such a decision can be taken without further examination. The decision shall be final.

29. gr.
Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efni hennar.

1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 28. gr. skal deild kveða á um hvort kæra sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr. sé tæk og um efni hennar.

Article 29
Decisions by Chambers on admissibility and merits

1. If no decision is taken under Article 28, a Chamber shall decide on the admissibility and merits of individual applications submitted under Article 34.

2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur skv. 33. gr. séu tækar og um efni þeirra.

3. Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn, í undantekningartilvikum, ákveði að annar háttur skuli hafður á.

30. gr.
Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til verulegs vafa um túlkun á samningnum eða viðbótarsamningum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu, nema því aðeins að málsaðili mótmæli.

31. gr.
Hlutverk yfirdeildarinnar.

Yfirdeildin skal:

a. úrskurða um kærur sem bornar eru fram skv. 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftirlátið lögsögu skv. 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar skv. 43. gr.; og

b. fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram skv. 47. gr.

32. gr.
Lögsaga dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og viðbótarsamninga við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34. og 47. gr.

2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

33. gr.
Milliríkjamál.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samningsaðila á ákvæðum samningsins og viðbótarsamninga við hann.

34. gr.
Kærur einstaklinga.

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samn-

2. A Chamber shall decide on the admissibility and merits of inter-State applications submitted under Article 33.
3. The decision on admissibility shall be taken separately unless the Court, in exceptional cases, decides otherwise.

Article 30
Relinquishment of jurisdiction to the Grand Chamber

Where a case pending before a Chamber raises a serious question affecting the interpretation of the Convention or the protocols thereto, or where the resolution of a question before the Chamber might have a result inconsistent with a judgment previously delivered by the Court, the Chamber may, at any time before it has rendered its judgment, relinquish jurisdiction in favour of the Grand Chamber, unless one of the parties to the case objects.

Article 31
Powers of the Grand Chamber

The Grand Chamber shall

a. determine applications submitted either under Article 33 or Article 34 when a Chamber has relinquished jurisdiction under Article 30 or when the case has been referred to it under Article 43; and
b. consider requests for advisory opinions submitted under Article 47.

Article 32
Jurisdiction of the Court

1. The jurisdiction of the Court shall extend to all matters concerning the interpretation and application of the Convention and the protocols thereto which are referred to it as provided in Articles 33, 34 and 47.
2. In the event of dispute as to whether the Court has jurisdiction, the Court shall decide.

Article 33
Inter-State cases

Any High Contracting Party may refer to the Court any alleged breach of the provisions of the Convention and the protocols thereto by another High Contracting Party.

Article 34
Individual applications

The Court may receive applications from any person, non-governmental organisation or group of individuals claiming to be the victim of a vio-

ingsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og eða viðbótarsamningum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.
Skilyrði þess að mál sé tækt.

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan 6 mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.
2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann skv. 34. gr. ef hún er:

a. frá ónafngreindum aðila; eða
b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja þá kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. sem hann telur ósamrýmanlega ákvæðum samningsins eða viðbótarsamninga við hann, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.
4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málaferlanna sem er.

36. gr.
Þátttaka þriðja aðila.

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.
2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málaferlunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.

37. gr.
Kærur felldar niður.

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

lation by one of the High Contracting Parties of the rights set forth in the Convention or the protocols thereto. The High Contracting Parties undertake not to hinder in any way the effective exercise of this right.

Article 35
Admissibility criteria

1. The Court may only deal with the matter after all domestic remedies have been exhausted, according to the generally recognized rules of international law, and within a period of six months from the date on which the final decision was taken.
2. The Court shall not deal with any individual application submitted under Article 34 that

a. is anonymous; or
b. is substantially the same as a matter that has already been examined by the Court or has already been submitted to another procedure of international investigation or settlement and contains no relevant new information.

3. The Court shall declare inadmissible any individual application submitted under Article 34 which it considers incompatible with the provisions of the Convention or the protocols thereto, manifestly ill-founded, or an abuse of the right of application.
4. The Court shall reject any application which it considers inadmissible under this Article. It may do so at any stage of the proceedings.

Article 36
Third-party intervention

1. In all cases before a Chamber or the Grand Chamber, a High Contracting Party one of whose nationals is an applicant shall have the right to submit written comments and to take part in hearings.
2. The President of the Court may, in the interest of the proper administration of justice, invite any High Contracting Party which is not a party to the proceedings or any person concerned who is not the applicant to submit written comments or take part in hearings.

Article 37
Striking out applications

1. The Court may at any stage of the proceedings decide to strike an application out of its list of cases where the circumstances lead to the conclusion that

a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða
c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.
Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru í samningi þessum eða viðbótarsamningum við hann séu virt.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

38. gr.
Rannsókn máls og sáttaumleitanir.

1. Ef dómstóllinn lýsir kæru tæka skal hann:

a. framkvæma athugun á málinu með fulltrúum málsaðila og ef þörf krefur framkvæma rannsókn sem þeim ríkjum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna;
b. vera málsaðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skilgreind eru í samningnum og viðbótarsamningum við hann.

2. Það sem fram fer skv. b-lið 1. mgr. skal vera trúnaðarmál.

39. gr.
Sáttargerð.

Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.

40. gr.
Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.
2. Málsskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.
Sanngjarnar bætur.

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur

a. the applicant does not intend to pursue his application; or
b. the matter has been resolved; or
c. for any other reason established by the Court, it is no longer justified to continue the examination of the application.
However, the Court shall continue the examination of the application if respect for human rights as defined in the Convention and the protocols thereto so requires.

2. The Court may decide to restore an application to its list of cases if it considers that the circumstances justify such a course.

Article 38
Examination of the case and friendly settlement proceedings

1. If the Court declares the application admissible, it shall
a. pursue the examination of the case, together with the representatives of the parties, and if need be, undertake an investigation, for the effective conduct of which the States concerned shall furnish all necessary facilities;
b. place itself at the disposal of the parties concerned with a view to securing a friendly settlement of the matter on the basis of respect for human rights as defined in the Convention and the protocols thereto.
2. Proceedings conducted under paragraph 1.b shall be confidential.

Article 39
Finding of a friendly settlement

If a friendly settlement is effected, the Court shall strike the case out of its list by means of a decision which shall be confined to a brief statement of the facts and of the solution reached.

Article 40
Public hearings and access to documents

1. Hearings shall be public unless the Court in exceptional circumstances decides otherwise.
2. Documents deposited with the Registrar shall be accessible to the public unless the President of the Court decides otherwise.

Article 41
Just satisfaction

If the Court finds that there has been a violation of the Convention or the protocols thereto,

fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða viðbótarsamningum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.
Dómar uppkveðnir í deildum.

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.
Vísun máls til yfirdeildar.

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deildar að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar.
2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið gefur tilefni til verulegs vafa varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum eða viðbótarsamningum við hann eða ef um er að ræða alvarlegt deiluefni sem hefur almenna þýðingu.
3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málinu með dómi.

44. gr.
Endanlegir dómar.

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.

2. Dómur deildar verður endanlegur:

a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málinu verði vísað til yfirdeildarinnar; eða
b. þremur mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar; eða
c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot skv. 43. gr.

3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.
Rökstuðningur dóma og ákvarðana.

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækar eða ótækar.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

and if the internal law of the High Contracting Party concerned allows only partial reparation to be made, the Court shall, if necessary, afford just satisfaction to the injured party.

Article 42
Judgments of Chambers

Judgments of Chambers shall become final in accordance with the provisions of Article 44, paragraph 2.

Article 43
Referral to the Grand Chamber

1. Within a period of three months from the date of the judgment of the Chamber, any party to the case may, in exceptional cases, request that the case be referred to the Grand Chamber.
2. A panel of five judges of the Grand Chamber shall accept the request if the case raises a serious question affecting the interpretation or application of the Convention or the protocols thereto, or a serious issue of general importance.
3. If the panel accepts the request, the Grand Chamber shall decide the case by means of a judgment.

Article 44
Final judgments

1. The judgment of the Grand Chamber shall be final.
2. The judgment of a Chamber shall become final
a. when the parties declare that they will not request that the case be referred to the Grand Chamber; or
b. three months after the date of the judgment, if reference of the case to the Grand Chamber has not been requested; or
c. when the panel of the Grand Chamber rejects the request to refer under Article 43.
3. The final judgment shall be published.

Article 45
Reasons for judgments and decisions

1. Reasons shall be given for judgments as well as for decisions declaring applications admissible or inadmissible.
2. If a judgment does not represent, in whole or in part, the unanimous opinion of the judges, any judge shall be entitled to deliver a separate opinion.

46. gr.
Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.
2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.

47. gr.
Ráðgefandi álit.

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og viðbótarsamninga við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og viðbótarsamningum við hann, né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.
3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.
Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.
Rökstuðningur ráðgefandi álits.

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.

3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.
Kostnaður við dómstólinn.

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

Article 46
Binding force and execution of judgments

1. The High Contracting Parties undertake to abide by the final judgment of the Court in any case to which they are parties.
2. The final judgment of the Court shall be transmitted to the Committee of Ministers, which shall supervise its execution.

Article 47
Advisory opinions

1. The Court may, at the request of the Committee of Ministers, give advisory opinions on legal questions concerning the interpretation of the Convention and the protocols thereto.
2. Such opinions shall not deal with any question relating to the content or scope of the rights or freedoms defined in Section I of the Convention and the protocols thereto, or with any other question which the Court or the Committee of Ministers might have to consider in consequence of any such proceedings as could be instituted in accordance with the Convention.
3. Decisions of the Committee of Ministers to request an advisory opinion of the Court shall require a majority vote of the representatives entitled to sit on the Committee.

Article 48
Advisory jurisdiction of the Court

The Court shall decide whether a request for an advisory opinion submitted by the Committee of Ministers is within its competence as defined in Article 47.

Article 49
Reasons for advisory opinions

1. Reasons shall be given for advisory opinions of the Court.
2. If the advisory opinion does not represent, in whole or in part, the unanimous opinion of the judges, any judge shall be entitled to deliver a separate opinion.
3. Advisory opinions of the Court shall be communicated to the Committee of Ministers.

Article 50
Expenditure on the Court

The expenditure on the Court shall be borne by the Council of Europe.

51. gr.

Sérréttindi og friðhelgi dómara.

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.“

Article 51

Privileges and immunities of judges

The judges shall be entitled, during the exercise of their functions, to the privileges and immunities provided for in Article 40 of the Statute of the Council of Europe and in the agreements made thereunder.”

2. gr.

1. V. kafli samningsins verður III. kafli samningsins; 57. gr. samningsins verður 52. gr. samningsins; 58. og 59. gr. samningsins falla niður og 60. - 66. gr. samningsins verða 53. - 59. gr. samningsins.

2. I. kafli samningsins skal nefnast „Réttindi og frelsi“ og nýr III. kafli samningsins skal nefnast „Ýmis ákvæði“. 1. - 18. gr. og ný 52. - 59. gr. samningsins skulu fá fyrirsagnir sem greindar eru í viðbæti við þennan viðbótarsamning.

3. Í nýrri 56. gr., 1. mgr., skal bæta inn orðunum „þó með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar“ á eftir orðinu „skuli“; í 4. mgr. skulu í stað orðanna „að nefndin sé bær um að taka við erindum“ og „skv. 25. gr. samnings þessa“ koma orðin „dómstóllinn sé bær um að taka við kærum“ og „skv. 34. gr. samnings þessa“. Í nýrri 58. gr., 4. mgr., skal „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“.

4. Viðbótarsamningur nr. 1 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðbætinum við viðbótarsamning þennan; og

b. og í síðustu setningu 4. gr. skal „56. gr.“ koma í stað „63. gr.“.

5. Viðbótarsamningur nr. 4 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðbætinum við viðbótarsamning þennan;

b. í 3. mgr. 5. gr. skal „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“; og við bætist ný 5. mgr. svohljóðandi:

„Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar

Article 2

1. Section V of the Convention shall become Section III of the Convention; Article 57 of the Convention shall become Article 52 of the Convention; Articles 58 and 59 of the Convention shall be deleted, and Articles 60 to 66 of the Convention shall become Articles 53 to 59 of the Convention respectively.

2. Section I of the Convention shall be entitled “Rights and freedoms” and new Section III of the Convention shall be entitled “Miscellaneous provisions”. Articles 1 to 18 and new Articles 52 to 59 of the Convention shall be provided with headings, as listed in the appendix to this Protocol.

3. In new Article 56, in paragraph 1, the words, “subject to paragraph 4 of this Article,” shall be inserted after the word “shall”; in paragraph 4, the words “Commission to receive petitions” and “in accordance with Article 25 of the present Convention” shall be replaced by the words “Court to receive applications” and “as provided in Article 34 of the Convention” respectively. In new Article 58, paragraph 4, the words “Article 63” shall be replaced by the words “Article 56”.

4. The Protocol to the Convention shall be amended as follows

a. the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol; and

b. in Article 4, last sentence, the words “of Article 63” shall be replaced by the words “of Article 56”.

5. Protocol No. 4 shall be amended as follows

a. the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol;

b. in Article 5, paragraph 3, the words “of Article 63” shall be replaced by the words “of Article 56”; anew paragraph 5 shall be added, which shall read

“Any State which has made a declaration in accordance with paragraph 1 or 2 of this

getur hvenær sem er síðar lýst því yfir að því er varðar eitt eða fleiri landsvæði þeirra sem yfirlýsingin tekur til að það fallist á að dómstóllinn sé bær til að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins að því er varðar 1. - 4. gr. þessa viðbótarsamnings, eina eða allar."; og

c. 2. mgr. 6. gr. skal falla niður.

6. Viðbótarsamningur nr. 6 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðbætinum við viðbótarsamning þennan; og

b. í 4. gr. skulu orðin „samkvæmt 57. gr." koma í stað „samkvæmt 64. gr.".

7. Viðbótarsamningur nr. 7 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðbætinum við viðbótarsamning þennan;

b. í 4. mgr. 6. gr. skal „56. gr." koma í stað „63. gr."; og við bætist ný 6. mgr. svohljóðandi:

„Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir að því er varðar eitt eða fleiri landsvæði þeirra sem yfirlýsingin tekur til að það fallist á að dómstóllinn sé bær til að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins að því er varðar 1. - 5. gr. þessa viðbótarsamnings"; og

c. 2. mgr. 7. gr. skal falla niður.

8. Viðbótarsamningur nr. 9 skal falla úr gildi.

3. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn og geta þau lýst samþykki sínu til að vera bundin af honum með

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og með fullgildingu, staðfestingu eða samþykki síðar.

2. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Article may at any time thereafter declare on behalf of one or more of the territories to which the declaration relates that it accepts the competence of the Court to receive applications from individuals, non-governmental organisations or groups of individuals as provided in Article 34 of the Convention in respect of all or any of Articles 1 to 4 of this Protocol."; and

c. paragraph 2 of Article 6 shall be deleted.

6. Protocol No. 6 shall be amended as follows

a. the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol; and

b. in Article 4 the words "under Article 64" shall be replaced by the words "under Article 57".

7. Protocol No. 7 shall be amended as follows

a. the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol;

b. in Article 6, paragraph 4, the words "of Article 63" shall be replaced by the words "of Article 56"; a new paragraph 6 shall be added, which shall read

"Any State which has made a declaration in accordance with paragraph 1 or 2 of this Article may at any time thereafter declare on behalf of one or more of the territories to which the declaration relates that it accepts the competence of the Court to receive applications from individuals, non-governmental organisations or groups of individuals as provided in Article 34 of the Convention in respect of Articles 1 to 5 of this Protocol."; and

c. paragraph 2 of Article 7 shall be deleted.

8. Protocol No. 9 shall be repealed.

Article 3

1. This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe signatories to the Convention, which may express their consent to be bound by

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

4. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðið er eitt ár frá þeim degi er allir aðilar samningsins hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af honum í samræmi við ákvæði 3. gr. Frá þeim degi er allir aðilar samningsins hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af viðbótarsamningnum getur farið fram kosning nýrra dómara og frekari ráðstafanir má gera til stofnunar nýja dómstólsins í samræmi við ákvæði þessa viðbótarsamnings.

Article 4

This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one year after the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 3. The election of new judges may take place, and any further necessary steps may be taken to establish the new Court, in accordance with the provisions of this Protocol from the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol.

5. gr.

1. Kjörtímabili dómara, nefndarmanna mannréttindanefndarinnar, ritara og aðstoðarritara skal ljúka á gildistökudegi þessa viðbótarsamnings, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. hér á eftir.
2. Kærur sem til meðferðar eru hjá mannréttindanefndinni og ekki hafa verið lýstar tækar við gildistöku þessa viðbótarsamnings skal dómstóllinn taka til athugunar í samræmi við ákvæði þessa viðbótarsamnings.
3. Kærur sem hafa verið lýstar tækar á gildistökudegi þessa viðbótarsamnings skulu í eitt ár þaðan í frá vera áfram til meðferðar hjá nefndarmönnum mannréttindanefndarinnar. Vísa skal til dómstólsins þeim kærum sem athugun er ekki lokið á innan framangreinds tíma og skal hann taka þær til meðferðar sem tæk mál í samræmi við ákvæði þessa viðbótarsamnings.
4. Að því er varðar kærur sem mannréttindanefndin hefur samþykkt skýrslu um í samræmi við ákvæði eldri 31. gr. samningsins eftir gildistöku þessa viðbótarsamnings skal skýrslan send málsaðilum. Þeim er ekki heimilt að birta hana. Vísa má máli til dómstólsins í samræmi við ákvæði þau sem gilda fyrir gildistöku ákvæða þessa viðbótarsamnings. Nefnd yfirdeildarinnar skal ákvarða hvort einhver deildanna eða yfirdeildin skuli úrskurða í málinu. Ef deild úrskurðar í málinu skal úrskurður hennar vera endanlegur. Ráðherranefndin skal fjalla um mál sem ekki er vísað til dómstólsins sem þá starfar í samræmi við ákvæði eldri 32. gr. samningsins.
5. Málum sem eru til meðferðar fyrir dómstólnum og ekki hefur verið úrskurðað í á gildis-

Article 5

1. Without prejudice to the provisions in paragraphs 3 and 4 below, the terms of office of the judges, members of the Commission, Registrar and Deputy Registrar shall expire at the date of entry into force of this Protocol.
2. Applications pending before the Commission which have not been declared admissible at the date of the entry into force of this Protocol shall be examined by the Court in accordance with the provisions of this Protocol.
3. Applications which have been declared admissible at the date of entry into force of this Protocol shall continue to be dealt with by members of the Commission within a period of one year thereafter. Any applications the examination of which has not been completed within the aforesaid period shall be transmitted to the Court which shall examine them as admissible cases in accordance with the provisions of this Protocol.
4. With respect to applications in which the Commission, after the entry into force of this Protocol, has adopted a report in accordance with former Article 31 of the Convention, the report shall be transmitted to the parties, who shall not be at liberty to publish it. In accordance with the provisions applicable prior to the entry into force of this Protocol, a case may be referred to the Court. The panel of the Grand Chamber shall determine whether one of the Chambers or the Grand Chamber shall decide the case. If the case is decided by a Chamber, the decision of the Chamber shall be final. Cases not referred to the Court shall be dealt with by the Committee of Ministers acting in accordance with the provisions of former Article 32 of the Convention.
5. Cases pending before the Court which have not been decided at the date of entry into

tökudegi þessa viðbótarsamnings skal vísað til yfirdeildar dómstólsins sem skal taka þau til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa viðbótarsamnings.

6. Málum sem eru til meðferðar fyrir ráðherranefndinni og ekki hefur verið úrskurðað í samkvæmt eldri 32. gr. samningsins á gildistökudegi þessa viðbótarsamnings skal ráðherranefndin ljúka og starfar hún þá í samræmi við fyrrgreinda grein.

6. gr.

Þegar samningsaðili hefur gefið yfirlýsingu um að viðurkenna lögsögu mannréttindanefndarinnar eða dómstólsins samkvæmt eldri 25. eða 46. gr. samningsins, sem varðar mál sem komið hafa upp eða byggjast á atburðum sem gerst hafa eftir að slík yfirlýsing hefur verið gefin, skal sú takmörkun halda gildi að því er varðar lögsögu dómstólsins samkvæmt þessum viðbótarsamningi.

7. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins um:

a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu;
c. gildistökudag þessa viðbótarsamnings eða sérhvers ákvæðis hans í samræmi við 4. gr.; og
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi viðbótarsamning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Strassborg, 11. maí 1994, í einu eintaki á ensku og frönsku sem afhent skal skjalasafni Evrópuráðsins til vörslu og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

force of this Protocol shall be transmitted to the Grand Chamber of the Court, which shall examine them in accordance with the provisions of this Protocol.

6. Cases pending before the Committee of Ministers which have not been decided under former Article 32 of the Convention at the date of entry into force of this Protocol shall be completed by the Committee of Ministers acting in accordance with that Article.

Article 6

Where a High Contracting Party had made a declaration recognising the competence of the Commission or the jurisdiction of the Court under former Article 25 or 46 of the Convention with respect to matters arising after or based on facts occurring subsequent to any such declaration, this limitation shall remain valid for the jurisdiction of the Court under this Protocol.

Article 7

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. the date of entry into force of this Protocol or of any of its provisions in accordance with Article 4; and
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 11th day of May 1994, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

VIÐBÆTIR

Fyrirsagnir sem bæta skal við greinar í texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og viðbótarsamninga við hann.[1)]

1. gr. – Skylda til að virða mannréttindi.
2. gr. – Réttur til lífs.
3. gr. – Bann við pyndingum.
4. gr. – Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.
5. gr. – Réttur til frelsis og mannhelgi.
6. gr. – Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.
7. gr. – Engin refsing án laga.
8. gr. – Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.
9. gr. – Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.
10. gr. – Tjáningarfrelsi.
11. gr. – Funda- og félagafrelsi.
12. gr. – Réttur til að stofna til hjúskapar.
13. gr. – Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.
14. gr. – Bann við mismunun.
15. gr. – Skerðing réttinda á hættutímum.
16. gr. – Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.
17. gr. – Bann við misnotkun réttinda.
18. gr. – Takmörkun á skerðingu réttinda.

[...]

52. gr. – Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.
53. gr. – Verndun núverandi mannréttinda.
54. gr. – Vald ráðherranefndarinnar.
55. gr. – Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.
56. gr. – Svæðisbundið gildissvið.
57. gr. – Fyrirvarar.
58. gr. – Uppsögn.
59. gr. – Undirritun og fullgilding.

Viðbótarsamningur nr. 1.

1. gr. – Friðhelgi eignarréttar.
2. gr. – Réttur til menntunar.
3. gr. – Réttur til frjálsra kosninga.

[1)] Fyrirsögnum hefur þegar verið bætt við nýja 19. - 51. gr. samningsins með viðbótarsamningi þessum.

APPENDIX

Headings of articles to be inserted into the text of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms and its protocols[1)]

Article 1 – Obligation to respect human rights
Article 2 – Right to life
Article 3 – Prohibition of torture
Article 4 – Prohibition of slavery and forced labour
Article 5 – Right to liberty and security
Article 6 – Right to a fair trial
Article 7 – No punishment without law
Article 8 – Right to respect for private and family life
Article 9 – Freedom of thought, conscience and religion
Article 10 – Freedom of expression
Article 11 – Freedom of assembly and association
Article 12 – Right to marry
Article 13 – Right to an effective remedy
Article 14 – Prohibition of discrimination
Article 15 – Derogation in time of emergency
Article 16 – Restrictions on political activity of aliens
Article 17 – Prohibition of abuse of rights
Article 18 – Limitation on use of restrictions on rights

[...]

Article 52 – Enquiries by the Secretary General
Article 53 – Safeguard for existing human rights
Article 54 – Powers of the Committee of Ministers
Article 55 – Exclusion of other means of dispute settlement
Article 56 – Territorial application
Article 57 – Reservations
Article 58 – Denunciation
Article 59 – Signature and ratification

Protocol

Article 1 – Protection of property
Article 2 – Right to education
Article 3 – Right to free elections

[1)] Headings have already been added to new Articles 19 to 51 of the Convention by the present Protocol.

4. gr. – Svæðisbundið gildissvið.	Article 4 – Territorial application
5. gr. – Tengsl við samninginn.	Article 5 – Relationship to the Convention
6. gr. – Undirritun og fullgilding.	Article 6 – Signature and ratification
Viðbótarsamningur nr. 4.	Protocol No. 4
1. gr. – Bann við skuldafangelsi.	Article 1 – Prohibition of imprisonment for debt
2. gr. – Ferðafrelsi.	Article 2 – Freedom of movement
3. gr. – Bann við brottvísun eigin þegna.	Article 3 – Prohibition of expulsion of nationals
4. gr. – Bann við hópbrottvísun útlendinga.	Article 4 – Prohibition of collective expulsion of aliens
5. gr. – Svæðisbundið gildissvið.	Article 5 – Territorial application
6. gr. – Tengsl við samninginn.	Article 6 – Relationship to the Convention
7. gr. – Undirritun og fullgilding.	Article 7 – Signature and ratification
Viðbótarsamningur nr. 6.	Protocol No. 6
1. gr. – Afnám dauðarefsingar.	Article 1 – Abolition of the death penalty
2. gr. – Dauðarefsing á stríðstímum.	Article 2 – Death penalty in time of war
3. gr. – Bann við frávikum.	Article 3 – Prohibition of derogations
4. gr. – Bann við fyrirvörum.	Article 4 – Prohibition of reservations
5. gr. – Svæðisbundið gildissvið.	Article 5 – Territorial application
6. gr. – Tengsl við samninginn.	Article 6 – Relationship to the Convention
7. gr. – Undirritun og fullgilding.	Article 7 – Signature and ratification
8. gr. – Gildistaka.	Article 8 – Entry into force
9. gr. – Störf vörsluaðila.	Article 9 – Depositary functions
Viðbótarsamningur nr. 7.	Protocol No. 7
1. gr. – Réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga.	Article 1 – Procedural safeguards relating to expulsion of aliens
2. gr. – Réttur til áfrýjunar sakamáls.	Article 2 – Right of appeal in criminal matters
3. gr. – Bætur fyrir ranga sakfellingu.	Article 3 – Compensation for wrongful conviction
4. gr. – Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.	Article 4 – Right not to be tried or punished twice
5. gr. – Jafnrétti hjóna.	Article 5 – Equality between spouses
6. gr. – Svæðisbundið gildissvið.	Article 6 – Territorial application
7. gr. – Tengsl við samninginn.	Article 7 – Relationship to the Convention
8. gr. – Undirritun og fullgilding.	Article 8 – Signature and ratification
9. gr. – Gildistaka.	Article 9 – Entry into force
10. gr. – Störf vörsluaðila.	Article 10 – Depositary functions

AUGLÝSING

um Evrópusamning um málefni þátttakenda í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli Evrópu.

Hinn 29. júní 1995 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um málefni þátttakenda í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli Evrópu sem gerður var í Lundúnum 6. maí 1969. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 30. júlí 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR um málefni þátttakenda í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli Evrópu.

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa samning þennan,

með skírskotun til sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „sáttmálinn“);

telja nauðsynlegt, í því skyni að ná betur tilgangi sáttmálans, að þátttakendur í málflutningi fyrir mannréttindanefnd Evrópu (hér eftir kölluð „nefndin“) eða mannréttindadómstóli Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn“) njóti tiltekinnar friðhelgi og aðstöðu;

vilja gera með sér samning í þessum tilgangi;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Þeir menn sem samningur þessi nær til eru eftirfarandi:

a. fulltrúar samningsaðila og ráðgjafar og lögmenn sem aðstoða þá;
b. menn sem taka þátt í flutningi mála sem rekin eru fyrir nefndinni skv. 25. gr.

EUROPEAN AGREEMENT relating to Persons Participating in proceedings of the European Commission and Court of Human Rights

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Having regard to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4th November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention");

Considering that it is expedient for the better fulfilment of the purposes of the Convention that persons taking part in proceedings before the European Commission of Human Rights (hereinafter referred to as "the Commission") or the European Court of Human Rights (hereinafter referred to as "the Court") shall be accorded certain immunities and facilities;

Desiring to conclude an Agreement for this purpose;

Have agreed as follows:

Article 1

1. The persons to whom this Agreement applies are:

a. agents of the Contracting Parties and advisers and advocates assisting them;
b. persons taking part in proceedings instituted before the Commission under Article

sáttmálans, hvort heldur er í eigin nafni eða sem fulltrúar einhvers þeirra kærenda sem upp eru taldir í nefndri grein;

c. lögmenn eða lagaprófessorar, sem taka þátt í málflutningi í því skyni að aðstoða einhvern þeirra manna sem upp eru taldir í b-lið hér að framan;
d. menn, sem valdir eru af fulltrúum nefndarinnar til að aðstoða þá við málflutninginn fyrir dómstólnum;
e. vitni, sérfræðingar og aðrir sem kallaðir eru til af nefndinni eða dómstólnum til þess að taka þátt í málflutningi fyrir nefndinni eða dómstólnum.

2. Í þessum samningi taka heitin „nefndin“ og „dómstóllinn“ jafnframt til undirnefndar og deildar eða einstakra nefndarmanna eða dómara, við framkvæmd starfa sinna samkvæmt ákvæðum sáttmálans eða reglum nefndarinnar eða dómstólsins, eftir því sem við á; og „að taka þátt í málflutningi“ tekur jafnframt til þess að koma á framfæri orðsendingum í því skyni að bera fram kæru á hendur ríki sem viðurkennt hefur kærurétt einstaklinga skv. 25. gr. sáttmálans.

3. Nú er einhver þeirra manna, sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar, kallaður fyrir ráðherranefndina eða gert að leggja fram skriflegar skýrslur fyrir ráðherranefndina, þegar hún gegnir hlutverki sínu skv. 32. gr. sáttmálans, og eiga ákvæði þessa samnings þá einnig við um hann.

2. gr.

1. Þeir menn, sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. þessa samnings, skulu njóta friðhelgi að því er varðar málssókn vegna munnlegra eða skriflegra yfirlýsinga sem þeir gefa eða skjala eða annarra gagna sem þeir leggja fyrir nefndina eða dómstólinn.
2. Friðhelgin nær ekki til umfjöllunar utan nefndarinnar eða dómstólsins af hálfu eða fyrir hönd manns, sem á rétt á friðhelgi skv. 1. mgr., um yfirlýsingar, skjöl eða gögn, í heild eða að hluta, sem viðkomandi hefur lagt fyrir nefndina eða dómstólinn.

3. gr.

1. Samningsaðilar skulu virða rétt þeirra manna, sem getið er í 1. mgr. 1. gr. þessa samn-

25 of the Convention, whether in their own name or as representatives of one of the applicants enumerated in the said Article 25;
c. barristers, solicitors or professors of law, taking part in proceedings in order to assist one of the persons enumerated in sub-paragraph b above;
d. persons chosen by the delegates of the Commission to assist them in proceedings before the Court;
e. witnesses, experts and other persons called upon by the Commission or the Court to take part in proceedings before the Commission or the Court.

2. For the purposes of this Agreement, the terms "Commission" and "Court" shall include a Sub-Commission or Chamber, or members of either body carrying out their duties under the terms of the Convention or of the rules of the Commission or of the Court, as the case may be; and the term "taking part in proceedings" shall include making communications with a view to a complaint against a State which has recognised the right of individual petition under Article 25 of the Convention.
3. If, in the course of the exercise by the Committee of Ministers of its functions under Article 32 of the Convention, any person mentioned in paragraph 1 of this article is called upon to appear before, or to submit written statements to the Committee of Ministers, the provisions of this Agreement shall apply in relation to him.

Article 2

1. The persons referred to in paragraph 1 of Article 1 of this Agreement shall have immunity from legal process in respect of oral or written statements made, or documents or other evidence submitted by them before or to the Commission or the Court.
2. This immunity does not apply to the communication, outside the Commission or the Court, by or on behalf of any person entitled to immunity under the preceding paragraph, of any such statements, documents or evidence or any part thereof submitted by that person to the Commission or the Court.

Article 3

1. The Contracting Parties shall respect the right of the persons referred to in paragraph 1

ings, til að eiga frjáls bréfaskipti við nefndina og dómstólinn.
2. Að því er varðar menn sem eru í haldi skal réttur þessi einkum og sér í lagi fela í sér eftirfarandi:

a. ef bréfaskipti þeirra eru skoðuð af þar til bærum yfirvöldum, skulu þau engu að síður send óbreytt eða afhent og án ónauðsynlegra tafa;

b. þeir skulu ekki sæta agaviðurlögum af neinu tagi vegna orðsendinga sem sendar eru eftir viðeigandi boðleiðum til nefndarinnar eða dómstólsins;

c. þeir skulu eiga rétt á að eiga bréfaskipti og ráðfæra sig einslega við lögmann, sem hefur réttindi til að reka mál fyrir dómstólum lands þess þar sem þeir eru í haldi, um kæru til nefndarinnar eða hvers kyns málarekstur sem af slíkri kæru hlýst.

3. Við framkvæmd ákvæða í undanfarandi málsgreinum skal ekki eiga sér stað nein íhlutun af hálfu opinberra stjórnvalda nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og sem nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, rannsóknar á afbroti eða saksóknar vegna þess eða til verndar heilsu manna.

4. gr.

1. a. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skerða ekki ferðafrelsi manna, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr. þessa samnings, að því er varðar ferðir þeirra til og frá málflutningi fyrir nefndinni eða dómstólnum, enda hafi nefndin eða dómstóllinn samþykkt viðurvist þeirra fyrirfram.

b. Eigi skal ferðafrelsi þeirra skert umfram það sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til að halda uppi allsherjarreglu, koma í veg fyrir glæpi eða til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi.

2. a. Þeir skulu ekki, í þeim löndum sem leið þeirra liggur um eða í því landi þar sem málflutningurinn fer fram, sæta saksókn eða frelsissviptingu eða þola neins konar aðra skerðingu á persónufrelsi sínu vegna athafna eða sakfellinga sem áttu sér stað áður en ferð þeirra hófst.

b. Sérhverjum samningsaðila er heimilt, við undirritun eða fullgildingu þessa samnings, að lýsa því yfir að ákvæði þessarar málsgreinar

of Article 1 of this Agreement to correspond freely with the Commission and the Court.
2. As regards persons under detention, the exercise of this right shall in particular imply that:

a. if their correspondence is examined by the competent authorities, its despatch and delivery shall nevertheless take place without undue delay and without alteration;

b. such persons shall not be subject to disciplinary measures in any form on account of any communication sent through the proper channels to the Commission or the Court;

c. such persons shall have the right to correspond, and consult out of hearing of other persons, with a lawyer qualified to appear before the courts of the country where they are detained in regard to an application to the Commission, or any proceedings resulting therefrom.

3. In application of the preceding paragraphs, there shall be no interference by a public authority except such as is in accordance with the law and is necessary in a democratic society in the interests of national security, for the detection or prosecution of a criminal offence or for the protection of health.

Article 4

1. a. The Contracting Parties undertake not to hinder the free movement and travel, for the purpose of attending and returning from proceedings before the Commission or the Court, of persons referred to in paragraph 1 of Article 1 of this Agreement whose presence has in advance been authorised by the Commission or the Court.

b. No restrictions shall be placed on their movement and travel other than such as are in accordance with the law and necessary in a democratic society in the interests of national security or public safety, for the maintenance of ordre public, for the prevention of crime, for the protection of health or morals, or for the protection of the rights and freedoms of others.
2. a. Such persons shall not, in countries of transit and in the country where the proceedings take place, be prosecuted or detained or be subjected to any other restriction of their personal liberty in respect of acts or convictions prior to the commencement of the journey.

b. Any Contracting Party may at the time of signature or ratification of this Agreement declare that the provisions of this paragraph will

skuli ekki eiga við um þegna sína. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er afturkalla með tilkynningu þess efnis til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
3. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hleypa aftur inn á landsvæði sitt hverjum þeim sem þar hóf ferð sína og samningur þessi gildir um.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar eiga ekki lengur við þegar viðkomandi maður hefur í fimmtán daga samfellt átt þess kost að snúa aftur til lands þess þar sem ferð hans hófst, talið frá þeim degi þegar nærveru hans er ekki lengur krafist af hálfu nefndarinnar eða dómstólsins.

5. Nú stangast á skyldur samningsaðila skv. 2. mgr. þessarar greinar og aðrar skyldur samkvæmt samningi á vegum Evrópuráðsins eða framsalssamningi eða öðrum samningi við aðra samningsaðila er varðar gagnkvæma aðstoð í sakamálum og skulu þá ákvæði 2. mgr. þessarar greinar ganga framar.

not apply to its own nationals. Such a declaration may be withdrawn at any time by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
3. The Contracting Parties undertake to readmit on his return to their territory any such person who commenced his journey in the said territory.
4. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this article shall cease to apply when the person concerned has had for a period of 15 consecutive days from the date when his presence is no longer required by the Commission or the Court the opportunity of returning to the country from which his journey commenced.
5. Where there is any conflict between the obligations of a Contracting Party resulting from paragraph 2 of this article and those resulting from a Council of Europe Convention or from an extradition treaty or other treaty concerning mutual assistance in criminal matters with other Contracting Parties, the provisions of paragraph 2 of this article shall prevail.

5. gr.

1. Friðhelgi og aðstaða er veitt þeim mönnum sem getið er í 1. mgr. 1. gr. þessa samnings, í þeim tilgangi einum að tryggja þeim nauðsynlegt málfrelsi og sjálfstæði til að inna af hendi hlutverk sitt, störf og skyldur eða neyta réttar síns fyrir nefndinni og dómstólnum.

2. a. Nefndin eða dómstóllinn, eftir því sem við á, skulu ein vera til þess bær að aflétta, að öllu leyti eða að hluta, þeirri friðhelgi sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. þessa samnings; þau hafa ekki aðeins til þess rétt, heldur einnig skyldu, til að aflétta friðhelgi þegar friðhelgin mundi að þeirra mati hindra framgang réttvísinnar og að aflétting að öllu leyti eða að hluta mundi ekki skaða þann tilgang sem skilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar.

b. Nefndin eða dómstóllinn geta aflétt friðhelginni annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni samningsaðila eða einhvers sem málið varðar sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

c. Ákvörðun um að aflétta friðhelgi eða að neita að aflétta henni skal fylgja rökstuðningur.

3. Nú lýsir samningsaðili því yfir að aflétting friðhelgi, sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. þessa samnings, sé nauðsynleg vegna málssókn-

Article 5

1. Immunities and facilities are accorded to the persons referred to in paragraph 1 of Article 1 of this Agreement solely in order to ensure for them the freedom of speech and the independence necessary for the discharge of their functions, tasks or duties, or the exercise of their rights in relation to the Commission and the Court.
2. a. The Commission or the Court, as the case may be, shall alone be competent to waive, in whole or in part, the immunity provided for in paragraph 1 of Article 2 of this Agreement; they have not only the right but the duty to waive immunity in any case where, in their opinion, such immunity would impede the course of justice and waiver in whole or in part would not prejudice the purpose defined in paragraph 1 of this article.

b. The immunity may be waived by the Commission or by the Court, either ex officio or at the request, addressed to the Secretary General of the Council of Europe, of any Contracting Party or of any person concerned.

c. Decisions waiving immunity or refusing the waiver shall be accompanied by a statement of reasons.
3. If a Contracting Party certifies that waiver of the immunity provided for in paragraph 1 of Article 2 of this Agreement is necessary for the

ar varðandi brot gegn þjóðaröryggi og skal þá nefndin eða dómstóllinn aflétta friðhelginni að því marki sem tilgreint er í yfirlýsingunni.

4. Nú kemur í ljós staðreynd sem, eðli sínu samkvæmt, gæti haft afgerandi áhrif og þeim sem bar fram beiðni var ókunnugt um á þeim tíma sem ákvörðun var tekin um að hafna beiðni hans um afléttingu friðhelgi og er honum þá heimilt að bera fram nýja beiðni við nefndina eða dómstólinn.

6. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum ber að túlka svo að það takmarki eða dragi úr skuldbindingum sem samningsaðilar takast á hendur samkvæmt sáttmálanum.

7. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins sem geta orðið aðilar að honum með því annaðhvort:

a. að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu, eða
b. að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu og fullgildingu eða staðfestingu síðar.

2. Skjöl um fullgildingu eða staðfestingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

8. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er fimm aðildarríki Evrópuráðsins hafa gerst aðilar að honum í samræmi við ákvæði 7. gr.

2. Að því er varðar aðildarríki sem undirrita samninginn síðar án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu eða sem fullgilda hann eða staðfesta, skal samningurinn öðlast gildi einum mánuði eftir undirritunina eða eftir þann dag er skjöl um fullgildingu eða staðfestingu hafa verið afhent til vörslu.

9. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur við undirritun samningsins eða þegar hann afhendir skjöl um fullgildingu eða staðfestingu tilgreint það eða þau landsvæði sem samningurinn skal ná til.
2. Sérhvert samningsríki getur, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, við

purpose of proceedings in respect of an offence against national security, the Commission or the Court shall waive immunity to the extent specified in the certificate.
4. In the event of the discovery of a fact which might, by its nature, have a decisive influence and which at the time of the decision refusing waiver of immunity was unknown to the author of the request, the latter may make a new request to the Commission or the Court.

Article 6

Nothing in this Agreement shall be construed as limiting or derogating from any of the obligations assumed by the Contracting Parties under the Convention.

Article 7

1. This Agreement shall be open to signature by the member States of the Council of Europe, who may become Parties to it either by:

a. signature without reservation in respect of ratification or acceptance, or
b. signature with reservation in respect of ratification or acceptance, followed by ratification or acceptance.

2. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 8

1. This Agreement shall enter into force one month after the date on which five member States of the Council shall have become Parties to the Agreement, in accordance with the provisions of Article 7.
2. As regards any member States who shall subsequently sign the Agreement without reservation in respect of ratification or acceptance or who shall ratify or accept it, the Agreement shall enter into force one month after the date of such signature or after the date of deposit of the instrument of ratification or acceptance.

Article 9

1. Any Contracting Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification or acceptance, specify the territory or territories to which this Agreement shall apply.
2. Any Contracting Party may, when depositing its instrument of ratification or acceptance or at

afhendingu skjals um fullgildingu eða staðfestingu, víkkað gildi samnings þessa út til annars landsvæðis eða landsvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni og það ríki annast alþjóðasamskipti fyrir eða hefur umboð til að skuldbinda.

3. Sérhverja yfirlýsingu skv. 2. mgr. má afturkalla, að því er varðar sérhvert landsvæði sem þar er nefnt, eftir þeim reglum sem greinir í 10. gr. þessa samnings.

10. gr.

1. Samningur þessi gildir ótímabundið.

2. Sérhver samningsaðili má fyrir sitt leyti segja upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Slík uppsögn öðlast gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur tekið við tilkynningunni. Uppsögnin skal ekki hafa þau áhrif að leysa viðkomandi samningsaðila undan hvers kyns skuldbindingum sem kunna að hafa stofnast samkvæmt þessum samningi að því er varðar þá menn sem getið er um í 1. mgr. 1. gr.

11. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins um:

a. sérhverja undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu;
b. sérhverja undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu;
c. sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu eða staðfestingu;
d. gildistökudag samningsins skv. 8. gr. hans;
e. sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 4. gr. og 2. og 3. mgr. 9. gr.;
f. sérhverja tilkynningu um afturköllun yfirlýsinga á grundvelli ákvæða 2. mgr. 4. gr., sérhverja tilkynningu sem kann að berast á grundvelli 10. gr., svo og daginn sem uppsögn öðlast gildi.

Þessu til staðfestingar hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir samning þennan.

any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Agreement to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 10 of this Agreement.

Article 10

1. This Agreement shall remain in force indefinitely.

2. Any Contracting Party may, insofar as it is concerned, denounce this Agreement by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

3. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification. Such a denunciation shall not have the effect of releasing the Contracting Parties concerned from any obligation which may have arisen under this Agreement in relation to any person referred to in paragraph 1 of Article 1.

Article 11

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a. any signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
b. any signature with reservation in respect of ratification or acceptance;
c. the deposit of any instrument of ratification or acceptance;
d. any date or entry into force of this Agreement in accordance with Article 8 thereof;
e. any declaration received in pursuance of the provisions of paragraph 2 of Article 4 and of paragraphs 2 and 3 of Article 9;
f. any notification of withdrawal of a declaration in pursuance of the provisions of paragraph 2 of Article 4 and any notification received in pursuance of the provisions of Article 10 and the date on which any denunciation takes effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Lundúnum, 6. maí 1969, á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirritað hafa.

Done at London, this 6th day of May 1969, in the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory States.

AUGLÝSING

um tvær bókanir við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Hinn 29. júní 1995 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókana nr. 1 og 2 við Evrópusamning frá 26. nóvember 1987 um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerðar voru í Strassborg 4. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1990 þar sem samningurinn er birtur.

Tilkynnt verður um gildistöku bókananna síðar.

Bókun nr. 1 er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókun nr. 2 sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal 1.

BÓKUN NR. 1
við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa bókun þessa við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og undirritaður var í Strassborg 26. nóvember 1987 hér eftir nefndur „samningurinn“,

sem telja að heimila eigi ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu að gerast aðilar að samningnum að fengnu boði ráðherranefndar Evrópuráðsins,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. samningsins bætist eftirfarandi undirmálsgrein:

„Þegar kjósa skal nefndarmann af hálfu ríkis sem ekki er aðili að Evrópuráðinu skal stjórnarnefnd ráðgjafarþingsins bjóða þjóðþingi þess

PROTOCOL NO. 1
to the European Convention for the prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment

The member States of the Council of Europe, signatories to this Protocol to the European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, signed at Strasbourg on 26 November 1987 (hereinafter referred to as "the Convention"),

Considering that non-member States of the Council of Europe should be allowed to accede to the Convention at the invitation of the Committee of Ministers,

Have agreed as follows:

Article 1

A sub-paragraph shall be added to Article 5, paragraph 1, of the Convention as follows:

"Where a member is to be elected to the Committee in respect of a non-member State of the Council of Europe, the Bureau of the

ríkis að tilnefna þrjá frambjóðendur og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis. Kosning ráðherranefndarinnar skal fara fram að höfðu samráði við viðkomandi ríki.“

Consultative Assembly shall invite the Parliament of that State to put forward three candidates, of whom two at least shall be its nationals. The election by the Committee of Ministers shall take place after consultation with the Party concerned.”

2. gr.

12. gr. samningsins hljóðar svo:

„Að uppfylltum reglum 11. gr. um trúnað skal nefndin árlega gefa ráðherranefndinni almenna skýrslu um störf sín og skal skýrslan send ráðgjafarþinginu og hverju því ríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu en er aðili að samningnum og gerð opinber.“

Article 2

Article 12 of the Convention shall read as follows:

“Subject to the rules of confidentiality in Article 11, the Committee shall every year submit to the Committee of Ministers a general report on its activities which shall be transmitted to the Consultative Assembly and to any non-member State of the Council of Europe which is a party to the Convention, and made public.”

3. gr.

18. gr. samningsins verður 1. mgr. 18. gr. og við greinina bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

„2. Ráðherranefnd Evrópuráðsins getur boðið ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu að gerast aðilar að samningnum.“

Article 3

The text of Article 18 of the Convention shall become paragraph 1 of that article and shall be supplemented by the following second paragraph:

“2. The Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any non-member State of the Council of Europe to accede to the Convention.”

4. gr.

Í 2. mgr. 19. gr. samningsins kemur orðið „ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“ og orðin „samþykktar- eða aðildarskjal“ í stað orðanna „eða samþykktarskjal“.

Article 4

In paragraph 2 of Article 19 of the Convention, the word “member” shall be deleted and the words “or approval,” shall be replaced by “approval or accession.”.

5. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. samningsins koma orðin „samþykktar- eða aðildarskjal“ í stað orðanna „eða samþykktarskjal“.

Article 5

In paragraph 1 of Article 20 of the Convention, the words “or approval” shall be replaced by “approval or accession,”.

6. gr.

1. Upphafsmálsliður 23. gr. samningsins hljóðar svo:

„Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en aðilar að samningnum um:“

2. Í b-lið 23. gr. koma orðin „samþykktar- eða aðildarskjals“ í stað orðanna „eða samþykktarskjals“.

Article 6

1. The introductory sentence of Article 23 of the Convention shall read as follows:

“The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States and any non-member State of the Council of Europe party to the Convention of:”

2. In Article 23b of the Convention, the words “or approval;” shall be replaced by “approval or accession;”.

7. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins sem

Article 7

1. This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe signa-

undirritað hafa samninginn og geta þau lýst sig samþykk því að vera bundin af henni með:
a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki; eða
b. undirritun sem háð er fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og síðar er fullgilt, staðfest eða samþykkt.

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

8. gr.

Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi er allir aðilar að samningnum hafa lýst yfir samþykki sínu til að vera bundnir af bókuninni í samræmi við 7. gr.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
c. gildistökudag bókunar þessarar í samræmi við 8. gr.;
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir bókun þessa.

Gjört í Strassborg, 4. nóvember 1993, á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

tories to the Convention, which may express their consent to be bound by:
a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 8

This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol, in accordance with the provisions of Article 7.

Article 9

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe of:
a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. the date of entry into force of this Protocol, in accordance with Article 8;
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 4th day of November 1993, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe.

The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN NR. 2
við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Ríki þau sem undirritað hafa bókun þessa við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem undirritaður var í Strassborg 26. nóvember 1987, (hér eftir nefndur „samningurinn"),

sem sannfærð eru um réttmæti þess að heimila nefndarmönnum Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu að hljóta endurkosningu tvisvar,

sem einnig telja nauðsynlegt að tryggja reglulega endurnýjun nefndarmanna,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Annar msl. 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

„Þá má endurkjósa tvisvar."

2. Við 5. gr. samningsins bætast eftirfarandi 4. og 5. mgr.:

„4. Til að tryggja, eftir því sem unnt er, að helmingur nefndarmanna sé endurnýjaður annað hvort ár getur ráðherranefndin ákveðið áður en gengið er til eftirfarandi kosninga að kjörtímabil eins eða fleiri þeirra nefndarmanna sem kjósa skal skuli vera annað en fjögur ár en þó ekki lengra en sex ár og ekki skemmra en tvö ár.

5. Þegar um kjörtímabil fleiri en eins nefndarmanns er að ræða og ráðherranefndin beitir undanfarandi málsgrein skal úthlutun kjörtímabila nefndarmanna framkvæmd með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evróparáðsins þegar eftir kosninguna."

2. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum og geta þau lýst sig samþykk því að vera bundin af henni með:

PROTOCOL NO. 2
to the European Convention for the prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment

The States, signatories to this Protocol to the European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, signed at Strasbourg on 26 November 1987 (hereinafter referred to as "the Convention"),

Convinced of the advisibility of enabling members of the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman and Degrading Treatment (hereinafter referred to as "the Committee") to be re-elected twice;

Also considering the need to guarantee an orderly renewal of the membership of the Committee,

Have agreed as follows:

Article 1

1. In Article 5, paragraph 3, the second sentence shall read as follows:

"They may be re-elected twice."

2. Article 5 of the Convention shall be supplemented by the following paragraphs 4 and 5:

"4. In order to ensure that, as far as possible, one half of the membership of the Committee shall be renewed every two years, the Committee of Ministers may decide, before proceeding to any subsequent election, that the term or terms of office of one or more members to be elected shall be for a period other than four years but not more than six and not less than two years.

5. In cases where more than one term of office is involved and the Committee of Ministers applies the preceding paragraph, the allocation of the terms of office shall be effected by the drawing of lots by the Secretary General, immediately after the election."

Article 2

1. This Protocol shall be open for signature by States signatories to the Convention or acceding thereto, which may express their consent to be bound by:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
b. undirritun sem háð er fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og síðar er fullgilt, staðfest eða samþykkt.

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

3. gr.

Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi er allir aðilar að samningnum hafa lýst yfir samþykki sínu til að vera bundnir af bókuninni í samræmi við 2. gr.

4. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og ríkjum sem ekki eru aðildarríki en eru aðilar að samningnum um:
a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
c. gildistökudag bókunar þessarar í samræmi við 3. gr.;
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir bókun þessa.

Gjört í Strassborg, 4. nóvember 1993, á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 3

This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol, in accordance with the provisions of Article 2.

Article 4

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe and non-member States Parties to the Convention of:
a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. the date of any entry into force of this Protocol, in accordance with Article 3;
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 4th day of November 1993, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe.

The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

AUGLÝSING

um tvær bókanir við almennan samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

Hinn 29. júní 1995 voru aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna bókunar nr. 4 við almennan samning frá 2. september 1949 um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins sem gerð var í París 16. desember 1961 og bókunar nr. 5 við almenna samninginn sem gerð var í Strassborg 18. júní 1990. Almenni samningurinn er birtur í Samningum Íslands við erlend ríki, nr. 83, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 99/1955, Samninga Íslands við erlend ríki, nr. 84 og 85, og auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1971.

Bókun nr. 4 öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 29. júní 1995. Bókun nr. 5 öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. október 1995.

Bókun nr. 4 er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókun nr. 5 sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal 1.

BÓKUN NR. 4 við almennan samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

Ríkisstjórnir þær sem undirritað hafa bókun þessa og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga að samkvæmt ákvæðum 59. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „sáttmálinn“) njóta dómarar mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn“) þeirra forréttinda og friðhelgi við störf sín sem kveðið er á um í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og í þeim samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hennar;

telja að nauðsynlegt sé að tilgreina og skilgreina framangreind forréttindi og friðhelgi í bókun við samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins, sem undirritaður var í París 2. september 1949;

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Í bókun þessari merkir „dómari“ sérhvern dómara sem kjörinn er skv. 39. gr. sáttmálans svo og sérhvern dómara sem tilnefndur er sérstaklega af viðkomandi aðildarríki skv. 43. gr. sáttmálans.

FOURTH PROTOCOL to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that, under the terms of Article 59 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4th November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention"); the members of the European Court of Human Rights (hereinafter referred to as "the Court") are entitled, during the discharge of their functions, to the privileges and immunities provided for in Article 40 of the Statute of the Council of Europe and in the Agreements made thereunder;

Considering that it is necessary to specify and define the said privileges and immunities in a Protocol to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe, signed at Paris on 2nd September 1949;

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Protocol, the term "judges" means judges elected in accordance with Article 39 of the Convention as well as any *ad hoc* judge appointed by a State party concerned in pursuance of Article 43 of the Convention.

2. gr.

Er dómarar rækja störf sín og meðan þeir ferðast vegna starfa sinna njóta þeir eftirtalinna forréttinda og friðhelgi:

a) friðhelgi að því er varðar handtöku og frelsissviptingu og hald á einkafarangri svo og friðhelgi að því er varðar hvers konar málsókn vegna hvers konar athafna þeirra í opinberu starfi þ.á m. vegna ummæla í ræðu eða riti;

b) undanþágu að því er varðar þá sjálfa og maka þeirra frá öllum hömlum á ferðafrelsi við brottför frá búsetulandi sínu og við endurkomu þangað og þegar komið er til og farið frá landi því þar sem þeir rækja störf sín; og frá skráningu útlendinga í landi sem heimsótt er eða þeir fara um vegna starfa sinna.

3. gr.

Er dómarar ferðast vegna starfa sinna skal þeim hvað varðar tollgæslu og gjaldeyriseftirlit veitt

a) af hálfu stjórnvalda lands síns, sama aðstaða og veitt er háttsettum embættismönnum sem ferðast utanlands í tímabundnum opinberum erindum;
b) af hálfu stjórnvalda annarra aðila, sama aðstaða og veitt er formönnum sendinefnda erlendra ríkisstjórna.

4. gr.

1. Skjöl og gögn dómstólsins, dómara og skrifstofu dómstólsins eru friðhelg að því leyti sem þau varða starfsemi dómstólsins.
2. Ekki má hefta eða ritskoða opinber bréf eða önnur opinber boðskipti dómstólsins, dómara hans eða skrifstofu dómstólsins.

5. gr.

Til að tryggja dómurum óskorað málfrelsi og fullkomið sjálfstæði í störfum sínum, skal friðhelgi þeirra að því er varðar málsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna þeirra í störfum haldast enda þótt viðkomandi gegni ekki lengur slíkum störfum.

Article 2

The judges shall, while exercising their functions and during journeys made in the exercise of their functions, enjoy the following privileges and immunities:
(a) immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage, and, in respect of words spoken or written and all acts done by them in their official capacity, immunity from legal process of every kind;

(b) exemption in respect of themselves and their spouses as regards any restrictions on their freedom of movement on exit from and return to their country of residence, and entry into and exit from the country in which they exercise their functions; and from aliens' registration in the country which they are visiting or through which they are passing in the exercise of their functions.

Article 3

In the course of journeys undertaken in the exercise of their functions, the judges shall, in the matter of customs and exchange control, be accorded:
(a) by their own Government the same facilities as those accorded to senior Government officials travelling abroad on temporary official duty;

(b) by the Governments of other Members, the same facilities those accorded to heads of diplomatic missions.

Article 4

1. Documents and papers of the Court, judges and Registry, in so far as they relate to they business of the Court, shall be inviolable.
2. The official correspondence and other official communications of the Court, its members and the Registry may not be held up or subjected to censorship.

Article 5

In order to secure for the judges complete freedom of speech and complete independence in the discharge of their duties, the immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by them in discharging their duties shall continue to be accorded, notwithstanding that the persons concerned are no longer engaged in the discharge of such duties.

6. gr.

Forréttindi og friðhelgi eru ekki veitt dómurum til persónulegra hagsbóta heldur til að vernda sjálfstæði þeirra í störfum. Eingöngu fullskipaður dómstóllinn er til þess bær að aflétta friðhelgi af dómurum í tilvikum sem dómstóllinn telur að friðhelgin hefti framgang réttvísinnar og þar sem unnt er að aflétta friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

Article 6

Privileges and immunities are accorded to judges not for the personal benefit of the individuals themselves but in order to safeguard the independent exercise of their functions. The Court alone, sitting in plenary session, shall be competent to waive the immunity of judges; it has not only the right, but is under a duty, to waive the immunity of a judge in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

7. gr.

1. Ákvæði 2.-5. gr. þessarar bókunar eiga við um ritara dómstólsins og vararitara er hann gegnir starfi ritara án þess þó að skerða hver þau forréttindi eða friðhelgi sem þeir kunna að njóta skv. 18. gr. almenna samningsins um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

2. Um vararitara dómstólsins að því er varðar störf hans er hann gegnir ekki störfum ritara gilda ákvæði 18. gr. almenna samningsins um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

3. Forréttindi og friðhelgi skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru ekki veitt ritara og vararitara til persónulegra hagsbóta heldur til að auðvelda þeim að rækja störf sín. Eingöngu fullskipaður dómstóllinn er til þess bær að aflétta af ritara og vararitara friðhelgi þeirra og hann hefur ekki einungis rétt til þess heldur er honum skylt að aflétta af ritara og vararitara friðhelgi í tilvikum sem hann telur að friðhelgin hefti framgang réttvísinnar og þar sem unnt er að aflétta friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

Article 7

1. The provisions of Articles 2 to 5 of this Protocol shall apply to the Registrar of the Court and to the Deputy Registrar when he is acting as the Registrar, without prejudice to any privileges and immunities to which they may be entitled under Article 18 of the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe.
2. The provisions of Article 18 of the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe shall apply to the Deputy Registrar of the Court in respect of his services as such when he is not acting as Registrar.
3. The privileges and immunities referred to in paragraphs 1 and 2 of this Article are accorded to the Registrar and Deputy Registrar, not for the personal benefit of the individuals themselves but to facilitate the discharge of their duties. The Court alone, sitting in plenary session, shall be competent to waive the immunity of its Registrar and Deputy Registrar; it has not only the right, but is under a duty, to waive such immunity in any case where, in his opinion, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

8. gr.

1. Sérhvert ríki getur þegar það undirritar án fyrirvara að því er varðar fullgildingu, eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að bókun þessi skuli gilda fyrir öll eða einhver þau landsvæði sem það annast alþjóðasamskipti fyrir og sem sáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis tekur til skv. 63. gr. sáttmálans.

Article 8

1. Any State may, at the time of its signature without reservation in respect of ratification, of its ratification or at any time thereafter, declare, by notification addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, that the present Protocol shall extend to all or any of the territories for whose international relations it is responsible and where, according to Article 63 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, the said Convention applies.

2. Bókunin gildir um það eða þau landsvæði sem greind eru í tilkynningu að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

9. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðila Evrópuráðsins og geta þau gerst aðilar að henni með því annaðhvort:
a) að undirrita hana án fyrirvara um fullgildingu, eða
b) að undirrita hana með fyrirvara um fullgildingu og fullgilda hana síðar.

Skjöl um fullgildingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

10. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi jafnskjótt og þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa í samræmi við ákvæði 9. gr. undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu eða hafa fullgilt hana.

2. Að því er varðar aðila sem síðar fullgildir bókunina eða undirritar hana án fyrirvara um fullgildingu skal hún öðlast gildi þann dag sem hún er undirrituð eða fullgildingarskjal er afhent til vörslu.

11. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðilum Evrópuráðsins um:
a) heiti undirritunaraðila og afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu;
b) gildistökudag þessarar bókunar.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir bókun þessa.

Gjört í París, 16. desember 1961, á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til ríkisstjórna þeirra sem undirritað hafa bókunina.

2. The Protocol shall extend to the territory or territories named in the notification as from the thirtieth day after the receipt of this notification by the Secretary-General of the Council of Europe.

Article 9

This Protocol shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe who may become parties to it either by:
(a) signature without reservation in respect of ratification, or by
(b) signature with reservation in respect of ratification followed by ratification.

Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

Article 10

1. This Protocol shall enter into force as soon as three Members of the Council of Europe shall, in accordance with Article 9, have signed it without reservation in respect of ratfication or shall have ratified it.
2. As regards any Member subsequently signing it without reservation in respect of ratification, or ratifying it, this Protocol shall enter into force at the date of signature or deposit of the instrument of ratification.

Article 11

The Secretary-General of the Council of Europe shall notify Members of the Council of:
(a) the names of signatories and the deposit of any instrument of ratification;
(b) the date of entry into force of this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised to that effect, have signed the present Protocol.

Done at Paris, this l6th day of December, 1961 in English and in French., both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall send certified copies to each of the signatory Governments.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN NR. 5 við almennan samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa bókun þessa,

hafa í huga að samkvæmt ákvæðum 59. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis (hér eftir nefndur „sáttmálinn“) sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950, njóta nefndarmenn í mannréttindanefnd Evrópu (hér eftir kölluð „nefndin“) og dómarar í mannréttindadómstóli Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn“) þeirra forréttinda og friðhelgi sem kveðið er á um í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og samningum sem gerðir eru samkvæmt henni er þeir rækja störf sín;

minnast þess að þessi forréttindi og friðhelgi hafa verið tilgreind og skilgreind í 2. og 4. bókun við almenna samninginn um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins sem undirritaður var í París 2. september 1949 en bókanirnar voru undirritaðar í París annars vegar 15. desember 1956 og hins vegar 16. desember 1961,

telja nauðsynlegt í ljósi breytinga sem orðið hafa á starfsemi eftirlitsstofnana sáttmálans að auka við framangreindan almennan samning með nýjum bókunum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Nefndarmenn og dómarar skulu undanþegnir sköttum á laun, þóknun og dagpeninga sem Evrópuráðið greiðir þeim.

2. Orðin „nefndarmenn og dómarar“ ná einnig yfir þá nefndarmenn og dómara sem halda áfram vinnu að málum sem þeir höfðu þegar til meðferðar er aðrir tóku við stöðum þeirra og jafnframt til sérstakra dómara sem tilnefndir eru samkvæmt ákvæðum sáttmálans.

2. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og geta þau lýst sig samþykk því að vera bundin af henni með:

FIFTH PROTOCOL to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Euorpe

The member States of the Council of Europe, signatories hereto,

Considering that, under the terms of Article 59 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms (hereinafter referred to as "the Convention"), signed at Rome on 4th November 1950, the members of the European Commission of Human Rights (hereinafter referred to as "the Commission") and of the European Court of Human Rights (hereinafter referred to as "the Court") are entitled, during the discharge of their functions, to the privileges and immunities provided for in Article 40 of the Statute of the Council of Europe and in the Agreements made thereunder;

Recalling that the said privileges and immunities have been specified and defined in the Second and Fourth Protocols, signed at Paris on 15th December 1956 and 16 December 1961 respectively, to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe, signed at Paris on 2nd September 1949;

Considering that it is necessary, in the light of changes in the operation of the Convention's control machinery, to supplement the abovementioned General Agreement by another Protocol,

Have agreed as follows:

Article 1

1. Members of the Commission and members of the Court shall be exempt from taxation on salaries, emoluments and allowances paid to them by the Council of Europe.

2. The term "members of the Commission and members of the Court" includes members who, after having been replaced, continue to deal with cases which they already have under consideration as well as any *ad hoc* judge appointed in pursuance of the provisions of the Convention.

Article 2

1. This Protocol shall be open for signature by the member States of the Council of Europe, which may express their consent to be bound by:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og með eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

2. Ekkert aðildarríki Evrópuráðsins skal undirrita bókun þessa án fyrirvara um fullgildingu né heldur fullgilda, staðfesta eða samþykkja hana nema það hafi þegar fullgilt eða fullgildi samtímis almenna samninginn um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

3. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

3. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar að liðnum þremur mánuðum frá því að þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af henni í samræmi við ákvæði 2. gr.

2. Að því er varðar aðildarríki, sem síðar lýsir yfir samþykki sínu til að vera bundið af bókuninni, skal hún öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar að liðnum þremur mánuðum frá undirritunardegi eða þeim degi er skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

4. gr.

Meðan þess er beðið að bókun þessi öðlist gildi skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykkja undirritunaraðilar að beita bókuninni til bráðabirgða frá undirritunardegi að því marki sem stjórnkerfi þeirra leyfa.

5. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
c. sérhvern gildistökudag bókunar þessarar skv. 3. gr.;
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir bókun þessa.

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval, or
b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. No member State of the Council of Europe shall sign without reservation as to ratification, ratify, accept or approve this Protocol unless it has already ratified, or simultaneously ratifies, the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe.

3. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 3

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which three member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 2.

2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of signature or of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 4

Pending the entry into force of this Protocol in accordance with paragraphs 1 and 2 of Article 3, the Signatories agree to apply the Protocol provisionally from the date of signature, so far as it is possible to do so under their respective constitutional systems.

Article 5

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Article 3;
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Gjört í Strassborg, 12. mars 1990, á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Done at Strassbourg, this 12th day of March, 1990, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Nr. 24 4. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins vegna nýrra aðildarríkja.

Gerðar voru breytingar á 26. gr. stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 vegna aðildar Rúmeníu að ráðinu 7. október 1993, Andorra 10. nóvember 1994, Lettlands 10. febrúar 1995, Albaníu og Moldóvu 13. júlí 1995, og Úkraínu og Makedóníu 9. nóvember 1995, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950 þar sem stofnskráin er birt. Ákveðið var að Rúmenía skyldi öðlast rétt á tíu fulltrúum á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, Andorra rétt á tveimur, Lettland rétt á þremur, Albanía rétt á fjórum, Moldóva rétt á fimm, Úkraína rétt á tólf og Makedónía rétt á þremur.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Aðildarríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Albanía	4
Andorra	2
Austurríki	6
Belgía	7
Búlgaría	6
Kýpur	3
Tékkland	7
Danmörk	5
Eistland	3
Finnland	5
Frakkland	18
Þýskaland	18
Grikkland	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4

The amended text of Article 26 is worded as follows:

Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Albania	4
Andorra	2
Austria	6
Belgium	7
Bulgaria	6
Cyprus	3
Czech Republic	7
Denmark	5
Estonia	3
Finland	5
France	18
Germany	18
Greece	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland	4

Ítalía	18	Italy	18
Lettland	3	Latvia	3
Liechtenstein	2	Liechtenstein	2
Litháen	4	Lithuania	4
Lúxemborg	3	Luxembourg	3
Malta	3	Malta	3
Moldóva	5	Moldova	5
Holland	7	Netherlands	7
Noregur	5	Norway	5
Pólland	12	Poland	12
Portúgal	7	Portugal	7
Rúmenía	10	Romania	10
San Marínó	2	San Marino	2
Slóvakía	5	Slovakia	5
Slóvenía	3	Slovenia	3
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Makedónía	3	"the former Yugoslav Republic of Macedonia"	3
Tyrkland	12	Turkey	12
Úkraína	12	Ukraine	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands	18"	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18"

10. maí 1995 Nr. 25

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um aðgang að æðri menntun.

Hinn 22. febrúar 1995 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun sem gerður var í Reykjavík 29. maí 1994. Samningurinn öðlaðist gildi 24. mars 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hér á eftir nefndar aðilar,

sem í samræmi við e- og g-lið 3. gr. samnings frá 15. mars 1971 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála vilja

– auka möguleikana á að námsmenn og aðrir sem heima eiga í einu ríki Norðurlanda, geti aflað sér menntunar og þreytt próf við menntastofnanir í öðrum Norðurlandaríkjum,

– koma á gagnkvæmri viðurkenningu lokaprófa, hlutaprófa og annarra vitnisburða um námsárangur,

sem taka mið af samþykkt ráðherranefndar Norðurlanda 12. júní 1975 um jafngildi prófa á Norðurlöndum,

sem vísa til samstarfsáætlunar frá 27. mars 1991 um æðri menntun á Norðurlöndum,

sem eru á einu máli um að efla beri norræna samvinnu um æðri menntun enn frekar í því skyni að skapa umsækjendum hvaðanæva af Norðurlöndum eins mikið valfrelsi og kostur er og að það sé fallið til að auka samkeppni á sviði æðri menntunar á Norðurlöndum og þar með gæði hennar,

sem gerðu með sér samning um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi 4. mars 1992,

sem taka mið af samkomulagi menntamálaráðherranna í Harstad 19. júní 1993,

sem gera ráð fyrir að fjárhagslegum afleiðingum námsmannaskiptanna fyrir aðilana verði skipað með ákvæðum í samningi milli þeirra er gildi frá 1. júlí 1996 að telja,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skuldbinda sig gagnkvæmt til að veita umsækjendum, sem búsettir eru í öðru Norðurlandaríki, inngöngu í æðri menntastofnanir á vegum opinberra aðila, hver í sínu landi, með sömu eða sambærilegum skilyrðum og gilda fyrir umsækjendur frá eigin landi. Umsækjandi sem fullnægir undirbúningskröfum til æðri menntunar í því Norðurlandaríki þar sem hann er búsettur telst einnig fullnægja undirbúningskröfum til æðri menntunar í öðrum ríkjum Norðurlanda. Aðilar skuldbinda sig enn fremur til að stuðla eftir megni að því að hliðstæðar reglur gildi um opinberlega viðurkennda æðri menntun á vegum einkastofnana sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera.

Með æðri menntun er í þessum samningi átt við

í Danmörku: Menntun við háskóla og æðri menntun við aðrar menntastofnanir sem krefjast lokaprófs úr framhaldsskóla eða hliðstæðrar undirbúningsmenntunar;
í Finnlandi: Menntun við almenna háskóla og aðra háskóla, þ.m.t. verkmenntaháskóla, er miðar að prófgráðu, enn fremur menntun við verkmenntastofnanir, er leiðir til lokaprófs, þar sem námið er a.m.k. þrjú ár og byggist á stúdentsprófi;
á Íslandi: Alla menntun er byggist á stúdentsprófi eða sambærilegri undirbúningsmenntun;
í Noregi: Menntun við almenna háskóla og aðra háskóla eða hliðstæðar stofnanir sem byggist á lokaprófi úr framhaldsskóla eða hliðstæðri menntun er veitir rétt til framhaldsnáms;
í Svíþjóð: Menntun við almenna háskóla og aðra háskóla eða hliðstæðar stofnanir er byggist á námi í framhaldsskóla sem skipulagt er á landsvísu eða hliðstæðri undirbúningsmenntun.

Með æðri menntun er ekki átt við rannsóknanám eða aðra menntun að loknu háskólaprófi.

2. gr.

Ákvæði þessa samnings fela ekki í sér neina undanþágu frá þeim reglum um dvalarleyfi er gilda í hverju landi.

3. gr.

Ef krafa er gerð um sérstaka hæfni eða greinabundna þekkingu sem skilyrði fyrir inngöngu í nám á tilteknu sviði æðri menntunar verða umsækjendur frá öðrum Norðurlandaríkjum að fullnægja slíkum kröfum með sama eða sambærilegum hætti og umsækjendur frá viðkomandi landi.

4. gr.

Ef inntaka nemenda í nám til æðri menntunar er takmörkuð skal val úr hópi umsækjenda frá öðrum Norðurlandaríkjum fara fram samkvæmt sömu eða sambærilegum reglum og þeim er gilda fyrir umsækjendur frá viðkomandi landi.

Aðilar munu ekki beita valreglum sem í reynd verða óhagstæðari fyrir námsmenn frá öðrum Norðurlandaríkjum.

5. gr.

Aðilar stefna að því að aðlögun til langframa að hinu norræna menntunarsamfélagi á háskólasviðinu verði undirbúin í áföngum á gildistíma samningsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. Í því skyni skal árlega rætt og samið um námssætafjölda með tilliti til aðgangs norrænna umsækjenda í þeim tilvikum er aðsókn umsækjenda frá öðrum Norðurlandaríkjum mundi valda einhverjum aðilanna verulegum erfiðleikum.

6. gr.

Aðilar eru sammála um að umsækjandi sem hefur lokið hluta af háskólanámi sínu í einu aðildarríkjanna á fullnægjandi hátt eigi að fá þann hluta viðurkenndan ef hann heldur áfram hliðstæðu námi í öðru aðildarríki. Mat á vitnisburði um nám sem skírskotað er til er í höndum þeirrar menntastofnunar þar sem viðurkenningar er óskað.

7. gr.

Aðilar skuldbinda sig til að veita upplýsingar um námsmöguleika við æðri menntastofnanir hvarvetna á Norðurlöndum.

8. gr.

Aðilar skulu í sameiningu hafa eftirlit með framkvæmd samningsins og samþykkja þær breytingar og viðbætur er þróun mála þykir gefa tilefni til. Í þeim tilgangi skipar ráðherranefnd Norðurlanda ráðgefandi nefnd sem eftir þörfum skal skila skýrslum til ráðherranefndarinnar um framkvæmd samningsins og getur lagt fram tillögur til breytinga á og viðbóta við samninginn.

9. gr.

Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hann.

Samningurinn skal gilda þar til lokið er inntöku nemenda fyrir háskólaárið 1995-1996, hafi ekki verið samið um annað fyrir þann tíma.

Að því er varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn þó ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur og ríkisstjórn Finnlands, eftir því sem við á, hefur greint sænska utanríkisráðuneytinu frá því að landstjórn Færeyja, heimastjórn Grænlands og stjórn Álandseyja, eftir því sem við á, hafi tilkynnt að samningurinn taki gildi í Færeyjum, á Grænlandi og á Álandseyjum.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn tekur gildi.

10. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til sænska utanríkisráðuneytisins sem skýrir öðrum aðilum frá viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn gildir aðeins gagnvart þeim aðila sem hana hefur sent og tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag sem sænska utanríkisráðuneytið fékk tilkynningu um uppsögnina.

11. gr.

Frumriti þessa samnings skal komið til vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samning þennan.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1994, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi.

Hinn 3. júlí 1995 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi sem gerður var í Kaupmannahöfn 24. október 1990.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem 6. mars 1982 gerðu með sér samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað,

sem samkvæmt 14. gr. samstarfssamningsins milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 23. mars 1962 skulu leitast við að varðveita og þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað,

sem telja að það verði til heilla fyrir þróun efnahags- og þjóðfélagsmála á Norðurlöndum að fólk, sem hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir starfsréttindi, njóti fulls frelsis til að flytjast milli landa þessara,

sem telja að sú menntun þessa fólks, sem opinberar reglur gilda um af hálfu aðilanna, sé í meginatriðum jafngild,

sem vilja vinna að því að koma á fullnægjandi skilyrðum til menntunar þessa fólks hjá sérhverjum aðilanna, svo og að menntun og löggjöf er varðar þetta fólk verði sem líkust,

sem telja að til þess að fólk njóti fulls frelsis til að flytjast milli Norðurlanda verði viðurkenning á hvers konar menntun sem veitir starfsréttindi að vera gagnkvæm,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Gildissvið.

1. gr.

Samningur þessi gildir um fólk sem er ríkisborgarar eins aðilanna og hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir því réttindi til starfa eða hæfi til ráðningar. Samningurinn nær einnig til þeirra sem hafa hlotið menntun sem samningurinn nær til með jafnlöngu námi í hlutanámi.

Með æðri menntun er í samningi þessum átt við menntun þar sem venjuleg inngönguskilyrði eru að áður hafi verið lokið í framhaldsskóla annaðhvort almennu námi eða starfsréttindanámi.

Með námstíma er í samningi þessum átt við þá lengd sem ákveðin er í reglum fyrir viðkomandi nám.

Samningurinn nær ekki til fólks sem þegar fellur undir

– samning frá 25. ágúst 1981 um norrænan vinnumarkað starfsfólks við heilbrigðisþjónustu og dýralækningar

– samning frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum

– samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum eða

– samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum.

2. gr.

Sá, sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu að lögum til starfa vegna einhverrar þeirrar menntunar sem samningurinn nær til, skal eiga rétt á að fá, með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum, viðurkenningu hjá sérhverjum hinna aðilanna þar sem eru ákvæði um slíka viðurkenningu.

Viðurkenningunni fylgir réttur til að bera viðkomandi starfsheiti.

Í samningi þessum teljast einnig viðurkenningarvald starfsgreinasamtök sem samkvæmt landslögum hafa rétt til að taka inn félagsmenn með þeim afleiðingum að félagsmaðurinn fær rétt til að stunda þá starfsemi og bera það starfsheiti, sem ætlað er félagsmönnum samtakanna einum, og verður háður agavaldi samtakanna.

Starfsmenn, sem hafa hlotið menntun sína hjá aðila þar sem ekki eru ákvæði um viðurkenningu starfsmanna í viðkomandi starfsgrein, skulu eiga rétt á að fá viðurkenningu hjá þeim aðilum þar sem slíkrar viðurkenningar er krafist, með þeim skilyrðum sem tekin eru fram í 5. gr.

Hafi aðili ákveðið með lögum eða öðrum reglum að ráðning í ákveðnar stöður sé háð því að viðkomandi hafi lokið þar í landi námi sem samningur þessi nær til, eru einnig gildar um þær stöður umsóknir frá þeim sem hafa hlotið menntun sem er í meginatriðum sambærileg þeirri menntun sem krafist er og hefur að mestu verið aflað hjá öðrum aðila. Slíkir umsækjendur eiga kröfu til að verða metnir til jafns við umsækjendur sem hafa hlotið þá menntun sem viðkomandi aðili hefur staðið fyrir, að því tilskildu að þeir fullnægi tungumálakröfum 4. gr.

Almenn skilyrði.

3. gr.

Aðili getur sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi þekki nægilega vel löggjöf og stjórnarfarsreglur sem hafa sérstaka þýðingu fyrir starf viðkomandi hjá aðilanum. Þessi skilyrði skulu vera að því marki sem nauðsynlegt er og nægilegt til að sinna því tiltekna starfi á viðhlítandi hátt.

4. gr.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni nægileg skil á danskri, norskri eða sænskri tungu.

Finnland og Ísland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á finnskri eða íslenskri tungu.

Finnland getur í stað kunnáttu í finnskri tungu krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á sænskri tungu, þar sem slíks er krafist í finnskum lögum. Við sömu kringumstæður getur Finnland krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á bæði finnskri og sænskri tungu.

Sérstök skilyrði.

5. gr.

Aðili getur, þegar ekki er krafist sérstakrar viðurkenningar til starfa af þeim aðila þar sem umsækjandi hefur hlotið menntun sína, sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á síðastliðnum tíu árum hjá síðarnefnda aðilanum.

Ef starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. er ekki til að dreifa má krefjast þess að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila, áður en viðurkenning verður veitt.

Ef umsækjandi hefur fengið viðurkenningu hjá þriðja aðila, skal fara með umsóknina eins og umsækjandinn hefði fengið viðurkenningu hjá þeim aðila þar sem hann hlaut menntun sína.

6. gr.

Aðili getur krafist þess, þegar viðurkenning til starfa er háð því að við menntun sem veitir starfsréttindi sé bætt starfsreynslu í tiltekinn tíma á ábyrgð viðurkennds starfsmanns, að umsækjandi hafi hlotið jafnlanga starfsreynslu hjá hinum aðilanum.

Ef umsækjandi hefur ekki hlotið starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. eða sú starfsreynsla sem umsækjandi hefur hlotið er styttri en krafist er af þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu getur sá aðili krafist þess að úr því verði bætt með starfstíma á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila.

Aðili getur þó, hvað sem öðru líður, þegar sótt er um viðurkenningu til málflutnings- eða endurskoðunarstarfa, krafist þess að umsækjandi hafi áður stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð lögmanns eða endurskoðanda sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila eða hafi staðist hæfnispróf sem aðilinn stendur fyrir. Danmörk getur ennfremur gert samsvarandi kröfu til þess sem sækir um skipun sem landskiptamaður. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

7. gr.

Aðili getur, þegar starfsréttindamenntun umsækjenda er meira en ári skemmri en sú sem krafist er af aðilanum, gert viðurkenninguna háða því

að umsækjandi hafi umfram hugsanlegan starfsreynslutíma, sbr. 6. gr., annaðhvort stundað starfið hjá öðrum aðila um tíma sem má í mesta lagi vera helmingi lengri en munurinn á námstímanum hjá þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu og námstíma þeim sem umsækjandi á að baki, ellegar hann starfi á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila í jafnlangan tíma

eða

að umsækjandi ljúki viðbótarnámi sem aðilinn stendur fyrir og sem eftir atvikum má ljúka með þekkingarprófi.

Umsókn um viðurkenningu og aðferðir við ákvörðun.

8. gr.

Sá, sem sækir um viðurkenningu samkvæmt samningi þessum, skal sanna fyrir stjórnvaldi því sem veitir viðurkenningu að hann fullnægi skilyrðum samningsins.

Veita skal umsækjendum sem fullnægja framangreindum skilyrðum viðurkenningu, nema fyrir hendi séu aðstæður sem leitt geti til afturköllunar á viðurkenningunni, sbr. 9. gr.

Viðurkenningarvaldið skal taka rökstudda afstöðu til umsóknar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að nauðsynleg skjöl og upplýsingar til meðferðar á henni hafa borist. Synjun getur umsækjandi skotið til æðra stjórnvalds samkvæmt almennum reglum aðilans um málskot.

Viðurkenningarvöld aðilanna skulu miðla sín á milli þeim upplýsingum sem þörf er á til að viðurkenna umsóknir. Þau skulu ennfremur skýra hvert öðru frá ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt samningi þessum.

Afturköllun viðurkenningar o.fl.

9. gr.

Afturkalli sá aðili viðurkenningu sem upphaflega veitti hana, má einnig afturkalla viðurkenningu sem annar aðili veitti síðar. Annars má einungis afturkalla síðari viðurkenninguna samkvæmt gildandi reglum hjá þeim aðila sem hefur veitt hana. Þó skal taka tillit til þess hvort hjá öðrum samningsaðila hafi verið brotin lög eða stórkostleg vanræksla viðhöfð eða bersýnilegur hæfnisskortur við framkvæmd starfsins.

Nú hafa starfsmenn, sem fengið hafa viðurkenningu hjá fleiri en einum aðilanna, sætt ráðstöfunum af hálfu einhvers þeirra samkvæmt lögum eða reglum um agavald vegna starfsins þar, eða viðurkenning veitt starfsmanni er afturkölluð, og skal þá viðurkenningarvaldi hjá hinum aðilanum eða aðilunum tilkynnt um ráðstöfunina eða afturköllunina, svo og um ástæðuna. Á sama hátt skal og tilkynna ef réttur starfsmanns í greininni hefur verið takmarkaður.

Ríkisfang og ráðning í vinnu o.fl.

10. gr.

Það má ekki gera að skilyrði fyrir viðurkenningu sem sjálfstæður starfsmaður samkvæmt samningi þessum að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um viðurkenninguna.

Ráðning í stöðu, sem er háð því að lokið hafi verið einhverju því námi sem samningurinn nær til, verður yfirleitt ekki gerð háð því að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um stöðuna.

Æðri stöður í opinberri stjórnsýslu, stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og aðrar stöður sem skipta máli fyrir þjóðaröryggi, má þó ætla eigin ríkisborgurum einum.

11. gr.

Fyrri ráðningu í starf á sviði sem fellur undir samning þennan skal, þegar gegnt er stöðu hjá öðrum aðila, setja að jöfnu samsvarandi starfi sem innt var af hendi hjá þeim aðila.

12. gr.

Sá, sem ráðinn hefur verið í starf hjá öðrum aðila en þeim sem hann hlaut menntun sína hjá, skal vera jafnt settur eigin þegnum aðilans að því er varðar rétt til launa og eftirlauna og annarra réttinda sem tengjast stöðunni.

13. gr.

Sérhver aðilanna skal, eftir því sem frekast er unnt, koma á breytingum á löggjöf sinni í samræmi við meginreglurnar í 5. mgr. 2. gr. og 10.-12. gr. að því er varðar stöður hjá ríkinu, og stuðla að því að meginreglum þessum verði einnig beitt á samsvarandi hátt um stöður sem ekki eru hjá ríkinu.

Aðili má þó setja eða halda við lagaákvæðum og öðrum réttarreglum þar sem ráðning sem dómari og ákærandi, svo og ráðning í viðlíka stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, er gerð háð nægilegum reynslutíma, þó ekki lengri en þriggja ára, eða því að staðist sé hæfnispróf. Finnland getur gert samsvarandi kröfu við ráðningu sem „allmänt rättsbiträde". Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

Önnur ákvæði.

14. gr.

Við ráðningu fólks sem samningur þessi nær til skal fara eftir ákvæðunum í samningi og bókun frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað og þeirri stefnumörkun fyrir norræna vinnumiðlun sem ákveðin var í sambandi við framkvæmdina.

Viðurkenningarvöldin skulu að staðaldri senda hvert öðru og norrænu vinnumarkaðsnefndinni tilkynningar og upplýsingar sem þýðingu hafa við mat á þróun vinnumarkaðar aðilanna.

15. gr.

Aðilarnir skulu sameiginlega fylgjast með framkvæmd samningsins og breyta honum og bæta við hann eftir því sem þróun mála gefur tilefni til. Með tilliti til þess skipar Norræna ráðherranefndin ráðgjafarnefnd sem getur lagt til breytingar á og viðbætur við samninginn. Viðurkenningarvöld aðilanna geta ennfremur leitað ráða hennar um túlkun samningsins.

Samninginn skal taka til endurskoðunar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hans.

Gildistaka.

16. gr.

Samningurinn gengur í gildi 30 dögum eftir þann dag þegar allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi staðfest hann.

Hvað varðar Álandseyjar, Færeyjar og Grænland gengur samningurinn þó fyrst í gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur eða eftir atvikum Finnlands hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneyt-

inu að, allt eftir því sem við á, landstjórn Álandseyja, landstjórn Færeyja eða heimastjórn Grænlands hefur tilkynnt að samningurinn skuli gilda á Álandseyjum, í Færeyjum eða á Grænlandi.

Færeyjar og Grænland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á færeyskri eða grænlenskri tungu.

Danska utanríkisráðuneytið skýrir hinum aðilunum frá móttöku þessara tilkynninga og því hvenær samningurinn gengur í gildi.

17. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um það til danska utanríkisráðuneytisins, sem skýrir hinum aðilunum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að henni stendur. Hún tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn, 24. október 1990, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

BÓKUN

Samtímis undirritun samnings um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi höfum við undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfum fullt umboð, orðið sammála um eftirfarandi bókun, og skal telja hana hluta samningsins:

1. Aðilarnir leggja áherslu á að halda áfram að styrkja hinn sameiginlega norræna vinnumarkað, svo að þeir tímar komi að enginn norrænn ríkisborgari verði útilokaður frá starfstækifæri í öðru norrænu landi á sviði sem hann hefur menntun til.

Aðilarnir vilja því vinna að því að samningurinn verði staðfestur og að þeim breytingum á landslögum þeirra sem samningurinn gerir ráð fyrir verði komið á eigi síðar en 1. júlí 1991.

2. Með samningnum er ekki tekin afstaða til gagnkvæmrar viðurkenningar háskóla á æðri menntun, en þá er átt við rétt norrænna ríkisborgara til að fá fyrri æðri menntun þeirra viðurkennda sem hluta af grunnmenntun eða sem grundvöll menntunar eftir háskólapróf við æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun í öðru norrænu landi.

3. Aðilarnir gera sér grein fyrir því að Danmörk túlkar skilgreininguna á æðri menntun í 2. mgr. 1. gr. samningsins með tilliti til reglna Evrópubandalagsins á samsvarandi sviði.

4. Aðilarnir eru sammála um að ákvæðið í 1. mgr. 2. gr. gildir einnig um þann sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu til starfa vegna menntunar utan Norðurlanda.

5. Danmörk ætlar að fara með ákvæðið í 3. gr. af sanngirni, svo að ekki verði hallað á hina aðilana.

6. Samningurinn frá 28. desember 1973 með viðbótarbókun frá 28. júní 1990 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum hjá ríkinu gildir við ákvörðun lífeyrisréttinda samkvæmt 12. gr. um ríkisborgara einhvers þessara fjögurra landa sem ráðinn er í stöðu hjá ríkinu í einu hinna landanna.

7. Aðilarnir eru sammála um að leggja fyrir ráðgjafarnefndina sem getið er í 15. gr. að fylgjast með því hvernig samningurinn er hagnýttur og túlkaður í ríkjunum og gæta þess þá jafnframt hvort hver aðili ætti að ætla sérstöku miðstjórnarvaldi að fylgjast með þessari þróun.

Frumrit bókunarinnar skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir bókun þessa.

Gjört í Kaupmannahöfn, 24. október 1990, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

10. júlí 1995 Nr. 27

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

Hinn 3. júlí 1995 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna sem gerður var í Kaupmannahöfn 29. mars 1993. Alþingi hafði með ályktun 25. febrúar 1995 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

Ríkisstjórnir í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð

sem eru sammála um að mengun hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna getur orðið alvarleg ógnun við hafið eða mikilvæga hagsmuni ríkjanna,

sem eru sannfærðar um að verndun hafsins krefst virkrar samvinnu og gagnkvæmrar aðstoðar ríkjanna,

sem meta þann árangur sem þegar hefur náðst milli ríkjanna í sambandi við ráðstafanir gegn olíumengun hafsins,

sem leitast við að bæta enn frekar samvinnu í því skyni að vernda hafið gegn mengun af völdum olíu og annarra skaðlegra efna, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Almennar skyldur.

Aðilar skuldbinda sig til þess að vinna saman að því að vernda hafið gegn mengun af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna sem er alvarleg og yfirvofandi ógnun við mikilvæga hagsmuni eins eða fleiri aðila.

2. gr.
Gildissvið.

Þessi samningur tekur til mengunar hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna á innsævi aðila, innan landhelgi og á öðrum hafsvæðum innan marka fiskveiðilögsögu aðilanna, landgrunns og efnahagslögsögu. Þessum mörkum er fylgt við afmörkun hafsvæða aðila samkvæmt þessum samningi ef aðilar hafa ekki gert samkomulag um annað.

3. gr.
Eftirlit.

Hver aðili annast virkt eftirlit á eigin hafsvæðum. Aðilar semja sín á milli um sameiginlegt eða samræmt eftirlit.

4. gr.
Rannsóknir.

Uppgötvi aðili við eftirlit mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, sem getur valdið alvarlegri ógnun við hafið, eða fái aðili vitneskju á annan hátt um slíka ógnun á hafsvæði sínu, skal hlutaðeigandi þegar í stað láta rannsaka ástand mála til þess að gera megi nauðsynlegar ráðstafanir.

5. gr.
Tilkynning.

1. Aðili, sem fengið hefur vitneskju um verulega mengun hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, skal þegar í stað tilkynna öðrum aðilum um slíkt og einnig um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða fyrirhugaðar eru.
2. Aðili skal þegar í stað tilkynna öðrum aðila um staðfest brot á reglum um varnir gegn mengun hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna hafi brotið átt sér stað á hafsvæði hins síðarnefnda.

6. gr.
Sannanir.

Aðilar skulu eftir því sem auðið er, veita hver öðrum aðstoð til þess að tryggja sannanir í dómsmálum vegna mengunar hafsins af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, sem orsakast af meintum brotum á reglum, svo og til að leggja fram kröfur um bætur fyrir kostnað og skaða sem hlýst af slíkri mengun.

7. gr.
Mengunarvarnir.

1. Aðilar skulu koma upp viðhlítandi varnarbúnaði gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.
2. Þegar aðilar eru að koma sér upp mengunarvarnarbúnaði skal einnig höfð hliðsjón af því að unnt sé að veita öðrum aðilum aðstoð.
3. Aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem henta til að bregðast við mengun af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna á eigin hafsvæðum, einkum ef mengunin getur borist út til hafsvæða annarra aðila.

8. gr.
Aðstoð.

1. Aðili, sem þarf aðstoð til að bregðast við mengun af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna á hafsvæði sínu, getur farið fram á aðstoð frá öðrum aðilum. Aðili, sem leitað er aðstoðar hjá, skal gera það sem unnt er til þess að veita slíka aðstoð.
2. Þær stofnanir aðila, sem annast varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, mega leita aðstoðar beint hjá hlutaðeigandi stofnunum annarra aðila. Sú stofnun, sem leitað hefur verið aðstoðar hjá, sker úr um hvort unnt sé að veita umbeðna aðstoð.

3. Stofnanir þess aðila, sem leitar aðstoðar, eru ábyrgar að öllu leyti fyrir stjórn aðgerða á eigin hafsvæði. Starfsmenn aðila, sem veitir aðstoð, eru til reiðu undir eigin stjórn og starfa á svæði aðila, sem leitar aðstoðar, í samræmi við starfsákvæði sem gilda í eigin ríki.

9. gr.

Flutningar yfir landamæri.

1. Sá sem leitar aðstoðar skal sjá til þess að farartæki, björgunarbúnað og annan búnað, sem fylgir þegar aðstoð er veitt, megi flytja yfir landamæri án inn- og útflutningsformsatriða og án skatta, tolla eða annarra gjalda. Farartæki, björgunarbúnað og annan búnað má nota án sérstaks leyfis samkvæmt gildandi reglum þess ríkis sem aðstoðar. Þegar hjálparstarfi lýkur skal flytja farartæki, björgunarbúnað og annan búnað aftur úr landi svo fljótt sem auðið er. Sama gildir við björgunaræfingar.
2. Sé aðstoð veitt af starfsmönnum hersins, ríkisskipum, ríkisflugvélum og farartækjum í eigu hersins, sem þurfa sérstakt leyfi til að koma inn í landið, skal sú stofnun, sem leitar aðstoðar, útvega leyfi fyrir þau. Áður en leyfi er veitt er þeim óheimilt að fara yfir landamæri eða landhelgismörk.
3. Aðilar skulu að ósk þess sem leitar aðstoðar eða þess sem veitir aðstoð gera ráðstafanir til þess að auðvelda flutning á réttilega boðuðu starfsliði, farartækjum, björgunarbúnaði og öðrum búnaði um yfirráðasvæði sitt til eða frá yfirráðasvæði þess sem leitar aðstoðar.

10. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Kostnaður við aðstoð samkvæmt þessum samningi er greiddur samkvæmt því sem hér fer á eftir, svo fremi ekki er samið um annað í einstökum tilvikum.

a) Aðili, sem veitir aðstoð, á rétt á greiðslu frá þeim, sem leita aðstoðar, fyrir kostnað af ráðstöfunum sínum að því leyti sem kostnað má rekja til veittrar aðstoðar.
b) Aðili, sem leitar aðstoðar, getur hvenær sem er afturkallað beiðni sína um aðstoð Aðili, sem veitir aðstoð, á í því tilviki rétt á greiðslu fyrir þann kostnað sem hann hefur orðið fyrir.
c) Aðili, sem veitir aðstoð, skal ætíð vera reiðubúinn að veita þeim aðila, sem leitar aðstoðar, upplýsingar um áætlaðan kostnað við aðstoðina.
d) Við útreikning á kostnaði skal leggja til grundvallar meginreglu um kostnaðarverð.
e) Þessi ákvæði skerða ekki rétt aðila til þess að krefjast endurgreiðslu kostnaðar af þriðja aðila eftir öðrum ákvæðum og reglum sem gilda samkvæmt lögum hvers aðila eða þjóðarétti.

11. gr.

Skaðabætur.

1. Aðili, sem leitar aðstoðar, ber ábyrgð á tjóni sem orsakast af aðstoð sem látin er í té samkvæmt þessum samningi. Aðila, sem leitar aðstoðar, er skylt að koma fyrir dómstóla eða semja um sættir í skaðabótamálum sem þriðji aðili gerir á hendur aðila, sem veitir aðstoð, eða starfsliði hans. Aðili, sem leitar aðstoðar, ber ábyrgð á öllum dómskostnaði og öðrum kostnaði sem rís af slíkum kröfum.
2. Aðili, sem leitar aðstoðar, skal bæta aðila, sem veitir aðstoð, manntjón eða slys á mönnum sem starfa fyrir síðarnefndan aðila, svo og bæta missi eða tjón á búnaði eða eignum sem verður vegna aðstoðarinnar.
3. Aðili, sem veitir aðstoð, ber þó ábyrgð á tjóni sem verður á eigin landsvæði.
4. Aðili, sem leitar aðstoðar, á rétt á að höfða mál til endurkröfu á bótum, sem hann hefur greitt samkvæmt þessari grein gegn þeim úr hjálparliði sem hefur valdið tjóni af ásetningi eða af vítaverðu gáleysi.

12. gr.

Almenn skipti á upplýsingum.

Aðilar skulu veita hver öðrum upplýsingar um:

a) skipulag sitt og viðbúnað og einnig um þær stofnanir sem annast skulu varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna;

b) reynslu sína af ráðum og aðferðum við varnir gegn mengun sjávar og árangur af eftirliti; og
c) tæknirannsóknir og þróun.

13. gr.
Framkvæmd samningsins.

1. Aðilar skulu stuðla að þróun samvinnu á þessu sviði með því að gera áætlanir og móta stefnu ásamt því að hafa æfingar.
2. Til þess að framfylgja þessum samningi í reynd er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi stofnanir aðila standi í beinu sambandi sín á milli. Þetta getur einnig orðið milli einstakra svæða og staðbundið samkvæmt áætlunum og stefnumótun sem aðilar gera.
3. Þegar slíkt þykir henta skal halda fundi vegna samningsins.

14. gr.
Breyting á samningnum.

1. Tillaga aðila um breytingu á þessum samningi skal rædd á fundi aðila. Ef tillagan er samþykkt samhljóða skal danska utanríkisráðuneytið tilkynna aðilum breytinguna.
2. Slík breyting öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hana.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um viðtöku þessara tilkynninga og um það hvenær breyting gengur í gildi.

15. gr.
Gildistaka.

Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu skriflega að þeir hafi samþykkt hann.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn gengur í gildi.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland öðlast samningurinn þó fyrst gildi 30 dögum eftir að danska utanríkisráðuneytið hefur tilkynnt öðrum aðilum að skilyrðin þar um hafi verið uppfyllt.

16. gr.
Niðurfelling samningsins frá 1971.

Við gildistöku þessa samnings fellur úr gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 16. september 1971 um samvinnu um ráðstafanir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

17. gr.
Uppsögn.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til danska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum aðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila, sem að uppsögninni stendur, og tekur gildi sex mánuðum eftir að danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. gr.
Varsla samningsins.

Frumriti samnings þessa skal komið til vörslu hjá danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn, 29. mars 1993, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 13. desember 1995 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt 15. desember 1995 um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem gert var í Kaupmannahöfn 29. september 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, þar sem samningurinn er birtur, 16/1971, 17/1975, 13/1983, 33/1991 og 27/1993. Samkomulagið öðlast gildi 2. janúar 1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 19. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 6. maí 1985, 21. ágúst 1991 og 18. mars 1993 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

sem óska þess að endurnýja og þróa enn frekar norrænt samstarf í ljósi aukinnar þátttöku Norðurlanda í evrópskri samvinnu,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

2., 48., 51., 52., 53., 54. og 55. gr. samstarfssamningsins breytast og orðast svo:

2. gr.

Við setningu laga og annarra réttarreglna á Norðurlöndum skulu ríkisborgarar norrænna landa njóta sama réttar og ríkisborgarar viðkomandi lands. Þetta gildir á því sviði sem samstarfssamningurinn tekur til.

Undanþágu frá 1. mgr. má þó gera, ef skilyrði um ríkisborgararétt er bundið í stjórnarskrá, það er nauðsynlegt vegna annarra alþjóðlegra skuldbindinga eða það telst nauðsynlegt af öðrum sérstökum ástæðum.

48. gr.

Í deild danska ríkisins eru þeir fulltrúar sem þjóðþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deildir Færeyja og Grænlands sem nefndar eru í 2. mgr. Í deild Finnlands eru þeir fulltrúar sem ríkisþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deild Álandseyja sem nefnd er í 2. mgr. Deildir hinna ríkjanna skipa kjörnir fulltrúar þjóðþinganna og fulltrúar sem ríkisstjórnirnar velja.

Í deild Færeyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem landstjórnin velur. Í deild Grænlands eru þeir fulltrúar sem landsþingið kýs og þeir fulltrúar sem landstjórnin velur. Í deild Álandseyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem stjórn Álandseyja velur.

Orðið „deild“ í 2. mgr. 58. gr. merkir deild viðkomandi lands.

51. gr.

Þing Norðurlandaráðs skipa allir fulltrúar ráðsins.

Regulegt þing er háð einu sinni á ári hið minnsta. Til aukaþings eða þings um sérstakt málefni skal kvatt þegar stjórnarnefndin ákveður eða þegar að minnsta kosti tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar æskja þess.

Vald ráðsins er í höndum þingsins, nema annað sé ákveðið.

Þingfundir eru háðir í heyranda hljóði, nema þingið ákveði annað.

52. gr.

Á árlegu reglulegu þingi Norðurlandaráðs kýs það stjórnarnefnd til eins almanaksárs í senn sem í eiga sæti forseti ásamt þeim fjölda annarra fulltrúa sem þingsköp Norðurlandaráðs kveða á um. Þess skal gætt að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni. Sérhvert land skal eiga fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúar í stjórnarnefndinni skulu vera kjörnir fulltrúar í ráðinu.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

Embætti forseta ráðsins færist milli landanna með þeim hætti sem fram kemur í þingsköpum Norðurlandaráðs.

53. gr.

Þingið ákveður fjölda nefnda og starfssvið þeirra. Verkefni nefndanna er að undirbúa afgreiðslu mála í ráðinu.

54. gr.

Ráðinu til aðstoðar í störfum sínum er skrifstofa stjórnarnefndarinnar.

55. gr.

Sérhver ríkisstjórn, landstjórnir Færeyja og Grænlands, stjórn Álandseyja, ráðherranefndin, stjórnarnefnd ráðsins og nefndirnar, svo og sérhver fulltrúi hefur tillögurétt í ráðinu.

II.

Samkomulag þetta öðlast gildi fimmtán dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsaðilunum um móttöku tilkynninga samkvæmt ofansögðu og hvenær samkomulagið taki gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið í vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar sem til þess hafa fullt umboð undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Kaupmannahöfn, 29. september 1995, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um samning við Namibíu um þróunarsamvinnu.

Hinn 22. september 1994 var undirritaður í Windhoek allsherjarsamningur um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Namibíu. Hann öðlaðist gildi við undirskrift. Jafnframt féll úr gildi allsherjarsamningur milli ríkjanna frá 28. janúar 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1991 þar sem hann er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

ALLSHERJARSAMNINGUR um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar lýðveldisins Namibíu og ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands.

Ríkisstjórn lýðveldisins Namibíu (hér eftir nefnd Namibía) og ríkisstjórn lýðveldisins Íslands (hér eftir nefnd Ísland), sem óska eftir að eiga samstarf um að efla efnahags- og félagslega þróun í Namibíu, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Skuldbindingar aðila.

1. Ísland mun leggja Namibíu til fjárhagsaðstoð, efnisbirgðir, tækniaðstoð og þjálfunartækifæri. Namibía mun tryggja að nefnd aðstoð og þjálfunartæki komi að tilætluðum notum.

2. Í framkvæmd þessa samnings skal utanríkisráðuneyti Íslands fyrir milligöngu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) vera í forsvari fyrir Ísland og skipulagsnefnd ríkisins skal vera í forsvari fyrir Namibíu (hér eftir nefnd aðilar).

3. Sérstakir skilmálar og starfshættir að meðtöldum fjárhagsskuldbindingum og öðrum skuldbindingum samstarfsaðilanna tveggja með tilliti til sérstakra verkefna, framkvæmdaáætlana og annarrar sameiginlegrar starfsemi samkvæmt

GENERAL AGREEMENT on Forms and Procedures for Development Cooperation between the Government of the Republic of Namibia and the Government of the Republic of Iceland

The Government of the Republic of Namibia (hereinafter referred to as Namibia) and the Government of the Republic of Iceland (hereinafter referred to as Iceland), desiring to cooperate in promoting the economic and social development of Namibia, have agreed as follows:

Article I
Obligations of the Parties

1. Iceland will make available to Namibia financial assistance, material resources, technical assistance and training opportunities. Namibia will ensure the effective utilisation of the said assistance and training opportunities.
2. For the implementation of this Agreement, the Ministry for Foreign Affairs of Iceland through the Icelandic International Development Agency (ICEIDA) shall represent Iceland and the National Planning Commission shall represent Namibia (hereinafter referred to as the Parties).
3. The specific terms and procedures, including the financial and other obligations of the two Parties in regard to specific projects, programmes and other joint activities under this Agreement (hereinafter referred to as Projects),

þessum samningi (hér eftir nefnd verkefni), munu í hverju tilviki vera skilgreindir í starfsáætlun með skýrri tilvísun til þessa samnings með samþykki aðila, eða ef aðilar veita til þess umboð, samþykki framkvæmdaaðila.
4. Skyldi einhvers misræmis gæta milli þessa samnings og starfsáætlunar skal hið síðarnefnda ráða.

2. gr.
Framkvæmdaaðilar.

1. Í samningi þessum merkja „framkvæmdaaðilar" sérhverja þá opinberu stofnun eða opinbert eða einkarekið fyrirtæki, sem og sérhver þau samtök, opinber eða einkarekin, sem viðurkennd eru af ríkisstjórnunum tveimur og hafa tekið að sér með samningi við Ísland að framkvæma starfsáætlun þá sem vísað er til í 1. gr.
2. Namibía mun gera eftirfarandi ráðstafanir að því er snertir hina erlendu framkvæmdaaðila:

(a) veita allar tilskildar heimildir og leyfi, þeim að kostnaðarlausu og án ótilhlýðilegra tafa;

(b) veita þeim undanþágu frá tekjuskatti eða hverjum þeim öðrum beina skatti eða álögum sem tengjast öflun sérhverra þeirra tekna sem þeim eru greiddar fyrir störf í Namibíu úr sjóðum eða fjármagni utan Namibíu samkvæmt þessum samningi;

(c) veita þeim undanþágu frá þeirri skyldu að greina yfirvöldum Namibíu frá sérhverri þeirri skatta- eða fjármálayfirlýsingu sem krafist er af einstaklingum eða fyrirtækjum;

(d) ekki leggja neinar gjaldeyrishömlur á fjármuni sem sendir eru sem greiðsla til Namibíu frá hinum erlendu framkvæmdaaðilum í þágu framkvæmda þeirrar starfsemi sem heyrir undir þennan samning og liðka fyrir gjaldeyrisviðskiptum með þessa fjármuni sem og stofnun bankareikninga, í samræmi við gildandi reglur um gjaldeyrisviðskipti í Namibíu á hverjum tíma; og

(e) veita þeim undanþágu frá kröfum um atvinnuskráningu og atvinnuleyfi.

3. gr.
Starfshættir við vöru- og þjónustukaup.

1. Þar sem nota á fjármagn, sem lagt er til af Íslands hálfu, til vöru- og þjónustukaupa, skal Namibía útvega slíka vöru og þjónustu. Ísland mun taka að sér vöru- og þjónustukaup fyrir hönd Namibíu eða leggja til aðstoð við slík

will in each case be determined in a Plan of Operations with explicit references to this Agreement agreed upon by the Parties or, if authorized by the Parties, the Executing Agencies.
4. Should there be any discrepancy between this Agreement and the Plan of Operations, the latter prevails.

Article II
Executing Agencies

1. For the purpose of this Agreement the term "Executing Agencies" means any public authority or public or private corporation as well as any organisation, whether public or private, accepted by the two Governments and contracted by Iceland to implement the Plan of Operations referred to in Article I.

2. Namibia will take the following measures with regard to the Expatriate Executing Agencies:

(a) grant them free of charge and without undue delay all necessary permits and authorizations;

(b) exempt them from income tax or any other direct tax or charge in respect of any emoluments paid to them from funds or resources outside Namibia for their services in Namibia under this Agreement;

(c) exempt them from the duty to submit to the Namibian authorities any tax or financial declaration required from private persons or corporations;

(d) impose no currency or foreign exchange restrictions on funds remitted to Namibia by the expatriate Executing Agencies for the implementation of the activities under this Agreement, and facilitate the exchange and the exportation of such funds as well as the opening of bank accounts, subject to foreign exchange regulations in force in Namibia from time to time; and

(e) exempt them from professional registration and licence requirements.

Article III
Procurement Procedures

1. Where financial resources provided by Iceland are to be utilized for procurement of goods and services, Namibia shall procure such goods and services. Iceland will undertake procurement on behalf of Namibia or provide assis-

kaup, ef um það er samið milli samstarfsaðilanna. Samstarfsaðilar munu ákveða eðli og umfang aðstoðar Íslands í starfsáætluninni.
2. Vöru- og þjónustukaup skulu fara fram á sem hagkvæmastan og samkeppnishæfastan hátt og skulu, þar sem hægt er að koma því við og um er að ræða fjárfreka kaupsamninga, grundvallast á formlegum „alþjóðlegum útboðum" (AÞÚ) í samræmi við almennt viðurkenndar reglur. Í starfsáætluninni geta aðilar samið um viðmiðunarmörk þau sem beita á við AÞÚ-útboðshætti, sem og um viðunandi venjur um vörukaup neðan AÞÚ-viðmiðunarmarka. Aðilar skulu í sameiningu ráðgast um að ákvarða hvort vörur og þjónusta af namibískum uppruna eigi að njóta einhverrar sanngjarnrar ívilnunar.
3. Þar sem fjármagn er bundið kaupum á íslenskri vöru og þjónustu á Íslandi skulu kaup gerð á sem samkeppnishæfastan hátt og hvenær sem hægt er að koma því við, grundvallast á formlegum útboðum.
4. Þar sem kaup á vörum og þjónustu eru gerð af Namibíu skal Namibía, ef farið er fram á það af Íslands hálfu, láta Íslandi í té allar viðeigandi upplýsingar og veita aðgang að skýrslum og skrám þar að lútandi. Ráðstafanir skulu gerðar til þess að tryggja, hvenær sem hægt er að koma því við, að íslenskum aðilum er útvega þá vöru og þjónustu, sem hér um ræðir, sé gefið tækifæri til þess að taka þátt í útboðunum.
5. Í starfsáætluninni geta aðilar komið sér saman um breytingar og/eða aukið við þær reglur um vöru- og þjónustukaup sem settar eru fram í þessum samningi.

tance in procurement if the Parties so agree. In the Plan of Operations the Parties will determine the nature and extent of Iceland 's assistance.
2. Procurement shall be made from the most competitive sources of supply and shall for large value contracts, whenever practicable, be based on formal "International Competitive Bidding" (ICB) in accordance with generally accepted principles. In the Plan of Operations the Parties may agree on a threshold for the application of ICB procedures as well as acceptable practices for procurement below ICB-threshold. The Parties shall have consultations to determine whether any preferential margin may reasonably be accorded to goods and services of Namibian origin.
3. Where resources are tied to procurement of Icelandic goods in Iceland, procurement shall be made from the most competitive sources of supply in Iceland and, whenever practicable, be based on formal competitive bidding.
4. Where procurement is undertaken by Namibia, Namibia shall, if so requested by Iceland, furnish Iceland with all relevant information and provide access to related records and documents. Steps shall be taken to ensure that, whenever practicable, Icelandic suppliers of the goods concerned shall be granted the opportunity of participating in the bidding.

5. In the Plan of Operations the Parties may agree on alterations and /or additions to the procurement procedures set forth in this Agreement.

4. gr.
Starfslið.

1. Tæknileg aðstoð sem lögð er til að beiðni Namibíu samkvæmt þessum samningi má vera í formi aðstoðarfólks á tæknisviði (aðstoð í skemmri eða lengri tíma), sem ráðið er til starfa af ÞSSÍ eða annarri íslenskri framkvæmdastofnun.

Þjónusta sú, sem hér að ofan er getið, og látin er í té af hálfu þess starfsfólks (hér eftir nefnt starfslið) er háð því hvort tiltækt sé heppilegt og hæft fólk með viðeigandi reynslu þegar þörf er á.
2. Það bæra namibíska stjórnvald sem fer með hvert verkefni fyrir sig skal láta ÞSSÍ í té fullgerðan starfstitil og starfslýsingu fyrir það starfslið sem ÞSSÍ ræður til starfa og í öðrum tilvikum, eins og við á, skilgreina skyldur þeirra starfa og þjónustu sem setja skal á laggirnar, sem

Article IV
Personnel

1. Technical assistance provided upon Namibia's request under this Agreement may be in the form of technical personnel assistance (short-term or long-term assistance) employed by ICEIDA or by another Icelandic Executing Agency.

The provision of the services of the abovementioned personnel (hereinafter referred to as the Personnel) is subject to the availability of suitable qualified and experienced persons at the appropriate time.
2. The competent Namibian authority for each Project shall provide ICEIDA with a complete job title and description for the Personnel engaged by ICEIDA and in other cases, as appropriate, defining the duties of the position to be held and services to be rendered as well

og skilgreina nauðsynlega og æskilega hæfni umsækjenda.
3. ÞSSÍ skal láta þeim namibíska aðila eða umboðsaðila sem fer með hvert verkefni fyrir sig í té upplýsingar á borð við menntun og fyrri starfsreynslu sem nauðsynlegar teljast til mats á umsækjanda um þau störf sem vísað er til að ofan.
4. Það bæra namibíska stjórnvald sem fer með hvert verkefni fyrir sig og ÞSSÍ skulu sameiginlega ákveða að hve miklu leyti mótaðili þess starfsliðs sem er til ráðstöfunar skal vera lagður til og vera í samræmi við lög og reglugerðir Namibíu sem eru ekki í andstöðu við ákvæði samnings þessa.
5. Starfslið skal í starfi sínu vera undir handleiðslu stjórnvalda Namibíu eða annarra þeirra stjórnvalda sem það hefur verið ráðið til og hlíta þeim namibísku lögum og reglum sem ekki eru í ósamræmi við skilmála þessa samnings.

6. Namibía skal tryggja það að erlend starfslið, makar þess og skjólstæðingar njóti fullrar lögverndar og ennfremur tryggja að starfsliðið, makar þess og skjólstæðingar séu ætíð meðhöndluð á engan síðri hátt en starfslið ráðið til Namibíu af hálfu annarra þjóða eða alþjóðastofnana og inna af hendi svipuð störf. Ef til handtöku eða kyrrsetningar erlends starfsliðs, maka þeirra eða skjólstæðinga, sem látið er í té af Íslands hálfu, kemur af einhverjum ástæðum, eða ef réttarhöld eiga að fara fram gegn slíkum einstaklingi, á strax að tilkynna það sendiráði Íslands í Stokkhólmi, Svíþjóð, starfandi sendiráði fyrir Namibíu, og/eða ræðismanni Íslands í Namibíu, og skal viðkomandi hafa rétt til að heimsækja hvern þann einstakling sem kyrrsettur er eða í haldi er. Slíkur einstaklingur skal eiga rétt á að lögfræðingur, sem ráðinn er af sendiráðinu eða af einstaklingnum sjálfum, komi fram fyrir sína hönd.
2. Uppsögn skal eiga sér stað með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjórans sem skal tilkynna öllum öðrum aðilum og framkvæmdastjóra skrifstofu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um sérhverja tilkynningu sem berst og móttökudag hennar svo og hvaða dag uppsögnin öðlast gildi.
3. Uppsögn öðlast gildi 12 mánuðum eftir að tilkynning um uppsögn berst framkvæmdastjóranum eða að liðnum lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni.

XVI. gr.
Varsla og skrásetning.

1. Samþykktin skal varðveitt hjá framkvæmdastjóranum og skal hann senda staðfest eftirrit til allra ríkja sem undirritað hafa samþykktina eða gerst aðilar að henni.
2. Jafnskjótt og samþykktin öðlast gildi skal framkvæmdastjórinn senda texta hennar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

acceptance or approval or deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with article XIII.
(2) The Secretary-General shall inform all States that have signed the Convention or acceded to it of the date on which it enters into force.
(3) Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited during the 12 months referred to in paragraph (1) shall take effect on the coming into force of the Convention or three months after the deposit of such instrument, whichever is the later date.
(4) Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the date on which the Convention enters into force shall take effect three months after the date of deposit.
(5) After the date on which an amendment is deemed to have been accepted under article XII, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to the Convention as amended.

Article XV
Denunciation

(1) The Convention may be denounced by any Party at any time after five years from the date on which the Convention entered into force for that Party.
(2) Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General who shall inform all other Parties and the Director-General of the International Labour Office of any such notification received and of the date of its receipt as well as the date on which such denunciation takes effect.
(3) A denunciation shall take effect 12 months after receipt of the notification of denunciation by the Secretary- General or after any longer period which may be indicated in the notification.

Article XVI
Deposit and Registration

(1) The Convention shall be deposited with the Secretary-General who shall transmit true copies thereof to all States that have signed the Convention or acceded to it.
(2) As soon as the Convention enters into force, the Secretary-General shall transmit the text to the Secretary- General of the United Nations for registration and publication, in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

XVII. gr.
Tungumál.

Samþykkt þessi er gerð í einu eintaki á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir. Opinberar þýðingar skal gera á arabísku og þýsku og skulu þær varðveittar með hinu undirritaða frumriti.

Þessu til staðfestingar hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, ritað nafn sitt undir samþykkt þessa.

Gjört í Lundúnum hinn 7. júlí 1978.

Article XVII
Languages

The Convention is established in a single copy in the Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic. Official translations in the Arabic and German languages shall be prepared and deposited with the signed original.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed the Convention.

Done at London this seventh day of July, one thousand nine hundred and seventy-eight.

Nr. 39 10. maí 1995

AUGLÝSING

um gildistöku samnings við Pólland um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Samningur milli Íslands og Póllands frá 10. desember 1992 um viðskipti með landbúnaðarafurðir öðlaðist gildi 1. september 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1993, þar sem samningurinn er birtur, og 26/1993.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 40 10. maí 1995

AUGLÝSING

um samning um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

Hinn 29. desember 1994 var ríkisstjórn Noregs afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna sem gerður var í Genf 13. desember 1994. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. janúar 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

Lýðveldið Ísland og
Konungsríkið Noregur hafa,
með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, einkum 50. gr.,
með hliðsjón af samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, hér á eftir nefndur samningurinn um fastanefndina, einkum 12. gr.,
með hliðsjón af samningnum um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna hér á eftir nefndur samningurinn um þingmannanefndina, einkum 15. gr.,
og
þar eð samningurinn um aðild Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, hér á eftir nefndur aðildarsamningurinn, var undirritaður á Korfú 24. júní 1994,
þar eð ljóst er að Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland og Konungsríkið Svíþjóð gerast aðilar að Evrópusambandinu en Konungsríkið Noregur hefur ekki tök á að fullgilda aðildarsamninginn og verður því ekki aðili að Evrópusambandinu,
þar eð nauðsynlegt er að gera tilteknar breytingar á framangreindum samningum milli EFTA-ríkjanna í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu,
ákveðið að gera með sér eftirfarandi samning:

I. KAFLI
Um samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

Breytingar á samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

1. gr.

Samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn skal breytt í samræmi við 2. - 10. gr. þessa samnings.

2. gr.

Í inngangsorðum skal fella niður vísanir til Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar sem samningsaðila.

3. gr.

Í stað b-liðar 1. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn kemur eftirfarandi:
„hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg og, samkvæmt skilmálum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Furstadæmið Liechtenstein.“.

4. gr.

Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skulu skipa þrír eftirlitsfulltrúar sem skulu valdir á grundvelli hæfni sinnar og vera sannanlega óháðir.
Að undanskildum þeim aðstæðum sem tilgreindar eru í 3. mgr. 9. gr. skulu minnst tveir þessara þriggja fulltrúa vera ríkisborgarar EFTA-ríkjanna.“.

5. gr.

Eftirfarandi ný 3. mgr. bætist við 9. gr.:

„Í því tilviki að einn fulltrúi, að áliti hinna tveggja fulltrúanna, er vanhæfur til að beita sér í tilteknu máli skulu hinir tveir fulltrúarnir koma sér saman um staðgengil hans sem valinn skal af lista sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna hafa komið sér saman um. Komist þeir ekki að samkomulagi skal forseti EFTA-dómstólsins velja þennan einstakling af listanum með hlutkesti. Að því er varðar fulltrúa sem valinn er með þessum hætti skulu reglurnar sem gilda um fastafulltrúa gilda að breyttu breytanda. Hvað sem öðru líður skulu 2. mgr. 8. gr. og 10. gr. ekki gilda.“.

6. gr.

Eftirfarandi fellur niður í 1. mgr. 15. gr.:

„Falli atkvæði jafnt hefur forseti hennar oddaatkvæði.“.

7. gr.

Í stað 28. gr. kemur eftirfarandi:

„28. gr.

EFTA-dómstólinn skipa þrír dómarar.“.

8. gr.

Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

Úrskurðir dómstólsins teljast einungis gildir ef allir dómarar hans taka þátt í umfjöllun.“.

9. gr.

Í stað 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„Dómara, sem láta eiga af störfum, má endurskipa.

Dómararnir skulu kjósa forseta EFTA-dómstólsins úr eigin hópi til þriggja ára. Hann má endurkjósa.

Í því tilviki að einn dómaranna, að áliti hinna tveggja dómaranna, er vanhæfur til að dæma í tilteknu máli skulu hinir tveir dómararnir koma sér saman um staðgengil hans sem valinn skal af lista sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna hafa komið sér saman um. Komist þeir ekki að samkomulagi skal forseti dómstólsins velja þennan einstakling af listanum með hlutkesti. Að því er varðar dómara sem valinn er með þessum hætti skulu reglurnar sem gilda um fasta dómara gilda að breyttu breytanda. Hvað sem öðru líður skulu 2. mgr. 4. gr. og 13. gr. bókunar 5 ekki gilda.“.

10. gr.

Í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins skulu eftirfarandi breytingar gerðar:

1. 3. gr. fellur niður.
2. Í stað 3. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„Skorið skal úr um þau vafamál sem upp koma við beitingu þessarar greinar skv. 4. mgr. 30. gr. þessa samnings.“.

Bráðabirgðaákvæði.

11. gr.

Þar til samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein, eða við lok sex mánaða tímabils frá gildistöku þessa samnings, eftir því hvor dagsetningin er á undan, skal einn fulltrúi eftirlitsstofnunar EFTA skipaður tímabundið með samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

12. gr.

Þar til samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein gildir eftirfarandi um EFTA-dómstólinn:

a) Fastadómararnir tveir skulu skipa þriðja dómarann fyrir hvert mál og skal hann valinn af lista sem er tekinn saman með samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna. Komist þeir ekki að samkomulagi skal forseti velja þennan einstakling af listanum með hlutkesti. Valið skal fara fram strax og umsókn um upphafsmálsmeðferð hefur verið lögð fram.
b) Að því er varðar dómara, sem skipaður er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í liðnum hér að framan, skulu viðeigandi ákvæði bókunar 5 um stofnsamþykki EFTA-dómstólsins gilda að breyttu breytanda. Hvað sem öðru líður skulu 2. mgr. 4. gr. og 13. gr. bókunar 5 ekki gilda um hann.
c) Þrátt fyrir 3. mgr. 30. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn skal forseti valinn með hlutkesti úr hópi dómaranna sem eru ekki skipaðir samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI
Um samninginn um fastanefndina.

13. gr.

Samningnum um fastanefndina skal breytt í samræmi við 14. og 15. gr. þessa samnings.

14. gr.

Í inngangsorðum skal fella niður vísanir til Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar sem samningsaðila.

15. gr.

Í stað b-liðar 2. mgr. 1. gr. samningsins um fastanefndina kemur eftirfarandi:

„hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg og, samkvæmt skilmálum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um fastanefnd EFTA-ríkjanna, Furstadæmið Liechtenstein.“.

III. KAFLI
Um samninginn um þingmannanefndina.

16. gr.

Samningnum um þingmannanefndina skal breytt í samræmi við 17. og 18. gr. þessa samnings.

17. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þjóðþing EFTA-ríkjanna skulu hvert um sig tilnefna fulltrúa úr eigin röðum þingmanna til að sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sem kveðið er á um í 95. gr. EES-samningsins, í samræmi við eftirfarandi:

- frá Stórþingi Noregs 22 þingmenn; og
- frá Alþingi Íslendinga 11 þingmenn.

Þegar samningurinn um þingmannanefndina öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal fjöldi tilnefndra fulltrúa hvers þjóðþings vera:

- frá Stórþingi Noregs 20 þingmenn;
- frá Alþingi Íslendinga 10 þingmenn; og
- frá þjóðþingi Liechtenstein 3 þingmenn.“.

18. gr.

Eftirfarandi málsliður bætist við 12. gr.:

„Verði aðeins tvö EFTA-ríki aðilar að þessum samningi skal málsmeðferð ákveðin með samhljóða samþykki samningsaðilanna.“.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

19. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal gera þær breytingar á starfsreglum sínum sem teljast nauðsynlegar samkvæmt þessum samningi.

20. gr.

EFTA-dómstóllinn skal gera þær breytingar á starfsreglum sínum sem teljast nauðsynlegar samkvæmt þessum samningi. Nauðsynlegt er að breyttar starfsreglur hljóti samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

21. gr.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir.

Áður en samningarnir, sem þessi samningur breytir, öðlast gildi að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skulu þær breytingar, sem á þeim verða, þýddar á þýsku og skal sá texti vera gildur.

22. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á sama degi og aðildarsamningurinn öðlast gildi. Hafi samningurinn ekki verið undirritaður fyrir þann dag skal hann öðlast gildi á undirritunardegi.

Samningnum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Gjört í Genf hinn 13. desember 1994.

Nr. 41 10. maí 1995

AUGLÝSING

um samning um bráðabirgðafyrirkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu.

Hinn 27. desember 1994 var ríkisstjórn Svíþjóðar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um bráðabirgðafyrirkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu sem gerður var í Brussel 28. september 1994. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. mars 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um bráðabirgðafyrirkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu.

Lýðveldið Austurríki,
Lýðveldið Finnland,
Lýðveldið Ísland,
Konungsríkið Noregur og
Konungsríkið Svíþjóð.

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

Með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

Þar eð samningurinn um aðild Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, hér á eftir nefndur aðildarsamningurinn, var undirritaður á Korfú 24. júní 1994.

Þar eð nauðsynlegt er að kveða á um tiltekið bráðabirgðafyrirkomulag í tengslum við starfsemi eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

Þar eð nauðsynlegt er að skyldur og réttindi, einkum réttindi einstaklinga og atvinnurekenda, sem komið hafa til á grundvelli EES-samningsins, séu í heiðri höfð einnig eftir aðild EFTA-ríkja að Evrópusambandinu.

Gera sér ljóst að samningur þessi hefur áhrif á réttindi og skyldur einstaklinga og atvinnurekenda í EFTA-ríkjum sem eru að gerast aðilar svo og í EFTA-ríkjum sem eru ekki að gerast aðilar og í þriðju ríkjum.

Hafa ákveðið að gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

1. Ákvæði samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og þeim er breytt með þessum samningi, skulu gilda áfram til bráðabirgða eftir gildistökudag aðildarsamningssins að því er EFTA-ríki varðar sem eru að gerast aðilar að Evrópusambandinu.
2. Þessi samningur skal einnig gilda um EFTA-ríki sem gerist ekki aðili að Evrópusambandinu að því er varðar mál þar sem málsatvik er leiddu til málsóknar urðu áður en til aðildar kom.

Ekkert í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn eða í þessum samningi skal koma í veg fyrir að slíkt ríki ákveði að eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn starfi áfram að því er varðar mál þar sem málsatvik er leiddu til málsóknar urðu eftir að til aðildar kom, með hverri þeirri samsetningu og með því starfsfólki sem það EFTA-ríki telur viðeigandi.

Fari svo að tvö eða fleiri EFTA-ríki gerast ekki aðilar að Evrópusambandinu skal taka ákvörðunina, sem um getur í annarri undirmálsgrein, með almennu samkomulagi ríkisstjórna þessara ríkja.

2. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, eins fljótt og auðið er eftir að til aðildar kemur, senda framkvæmdastjórn ESB allar tilkynningar eða upplýsingar sem hafa borist frá eða varða EFTA-ríki sem gerst hefur aðili, í samræmi við EES-samninginn og samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, og sem hefðu verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina ef ríkið sem gerst hefur aðili hefði verið aðili að Evrópusambandinu.

3. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, eins fljótt og auðið er eftir að til aðildar kemur, senda framkvæmdastjórn ESB gögn um óútkljáð mál sem, vegna aðildar, falla undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar.

Þetta á við um:

mál sem fjallað er um skv. 53., 54., 57., 61. og 62. eða 65. gr. EES-samningsins eða 1. eða 2. gr. bókunar 25 við sama samning, þar með talin mál þar sem málsatvikum lauk fyrir aðildardag;

öll önnur mál sem hafa verið til meðferðar hjá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt reglum um eftirlit sem kveðið er á um í EES-samningnum.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 2. og 3. gr. má eftirlitsstofnun EFTA, eftir að til aðildar kemur, eingöngu sinna þeim verkefnum sem tengjast hlutverki hennar í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólnum.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal þó í þrjá mánuði eftir að til aðildar kemur halda áfram að vera bær í málum þar sem málsatvik er leiddu til málssóknar urðu áður en til aðildar kom enda falli þau ekki undir valdsvið framkvæmdastjórnar ESB vegna aðildar.

5. gr.

1. Eftir aðild má aðeins höfða ný mál fyrir EFTA-dómstólnum ef málsatvikin sem leiddu til málssóknar samkvæmt EES-samningnum eða samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn urðu áður en til aðildar kom og beiðni er lögð inn hjá EFTA-dómstólnum innan þriggja mánaða frá aðild. Þó má hefja málssókn skv. 36. eða 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn sé það gert innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 3. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn eins og þeim er breytt með a-lið 6. gr. þessa samnings.
2. Eftir aðild má ekki höfða ný mál byggð á 32. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn fyrir EFTA-dómstólnum.

6. gr.

Að því er samning þennan varðar:

a) skulu tímamörkin sem kveðið er á um í 3. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn vera einn mánuður eftir að til aðildar kemur;
b) skulu tímamörkin sem kveðið er á um í 20. gr. bókunar 5 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn vera einn mánuður eftir að til aðildar kemur;
c) er EFTA-dómstóllinn hvattur til að stytta tímamörk málsmeðferðar sem kveðið er á um í starfsreglum hans, annaðhvort almennt eða í einstökum málum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til grundvallarréttinda viðkomandi aðila hvað varðar málsmeðferð. Ákvarðanir EFTA-dómstólsins þar að lútandi þurfa ekki samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

7. gr.

EFTA-dómstóllinn skal ljúka öllum óútkljáðum málum innan sex mánaða frá aðild. Ríkisstjórnir aðila að þessum samningi mega þó, ef almennt samkomulag verður um það í síðasta lagi sjö vikum fyrir lok þessara sex mánaða, framlengja þetta tímabil um allt að sex mánuði.

8. gr.

Ákvæði 13. gr. bókunar 5 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn gilda ekki um dómara við EFTA-dómstólinn sem starfar samkvæmt þessum samningi.

9. gr.

1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.
2. Samningsaðilar skulu fullgilda samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Samningnum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Samningur þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar sama dag og aðildarsamningurinn að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi komið fullgildingarskjölum sínum til vörslu fyrir þann dag.

Eftir þann dag öðlast samningur þessi gildi á fyrsta degi mánaðarins á eftir síðustu afhendingu. Fari slík afhending þó fram minna en fimmtán dögum fyrir upphaf næsta mánaðar öðlast samningur þessi ekki gildi fyrr en á fyrsta degi annars mánaðar eftir afhendingardag.

4. Furstadæmið Liechtenstein getur gerst aðili að þessum samningi sama dag, að því tilskildu að EES-samningurinn og samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn hafi fyrir þann dag öðlast gildi að því er varðar Liechtenstein og að Liechtenstein hafi afhent aðildarskjal vegna þessa samnings. Eftir þann dag getur Liechtenstein gerst aðili að þessum samningi á fyrsta degi mánaðarins eftir að aðildarskjal er afhent, að því tilskildu að EES-samningurinn og samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn hafi öðlast gildi að því er Liechtenstein varðar.

Aðildarskjali skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir samning þennan.

Gjört í Brussel hinn 28. september 1994.

29. desember 1995 Nr. 42

AUGLÝSING

um samning um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims.

Hinn 19. desember 1995 var aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims sem gerður var í París 16. nóvember 1972. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 19. mars 1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins.

Aðalþing Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), sem á sautjánda fundi sínum, er haldinn var í París frá 17. október til 21. nóvember 1972,

gerir sér ljóst að vaxandi hætta er á að menningar- og náttúruarfleifðin verði fyrir eyðileggingu, ekki einungis vegna hnignunar af eðlilegum orsökum, heldur einnig sökum breyttra félagslegra og efnahagslegra aðstæðna sem gera ástandið enn alvarlegra, enda er þar um að ræða jafnvel enn ógnvænlegri skemmdar- eða eyðileggingaröfl,

álítur að hnignun eða hvarf hvaða þáttar menningar- eða náttúruarfleifðarinnar sem er feli í sér rýrnun á arfleifð allra þjóða heims sem beri að harma,

álítur að verndun þessarar arfleifðar af hálfu einstakra ríkja reynist oft ófullnægjandi vegna þess hve miklu þarf til að kosta og vegna þess að fjárhagsleg, vísindaleg og tæknileg úrræði eru af skornum skammti í landinu þar sem minjarnar sem á að vernda eru,

minnir á að í stofnskrá stofnunarinnar er kveðið á um að hún muni viðhalda, auka og breiða út þekkingu með því að tryggja varðveislu og verndun arfleifðar mannkynsins og gera tillögur til hlutaðeigandi þjóða um þá alþjóðasamninga sem þörf er á,

telur að gildandi alþjóðasamningar, tilmæli og ályktanir um menningar- og náttúruverðmæti sýni hve mikilvægt það er fyrir allar þjóðir heims að varðveita þessi einstöku og óbætanlegu verðmæti, óháð því hvaða þjóð þau kunna að tilheyra,

telur að einstakir þættir menningar- eða náttúruarfleifðarinnar hafi sérstakt gildi og því sé þörf á að varðveita þá sem hluta af arfleifð alls mannkyns,

álítur að með tilliti til þess hve víðtækar og alvarlegar þær hættur eru sem nú steðja að menningar- og náttúruarfleifðinni beri öllum þjóðum heims skylda til að taka í sameiningu þátt í að vernda þá þætti hennar, sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi, með því að veita sameiginlega aðstoð sem komi ekki í stað aðgerða af hálfu hlutaðeigandi ríkis heldur verði umtalsverð viðbót við þær,

CONVENTION
for the Protection of the World Cultural and Natural Heritage

The General Conference of the United Nations Education, Scientific and Cultural Organization meeting in Paris from 17 October to 21 November 1972, at its seventeenth session,

Noting that the cultural heritage and the natural heritage are increasingly threatened with destruction not only by the traditional causes of decay, but also by changing social and economic conditions which aggravate the situation with even more formidable phenomena of damage or destruction,

Considering that deterioration or disappearance of any item of the cultural or natural heritage constitutes a harmful impoverishment of the heritage of all the nations of the world,

Considering that protection of this heritage at the national level often remains incomplete because of the scale of the resources which it requires and of the insufficient economic, scientific, and technological resources of the country where the property to be protected is situated,

Recalling that the Constitution of the Organization provides that it will maintain, increase, and diffuse knowledge by assuring the conservation and protection of the world's heritage, and recommending to the nations concerned the necessary international conventions,

Considering that the existing international conventions, recommendations and resolutions concerning cultural and natural property demonstrate the importance, for all the peoples of the world, of safeguarding this unique and irreplaceable property, to whatever people it may belong,

Considering that parts of the cultural or natural heritage are of outstanding interest and therefore need to be preserved as part of the world heritage of mankind as a whole,

Considering that in view of the magnitude and gravity of the new dangers threatening them, it is incumbent on the international community as a whole to participate in the protection of the cultural and natural heritage of outstanding universal value, by the granting of collective assistance which, although not taking the place of action by the State concerned, will serve as an efficient complement thereto,

telur að óhjákvæmilegt sé í þessu skyni að setja ný ákvæði í formi samnings þar sem komið verði á skilvirku sameiginlegu kerfi til verndar menningar- og náttúruarfleifð er hefur sérstakt alþjóðlegt gildi, sem sé skipulagt til frambúðar í samræmi við nútímalegar vísindaaðferðir, og

ákvað á sextánda fundi sínum að um þetta mál skyldi gerður alþjóðlegur samningur,

samþykkir í dag hinn 16. nóvember 1972, samning þennan.

I. Skilgreiningar á menningar- og náttúruarfleifð.

1. gr.

Í þessum samningi skal eftirfarandi talið til „menningararfleifðar“:

minnisvarðar: verk á sviði byggingarlistar, höggmyndir og málverk, hvers kyns fornminjar, áletranir, hellahíbýli og samsetning þátta sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sögulegu, listrænu eða vísindalegu sjónarmiði;

þyrpingar bygginga: þyrpingar aðskilinna eða tengdra bygginga sem vegna byggingarlistar, heildstæðs yfirbragðs eða þess hvernig þær falla að landslagi hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sögulegu, listrænu eða vísindalegu sjónarmiði;

staðir: mannvirki eða sameiginleg verk manna og náttúru og svæði með fornum menjum sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sögulegu, fagurfræðilegu, þjóðfræðilegu eða mannfræðilegu sjónarmiði.

2. gr.

Í þessum samningi skal eftirfarandi talið til „náttúruarfleifðar“:

náttúrufyrirbæri sem samanstanda af eðlisfræðilegum og líffrænum myndunum eða þyrpingum slíkra myndana sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá fagurfræðilegu eða vísindalegu sjónarmiði;

jarðfræðilegar eða eðlislandfræðilegar myndanir, og vel afmörkuð svæði sem eru heimkynni dýra- og plöntutegunda í útrýmingarhættu, sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sjónarmiði vísinda eða náttúruverndar;

náttúruvætti eða vel afmörkuð svæði í náttúrunni sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sjónarmiði vísinda, náttúruverndar eða náttúrufegurðar.

3. gr.

Það kemur í hlut hvers aðildarríkis að þessum samningi um sig að skilgreina og afmarka hin

Considering that it is essential for this purpose to adopt new provisions in the form of a convention establishing an effective system of collective protection of the cultural and natural heritage of outstanding universal value, organized on a permanent basis and in accordance with modern scientific methods,

Having decided, at its sixteenth session, that this question should be made the subject of an international convention,

Adopts this sixteenth day of November 1972 this Convention.

I. Definition of the cultural and natural heritage

Article 1

For the purpose of this Convention, the following shall be considered as “cultural heritage”:

monuments: architectural works, works of monumental sculpture and painting, elements or structures of an archaeological nature, inscriptions, cave dwellings and combinations of features, which are of outstanding universal value from the point of view of history, art or science;

groups of buildings: groups of separate or connected buildings which, because of their architecture, their homogeneity or their place in the landscape, are of outstanding universal value from the point of view of history, art or science;

sites: works of man or the combined works of nature and man, and areas including archaeological sites which are of outstanding universal value from the historical, aesthetic, ethnological or anthropological point of view.

Article 2

For the purposes of this Convention, the following shall be considered as “natural heritage”:

natural features consisting of physical and biological formations or groups of such formations, which are of outstanding universal value from the aesthetic or scientific point of view;

geological and physiographical formations and precisely delineated areas which constitute the habitat of threatened species of animals and plants of outstanding universal value from the point of view of science or conservation;

natural sites or precisely delineated natural areas of outstanding universal value from the point of view of science, conservation or natural beauty.

Article 3

It is for each State Party to this Convention to identify and delineate the different properties

ýmsu verðmæti sem er að finna á yfirráðasvæði þess og getið er í 1. og 2. gr. hér að framan.

II. Innlend verndun og alþjóðleg verndun menningar- og náttúruarfleifðar.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki að þessum samningi um sig viðurkennir að sú skylda hvíli fyrst og fremst á því sjálfu að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð þeirri sem um getur í 1. og 2. gr. og er á yfirráðasvæði þess. Það skal gera allt sem í valdi þess stendur í þessu skyni, af eigin rammleik að því marki sem eigin úrræði leyfa, en einnig, þar sem við á, með alþjóðlegri aðstoð og samvinnu, sem kann að vera fáanleg, einkum á sviði fjármála, lista, vísinda og tækni.

5. gr.

Til þess að tryggja að gerðar verði áhrifaríkar og virkar ráðstafanir til að vernda, varðveita og kynna menningar- og náttúruarfleifð sem er á yfirráðasvæði aðildarríkis að þessum samningi skal það af fremsta megni, og á þann hátt sem best á við í hverju landi um sig, leitast við:

a) að taka upp almenna stefnu er miðar að því að veita menningar- og náttúruarfleifðinni ákveðið hlutverk í samfélaginu og að fella verndun þeirrar arfleifðar inn í ramma víðtækra áætlana;
b) að koma á fót á yfirráðasvæðum sínum, ef því er ekki þegar til að dreifa, einni eða fleiri stofnunum sem hafi það hlutverk að vernda, varðveita og kynna menningar- og náttúruarfleifðina og hafi hæft starfslið og nægilegt bolmagn til að sinna störfum sínum;
c) að þróa vísindalegar og tæknilegar athuganir og rannsóknir og koma á vinnuaðferðum sem geri hlutaðeigandi ríki kleift að bregðast við hverju því er ógnað getur menningar- eða náttúruarfleifð þess;
d) að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, vísinda, tækni, stjórnsýslu og fjármála til að unnt sé að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og endurbæta þessa arfleifð; og
e) að stuðla að því að stofnaðar verði eða þróaðar miðstöðvar, á lands- eða héraðsvísu, er annist kennslu og þjálfun í verndun, varðveislu og kynningu á menningar- og náttúruarfleifðinni, og að hvetja til vísindarannsókna á þessu sviði.

situated on its territory mentioned in Articles 1 and 2 above.

II. National protection and international protection of the cultural and natural heritage

Article 4

Each State Party to this Convention recognizes that the duty of ensuring the identification, protection, conservation, presentation and transmission to future generations of the cultural and natural heritage referred to in Articles 1 and 2 and situated on its territory, belongs primarily to that State. It will do all it can to this end, to the utmost of its own resources and, where appropriate, with any international assistance and co-operation, in particular, financial, artistic, scientific and technical, which it may be able to obtain.

Article 5

To ensure that effective and active measures are taken for the protection, conservation and presentation of the cultural and natural heritage situated on its territory, each State Party to this Convention shall endeavor, in so far as possible, and as appropriate for each country:

a. to adopt a general policy which aims to give the cultural and natural heritage a function in the life of the community and to integrate the protection of that heritage into comprehensive planning programmes;
b. to set up within its territories, where such services do not exist, one or more services for the protection, conservation and presentation of the cultural and natural heritage with an appropriate staff and possessing the means to discharge their functions;
c. to develop scientific and technical studies and research and to work out such operating methods as will make the State capable of counteracting the dangers that threaten its cultural or natural heritage;
d. to take the appropriate legal, scientific, technical, administrative and financial measures necessary for the identification, protection, conservation, presentation and rehabilitation of this heritage; and
e. to foster the establishment or development of national or regional centres for training in the protection, conservation and presentation of the cultural and natural heritage and to encourage scientific research in this field.

6. gr.

1. Jafnframt því að virða að fullu fullveldi þeirra ríkja, sem hafa á landsvæði sínu menningar- og náttúruarfleifð skv. 1. og 2. gr., og að virtum þeim eignarrétti sem kveðið er á um í landslögum þeirra, viðurkenna aðildarríkin að þessum samningi að þessi arfleifð sé alþjóðleg og að sú skylda hvíli á þjóðum heims að vinna í sameiningu að verndun hennar.

2. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess, í samræmi við ákvæði þessa samnings, að leggja sitt af mörkum við að skilgreina, vernda, varðveita og kynna menningar- og náttúruarfleifð þá sem um getur í 2. og 4. mgr. 11. gr. fari ríki, er hafa yfir henni að ráða, fram á það.

3. Hvert aðildarríki að þessum samningi um sig skuldbindur sig til þess að gera ekki vísvitandi neinar þær ráðstafanir sem geta beint eða óbeint skaðað menningar- eða náttúruarfleifð þá sem um getur í 1. og 2. gr. og er á landsvæði annarra aðildarríkja að þessum samningi.

7. gr.

Að því er þennan samning varðar ber að líta svo á að alþjóðleg verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins felist í því að komið sé á alþjóðlegu kerfi samvinnu og aðstoðar er miði að því að styðja aðildarríki að þessum samningi í viðleitni þeirra til þess að varðveita og skilgreina þessa arfleifð.

III. Milliríkjanefnd um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins.

8. gr.

1. Með þessum samningi er komið á fót innan vébanda Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna milliríkjanefnd um verndun menningar- og náttúruarfleifðar sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi, kölluð „nefnd um arfleifð þjóða heims“. Hún skal skipuð 15 aðildarríkjum að þessum samningi, sem kjörin skulu af aðildarríkjunum á allsherjarþingi er kemur saman á meðan reglulegur fundur aðalþings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna stendur yfir. Ríkjum er nefndina skipa skal fjölgað í 21 frá þeim degi er reglulegur fundur aðalþingsins hefst eftir að þessi samningur hefur öðlast gildi gagnvart að minnsta kosti 40 ríkjum.

2. Með kosningu nefndarmanna skal tryggja réttláta dreifingu fulltrúa frá hinum ýmsu heimshlutum og menningarsvæðum.

Article 6

1. Whilst fully respecting the sovereignty of the States on whose territory the cultural and natural heritage mentioned in Articles 1 and 2 is situated, and without prejudice to property right provided by national legislation, the States Parties to this Convention recognize that such heritage constitutes a world heritage for whose protection it is the duty of the international community as a whole to co-operate.

2. The States Parties undertake, in accordance with the provisions of this Convention, to give their help in the identification, protection, conservation and presentation of the cultural and natural heritage referred to in paragraphs 2 and 4 of Article 11 if the States on whose territory it is situated so request.

3. Each State Party to this Convention undertakes not to take any deliberate measures which might damage directly or indirectly the cultural and natural heritage referred to in Articles 1 and 2 situated on the territory of other States Parties to this Convention.

Article 7

For the purpose of this Convention, international protection of the world cultural and natural heritage shall be understood to mean the establishment of a system of international co-operation and assistance designed to support States Parties to the Convention in their efforts to conserve and identify that heritage.

III. Intergovernmental committee for the protection of the world cultural and natural heritage

Article 8

1. An Intergovernmental Committee for the Protection of the Cultural and Natural Heritage of Outstanding Universal Value, called "the World Heritage Committee", is hereby established within the United Nations Education, Scientific and Cultural Organization. It shall be composed of 15 States Parties to the Convention, elected by States Parties to the Convention meeting in general assembly during the ordinary session of the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. The number of States members of the Committee shall be increased to 21 as from the date of the ordinary session of the General Conference following the entry into force of this Convention for at least 40 States.

2. Election of members of the Committee shall ensure an equitable representation of the different regions and cultures of the world.

3. Fundi nefndarinnar mega sitja, sem ráðgjafar, fulltrúi Alþjóðamiðstöðvarinnar fyrir rannsóknir á varðveislu og endurgerð menningarverðmæta (Rómarmiðstöðvarinnar), fulltrúi Alþjóðaráðsins um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS) og fulltrúi Alþjóðasambandsins um verndun náttúrunnar og auðlinda hennar (IUCN), en auk þess geta fulltrúar annarra milliríkjastofnana eða félagasamtaka, sem hafa svipuð markmið, sótt fundi nefndarinnar sem ráðgjafar, ef aðildarríkin að þessum samningi óska þess á allsherjarþingi sem kemur saman á meðan reglulegir fundir aðalþings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna standa yfir.

3. A representative of the International Centre for the Study of the Preservation and Restoration of Cultural Property (Rome Centre), a representative of the International Council of Monuments and Sites (ICOMOS) and a representative of the International Union for Conservation of Nature and Natural Resources (IUCN), to whom may be added, at the request of States Parties to the Convention meeting in general assembly during the ordinary sessions of the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, representatives of other intergovernmental or non-governmental organizations, with similar objectives, may attend the meetings of the Committee in an advisory capacity.

9. gr.

1. Starfstímabil ríkja, sem eiga sæti í nefndinni um arfleifð þjóða heims, varir frá lokum reglulegs fundar aðalþingsins, sem þau eru kjörin á, til loka reglulegs fundar þriðja aðalþings þar á eftir.
2. Starfstímabili þriðjungs þeirra nefndarmanna, sem eru kjörnir við fyrstu kosningu, skal þó ljúka við lok fyrsta reglulega fundar aðalþingsins eftir að þeir voru kjörnir og starfstímabili annars þriðjungs þeirra nefndarmanna, sem eru kjörnir á sama tíma, skal ljúka við lok annars reglulega fundar aðalþingsins eftir að þeir voru kjörnir. Nöfn þessara nefndarmanna skulu valin með hlutkesti af forseta aðalþings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna þegar fyrstu kosningu er lokið.

Article 9

1. The term of office of States members of the World Heritage Committee shall extend from the end of the ordinary session of the General Conference during which they are elected until the end of its third subsequent ordinary session.
2. The term of office of one-third of the members designated at the time of the first election shall, however, cease at the end of the first ordinary session of the General Conference following that at which they were elected; and the term of office of a further third of the members designated at the same time shall cease at the end of the second ordinary session of the General Conference following that at which they were elected. The names of these members shall be chosen by lot by the President of the General Conference of the United Nations Education, Scientific and Cultural Organization after the first election.

3. Aðildarríki sem eiga sæti í nefndinni skulu velja sér fulltrúa með sérþekkingu á sviði menningar- eða náttúruarfleifðar.

3. States members of the Committee shall choose as their representatives persons qualified in the field of the cultural or natural heritage.

10. gr.

1. Nefndin um arfleifð þjóða heims setur sér starfsreglur.
2. Nefndin getur hvenær sem er boðið opinberum stofnunum, einkareknum stofnunum eða einstaklingum að sitja fundi sína til samráðs um tiltekin álitaefni.
3. Nefndin getur komið á fót ráðgefandi stofnunum eftir því sem hún telur þörf á til að geta innt störf sín af hendi.

Article 10

1. The World Heritage Committee shall adopt its Rules of Procedure.
2. The Committee may at any time invite public or private organizations or individuals to participate in its meetings for consultation on particular problems.
3. The Committee may create such consultative bodies as it deems necessary for the performance of its functions.

11. gr.

1. Sérhvert aðildarríki að þessum samningi skal, að því marki sem unnt er, leggja fyrir nefndina um arfleifð þjóða heims yfirlitsskrá yfir þau

Article 11

1. Every State Party to this Convention shall, in so far as possible, submit to the World Heritage Committee an inventory of property forming

verðmæti á yfirráðasvæði sínu sem tilheyra menningar- eða náttúruarfleifðinni og sem eiga heima í skránni sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar. Þessari yfirlitsskrá, sem ekki ber að líta á sem tæmandi, skulu fylgja upplýsingar um hvar umrædd verðmæti er að finna og um mikilvægi þeirra.

2. Á grundvelli yfirlitsskráa, sem ríki leggja fram skv. 1. mgr., skal nefndin færa, halda við og birta, undir heitinu „skrá yfir arfleifð þjóða heims“, skrá yfir þau verðmæti sem tilheyra menningar- og náttúruarfleifðinni samkvæmt skilgreiningum 1. og 2. gr. þessa samnings og hún telur að hafi sérstakt alþjóðlegt gildi samkvæmt þeim viðmiðunum er hún skal hafa sett sér. Uppfærði skrá skal dreift eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

3. Skráning verðmæta í skrána yfir arfleifð þjóða heims er háð samþykki hlutaðeigandi ríkis. Skráning verðmæta, sem eru á landsvæði sem fleiri en eitt ríki gera tilkall til yfirráða eða lögsögu yfir, skal í engu hafa áhrif á rétt deiluaðila.

4. Eftir því sem aðstæður krefjast skal nefndin færa, halda við og birta, undir heitinu „skrá yfir alþjóðlega arfleifð í hættu“, skrá yfir þau verðmæti í skránni yfir arfleifð þjóða heims sem gera þarf stórfelldar aðgerðir á til að vernda þau og farið hefur verið fram á aðstoð við samkvæmt samningi þessum. Í skránni skal koma fram áætlun um kostnað við slíkar aðgerðir. Skráin má einungis taka til verðmæta sem tilheyra þeirri menningar- og náttúruarfleifð sem alvarlegar og sérstakar hættur steðja að, til að mynda hætta á að þau hverfi vegna hraðvirkrar eyðingar, stórframkvæmda á vegum einkaaðila eða hins opinbera, eða vegna hraðrar uppbyggingar borga eða ferðamannastaða; eyðilegging sem stafar af breyttri notkun eða eignarhaldi lands; stórfelldar breytingar af ókunnum orsökum; vanhirða, hver svo sem ástæða hennar er; hernaðarátök brjótast út eða eru yfirvofandi; náttúruhamfarir og aðrar hörmungar; alvarlegir eldsvoðar, jarðskjálftar og skriðuföll; eldgos; breytingar á vatnshæð, flóð og flóðbylgjur. Nefndin getur hvenær sem er, ef mikið liggur við, tekið upp nýja færslu í skrána yfir alþjóðlega arfleifð í hættu og birt þá skráningu þegar í stað.

5. Nefndin skal skilgreina þær viðmiðanir sem verða notaðar til að ákvarða hvort verðmæti er tilheyra menningar- eða náttúruarfleifðinni verði skráð í aðra hvora þeirra skráa sem um getur í 2. og 4. mgr. þessarar greinar.

part of the cultural and natural heritage, situated in its territory and suitable for inclusion in the list provided for in paragraph 2 of this Article. This inventory, which shall not be considered exhaustive, shall include documentation about the location of the property in question and its significance.

2. On the basis of the inventories submitted by States in accordance with paragraph 1, the Committee shall establish, keep up to date and publish, under the title of "World Heritage List," a list of properties forming part of the cultural heritage and natural heritage, as defined in Articles 1 and 2 of this Convention, which it considers as having outstanding universal value in terms of such criteria as it shall have established. An updated list shall be distributed at least every two years.

3. The inclusion of a property in the World Heritage List requires the consent of the State concerned. The inclusion of a property situated in a territory, sovereignty or jurisdiction over which is claimed by more than one State shall in no way prejudice the rights of the parties to the dispute.

4. The Committee shall establish, keep up to date and publish, whenever circumstances shall so require, under the title of "list of World Heritage in Danger", a list of the property appearing in the World Heritage List for the conservation of which major operations are necessary and for which assistance has been requested under this Convention. This list shall contain an estimate of the cost of such operations. The list may include only such property forming part of the cultural and natural heritage as is threatened by serious and specific dangers, such as the threat of disappearance caused by accelerated deterioration, large- scale public or private projects or rapid urban or tourist development projects; destruction caused by changes in the use or ownership of the land; major alterations due to unknown causes; abandonment for any reason whatsoever; the outbreak or the threat of an armed conflict; calamities and cataclysms; serious fires, earthquakes, landslides; volcanic eruptions; changes in water level, floods and tidal waves. The Committee may at any time, in case of urgent need, make a new entry in the List of World Heritage in Danger and publicize such entry immediately.

5. The Committee shall define the criteria on the basis of which a property belonging to the cultural or natural heritage may be included in either of the lists mentioned in paragraphs 2 and 4 of this article.

6. Áður en hafnað er beiðni um skráningu í aðra hvora skrána sem um getur í 2. og 4. mgr. þessarar greinar skal nefndin ráðgast við það aðildarríki sem hefur yfir því landsvæði að ráða þar sem umrædd menningar- eða náttúruverðmæti eru.
7. Nefndin skal, með samþykki hlutaðeigandi ríkja, samræma og stuðla að því að fram fari nauðsynlegar athuganir og rannsóknir til að unnt sé að taka saman þær skrár sem um getur í 2. og 4. mgr. þessarar greinar.

12. gr.

Komi í ljós að verðmæti, sem tilheyra menningar- eða náttúruarfleifðinni, hefur ekki verið skráð í aðra hvora skrána sem um getur í 2. og 4. mgr. 11. gr. skal það ekki með neinu móti lagt út á þann veg að þau hafi ekki sérstakt alþjóðlegt gildi í öðru tilliti en því sem leiðir af skráningu í þessar skrár.

13. gr.

1. Nefndin um arfleifð þjóða heims skal taka á móti og rannsaka beiðnir aðildarríkja að þessum samningi um alþjóðlega aðstoð varðandi verðmæti sem tilheyra menningar- eða náttúruarfleifð, sem er að finna á landsvæðum þeirra, og eru skráð eða kunna að fullnægja skilyrðum um skráningu í þær skrár sem um getur í 2. og 4. mgr. 11. gr. Tilgangur slíkrar beiðni getur verið sá að tryggja verndun, varðveislu, kynningu eða endurbætur á slíkum verðmætum.

2. Beiðnir um alþjóðlega aðstoð skv. 1. mgr. þessarar greinar geta einnig varðað greiningu á menningar- eða náttúruverðmætum sem eru skilgreind í 1. og 2. gr. hafi forkannanir sýnt að frekari rannsóknir eigi rétt á sér.

3. Nefndin skal ákveða hvernig brugðist skuli við þessum beiðnum, ákvarða eftir atvikum eðli og umfang þeirrar aðstoðar sem hún lætur í té og heimila, fyrir sitt leyti, að komið verði á nauðsynlegri skipan gagnvart hlutaðeigandi ríkisstjórn.
4. Nefndin skal ákveða forgangsröðun fyrir störf sín. Hún skal þar hafa í huga hversu mikilvæg þau verðmæti sem þarfnast verndar eru fyrir menningar- og náttúruarfleifð heimsins, nauðsyn þess að veita alþjóðlega aðstoð vegna þeirra verðmæta sem helst eru til vitnis um náttúrulegt umhverfi eða eðliseinkenni og sögu þjóða heims, hversu brýnt fyrirhugað verk er, hvaða úrræði eru tiltæk þeim ríkjum sem hafa umrædd verðmæti á sínu landsvæði og einkum að hvaða

6. Before refusing a request for inclusion in one of the two lists mentioned in paragraphs 2 and 4 of this article, the Committee shall consult the State Party in whose territory the cultural or natural property in question is situated.

7. The Committee shall, with the agreement of the States concerned, co-ordinate and encourage the studies and research needed for the drawing up of the lists referred to in paragraphs 2 and 4 of this article.

Article 12

The fact that a property belonging to the cultural or natural heritage has not been included in either of the two lists mentioned in paragraphs 2 and 4 of Article 11 shall in no way be construed to mean that it does not have an outstanding universal value for purposes other than those resulting from inclusion in these lists.

Article 13

1. The World Heritage Committee shall receive and study requests for international assistance formulated by States Parties to this Convention with respect to property forming part of the cultural or natural heritage, situated in their territories, and included or potentially suitable for inclusion in the lists mentioned referred to in paragraphs 2 and 4 of Article 11. The purpose of such requests may be to secure the protection, conservation, presentation or rehabilitation of such property.
2. Requests for international assistance under paragraph 1 of this article may also be concerned with identification of cultural or natural property defined in Articles 1 and 2, when preliminary investigations have shown that further inquiries would be justified.
3. The Committee shall decide on the action to be taken with regard to these requests, determine where appropriate, the nature and extent of its assistance, and authorize the conclusion, on its behalf, of the necessary arrangements with the government concerned.
4. The Committee shall determine an order of priorities for its operations. It shall in so doing bear in mind the respective importance for the world cultural and natural heritage of the property requiring protection, the need to give international assistance to the property most representative of a natural environment or of the genius and the history of the peoples of the world, the urgency of the work to be done, the resources available to the States on whose terri-

marki þau eru fær um að varðveita slík verðmæti af eigin rammleik.

5. Nefndin skal færa, halda við og birta skrá yfir verðmæti sem alþjóðleg aðstoð hefur verið veitt út af.
6. Nefndin skal ákveða hvernig farið skuli með fjármuni þess sjóðs sem stofna ber skv. 15. gr. þessa samnings. Hún skal leita leiða til þess að auka þessa fjármuni og leita allra úrræða í því skyni.
7. Nefndin skal eiga samvinnu við alþjóðalegar og innlendar stofnanir og félagasamtök er hafa svipuð markmið og sett eru fram í þessum samningi. Við framkvæmd áætlana sinna og verkefna getur nefndin leitað til slíkra stofnana og félagasamtaka, einkum Alþjóðamiðstöðvarinnar fyrir rannsóknir á varðveislu og endurgerð menningarverðmæta (Rómarmiðstöðvarinnar), Alþjóðaráðsins um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS) og Alþjóðasambandsins um varðveislu náttúrunnar og auðlinda hennar (IUCN), sem og til opinberra stofnana, einkastofnana og einstaklinga.
8. Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra nefndarmanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. Fundir hennar eru lögmætir ef meirihluti nefndarmanna er viðstaddur.

14. gr.

1. Nefndin um arfleifð þjóða heims skal hafa sér til fulltingis skrifstofu sem aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna sér um að manna.
2. Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal, með því að nýta eins og kostur er þjónustu Alþjóðamiðstöðvarinnar fyrir rannsóknir á varðveislu og endurgerð menningarverðmæta (Rómarmiðstöðvarinnar), Alþjóðaráðsins um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS) og Alþjóðasambandsins um varðveislu náttúrunnar og auðlinda hennar (IUCN), eftir því sem umboð þeirra og geta leyfir, útbúa gögn nefndarinnar og dagskrá funda og sjá til þess að ákvörðunum hennar sé framfylgt.

IV. Sjóður til verndar menningar- og náttúruarfleifð heimsins.

15. gr.

1. Hér með er settur á stofn sjóður til verndar þeirri menningar- og náttúruarfleifð heimsins sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og kallast hann „alþjóðlegi arfleifðarsjóðurinn“.

tory the threatened property is situated and in particular the extent to which they are able to safeguard such property by their own means.
5. The Committee shall draw up, keep up to date and publicize a list of property for which international assistance has been granted.
6. The Committee shall decide on the use of the resources of the Fund established under Article 15 of this Convention. It shall seek ways of increasing these resources and shall take all useful steps to this end.
7. The Committee shall co-operate with international and national governmental and non-governmental organizations having objectives similar to those of this Convention. For the implementation of its programmes and projects, the Committee may call on such organizations, particularly the International Centre for the Study of the Preservation and Restoration of cultural Property (the Rome Centre), the International Council of Monuments and Sites (ICOMOS) and the International Union for Conservation of Nature and Natural Resources (IUCN), as well as on public and private bodies and individuals.
8. Decisions of the Committee shall be taken by a majority of two-thirds of its members present and voting. A majority of the members of the Committee shall constitute a quorum.

Article 14

1. The World Heritage Committee shall be assisted by a Secretariat appointed by the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.
2. The Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, utilizing to the fullest extent possible the services of the International Centre for the Study of the Preservation and the Restoration of Cultural Property (the Rome Centre), the International Council of Monuments and Sites (ICOMOS) and the International Union for Conservation of Nature and Natural Resources (IUCN) in their respective areas of competence and capability, shall prepare the Committee's documentation and the agenda of its meetings and shall have the responsibility for the implementation of its decisions.

IV. Fund for the protection of the world cultural and natural heritage

Article 15

1. A Fund for the Protection of the World Cultural and Natural Heritage of Outstanding Universal Value, called "the World Heritage Fund", is hereby established.

2. Sjóðurinn skal vera vörslusjóður í samræmi við ákvæði fjárhagsreglugerðar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

3. Tekjustofnar sjóðsins skulu vera:
a) skylduframlög og frjáls framlög aðildarríkja að þessum samningi;
b) framlög, gjafir eða dánargjafir sem kunna að koma frá:
i) öðrum ríkjum;
ii) Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna, einkum Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, eða öðrum milliríkjastofnunum;
iii) opinberum stofnunum, einkareknum stofnunum eða einstaklingum;
c) vextir af fjármunum sjóðsins;
d) fé sem fengið er með söfnun og tekjur af fjáröflun sem skipulögð er til ágóða fyrir sjóðinn; og
e) allir aðrir fjármunir samkvæmt heimild í sjóðsreglum sem nefndin um arfleifð þjóða heims setur.

4. Framlög til sjóðsins og aðra aðstoð sem nefndinni er látin í té skal einungis nota til þeirra verkefna sem nefndin tilgreinir. Nefndinni er heimilt að þiggja framlög sem einungis skal nota í þágu tiltekinnar áætlunar eða verkefnis, enda hafi nefndin ákveðið að framkvæma slíka áætlun eða verkefni. Ekki er heimilt að setja neins konar stjórnmálaleg skilyrði í tengslum við framlög til sjóðsins.

16. gr.

1. Án þess að það hafi áhrif á frjáls viðbótarframlög skuldbinda aðildarríkin að þessum samningi sig til að greiða á tveggja ára fresti í alþjóðlega arfleifðarsjóðinn framlög, sem skulu ákveðin sem jafn hundraðshluti fyrir öll ríki, og skal fjárhæð þeirra ákveðin af allsherjarþingi aðildarríkja að þessum samningi er skal haldið meðan á fundum aðalþings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna stendur. Þessi ákvörðun allsherjarþingsins skal tekin með meirihluta atkvæða þeirra ríkja sem sækja fundinn og greiða atkvæði og hafa ekki gefið yfirlýsingu skv. 2. mgr. þessarar greinar. Skylduframlag aðildarríkis að þessum samningi skal aldrei vera hærra en 1% af framlagi þess til reglulegrar fjárhagsáætlunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

2. The Fund shall constitute a trust fund, in conformity with the provisions of the Financial Regulations of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

3. The resources of the Fund shall consist of:
a. compulsory and voluntary contributions made by States Parties to this Convention,
b. Contributions, gifts or bequests which may be made by:
i. other States;
ii. the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, other organizations of the United Nations system, particularly the United Nations Development Programme or other intergovernmental organizations;
iii. public or private bodies or individuals;
c. any interest due on the resources of the Fund;
d. funds raised by collections and receipts from events organized for the benefit of the fund; and
e. all other resources authorized by the Fund's regulations, as drawn up by the World Heritage Committee.

4. Contributions to the Fund and other forms of assistance made available to the Committee may be used only for such purposes as the Committee shall define. The Committee may accept contributions to be used only for a certain programme or project, provided that the Committee shall have decided on the implementation of such programme or project. No political conditions may be attached to contributions made to the Fund.

Article 16

1. Without prejudice to any supplementary voluntary contribution, the States Parties to this Convention undertake to pay regularly, every two years, to the World Heritage Fund, contributions, the amount of which, in the form of a uniform percentage applicable to all States, shall be determined by the General Assembly of States Parties to the Convention, meeting during the sessions of the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. This decision of the General Assembly requires the majority of the States Parties present and voting, which have not made the declaration referred to in paragraph 2 of this Article. In no case shall the compulsory contribution of States Parties to the Convention exceed 1% of the contribution to the regular budget of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

2. Hvert það ríki, sem um getur í 31. eða 32. gr. þessa samnings, getur þó lýst því yfir, þegar það kemur fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjali sínu í vörslu, að það sé ekki bundið af ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríki að þessum samningi, sem hefur gefið yfirlýsingu skv. 2. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er afturkallað hana með því að tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Afturköllun yfirlýsingarinnar skal þó ekki öðlast gildi að því er varðar skylduframlag það, sem ríkinu ber að inna af hendi, fyrr en að næsta allsherjarþingi aðildarríkjanna að þessum samningi kemur.

4. Til þess að nefndin geti skipulagt störf sín þannig að gagn sé að skulu framlög aðildarríkjanna að þessum samningi, sem hafa gefið yfirlýsingu skv. 2. mgr. þessarar greinar, greidd reglulega, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti, og ættu þau ekki að vera lægri en þau framlög sem þeim hefði borið að greiða hefðu þau verið bundin af ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríki að þessum samningi, sem er í vanskilum með greiðslu á skylduframlagi eða frjálsu framlagi sínu fyrir yfirstandandi ár og næstliðið almanaksár, er ekki kjörgengt sem aðili að nefndinni um arfleifð þjóða heims. Þetta ákvæði á þó ekki við þegar kosið er í fyrsta sinn.

Starfstímabili ríkis, sem er þegar orðið aðili að nefndinni og þannig er ástatt um, skal ljúka þegar kosningarnar, sem kveðið er á um 1. mgr. 8. gr. þessa samnings, fara fram.

17. gr.

Aðildarríkin að þessum samningi skulu íhuga eða stuðla að því að komið verði á fót innlendum opinberum og einkareknum stofnunum eða samtökum er hafi það að markmiði að afla fjárframlaga til að vernda menningar- og náttúruarfleifðina, svo sem hún er skilgreind í 1. og 2. gr. þessa samnings.

18. gr.

Aðildarríkin að þessum samningi skulu leggja sitt af mörkum til alþjóðlegra fjáröflunarherferða sem eru skipulagðar í þágu alþjóðlega arfleifðarsjóðsins á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þau skulu í því skyni greiða fyrir söfnunum sem stofnanir er um ræðir í 3. mgr. 15. gr. standa fyrir.

2. However, each State referred to in Article 31 or in Article 32 of this Convention may declare, at the time of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or accession, that it shall not be bound by the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. A State Party to the Convention which has made the declaration referred to in paragraph 2 of this Article may at any time withdraw the said declaration by notifying the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. However, the withdrawal of the declaration shall not take effect in regard to the compulsory contribution due by the State until the date of the subsequent General Assembly of States parties to the Convention.

4. In order that the Committee may be able to plan its operations effectively, the contributions of States Parties to this Convention which have made the declaration referred to in paragraph 2 of this Article, shall be paid on a regular basis, at least every two years, and should not be less than the contributions which they should have paid if they had been bound by the provisions of paragraph 1 of this Article.

5. Any State Party to the Convention which is in arrears with the payment of its compulsory or voluntary contribution for the current year and the calendar year immediately preceding it shall not be eligible as a Member of the World Heritage Committee, although this provision shall not apply to the first election.

The terms of office of any such State which is already a member of the Committee shall terminate at the time of the elections provided for in Article 8, paragraph 1 of this Convention.

Article 17

The States Parties to this Convention shall consider or encourage the establishment of national public and private foundations or associations whose purpose is to invite donations for the protection of the cultural and natural heritage as defined in Articles 1 and 2 of this Convention.

Article 18

The States Parties to this Convention shall give their assistance to international fund-raising campaigns organized for the World Heritage Fund under the auspices of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. They shall facilitate collections made by the bodies mentioned in paragraph 3 of Article 15 for this purpose.

V. Skilyrði og fyrirkomulag alþjóðlegrar aðstoðar.

19. gr.

Sérhvert aðildarríki að þessum samningi getur farið fram á alþjóðlega aðstoð vegna verðmæta sem tilheyra menningar- eða náttúruarfleifð á landsvæði þess er hefur sérstakt alþjóðlegt gildi. Ríkið skal leggja fram með beiðni sinni upplýsingar og gögn skv. 21. gr. sem það býr yfir og geta auðveldað nefndinni að komast að niðurstöðu.

20. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 13. gr., c-liðar 22. gr. og 23. gr. má einungis veita alþjóðlega aðstoð samkvæmt þessum samningi vegna verðmæta sem tilheyra þeirri menningar- og náttúruarfleifð sem nefndin um arfleifð þjóða heims hefur ákveðið, eða kann að ákveða, að skrá í aðra hvora þeirra skráa sem um getur í 2. og 4. mgr. 11. gr.

21. gr.

1. Nefndin um arfleifð þjóða heims skal ákveða hvernig farið skuli með þær beiðnir sem henni berast um alþjóðlega aðstoð og tilgreina hvað eigi að koma fram í beiðninni, en þar þyrfti að koma fram lýsing á fyrirhugaðri aðgerð, þeirri vinnu sem inna þarf af hendi, áætluðum kostnaði við hana, hversu brýn aðgerðin er og hvaða ástæður liggja til þess að fjármunir, sem eru fyrir hendi í ríkinu sem fer fram á aðstoð, hrökkva ekki til að greiða allan kostnað. Slíkum beiðnum skulu fylgja skýrslur sérfræðinga hvenær sem þess er kostur.
2. Beiðnir vegna stórslysa eða náttúruhamfara skulu, með tilliti til þess hve brýnt getur verið að skjótt sé brugðist við, þegar hljóta forgangsumfjöllun hjá nefndinni og skal hún hafa til ráðstöfunar varasjóð er grípa má til í slíkum tilvikum.
3. Nefndin skal áður en hún tekur ákvörðun gera þær athuganir og leita þeirrar ráðgjafar sem hún telur þörf á.

22. gr.

Aðstoðin, sem nefndin um arfleifð þjóða heims lætur í té, getur verið sem hér segir:

a) athuganir varðandi listræn, vísindaleg og tæknileg vandamál er upp kunna að koma í tengslum við verndun, varðveislu, kynningu og endurbætur á menningar- og náttúruarfleifðinni, eins og hún er skilgreind í ákvæðum 2. og 4. mgr. 11. gr. þessa samnings;

V. Conditions and arrangements for international assistance

Article 19

Any State Party to this Convention may request international assistance for property forming part of the cultural or natural heritage of outstanding universal value situated within its territory. It shall submit with its request such information and documentation provided for in Article 21 as it has in its possession and as will enable the Committee to come to a decision.

Article 20

Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 13, sub-paragraph (c) of Article 22 and Article 23, international assistance provided for by this Convention may be granted only to property forming part of the cultural and natural heritage which the World Heritage Committee has decided, or may decide, to enter in one of the lists mentioned in paragraphs 2 and 4 of Article 11.

Article 21

1. The World Heritage Committee shall define the procedure by which requests to it for international assistance shall be considered and shall specify the content of the request, which should define the operation contemplated, the work that is necessary, the expected cost thereof, the degree of urgency and the reasons why the resources of the State requesting assistance do not allow it to meet all the expenses. Such requests must be supported by experts' reports whenever possible.

2. Requests based upon disasters or natural calamities should, by reasons of the urgent work which they may involve, be given immediate, priority consideration by the Committee, which should have a reserve fund at its disposal against such contingencies.
3. Before coming to a decision, the Committee shall carry out such studies and consultations as it deems necessary.

Article 22

Assistance granted by the World Heritage Fund may take the following forms:

a. studies concerning the artistic, scientific and technical problems raised by the protection, conservation, presentation and rehabilitation of the cultural and natural heritage, as defined in paragraphs 2 and 4 of Article 11 of this Convention;

b) útvegun sérfræðinga, tæknimanna og faglærðra verkamanna til þess að tryggja að samþykkt verk sé rétt unnið;
c) þjálfun starfsliðs og sérfræðinga á öllum stigum að því er varðar skilgreiningu, verndun, varðveislu, kynningu og endurbætur á menningar- og náttúruarfleifðinni;
d) útvegun tækjabúnaðar sem hlutaðeigandi ríki hefur ekki yfir að ráða eða getur ekki útvegað;
e) vaxtalaus lán eða lán með lágum vöxtum sem kunna að vera til langs tíma;
f) í sérstökum tilvikum og af sérstökum ástæðum, óendurkræfir styrkir.

23. gr.

Nefndin um arfleifð þjóða heims getur einnig veitt alþjóðlega aðstoð til lands- eða svæðismiðstöðva til að þjálfa starfslið og sérfræðinga á öllum stigum að því er varðar skilgreiningu, verndun, varðveislu, kynningu og endurbætur á menningar- og náttúruarfleifðinni.

24. gr.

Áður en veitt er víðtæk alþjóðleg aðstoð skulu fara fram ítarlegar vísindalegar, fjárhagslegar og tæknilegar athuganir. Við þessar athuganir skal byggt á nýjustu tækni varðandi verndun, varðveislu, kynningu og endurbætur á menningar- og náttúruarfleifðinni og skulu þær vera í samræmi við markmið þessa samnings. Athuganirnar skulu einnig beinast að því að finna leiðir til að nýta þá fjármuni, sem eru fyrir hendi í hlutaðeigandi ríki, á skynsamlegan hátt.

25. gr.

Að jafnaði skal alþjóðleg aðstoð aðeins standa undir hluta kostnaðar við þau verk sem inna þarf af hendi. Framlag ríkisins, sem nýtur alþjóðlegrar aðstoðar, skal vera verulegur hluti þeirra fjármuna sem varið er til tiltekinnar áætlunar eða verkefnis, nema það hafi ekki bolmagn til þess.

26. gr.

Nefndin um arfleifð þjóða heims og viðtökuríkið skulu skilgreina í samkomulagi sem þau gera með sér hvaða skilyrði skuli vera fyrir hendi við framkvæmd áætlunar eða verkefnis sem hlýtur alþjóðlega aðstoð samkvæmt þessum samningi. Ríkið sem hlýtur alþjóðlega aðstoð af þessu tagi skuldbindur sig til að halda áfram að vernda, varðveita og kynna þau verðmæti sem þannig eru varðveitt samkvæmt þeim skilmálum sem samkomulagið kveður á um.

b. provisions of experts, technicians and skilled labour to ensure that the approved work is correctly carried out;
c. training of staff and specialists at all levels in the field of identification, protection, conservation, presentation and rehabilitation of the cultural and natural heritage;
d. supply of equipment which the State concerned does not possess or is not in a position to acquire;
e. low-interest or interest-free loans which might be repayable on a long-term basis;
f. the granting, in exceptional cases and for special reasons, of non-repayable subsidies.

Article 23

The World Heritage Committee may also provide international assistance to national or regional centres for the training of staff and specialists at all levels in the field of identification, protection, conservation, presentation and rehabilitation of the cultural and natural heritage.

Article 24

International assistance on a large scale shall be preceded by detailed scientific, economic and technical studies. These studies shall draw upon the most advanced techniques for the protection, conservation, presentation and rehabilitation of the natural and cultural heritage and shall be consistent with the objectives of this Convention. The studies shall also seek means of making rational use of the resources available in the State concerned.

Article 25

As a general rule, only part of the cost of work necessary shall be borne by the international community. The contribution of the State benefiting from international assistance shall constitute a substantial share of the resources devoted to each programme or project, unless its resources do not permit this.

Article 26

The World Heritage Committee and the recipient State shall define in the agreement they conclude the conditions in which a programme or project for which international assistance under the terms of this Convention is provided, shall be carried out. It shall be the responsibility of the State receiving such international assistance to continue to protect, conserve and present the property so safeguarded, in observance of the conditions laid down by the agreement.

VI. Áætlanir á sviði menntunar.

27. gr.

1. Aðildarríki að þessum samningi skulu leitast við, með öllum tiltækum ráðum, þar á meðal með menntunar- og upplýsingaáætlunum, að auka skilning og virðingu þjóða sinna fyrir menningar- og náttúruarfleifðinni eins og hún er skilgreind í 1. og 2. gr. samningsins.

2. Þau skulu sjá um að uppfræða almenning um aðalatriði þeirra hætta sem steðja að þessari arfleifð og um aðgerðir sem eru gerðar til samræmis við þennan samning.

28. gr.

Aðildarríki að þessum samningi, sem hljóta alþjóðlega aðstoð samkvæmt samningnum, skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að kynna mikilvægi þeirra verðmæta sem aðstoð hefur verið veitt út af og hvaða hlutverki slík aðstoð hefur gegnt.

VII. Skýrslur.

29. gr.

1. Í skýrslum sem aðildarríkin að þessum samningi leggja fyrir aðalþing Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, á þeim tíma og með þeim hætti sem hún ákveður, skulu þau veita upplýsingar um ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu sem þau hafa gert svo og aðrar aðgerðir sem þau hafa staðið að til þess að hrinda þessum samningi í framkvæmd, ásamt nánari upplýsingum um þá reynslu sem þau hafa öðlast á þessu sviði.
2. Þessar skýrslur skulu kynntar nefndinni um arfleifð þjóða heims.
3. Nefndin skal leggja fram skýrslu um störf sín á hverjum reglulegum fundi aðalþings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

VIII. Lokaákvæði.

30. gr.

Samningur þessi er gerður á arabísku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir fimm jafngildir.

31. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu eða staðfestingu aðildarríkja Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð þeirra.

2. Fullgildingar- eða staðfestingarskjölum skal komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

VI. Educational programmes

Article 27

1. The States Parties to this Convention shall endeavor by all appropriate means, and in particular by educational and information programmes, to strengthen appreciation and respect by their peoples of the cultural and natural heritage defined in Articles 1 and 2 of the Convention.
2. They shall undertake to keep the public broadly informed of the dangers threatening this heritage and of the activities carried on in pursuance of this Convention.

Article 28

States Parties to this Convention which receive international assistance under the Convention shall take appropriate measures to make known the importance of the property for which assistance has been received and the role played by such assistance.

VII. Reports

Article 29

1. The States Parties to this Convention shall, in the reports which they submit to the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization on dates and in a manner to be determined by it, give information on the legislative and administrative provisions which they have adopted and other action which they have taken for the application of this Convention, together with details of the experience acquired in this field.
2. These reports shall be brought to the attention of the World Heritage Committee.
3. The Committee shall submit a report on its activities at each of the ordinary sessions of the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

VIII. Final clauses

Article 30

This Convention is drawn up in Arabic, English, French, Russian and Spanish, the five texts being equally authoritative.

Article 31

1. This Convention shall be subject to ratification or acceptance by States members of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization in accordance with their respective constitutional procedures.
2. The instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

32. gr.

1. Aðild að samningi þessum er opin öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna en boðið er af aðalþingi stofnunarinnar að gerast aðilar að honum.

2. Aðild tekur gildi þegar aðildarskjali hefur verið komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

33. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag er tuttugasta fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjalinu er komið í vörslu, en aðeins gagnvart þeim ríkjum sem hafa komið fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjölum sínum í vörslu á þeim degi eða fyrr. Hann öðlast gildi gagnvart öðrum ríkjum þremur mánuðum eftir að þau koma fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjölum sínum í vörslu.

34. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um þau aðildarríki að þessum samningi sem eru sambandsríki eða hafa stjórnkerfi sem ekki lýtur einni heildarstjórn:

a) hvað varðar ákvæði þessa samnings sem að því er framkvæmd varðar falla undir lögsögu sambandslöggjafarvalds eða miðstýrðs löggjafarvalds, skulu skuldbindingar sambandsstjórnar eða miðstjórnar vera hinar sömu og aðildarríkja sem ekki eru sambandsríki;
b) hvað varðar ákvæði þessa samnings, sem að því er framkvæmd varðar falla undir lögsögu einstakra fylkja í sambandsríki, landa sjálfstjórnarsvæða eða kantóna, sem stjórnskipan sambandsríkisins skuldbindur ekki til að gera ráðstafanir á sviði löggjafar, skal sambandsstjórnin kynna lögbærum yfirvöldum slíkra fylkja, landa sjálfstjórnarsvæða eða kantóna þessi ákvæði og mælast til þess að þau verði samþykkt.

35. gr.

1. Sérhvert aðildarríki að þessum samningi getur sagt samningnum upp.
2. Uppsögn skal tilkynnt skriflega og afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Article 32

1. This Convention shall be open to accession by all States not members of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization which are invited by the General Conference of the Organization to accede to it.
2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

Article 33

This Convention shall enter into force three months after the date of the deposit of the twentieth instrument of ratification, acceptance or accession, but only with respect to those States which have deposited their respective instruments of ratification, acceptance or accession on or before that date. It shall enter into force with respect to any other State three months after the deposit of its instrument of ratification, acceptance or accession.

Article 34

The following provisions shall apply to those States Parties to this Convention which have a federal or non-unitary constitutional system:

a. with regard to the provisions of this Convention, the implementation of which comes under the legal jurisdiction of the federal or central legislative power, the obligations of the federal or central government shall be the same as for those States parties which are not federal States;
b. with regard to the provisions of this Convention, the implementation of which comes under the legal jurisdiction of individual constituent States, countries, provinces or cantons that are not obliged by the constitutional system of the federation to take legislative measures, the federal government shall inform the competent authorities of such States, countries, provinces or cantons of the said provisions, with its recommendation for their adoption.

Article 35

1. Each State Party to this Convention may denounce the Convention.
2. The denunciation shall be notified by an instrument in writing, deposited with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

3. Uppsögn öðlast gildi tólf mánuðum eftir viðtöku uppsagnarskjals. Hún hefur ekki áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar uppsagnarríkisins fyrr en á þeim degi sem hún öðlast gildi.

36. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar, þeim ríkjum utan stofnunarinnar sem um getur í 32. gr. og Sameinuðu þjóðunum um afhendingu allra fullgildingar-, staðfestingar- og aðildarskjala sem kveðið er á um í 31. og 32. gr., svo og um uppsagnir þær sem kveðið er á um í 35. gr.

37. gr.

1. Samning þennan má endurskoða á aðalþingi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Aðeins þau ríki, sem gerast aðilar að endurskoðuðum samningi, skulu þó bundin af slíkri endurskoðun.

2. Ef aðalþingið samþykkir nýjan samning sem felur í sér endurskoðun á þessum samningi í heild eða að hluta skal samningur þessi, nema hinn nýi samningur kveði á um annað, hætta að vera opinn fyrir fullgildingu, staðfestingu eða aðild frá þeim degi að telja er hinn nýi endurskoðaði samningur öðlast gildi.

38. gr.

Samningur þessi skal, í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, skrásettur hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í París hinn 23. nóvember 1972, í tveimur frumritum undirrituðum af forseta sautjánda fundar aðalþingsins og aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem skulu falin skjalasafni Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna til varðveislu, og skulu staðfest endurrit þeirra afhent öllum þeim ríkjum sem um getur í 31. og 32. gr. sem og Sameinuðu þjóðunum.

3. The denunciation shall take effect twelve months after the receipt of the instrument of denunciation. It shall not affect the financial obligations of the denouncing State until the date on which the withdrawal takes effect.

Article 36

The Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization shall inform the States members of the Organization, the States not members of the Organization which are referred to in Article 32, as well as the United Nations, of the deposit of all the instruments of ratification, acceptance, or accession provided for in Articles 31 and 32, and of the denunciations provided for in Article 35.

Article 37

1. This Convention may be revised by the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. Any such revision shall, however, bind only the States which shall become Parties to the revising convention.
2. If the General Conference should adopt a new convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new convention otherwise provides, this Convention shall cease to be open to ratification, acceptance or accession, as from the date on which the new revising convention enters into force.

Article 38

In conformity with Article 102 of the Charter of the United Nations, this Convention shall be registered with the Secretariat of the United Nations at the request of the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

Done in Paris, this twenty-third day of November 1972, in two authentic copies bearing the signature of the President of the seventeenth session of the General Conference and of the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, which shall be deposited in the archives of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, and certified true copies of which shall be delivered to all the States referred to in Article 31 and 32 as well as to the United Nations.

STJÓRNARTÍÐINDI C 6 – 1995

31. júlí 1995 453 Nr. 43

AUGLÝSING

um samning um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Samningur um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 28. júlí 1994. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 29. júlí 1994 og öðlaðist gildi til bráðabirgða að því er Ísland varðar 16. nóvember 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1985, þar sem hafréttarsamningurinn er birtur, og 40/1993. Tilkynnt verður um endanlega gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982.

Ríkin, sem aðilar eru að samningi þessum,

viðurkenna mikilvægt framlag með hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 (hér eftir nefndur „hafréttarsamningurinn“) til varðveislu friðar og réttlætis og áframhaldandi framfara öllum þjóðum heims til handa,

staðfesta að botn smárra sem stórra hafa og botnlög hans utan marka innlendrar lögsögu (hér eftir nefnd „svæðið“), svo og auðlindir svæðisins, eru sameiginleg arfleifð mannkyns,

hafa í huga gildi hafréttarsamningsins fyrir verndun og varðveislu hafrýmisins og vaxandi umhyggju fyrir umhverfi jarðarinnar,

hafa yfirfarið skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um niðurstöður óformlegs samráðs ríkja í milli á árunum 1990 til 1994 um

AGREEMENT relating to the Implementation of Part XI of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982

The States Parties to this Agreement,

Recognizing the important contribution of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 (hereinafter referred to as "the Convention") to the maintenance of peace, justice and progress for all peoples of the world,

Reaffirming that the seabed and ocean floor and subsoil thereof, beyond the limits of national jurisdiction (hereinafter referred to as "the Area"), as well as the resources of the Area, are the common heritage of mankind,

Mindful of the importance of the Convention for the protection and preservation of the marine environment and of the growing concern for the global environment,

Having considered the report of the Secretary-General of the United Nations on the results of the informal consultations among States held

óleyst viðfangsefni sem tengjast XI. hluta og tengdum ákvæðum hafréttarsamningsins (hér eftir nefnd „XI. hluti“),

gefa gaum stjórnmálalegum og efnahagslegum breytingum, meðal annars aðferðum sem miðast við þarfir markaðarins, sem hafa áhrif á framkvæmd XI. hluta,

vilja stuðla að allsherjaraðild að hafréttarsamningnum,

álíta að samningur um framkvæmd XI. hluta myndi þjóna því markmiði best,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Framkvæmd XI. hluta.

1. Ríkin, sem aðilar eru að samningi þessum, takast á hendur að framkvæma XI. hluta í samræmi við samning þennan.
2. Viðaukinn er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

2. gr.
Tengsl milli samnings þessa og XI. hluta.

1. Túlka ber ákvæði samnings þessa og XI. hluta og beita þeim saman eins og um einn gerning sé að ræða. Ef um ósamræmi er að ræða milli samnings þessa og XI. hluta skulu ákvæði samnings þessa ganga framar.

2. Ákvæði 309. til 319. gr. hafréttarsamningsins gilda gagnvart samningi þessum með sama hætti og þau gilda um hafréttarsamninginn.

3. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í tólf mánuði frá samþykktardegi hans fyrir ríkin og aðilana sem getið er um í a-, c-, d-, e- og f-liðum 1. tl. 305. gr. hafréttarsamningsins.

4. gr.
Samþykki þess að vera bundinn af samningi þessum.

1. Eftir að samningur þessi hefur verið samþykktur skulu öll skjöl um fullgildingu eða formlega staðfestingu eða aðild að hafréttarsamningnum einnig fela í sér samþykki þess að vera bundinn af samningi þessum.

from 1990 to 1994 on outstanding issues relating to Part XI and related provisions of the Convention (hereinafter referred to as "Part XI"),

Noting the political and economic changes, including market-oriented approaches, affecting the implementation of Part XI,

Wishing to facilitate universal participation in the Convention,

Considering that an agreement relating to the implementation of Part XI would best meet that objective,

Have agreed as follows:

Article 1
Implementation of Part XI

1. The States Parties to this Agreement undertake to implement Part XI in accordance with this Agreement.
2. The Annex forms an integral part of this Agreement.

Article 2
Relationship between this Agreement and Part XI

1. The provisions of this Agreement and Part XI shall be interpreted and applied together as a single instrument. In the event of any inconsistency between this Agreement and Part XI, the provisions of this Agreement shall prevail.
2. Articles 309 to 319 of the Convention shall apply to this Agreement as they apply to the Convention.

Article 3
Signature

This Agreement shall remain open for signature at United Nations Headquarters by the States and entities referred to in article 305, paragraph 1(a), (c), (d), (e) and (f), of the Convention for 12 months from the date of its adoption.

Article 4
Consent to be bound

1. After the adoption of this Agreement, any instrument of ratification or formal confirmation of or accession to the Convention shall also represent consent to be bound by this Agreement.

2. Ríki eða aðila er óheimilt að samþykkja að vera bundinn af samningi þessum nema að samþykkja áður eða um leið að vera bundinn af hafréttarsamningnum.
3. Ríki eða aðila, sem getið er um í 3. gr., er heimilt að láta samþykki þess að vera bundinn af samningi þessum í ljós með:
a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, formlega staðfestingu eða málsmeðferð skv. 5. gr.;
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða formlega staðfestingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu eða formlegri staðfestingu;
c) undirritun með fyrirvara um málsmeðferð skv. 5. gr.; eða
d) aðild.
4. Formleg staðfesting aðilanna, sem getið er um í f-lið 1. tl. 305. gr. hafréttarsamningsins, skal vera í samræmi við IX. viðauka við hafréttarsamninginn.
5. Skjölum um fullgildingu, formlega staðfestingu eða aðild skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. No State or entity may establish its consent to be bound by this Agreement unless it has previously established or establishes at the same time its consent to be bound by the Convention.
3. A State or entity referred to in article 3 may express its consent to be bound by this Agreement by:
(a) Signature not subject to ratification, formal confirmation or the procedure set out in article 5;
(b) Signature subject to ratification or formal confirmation, followed by ratification or formal confirmation;
(c) Signature subject to the procedure set out in article 5; or
(d) Accession.
4. Formal confirmation by the entities referred to in article 305, paragraph 1(f), of the Convention shall be in accordance with Annex IX of the Convention.
5. The instruments of ratification, formal confirmation or accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

5. gr.
Einfölduð málsmeðferð

1. Líta ber svo á að ríki eða aðili, sem hefur komið skjali um fullgildingu, formlega staðfestingu eða aðild að hafréttarsamningnum í vörslu fyrir samþykktardag samnings þessa og undirritað hefur samning þennan skv. c-lið 3. tl. 4. gr., hafi samþykkt að vera bundinn af samningi þessum 12 mánuðum eftir samþykktardag hans, nema viðkomandi ríki eða aðili tilkynni vörsluaðila skriflega fyrir þann dag um að það eða hann muni ekki notfæra sér hina einfölduðu málsmeðferð samkvæmt þessari grein.

2. Ef um slíka tilkynningu er að ræða ber að staðfesta samþykki fyrir því að vera bundinn af þessum samningi skv. b-lið 3. tl. 4. gr.

Article 5
Simplified procedure

1. A State or entity which has deposited before the date of the adoption of this Agreement an instrument of ratification or formal confirmation of or accession to the Convention and which has signed this Agreement in accordance with article 4, paragraph 3(c), shall be considered to have established its consent to be bound by this Agreement 12 months after the date of its adoption, unless that State or entity notifies the depositary in writing before that date that it is not availing itself of the simplified procedure set out in this article.
2. In the event of such notification, consent to be bound by this Agreement shall be established in accordance with article 4, paragraph 3(b).

6. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er 40 ríki hafa samþykkt að vera bundin af honum skv. 4. og 5. gr., að því tilskildu að í þeirra hópi séu að minnsta kosti sjö ríkjanna sem getið er um í a-lið 1. mgr. II. ályktunar þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (hér eftir nefnd „II. ályktun“) og að minnsta kosti fimm þeirra ríkja séu iðnríki. Ef

Article 6
Entry into force

1. This Agreement shall enter into force 30 days after the date on which 40 States have established their consent to be bound in accordance with articles 4 and 5, provided that such States include at least seven of the States referred to in paragraph l(a) of resolution II of the Third United Nations Conference on the Law of the Sea (hereinafter referred to as “resolu-

skilyrðum þessum fyrir gildistöku er fullnægt fyrir 16. nóvember 1994 skal samningur þessi öðlast gildi þann dag.

2. Að því er varðar þau ríki eða aðila, sem samþykkja að vera bundnir af samningi þessum eftir að skilyrðum þeim, sem sett eru fram í 1. tl., hefur verið fullnægt, skal samningurinn öðlast gildi á 30. degi eftir þann dag er þeir staðfesta samþykki sitt.

7. gr.
Beiting til bráðabirgða.

1. Hafi samningur þessi ekki öðlast gildi 16. nóvember 1994 skal ákvæðum hans beitt til bráðabirgða uns hann öðlast gildi af hálfu:

a) ríkja sem hafa fallist á samþykkt hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, nema þeirra ríkja sem tilkynna vörsluaðila skriflega fyrir 16. nóvember 1994 að þau muni annaðhvort ekki beita ákvæðum samningsins með þeim hætti eða þau muni aðeins fallast á að beita þeim með þeim hætti að lokinni undirritun síðar eða eftir sendingu skriflegrar tilkynningar;
b) ríkja og aðila sem undirrita samninginn, nema þeirra ríkja og aðila sem tilkynna vörsluaðila skriflega við undirritun að þau muni ekki beita ákvæðum samningsins með þeim hætti;
c) ríki og aðila sem fallast á að beita ákvæðum hans til bráðabirgða með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega;
d) ríkja sem gerast aðilar að samningnum.

2. Öll slík ríki og aðilar skulu beita ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða í samræmi við innlend lög og reglugerðir frá og með 16. nóvember 1994 eða, ef síðar, undirritunardegi, þeim degi sem þau tilkynna um samþykki sitt eða aðildardegi.

3. Beitingu ákvæða samningsins til bráðabirgða skal ljúka þegar hann öðlast gildi. Beitingu til bráðabirgða skal í öllu falli ljúka 16. nóvember 1998 hafi skilyrði 1. tl. 6. gr. um samþykki að minnsta kosti sjö þeirra ríkja (að minnsta kosti fimm þeirra verða að vera iðnríki), sem getið er um í a-lið 1. mgr. II. ályktunar, fyrir því að vera bundin af samningi þessum ekki verið fullnægt þann dag.

tion II") and that at least five of those States are developed States. If these conditions for entry into force are fulfilled before 16 November 1994, this Agreement shall enter into force on 16 November 1994.

2. For each State or entity establishing its consent to be bound by this Agreement after the requirements set out in paragraph 1 have been fulfilled, this Agreement shall enter into force on the thirtieth day following the date of establishment of its consent to be bound.

Article 7
Provisional application

1. If on 16 November 1994 this Agreement has not entered into force, it shall be applied provisionally pending its entry into force by:

(a) States which have consented to its adoption in the General Assembly of the United Nations, except any such State which before 16 November 1994 notifies the depositary in writing either that it will not so apply this Agreement or that it will consent to such application only upon subsequent signature or notification in writing;

(b) States and entities which sign this Agreement, except any such State or entity which notifies the depositary in writing at the time of signature that it will not so apply this Agreement;
(c) States and entities which consent to its provisional application by so notifying the depositary in writing;
(d) States which accede to this Agreement.

2. All such States and entities shall apply this Agreement provisionally in accordance with their national or internal laws and regulations, with effect from 16 November 1994 or the date of signature, notification of consent or accession, if later.

3. Provisional application shall terminate upon the date of entry into force of this Agreement. In any event, provisional application shall terminate on 16 November 1998 if at that date the requirement in article 6, paragraph 1, of consent to be bound by this Agreement by at least seven of the States (of which at least five must be developed States) referred to in paragraph 1(a) of resolution II has not been fulfilled.

8. gr.
Aðildarríki.

1. Í samningi þessum merkir „aðildarríki“ ríki sem hafa samþykkt að vera bundin af samningi þessum og hann gildir gagnvart.

2. Samningur þessi gildir að breyttu breytanda um aðilana sem getið er um í c-, d-, e- og f-liðum 1. tl. 305. gr. hafréttarsamningsins og verða aðilar að samningi þessum með þeim skilyrðum sem gilda um hvern um sig og að því leyti á „aðildarríki“ við um þá aðila.

9. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

10. gr.
Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal falið aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.
GJÖRT Í NEW YORK 28. júlí 1994.

Article 8
States Parties

1. For the purposes of this Agreement, "States Parties" means States which have consented to be bound by this Agreement and for which this Agreement is in force.
2. This Agreement applies *mutatis mutandis* to the entities referred to in article 305, paragraph 1(c), (d), (e) and (f), of the Convention which become Parties to this Agreement in accordance with the conditions relevant to each, and to that extent "States Parties" refers to those entities.

Article 9
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the depositary of this Agreement.

Article 10
Authentic texts

The original of this Agreement, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.
DONE AT NEW YORK, this twenty-eighth day of July, one thousand nine hundred and ninety-four.

VIÐAUKI
1. KAFLI.
KOSTNAÐUR AÐILDARRÍKJA OG STOFNANAÞÆTTIR

1. Alþjóðahafsbotnsstofnunin (hér á eftir nefnd „stofnunin“) er sú stofnun þar sem aðildarríki hafréttarsamningsins skulu, samkvæmt stjórnkerfi svæðisins sem stofnsett er í XI. hluta og samningi þessum, skipuleggja og hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu, einkum með umsjá auðlinda svæðisins í huga. Stofnunin fer með það vald og þau hlutverk sem henni eru sérstaklega falin samkvæmt hafréttarsamningnum. Stofnunin skal jafnframt hafa það tilfallandi vald í samræmi við hafréttarsamninginn sem er fólgið í og nauðsynlegt vegna meðferðar fyrrnefnds valds og hlutverka í tengslum við þá starfsemi sem fer fram á svæðinu.

2. Til að draga úr kostnaði aðildarríkja skulu

ANNEX
SECTION 1.
COSTS TO STATES PARTIES AND INSTITUTIONAL ARRANGEMENTS

1. The International Seabed Authority (hereinafter referred to as "the Authority") is the organization through which States Parties to the Convention shall, in accordance with the regime for the Area established in Part XI and this Agreement, organize and control activities in the Area, particularly with a view to administering the resources of the Area. The powers and functions of the Authority shall be those expressly conferred upon it by the Convention. The Authority shall have such incidental powers, consistent with the Convention, as are implicit in, and necessary for, the exercise of those powers and functions with respect to activities in the Area.
2. In order to minimize costs to States Parties,

allar deildir og undirdeildir, sem stofnsetja ber samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum, vera kostnaðarhagkvæmar. Meginregla þessi skal og gilda um tíðni funda, lengd og tímasetningu.

3. Stofnsetningu og starfsemi deilda og undirdeilda stofnunarinnar skal grundvalla á framþróun þar sem tekið er tillit til þarfa starfsemi viðkomandi deilda og undirdeilda til að þær megi gegna með skilvirkum hætti þeim skyldum sem þeim er ætlað á ýmsum stigum framvindu þeirrar starfsemi sem fer fram á svæðinu.

4. Þingið, ráðið, skrifstofan, laga- og tækninefndin og fjármálanefndin skulu annast hlutverk stofnunarinnar í fyrstu eftir gildistöku hafréttarsamningsins. Laga- og tækninefndin skal gegna hlutverki efnahagsáætlananefndarinnar uns ráðið ákveður annað eða þangað til fyrsta starfsáætlun um hagnýtingu er samþykkt.

5. Milli þess að hafréttarsamningurinn öðlast gildi og fyrsta starfsáætlun um hagnýtingu er samþykkt skal stofnunin einbeita sér að því að:

a) vinna í umsóknum um samþykki fyrir starfsáætlunum um rannsóknir í samræmi við XI. hluta og samning þennan;

b) hrinda ákvörðunum undirbúningsnefndarinnar fyrir Alþjóðahafsbotnsstofnunina og Alþjóðlega hafréttardóminn (hér eftir nefnd „undirbúningsnefndin“) í framkvæmd sem varða skráða frumfjárfesta og vottunarríki þeirra, meðal annars réttindi þeirra og skyldur, í samræmi við 5. tl. 308. gr. hafréttarsamningsins og 13. mgr. II. ályktunar;

c) fylgjast með því að starfsáætlunum um rannsóknir, sem eru samþykktar í samningsformi, sé fylgt;

d) fylgjast með og kanna vandlega framvindu og þróun á sviði jarðefnavinnslu á hafsbotni á djúpsævi, meðal annars meta reglulega ástandið á málmmarkaði heimsins og málmverð, framvindu og horfur;

e) kanna hugsanleg áhrif jarðefnaframleiðslu frá svæðinu á efnahag þróunarríkja sem framleiða sömu jarðefni á

all organs and subsidiary bodies to be established under the Convention and this Agreement shall be cost-effective. This principle shall also apply to the frequency, duration and scheduling of meetings.

3. The setting up and the functioning of the organs and subsidiary bodies of the Authority shall be based on an evolutionary approach, taking into account the functional needs of the organs and subsidiary bodies concerned in order that they may discharge effectively their respective responsibilities at various stages of the development of activities in the Area.

4. The early functions of the Authority upon entry into force of the Convention shall be carried out by the Assembly, the Council, the Secretariat, the Legal and Technical Commission and the Finance Committee. The functions of the Economic Planning Commission shall be performed by the Legal and Technical Commission until such time as the Council decides otherwise or until the approval of the first plan of work for exploitation.

5. Between the entry into force of the Convention and the approval of the first plan of work for exploitation, the Authority shall concentrate on:

(a) Processing of applications for approval of plans of work for exploration in accordance with Part XI and this Agreement;

(b) Implementation of decisions of the Preparatory Commission for the International Seabed Authority and for the International Tribunal for the Law of the Sea (hereinafter referred to as "the Preparatory Commission") relating to the registered pioneer investors and their certifying States, including their rights and obligations, in accordance with article 308, paragraph 5, of the Convention and resolution II, paragraph 13;

(c) Monitoring of compliance with plans of work for exploration approved in the form of contracts;

(d) Monitoring and review of trends and developments relating to deep seabed mining activities, including regular analysis of world metal market conditions and metal prices, trends and prospects;

(e) Study of the potential impact of mineral production from the Area on the economies of developing land-based

landi, sem líklegt er að verði fyrir alvarlegustum áhrifum, í því skyni að draga sem mest úr erfiðleikum þeirra og aðstoða þá við að aðlaga sig efnahagslega, að teknu tilliti til vinnu undirbúningsnefndarinnar á þessu sviði;

f) samþykkja nauðsynlegar reglur, reglugerðir og starfshætti vegna starfsemi á svæðinu eftir því sem hún þróast. Þrátt fyrir ákvæði b- og c-liða 2. tl. 17. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn ber í slíkum reglum, reglugerðum og starfsháttum að taka mið af skilmálum samnings þessa, langvarandi töfum á jarðefnavinnslu á hafsbotni á djúpsævi í atvinnuskyni og sennilegum gangi þeirrar starfsemi sem fer fram á svæðinu;

g) samþykkja reglur, reglugerðir og starfshætti sem fela í sér gildandi viðmiðanir fyrir verndun og varðveislu hafrýmisins;

h) stuðla að og hvetja til hafrannsókna með tilliti til starfsemi á svæðinu og safna saman og dreifa niðurstöðum slíkra rannsókna og greiningar, þegar þær eru tiltækar, þar sem sérstök áhersla er lögð á rannsóknir sem tengjast umhverfisáhrifum starfsemi á svæðinu;

i) afla vísindaþekkingar og fylgjast með þróun haftækni sem við kemur starfsemi á svæðinu, einkum tækni sem tengist verndun og varðveislu hafrýmisins;

j) meta tiltæk gögn um jarðefnaleit og rannsóknir;

k) útfæra í tæka tíð reglur, reglugerðir og starfshætti á sviði hagnýtingar, meðal annars viðvíkjandi verndun og varðveislu hafrýmisins.

6. a) Ráðið skal fjalla um umsókn um samþykki fyrir starfsáætlunum um rannsóknir að fengnum meðmælum laga- og tækninefndarinnar með umsókninni. Umsókn um samþykki fyrir starfsáætlunum um rannsóknir skal hljóta meðferð samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins, meðal annars III. viðauka við hann, þessa samnings og með eftirfarandi skilyrðum:

producers of those minerals which are likely to be most seriously affected, with a view to minimizing their difficulties and assisting them in their economic adjustment, taking into account the work done in this regard by the Preparatory Commission;

(f) Adoption of rules, regulations and procedures necessary for the conduct of activities in the Area as they progress. Notwithstanding the provisions of Annex III, article 17, paragraph 2(b) and (c), of the Convention, such rules, regulations and procedures shall take into account the terms of this Agreement, the prolonged delay in commercial deep seabed mining and the likely pace of activities in the Area;

(g) Adoption of rules, regulations and procedures incorporating applicable standards for the protection and preservation of the marine environment;

(h) Promotion and encouragement of the conduct of marine scientific research with respect to activities in the Area and the collection and dissemination of the results of such research and analysis, when available, with particular emphasis on research related to the environmental impact of activities in the Area;

(i) Acquisition of scientific knowledge and monitoring of the development of marine technology relevant to activities in the Area, in particular technology relating to the protection and preservation of the marine environment;

(j) Assessment of available data relating to prospecting and exploration;

(k) Timely elaboration of rules, regulations and procedures for exploitation, including those relating to the protection and preservation of the marine environment.

6. (a) An application for approval of a plan of work for exploration shall be considered by the Council following the receipt of a recommendation on the application from the Legal and Technical Commission. The processing of an application for approval of a plan of work for exploration shall be in accordance with the provisions of the Convention, including Annex III thereof, and this Agreement, and subject to the following:

i) líta ber svo á að starfsáætlun um rannsóknir, sem lögð er fram fyrir hönd ríkis eða aðila, eða aðskiljanlegs hluta slíks aðila, sem getið er um í ii- eða iii-lið a-liðar 1. mgr. II. ályktunar, annars en skráðs frumfjárfestis, sem þegar hafði hafið umtalsverða starfsemi á svæðinu áður en hafréttarsamningurinn öðlaðist gildi, eða viðtakanda hagsmunanna, fullnægi nauðsynlegum fjárhags- og tæknikröfum til að öðlast samþykki fyrir starfsáætlun, ef stuðningsríkið eða -ríkin votta að umsækjandi hafi varið fjárhæð í rannsóknir sem jafngildir að minnsta kosti 30 milljónum Bandaríkjadala og hafi ekki varið undir 10% af sömu fjárhæð í að finna, kanna og meta svæðið sem getið er um í starfsáætluninni. Fullnægi starfsáætlunin kröfum hafréttarsamningsins að öðru leyti og öllum reglum, reglugerðum og starfsháttum, sem eru samþykkt samkvæmt honum, ber ráðinu að samþykkja hana í formi samnings. Ákvæði 11. tl. 3. kafla viðauka þessa ber að túlka og beita samkvæmt því;

ii) þrátt fyrir ákvæði a-liðar 8. mgr. II. ályktunar er skráðum frumfjárfesti heimilt að óska eftir að starfsáætlun um rannsóknir verði samþykkt innan 36 mánaða frá gildistöku hafréttarsamningsins. Starfsáætlunin um rannsóknir skal gerð úr skjölum, skýrslum og öðrum gögnum sem lögð eru fyrir undirbúningsnefndina fyrir og eftir skráningu og henni skal fylgja vottorð um framfylgd sem undirbúningsnefndin gefur út í samræmi við a-lið 11. mgr. II. ályktunar og gert er úr skýrslu sem byggir á staðreyndum og lýsir með hvaða hætti staðið er við skuldbindingar undir stjórn frumfjárfestisins. Líta ber svo á að slík starfsáætlun sé samþykkt. Samþykkt starfsáætlun af þessu tagi skal vera í formi samnings milli stofnunarinnar og hins skráða frumfjárfestis skv. XI. hluta og samningi þessum. Gjaldið sem nemur 250 000 Bandaríkjadölum og greitt er skv. a-lið 7. mgr. II. ályktunar skal talið vera gjaldið sem tengist rannsóknarstiginu skv. 3. tl. 8. kafla viðauka þessa. Ákvæði 11. tl. 3.

(i) A plan of work for exploration submitted on behalf of a State or entity, or any component of such entity, referred to in resolution II, paragraph 1(a)(ii) or (iii), other than a registered pioneer investor, which had already undertaken substantial activities in the Area prior to the entry into force of the Convention, or its successor in interest, shall be considered to have met the financial and technical qualifications necessary for approval of a plan of work if the sponsoring State or States certify that the applicant has expended an amount equivalent to at least US$ 30 million in research and exploration activities and has expended no less than 10 per cent of that amount in the location, survey and evaluation of the area referred to in the plan of work. If the plan of work otherwise satisfies the requirements of the Convention and any rules, regulations and procedures adopted pursuant thereto, it shall be approved by the Council in the form of a contract. The provisions of section 3, paragraph 11, of this Annex shall be interpreted and applied accordingly;

(ii) Notwithstanding the provisions of resolution II, paragraph 8(a), a registered pioneer investor may request approval of a plan of work for exploration within 36 months of the entry into force of the Convention. The plan of work for exploration shall consist of documents, reports and other data submitted to the Preparatory Commission both before and after registration and shall be accompanied by a certificate of compliance, consisting of a factual report describing the status of fulfilment of obligations under the pioneer investor regime, issued by the Preparatory Commission in accordance with resolution II, paragraph 11(a). Such a plan of work shall be considered to be approved. Such an approved plan of work shall be in the form of a contract concluded between the Authority and the registered pioneer investor in accordance with Part XI and this Agreement. The fee of US$ 250,000 paid pursuant to resolution II, paragraph 7(a), shall be deemed to be the fee

kafla viðauka þessa ber að túlka og beita í samræmi við það;

iii) í samningi við ríki eða aðila, eða aðskiljanlegan hluta slíks aðila, sem getið er um í i-lið a-liðar skal, í samræmi við meginregluna um bann við mismunun, felast svipað fyrirkomulag og ekki óhagstæðara en samið hefur verið um við skráðan frumfjárfesti sem getið er um í ii-lið a-liðar. Séu ríki eða aðila, eða aðskiljanlegum hluta slíks aðila, sem getið er um í i-lið a-liðar, veitt hagstæðari kjör skal ráðið gera ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi og ekki óhagstæðara að því er varðar réttindi og skyldur sem skráðu frumfjárfestarnir, sem getið er um í ii-lið a-liðar, hafa tekist á hendur, að því tilskildu að slíkt fyrirkomulag hafi ekki áhrif á eða skaði hagsmuni stofnunarinnar;

iv) ríki, sem styður umsókn þar sem um starfsáætlun er að ræða samkvæmt ákvæðum i- eða ii-liðar a-liðar, getur verið aðildarríki að samningi þessum eða ríki sem beitir ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða skv. 7. gr. eða ríki sem er aðili að stofnuninni til bráðabirgða skv. 12. tl.;

v) túlka ber og beita ákvæðum c-liðar 8. mgr. II. ályktunar í samræmi við iv-lið a-liðar;

b) samþykkja ber starfsáætlun um rannsóknir í samræmi við 3. mgr. 153. gr. hafréttarsamningsins.

7. Umsókn um samþykki fyrir starfsáætlun skal fylgja mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar starfsemi og lýsing á áætlun um haffræðilegar rannsóknir og grundvallarumhverfisrannsóknir samkvæmt reglum, reglugerðum og starfsháttum sem stofnunin hefur samþykkt.

8. Umsókn um samþykki fyrir starfsáætlun um rannsóknir, sbr. þó i- eða ii-lið a-liðar 6. tl., skal hljóta meðferð skv. 11. tl. 3. kafla viðauka þessa.

9. Samþykkja ber starfsáætlun um rannsóknir

relating to the exploration phase pursuant to section 8, paragraph 3, of this Annex. Section 3, paragraph 11, of this Annex shall be interpreted and applied accordingly;

(iii) In accordance with the principle of non-discrimination, a contract with a State or entity or any component of such entity referred to in subparagraph (a)(i) shall include arrangements which shall be similar to and no less favourable than those agreed with any registered pioneer investor referred to in subparagraph (a)(ii). If any of the States or entities or any components of such entities referred to in subparagraph (a)(i) are granted more favourable arrangements, the Council shall make similar and no less favourable arrangements with regard to the rights and obligations assumed by the registered pioneer investors referred to in subparagraph (a)(ii), provided that such arrangements do not affect or prejudice the interests of the Authority;

(iv) A State sponsoring an application for a plan of work pursuant to the provisions of subparagraph (a)(i) or (ii) may be a State Party or a State which is applying this Agreement provisionally in accordance with article 7, or a State which is a member of the Authority on a provisional basis in accordance with paragraph 12;

(v) Resolution II, paragraph 8(c), shall be interpreted and applied in accordance with subparagraph (a)(iv).

(b) The approval of a plan of work for exploration shall be in accordance with article 153, paragraph 3, of the Convention.

7. An application for approval of a plan of work shall be accompanied by an assessment of the potential environmental impacts of the proposed activities and by a description of a programme for oceanographic and baseline environmental studies in accordance with the rules, regulations and procedures adopted by the Authority.

8. An application for approval of a plan of work for exploration, subject to paragraph 6(a)(i) or (ii), shall be processed in accordance with the procedures set out in section 3, paragraph 11, of this Annex.

9. A plan of work for exploration shall be

til 15 ára. Þegar tími starfsáætlunar um rannsóknir er liðinn ber verktaka að sækja um samþykki fyrir starfsáætlun um hagnýtingu nema hann hafi þegar gert það eða hafi fengið framlengingu fyrir starfsáætlun um rannsóknir. Verktakar geta sótt um slíka framlengingu til lengst fimm ára í senn. Samþykkja ber slíka framlengingu hafi verktaki lagt sig fram í góðri trú um að fullnægja kröfum starfsáætlunarinnar en verið ófær, af óviðráðanlegum ástæðum, um að ljúka nauðsynlegum undirbúningi til að hagnýting geti hafist eða ef ríkjandi efnahagsástand leyfir ekki að hafist sé handa við hagnýtingu.

10. Þegar tiltaka á frátekið svæði fyrir stofnunina í samræmi við 8. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn skal það gert í tengslum við samþykki umsóknar um starfsáætlun um rannsóknir eða starfsáætlun um rannsóknir og hagnýtingu.

11. Þrátt fyrir ákvæði 9. tl. ber að stöðva starfsáætlun um rannsóknir sem hefur verið samþykkt og að minnsta kosti eitt ríki, sem beitir ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða, styður ef slíkt ríki hættir að beita ákvæðum hans til bráðabirgða og hefur ekki gerst aðili til bráðabirgða skv. 12. tl. eða hefur ekki gerst aðildarríki.

12. Við gildistöku samnings þessa geta ríki eða aðilar, sem getið er um í 3. gr. samnings þessa og hafa beitt ákvæðum hans til bráðabirgða skv. 7. gr. og hann gildir ekki gagnvart, verið áfram aðilar að stofnuninni til bráðabirgða uns hann öðlast gildi að því er þessi ríki og aðila varðar samkvæmt eftirfarandi liðum:

a) öðlist samningur þessi gildi fyrir 16. nóvember 1996 geta slík ríki og aðilar verið áfram aðilar að stofnuninni til bráðabirgða með því að slíkt ríki eða aðili sendi vörsluaðila samningsins tilkynningu þess efnis að það eða hann hyggist gerast aðili til bráðabirgða. Slíkri aðild lýkur annaðhvort 16. nóvember 1996 eða þegar samningur þessi og hafréttarsamningurinn öðlast gildi að því er slíkt ríki eða aðila varðar, hvort sem á sér stað fyrr. Ráðinu er heimilt, að beiðni við-

approved for a period of 15 years. Upon the expiration of a plan of work for exploration, the contractor shall apply for a plan of work for exploitation unless the contractor has already done so or has obtained an extension for the plan of work for exploration. Contractors may apply for such extensions for periods of not more than five years each. Such extensions shall be approved if the contractor has made efforts in good faith to comply with the requirements of the plan of work but for reasons beyond the contractor's control has been unable to complete the necessary preparatory work for proceeding to the exploitation stage or if the prevailing economic circumstances do not justify proceeding to the exploitation stage.

10. Designation of a reserved area for the Authority in accordance with Annex III, article 8, of the Convention shall take place in connection with approval of an application for a plan of work for exploration or approval of an application for a plan of work for exploration and exploitation.

11. Notwithstanding the provisions of paragraph 9, an approved plan of work for exploration which is sponsored by at least one State provisionally applying this Agreement shall terminate if such a State ceases to apply this Agreement provisionally and has not become a member on a provisional basis in accordance with paragraph 12 or has not become a State Party.

12. Upon the entry into force of this Agreement, States and entities referred to in article 3 of this Agreement which have been applying it provisionally in accordance with article 7 and for which it is not in force may continue to be members of the Authority on a provisional basis pending its entry into force for such States and entities, in accordance with the following subparagraphs:

(a) If this Agreement enters into force before 16 November 1996, such States and entities shall be entitled to continue to participate as members of the Authority on a provisional basis upon notification to the depositary of the Agreement by such a State or entity of its intention to participate as a member on a provisional basis. Such membership shall terminate either on 16 November 1996 or upon the entry into force of this Agreement and the Convention for such member,

komandi ríkis eða aðila, að framlengja slíka aðild eftir 16. nóvember 1996 um eitt eða fleiri tímabil sem vara ekki lengur en tvö ár alls, að því tilskildu að ráðið telji fullvíst að viðkomandi ríki eða aðili hafi lagt sig fram í góðri trú um að gerast aðili að samningi þessum og hafréttarsamningnum;

b) öðlist samningur þessi gildi eftir 15. nóvember 1996 geta slík ríki og aðilar farið þess á leit við ráðið að það fallist á áframhaldandi aðild að stofnuninni til bráðabirgða eitt eða fleiri tímabil sem vara ekki lengur en til og með 16. nóvember 1998. Ráðið skal fallast á slíka aðild, sem gildir frá dagsetningu beiðninnar, telji það fullvíst að viðkomandi ríki eða aðili hafi lagt sig fram í góðri trú um að gerast aðili að samningi þessum og hafréttarsamningnum;

c) ríki og aðilar, sem eru aðilar að stofnuninni til bráðabirgða skv. a- eða b-lið, skulu beita skilmálum XI. hluta og samnings þessa í samræmi við innlend lög, reglur og árlegar fjárveitingar á fjárlögum og hafa réttindi og skyldur á við aðra aðila að stofnuninni, meðal annars:

i) skylduframlag vegna áætlaðra rekstrarútgjalda stofnunarinnar samkvæmt niðurjöfnunarstiga fyrir framlög;

ii) rétt til að styðja umsókn um samþykki fyrir starfsáætlun um rannsóknir. Þegar um ræðir aðila sem aðskiljanlegir hlutar mynda, sem eru einstaklingar eða lögpersónur sem hafa ríkisborgararétt í einu ríki eða fleirum, skal ekki samþykkja starfsáætlun um rannsóknir nema öll ríkin, sem þeir einstaklingar eða lögpersónur sem mynda þessa aðila tilheyra, séu aðildarríki eða aðilar að stofnuninni til bráðabirgða;

d) þrátt fyrir ákvæði 9. tl. skal stöðva samþykkta starfsáætlun í formi samnings um rannsóknir, sem hlaut stuðning ríkis skv. ii-lið c-liðar sem var aðili til bráðabirgða, ef slíkri aðild er hætt og ríkið eða aðilinn hefur ekki orðið aðildarríki;

whichever is earlier. The Council may, upon the request of the State or entity concerned, extend such membership beyond 16 November 1996 for a further period or periods not exceeding a total of two years provided that the Council is satisfied that the State or entity concerned has been making efforts in good faith to become a party to the Agreement and the Convention;

(b) If this Agreement enters into force after 15 November 1996, such States and entities may request the Council to grant continued membership in the Authority on a provisional basis for a period or periods not extending beyond 16 November 1998. The Council shall grant such membership with effect from the date of the request if it is satisfied that the State or entity has been making efforts in good faith to become a party to the Agreement and the Convention;

(c) States and entities which are members of the Authority on a provisional basis in accordance with subparagraph (a) or (b) shall apply the terms of Part XI and this Agreement in accordance with their national or internal laws, regulations and annual budgetary appropriations and shall have the same rights and obligations as other members, including:

(i) The obligation to contribute to the administrative budget of the Authority in accordance with the scale of assessed contributions;

(ii) The right to sponsor an application for approval of a plan of work for exploration. In the case of entities whose components are natural or juridical persons possessing the nationality of more than one State, a plan of work for exploration shall not be approved unless all the States whose natural or juridical persons comprise those entities are States Parties or members on a provisional basis;

(d) Notwithstanding the provisions of paragraph 9, an approved plan of work in the form of a contract for exploration which was sponsored pursuant to subparagraph (c)(ii) by a State which was a member on a provisional basis shall terminate if such membership ceases and the State or entity has not become a State Party;

e) hafi slíkur aðili ekki skilað niðurjöfnuðum framlögum sínum eða með öðrum hætti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum tölulið skal aðild hans til bráðabirgða lokið.

13. Túlka ber skírskotun í 10. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn til óviðunandi frammistöðu á þann veg að verktakinn hafi ekki fullnægt kröfum samþykktrar starfsáætlunar þrátt fyrir eina eða fleiri skriflegar viðvaranir stofnunarinnar til hans um að gera það.

14. Stofnunin skal starfa eftir eigin fjárhagsáætlun. Fram til loka næsta árs eftir árið sem samningur þessi öðlast gildi skal mæta rekstrarútgjöldum stofnunarinnar með framlögum af fjárlögum Sameinuðu þjóðanna. Eftir það skal mæta rekstrarútgjöldum stofnunarinnar með niðurjöfnuðum framlögum þeirra sem eru aðilar að henni, meðal annars aðila til bráðabirgða, skv. a-lið 171. gr. og 173. gr. hafréttarsamningsins og samningi þessum, þangað til stofnunin hefur nægjanlegt fé annars staðar frá til að standa straum af þessum kostnaði. Stofnunin skal ekki nota heimild, sem getið er um í 1. tl. 174. gr. hafréttarsamningsins, til að taka fé að láni til að fjármagna áætluð rekstrarútgjöld sín.

15. Stofnunin skal útfæra og samþykkja, skv. ii-lið o-liðar 2. tl. 162. gr. hafréttarsamningsins, reglur, reglugerðir og starfshætti sem byggð eru á reglunum í 2., 5., 6., 7. og 8. kafla viðauka þessa auk nauðsynlegra viðbótarreglna, -reglugerða og -starfshátta til að auðvelda samþykki starfsáætlana um rannsóknir eða hagnýtingu samkvæmt eftirfarandi liðum:

a) ráðið getur látið slíka útfærslu fara fram hvenær sem það álítur einhverjar eða allar slíkar reglur, reglugerðir og starfshætti nauðsynleg vegna starfsemi á svæðinu eða þegar það ákveður að hagnýting í atvinnuskyni sé yfirvofandi eða að beiðni ríkis ef ríkisborgari þess hyggst sækja um samþykki fyrir starfsáætlun um hagnýtingu;
b) leggi ríki, sem getið er um í a-lið, fram beiðni ber ráðinu að ljúka við að samþykkja slíkar reglur, reglugerðir og starfshætti, skv. o-lið 2. tl. 162. gr. hafréttarsamningsins, innan tveggja ára frá því að beiðnin er lögð fram;

(e) If such a member has failed to make its assessed contributions or otherwise failed to comply with its obligations in accordance with this paragraph, its membership on a provisional basis shall be terminated.

13. The reference in Annex III, article 10, of the Convention to performance which has not been satisfactory shall be interpreted to mean that the contractor has failed to comply with the requirements of an approved plan of work in spite of a written warning or warnings from the Authority to the contractor to comply therewith.

14. The Authority shall have its own budget. Until the end of the year following the year during which this Agreement enters into force, the administrative expenses of the Authority shall be met through the budget of the United Nations. Thereafter, the administrative expenses of the Authority shall be met by assessed contributions of its members, including any members on a provisional basis, in accordance with articles 171, subparagraph (a), and 173 of the Convention and this Agreement, until the Authority has sufficient funds from other sources to meet those expenses. The Authority shall not exercise the power referred to in article 174, paragraph 1, of the Convention to borrow funds to finance its administrative budget.

15. The Authority shall elaborate and adopt, in accordance with article 162, paragraph 2(o)(ii), of the Convention, rules, regulations and procedures based on the principles contained in sections 2, 5, 6, 7 and 8 of this Annex, as well as any additional rules, regulations and procedures necessary to facilitate the approval of plans of work for exploration or exploitation, in accordance with the following subparagraphs:

(a) The Council may undertake such elaboration any time it deems that all or any of such rules, regulations or procedures are required for the conduct of activities in the Area, or when it determines that commercial exploitation is imminent, or at the request of a State whose national intends to apply for approval of a plan of work for exploitation;
(b) If a request is made by a State referred to in subparagraph (a) the Council shall, in accordance with article 162, paragraph 2(o), of the Convention, complete the adoption of such rules, regulations and procedures within two years of the request;

c) hafi ráðið ekki lokið við að útfæra reglur, reglugerðir og starfshætti, sem tengjast hagnýtingu, innan tiltekins tíma og umsókn um samþykki fyrir starfsáætlun um hagnýtingu er óafgreidd ber því engu að síður að fjalla um og samþykkja til bráðabirgða slíka starfsáætlun á grundvelli ákvæða hafréttarsamningsins og reglna, reglugerða og starfshátta sem ráðið kann að hafa samþykkt til bráðabirgða eða á grundvelli viðmiðana í hafréttarsamningnum og skilmála og reglna í viðauka þessum auk meginreglunnar um bann við mismunun gagnvart verktökum.

16. Þegar stofnunin samþykkir reglur, reglugerðir og starfshætti skv. XI. hluta og samningi þessum ber henni að taka tillit til draga að reglum, reglugerðum og starfsháttum og tillagna, sem fjalla um ákvæði XI. hluta, og fram koma í skýrslum og tillögum undirbúningsnefndarinnar.

17. Viðeigandi ákvæði 4. kafla XI. hluta hafréttarsamningsins ber að túlka og beita í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. KAFLI.
FYRIRTÆKIÐ

1. Skrifstofa stofnunarinnar skal gegna hlutverki fyrirtækisins uns það hefur starfsemi óháð skrifstofunni. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar skal útnefna forstjóra til bráðabirgða úr hópi starfsmanna hennar til að hafa umsjón með því hvernig skrifstofan gegnir þessu hlutverki.

Hlutverk þetta er fólgið í því að:

a) fylgjast með og athuga stefnu og þróun á sviði jarðefnavinnslu á hafsbotni á djúpsævi, meðal annars kanna reglubundið aðstæður á málmmarkaði heimsins og verð málma, stefnu og horfur;

b) meta niðurstöður hafrannsókna með tilliti til starfsemi á svæðinu með sérstaka áherslu á rannsóknir sem tengjast umhverfisáhrifum af völdum slíkrar starfsemi;

c) meta fyrirliggjandi gögn um jarðefnaleit og rannsóknir, meðal annars viðmiðanir sem gilda um slíka starfsemi;

(c) If the Council has not completed the elaboration of the rules, regulations and procedures relating to exploitation within the prescribed time and an application for approval of a plan of work for exploitation is pending, it shall none the less consider and provisionally approve such plan of work based on the provisions of the Convention and any rules, regulations and procedures that the Council may have adopted provisionally, or on the basis of the norms contained in the Convention and the terms and principles contained in this Annex as well as the principle of non-discrimination among contractors.

16. The draft rules, regulations and procedures and any recommendations relating to the provisions of Part XI, as contained in the reports and recommendations of the Preparatory Commission, shall be taken into account by the Authority in the adoption of rules, regulations and procedures in accordance with Part XI and this Agreement.

17. The relevant provisions of Part XI, section 4, of the Convention shall be interpreted and applied in accordance with this Agreement.

SECTION 2.
THE ENTERPRISE

1. The Secretariat of the Authority shall perform the functions of the Enterprise until it begins to operate independently of the Secretariat. The Secretary-General of the Authority shall appoint from within the staff of the Authority an interim Director-General to oversee the performance of these functions by the Secretariat.

These functions shall be:

(a) Monitoring and review of trends and developments relating to deep seabed mining activities, including regular analysis of world metal market conditions and metal prices, trends and prospects;

(b) Assessment of the results of the conduct of marine scientific research with respect to activities in the Area, with particular emphasis on research related to the environmental impact of activities in the Area;

(c) Assessment of available data relating to prospecting and exploration, including the criteria for such activities;

d) meta tækniþróun sem tengist starfsemi á svæðinu, einkum tækni sem tengist verndun og varðveislu hafrýmisins;

e) meta upplýsingar og gögn viðvíkjandi fráteknum svæðum fyrir stofnunina;

f) meta viðhorf til starfsemi sameiginlegra fyrirtækja;

g) safna upplýsingum um þjálfaðan mannafla sem völ er á;

h) kanna kosti sem eru fyrir hendi við stjórn fyrirtækisins á ólíkum stigum starfsemi þess.

2. Fyrirtækið skal í upphafi reka starfsemi á sviði jarðefnavinnslu á hafsbotni á djúpsævi innan sameiginlegra fyrirtækja. Þegar starfsáætlun um hagnýtingu hefur verið samþykkt fyrir annan aðila en fyrirtækið eða þegar ráðið hefur móttekið umsókn um samstarf með fyrirtækinu í formi sameiginlegs fyrirtækis ber ráðinu að taka upp spurninguna um sjálfstæða starfsemi fyrirtækisins óháða skrifstofu stofnunarinnar. Ef samstarf við fyrirtækið í formi sameiginlegs fyrirtækis samræmist meginreglum í viðskiptum, sem byggðar eru á réttmætum forsendum, ber ráðinu að gefa út tilskipun skv. 2. tl. 170. gr. hafréttarsamningsins þar sem kveðið er á um slíka sjálfstæða starfsemi.

3. Sú skylda aðildarríkja að fjármagna einn vinnslustað fyrirtækisins, eins og kveðið er á um í 3. tl. 11. gr. IV. viðauka við hafréttarsamninginn, skal niður falla og aðildarríkjum ber ekki skylda til að fjármagna neina starfsemi á vinnslustöðum fyrirtækisins eða samkvæmt ráðstöfunum þess á sviði sameiginlegra fyrirtækja.

4. Skyldur sem verktaka ber að uppfylla gilda um fyrirtækið. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 153. gr. hafréttarsamningsins og 5. tl. 3. gr. III. viðauka við hann skal starfsáætlun fyrir fyrirtækið, þegar hún er samþykkt, vera í formi samnings milli stofnunarinnar og fyrirtækisins.

5. Verktaki, sem látið hefur af hendi tiltekið svæði til stofnunarinnar sem frátekið svæði, hefur fyrsta höfnunarrétt varðandi stofnun sameiginlegs fyrirtækis með fyrirtækinu um rannsóknir og hagnýtingu á svæðinu. Leggi fyrirtækið ekki fram umsókn vegna áætlunar um starfsemi, sem tengist slíku fráteknu svæði, innan 15 ára frá upphafi starfsemi þess sem er

(d) Assessment of technological developments relevant to activities in the Area, in particular technology relating to the protection and preservation of the marine environment;

(e) Evaluation of information and data relating to areas reserved for the Authority;

(f) Assessment of approaches to joint-venture operations;

(g) Collection of information on the availability of trained manpower;

(h) Study of managerial policy options for the administration of the Enterprise at different stages of its operations.

2. The Enterprise shall conduct its initial deep seabed mining operations through joint ventures. Upon the approval of a plan of work for exploitation for an entity other than the Enterprise, or upon receipt by the Council of an application for a joint-venture operation with the Enterprise, the Council shall take up the issue of the functioning of the Enterprise independently of the Secretariat of the Authority. If joint-venture operations with the Enterprise accord with sound commercial principles, the Council shall issue a directive pursuant to article 170, paragraph 2, of the Convention providing for such independent functioning.

3. The obligation of States Parties to fund one mine site of the Enterprise as provided for in Annex IV, article 11, paragraph 3, of the Convention shall not apply and States Parties shall be under no obligation to finance any of the operations in any mine site of the Enterprise or under its joint-venture arrangements.

4. The obligations applicable to contractors shall apply to the Enterprise. Notwithstanding the provisions of article 153, paragraph 3, and Annex III, article 3, paragraph 5, of the Convention, a plan of work for the Enterprise upon its approval shall be in the form of a contract concluded between the Authority and the Enterprise.

5. A contractor which has contributed a particular area to the Authority as a reserved area has the right of first refusal to enter into a joint-venture arrangement with the Enterprise for exploration and exploitation of that area. If the Enterprise does not submit an application for a plan of work for activities in respect of such a reserved area within 15 years of the com-

óháð skrifstofu stofnunarinnar eða innan 15 ára frá þeim degi þegar svæðið var tekið frá fyrir stofnunina, hvort sem síðar verður, ber verktakanum, sem lét svæðið af hendi, réttur til að leggja fram umsókn vegna starfsáætlunar fyrir svæðið að því tilskildu að hann bjóði fyrirtækinu í góðri trú til þátttöku í sameiginlega fyrirtækinu.

6. Ákvæði 4. tl. 170. gr., IV. viðauka og önnur ákvæði hafréttarsamningsins, sem fjalla um fyrirtækið, ber að túlka og beita samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

3. KAFLI.
ÁKVARÐANATAKA

1. Þingið skal móta almenna stefnu stofnunarinnar í samvinnu við ráðið.

2. Almenna reglan er að ákvarðanir séu teknar í deildum stofnunarinnar með almennu samkomulagi.

3. Hafi verið reynt til þrautar að taka ákvörðun með almennu samkomulagi skulu ákvarðanir um fundarsköp teknar með atkvæðagreiðslu í þinginu af meirihluta fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði og ákvarðanir um efnisatriði með atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, eins og kveðið er á um í 8. tl. 159. gr. hafréttarsamningsins.

4. Byggja ber ákvarðanir þingsins í málum, sem einnig eru á valdsviði ráðsins eða snúast um rekstur, fjárhagsáætlanir eða fjármál, á tillögum ráðsins. Samþykki þingið ekki tillögu ráðsins í einhverju máli skal það vísa málinu aftur til ráðsins til frekari umfjöllunar. Ráðið skal fjalla um málið á ný með tilliti til þeirra sjónarmiða sem þingið heldur fram.

5. Hafi verið reynt til þrautar að taka ákvörðun með almennu samkomulagi skulu ákvarðanir um fundarsköp teknar með atkvæðagreiðslu í ráðinu af meirihluta fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði og ákvarðanir um efnisatriði, nema hafréttarsamningurinn kveði á um að ákvarðanir séu teknar í ráðinu með almennu samkomulagi, skulu teknar með atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, að því tilskildu að meirihluti í þeim deildum, sem getið er um í 9. tl., sé ekki andvígur slíkum ákvörðunum. Ráðið skal við ákvarðanatöku leitast við að stuðla að framgangi hagsmuna allra aðila að stofnuninni.

mencement of its functions independent of the Secretariat of the Authority or within 15 years of the date on which that area is reserved for the Authority, whichever is the later, the contractor which contributed the area shall be entitled to apply for a plan of work for that area provided it offers in good faith to include the Enterprise as a joint-venture partner.

6. Article 170, paragraph 4, Annex IV and other provisions of the Convention relating to the Enterprise shall be interpreted and applied in accordance with this section.

SECTION 3.
DECISION-MAKING

1. The general policies of the Authority shall be established by the Assembly in collaboration with the Council.

2. As a general rule, decision-making in the organs of the Authority should be by consensus.

3. If all efforts to reach a decision by consensus have been exhausted, decisions by voting in the Assembly on questions of procedure shall be taken by a majority of members present and voting, and decisions on questions of substance shall be taken by a two-thirds majority of members present and voting, as provided for in article 159, paragraph 8, of the Convention.

4. Decisions of the Assembly on any matter for which the Council also has competence or on any administrative, budgetary or financial matter shall be based on the recommendations of the Council. If the Assembly does not accept the recommendation of the Council on any matter, it shall return the matter to the Council for further consideration. The Council shall reconsider the matter in the light of the views expressed by the Assembly.

5. If all efforts to reach a decision by consensus have been exhausted, decisions by voting in the Council on questions of procedure shall be taken by a majority of members present and voting, and decisions on questions of substance, except where the Convention provides for decisions by consensus in the Council, shall be taken by a two-thirds majority of members present and voting, provided that such decisions are not opposed by a majority in any one of the chambers referred to in paragraph 9. In taking decisions the Council shall seek to promote the interests of all the members of the Authority.

6. Ráðinu er heimilt að fresta ákvörðunartöku til að auðvelda frekari samninga ef ætla má að ekki hafi verið reynt til þrautar að taka ákvörðun með almennu samkomulagi.

7. Ákvarðanir þingsins eða ráðsins um fjármál eða fjárhagsáætlanir skal byggja á tillögum fjárhagsnefndarinnar.

8. Ákvæði b- og c-liða 8. tl. 161. gr. hafréttarsamningsins gilda ekki.

9. a) Líta ber á hvern ríkjahóp, sem er kjörinn skv. a- til c-liðum 15. tl., sem deild með tilliti til atkvæðagreiðslu í ráðinu. Líta ber á þróunarríkin, sem eru kjörin skv. d- og e-liðum 15. tl., sem eina deild með tilliti til atkvæðagreiðslu í ráðinu;

b) áður en þingið kýs fulltrúa til setu í ráðinu skal það samþykkja skrár yfir lönd sem uppfylla skilyrði fyrir aðild að ríkjahópunum sem getið er um í a- til d-liðum 15. tl. Uppfylli ríki skilyrði fyrir aðild að fleiri en einum hópi skal einungis einn hópur gera tillögu um það í kosningu til ráðsins og það skal einungis koma fram fyrir hönd þess hóps við atkvæðagreiðslu í ráðinu.

10. Þeir fulltrúar sem hver ríkjahópur, sem getið er um í a- til d-liðum 15. tl., tilnefnir skulu koma fram í ráðinu fyrir hans hönd. Hver hópur skal aðeins tilnefna jafnmarga frambjóðendur og sætafjöldi hópsins segir til um. Þegar fjöldi hugsanlegra frambjóðenda í hverjum hópanna, sem getið er um í a- til e-liðum 15. tl., er meiri en fjöldi lausra sæta í hverjum og einum þessara hópa er almenna reglan sú að meginreglan um mannaskipti gildi. Fulltrúar ríkja í hverjum þessara hópa skulu ákveða með hvaða hætti fyrrnefnd meginregla gildir í hópunum.

11. a) Ráðið skal samþykkja tillögu laga- og tækninefndarinnar um samþykki starfsáætlunar, nema það ákveði að hafna starfsáætlun með atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, þar með talið atkvæðum meirihluta fulltrúa í öllum deildum ráðsins sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. Taki ráðið ekki ákvörðun um tillögu um samþykki starfsáætlunar innan tiltekins frests ber, að honum liðnum, að líta svo á að ráðið hafi sam-

6. The Council may defer the taking of a decision in order to facilitate further negotiation whenever it appears that all efforts at achieving consensus on a question have not been exhausted.

7. Decisions by the Assembly or the Council having financial or budgetary implications shall be based on the recommendations of the Finance Committee.

8. The provisions of article 161, paragraph 8(b) and (c), of the Convention shall not apply.

9. (a) Each group of States elected under paragraph 15(a) to (c) shall be treated as a chamber for the purposes of voting in the Council. The developing States elected under paragraph 15(d) and (e) shall be treated as a single chamber for the purposes of voting in the Council.

(b) Before electing the members of the Council, the Assembly shall establish lists of countries fulfilling the criteria for membership in the groups of States in paragraph 15(a) to (d). If a State fulfils the criteria for membership in more than one group, it may only be proposed by one group for election to the Council and it shall represent only that group in voting in the Council.

10. Each group of States in paragraph 15(a) to (d) shall be represented in the Council by those members nominated by that group. Each group shall nominate only as many candidates as the number of seats required to be filled by that group. When the number of potential candidates in each of the groups referred to in paragraph 15(a) to (e) exceeds the number of seats available in each of those respective groups, as a general rule, the principle of rotation shall apply. States members of each of those groups shall determine how this principle shall apply in those groups.

11. (a) The Council shall approve a recommendation by the Legal and Technical Commission for approval of a plan of work unless by a two-thirds majority of its members present and voting, including a majority of members present and voting in each of the chambers of the Council, the Council decides to disapprove a plan of work. If the Council does not take a decision on a recommendation for approval of a plan of work within a prescribed period, the recommendation

þykkt tillöguna. Tilskilinn frestur skal almennt vera 60 dagar, nema ráðið kveði á um lengri frest. Mæli nefndin ekki með samþykki starfsáætlunar eða geri ekki tillögu er ráðinu engu að síður heimilt að samþykkja starfsáætlunina samkvæmt fundarsköpum sem gilda um ákvarðanatöku um efnisatriði í ráðinu;

b) ákvæði j-liðar 2. tl. 162. gr. hafréttarsamningsins gilda ekki.

12. Rísi deila vegna þess að starfsáætlun er hafnað ber að fara með slíka deilu samkvæmt málsmeðferð til lausnar deilumálum sem sett er fram í hafréttarsamningnum.
13. Ákvarðanir teknar með atkvæðagreiðslu í laga- og tækninefndinni skulu vera meirihlutaákvarðanir fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
14. Túlka ber og beita ákvæðum B- og C-liða 4. kafla XI. hluta hafréttarsamningsins samkvæmt kafla þessum.
15. Í ráðinu skulu vera 36 aðilar að stofnuninni sem þingið kýs í þeirri röð sem hér greinir:

a) fjórir aðilar frá þeim aðildarríkjum þar sem neysla, á síðustu fimm árum sem hagskýrslur liggja fyrir um, var meiri en tveir af hundraði í gildum talið af heildarneyslu heimsins eða nettóinnflutningur, á sama tímabili, var meiri en tveir af hundraði í gildum talið af heildarinnflutningi heimsins á vörum, framleiddum úr flokkum jarðefna sem fást munu á svæðinu, að því tilskildu að meðal aðilanna fjögurra sé eitt ríki frá Austur-Evrópu með öflugastan efnahag á því svæði í vergri landsframleiðslu talið og það ríki sem er með öflugastan efnahag í vergri landsframleiðslu talið þann dag sem hafréttarsamningurinn öðlast gildi, ef ríki þessi óska að eiga fulltrúa í þessum hópi;

b) fjórir aðilar frá þeim átta aðildarríkjum sem hafa fjárfest mest í undirbúningi og framkvæmd starfsemi á svæðinu, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu ríkisborgara sinna;

shall be deemed to have been approved by the Council at the end of that period. The prescribed period shall normally be 60 days unless the Council decides to provide for a longer period. If the Commission recommends the disapproval of a plan of work or does not make a recommendation, the Council may nevertheless approve the plan of work in accordance with its rules of procedure for decision-making on questions of substance.

(b) The provisions of article 162, paragraph 2(j), of the Convention shall not apply.

12. Where a dispute arises relating to the disapproval of a plan of work, such dispute shall be submitted to the dispute settlement procedures set out in the Convention.
13. Decisions by voting in the Legal and Technical Commission shall be by a majority of members present and voting.

14. Part XI, section 4, subsections B and C, of the Convention shall be interpreted and applied in accordance with this section.
15. The Council shall consist of 36 members of the Authority elected by the Assembly in the following order:

(a) Four members from among those States Parties which, during the last five years for which statistics are available, have either consumed more than 2 per cent in value terms of total world consumption or have had net imports of more than 2 per cent in value terms of total world imports of the commodities produced from the categories of minerals to be derived from the Area, provided that the four members shall include one State from the Eastern European region having the largest economy in that region in terms of gross domestic product and the State, on the date of entry into force of the Convention, having the largest economy in terms of gross domestic product, if such States wish to be represented in this group;

(b) Four members from among the eight States Parties which have made the largest investments in preparation for and in the conduct of activities in the Area, either directly or through their nationals;

c) fjórir aðilar frá aðildarríkjum sem á grundvelli vinnslu á svæðum undir lögsögu þeirra eru meiri háttar nettóútflytjendur á flokkum jarðefna sem fást munu af svæðinu, meðal annars að minnsta kosti tvö þróunarríki þar sem útflutningur þessara jarðefna hefur verulega þýðingu fyrir efnahag þeirra;

d) sex aðilar úr hópi aðildarríkja sem eru þróunarríki og hafa sérhagsmuna að gæta. Til þessara sérhagsmuna skulu teljast hagsmunir fjölmennra ríkja, ríkja sem eru landlukt eða landfræðilega afskipt, eyríkja, ríkja sem eru meiri háttar innflytjendur á flokkum jarðefna sem fást munu af svæðinu, ríkja sem eru hugsanlegir framleiðendur þessara jarðefna og ríkja sem eru skemmst á veg komin í þróun;

e) átján aðilar kjörnir samkvæmt meginreglunni um að tryggja sanngjarna hnattfræðilega dreifingu sæta í ráðinu í heild enda eigi hvert hnattsvæði að minnsta kosti einn fulltrúa sem er kjörinn samkvæmt þessum lið. Með tilliti til þessa skulu fyrrnefnd hnattsvæði vera Afríka, Asía, Austur-Evrópa, Rómanska Ameríka og Karíbaeyjar, og Vestur-Evrópa og önnur ríki.

16. Ákvæði 1. tl. 161. gr. hafréttarsamningsins gilda ekki.

4. KAFLI.
ENDURSKOÐUNARRÁÐSTEFNA

Ákvæði um endurskoðunarráðstefnuna, sem um er getið í 1., 3. og 4. tl. 155. gr. hafréttarsamningsins, gilda ekki. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 314. gr. hafréttarsamningsins er þinginu hvenær sem er heimilt, að tillögu ráðsins, að láta fara fram endurskoðun þeirra mála sem getið er um í 1. tl. 155. gr. hafréttarsamningsins. Breytingar, sem varða samning þennan og XI. hluta, skulu háðar þeirri málsmeðferð sem getið er um í 314., 315. og 316. gr. hafréttarsamningsins, að því tilskildu að ekki sé vikið frá meginreglum, stjórnkerfi og öðrum skilmálum sem getið er um í 2. tl. 155. gr. hafréttarsamningsins og ekki sé hróflað við réttindum sem getið er um í 5. tl. sömu greinar.

(c) Four members from among States Parties which, on the basis of production in areas under their jurisdiction, are major net exporters of the categories of minerals to be derived from the Area, including at least two developing States whose exports of such minerals have a substantial bearing upon their economies;

(d) Six members from among developing States Parties, representing special interests. The special interests to be represented shall include those of States with large populations, States which are landlocked or geographically disadvantaged, island States, States which are major importers of the categories of minerals to be derived from the Area, States which are potential producers of such minerals and least developed States;

(e) Eighteen members elected according to the principle of ensuring an equitable geographical distribution of seats in the Council as a whole, provided that each geographical region shall have at least one member elected under this subparagraph. For this purpose, the geographical regions shall be Africa, Asia, Eastern Europe, Latin America and the Caribbean and Western Europe and Others.

16. The provisions of article 161, paragraph 1, of the Convention shall not apply.

SECTION 4.
REVIEW CONFERENCE

The provisions relating to the Review Conference in article 155, paragraphs 1, 3 and 4, of the Convention shall not apply. Notwithstanding the provisions of article 314, paragraph 2, of the Convention, the Assembly, on the recommendation of the Council, may undertake at any time a review of the matters referred to in article 155, paragraph 1, of the Convention. Amendments relating to this Agreement and Part XI shall be subject to the procedures contained in articles 314, 315 and 316 of the Convention, provided that the principles, regime and other terms referred to in article 155, paragraph 2, of the Convention shall be maintained and the rights referred to in paragraph 5 of that article shall not be affected.

5. KAFLI.
MIÐLUN TÆKNI

1. Auk ákvæða 144. gr. hafréttarsamningsins gilda eftirfarandi meginreglur um miðlun tækni að því er varðar XI. hluta:

a) fyrirtækið og þróunarríki, sem vilja öðlast tækniþekkingu til að vinna jarðefni á hafsbotni á djúpsævi, skulu leita eftir því að öðlast slíka tækniþekkingu samkvæmt sanngjörnum og réttmætum viðskiptaskilmálum og -skilyrðum á opnum markaði eða gegnum sameiginlegan fyrirtækjarekstur;

b) geti fyrirtækið eða þróunarríki ekki öðlast tækniþekkingu til að vinna jarðefni á hafsbotni á djúpsævi er stofnuninni heimilt að fara þess á leit við alla eða einhverja verktaka og stuðningsríki viðkomandi, eitt eða fleiri, að þau vinni með henni að því að auðvelda fyrirtækinu eða sameiginlegu fyrirtæki þess eða þróunarríki eða -ríkjum, sem leita eftir því að öðlast slíka tækniþekkingu samkvæmt sanngjörnum og réttmætum viðskiptaskilmálum og -skilyrðum, að afla sér tækniþekkingar til að vinna jarðefni á hafsbotni á djúpsævi í samræmi við ákvæði um virka vernd hugverkaréttar. Aðildarríki skuldbinda sig til að vinna heils hugar með stofnuninni og með skilvirkum hætti að þessum málum og til að tryggja að verktakar, sem njóta stuðnings þeirra, vinni einnig heils hugar með stofnuninni;

c) aðildarríki skulu almennt stuðla að alþjóðlegri samvinnu á sviði tækni og vísinda með tilliti til starfsemi á svæðinu, annaðhvort milli viðkomandi aðila eða með því að semja áætlanir um þjálfun, tækniaðstoð og vísindasamvinnu á sviði haffræði og haftækni og verndunar og varðveislu hafrýmisins.

2. Ákvæði 5. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn gilda ekki.

SECTION 5.
TRANSFER OF TECHNOLOGY

1. In addition to the provisions of article 144 of the Convention, transfer of technology for the purposes of Part XI shall be governed by the following principles:

(a) The Enterprise, and developing States wishing to obtain deep seabed mining technology, shall seek to obtain such technology on fair and reasonable commercial terms and conditions on the open market, or through joint-venture arrangements;

(b) If the Enterprise or developing States are unable to obtain deep seabed mining technology, the Authority may request all or any of the contractors and their respective sponsoring State or States to cooperate with it in facilitating the acquisition of deep seabed mining technology by the Enterprise or its joint venture, or by a developing State or States seeking to acquire such technology on fair and reasonable commercial terms and conditions, consistent with the effective protection of intellectual property rights. States Parties undertake to cooperate fully and effectively with the Authority for this purpose and to ensure that contractors sponsored by them also cooperate fully with the Authority;

(c) As a general rule, States Parties shall promote international technical and scientific cooperation with regard to activities in the Area either between the parties concerned or by developing training, technical assistance and scientific cooperation programmes in marine science and technology and the protection and preservation of the marine environment.

2. The provisions of Annex III, article 5, of the Convention shall not apply.

6. KAFLI.
FRAMLEIÐSLUSTEFNA

1. Byggja ber framleiðslustefnu stofnunarinnar á eftirfarandi meginreglum:

SECTION 6.
PRODUCTION POLICY

1. The production policy of the Authority shall be based on the following principles:

a) þróun auðlinda svæðisins skal fara fram í samræmi við góðar meginreglur í viðskiptum;

b) ákvæði hins almenna samnings um tolla og viðskipti, viðeigandi reglur og síðari samningar eða samningar sem leysa aðra af hólmi gilda með tilliti til starfsemi á svæðinu;

c) einkum skulu styrkveitingar til starfsemi á svæðinu óheimilar nema þær sem eru í samræmi við ákvæði samninganna sem getið er um í b-lið. Skilgreina ber styrkveitingar að því er varðar þessar meginreglur samkvæmt samningunum sem getið er um í b-lið;

d) ekki skal eiga sér stað mismunun með tilliti til jarðefna af svæðinu og jarðefna sem eiga sér upptök annars staðar. Ívilnanir að því er varðar markaðsaðgang fyrir slík jarðefni skulu ekki eiga sér stað eða að því er varðar innflutning vara sem framleiddar eru úr þessum jarðefnum, einkum:
i) með því að beita tollum eða öðrum hindrunum; og
ii) með því að aðildarríki veiti slíkar ívilnanir fyrir þessi jarðefni eða vörur sem fyrirtæki í eigu þeirra framleiða eða einstaklingar eða lögpersónur sem eru af þjóðerni þeirra eða sem þau eða ríkisborgarar þeirra stjórna;

e) í starfsáætlun um hagnýtingu, sem stofnunin samþykkir fyrir hvert vinnslusvæði, skal koma fram væntanleg framleiðsluáætlun þar sem áætluð árleg hámarksframleiðsla jarðefna samkvæmt starfsáætluninni er gefin til kynna;

f) um lausn deilumála vegna ákvæða samninganna, sem getið er um í b-lið, gildir eftirfarandi:

i) viðkomandi aðildarríki, sem eru aðilar að fyrrnefndum samningum, skulu fara eftir reglum þeirra samninga um lausn deilumála;
ii) ef eitt eða fleiri viðkomandi aðildarríki eru ekki aðilar að fyrrnefndum samningum skulu þau fara eftir reglum hafréttarsamningsins um lausn deilumála;

(a) Development of the resources of the Area shall take place in accordance with sound commercial principles;

(b) The provisions of the General Agreement on Tariffs and Trade, its relevant codes and successor or superseding agreements shall apply with respect to activities in the Area;

(c) In particular, there shall be no subsidization of activities in the Area except as may be permitted under the agreements referred to in subparagraph (b). Subsidization for the purpose of these principles shall be defined in terms of the agreements referred to in subparagraph (b);

(d) There shall be no discrimination between minerals derived from the Area and from other sources. There shall be no preferential access to markets for such minerals or for imports of commodities produced from such minerals, in particular:

(i) By the use of tariff or non-tariff barriers; and
(ii) Given by States Parties to such minerals or commodities produced by their state enterprises or by natural or juridical persons which possess their nationality or are controlled by them or their nationals;

(e) The plan of work for exploitation approved by the Authority in respect of each mining area shall indicate an anticipated production schedule which shall include the estimated maximum amounts of minerals that would be produced per year under the plan of work;

(f) The following shall apply to the settlement of disputes concerning the provisions of the agreements referred to in subparagraph (b):
(i) Where the States Parties concerned are parties to such agreements, they shall have recourse to the dispute settlement procedures of those agreements;
(ii) Where one or more of the States Parties concerned are not parties to such agreements, they shall have recourse to the dispute settlement procedures set out in the Convention;

g) þegar úrskurðað er samkvæmt ákvæðum samninganna, sem getið er um í b-lið, að aðildarríki hafi veitt styrk sem er óleyfilegur eða hefur skaðað hagsmuni annars aðildarríkis og viðkomandi aðildarríki, eitt eða fleiri, hefur ekki gripið til viðeigandi ráðstafana getur aðildarríki farið þess á leit við ráðið að það grípi til viðeigandi ráðstafana.

2. Meginreglur 1. tl. hafa ekki áhrif á réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum samninganna sem getið er um í b-lið 1. tl. og viðeigandi fríverslunarsamninga og samninga um tollabandalög þegar um samskipti aðildarríkja er að ræða sem eru aðilar að slíkum samningum.

3. Ef verktaki þiggur fjárframlög, önnur en þau sem kunna að vera heimil samkvæmt samningunum sem um getur í b-lið 1. tl., er um brot að ræða á grunnskilmálum samningsins sem hefur að geyma áætlun um starfsemi á svæðinu.

4. Aðildarríki, sem hefur ástæðu til að ætla að um brot á ákvæðum b- til d-liða 1. tl. eða 3. tl. sé að ræða, getur hafið málsmeðferð til lausnar deilumáli skv. f- eða g-lið 1. tl.

5. Aðildarríki getur hvenær sem er vakið athygli ráðsins á starfsemi sem það álítur vera í ósamræmi við ákvæði b- til d-liða 1. tl.

6. Stofnunin skal móta reglur, reglugerðir og starfshætti til að tryggja að ákvæðum þessa kafla sé hrint í framkvæmd, meðal annars viðeigandi reglur, reglugerðir og starfshætti sem fjalla um samþykki starfsáætlana.

7. Ákvæði 1. til 7. tl. og 9. tl. 151. gr., q-liðar 2. tl. 162. gr., n-liðar 2. tl. 165. gr. og 5. tl. 6. gr. og 7. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn gilda ekki.

7. KAFLI.
EFNAHAGSAÐSTOÐ

1. Stofnuninni ber að byggja stefnu sína varðandi aðstoð við þróunarlönd, þar sem lækkun á verði viðkomandi jarðefnis eða minnkun á útflutningsmagni þess jarðefnis hefur óhagstæð áhrif á útflutningstekjur þeirra eða efnahag að því leyti sem starfsemi á svæðinu veldur þessari skerðingu, á eftirfarandi meginreglum:

(g) In circumstances where a determination is made under the agreements referred to in subparagraph (b) that a State Party has engaged in subsidization which is prohibited or has resulted in adverse effects on the interests of another State Party and appropriate steps have not been taken by the relevant State Party or States Parties, a State Party may request the Council to take appropriate measures.

2. The principles contained in paragraph 1 shall not affect the rights and obligations under any provision of the agreements referred to in paragraph 1(b), as well as the relevant free trade and customs union agreements, in relations between States Parties which are parties to such agreements.

3. The acceptance by a contractor of subsidies other than those which may be permitted under the agreements referred to in paragraph 1(b) shall constitute a violation of the fundamental terms of the contract forming a plan of work for the carrying out of activities in the Area.

4. Any State Party which has reason to believe that there has been a breach of the requirements of paragraphs 1(b) to (d) or 3 may initiate dispute settlement procedures in conformity with paragraph 1(f) or (g).

5. A State Party may at any time bring to the attention of the Council activities which in its view are inconsistent with the requirements of paragraph 1(b) to (d).

6. The Authority shall develop rules, regulations and procedures which ensure the implementation of the provisions of this section, including relevant rules, regulations and procedures governing the approval of plans of work.

7. The provisions of article 151, paragraphs 1 to 7 and 9, article 162, paragraph 2(q), article 165, paragraph 2(n), and Annex III, article 6, paragraph 5, and article 7, of the Convention shall not apply.

SECTION 7.
ECONOMIC ASSISTANCE

1. The policy of the Authority of assisting developing countries which suffer serious adverse effects on their export earnings or economies resulting from a reduction in the price of an affected mineral or in the volume of exports of that mineral, to the extent that such reduction is caused by activities in the Area, shall be based on the following principles:

a) stofnunin skal stofna sjóð sem veitir efnahagsaðstoð og myndaður er af hluta þess fjár sem gengur af nauðsynlegu rekstrarfé stofnunarinnar. Ráðið skal ákveða þá fjárhæð sem lögð er til hliðar í þessu skyni hverju sinni að fenginni tillögu fjárhagsnefndarinnar. Aðeins skal nota fé sem móttekið er sem greiðslur frá verktökum, meðal annars fyrirtækinu, og frjáls framlög til að koma fyrrnefndum sjóði fyrir efnahagsaðstoð á fót;

b) þróunarríki, sem stunda framleiðslu á landi og talin eru hafa orðið verulega illa úti í efnahagslegu tilliti af völdum framleiðslu jarðefna af hafsbotni á djúpsævi, skulu hljóta efnahagsaðstoð úr sjóði stofnunarinnar;

c) stofnunin skal veita þróunarríkjum, sem stunda framleiðslu á landi og verða fyrir áhrifum, aðstoð úr sjóðnum, þar sem það á við, í samvinnu við starfandi hnattrænar eða svæðisbundnar þróunarstofnanir sem hafa grunnvirki og sérfræðiþekkingu til að hrinda slíkri aðstoð í framkvæmd;

d) ákveða skal umfang og tímalengd slíkrar aðstoðar í hverju tilviki fyrir sig um leið og taka ber tillit til eðlis og umfangs þeirra erfiðleika sem þróunarríkin, sem stunda framleiðslu á landi og verða fyrir áhrifum, lenda í.

2. Beita skal ákvæðum 10. tl. 151. gr. hafréttarsamningsins með því að veita efnahagsaðstoð sem getið er um í 1. tl. Túlka ber l-lið 2. tl. 160. gr., n-lið 2. tl. 162. gr., d-lið 2. tl. 164. gr., f-lið 171. gr. og c-lið 2. tl. 173. gr. hafréttarsamningsins eftir því.

(a) The Authority shall establish an economic assistance fund from a portion of the funds of the Authority which exceeds those necessary to cover the administrative expenses of the Authority. The amount set aside for this purpose shall be determined by the Council from time to time, upon the recommendation of the Finance Committee. Only funds from payments received from contractors, including the Enterprise, and voluntary contributions shall be used for the establishment of the economic assistance fund;

(b) Developing land-based producer States whose economies have been determined to be seriously affected by the production of minerals from the deep seabed shall be assisted from the economic assistance fund of the Authority;

(c) The Authority shall provide assistance from the fund to affected developing land-based producer States, where appropriate, in cooperation with existing global or regional development institutions which have the infrastructure and expertise to carry out such assistance programmes;

(d) The extent and period of such assistance shall be determined on a case-by-case basis. In doing so, due consideration shall be given to the nature and magnitude of the problems encountered by affected developing land-based producer States.

2. Article 151, paragraph 10, of the Convention shall be implemented by means of measures of economic assistance referred to in paragraph 1. Article 160, paragraph 2(l), article 162, paragraph 2(n), article 164, paragraph 2(d), article 171, subparagraph (f), and article 173, paragraph 2(c), of the Convention shall be interpreted accordingly.

8. KAFLI.
FJÁRHAGSSKILMÁLAR SAMNINGA

1. Eftirfarandi meginreglur mynda grundvöll að samþykkt reglna, reglugerða og starfsháttа sem lúta að fjárhagsskilmálum samninga:

a) fyrirkomulag greiðslu til stofnunarinnar skal vera sanngjarnt gagnvart verktaka og stofnuninni og samkvæmt því skal vera

SECTION 8.
FINANCIAL TERMS OF CONTRACTS

1. The following principles shall provide the basis for establishing rules, regulations and procedures for financial terms of contracts:

(a) The system of payments to the Authority shall be fair both to the contractor and to the Authority and shall provide adequate

unnt að skera úr um hvort verktaki heldur það í heiðri;

b) fjárhæð greiðslu samkvæmt fyrirkomulaginu skal vera innan sömu marka og algengt er um vinnslu sömu eða svipaðra jarðefna á landi í því augnamiði að forðast að aðilum, sem vinna jarðefni á hafsbotni á djúpsævi, sé veitt óeðlilegt samkeppnishagræði eða að samkeppnisóhagræði sé þröngvað upp á þá;

c) fyrirkomulagið skal vera einfalt í sniðum og ekki hafa í för með sér verulegan rekstrarkostnað fyrir stofnunina eða verktaka. Íhuga ber hvort taka beri upp einkaleyfisþóknun eða tengja saman einkaleyfisþóknun og hagnaðarhlutdeild. Ef valkostir verða í boði hefur verktaki rétt á að velja það fyrirkomulag sem er heimfæranlegt upp á samning þann sem hann hefur gert. Síðari breytingar á vali milli ólíkra kosta skal engu að síður gera með samningi milli stofnunarinnar og verktakans;

d) greiða ber fast árgjald frá þeim degi sem vinnsla í viðskiptatilgangi hefst. Heimilt er að færa gjald þetta sem innborgun á móti öðrum gjaldföllnum greiðslum í samræmi við fyrirkomulag það sem samþykkt var skv. c-lið. Ráðið skal ákvarða fjárhæð gjaldsins;

e) heimilt er að endurskoða fyrirkomulag greiðslu öðru hverju í ljósi breyttra aðstæðna. Allar breytingar skulu gerðar án mismununar. Slíkar breytingar geta aðeins náð til gildandi samninga þegar val verktaka fer fram. Síðari breytingar á vali milli ólíkra kosta skal gera með samningi milli stofnunarinnar og verktakans;

f) málsmeðferð til lausnar deilumálum, sem sett er fram í hafréttarsamningnum, skal gilda um deilur um túlkun eða beitingu reglna og reglugerða sem byggðar eru á meginreglum þessum.

2. Ákvæði 3. til 10. tl. 13. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn gilda ekki.

3. Gjald fyrir vinnslu umsókna um samþykki fyrir starfsáætlun sem takmarkast við eitt stig, annaðhvort rannsóknastig eða hagnýtingarstig, skal, að því er varðar framkvæmd ákvæða 2. tl. 13. gr. III. viðauka við hafréttarsamninginn, vera 250 000 Bandaríkjadalir.

means of determining compliance by the contractor with such system;

(b) The rates of payments under the system shall be within the range of those prevailing in respect of land-based mining of the same or similar minerals in order to avoid giving deep seabed miners an artificial competitive advantage or imposing on them a competitive disadvantage;

(c) The system should not be complicated and should not impose major administrative costs on the Authority or on a contractor. Consideration should be given to the adoption of a royalty system or a combination of a royalty and profit-sharing system. If alternative systems are decided upon, the contractor has the right to choose the system applicable to its contract. Any subsequent change in choice between alternative systems, however, shall be made by agreement between the Authority and the contractor;

(d) An annual fixed fee shall be payable from the date of commencement of commercial production. This fee may be credited against other payments due under the system adopted in accordance with subparagraph (c). The amount of the fee shall be established by the Council;

(e) The system of payments may be revised periodically in the light of changing circumstances. Any changes shall be applied in a non-discriminatory manner. Such changes may apply to existing contracts only at the election of the contractor. Any subsequent change in choice between alternative systems shall be made by agreement between the Authority and the contractor;

(f) Disputes concerning the interpretation or application of the rules and regulations based on these principles shall be subject to the dispute settlement procedures set out in the Convention.

2. The provisions of Annex III, article 13, paragraphs 3 to 10, of the Convention shall not apply.

3. With regard to the implementation of Annex III, article 13, paragraph 2, of the Convention, the fee for processing applications for approval of a plan of work limited to one phase, either the exploration phase or the exploitation phase, shall be US$ 250,000.

9. KAFLI.
FJÁRHAGSNEFNDIN

1. Hér með er sett á stofn fjárhagsnefnd. Í nefndinni skulu sitja 15 menn með viðeigandi menntun og hæfni á sviði fjármála. Aðildarríki skulu tilnefna frambjóðendur sem uppfylla ströngustu skilyrði um hæfni og heiðarleika.

2. Engir tveir menn í fjárhagsnefndinni skulu vera ríkisborgarar sama aðildarríkis.

3. Þingið kýs menn í fjárhagsnefndina og taka ber eðlilegt tillit til nauðsynlegrar, jafnrar hnattfræðilegrar dreifingar og þess að sérhagsmuna sé gætt. Sérhver ríkjahópur, sem getið er um í a-, b-, c- og d-liðum 15. tl. 3. kafla viðauka þessa, skal eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í nefndinni. Þar til stofnunin hefur nægilegt fé, annað en ákveðin framlög, til að mæta rekstrarútgjöldum skulu fulltrúar fimm stærstu veitenda fjár til reksturs stofnunarinnar sitja í nefndinni. Eftir það skal kjör eins fulltrúa úr hverjum hópi fara fram að undangengnum tilnefningum af hálfu meðlima í viðkomandi hópi með fyrirvara um að hugsanlega megi kjósa fleiri nefndarmenn úr hverjum hópi.

4. Starfstími nefndarmanna í fjárhagsnefnd skal vera fimm ár. Heimilt er að endurkjósa þá fyrir annað kjörtímabil.

5. Ef nefndarmaður í fjárhagsnefndinni fellur frá, verður óhæfur eða biðst lausnar fyrir lok starfstímans skal þingið kjósa nefndarmann frá sama hnattsvæði eða ríkjahópi til loka starfstímans.

6. Nefndarmenn í fjárhagsnefndinni skulu ekki hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta af starfsemi sem snertir málefni sem nefndinni ber að gera tillögur um. Þeir skulu ekki, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, opinbera trúnaðarupplýsingar sem þeir fá vitneskju um vegna skyldustarfa fyrir stofnunina.

7. Þingið og ráðið skulu taka tillit til tillagna fjárhagsnefndarinnar við ákvarðanir sínar um eftirfarandi atriði:

a) drög að reglum, reglugerðum og starfsháttum deilda stofnunarinnar sem snerta fjármál auk fjármálastjórnar og innri stjórnar fjármála stofnunarinnar;

SECTION 9.
THE FINANCE COMMITTEE

1. There is hereby established a Finance Committee. The Committee shall be composed of 15 members with appropriate qualifications relevant to financial matters. States Parties shall nominate candidates of the highest standards of competence and integrity.

2. No two members of the Finance Committee shall be nationals of the same State Party.

3. Members of the Finance Committee shall be elected by the Assembly and due account shall be taken of the need for equitable geographical distribution and the representation of special interests. Each group of States referred to in section 3, paragraph 15(a), (b), (c) and (d), of this Annex shall be represented on the Committee by at least one member. Until the Authority has sufficient funds other than assessed contributions to meet its administrative expenses, the membership of the Committee shall include representatives of the five largest financial contributors to the administrative budget of the Authority. Thereafter, the election of one member from each group shall be on the basis of nomination by the members of the respective group, without prejudice to the possibility of further members being elected from each group.

4. Members of the Finance Committee shall hold office for a term of five years. They shall be eligible for re-election for a further term.

5. In the event of the death, incapacity or resignation of a member of the Finance Committee prior to the expiration of the term of office, the Assembly shall elect for the remainder of the term a member from the same geographical region or group of States.

6. Members of the Finance Committee shall have no financial interest in any activity relating to matters upon which the Committee has the responsibility to make recommendations. They shall not disclose, even after the termination of their functions, any confidential information coming to their knowledge by reason of their duties for the Authority.

7. Decisions by the Assembly and the Council on the following issues shall take into account recommendations of the Finance Committee:

(a) Draft financial rules, regulations and procedures of the organs of the Authority and the financial management and internal financial administration of the Authority;

b) ákvörðun framlaga aðila vegna áætlunar stofnunarinnar um rekstrarútgjöld skv. e-lið 2. tl. 160. gr. hafréttarsamningsins;

c) öll fjármál sem máli skipta, meðal annars drög að árlegri fjárhagsáætlun sem aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar undirbýr skv. 172. gr. hafréttarsamningsins og fjárhagslega þætti sem tengjast því að hrinda starfsáætlunum skrifstofunnar í framkvæmd;

d) áætlun um rekstrarútgjöld;

e) fjárhagsskuldbindingar aðildarríkja vegna framkvæmdar samnings þessa og XI. hluta auk áhrifa sem tillögur og ályktanir, sem fela í sér fjárútlát úr sjóðum stofnunarinnar, hafa á rekstur og fjárhagsáætlanir;

f) reglur, reglugerðir og starfshætti viðvíkjandi sanngjarnri skiptingu fjárhagslegra og annarra efnahagslegra hagsbóta sem eiga rætur að rekja til stafsemi á svæðinu og ákvarðanir sem verða teknar þar að lútandi.

8. Meirihluti fulltrúa, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, skulu taka ákvarðanir í fjárhagsnefndinni um spurningar sem varða fundarsköp. Ákvarðanir um efnisatriði skulu teknar með almennu samkomulagi.

9. Líta ber svo á að ákvæði y-liðar 2. tl. 162. gr. hafréttarsamningsins um að stofnsetja undirdeild til að fást við fjármál hafi verið uppfyllt með stofnsetningu fjárhagsnefndarinnar í samræmi við þennan kafla.

(b) Assessment of contributions of members to the administrative budget of the Authority in accordance with article 160, paragraph 2(e), of the Convention;

(c) All relevant financial matters, including the proposed annual budget prepared by the Secretary-General of the Authority in accordance with article 172 of the Convention and the financial aspects of the implementation of the programmes of work of the Secretariat;

(d) The administrative budget;

(e) Financial obligations of States Parties arising from the implementation of this Agreement and Part XI as well as the administrative and budgetary implications of proposals and recommendations involving expenditure from the funds of the Authority;

(f) Rules, regulations and procedures on the equitable sharing of financial and other economic benefits derived from activities in the Area and the decisions to be made thereon.

8. Decisions in the Finance Committee on questions of procedure shall be taken by a majority of members present and voting. Decisions on questions of substance shall be taken by consensus.

9. The requirement of article 162, paragraph 2(y), of the Convention to establish a subsidiary organ to deal with financial matters shall be deemed to have been fulfilled by the establishment of the Finance Committee in accordance with this section.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 28. september 1994 öðlaðist gildi bókun frá 24. nóvember 1993 um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna frá 2. maí 1992 um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn er birtur, 38/1993, 40/1995, 45/1995 og 46/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 45 31. júlí 1995

AUGLÝSING

um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 9. ágúst 1994 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á bókunum 2 og 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna frá 2. maí 1992 um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Brussel 21. mars 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur, 38/1993, 40/1995, 44/1995 og 46/1995. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 46 31. júlí 1995

AUGLÝSING

um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 10. janúar 1994 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna frá 2. maí 1992 um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Brussel 7. mars 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur, 38/1993, 40/1995, 44/1995 og 45/1995. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarbókunar við samning um lyfjaskrá Evrópu.

Hinn 1. nóvember 1992 öðlaðist gildi viðbótarbókun frá 16. nóvember 1989 við samning um lyfjaskrá Evrópu frá 22. júlí 1964, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1975 og 17/1990 þar sem viðbótarbókunin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

31. júlí 1995 Nr. 48

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á stofnskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Hinn 11. júlí 1994 öðluðust gildi breytingar frá 12. maí 1986 á 24. og 25. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar frá 22. júlí 1946, sbr. samninga Íslands við erlend ríki nr. 59 og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 28/1975, 13/1982, 8/1983, 24/1989 og 12/1991 þar sem breytingarnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

31. júlí 1995 Nr. 49

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Hinn 1. maí 1994 öðluðust gildi breytingar frá 28. maí 1987 á samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, frá 2. febrúar 1971, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1978, 10/1986 og 19/1993 þar sem breytingarnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um niðurfellingu Norðurlandasamnings um samgöngumál.

Með tilkynningu 13. apríl 1995 sagði Noregur upp aðild sinni að Norðurlandasamningi um samstarf á sviði flutninga og samgangna frá 6. nóvember 1972, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1972 og 4/1973.

Í samræmi við 15. gr. samningsins fellur hann úr gildi 31. desember 1995. Jafnframt fellur úr gildi samkomulag um breytingu á samningnum frá 15. júní 1983, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1983 og 1/1984.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 51 31. júlí 1995

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

Hinn 13. maí 1995 öðlaðist gildi alþjóðasamningur frá 30. nóvember 1990 um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 52 29. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Búlgaríu tók á árinu 1994 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Búlgaríu frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	01.06.94	Starfsreglur nefndarinnar	01.06.94
2/94	01.06.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	01.06.94
3/94	01.06.94	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	01.06.94
4/94	01.06.94	Undanþága frá ákvæði 23. gr. bókunar B	01.07.94

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

29. desember 1995 Nr. 53

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ísraels tók á árinu 1993 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels frá 17. september 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1993, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/93	11./12.11.93	Starfsreglur nefndarinnar	12.11.93
2/93	11./12.11.93	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	12.11.93
3/93	11./12.11.93	Breyting á bókun A	12.11.93
4/93	11./12.11.93	Breyting og leiðrétting á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum við samninginn	12.11.93

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Póllands tók á árunum 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993 og 25/1993, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	27.10.94	Starfsreglur nefndarinnar	27.10.94
2/94	27.10.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	27.10.94
3/94	27.10.94	Breyting og leiðrétting á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	27.10.94
4/94	27.10.94	Breyting á bókun B við samninginn	27.10.94
5/94	27.10.94	Breyting á VII. viðauka	27.10.94
6/94	27.10.94	Breyting á IX. viðauka	27.10.94
1/95	30.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 55 29. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Rúmeníu tók á árunum 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	31.01.94	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	31.01.94
2/94	30.05.94	Starfsreglur nefndarinnar	30.05.94
3/94	30.05.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	30.05.94
4/94	30.05.94	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum samningsins	01.07.94
5/94	30.05.94	Endurskoðun töflu í IX. viðauka	30.05.94
6/94	30.05.94	Breyting á bókun A	30.05.94
1/95	30.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

29. desember 1995 Nr. 56

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóvakíu tók á árunum 1993, 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993 og 5/1993, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/93	23./24.04.93	Starfsreglur nefndarinnar	24.04.93
2/93	23./24.04.93	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	24.04.93
3/93	23./24.04.93	Breyting á bókun A	24.04.93
4/93	23./24.04.93	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	24.04.93
5/93	23./24.04.93	Breyting á bókun B og XIV. viðauka við samninginn	01.06.93
1/94	31.01.94	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	31.01.94
2/94	17.03.94	Leiðréttingar á villum í bókun A	17.03.94
3/94	17.03.94	Breyting á II. viðauka	17.03.94
4/94	17.03.94	Breyting á VIII. viðauka	17.03.94
5/94	17.03.94	Breyting á VI. viðauka	17.03.94
6/94	17.03.94	Breyting á VI. viðauka	17.03.94
7/94	17.03.94	Reglur um framkvæmd 4. mgr. 19. gr.	17.03.94
1/95	11.05.95	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	11.05.95
2/95	11.05.95	Breyting á V. viðauka	11.05.95
3/95	11.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árunum 1993, 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993 og 6/1993, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/93	23./24.04.93	Starfsreglur nefndarinnar	24.04.93
2/93	23./24.04.93	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	24.04.93
3/93	23./24.04.93	Breytingar á bókun A	24.04.93
4/93	23./24.04.93	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	24.04.93
5/93	23./24.04.93	Breyting á bókun B og XIV. viðauka samningsins	01.06.93
1/94	31.01.94	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	31.01.94
2/94	15.03.94	Leiðrétting tæknilegrar villu í bókun A	15.03.94
3/94	15.03.94	Breyting á II. viðauka	15.03.94
4/94	15.03.94	Breyting á VIII. viðauka	15.03.94
5/94	15.03.94	Breyting á VI. viðauka	15.03.94
6/94	15.03.94	Ríkisaðstoð – Reglur um framkvæmd 4. mgr. 19. gr.	15.03.94
1/95	12.05.95	Breyting á VI. viðauka	12.05.95
2/95	12.05.95	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	12.05.95
3/95	12.05.95	Breyting á V. viðauka	12.05.95
4/95	12.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tyrklands tók á árunum 1992 og 1993 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands frá 10. desember 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1992, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/92	19.11.92	Starfsreglur nefndarinnar	19.11.92
2/92	19.11.92	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	19.11.92
3/92	19.11.92	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	19.11.92
4/92	19.11.92	Breyting á II. viðauka varðandi sjávarafurðir	19.11.92
1/93	22./23.11.93	Ríkisaðstoð – Reglur að því er varðar framkvæmd á 4. mgr. 18. gr.	23.11.93
2/93	22./23.11.93	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum við samninginn	23.11.93

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

29. desember 1995 Nr. 59

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ungverjalands tók á árunum 1993 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/93	20.12.93	Starfsreglur nefndarinnar	20.12.93
2/93	20.12.93	Ríki sem eiga áheyrnaraðild	20.12.93
3/93	20.12.93	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	20.12.93
4/93	20.12.93	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	20.12.93
5/93	20.12.93	Leiðrétting tæknilegra villna í viðaukum og bókunum samningsins	20.12.93
6/93	20.12.93	Breyting á bókun A	20.12.93
7/93	20.12.93	Breyting á II. viðauka varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir	20.12.93
8/93	20.12.93	Breyting á XIV. viðauka	20.12.93
1/95	26.04.95	Breyting á bókun A	26.04.95
2/95	26.04.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95
3/95	26.04.95	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	26.04.95
4/95	26.04.95	Breyting á VIII. viðauka	26.04.95
5/95	26.04.95	Breyting á XI. viðauka	26.04.95
6/95	26.04.95	Breyting á VII. viðauka	26.04.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 60 29. desember 1995

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992 öðlaðist gildi 1. september 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, þar sem samningurinn er birtur, 25/1993 og 54/1995.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 61 29. desember 1995

AUGLÝSING

um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir við Rúmeníu.

Hinn 10. desember 1992 fóru fram erindaskipti milli Íslands og Rúmeníu um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir. Fyrirkomulagið öðlaðist gildi 1. júní 1994.
Fyrirkomulagið liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að því.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 62 29. desember 1995

AUGLÝSING

um Marakess-samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Hinn 30. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra samningsaðila hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1947 afhent staðfestingarskjal Íslands vegna Marakess-samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Alþingi hafði með ályktun 29. desember 1994 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.
Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

MARAKESS-SAMNINGUR UM STOFNUN ALÞJÓÐAVIÐSKIPTA-STOFNUNARINNAR

Aðilar að samningi þessum,

sem viðurkenna að samskipti þeirra á sviði viðskipta og efnahagsmála skuli miða að því að bæta lífskjör, tryggja fulla atvinnu, háar stigvaxandi rauntekjur og virka eftirspurn og auka framleiðslu og viðskipti með vörur og þjónustu, en um leið sem ákjósanlegasta nýtingu auðlinda heimsins í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun, í því augnamiði að vernda og varðveita umhverfið og efla aðgerðir sem miða að því á þann hátt sem samrýmist þörfum og viðfangsefnum hvers og eins á ýmsum stigum efnahagslegrar þróunar,

sem viðurkenna enn fremur að þörf er á öflugu átaki til þess að þróunarlöndin, einkum þau lönd sem skemmst eru á veg komin í þróun, geti tryggt sér hlutdeild í vexti alþjóðaviðskipta í samræmi við þörf þeirra fyrir efnahagslega þróun*,

sem vilja leggja sitt af mörkum til að þessum markmiðum verði náð með því að koma á gagnkvæmu fyrirkomulagi, sem er hagstætt öllum sem hlut eiga að máli, í þeim tilgangi að draga verulega úr tollum og öðrum viðskiptahindrunum og uppræta mismununarmeðferð í alþjóðaviðskiptum,

sem eru því staðráðnir í að þróa samþætt, lífvænlegra og varanlegra marghliða viðskiptakerfi sem hinn almenni samningur um tolla og viðskipti, niðurstöður fyrri tilrauna til að auka frelsi í viðskiptum og allar niðurstöður Úrúgvælotu samningaviðræðnanna um marghliða viðskipti eru hluti af,

sem einsetja sér að virða þær grundvallarreglur og vinna að þeim markmiðum sem þetta marghliða viðskiptakerfi byggist á,

koma sér saman um eftirfarandi:

I. gr.

Stofnuninni komið á fót.

Alþjóðaviðskiptastofnuninni er hér með komið á fót.

II. gr.

Umfang Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal vera sam-

MARRAKESH AGREEMENT ESTABLISHING THE WORLD TRADE ORGANIZATION

The *Parties* to this Agreement,

Recognizing that their relations in the field of trade and economic endeavour should be conducted with a view to raising standards of living, ensuring full employment and a large and steadily growing volume of real income and effective demand, and expanding the production of and trade in goods and services, while allowing for the optimal use of the world's resources in accordance with the objective of sustainable development, seeking both to protect and preserve the environment and to enhance the means for doing so in a manner consistent with their respective needs and concerns at different levels of economic development,

Recognizing further that there is need for positive efforts designed to ensure that developing countries, and especially the least developed among them, secure a share in the growth in international trade commensurate with the needs of their economic development,

Being desirous of contributing to these objectives by entering into reciprocal and mutually advantageous arrangements directed to the substantial reduction of tariffs and other barriers to trade and to the elimination of discriminatory treatment in international trade relations,

Resolved, therefore, to develop an integrated, more viable and durable multilateral trading system encompassing the General Agreement on Tariffs and Trade, the results of past trade liberalization efforts, and all of the results of the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations,

Determined to preserve the basic principles and to further the objectives underlying this multilateral trading system,

Agree as follows:

Article I

Establishment of the Organization

The World Trade Organization (hereinafter referred to as "the WTO") is hereby established.

Article II

Scope of the WTO

1. The WTO shall provide the common institu-

eiginlegur stofnanarammi um viðskiptatengsl milli aðila stofnunarinnar í málum er tengjast samningunum og tengdum löggerningum sem eru í viðaukum við þennan samning.
2. Samningarnir og tengdir löggerningar í 1., 2. og 3. viðauka (hér á eftir nefndir „marghliða viðskiptasamningar“) eru óaðskiljanlegur hluti af þessum samningi og bindandi fyrir alla aðila.

3. Samningarnir og tengdir löggerningar í 4. viðauka (hér á eftir nefndir „fjölhliða viðskiptasamningar“) eru einnig hluti af þessum samningi hvað varðar þá aðila sem hafa staðfest þá og eru bindandi fyrir þessa aðila. Fjölhliða viðskiptasamningarnir veita hvorki réttindi þeim aðilum sem hafa ekki staðfest þá né heldur leggja þeir þeim skyldur á herðar.
4. Hinn almenni samningur um tolla og viðskipti frá 1994, eins og hann er tilgreindur í 1. viðauka A, (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) er lagalega aðgreindur frá hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti frá 30. október 1947, sem er í viðauka við lokagerðina sem var samþykkt í lok annars fundar undirbúningsnefndar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og atvinnumál, eins og það hefur verið leiðrétt eða því breytt (hér á eftir nefnt „GATT-samkomulagið frá 1947“).

III. gr.

Starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Að því er varðar sérstakt tollsvæði, sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, ber að líta svo á að orðið „innlent“, þegar það er notað í þessum samningi og marghliða viðskiptasamningunum, eigi við um það tollsvæði, nema annað sé tilgreint.

Explanatory Notes

The terms “country” or “countries” as used in this Agreement and the Multilateral Trade Agreements are to be understood to include any separate customs territory Member of the WTO.

In the case of a separate customs territory Member of the WTO, where an expression in this Agreement and the Multilateral Trade Agreements is qualified by the term “national”, such expression shall be read as pertaining to that customs territory, unless otherwise specified.

---

[1] Hlutaðeigandi stofnun, ráð eða nefnd telst hafa tekið ákvörðun með einróma samþykki í máli sem fyrir hana er lagt ef enginn aðili, sem er viðstaddur á fundi þegar ákvörðunin er tekin, mótmælir fyrirhugaðri ákvörðun með formlegum hætti.

[2] Fjöldi atkvæða Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra skal aldrei vera meiri en sem nemur fjölda aðildarríkja Evrópubandalaganna.

[3] Ákvarðanir aðalráðsins, þegar það kemur saman sem nefnd um lausn deilumála, skulu einungis teknar í samræmi við ákvæði 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins um lausn deilumála.

[4] Ákvörðun um að veita undanþágu frá skyldu, sem er háð aðlögunartímabili eða tímabili þar sem ákvæði koma til framkvæmda í áföngum og aðilinn, er leggur fram beiðni um undanþágu, hefur ekki rækt þá skyldu í lok viðkomandi tímabils, skal einungis tekin með einróma samþykki.

[1] The body concerned shall be deemed to have decided by consensus on a matter submitted for its consideration, if no Member, present at the meeting when the decision is taken, formally objects to the proposed decision.

[2] The number of votes of the European Communities and their member States shall in no case exceed the number of the member States of the European Communities.

[3] Decisions by the General Council when convened as the Dispute Settlement Body shall be taken only in accordance with the provisions of paragraph 4 of Article 2 of the Dispute Settlement Understanding.

[4] A decision to grant a waiver in respect of any obligation subject to a transition period or a period for staged implementation that the requesting Member has not performed by the end of the relevant period shall be taken only by consensus.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

1. VIÐAUKI

1. VIÐAUKI A: MARGHLIÐA SAMNINGAR UM VÖRUVIÐSKIPTI

Hinn almenni samningur um tolla og viðskipti frá 1994.
Samningur um landbúnað.
Samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
Samningur um textílvörur og fatnað.
Samningur um tæknilegar viðskiptahindranir.
Samningur um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum.
Samningur um framkvæmd VI. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.
Samningur um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.
Samningur um vöruskoðun fyrir sendingu.
Samningur um upprunareglur.
Samningur um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa.
Samningur um styrki og jöfnunarráðstafanir.

Samningur um verndarráðstafanir.

LIST OF ANNEXES

ANNEX 1

ANNEX 1A MULTILATERAL AGREEMENTS ON TRADE IN GOODS

General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Agreement on Agriculture
Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures
Agreement on Textiles and Clothing
Agreement on Technical Barriers to Trade
Agreement on Trade-Related Investment Measures
Agreement on Implementation of Article VI of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994
Agreement on Implementation of Article VII of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994
Agreement on Preshipment Inspection
Agreement on Rules of Origin
Agreement on Import Licensing Procedures

Agreement on Subsidies and Countervailing Measures
Agreement on Safeguards

1. VIÐAUKI B: HINN ALMENNI SAMNINGUR UM ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI, MEÐ VIÐAUKUM
1. VIÐAUKI C: SAMNINGUR UM HUGVERKARÉTT Í VIÐSKIPTUM

ANNEX 1B GENERAL AGREEMENT ON TRADE IN SERVICES AND ANNEXES
ANNEX 1C AGREEMENT ON TRADE-RELATED ASPECTS OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

2. VIÐAUKI
SAMKOMULAG UM REGLUR OG MÁLSMEÐFERÐ VIÐ LAUSN DEILUMÁLA

ANNEX 2
UNDERSTANDING ON RULES AND PROCEDURES GOVERNING THE SETTLEMENT OF DISPUTES

3. VIÐAUKI
FYRIRKOMULAG Á ENDURSKOÐUN VIÐSKIPTASTEFNU

ANNEX 3
TRADE POLICY REVIEW MECHANISM

4. VIÐAUKI
FJÖLHLIÐA VIÐSKIPTASAMNINGAR

ANNEX 4
PLURILATERAL TRADE AGREEMENTS

Samningur um viðskipti með almenn loftför.
Samningur um opinber innkaup.
Alþjóðasamningur um viðskipti með mjólkurvörur.
Alþjóðasamningur um viðskipti með nautakjöt.

Agreement on Trade in Civil Aircraft
Agreement on Government Procurement
International Dairy Agreement

International Bovine Meat Agreement

1. VIÐAUKI A
MARGHLIÐA SAMNINGAR UM VÖRUVIÐSKIPTI

Almenn athugasemd vegna túlkunar á 1. viðauka A:

Ef ákvæði hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 stangast á við ákvæði annars samnings í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (nefndur „samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“ í samningunum í 1. viðauka A) skal ákvæði þess síðarnefnda ganga framar að því marki sem þau greinir á.

ANNEX 1A
MULTILATERAL AGREEMENTS ON TRADE IN GOODS

General interpretative note to Annex 1A:

In the event of conflict between a provision of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 and a provision of another agreement in Annex 1A to the Agreement Establishing the World Trade Organization (referred to in the agreements in Annex 1A as the "WTO Agreement"), the provision of the other agreement shall prevail to the extent of the conflict.

HINN ALMENNI SAMNINGUR UM TOLLA OG VIÐSKIPTI FRÁ 1994

1. Hinn almenni samningur um tolla og viðskipti frá 1994 („GATT-samningurinn frá 1994“) samanstendur af:

a) ákvæðum hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti frá 30. október 1947, sem er í viðauka við lokagerðina sem var samþykkt í lok annars fundar undirbúningsnefndar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og atvinnumál (að frátalinni bókuninni um bráðabirgðabeitingu), eins og þau hafa verið leiðrétt eða þeim breytt með ákvæðum löggerninga sem hafa öðlast gildi fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina;

b) ákvæðum löggerninga sem eru taldir upp hér á eftir og hafa öðlast gildi samkvæmt GATT-samkomulaginu frá 1947 fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina:

i) bókana og staðfestinga varðandi tollaívilnanir;

ii) aðildarbókana (að frátöldum ákvæðunum a) um bráðabirgðabeitingu og afturköllun bráðabirgðabeitingar og b) um að II. hluta GATT-samkomulagsins frá 1947 verði beitt til bráðabirgða að því leyti sem það brýtur ekki í bága við löggjöf sem er í gildi þann dag sem bókunin er gerð);

iii) ákvarðana um undanþágur sem veittar eru samkvæmt XXV. gr. GATT-samkomulagsins frá 1947 og enn eru í gildi á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina;[5]

iv) annarra ákvarðana SAMNINGSAÐILA að GATT-samkomulaginu frá 1947;

c) eftirfarandi samkomulagi:

i) samkomulagi um túlkun b-liðar 1. mgr. II. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994;

ii) samkomulagi um túlkun XVII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994;

iii) samkomulagi um greiðslujöfnunarákvæði hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994;

GENERAL AGREEMENT ON TARIFFS AND TRADE 1994

1. The General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (“GATT 1994”) shall consist of:

(a) the provisions in the General Agreement on Tariffs and Trade, dated 30 October 1947, annexed to the Final Act Adopted at the Conclusion of the Second Session of the Preparatory Committee of the United Nations Conference on Trade and Employment (excluding the Protocol of Provisional Application), as rectified, amended or modified by the terms of legal instruments which have entered into force before the date of entry into force of the WTO Agreement;

(b) the provisions of the legal instruments set forth below that have entered into force under the GATT 1947 before the date of entry into force of the WTO Agreement:

(i) protocols and certifications relating to tariff concessions;

(ii) protocols of accession (excluding the provisions *(a)* concerning provisional application and withdrawal of provisional application and *(b)* providing that Part II of GATT 1947 shall be applied provisionally to the fullest extent not inconsistent with legislation existing on the date of the Protocol);

(iii) decisions on waivers granted under Article XXV of GATT 1947 and still in force on the date of entry into force of the WTO Agreement[5];

(iv) other decisions of the CONTRACTING PARTIES to GATT 1947;

(c) the Understandings set forth below:

(i) Understanding on the Interpretation of Article II:1(b) of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994;

(ii) Understanding on the Interpretation of Article XVII of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994;

(iii) Understanding on Balance-of-Payments Provisions of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994;

iv) samkomulagi um túlkun XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994;

v) samkomulagi um undanþágur frá skuldbindingum samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti frá 1994;

vi) samkomulagi um túlkun XXVIII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994; og

d) Marakess-bókuninni við GATT-samninginn frá 1994.

2. *Skýringar.*

a) Hugtakið „samningsaðili" lesist sem „aðili" þar sem vitnað er til þess í ákvæðum GATT-samningsins frá 1994. Hugtökin „samningsaðili sem er þróunarland" og „samningsaðili sem er iðnríki" lesist sem „þróunaraðildarland" og „iðnaðaraðildarland". Hugtakið „framkvæmdastjóri" lesist sem „aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar".

b) Líta ber á tilvísanir til þess að SAMNINGSAÐILAR komi fram sem ein heild, í 1., 2. og 8. mgr. XV. gr., XXXVIII. gr. og athugasemdum við XII. og XVIII. gr. og í ákvæðunum um sérstaka gjaldeyrissamninga í 2., 3., 6., 7. og 9. mgr. XV. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem tilvísanir til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Öðrum störfum, sem falin eru SAMNINGSAÐILUM sem einni heild með ákvæðum GATT-samningsins frá 1994, skal ráðherrastefnan úthluta.

c) i) Texti GATT-samningsins frá 1994 er gildur á ensku, frönsku og spænsku.

ii) Texti GATT-samningsins frá 1994 á frönsku er með fyrirvara um leiðréttingar á hugtökum sem eru tilgreind í viðauka A við skjal MTN.TNC/41.

iii) Gildur texti GATT-samningsins frá 1994 á spænsku skal vera textinn í IV. bindi ritraðarinnar „Undirstöðugerningar og valin skjöl" með fyrirvara um leiðréttingar á hugtökum sem tilgreind eru í viðauka B við skjal MTN.TNC/41.

3. a) Ákvæði II. hluta GATT-samningsins frá 1994 gilda ekki um ráðstafanir sem aðili

(iv) Understanding on the Interpretation of Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994;

(v) Understanding in Respect of Waivers of Obligations under the General Agreement on Tariffs and Trade 1994;

(vi) Understanding on the Interpretation of Article XXVIII of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994; and

(d) the Marrakesh Protocol to GATT 1994.

2. *Explanatory Notes*

(a) The references to "contracting party" in the provisions of GATT 1994 shall be deemed to read "Member". The references to "less-developed contracting party" and "developed contracting party" shall be deemed to read "developing country Member" and "developed country Member". The references to "Executive Secretary" shall be deemed to read "Director-General of the WTO".

(b) The references to the CONTRACTING PARTIES acting jointly in Articles XV:1, XV:2, XV:8, XXXVIII and the Notes Ad Article XII and XVIII; and in the provisions on special exchange agreements in Articles XV:2, XV:3, XV:6, XV:7 and XV:9 of GATT 1994 shall be deemed to be references to the WTO. The other functions that the provisions of GATT 1994 assign to the CONTRACTING PARTIES acting jointly shall be allocated by the Ministerial Conference.

(c) (i) The text of GATT 1994 shall be authentic in English, French and Spanish.

(ii) The text of GATT 1994 in the French language shall be subject to the rectifications of terms indicated in Annex A to document MTN.TNC/41.

(iii) The authentic text of GATT 1994 in the Spanish language shall be the text in Volume IV of the Basic Instruments and Selected Documents series, subject to the rectifications of terms indicated in Annex B to document MTN.TNC/41.

3. (a) The provisions of Part II of GATT 1994 shall not apply to measures taken by a

grípur til samkvæmt sérstakri ófrávíkjanlegri löggjöf sem sami aðili hefur komið á áður en hann varð samningsaðili að GATT-samkomulaginu frá 1947 og bannar notkun, sölu eða leigu skipa sem eru smíðuð eða endursmíðuð erlendis til nota í viðskiptaskyni milli staða í landhelgi eða efnahagslögsögu hans. Þessi undanþága gildir um: a) áframhaldandi gildistíma eða skjóta endurnýjun ósamrýmanlegs ákvæðis slíkrar löggjafar; og b) breytingu á ósamrýmanlegu ákvæði slíkrar löggjafar að því marki að breytingin dragi ekki úr samræmi ákvæðisins við II. hluta GATT-samkomulagsins frá 1947. Þessi undanþága takmarkast við ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt framangreindri löggjöf sem hefur verið tilkynnt og tilgreind fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Sé slíkri löggjöf breytt síðar með þeim hætti að dregur úr samræmi hennar við II. hluta GATT-samningsins frá 1994 telst hún ekki lengur fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar.

b) Ráðherrastefnan skal endurskoða þessa undanþágu eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og á tveggja ára fresti eftir það, svo lengi sem undanþágan er í gildi, í þeim tilgangi að kanna hvort þær aðstæður sem gerðu hana nauðsynlega séu enn fyrir hendi.

c) Aðili, sem hefur gripið til ráðstafana sem þessi undanþága gildir um, skal árlega leggja fram tilkynningu með nákvæmum tölulegum upplýsingum um meðaltal flutninga á raunverulegum og áætluðum farmi viðkomandi skipa á fimm ára tímabili ásamt viðbótarupplýsingum um notkun, sölu, leigu eða viðgerðir á viðkomandi skipum sem þessi undanþága gildir um.

d) Aðila, sem telur að framkvæmd þessarar undanþágu réttlæti gagnkvæma og hlutfallslega takmörkun á notkun, sölu, leigu eða viðgerðum á skipum smíðuðum á yfirráðasvæði þess aðila sem ber undanþáguna fyrir sig, skal frjálst að taka upp slíka takmörkun enda hafi hann tilkynnt ráðherrastefnunni um það áður.

Member under specific mandatory legislation, enacted by that Member before it became a contracting party to GATT 1947, that prohibits the use, sale or lease of foreign-built or foreign-reconstructed vessels in commercial applications between points in national waters or the waters of an exclusive economic zone. This exemption applies to: *(a)* the continuation or prompt renewal of a non-conforming provision of such legislation; and *(b)* the amendment to a non-conforming provision of such legislation to the extent that the amendment does not decrease the conformity of the provision with Part II of GATT 1947. This exemption is limited to measures taken under legislation described above that is notified and specified prior to the date of entry into force of the WTO Agreement. If such legislation is subsequently modified to decrease its conformity with Part II of GATT 1994, it will no longer qualify for coverage under this paragraph.

(b) The Ministerial Conference shall review this exemption not later than five years after the date of entry into force of the WTO Agreement and thereafter every two years for as long as the exemption is in force for the purpose of examining whether the conditions which created the need for the exemption still prevail.

(c) A Member whose measures are covered by this exemption shall annually submit a detailed statistical notification consisting of a five-year moving average of actual and expected deliveries of relevant vessels as well as additional information on the use, sale, lease or repair of relevant vessels covered by this exemption.

(d) A Member that considers that this exemption operates in such a manner as to justify a reciprocal and proportionate limitation on the use, sale, lease or repair of vessels constructed in the territory of the Member invoking the exemption shall be free to introduce such a limitation subject to prior notification to the Ministerial Conference.

e) Þessi undanþága hefur ekki áhrif á lausnir varðandi sérstaka þætti þeirrar löggjafar sem undanþágan gildir um og samið er um í sérsamningum eða á öðrum vettvangi.

Samkomulag um túlkun b-liðar 1. mgr. II. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:
1. Til þess að tryggja gagnsæi lagalegra réttinda og skyldna, sem leiða af ákvæði b-liðar 1. mgr. II. gr., skal eðli og stig „annarra tolla eða gjalda", sem lögð eru á bundin vöruheiti eins og um getur í því ákvæði, skráð gegnt viðkomandi vöruheitum í ívilnanaskrárnar í viðauka við GATT-samninginn frá 1994. Sá skilningur ríkir að slík skráning breyti ekki lagalegu inntaki „annarra tolla eða gjalda".

2. Að því er varðar ákvæði II. gr. skulu „aðrir tollar eða gjöld" vera bundin frá 15. apríl 1994. Því ber að færa „aðra tolla eða gjöld" í skrárnar miðað við það stig sem gildir þann dag. Þegar samið er aftur um ívilnun eða samið um nýja ívilnun skulu viðkomandi vöruheiti öðlast gildi sama dag og nýja ívilnunin er tekin upp í viðkomandi skrá. Samt sem áður skal haldið áfram að skrá dagsetningu gerningsins, sem var lagður til grundvallar þegar ívilnun vegna tiltekins vöruheitis var fyrst tekin upp í GATT-samkomulagið frá 1947 eða GATT-samninginn frá 1994, í 6. dálk í lausblaðaskránum.

3. Skrá skal „aðra tolla eða gjöld" fyrir allar tollbindingar.
4. Hafi ívilnun áður gilt fyrir vöruheiti skal stig „annarra tolla eða gjalda", sem færð eru í viðkomandi skrá, ekki vera hærra en það stig sem var í gildi þegar ívilnunin var fyrst tekin upp í skrána. Hvaða aðili sem er getur vefengt tilvist „annars tolls eða gjalds" á þeim forsendum að enginn þess háttar „annar tollur eða gjald" hafi verið til þegar viðkomandi vöruheiti var fyrst bundið, sem og að skráð stig „annarra tolla eða gjalda" sé í samræmi við fyrra bundið stig, í þrjú ár eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina eða í þrjú ár eftir að aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fær til vörslu gerning þann sem lagður er til grundvallar upptöku viðkomandi skrár í GATT-samninginn frá 1994, ef það gerist síðar.

(e) This exemption is without prejudice to solutions concerning specific aspects of the legislation covered by this exemption negotiated in sectoral agreements or in other fora.

Understanding on the Interpretation of Article II:1(b) of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Members hereby *agree* as follows:
1. In order to ensure transparency of the legal rights and obligations deriving from paragraph 1(b) of Article II, the nature and level of any "other duties or charges" levied on bound tariff items, as referred to in that provision, shall be recorded in the Schedules of concessions annexed to GATT 1994 against the tariff item to which they apply. It is understood that such recording does not change the legal character of "other duties or charges".
2. The date as of which "other duties or charges" are bound, for the purposes of Article II, shall be 15 April 1994. "Other duties or charges" shall therefore be recorded in the Schedules at the levels applying on this date. At each subsequent renegotiation of a concession or negotiation of a new concession the applicable date for the tariff item in question shall become the date of the incorporation of the new concession in the appropriate Schedule. However, the date of the instrument by which a concession on any particular tariff item was first incorporated into GATT 1947 or GATT 1994 shall also continue to be recorded in column 6 of the Loose-Leaf Schedules.
3. "Other duties or charges" shall be recorded in respect of all tariff bindings.
4. Where a tariff item has previously been the subject of a concession, the level of "other duties or charges" recorded in the appropriate Schedule shall not be higher than the level obtaining at the time of the first incorporation of the concession in that Schedule. It will be open to any Member to challenge the existence of an "other duty or charge", on the ground that no such "other duty or charge" existed at the time of the original binding of the item in question, as well as the consistency of the recorded level of any "other duty or charge" with the previously bound level, for a period of three years after the date of entry into force of the WTO Agreement or three years after the date of deposit with the Director-General of the WTO of the instrument incorporating the Schedule in question into GATT 1994, if that is a later date.

5. Skráning „annarra tolla eða gjalda“ í ívilnanaskrárnar hefur ekki áhrif á það hvort þau samræmast öðrum réttindum og skyldum samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 en þeim sem ákvæði 4. mgr. gilda um. Allir aðilar hafa rétt til að véfengja, hvenær sem er, að „aðrir tollar eða gjöld“ séu í samræmi við slíkar skyldur.
6. Að því er þetta samkomulag varðar gilda ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála.
7. „Öðrum tollum eða gjöldum“, sem ekki voru á skrá þegar gerningurinn, sem lagður er til grundvallar upptöku viðkomandi skrár í GATT-samninginn frá 1994, var fram að gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, afhentur aðalframkvæmdastjóra SAMNINGSAÐILA að GATT-samkomulaginu frá 1947 til vörslu eða, eftir það, aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skal ekki bætt við skrána síðar né heldur skal hækka „aðra tolla eða gjöld“, sem eru skráð á lægra stigi en því sem gilti á viðkomandi degi, nema slíkar viðbætur eða breytingar séu gerðar innan sex mánaða frá því að gerningurinn er afhentur til vörslu.
8. Ákvörðunin í 2. mgr. um þá dagsetningu sem gildir fyrir hverja ívilnun, að því er varðar b-lið 1. mgr. II. gr. GATT-samningsins frá 1994, leysir af hólmi ákvörðunina um gildandi dagsetningu sem tekin var 26. mars 1980 (BISD 27S/24).

5. The recording of “other duties or charges” in the Schedules is without prejudice to their consistency with rights and obligations under GATT 1994 other than those affected by paragraph 4. All Members retain the right to challenge, at any time, the consistency of any “other duty or charge” with such obligations.
6. For the purposes of this Understanding, the provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding shall apply.
7. “Other duties or charges” omitted from a Schedule at the time of deposit of the instrument incorporating the Schedule in question into GATT 1994 with, until the date of entry into force of the WTO Agreement, the Director-General to the CONTRACTING PARTIES to GATT 1947 or, thereafter, with the Director-General of the WTO, shall not subsequently be added to it and any “other duty or charge” recorded at a level lower than that prevailing on the applicable date shall not be restored to that level unless such additions or changes are made within six months of the date of deposit of the instrument.
8. The decision in paragraph 2 regarding the date applicable to each concession for the purposes of paragraph 1(b) of Article II of GATT 1994 supersedes the decision regarding the applicable date taken on 26 March 1980 (BISD 27S/24).

Samkomulag um túlkun XVII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar,

sem gera sér ljóst að í XVII. gr. er kveðið á um skyldur aðila hvað varðar starfsemi ríkisrekinna viðskiptafyrirtækja skv. 1. mgr. XVII. gr. sem eiga að vera í samræmi við meginreglurnar um meðferð án mismunar sem mælt er fyrir um í GATT-samningnum frá 1994 og varða þær ráðstafanir hins opinbera sem hafa áhrif á innеða útflutning einkaaðila,

sem gera sér enn fremur ljóst að aðilar eru bundnir af skyldum sínum samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 hvað varðar þær ráðstafanir hins opinbera sem hafa áhrif á starfsemi ríkisrekinna viðskiptafyrirtækja,

sem viðurkenna að þetta samkomulag hefur ekki áhrif á þær efnislegu verklagsreglur sem mælt er fyrir um í XVII. gr.,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

Understanding on the Interpretation of Article XVII of the General Agreement on Tariffs And Trade 1994

Members,

Noting that Article XVII provides for obligations on Members in respect of the activities of the state trading enterprises referred to in paragraph 1 of Article XVII, which are required to be consistent with the general principles of non-discriminatory treatment prescribed in GATT 1994 for governmental measures affecting imports or exports by private traders;

Noting further that Members are subject to their GATT 1994 obligations in respect of those governmental measures affecting state trading enterprises;

Recognizing that this Understanding is without prejudice to the substantive disciplines prescribed in Article XVII;

Hereby *agree* as follows:

1. Aðilar skulu, til þess að tryggja gagnsæi í starfsemi ríkisrekinna viðskiptafyrirtækja, tilkynna um slík fyrirtæki til vöruviðskiptaráðsins til að starfshópurinn, sem komið er á fót skv. 5. mgr., geti tekið þau til endurskoðunar, í samræmi við eftirfarandi skilgreiningu:

„Opinber og óopinber fyrirtæki, þar á meðal markaðsráð, sem hefur verið veittur einkaréttur, sérréttindi eða forréttindi, þar með talið lagalegt eða stjórnskipulegt vald, og hafa, er þau beita þessum réttindum, með kaupum sínum eða sölu, áhrif á umfang inn- eða útflutnings og hvert honum er beint."

Þessi tilkynningaskylda gildir ekki um innflutning vara sem nota á strax eða endanlega í opinbera geiranum eða á vegum fyrirtækis sem er tilgreint hér að framan og eru ekki með öðrum hætti til endursölu eða notkunar við framleiðslu söluvöru.

2. Sérhver aðili skal endurskoða stefnu sína að því er varðar tilkynningar til vöruviðskiptaráðsins um ríkisrekin viðskiptafyrirtæki með hliðsjón af ákvæðum þessa samkomulags. Þegar slík endurskoðun fer fram skal hver aðili taka tillit til nauðsynjar þess að tilkynningar hans séu eins gagnsæjar og kostur er til að unnt sé að fá skýra mynd af starfsemi fyrirtækjanna sem tilkynnt er um og þeim áhrifum sem starfsemi þeirra hefur á alþjóðaviðskipti.

3. Tilkynningar skulu vera í samræmi við spurningalista um ríkisviðskipti sem samþykktur var 24. maí 1960 (BISD 9S/184-185) og gert er ráð fyrir að aðilar skuli tilkynna um fyrirtækin sem um getur í 1. mgr., hvort sem inn- eða útflutningur hefur í raun átt sér stað eða ekki.

4. Hafi aðili ástæðu til að ætla að annar aðili hafi ekki gegnt tilkynningarskyldu sinni með fullnægjandi hætti getur hann tekið málið upp við viðkomandi aðila. Sé málið ekki leyst með viðunandi hætti getur aðilinn sent vöruviðskiptaráðinu gagntilkynningu til umfjöllunar hjá starfshópnum sem komið er á fót skv. 5. mgr. og upplýst viðkomandi aðila um það samtímis.

5. Komið skal á fót starfshópi á vegum vöruviðskiptaráðsins til að endurskoða tilkynningar og gagntilkynningar. Í ljósi þessarar endurskoðunar og með fyrirvara um ákvæði c-liðar 4. mgr. XVII. gr. getur vöruviðskiptaráðið lagt fram tilmæli varðandi það hvort tilkynningar séu fullnægjandi og hvort þörf sé frekari upplýsinga. Starfshópurinn skal einnig athuga, í ljósi þeirra tilkynninga sem borist hafa, hvort fyrrnefndur

1. In order to ensure the transparency of the activities of state trading enterprises, Members shall notify such enterprises to the Council for Trade in Goods, for review by the working party to be set up under paragraph 5, in accordance with the following working definition:

"Governmental and non-governmental enterprises, including marketing boards, which have been granted exclusive or special rights or privileges, including statutory or constitutional powers, in the exercise of which they influence through their purchases or sales the level or direction of imports or exports."

This notification requirement does not apply to imports of products for immediate or ultimate consumption in governmental use or in use by an enterprise as specified above and not otherwise for resale or use in the production of goods for sale.

2. Each Member shall conduct a review of its policy with regard to the submission of notifications on state trading enterprises to the Council for Trade in Goods, taking account of the provisions of this Understanding. In carrying out such a review, each Member should have regard to the need to ensure the maximum transparency possible in its notifications so as to permit a clear appreciation of the manner of operation of the enterprises notified and the effect of their operations on international trade.

3. Notifications shall be made in accordance with the questionnaire on state trading adopted on 24 May 1960 (BISD 9S/184-185), it being understood that Members shall notify the enterprises referred to in paragraph 1 whether or not imports or exports have in fact taken place.

4. Any Member which has reason to believe that another Member has not adequately met its notification obligation may raise the matter with the Member concerned. If the matter is not satisfactorily resolved it may make a counter-notification to the Council for Trade in Goods, for consideration by the working party set up under paragraph 5, simultaneously informing the Member concerned.

5. A working party shall be set up, on behalf of the Council for Trade in Goods, to review notifications and counter-notifications. In the light of this review and without prejudice to paragraph 4(c) of Article XVII, the Council for Trade in Goods may make recommendations with regard to the adequacy of notifications and the need for further information. The working party shall also review, in the light of the notifications

spurningalisti um ríkisviðskipti sé fullnægjandi og hvaða ríkisrekin viðskiptafyrirtæki er tilkynnt um skv. 1. mgr. Hann skal og semja skrá sem lýsir hvernig tengslum stjórnvalda og fyrirtækja er háttað og hvers kyns starfsemi þessi fyrirtæki stunda sem kann að hafa þýðingu að því er varðar ákvæði XVII. gr. Gert er ráð fyrir að aðalskrifstofan láti starfshópnum í té greinargerð með almennum upplýsingum um starfsemi ríkisrekinna viðskiptafyrirtækja í tengslum við alþjóðleg viðskipti. Öllum aðilum, sem þess óska, er heimil seta í starfshópnum. Hópurinn skal koma saman innan árs frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og að minnsta kosti einu sinni á ári eftir það. Hann skal gefa vöruviðskiptaráðinu skýrslu ár hvert.[6]

received, the adequacy of the above-mentioned questionnaire on state trading and the coverage of state trading enterprises notified under paragraph 1. It shall also develop an illustrative list showing the kinds of relationships between governments and enterprises, and the kinds of activities, engaged in by these enterprises, which may be relevant for the purposes of Article XVII. It is understood that the Secretariat will provide a general background paper for the working party on the operations of state trading enterprises as they relate to international trade. Membership of the working party shall be open to all Members indicating their wish to serve on it. It shall meet within a year of the date of entry into force of the WTO Agreement and thereafter at least once a year. It shall report annually to the Council for Trade in Goods.[6]

Samkomulag um ákvæði um greiðslujöfnuð í hinum almenna samningi um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar,

sem viðurkenna ákvæði XII. gr. og B-hluta XVIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og yfirlýsingarinnar um ráðstafanir í viðskiptum sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar sem samþykkt var 28. nóvember 1979 (BISD 26S/205-209, í þessu samkomulagi nefnd „yfirlýsingin frá 1979“) og, með það í huga að skýra þessi ákvæði,[7]

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

Beiting ráðstafana.

1. Aðilar staðfesta skuldbindingu sína um að tilkynna opinberlega, svo fljótt sem auðið er, um tímaáætlanir varðandi afnám innflutningstakmarkana sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að breyta slíkum tímaáætlunum eftir því sem við á til að unnt sé að taka tillit til breytinga sem kunna að verða á greiðslujöfnuði. Tilkynni aðili ekki opinberlega um tímaáætlun skal hann tilgreina ástæður þess.

2. Aðilar staðfesta skuldbindingu sína um að beita fyrst og fremst ráðstöfunum sem hafa minnst truflandi áhrif á viðskipti. Gert er ráð fyrir að í slíkum ráðstöfunum (í þessu samkomulagi nefndar „verðgrundaðar ráðstafanir“) felist aukagjöld á innflutning, kröfur um geymslufé vegna innflutnings eða aðrar jafngildar ráðstafanir í viðskiptum sem hafa áhrif á verð innfluttra

Understanding on the Balance-of-Payments Provisions of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Members,

Recognizing the provisions of Articles XII and XVIII:B of GATT 1994 and of the Declaration on Trade Measures Taken for Balance-of-Payments Purposes adopted on 28 November 1979 (BISD 26S/205-209, referred to in this Understanding as the "1979 Declaration") and in order to clarify such provisions[7];

Hereby *agree* as follows:

Application of Measures

1. Members confirm their commitment to announce publicly, as soon as possible, time-schedules for the removal of restrictive import measures taken for balance-of-payments purposes. It is understood that such time-schedules may be modified as appropriate to take into account changes in the balance-of-payments situation. Whenever a time-schedule is not publicly announced by a Member, that Member shall provide justification as to the reasons therefor.

2. Members confirm their commitment to give preference to those measures which have the least disruptive effect on trade. Such measures (referred to in this Understanding as "price-based measures") shall be understood to include import surcharges, import deposit requirements or other equivalent trade measures with an impact on the price of imported goods. It is understood that,

vara. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði II. gr. sé aðila heimilt að beita verðgrunduðum ráðstöfunum, sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar, auk þeirra tolla sem eru tilgreindir í skrá viðkomandi aðila. Enn fremur skal sá aðili tilgreina á skýran hátt og í hverju tilviki fyrir sig, samkvæmt málsmeðferðinni við tilkynningar sem um getur í þessu samkomulagi, þá fjárhæð sem er umfram bundinn toll vegna verðgrundaðra ráðstafana.

3. Aðilar skulu reyna að forðast að setja nýjar magntakmarkanir vegna greiðslujafnaðar, nema í erfiðri greiðslustöðu þar sem verðgrundaðar ráðstafanir geta ekki vegið upp á móti ört versnandi stöðu í viðskiptum við útlönd. Þegar aðili beitir magntakmörkunum skal hann rökstyðja hvers vegna verðgrundaðar ráðstafanir nægja ekki til að viðhalda greiðslujöfnuði. Aðili, sem viðheldur magntakmörkunum, skal í endurteknum viðræðum greina frá þeim árangri sem náðst hefur í því að draga verulega úr þeim afleiðingum og takmarkandi áhrifum sem slíkar ráðstafanir hafa í för með sér. Gert er ráð fyrir að ekki sé heimilt að beita fleiri en einni tegund innflutningstakmarkana á sömu vörutegund vegna greiðslujafnaðar.

4. Aðilar staðfesta að aðeins sé heimilt að beita innflutningstakmörkunum, sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar, til að stýra almennu innflutningsmagni og skulu þær ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur til að koma á greiðslujöfnuði. Aðilar skulu stjórna innflutningstakmörkunum með gagnsæjum hætti til þess að draga sem mest úr verndaráhrifum þeim samfara. Yfirvöld aðila sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili“) skulu færa fullnægjandi rök fyrir þeim viðmiðunum sem stuðst er við til að ákvarða hvaða vörur skulu háðar innflutningstakmörkunum. Aðilum er heimilt, eins og kveðið er á um í 3. mgr. XII. gr. og 10. mgr. XVIII. gr., þegar um tilteknar mikilvægar vörur er að ræða, að útiloka eða takmarka að lögð séu á almenn aukagjöld eða gripið til annarra ráðstafana vegna greiðslujafnaðar. Með hugtakinu „mikilvægar vörur“ er átt við vörur sem mæta grundvallarneysluþörfum eða eru þáttur í viðleitni aðila til að bæta greiðslujöfnuð, svo sem fjárfestingarvörur eða aðföng til framleiðslu. Við stjórnun magntakmarkana skulu aðilar aðeins úthluta leyfum að eigin ákvörðun þegar ekki

notwithstanding the provisions of Article II, price-based measures taken for balance-of-payments purposes may be applied by a Member in excess of the duties inscribed in the Schedule of that Member. Furthermore, that Member shall indicate the amount by which the price-based measure exceeds the bound duty clearly and separately under the notification procedures of this Understanding.

3. Members shall seek to avoid the imposition of new quantitative restrictions for balance-of-payments purposes unless, because of a critical balance-of-payments situation, price-based measures cannot arrest a sharp deterioration in the external payments position. In those cases in which a Member applies quantitative restrictions, it shall provide justification as to the reasons why price-based measures are not an adequate instrument to deal with the balance-of-payments situation. A Member maintaining quantitative restrictions shall indicate in successive consultations the progress made in significantly reducing the incidence and restrictive effect of such measures. It is understood that not more than one type of restrictive import measure taken for balance-of-payments purposes may be applied on the same product.

4. Members confirm that restrictive import measures taken for balance-of-payments purposes may only be applied to control the general level of imports and may not exceed what is necessary to address the balance-of-payments situation. In order to minimize any incidental protective effects, a Member shall administer restrictions in a transparent manner. The authorities of the importing Member shall provide adequate justification as to the criteria used to determine which products are subject to restriction. As provided in paragraph 3 of Article XII and paragraph 10 of Article XVIII, Members may, in the case of certain essential products, exclude or limit the application of surcharges applied across the board or other measures applied for balance-of-payments purposes. The term “essential products” shall be understood to mean products which meet basic consumption needs or which contribute to the Member’s effort to improve its balance-of-payments situation, such as capital goods or inputs needed for production. In the administration of quantitative restrictions, a Member shall use discretionary licensing only when

verður hjá því komist og skulu þeir hverfa frá þeirri aðferð í áföngum. Færa skal viðeigandi rök fyrir því hvaða viðmiðanir eru notaðar við að ákvarða leyfilegt innflutningsmagn eða -verð.

Málsmeðferð í viðræðum um greiðslujöfnuð.

5. Nefnd um takmarkanir vegna greiðslujafnaðar (í þessu samkomulagi kölluð „nefndin") skal efna til viðræðna til þess að endurskoða allar innflutningstakmarkanir sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar. Öllum aðilum, sem þess óska, er frjálst að taka sæti í nefndinni. Nefndin skal fylgja þeirri málsmeðferð í viðræðum um takmarkanir vegna greiðslujafnaðar sem samþykkt var 28. apríl 1970 (BISD 18S/48-53, í þessu samkomulagi nefnd „fullt viðræðuferli") með fyrirvara um þau ákvæði sem sett eru fram hér á eftir.

6. Aðili, sem beitir nýjum takmörkunum eða herðir almennt þær takmarkanir sem fyrir eru með því að auka verulega umfang ráðstafana, skal ganga til viðræðna við nefndina innan fjögurra mánaða frá því að slíkar ráðstafanir eru samþykktar. Aðili, sem samþykkir slíkar ráðstafanir, getur óskað eftir því að viðræður fari fram skv. a-lið 4. mgr. XII. gr. eða a-lið 12. mgr. XVIII. gr., eftir því sem við á. Komi engin slík beiðni fram skal formaður nefndarinnar bjóða viðkomandi aðila að efna til slíkra viðræðna. Atriði, sem kunna að verða athuguð í slíkum viðræðum, eru meðal annars innleiðsla nýrra takmarkana vegna greiðslujafnaðar eða aukið umfang takmarkana eða fjölgun vöruflokka sem þær ná til.

7. Nefndin skal endurskoða með reglulegu millibili, samkvæmt ákvæðum b-liðar 4. mgr. XII. gr. eða b-liðar 12. mgr. XVIII. gr., allar takmarkanir sem beitt er vegna greiðslujafnaðar, en þó kann tíðni viðræðna að breytast að fengnu samþykki þess aðila sem kallaður er til viðræðna eða samkvæmt sérstakri endurskoðunarmálsmeðferð sem aðalráðið kann að leggja til.

8. Viðræður geta farið fram samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð sem samþykkt var 19. desember 1972 (BISD 20S/47-49, í þessu samkomulagi nefnd „einfaldað viðræðuferli") þegar um er að ræða aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun eða þegar um er að ræða þróunaraðildarlönd sem leitast við að auka frelsi í samræmi við tímaáætlunina sem lögð hefur verið fyrir nefndina á fyrri viðræðufundum. Einnig er

unavoidable and shall phase it out progressively. Appropriate justification shall be provided as to the criteria used to determine allowable import quantities or values.

Procedures for Balance-of-Payments Consultations

5. The Committee on Balance-of-Payments Restrictions (referred to in this Understanding as the "Committee") shall carry out consultations in order to review all restrictive import measures taken for balance-of-payments purposes. The membership of the Committee is open to all Members indicating their wish to serve on it. The Committee shall follow the procedures for consultations on balance-of-payments restrictions approved on 28 April 1970 (BISD 18S/48-53, referred to in this Understanding as "full consultation procedures"), subject to the provisions set out below.

6. A Member applying new restrictions or raising the general level of its existing restrictions by a substantial intensification of the measures shall enter into consultations with the Committee within four months of the adoption of such measures. The Member adopting such measures may request that a consultation be held under paragraph 4(a) of Article XII or paragraph 12(a) of Article XVIII as appropriate. If no such request has been made, the Chairman of the Committee shall invite the Member to hold such a consultation. Factors that may be examined in the consultation would include, *inter alia*, the introduction of new types of restrictive measures for balance-of-payments purposes, or an increase in the level or product coverage of restrictions.

7. All restrictions applied for balance-of-payments purposes shall be subject to periodic review in the Committee under paragraph 4(b) of Article XII or under paragraph 12(b) of Article XVIII, subject to the possibility of altering the periodicity of consultations in agreement with the consulting Member or pursuant to any specific review procedure that may be recommended by the General Council.

8. Consultations may be held under the simplified procedures approved on 19 December 1972 (BISD 20S/47-49, referred to in this Understanding as "simplified consultation procedures") in the case of least-developed country Members or in the case of developing country Members which are pursuing liberalization efforts in conformity with the schedule presented to the Committee in previous consultations. Simplified

heimilt að nota einfaldað viðræðuferli þegar endurskoðun á viðskiptastefnu þróunaraðildarlands er tímasett á sama almanaksári og viðræðurnar. Í slíkum tilvikum skal ákveða, á grundvelli þeirra atriða sem talin eru upp í 8. mgr. yfirlýsingarinnar frá 1979, hvort viðhafa skuli ítarlegt viðræðuferli. Aðeins er heimilt að efna tvisvar í röð til viðræðna samkvæmt einfölduðu viðræðuferli nema þegar um er að ræða aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun.

Tilkynningar og gögn.

9. Aðilar skulu tilkynna aðalráðinu um nýjar innflutningstakmarkanir sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar, eða breytingar á þeim, sem og um breyttar tímaáætlanir varðandi afnám slíkra ráðstafana sem tilkynntar eru skv. 1. mgr. Tilkynna skal aðalráðinu um umtalsverðar breytingar áður en eða eigi síðar en 30 dögum eftir að tilkynnt er um þær. Aðilar skulu árlega senda aðalskrifstofunni heildartilkynningu sem hefur að geyma allar breytingar á lögum og reglum, stefnumarkandi yfirlýsingum eða opinberum auglýsingum til athugunar af hálfu aðila. Tilkynningar skulu, að því marki sem unnt er, hafa að geyma tæmandi upplýsingar varðandi hvert tollskrársvið, um það hvers konar ráðstöfunum er beitt, hvaða viðmiðanir gilda um stjórnun þeirra, vörurnar sem þær taka til og áhrif þeirra á viðskiptaflæði.

10. Nefndinni er heimilt, að beiðni aðila, að endurskoða tilkynningar. Slík endurskoðun skal einungis taka til skýringar á sérstökum málefnum sem bent er á í tilkynningu eða könnunar á því hvort þörf sé á viðræðum skv. a-lið 4. mgr. XII. gr. eða a-lið 12. mgr. XVIII. gr. Aðilar, sem hafa ástæðu til að ætla að annar aðili hafi gripið til innflutningstakmarkana vegna greiðslujafnaðar, geta vakið athygli nefndarinnar á málinu. Formaður nefndarinnar skal óska eftir upplýsingum um ráðstafanirnar og veita öllum aðilum aðgang að þeim upplýsingum. Heimilt er að leggja spurningar fyrirfram fyrir þann aðila sem kallaður er til viðræðna, með fyrirvara um rétt allra aðila sem sæti eiga í nefndinni til að óska eftir viðeigandi skýringum á meðan viðræður standa yfir.

11. Aðili sem kallaður er til viðræðna skal taka saman greinargerð vegna viðræðnanna sem felur í sér, auk annarra upplýsinga sem taldar eru skipta máli: *a)* yfirlit yfir greiðslujöfnuð og horfur hvað hann varðar, þar á meðal umfjöllun um innri og ytri þætti sem hafa áhrif á greiðslu-

consultation procedures may also be used when the Trade Policy Review of a developing country Member is scheduled for the same calendar year as the date fixed for the consultations. In such cases the decision as to whether full consultation procedures should be used will be made on the basis of the factors enumerated in paragraph 8 of the 1979 Declaration. Except in the case of least-developed country Members, no more than two successive consultations may be held under simplified consultation procedures.

Notification and Documentation

9. A Member shall notify to the General Council the introduction of or any changes in the application of restrictive import measures taken for balance-of-payments purposes, as well as any modifications in time-schedules for the removal of such measures as announced under paragraph 1. Significant changes shall be notified to the General Council prior to or not later than 30 days after their announcement. On a yearly basis, each Member shall make available to the Secretariat a consolidated notification, including all changes in laws, regulations, policy statements or public notices, for examination by Members. Notifications shall include full information, as far as possible, at the tariff-line level, on the type of measures applied, the criteria used for their administration, product coverage and trade flows affected.

10. At the request of any Member, notifications may be reviewed by the Committee. Such reviews would be limited to the clarification of specific issues raised by a notification or examination of whether a consultation under paragraph 4(a) of Article XII or paragraph 12(a) of Article XVIII is required. Members which have reasons to believe that a restrictive import measure applied by another Member was taken for balance-of-payments purposes may bring the matter to the attention of the Committee. The Chairman of the Committee shall request information on the measure and make it available to all Members. Without prejudice to the right of any member of the Committee to seek appropriate clarifications in the course of consultations, questions may be submitted in advance for consideration by the consulting Member.

11. The consulting Member shall prepare a Basic Document for the consultations which, in addition to any other information considered to be relevant, should include: *(a)* an overview of the balance-of-payments situation and prospects,

jöfnuð og stefnumarkandi ráðstafanir sem gripið hefur verið til á innlendum vettvangi til þess að koma aftur á traustu jafnvægi til frambúðar; *b)* ítarlega lýsingu á takmörkunum sem beitt er vegna greiðslujafnaðar, lagalegum grundvelli þeirra og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr verndaráhrifum þeim samfara; *c)* ráðstafanir sem gripið hefur verið til frá því síðast var efnt til viðræðna til að afnema innflutningstakmarkanir, með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar; *d)* áætlun um að afnema og draga smám saman úr þeim takmörkunum sem eftir eru. Heimilt er, þegar við á, að vísa í upplýsingar sem hafa verið veittar í öðrum tilkynningum eða skýrslum sem sendar hafa verið Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Aðili sem kallaður er til viðræðna skal, samkvæmt einfölduðu viðræðuferli, leggja fram skriflega yfirlýsingu þar sem fram koma grundvallarupplýsingar um þá þætti sem fyrrnefnd greinargerð tekur til.

12. Í því augnamiði að greiða fyrir viðræðum innan nefndarinnar skal aðalskrifstofan taka saman greinargerð um málsatvik þar sem fjallað er um hinar mismunandi hliðar viðræðuáætlunarinnar. Þegar um er að ræða þróunaraðildarlönd skal greinargerð aðalskrifstofunnar fela í sér almennar og sundurliðaðar upplýsingar sem máli skipta um áhrif ytra viðskiptaumhverfis á greiðslujöfnuð og horfur hvað hann varðar hjá þeim aðila sem kallaður er til viðræðna. Tækniþjónusta aðalskrifstofunnar skal, að beiðni þróunaraðildarlands, veita aðstoð við undirbúning gagna vegna viðræðnanna.

Niðurstöður viðræðna um greiðslujöfnuð.

   (ii) with respect to support provided during any year of the implementation period and thereafter, calculated in accordance with the provisions of Annex 3 of this Agreement and taking into account the constituent data and methodology used in the tables of supporting material incorporated by reference in Part IV of the Member's Schedule;

(b) "basic agricultural product" in relation to domestic support commitments is defined as the product as close as practicable to the point of first sale as specified in a Member's Schedule and in the related supporting material;

(c) "budgetary outlays" or "outlays" includes revenue foregone;

d) „jafngildur stuðningur“: árlegur stuðningur, gefinn upp í fjárhæðum, sem er veittur framleiðendum grunnlandbúnaðarvöru með því að grípa til einnar eða fleiri ráðstafana, sem ekki er unnt að reikna út í samræmi við aðferðafræði við útreikning á heildarstuðningi, að undanskildum stuðningi sem er veittur á grundvelli áætlana sem uppfylla skilyrði um undanþágu frá því að draga úr stuðningi skv. 2. viðauka við þennan samning, og sem er:

i) að því er varðar stuðning sem er veittur á viðmiðunartímabili, tilgreindur í viðkomandi töflum með ítarefni sem vitnað er til í IV. hluta í skrá aðila; og

ii) að því er varðar stuðning sem er veittur á hvaða ári framkvæmdartímabilsins sem er og eftir það, reiknaður út í samræmi við ákvæði 4. viðauka þessa samnings, að teknu tilliti til þeirra gagna og aðferðafræði sem er notað í töflum ítarefnisins sem vitnað er til í IV. hluta í skrá aðila;

e) „útflutningsstyrkir“: styrkir sem eru háðir útflutningsmagni, þar með taldir útflutningsstyrkir sem eru taldir upp í 9. gr. þessa samnings;

f) „framkvæmdartímabil“: sex ára tímabil sem hefst árið 1995, nema hvað varðar 13. gr. en þá er um að ræða níu ára tímabil sem hefst árið 1995;

g) „ívilnanir vegna markaðsaðgangs“: allar skuldbindingar um markaðsaðgang sem grundvallast á þessum samningi;

h) „samanlagður heildarstuðningur“: samanlögð fjárhæð alls innanlandsstuðnings við framleiðendur í landbúnaði, sem er reiknuð út sem samanlögð fjárhæð alls heildarstuðnings vegna grunnlandbúnaðarvöru, alls heildarstuðnings sem ekki tengist sérstakri landbúnaðarvöru og alls jafngilds stuðnings vegna landbúnaðarvara, og sem er:

i) að því er varðar stuðning sem er veittur á viðmiðunartímabili (þ.e. „samanlagður heildarstuðningur sem lagður er til grundvallar“) og hámarksstuðning sem leyfilegt er að veita á hvaða ári framkvæmdartímabilsins sem er eða eftir það (þ.e. „árlegt og endanlegt skuldbindingastig“), eins og tilgreint er í IV. hluta í skrá aðila; og

(d) "Equivalent Measurement of Support" means the annual level of support, expressed in monetary terms, provided to producers of a basic agricultural product through the application of one or more measures, the calculation of which in accordance with the AMS methodology is impracticable, other than support provided under programmes that qualify as exempt from reduction under Annex 2 to this Agreement, and which is:

(i) with respect to support provided during the base period, specified in the relevant tables of supporting material incorporated by reference in Part IV of a Member's Schedule; and

(ii) with respect to support provided during any year of the implementation period and thereafter, calculated in accordance with the provisions of Annex 4 of this Agreement and taking into account the constituent data and methodology used in the tables of supporting material incorporated by reference in Part IV of the Member's Schedule;

(e) "export subsidies" refers to subsidies contingent upon export performance, including the export subsidies listed in Article 9 of this Agreement;

(f) "implementation period" means the six-year period commencing in the year 1995, except that, for the purposes of Article 13, it means the nine-year period commencing in 1995;

(g) "market access concessions" includes all market access commitments undertaken pursuant to this Agreement;

(h) "Total Aggregate Measurement of Support" and "Total AMS" mean the sum of all domestic support provided in favour of agricultural producers, calculated as the sum of all aggregate measurements of support for basic agricultural products, all non-product-specific aggregate measurements of support and all equivalent measurements of support for agricultural products, and which is:

(i) with respect to support provided during the base period (i.e. the "Base Total AMS") and the maximum support permitted to be provided during any year of the implementation period or thereafter (i.e. the "Annual and Final Bound Commitment Levels"), as specified in Part IV of a Member's Schedule; and

ii) að því er varðar stuðning sem er í raun veittur á hvaða ári framkvæmdartímabilsins sem er eða eftir það (þ.e. „samanlagður gildandi heildarstuðningur"), reiknaður út í samræmi við ákvæði þessa samnings, meðal annars 6. gr., og í samræmi við gögn og aðferðafræði sem er notuð í töflum ítarefnisins sem vitnað er til í IV. hluta í skrá aðila;

i) „ár": eins og það er notað í f-lið hér að framan og í tengslum við sérstakar skuldbindingar aðila, vísar til almanaksárs, fjárhagseða markaðsárs sem er tilgreint í skránni sem gildir fyrir þann aðila.

2. gr.
Vörur sem falla undir samninginn.

Þessi samningur gildir um þær vörur sem taldar eru upp í 1. viðauka við þennan samning, hér á eftir nefndar landbúnaðarvörur.

II. HLUTI

3. gr.
Innfelling ívilnana og skuldbindinga.

1. Skuldbindingar um innanlandsstuðning og útflutningsstyrki, sem er að finna í IV. hluta í skrá hvers aðila, eru skuldbindingar um að takmarka styrkveitingu og eru hér með gerðar óaðskiljanlegur hluti af GATT-samningnum frá 1994.
2. Með fyrirvara um ákvæði 6. gr. skal aðili ekki veita innlendum framleiðendum stuðning umfram þær skuldbindingar sem eru tilgreindar í I. þætti IV. hluta í skrá hans.

3. Með fyrirvara um ákvæði b-liðar 2. mgr. og 4. mgr. 9. gr. skal aðili ekki veita útflutningsstyrki, sem eru taldir upp í 1. mgr. 9. gr., vegna landbúnaðarvara eða vöruflokka, sem eru tilgreindir í II. þætti IV. hluta í skrá hans, umfram skuldbindingar um opinber útgjöld og magn sem þar er tilgreint og ekki veita slíka styrki vegna landbúnaðarvöru sem ekki er tilgreind í þeim þætti skrárinnar.

III. HLUTI

4. gr.
Markaðsaðgangur.

1. Ívilnanir vegna markaðsaðgangs, sem fyrirfinnast í skrám, lúta að tollabindingum og tollalækkunum og öðrum skuldbindingum um markaðsaðgang sem þar eru tilgreindar.

(ii) with respect to the level of support actually provided during any year of the implementation period and thereafter (i.e. the "Current Total AMS"), calculated in accordance with the provisions of this Agreement, including Article 6, and with the constituent data and methodology used in the tables of supporting material incorporated by reference in Part IV of the Member's Schedule;

(i) "year" in paragraph (f) above and in relation to the specific commitments of a Member refers to the calendar, financial or marketing year specified in the Schedule relating to that Member.

Article 2
Product Coverage

This Agreement applies to the products listed in Annex 1 to this Agreement, hereinafter referred to as agricultural products.

PART II

Article 3
Incorporation of Concessions and Commitments

1. The domestic support and export subsidy commitments in Part IV of each Member's Schedule constitute commitments limiting subsidization and are hereby made an integral part of GATT 1994.
2. Subject to the provisions of Article 6, a Member shall not provide support in favour of domestic producers in excess of the commitment levels specified in Section I of Part IV of its Schedule.
3. Subject to the provisions of paragraphs 2(b) and 4 of Article 9, a Member shall not provide export subsidies listed in paragraph 1 of Article 9 in respect of the agricultural products or groups of products specified in Section II of Part IV of its Schedule in excess of the budgetary outlay and quantity commitment levels specified therein and shall not provide such subsidies in respect of any agricultural product not specified in that Section of its Schedule.

PART III

Article 4
Market Access

1. Market access concessions contained in Schedules relate to bindings and reductions of tariffs, and to other market access commitments as specified therein.

2. Aðilar skulu ekki viðhalda, grípa til eða taka upp á nýjan leik ráðstafanir sem krafa hefur verið gerð um að breyta í venjulega tolla,[8] nema kveðið sé á um annað í 5. gr. og 5. viðauka.

5. gr.
Sérstök verndarákvæði.

1. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. í II. gr. GATT-samningsins frá 1994 er aðila heimilt að hagnýta sér ákvæði 4. og 5. mgr. hér á eftir í tengslum við innflutning á landbúnaðarvöru ef ráðstöfunum, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. þessa samnings, hefur verið breytt í venjulega tolla og varan er merkt með „SSG" í skrá hans, er sýnir að hún fellur undir ívilnun sem heimilt er að beita ákvæðum þessarar greinar gagnvart, ef:

a) innflutt magn þeirrar vöru inn á tollsvæði aðila, sem veitir ívilnun, fer á tilteknu ári yfir markstig sem stendur í tengslum við gildandi tækifæri til markaðsaðgangs eins og um getur í 4. mgr.; eða, en þó ekki samtímis:

b) verðið, sem varan má vera á við innflutning inn á tollsvæði aðila sem veitir ívilnun, eins og það er ákvarðað á grundvelli c.i.f. innflutningsverðs viðkomandi vörusendingar, tilgreint í innlendum gjaldmiðli, fer niður fyrir markverð sem er jafnt viðmiðunarverði[9] sem er meðaltal áranna 1986-1988 fyrir viðkomandi vöru.

2. Innflutningur samkvæmt gildandi skuldbindingum um aðgang og lágmarksaðgang að markaði, sem komið er á sem hluta af ívilnun skv. 1. mgr. hér að framan, skal talinn með í þeim tilgangi að ákvarða það innflutningsmagn sem krafist er til að hægt sé að grípa til ákvæða a-liðar 1. mgr. og 4. mgr., en viðbótartollar, sem eru lagðir á annaðhvort samkvæmt a-lið 1. mgr. og 4. mgr. eða b-lið 1. mgr. og 5. mgr. hér á eftir, skulu ekki hafa áhrif á innflutning samkvæmt slíkum skuldbindingum.

3. Hafi sendingar af viðkomandi vöru verið komnar af stað á grundvelli samnings, sem gerður er áður en viðbótartollur er lagður á samkvæmt a-lið 1. mgr. og 4. mgr., skulu þær undanþegnar slíkum viðbótartolli að því tilskildu að þær geti talist með innflutningsmagni

2. Members shall not maintain, resort to, or revert to any measures of the kind which have been required to be converted into ordinary customs duties[8], except as otherwise provided for in Article 5 and Annex 5.

Article 5
Special Safeguard Provisions

1. Notwithstanding the provisions of paragraph 1(b) of Article II of GATT 1994, any Member may take recourse to the provisions of paragraphs 4 and 5 below in connection with the importation of an agricultural product, in respect of which measures referred to in paragraph 2 of Article 4 of this Agreement have been converted into an ordinary customs duty and which is designated in its Schedule with the symbol "SSG" as being the subject of a concession in respect of which the provisions of this Article may be invoked, if:

(a) the volume of imports of that product entering the customs territory of the Member granting the concession during any year exceeds a trigger level which relates to the existing market access opportunity as set out in paragraph 4; or, but not concurrently:

(b) the price at which imports of that product may enter the customs territory of the Member granting the concession, as determined on the basis of the c.i.f. import price of the shipment concerned expressed in terms of its domestic currency, falls below a trigger price equal to the average 1986 to 1988 reference price[9] for the product concerned.

2. Imports under current and minimum access commitments established as part of a concession referred to in paragraph 1 above shall be counted for the purpose of determining the volume of imports required for invoking the provisions of subparagraph 1(a) and paragraph 4, but imports under such commitments shall not be affected by any additional duty imposed under either subparagraph 1(a) and paragraph 4 or subparagraph 1(b) and paragraph 5 below.

3. Any supplies of the product in question which were *en route* on the basis of a contract settled before the additional duty is imposed under subparagraph 1(a) and paragraph 4 shall be exempted from any such additional duty, provided that they may be counted in the volume of imports

viðkomandi vöru árið eftir með það fyrir augum að beita ákvæðum a-liðar 1. mgr. á því ári.

4. Viðbótartollur, sem lagður er á samkvæmt a-lið 1. mgr., skal einungis vera í gildi út árið sem hann er lagður á og einungis lagður á að því marki að hann fari ekki yfir þriðjung af álagningarstigi venjulegs tolls sem er í gildi á árinu sem gripið er til aðgerðarinnar. Markstig skal ákvarðað í samræmi við eftirfarandi atriði er byggjast á tækifærum til markaðsaðgangs, þ.e. innflutningur sem hlutfall af samsvarandi innanlandsneyslu[10] þriggja næstliðinna ára sem upplýsingar eru tiltækar um:

a) ef slík tækifæri til markaðsaðgangs fyrir vöru eru 10% eða minna skal grunnmarkstig vera 125%;

b) ef slík tækifæri til markaðsaðgangs fyrir vöru eru meira en 10% eða minna en 30% skal grunnmarkstig vera 110%;

c) ef slík tækifæri til markaðsaðgangs fyrir vöru eru meiri en 30% skal grunnmarkstig vera 105%;

Í öllum tilvikum er heimilt, á hvaða ári sem er, að leggja viðbótartollinn á ef raunmagn viðkomandi vöru, sem er flutt inn á tollsvæði aðila sem veitir ívilnunina, fer yfir summuna af (x) framangreindu grunnmarkstigi margfölduðu með meðalinnflutningsmagni þriggja næstliðinna ára sem upplýsingar eru tiltækar um og (y) breytingum á raunmagni innanlandsneyslu viðkomandi vöru á næsta ári á undan sem upplýsingar eru til um samanborið við árið þar á undan, að því tilskildu að markstigið sé ekki innan við 105% af meðalinnflutningsmagni í (x) hér að framan.

5. Viðbótartollur, sem er lagður á samkvæmt b-lið 1. mgr., skal ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi atriði:

a) ef mismunur á c.i.f. innflutningsverði vörusendingar í innlendum gjaldmiðli (hér á eftir nefnt „innflutningsverð“) og markverði, eins og það er skilgreint í þeim lið, er 10% af markverðinu eða minna er enginn viðbótartollur lagður á;

of the product in question during the following year for the purposes of triggering the provisions of subparagraph 1(a) in that year.

4. Any additional duty imposed under subparagraph 1(a) shall only be maintained until the end of the year in which it has been imposed, and may only be levied at a level which shall not exceed one third of the level of the ordinary customs duty in effect in the year in which the action is taken. The trigger level shall be set according to the following schedule based on market access opportunities defined as imports as a percentage of the corresponding domestic consumption[10] during the three preceding years for which data are available:

(a) where such market access opportunities for a product are less than or equal to 10 per cent, the base trigger level shall equal 125 per cent;

(b) where such market access opportunities for a product are greater than 10 per cent but less than or equal to 30 per cent, the base trigger level shall equal 110 per cent;

(c) where such market access opportunities for a product are greater than 30 per cent, the base trigger level shall equal 105 per cent.

In all cases the additional duty may be imposed in any year where the absolute volume of imports of the product concerned entering the customs territory of the Member granting the concession exceeds the sum of (*x*) the base trigger level set out above multiplied by the average quantity of imports during the three preceding years for which data are available and (*y*) the absolute volume change in domestic consumption of the product concerned in the most recent year for which data are available compared to the preceding year, provided that the trigger level shall not be less than 105 per cent of the average quantity of imports in (*x*) above.

5. The additional duty imposed under subparagraph 1(b) shall be set according to the following schedule:

(a) if the difference between the c.i.f. import price of the shipment expressed in terms of the domestic currency (hereinafter referred to as the "import price") and the trigger price as defined under that subparagraph is less than or equal to 10 per cent of the trigger price, no additional duty shall be imposed;

b) ef mismunurinn á innflutningsverði og markverði (hér á eftir nefndur „mismunurinn“) er meiri en 10% en 40% af markverðinu eða minni skal viðbótartollurinn jafngilda 30% af þeim hluta mismunarins sem er umfram 10%;

c) ef mismunurinn er meiri en 40% en 60% af markverði eða minni skal viðbótartollurinn jafngilda 50% af þeim hluta mismunarins sem er umfram 40%, að viðbættum leyfilegum viðbótartolli skv. b-lið;

d) ef mismunurinn er meiri en 60% en 75% eða minni skal viðbótartollurinn jafngilda 70% af þeim hluta mismunarins sem er umfram 60% af markverðinu, að viðbættum leyfilegum viðbótartolli skv. b- og c-lið;

e) ef mismunurinn er meiri en 75% af markverði skal viðbótartollurinn jafngilda 90% af þeim hluta mismunarins sem er umfram 75%, að viðbættum leyfilegum viðbótartollum skv. b-, c- og d-lið;

6. Að því er varðar vörur sem hætt er við skemmdum eða eru árstíðabundnar skal taka tillit til sérstakra eiginleika þeirra þegar framangreindum skilyrðum er beitt. Einkum eru styttri tímabil samkvæmt a-lið 1. mgr. og samkvæmt 4. mgr. leyfileg þegar vísað er til samsvarandi tímabila á viðmiðunartímabilinu og mismunandi viðmiðunarverð á mismunandi tímabilum er leyfilegt skv. b-lið 1. mgr.

7. Beiting sérstakra verndarráðstafana skal vera gagnsæ. Aðili, sem grípur til aðgerða á grundvelli a-liðar 1. mgr. hér að framan, skal senda um það skriflega tilkynningu ásamt viðeigandi gögnum til landbúnaðarnefndarinnar með eins miklum fyrirvara og unnt er og að minnsta kosti innan 10 daga frá því að slík aðgerð kemur til framkvæmda. Þegar nauðsynlegt er að deila breytingum á neyslumagni niður á einstök tollskrársvið, sem aðgerðir skv. 4. mgr. taka til, skulu viðeigandi gögn fela í sér þær upplýsingar og aðferðir sem stuðst er við þegar breytingunum er deilt niður. Aðili sem grípur til aðgerða á grundvelli 4. mgr., skal veita aðilum sem eiga hagsmuna að gæta tækifæri til viðræðna um skilyrði fyrir beitingu slíkra aðgerða. Aðili, sem grípur til aðgerða á grundvelli b-liðar 1. mgr.

(b) if the difference between the import price and the trigger price (hereinafter referred to as the “difference”) is greater than 10 per cent but less than or equal to 40 per cent of the trigger price, the additional duty shall equal 30 per cent of the amount by which the difference exceeds 10 per cent;

(c) if the difference is greater than 40 per cent but less than or equal to 60 per cent of the trigger price, the additional duty shall equal 50 per cent of the amount by which the difference exceeds 40 per cent, plus the additional duty allowed under (b);

(d) if the difference is greater than 60 per cent but less than or equal to 75 per cent, the additional duty shall equal 70 per cent of the amount by which the difference exceeds 60 per cent of the trigger price, plus the additional duties allowed under (b) and (c);

(e) if the difference is greater than 75 per cent of the trigger price, the additional duty shall equal 90 per cent of the amount by which the difference exceeds 75 per cent, plus the additional duties allowed under (b), (c) and (d).

6. For perishable and seasonal products, the conditions set out above shall be applied in such a manner as to take account of the specific characteristics of such products. In particular, shorter time periods under subparagraph 1(a) and paragraph 4 may be used in reference to the corresponding periods in the base period and different reference prices for different periods may be used under subparagraph 1(b).

7. The operation of the special safeguard shall be carried out in a transparent manner. Any Member taking action under subparagraph 1(a) above shall give notice in writing, including relevant data, to the Committee on Agriculture as far in advance as may be practicable and in any event within 10 days of the implementation of such action. In cases where changes in consumption volumes must be allocated to individual tariff lines subject to action under paragraph 4, relevant data shall include the information and methods used to allocate these changes. A Member taking action under paragraph 4 shall afford any interested Members the opportunity to consult with it in respect of the conditions of application of such action. Any Member taking action under subparagraph 1(b) above shall give

hér að framan, skal senda um það skriflega tilkynningu ásamt viðeigandi gögnum til landbúnaðarnefndarinnar innan 10 daga frá því að sú fyrsta af slíkum aðgerðum kemur til framkvæmda eða, að því er varðar vörur sem hætt er við skemmdum eða eru árstíðabundnar, fyrsta aðgerðin á tilteknu tímabili. Aðilar skuldbinda sig, eftir því sem unnt er, til að hagnýta sér ekki ákvæði b-liðar 1. mgr. ef innflutningsmagn viðkomandi vöru fer minnkandi. Í báðum tilvikum skal aðili, sem grípur til slíkra aðgerða, veita aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri til viðræðna um skilyrði fyrir beitingu slíkra aðgerða.

8. Ef ráðstafanir eru gerðar í samræmi við 1.-7. mgr. hér að framan skuldbinda aðilar sig til að hagnýta sér ekki, að því er slíkar ráðstafanir varðar, ákvæði a-liðar 1. mgr. og 3. mgr. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða 2. mgr. 8. gr. samningsins um verndarráðstafanir.

9. Ákvæði þessarar greinar skulu vera áfram í gildi meðan umbótaferlið stendur yfir eins og það er ákvarðað skv. 20. gr.

notice in writing, including relevant data, to the Committee on Agriculture within 10 days of the implementation of the first such action or, for perishable and seasonal products, the first action in any period. Members undertake, as far as practicable, not to take recourse to the provisions of subparagraph 1(b) where the volume of imports of the products concerned are declining. In either case a Member taking such action shall afford any interested Members the opportunity to consult with it in respect of the conditions of application of such action.

8. Where measures are taken in conformity with paragraphs 1 through 7 above, Members undertake not to have recourse, in respect of such measures, to the provisions of paragraphs 1(a) and 3 of Article XIX of GATT 1994 or paragraph 2 of Article 8 of the Agreement on Safeguards.

9. The provisions of this Article shall remain in force for the duration of the reform process as determined under Article 20.

IV. HLUTI

6. gr.

Skuldbindingar er varða innanlandsstuðning.

1. Skuldbindingar sérhvers aðila, skv. IV. hluta skrár hans, um að draga úr innanlandsstuðningi skulu taka til allra ráðstafana varðandi innanlandsstuðning við framleiðendur í landbúnaði, að undanskildum innlendum ráðstöfunum sem eru ekki háðar ákvæðum um að draga úr stuðningi samkvæmt þeim viðmiðunum sem eru settar fram í þessari grein og 2. viðauka við þennan samning. Skuldbindingarnar eru nefndar „samanlagður heildarstuðningur“ og „árlegt og endanlegt skuldbindingastig“.

2. Í samræmi við samninginn, sem var gerður við endurskoðunina á miðju samningstímabilinu um að ráðstafanir hins opinbera um stuðning, beinan eða óbeinan, til að efla þróun í landbúnaði og úti á landsbyggðinni séu óaðskiljanlegur hluti af þróunaráætlunum í þróunarlöndum, skulu fjárfestingarstyrkir, sem eru almennt í boði fyrir landbúnað þróunaraðildarlanda, og aðfangastyrkir í landbúnaði, sem eru almennt í boði fyrir framleiðendur með lágar tekjur eða ónóg aðföng í þróunaraðildarlandi, vera undanþegnir skuldbindingum um að draga úr innanlandsstuðningi, sem að öðrum kosti tækju til slíkra ráðstafana, og á það sama við um innanlandsstuðning við framleiðendur í þróunaraðildarlöndum til að hvetja til annars konar ræktunar

PART IV

Article 6

Domestic Support Commitments

1. The domestic support reduction commitments of each Member contained in Part IV of its Schedule shall apply to all of its domestic support measures in favour of agricultural producers with the exception of domestic measures which are not subject to reduction in terms of the criteria set out in this Article and in Annex 2 to this Agreement. The commitments are expressed in terms of Total Aggregate Measurement of Support and "Annual and Final Bound Commitment Levels".

2. In accordance with the Mid-Term Review Agreement that government measures of assistance, whether direct or indirect, to encourage agricultural and rural development are an integral part of the development programmes of developing countries, investment subsidies which are generally available to agriculture in developing country Members and agricultural input subsidies generally available to low-income or resource-poor producers in developing country Members shall be exempt from domestic support reduction commitments that would otherwise be applicable to such measures, as shall domestic support to producers in developing country Members to encourage diversification from growing illicit narcotic crops. Domestic support

en ræktunar ólöglegra eiturlyfjaplantna. Við útreikning aðila á samanlögðum gildandi heildarstuðningi er ekki nauðsynlegt að taka innanlandsstuðning með sem er í samræmi við viðmiðanir þessarar málsgreinar.

3. Litið er svo á að aðili hafi staðið við skuldbindingar sínar um að draga úr innanlandsstuðningi ef innanlandsstuðningur við framleiðendur í landbúnaði á tilteknu ári, tilgreindur sem samanlagður gildandi heildarstuðningur, fer ekki yfir það samsvarandi árlega eða endanlega skuldbindingastig sem er tilgreint í IV. hluta í skrá aðila.

4. a) Við útreikning aðila á samanlögðum gildandi heildarstuðningi er honum ekki gert skylt að taka með eða minnka:

   i) innanlandsstuðning sem tengist sérstakri vöru, sem að öðrum kosti ætti að taka með í útreikningi aðila á gildandi heildarstuðningi, ef slíkur stuðningur fer ekki yfir 5% af heildarframleiðsluverðmæti grunnlandbúnaðarvöru hjá þeim aðila á viðkomandi ári; og

   ii) innanlandsstuðning sem ekki tengist sérstakri vöru, sem að öðrum kosti ætti að taka með í útreikningi aðila á gildandi heildarstuðningi, ef slíkur stuðningur fer ekki yfir 5% af verðmæti heildarframleiðslu í landbúnaði hjá þeim aðila.

   b) Að því er varðar þróunaraðildarlönd skal lágmarkshlutfall samkvæmt þessari málsgrein vera 10%.

5. a) Beinar greiðslur samkvæmt áætlunum um að takmarka framleiðslu skulu ekki háðar skuldbindingum um að draga úr innanlandsstuðningi ef:

   i) slíkar greiðslur miðast við ákveðin svæði og ákveðinn afrakstur; eða

   ii) slíkar greiðslur eru inntar af hendi vegna 85% eða minna af grunnframleiðslumagni; eða

   iii) greiðslur fyrir búpening fara eftir föstum fjölda dýra.

   b) Undanþága frá skuldbindingu um að draga úr beinum greiðslum, sem eru í samræmi við viðmiðanirnar hér að framan, skal koma fram í því að verðgildi þessara beinu greiðslna er ekki tekið með í útreikningi aðila á samanlögðum gildandi heildarstuðningi.

meeting the criteria of this paragraph shall not be required to be included in a Member's calculation of its Current Total AMS.

3. A Member shall be considered to be in compliance with its domestic support reduction commitments in any year in which its domestic support in favour of agricultural producers expressed in terms of Current Total AMS does not exceed the corresponding annual or final bound commitment level specified in Part IV of the Member's Schedule.

4. (a) A Member shall not be required to include in the calculation of its Current Total AMS and shall not be required to reduce:

   (i) product-specific domestic support which would otherwise be required to be included in a Member's calculation of its Current AMS where such support does not exceed 5 per cent of that Member's total value of production of a basic agricultural product during the relevant year; and

   (ii) non-product-specific domestic support which would otherwise be required to be included in a Member's calculation of its Current AMS where such support does not exceed 5 per cent of the value of that Member's total agricultural production.

   (b) For developing country Members, the de minimis percentage under this paragraph shall be 10 per cent.

5. (a) Direct payments under production-limiting programmes shall not be subject to the commitment to reduce domestic support if:

   (i) such payments are based on fixed area and yields; or

   (ii) such payments are made on 85 per cent or less of the base level of production; or

   (iii) livestock payments are made on a fixed number of head.

   (b) The exemption from the reduction commitment for direct payments meeting the above criteria shall be reflected by the exclusion of the value of those direct payments in a Member's calculation of its Current Total AMS.

7. gr.
Almennar verklagsreglur um innanlandsstuðning.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess að ráðstöfunum um innanlandsstuðning við framleiðendur í landbúnaði, sem eru ekki háðar skuldbindingum um að draga úr stuðningi vegna þess að þær eru í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. viðauka við þennan samning, sé viðhaldið í samræmi við það.

2. a) Ráðstafanir um innanlandsstuðning við framleiðendur í landbúnaði, þar með taldar breytingar á slíkum ráðstöfunum, og ráðstafanir, sem eru gerðar síðar og ekki er unnt að sýna fram á að séu í samræmi við viðmiðanirnar í 2. viðauka við þennan samning eða séu undanþegnar ákvæðum um að draga úr stuðningi á grundvelli annarra ákvæða í þessum samningi, skulu teknar með í útreikningi aðila á samanlögðum gildandi heildarstuðningi.

b) Ef ekki er fyrir hendi skuldbinding um samanlagðan heildarstuðning í IV. hluta í skrá aðila skal aðili ekki veita framleiðendum í landbúnaði stuðning umfram viðkomandi lágmark sem sett er fram í 4. mgr. 6. gr.

V. HLUTI

8. gr.
Skuldbindingar er varða samkeppni í útflutningi.

Sérhver aðili skuldbindur sig til að veita ekki útflutningsstyrki nema í samræmi við þennan samning og þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í skrá þess aðila.

9. gr.
Skuldbindingar er varða útflutningsstyrki.

1. Eftirtaldir útflutningsstyrkir eru háðir skuldbindingum um að draga úr stuðningi á grundvelli þessa samnings:

a) beinir styrkir, þar með taldar greiðslur í fríðu, sem stjórnvöld eða stofnanir á vegum þeirra veita fyrirtæki, atvinnugrein, framleiðendum landbúnaðarvöru, samvinnufélagi eða öðrum samtökum slíkra framleiðenda eða markaðsráði, enda séu þeir háðir útflutningsmagni;

b) sala eða ráðstöfun af hálfu stjórnvalda eða stofnana á vegum þeirra til útflutnings á birgðum landbúnaðarvara, sem ekki eru verslunarvara, á lægra verði en sambærilegu verði sem kaupendur greiða

Article 7
General Disciplines on Domestic Support

1. Each Member shall ensure that any domestic support measures in favour of agricultural producers which are not subject to reduction commitments because they qualify under the criteria set out in Annex 2 to this Agreement are maintained in conformity therewith.

2. (a) Any domestic support measure in favour of agricultural producers, including any modification to such measure, and any measure that is subsequently introduced that cannot be shown to satisfy the criteria in Annex 2 to this Agreement or to be exempt from reduction by reason of any other provision of this Agreement shall be included in the Member's calculation of its Current Total AMS.

(b) Where no Total AMS commitment exists in Part IV of a Member's Schedule, the Member shall not provide support to agricultural producers in excess of the relevant de minimis level set out in paragraph 4 of Article 6.

PART V

Article 8
Export Competition Commitments

Each Member undertakes not to provide export subsidies otherwise than in conformity with this Agreement and with the commitments as specified in that Member's Schedule.

Article 9
Export Subsidy Commitments

1. The following export subsidies are subject to reduction commitments under this Agreement:

(a) the provision by governments or their agencies of direct subsidies, including payments-in-kind, to a firm, to an industry, to producers of an agricultural product, to a cooperative or other association of such producers, or to a marketing board, contingent on export performance;

(b) the sale or disposal for export by governments or their agencies of non-commercial stocks of agricultural products at a price lower than the comparable price

fyrir samsvarandi vöru á innanlandsmarkaði;

c) greiðslur vegna útflutnings landbúnaðarvöru, fjármagnaðar í krafti aðgerðar hins opinbera, hvort sem um er að ræða greiðslur af opinberu fé eða ekki, þar með taldar greiðslur sem eru fjármagnaðar með gjaldi sem er lagt á viðkomandi landbúnaðarvöru eða landbúnaðarvöru sem útflutningsvaran er unnin úr;

d) styrkir til að draga úr kostnaði við að markaðssetja útflutning á landbúnaðarvörum (að undanskilinni markaðs- og kynningarþjónustu og ráðgjafarþjónustu sem almennt stendur til boða), þar með talinn kostnaður við meðhöndlun og endurbætur og annar vinnslukostnaður, auk kostnaðar við millilandaflutning og -frakt;

e) innlend flutnings- og farmgjöld á útflutningsvörum, sem stjórnvöld leggja á eða gefa fyrirmæli um, með hagstæðari kjörum en gilda um vörusendingar innanlands;

f) styrkir vegna landbúnaðarvara, sem eru háðir því að vörurnar séu hluti af útflutningsvöru.

2. a) Ef ekki er kveðið á um annað í b-lið jafngildir skuldbindingastig útflutningsstyrkja á hverju ári framkvæmdartímabilsins, eins og tilgreint er í skrá aðila, að því er varðar útflutningsstyrki sem eru taldir upp í 1. mgr. þessarar greinar:

i) þegar um er að ræða skuldbindingar um að draga úr opinberum útgjöldum, þeim hámarksútgjöldum vegna slíkra styrkja sem heimilt er að úthluta eða stofna til á því ári að því er varðar viðkomandi landbúnaðarvöru eða vöruflokk; og

ii) þegar um er að ræða skuldbindingar um að draga úr útflutningsmagni, því hámarksmagni landbúnaðarvöru eða vöruflokks sem heimilt er að veita útflutningsstyrki fyrir á því ári.

b) Á bilinu frá öðru ári til fimmta árs framkvæmdartímabilsins getur aðili veitt útflutningsstyrki, sem eru taldir upp í 1. mgr. hér að framan, á tilteknu ári umfram samsvarandi árlegt skuldbindingar-

charged for the like product to buyers in the domestic market;

(c) payments on the export of an agricultural product that are financed by virtue of governmental action, whether or not a charge on the public account is involved, including payments that are financed from the proceeds of a levy imposed on the agricultural product concerned or on an agricultural product from which the exported product is derived;

(d) the provision of subsidies to reduce the costs of marketing exports of agricultural products (other than widely available export promotion and advisory services) including handling, upgrading and other processing costs, and the costs of international transport and freight;

(e) internal transport and freight charges on export shipments, provided or mandated by governments, on terms more favourable than for domestic shipments;

(f) subsidies on agricultural products contingent on their incorporation in exported products.

2. (a) Except as provided in subparagraph (b), the export subsidy commitment levels for each year of the implementation period, as specified in a Member's Schedule, represent with respect to the export subsidies listed in paragraph 1 of this Article:

(i) in the case of budgetary outlay reduction commitments, the maximum level of expenditure for such subsidies that may be allocated or incurred in that year in respect of the agricultural product, or group of products, concerned; and

(ii) in the case of export quantity reduction commitments, the maximum quantity of an agricultural product, or group of products, in respect of which such export subsidies may be granted in that year.

(b) In any of the second through fifth years of the implementation period, a Member may provide export subsidies listed in paragraph 1 above in a given year in excess of the corresponding annual com-

stig að því er varðar vörur eða vöruflokka sem eru tilgreindir í IV. hluta í skrá aðila, að því tilskildu að:

i) uppsafnaðar fjárhæðir til opinberra útgjalda vegna slíkra styrkja fari ekki, frá upphafi framkvæmdartímabilsins til loka viðkomandi árs, meira en 3% af því stigi, sem gildir fyrir slík opinber útgjöld á viðmiðunartímabilinu, yfir þær uppsöfnuðu fjárhæðir sem hefðu orðið niðurstaðan ef viðkomandi árleg skuldbindingastig fyrir útgjöld, sem eru tilgreind í skrá aðilans, hefðu verið að öllu leyti virt;

ii) uppsafnað útflutningsmagn, sem er flutt út með slíkum útflutningsstyrkjum, fari ekki, frá upphafi framkvæmdartímabilsins til loka viðkomandi árs, meira en 1,75% af magni viðmiðunartímabilsins fyrir slíkar magnskuldbindingar yfir það uppsafnaða magn sem hefði orðið niðurstaðan ef viðkomandi árleg skuldbindingastig fyrir magn, sem eru tilgreind í skrá aðilans, hefðu verið að öllu leyti virt;

iii) samanlagðar uppsafnaðar fjárhæðir til opinberra útgjalda vegna slíkra útflutningsstyrkja og magn, sem nýtur slíkra útflutningsstyrkja, fari ekki, á öllu framkvæmdartímabilinu, yfir það sem hefði orðið niðurstaðan ef viðkomandi árleg skuldbindingastig, sem eru tilgreind í skrá aðila, hefðu verið að öllu leyti virt; og

iv) opinber útgjöld aðila vegna útflutningsstyrkja og magn, sem nýtur slíkra útflutningsstyrkja, séu í lok framkvæmdartímabilsins ekki meira en 64% annars vegar og 79% hins vegar af stigi viðmiðunartímabils árin 1986-1990. Að því er varðar þróunaraðildarlönd skal samsvarandi hlutfall vera 76 og 86%.

3. Skuldbindingar í tengslum við takmarkanir á umfangi útflutningsstyrkja eru í samræmi við það sem er tilgreint í skránum.

4. Á framkvæmdartímabilinu skal ekki farið fram á að þróunaraðildarlönd taki á sig skuldbindingar að því er varðar útflutningsstyrki sem

mitment levels in respect of the products or groups of products specified in Part IV of the Member's Schedule, provided that:

(i) the cumulative amounts of budgetary outlays for such subsidies, from the beginning of the implementation period through the year in question, does not exceed the cumulative amounts that would have resulted from full compliance with the relevant annual outlay commitment levels specified in the Member's Schedule by more than 3 per cent of the base period level of such budgetary outlays;

(ii) the cumulative quantities exported with the benefit of such export subsidies, from the beginning of the implementation period through the year in question, does not exceed the cumulative quantities that would have resulted from full compliance with the relevant annual quantity commitment levels specified in the Member's Schedule by more than 1.75 per cent of the base period quantities;

(iii) the total cumulative amounts of budgetary outlays for such export subsidies and the quantities benefiting from such export subsidies over the entire implementation period are no greater than the totals that would have resulted from full compliance with the relevant annual commitment levels specified in the Member's Schedule; and

(iv) the Member's budgetary outlays for export subsidies and the quantities benefiting from such subsidies, at the conclusion of the implementation period, are no greater than 64 per cent and 79 per cent of the 1986-1990 base period levels, respectively. For developing country Members these percentages shall be 76 and 86 per cent, respectively.

3. Commitments relating to limitations on the extension of the scope of export subsidization are as specified in Schedules.

4. During the implementation period, developing country Members shall not be required to undertake commitments in respect of the export sub-

eru taldir upp í d- og e-lið 1. mgr. hér að framan, að því tilskildu að styrkjunum sé ekki beitt á þann hátt að farið sé í kringum skuldbindingar um að draga úr stuðningi.

10. gr.

Ráðstafanir til að hindra að farið sé í kringum skuldbindingar er varða útflutningsstyrki.

1. Útflutningsstyrkjum, sem eru ekki taldir upp í 1. mgr. 9. gr. þessa samnings, skal ekki beitt á þann hátt að það hafi í för með sér eða leiði hugsanlega til þess að farið sé í kringum skuldbindingar er varða útflutningsstyrki; ekki skal heldur nota viðskipti, sem ekki eru á verslunargrundvelli, til að fara í kringum slíkar skuldbindingar.

2. Aðilar skuldbinda sig til að vinna að mótun alþjóðlega umsaminna verklagsreglna um útflutningslán, útflutningslánsábyrgðir eða tryggingaáætlanir og skulu, þegar slíkar verklagsreglur hafa verið samþykktar, sjá til þess að útflutningslánin, útflutningslánsábyrgðirnar eða tryggingaáætlanirnar samrýmist þeim.

3. Aðili, sem heldur því fram að útflutt magn sem er umfram skuldbindingastig um að draga úr stuðningi njóti ekki styrkja, skal sýna fram á að engir útflutningsstyrkir, hvort sem þeir eru taldir upp í 9. gr. eða ekki, hafi verið veittir vegna umrædds útflutningsmagns.

4. Aðilar, sem veita matvælaaðstoð á alþjóðavettvangi, skulu sjá til þess:

a) að veiting matvælaaðstoðar á alþjóðavettvangi sé ekki, hvorki beint né óbeint, tengd verslunarútflutningi á landbúnaðarvörum til viðtökulandanna;

b) að alþjóðleg framkvæmd matvælaaðstoðar, þar með talin tvíhliða matvælaaðstoð í formi fjárframlaga, fari fram í samræmi við „meginreglur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um ráðstöfun offramleiðslu og samráðsskyldur“, þar með talið, þar sem við á, reglur um venjulegar markaðskröfur; og

c) að slík aðstoð sé, eftir því sem unnt er, að öllu leyti veitt sem styrkur eða með skilmálum sem teljast ekki síðri ívilnun en þeir sem kveðið er á um í IV. grein sáttmálans um matvælaaðstoð frá 1986.

11. gr.

Samsettar vörur.

Styrkur á einingu vegna landbúnaðarhráefnis, sem er hluti samsettrar vöru, má aldrei vera hærri en útflutningsstyrkur á einingu sem bæri

sidies listed in subparagraphs (d) and (e) of paragraph 1 above, provided that these are not applied in a manner that would circumvent reduction commitments.

Article 10

Prevention of Circumvention of Export Subsidy Commitments

1. Export subsidies not listed in paragraph 1 of Article 9 shall not be applied in a manner which results in, or which threatens to lead to, circumvention of export subsidy commitments; nor shall non-commercial transactions be used to circumvent such commitments.

2. Members undertake to work toward the development of internationally agreed disciplines to govern the provision of export credits, export credit guarantees or insurance programmes and, after agreement on such disciplines, to provide export credits, export credit guarantees or insurance programmes only in conformity therewith.

3. Any Member which claims that any quantity exported in excess of a reduction commitment level is not subsidized must establish that no export subsidy, whether listed in Article 9 or not, has been granted in respect of the quantity of exports in question.

4. Members donors of international food aid shall ensure:

(a) that the provision of international food aid is not tied directly or indirectly to commercial exports of agricultural products to recipient countries;

(b) that international food aid transactions, including bilateral food aid which is monetized, shall be carried out in accordance with the FAO “Principles of Surplus Disposal and Consultative Obligations”, including, where appropriate, the system of Usual Marketing Requirements (UMRs); and

(c) that such aid shall be provided to the extent possible in fully grant form or on terms no less concessional than those provided for in Article IV of the Food Aid Convention 1986.

Article 11

Incorporated Products

In no case may the per-unit subsidy paid on an incorporated agricultural primary product exceed the per-unit export subsidy that would be

að greiða vegna útflutnings á hráefninu sem slíku.

VI. HLUTI

12. gr.

Verklagsreglur um útflutningsbönn og -takmarkanir.

1. Ef aðili setur nýtt útflutningsbann eða -takmörkun á matvæli í samræmi við a-lið 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skal sá aðili hlíta eftirtöldum ákvæðum:

a) aðili, sem setur útflutningsbann eða -takmörkun, skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra áhrifa sem slíkt bann eða slík takmörkun hefur á fæðuöryggi þeirra aðila sem eru innflytjendur (hér eftir nefndir „innflutningsaðilar“);

b) áður en aðili setur útflutningsbann eða -takmörkun skal hann, með eins miklum fyrirvara og unnt er, senda skriflega tilkynningu til landbúnaðarnefndarinnar með upplýsingum um eðli og tímalengd slíkrar ráðstöfunar og taka upp viðræður, að fenginni beiðni, við hvern þann aðila sem á verulegra hagsmuna að gæta sem innflytjandi að því er varðar málefni tengd umræddri ráðstöfun. Aðili, sem setur slíkt útflutningsbann eða -takmörkun, skal að fenginni beiðni veita slíkum aðila nauðsynlegar upplýsingar.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þróunaraðildarland, nema ráðstöfunin sé gerð af þróunaraðildarlandi sem er nettóútflytjandi þeirrar sérstöku matvælategundar sem um ræðir.

VII. HLUTI

13. gr.

Tilhlýðilegt aðhald.

Óháð ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 og samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir (í þessari grein nefndur „samningurinn um styrki“) gildir eftirfarandi á framkvæmdatímabilinu:

a) ráðstafanir um innanlandsstuðning, sem að öllu leyti samrýmast ákvæðum 2. viðauka við þennan samning, skulu vera:
   i) styrkir sem ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn með jöfnunartollum[11];
   ii) undanþegnar aðgerðum á grundvelli XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og III. hluta samningsins um styrki; og

payable on exports of the primary product as such.

PART VI

Article 12

Disciplines on Export Prohibitions and Restrictions

1. Where any Member institutes any new export prohibition or restriction on foodstuffs in accordance with paragraph 2(a) of Article XI of GATT 1994, the Member shall observe the following provisions:

(a) the Member instituting the export prohibition or restriction shall give due consideration to the effects of such prohibition or restriction on importing Members' food security;

(b) before any Member institutes an export prohibition or restriction, it shall give notice in writing, as far in advance as practicable, to the Committee on Agriculture comprising such information as the nature and the duration of such measure, and shall consult, upon request, with any other Member having a substantial interest as an importer with respect to any matter related to the measure in question. The Member instituting such export prohibition or restriction shall provide, upon request, such a Member with necessary information.

2. The provisions of this Article shall not apply to any developing country Member, unless the measure is taken by a developing country Member which is a net-food exporter of the specific foodstuff concerned.

PART VII

Article 13

Due Restraint

During the implementation period, notwithstanding the provisions of GATT 1994 and the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures (referred to in this Article as the "Subsidies Agreement"):

(a) domestic support measures that conform fully to the provisions of Annex 2 to this Agreement shall be:
   (i) non-actionable subsidies for purposes of countervailing duties[11];
   (ii) exempt from actions based on Article XVI of GATT 1994 and Part III of the Subsidies Agreement; and

iii) undanþegnar aðgerðum sem gera að engu eða skerða, án þess að brotið sé í bága við samninginn, ávinning sem annar aðili hefur af tollaívilnunum samkvæmt II. gr. GATT-samningsins frá 1994, í skilningi b-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994;

b) ráðstafanir vegna innanlandsstuðnings, sem að öllu leyti samrýmast ákvæðum 6. gr. þessa samnings, að meðtöldum beinum greiðslum sem samrýmast kröfum 5. mgr. þeirrar greinar, eins og gerð er grein fyrir í skrá sérhvers aðila, sem og innanlandsstuðningur sem er innan við lágmark og í samræmi við 2. mgr. 6. gr., skulu vera:

i) undanþegnar jöfnunartollum, nema ákvarðað hafi verið að tjón hafi orðið eða að hætta sé á tjóni, í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og V. hluta samningsins um styrki, og sýna verður tilhlýðilegt aðhald varðandi það að hefja rannsóknir í tengslum við jöfnunartolla;

ii) undanþegnar aðgerðum á grundvelli 1. mgr. XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða 5. og 6. gr. samningsins um styrki, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir veiti ekki stuðning vegna sérstakrar vörutegundar umfram það sem var ákveðið á markaðsárinu 1992; og

iii) undanþegnar aðgerðum sem gera að engu eða skerða, án þess að brotið sé í bága við samninginn, ávinning sem annar aðili hefur af tollaívilnunum skv. II. gr. GATT-samningsins frá 1994, í skilningi b-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir veiti ekki stuðning vegna sérstakrar vörutegundar umfram það sem var ákveðið á markaðsárinu 1992;

c) útflutningsstyrkir sem að öllu leyti samrýmast ákvæðum V. hluta þessa samnings, eins og kemur fram í skrá hvers aðila:

i) eru því aðeins háðir jöfnunartollum að ákvarðað sé að tjón hafi orðið eða hætta sé á tjóni á grundvelli umfangs, verðáhrifa eða annarra afleiddra áhrifa í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og V. hluta

(iii) exempt from actions based on non-violation nullification or impairment of the benefits of tariff concessions accruing to another Member under Article II of GATT 1994, in the sense of paragraph 1(b) of Article XXIII of GATT 1994;

(b) domestic support measures that conform fully to the provisions of Article 6 of this Agreement including direct payments that conform to the requirements of paragraph 5 thereof, as reflected in each Member's Schedule, as well as domestic support within de minimis levels and in conformity with paragraph 2 of Article 6, shall be:

(i) exempt from the imposition of countervailing duties unless a determination of injury or threat thereof is made in accordance with Article VI of GATT 1994 and Part V of the Subsidies Agreement, and due restraint shall be shown in initiating any countervailing duty investigations;

(ii) exempt from actions based on paragraph 1 of Article XVI of GATT 1994 or Articles 5 and 6 of the Subsidies Agreement, provided that such measures do not grant support to a specific commodity in excess of that decided during the 1992 marketing year; and

(iii) exempt from actions based on non-violation nullification or impairment of the benefits of tariff concessions accruing to another Member under Article II of GATT 1994, in the sense of paragraph 1(b) of Article XXIII of GATT 1994, provided that such measures do not grant support to a specific commodity in excess of that decided during the 1992 marketing year;

(c) export subsidies that conform fully to the provisions of Part V of this Agreement, as reflected in each Member's Schedule, shall be:

(i) subject to countervailing duties only upon a determination of injury or threat thereof based on volume, effect on prices, or consequent impact in accordance with Article VI of GATT 1994 and Part V of the Subsidies

samningsins um styrki, og skal reisa skorður við því, á tilhlýðilegan hátt, að hefja rannsóknir í tengslum við jöfnunartolla; og

ii) eru undanþegnir aðgerðum á grundvelli XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða 3., 5. og 6. gr. samningsins um styrki.

Agreement, and due restraint shall be shown in initiating any countervailing duty investigations; and

(ii) exempt from actions based on Article XVI of GATT 1994 or Articles 3, 5 and 6 of the Subsidies Agreement.

VIII. HLUTI

14. gr.

Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði.

Aðilar samþykkja að hrinda í framkvæmd samningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

PART VIII

Article 14

Sanitary and Phytosanitary Measures

Members agree to give effect to the Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

IX. HLUTI

15. gr.

Sérstök og mismunandi meðferð.

1. Þar sem viðurkennt er að mismunandi og hagstæðari meðferð fyrir þróunaraðildarlöndin sé óaðskiljanlegur hluti samningaviðræðnanna skal beita sérstakri og mismunandi meðferð hvað skuldbindingar varðar, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi ákvæðum þessa samnings og í skránum yfir ívilnanir og skuldbindingar.

2. Þróunaraðildarlöndin skulu hafa svigrúm til að koma skuldbindingum um að draga úr stuðningi í framkvæmd á tímabili sem er allt að 10 ár. Þess er ekki krafist að aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun taki á sig skuldbindingar um að draga úr stuðningi.

PART IX

Article 15

Special and Differential Treatment

1. In keeping with the recognition that differential and more favourable treatment for developing country Members is an integral part of the negotiation, special and differential treatment in respect of commitments shall be provided as set out in the relevant provisions of this Agreement and embodied in the Schedules of concessions and commitments.

2. Developing country Members shall have the flexibility to implement reduction commitments over a period of up to 10 years. Least-developed country Members shall not be required to undertake reduction commitments.

X. HLUTI

16. gr.

Aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarlönd sem eru nettómatvælainnflytjendur.

1. Iðnaðaraðildarlönd skulu grípa til þeirra aðgerða sem kveðið er á um innan ramma ákvörðunarinnar um ráðstafanir varðandi hugsanleg neikvæð áhrif umbótaáætlunarinnar á þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarlönd sem eru nettómatvælainnflytjendur.

2. Landbúnaðarnefndin skal, eftir því sem við á, fylgjast með framhaldsaðgerðum er tengjast þessari ákvörðun.

PART X

Article 16

Least-Developed and Net Food-Importing Developing Countries

1. Developed country Members shall take such action as is provided for within the framework of the Decision on Measures Concerning the Possible Negative Effects of the Reform Programme on Least-Developed and Net Food-Importing Developing Countries.

2. The Committee on Agriculture shall monitor, as appropriate, the follow-up to this Decision.

XI. HLUTI

17. gr.

Landbúnaðarnefnd.

Hér með er komið á fót landbúnaðarnefnd.

PART XI

Article 17

Committee on Agriculture

A Committee on Agriculture is hereby established.

18. gr.

Athugun á framkvæmd skuldbindinga.

1. Landbúnaðarnefndin skal athuga hvernig framkvæmd skuldbindinga, sem samið var um á grundvelli umbótaáætlunar Úrúgvæ-lotunnar, miðar áfram.

2. Athugunin fer fram á grundvelli tilkynninga frá aðilum varðandi þau mál og með því millibili sem ákvarðað er og á grundvelli þeirra gagna sem aðalskrifstofan kann að vera beðin um að útbúa til þess að greiða fyrir athuguninni.

3. Til viðbótar tilkynningum, sem leggja á fram skv. 2. mgr., skal þegar í stað tilkynnt um hverja nýja ráðstöfun um innanlandsstuðning, eða breytingu á gildandi ráðstöfun sem krafist er að skuli undanþegin ákvæðum um að draga úr stuðningi. Í slíkri tilkynningu skulu vera nákvæmar upplýsingar um nýjar eða breyttar ráðstafanir og samræmi þeirra við umsömdu viðmiðanirnar eins og þær eru settar fram annaðhvort í 6. gr. eða 2. viðauka.

4. Í athuguninni skulu aðilar taka tilhlýðilegt tillit til þeirra áhrifa sem óhófleg verðbólga hefur á getu aðila til að standa við skuldbindingar sínar um innanlandsstuðning.

5. Aðilar samþykkja að viðræður skuli fara fram árlega í landbúnaðarnefndinni um hlut hvers og eins í eðlilegum vexti heimsviðskipta með landbúnaðarvörur innan ramma skuldbindinganna um útflutningsstyrki samkvæmt þessum samningi.

6. Athugunin skal veita aðilum tækifæri til að vekja máls á hverju því sem viðkemur framkvæmd skuldbindinga samkvæmt umbótaáætluninni eins og mælt er fyrir um í þessum samningi.

7. Aðili getur vakið athygli landbúnaðarnefndar á hverjum þeim ráðstöfunum sem hann telur að annar aðili hefði átt að tilkynna um.

19. gr.

Viðræður og lausn deilumála.

Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um viðræður og lausn deilumála á grundvelli þessa samnings.

Article 18

Review of the Implementation of Commitments

1. Progress in the implementation of commitments negotiated under the Uruguay Round reform programme shall be reviewed by the Committee on Agriculture.

2. The review process shall be undertaken on the basis of notifications submitted by Members in relation to such matters and at such intervals as shall be determined, as well as on the basis of such documentation as the Secretariat may be requested to prepare in order to facilitate the review process.

3. In addition to the notifications to be submitted under paragraph 2, any new domestic support measure, or modification of an existing measure, for which exemption from reduction is claimed shall be notified promptly. This notification shall contain details of the new or modified measure and its conformity with the agreed criteria as set out either in Article 6 or in Annex 2.

4. In the review process Members shall give due consideration to the influence of excessive rates of inflation on the ability of any Member to abide by its domestic support commitments.

5. Members agree to consult annually in the Committee on Agriculture with respect to their participation in the normal growth of world trade in agricultural products within the framework of the commitments on export subsidies under this Agreement.

6. The review process shall provide an opportunity for Members to raise any matter relevant to the implementation of commitments under the reform programme as set out in this Agreement.

7. Any Member may bring to the attention of the Committee on Agriculture any measure which it considers ought to have been notified by another Member.

Article 19

Consultation and Dispute Settlement

The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding, shall apply to consultations and the settlement of disputes under this Agreement.

XII. HLUTI

20. gr.

Áframhald umbótaferils.

Aðilar viðurkenna að langtímamarkmiðið um að draga verulega og í síauknum mæli úr stuðningi og vernd til að ná fram grundvallarumbótum er óslitið ferli og samþykkja að samningaviðræður um að halda ferlinu áfram skuli hefjast einu ári fyrir lok framkvæmdartímabilsins, að teknu tilliti til:

a) fenginnar reynslu fram til þess dags af framkvæmd skuldbindinga um að draga úr stuðningi;

b) áhrifa af skuldbindingum um að draga úr stuðningi á heimsviðskipti með landbúnaðarvörur;

c) þátta sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, sérstakrar og mismunandi meðferðar fyrir þróunaraðildarlönd, og markmiðsins að koma á réttlátu viðskiptakerfi fyrir landbúnaðarvörur er taki mið af þörfum markaðarins, og til annarra markmiða og atriða sem um getur í formálsorðum þessa samnings; og

d) frekari skuldbindinga sem eru nauðsynlegar til að ná fyrrnefndum langtímamarkmiðum.

XIII. HLUTI

21. gr.

Lokaákvæði.

1. Ákvæði GATT-samningsins frá 1994 og annarra marghliða viðskiptasamninga í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina skulu gilda með fyrirvara um ákvæði þessa samnings.

2. Viðaukarnir við þennan samning verða hér með óaðskiljanlegur hluti af þessum samningi.

1. VIÐAUKI

VÖRUR SEM FALLA UNDIR SAMNINGINN

1. Þessi samningur tekur til eftirtalinna vara:

i)	ST-kaflar 1 – 24 nema fiskur og fiskafurðir; og*		
ii)	ST-númer	2905.43	(mannitól)
	ST-númer	2905.44	(sorbitól)
	ST-liður	33.01	(rokgjarnar olíur)
	ST-liðir	35.01 – 35.05	(albúmínkennd efni, umbreytt sterkja, lím)
	ST-númer	3809.10	(áferðar- og íburðar efni)
	ST-númer	3823.60	(sorbitól ót.a.)
	ST-liðir	41.01 – 41.03	(húðir og skinn)
	ST-liður	43.01	(ósunnin loðskinn)
	ST-liðir	50.01 – 50.03	(hrásilki og silkiúrgangur)

PART XII

Article 20

Continuation of the Reform Process

Recognizing that the long-term objective of substantial progressive reductions in support and protection resulting in fundamental reform is an ongoing process, Members agree that negotiations for continuing the process will be initiated one year before the end of the implementation period, taking into account:

(a) the experience to that date from implementing the reduction commitments;

(b) the effects of the reduction commitments on world trade in agriculture;

(c) non-trade concerns, special and differential treatment to developing country Members, and the objective to establish a fair and market-oriented agricultural trading system, and the other objectives and concerns mentioned in the preamble to this Agreement; and

(d) what further commitments are necessary to achieve the above mentioned long-term objectives.

PART XIII

Article 21

Final Provisions

1. The provisions of GATT 1994 and of other Multilateral Trade Agreements in Annex 1A to the WTO Agreement shall apply subject to the provisions of this Agreement.

2. The Annexes to this Agreement are hereby made an integral part of this Agreement.

ANNEX 1

PRODUCT COVERAGE

1. This Agreement shall cover the following products:

(i)	HS Chapters 1 to 24 less fish and fish products, plus*		
(ii)	HS Code	2905.43	(mannitol)
	HS Code	2905.44	(sorbitol)
	HS Heading	33.01	(essential oils)
	HS Headings	35.01 to 35.05	(albuminoidal substances, modified starches, glues)
	HS Code	3809.10	(finishing agents)
	HS Code	3823.60	(sorbitol n.e.p.)
	HS Headings	41.01 to 41.03	(hides and skins)
	HS Heading	43.01	(raw furskins)
	HS Headings	50.01 to 50.03	(raw silk and silk waste)

ST-liðir	51.01 – 51.03	(ull og dýrahár)
ST-liðir	52.01 – 52.03	(óunnin baðmull, úrgangur og baðmull, kembd eða greidd)
ST-liður	53.01	(óunninn hör)
ST-liður	53.02	(óunninn hampur)

2. Skráin hér að framan skal ekki takmarka gildissvið samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

*Vörulýsingar í svigum eru ekki endilega tæmandi.

2. VIÐAUKI
INNANLANDSSTUÐNINGUR: GRUNDVÖLLUR FYRIR UNDANÞÁGU FRÁ SKULDBINDINGUM UM AÐ DRAGA ÚR STUÐNINGI

1. Ráðstafanir um innanlandsstuðning, sem krafist er undanþágu fyrir frá skuldbindingum um að draga úr stuðningi, skulu fullnægja þeirri grundvallarkröfu að hafa engin, eða í mesta lagi hverfandi lítil, áhrif sem raska viðskiptum eða áhrif á framleiðslu. Þar af leiðandi skulu allar ráðstafanir, sem undanþágu er krafist fyrir, samrýmast eftirtöldum grundvallarviðmiðunum:

a) umræddan stuðning skal veita samkvæmt áætlun hins opinbera sem er fjármögnuð af opinberum sjóðum (þar með taldir tekjuliðir sem eru felldir niður) án tilfærslna frá neytendum; og

b) umræddur stuðningur skal ekki hafa þau áhrif að vera verðstuðningur við framleiðendur;

og stefnubundnum viðmiðunum og skilyrðum sem eru sett fram hér á eftir.

Þjónustuáætlanir hins opinbera

2. Almenn þjónusta.

Ráðstafanir í þessum flokki taka til útgjalda (eða tekjuliða sem eru felldir niður) í tengslum við áætlanir sem hafa í för með sér þjónustu eða ávinning fyrir landbúnað eða landsbyggðina. Þær skulu ekki taka til beinna greiðslna til framleiðenda eða vinnsluaðila. Slíkar áætlanir, sem ná yfir en takmarkast ekki við eftirfarandi atriði, skulu samrýmast almennum viðmiðunum í 1. mgr. hér að framan og þeim stefnubundnu skilyrðum sem eru sett fram hér á eftir:

a) rannsóknir, þar með taldar almennar rannsóknir, rannsóknir í sambandi við áætlanir um umhverfisvernd og rannsóknaráætlanir í tengslum við sérstakar framleiðsluvörur;

b) plágu- og sjúkdómavarnir, þar með taldar almennar ráðstafanir og ráðstafanir um plágu- og sjúkdómavarnir sem tengjast

HS Headings	51.01 to 51.03	(wool and animal hair)
HS Headings	52.01 to 52.03	(raw cotton, waste and cotton carded or combed)
HS Heading	53.01	(raw flax)
HS Heading	53.02	(raw hemp)

2. The foregoing shall not limit the product coverage of the Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

*The product descriptions in round brackets are not necessarily exhaustive.

ANNEX 2
DOMESTIC SUPPORT: THE BASIS FOR EXEMPTION FROM THE REDUCTION COMMITMENTS

1. Domestic support measures for which exemption from the reduction commitments is claimed shall meet the fundamental requirement that they have no, or at most minimal, trade-distorting effects or effects on production. Accordingly, all measures for which exemption is claimed shall conform to the following basic criteria:

(a) the support in question shall be provided through a publicly-funded government programme (including government revenue foregone) not involving transfers from consumers; and,

(b) the support in question shall not have the effect of providing price support to producers;

plus policy-specific criteria and conditions as set out below.

Government Service Programmes

2. General services

Policies in this category involve expenditures (or revenue foregone) in relation to programmes which provide services or benefits to agriculture or the rural community. They shall not involve direct payments to producers or processors. Such programmes, which include but are not restricted to the following list, shall meet the general criteria in paragraph 1 above and policy-specific conditions where set out below:

(a) research, including general research, research in connection with environmental programmes, and research programmes relating to particular products;

(b) pest and disease control, including general and product-specific pest and disease

sérstakri vöru, á borð við viðvörunarkerfi, sóttkví og útrýmingu;
c) starfsþjálfun, þar með talin aðstaða fyrir bæði almenna þjálfun og þjálfun sérfræðinga;
d) leiðbeininga- og ráðgjafarþjónusta, þar með talið að finna leiðir til að greiða fyrir miðlun upplýsinga og niðurstaðna úr rannsóknum til framleiðenda og neytenda;
e) eftirlitsþjónusta, þar með talin almenn eftirlitsþjónusta og eftirlit með sérstökum framleiðsluvörum vegna heilbrigðis, öryggis, flokkunar eða stöðlunar;
f) markaðs- og kynningarþjónusta, þar með taldar markaðsupplýsingar, ráðgjöf og kynning í tengslum við sérstakar framleiðsluvörur en að frátöldum óskilgreindum útgjöldum sem seljendur gætu nýtt sér til að lækka söluverð eða færa kaupendum beinan efnahagslegan ávinning; og
g) grunnvirkjaþjónusta, þar með talið: rafveita, vegir og aðrar samgönguæðar, markaðs- og hafnaraðstaða, vatnsveita, stíflu- og holræsagerð og grunnvirkjagerð í tengslum við umhverfisáætlanir. Í öllum tilvikum skulu þessi útgjöld eingöngu notuð til fjárfestingarverkefna og skulu ekki taka til styrkja vegna aðstöðu á býlum nema þjónustu vegna almenningsveitukerfis. Þau skulu ekki taka til styrkja vegna aðfanga eða rekstrarkostnaðar, eða vegna ódýrra afnotagjalda.

3. Birgðahald á vegum hins opinbera með tilliti til fæðuöryggis.[12]

Útgjöld (eða tekjuliðir sem eru felldir niður) í tengslum við söfnun og geymslu vörubirgða sem eru óaðskiljanlegur hluti áætlunar um fæðuöryggi skilgreindri í innlendri löggjöf. Slík áætlun getur að hluta til verið aðstoð hins opinbera við einkaaðila sem safna vörubirgðum.

Magn og uppsöfnun slíkra birgða skal samsvara fyrirfram ákveðnum markmiðum sem eingöngu tengjast fæðuöryggi. Fjárhagsleg hlið söfnunar og ráðstöfunar birgða skal vera gagnsæ. Kaup á matvælum á vegum hins opinbera skulu fara fram á ríkjandi markaðsverði og matvæli úr fæðuöryggisbirgðum skulu ekki seld undir ríkjandi markaðsverði innanlands fyrir viðkomandi vöru og gæðaflokk.

control measures, such as early-warning systems, quarantine and eradication;
(c) training services, including both general and specialist training facilities;
(d) extension and advisory services, including the provision of means to facilitate the transfer of information and the results of research to producers and consumers;
(e) inspection services, including general inspection services and the inspection of particular products for health, safety, grading or standardization purposes;
(f) marketing and promotion services, including market information, advice and promotion relating to particular products but excluding expenditure for unspecified purposes that could be used by sellers to reduce their selling price or confer a direct economic benefit to purchasers; and
(g) infrastructural services, including: electricity reticulation, roads and other means of transport, market and port facilities, water supply facilities, dams and drainage schemes, and infrastructural works associated with environmental programmes. In all cases the expenditure shall be directed to the provision or construction of capital works only, and shall exclude the subsidized provision of on-farm facilities other than for the reticulation of generally available public utilities. It shall not include subsidies to inputs or operating costs, or preferential user charges.

3. Public stockholding for food security purposes[12]

Expenditures (or revenue foregone) in relation to the accumulation and holding of stocks of products which form an integral part of a food security programme identified in national legislation. This may include government aid to private storage of products as part of such a programme.

The volume and accumulation of such stocks shall correspond to predetermined targets related solely to food security. The process of stock accumulation and disposal shall be financially transparent. Food purchases by the government shall be made at current market prices and sales from food security stocks shall be made at no less than the current domestic market price for the product and quality in question.

4. Matvælaaðstoð innanlands.[13]

Útgjöld (eða tekjuliðir sem eru felldir niður) í tengslum við matvælaaðstoð innanlands við samfélagshópa sem líða skort.

Til að eiga rétt á matvælaaðstoð þarf að uppfylla vel skilgreindar viðmiðanir í tengslum við næringarmarkmið. Slík aðstoð skal felast í beinni úthlutun matvæla til hlutaðeigandi eða ráðstöfunum til að gera réttbærum viðtakendum kleift að kaupa matvæli annaðhvort á markaðsverði eða niðurgreiddu verði. Kaup á matvælum á vegum hins opinbera skulu vera á ríkjandi markaðsverði og skal fjármögnun og úthlutun aðstoðar vera gagnsæ.

5. Beinar greiðslur til framleiðenda.

Stuðningur, sem er veittur með beinum greiðslum (eða tekjuliðir eru felldir niður, þar með taldar greiðslur í fríðu) til framleiðenda, þar sem krafist er undanþágu frá skuldbindingum um að draga úr stuðningi, skal vera í samræmi við grundvallarviðmiðanirnar í 1. mgr. hér að framan, auk sérstakra viðmiðana sem gilda um einstakar tegundir beinna greiðslna eins og sett er fram í 6.–13. mgr. hér á eftir. Ef krafist er undanþágu frá því að draga úr stuðningi vegna fyrirliggjandi eða nýrrar tegundar af beinni greiðslu, sem er ekki tilgreind í 6.-13. mgr., skal hún samrýmast viðmiðunum b- til e-liðar 6. mgr. til viðbótar hinum almennu viðmiðunum sem settar eru fram í 1. mgr.

6. Ótengdur tekjustuðningur.

a) Rétt til slíkra greiðslna skal ákvarða með hliðsjón af vel skilgreindum viðmiðunum á borð við tekjur, stöðu sem framleiðandi eða landeigandi, aðfanganotkun eða framleiðslustigi á tilteknu og skilgreindu viðmiðunartímabili.

b) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á tegund eða magni framleiðslu (þar með taldar búpeningseiningar) sem framleiðandi innir af hendi á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið.

c) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á innanlands- eða heimsmarkaðsverði vöru sem er framleidd á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið.

d) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á framleiðsluþáttum sem eru notaðir á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið.

e) Framleiðsla er ekki skilyrði fyrir því að fá slíkrar greiðslur í hendur.

4. Domestic food aid[13]

Expenditures (or revenue foregone) in relation to the provision of domestic food aid to sections of the population in need.

Eligibility to receive the food aid shall be subject to clearly-defined criteria related to nutritional objectives. Such aid shall be in the form of direct provision of food to those concerned or the provision of means to allow eligible recipients to buy food either at market or at subsidized prices. Food purchases by the government shall be made at current market prices and the financing and administration of the aid shall be transparent.

5. Direct payments to producers

Support provided through direct payments (or revenue foregone, including payments in kind) to producers for which exemption from reduction commitments is claimed shall meet the basic criteria set out in paragraph 1 above, plus specific criteria applying to individual types of direct payment as set out in paragraphs 6 through 13 below. Where exemption from reduction is claimed for any existing or new type of direct payment other than those specified in paragraphs 6 through 13, it shall conform to criteria (b) through (e) in paragraph 6, in addition to the general criteria set out in paragraph 1.

6. Decoupled income support

(a) Eligibility for such payments shall be determined by clearly-defined criteria such as income, status as a producer or landowner, factor use or production level in a defined and fixed base period.

(b) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the type or volume of production (including livestock units) undertaken by the producer in any year after the base period.

(c) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the prices, domestic or international, applying to any production undertaken in any year after the base period.

(d) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the factors of production employed in any year after the base period.

(e) No production shall be required in order to receive such payments.

7. Þátttaka hins opinbera í tekjutryggingum og tekjutryggingaáætlunum.

a) Rétt til slíkra greiðslna skal ákvarða með hliðsjón af tekjutapi og skal eingöngu tekið tillit til tekna af landbúnaði sem eru yfir 30% af meðaltali vergra tekna eða jafngildi þess í nettótekjum (að frátöldum greiðslum eftir sama eða svipuðu kerfi) næstliðins þriggja ára tímabils eða meðaltali þriggja ára á næstliðnu fimm ára tímabili, að hæstu og lægstu fjárhæðinni frátalinni. Framleiðendur, sem uppfylla þetta skilyrði, eiga rétt á greiðslunum.

b) Fjárhæð slíkra greiðslna skal bæta upp minna en 70% af tekjutapi framleiðanda á því ári sem framleiðandi öðlast rétt til þessarar aðstoðar.

c) Fjárhæð slíkra greiðslna skal einungis vera tekjutengd; hún skal ekki vera tengd tegund eða magni framleiðslu (þar með taldar búpeningseiningar) sem framleiðandi innir af hendi eða innanlands- eða heimsmarkaðsverði slíkrar framleiðslu eða framleiðsluþáttum sem eru notaðir.

d) Fái framleiðandi greiðslur samkvæmt þessari málsgrein og samkvæmt 8. mgr. (aðstoð vegna náttúruhamfara) á sama ári skulu slíkar greiðslur samtals vera minna en 100% af samanlögðu tjóni framleiðanda.

8. Greiðslur (sem annaðhvort eru beinar greiðslur eða þátttaka hins opinbera í uppskerutryggingum) vegna náttúruhamfara.

a) Réttur til slíkra greiðslna skal eingöngu byggjast á því að stjórnvöld viðurkenni formlega að náttúruhamfarir eða önnur stóráföll (þar með talið sjúkdómsfaraldrar og plágur, kjarnorkuslys og styrjaldir á yfirráðasvæði viðkomandi aðila) hafi átt sér stað eða eigi sér stað; hann skal ákvarðast með hliðsjón af framleiðslutapi sem er yfir 30% af meðalframleiðslu næstliðins þriggja ára tímabils eða meðaltali þriggja ára á næstliðnu fimm ára tímabili, að hæstu og lægstu fjárhæðinni frátalinni.

b) Greiðslur í kjölfar stóráfalla skulu einungis vera vegna tekjutaps eða tjóns á búpeningi (þar með taldar greiðslur í

7. Government financial participation in income insurance and income safety-net programmes

(a) Eligibility for such payments shall be determined by an income loss, taking into account only income derived from agriculture, which exceeds 30 per cent of average gross income or the equivalent in net income terms (excluding any payments from the same or similar schemes) in the preceding three-year period or a three-year average based on the preceding five-year period, excluding the highest and the lowest entry. Any producer meeting this condition shall be eligible to receive the payments.

(b) The amount of such payments shall compensate for less than 70 per cent of the producer's income loss in the year the producer becomes eligible to receive this assistance.

(c) The amount of any such payments shall relate solely to income; it shall not relate to the type or volume of production (including livestock units) undertaken by the producer; or to the prices, domestic or international, applying to such production; or to the factors of production employed.

(d) Where a producer receives in the same year payments under this paragraph and under paragraph 8 (relief from natural disasters), the total of such payments shall be less than 100 per cent of the producer's total loss.

8. Payments (made either directly or by way of government financial participation in crop insurance schemes) for relief from natural disasters

(a) Eligibility for such payments shall arise only following a formal recognition by government authorities that a natural or like disaster (including disease outbreaks, pest infestations, nuclear accidents, and war on the territory of the Member concerned) has occurred or is occurring; and shall be determined by a production loss which exceeds 30 per cent of the average of production in the preceding three-year period or a three-year average based on the preceding five-year period, excluding the highest and the lowest entry.

(b) Payments made following a disaster shall be applied only in respect of losses of income, livestock (including pay-

sambandi við dýralæknisþjónustu), landi eða öðrum framleiðsluþáttum sem rekja má til þeirra náttúruhamfara sem um ræðir.

c) Greiðslur skulu ekki vera hærri en sem nemur heildarkostnaði við að bæta slíkt tjón og þær skulu ekki vera háðar kröfu um tegund eða magn væntanlegrar framleiðslu eða að það sé tilgreint.

d) Greiðslur vegna stóráfalla skulu ekki vera umfram það sem er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða draga úr frekara tjóni eins og það er skilgreint í b-lið hér að framan.

e) Fái framleiðandi greiðslur samkvæmt þessari málsgrein og skv. 7. mgr. hér að framan (tekjutryggingar og tekjutryggingaráætlanir) á sama ári skulu slíkar greiðslur samtals vera minna en 100% af samanlögðu tjóni framleiðanda.

9. Aðstoð vegna skipulagsbreytinga sem veitt er samkvæmt áætlunum um starfslok framleiðenda.

a) Rétt til slíkra greiðslna skal ákvarða samkvæmt vel skilgreindum viðmiðunum í áætlunum sem er ætlað að auðvelda einstaklingum, sem starfa við framleiðslu seljanlegra landbúnaðarvara, starfslok eða að hefja störf í öðrum atvinnugreinum.

b) Greiðslur skulu háðar því að viðtakendur hætti algerlega og til frambúðar störfum við framleiðslu seljanlegra landbúnaðarvara.

10. Aðstoð vegna skipulagsbreytinga sem veitt er samkvæmt áætlunum um að hætta nýtingu auðlinda.

a) Rétt til slíkra greiðslna skal ákvarða samkvæmt vel skilgreindum viðmiðunum í áætlunum sem hafa að markmiði að hætt sé að nýta land eða aðrar auðlindir, að búpeningi meðtöldum, til framleiðslu seljanlegra landbúnaðarafurða.

b) Greiðslur skulu háðar því að hætt sé að nýta land til framleiðslu seljanlegra landbúnaðarafurða í þrjú ár hið minnsta og hvað búpening varðar, að honum sé slátrað eða ráðstafað til frambúðar.

c) Greiðslur skulu ekki vera háðar kröfu um aðra nýtingu slíks lands og annarra auðlinda sem felur í sér framleiðslu seljanlegra landbúnaðarvara eða að það sé tilgreint.

d) Greiðslur skulu ekki vera háðar tegund eða magni framleiðslu né heldur innan-

ments in connection with the veterinary treatment of animals), land or other production factors due to the natural disaster in question.

(c) Payments shall compensate for not more than the total cost of replacing such losses and shall not require or specify the type or quantity of future production.

(d) Payments made during a disaster shall not exceed the level required to prevent or alleviate further loss as defined in criterion (b) above.

(e) Where a producer receives in the same year payments under this paragraph and under paragraph 7 (income insurance and income safety-net programmes), the total of such payments shall be less than 100 per cent of the producer's total loss.

9. Structural adjustment assistance provided through producer retirement programmes

(a) Eligibility for such payments shall be determined by reference to clearly defined criteria in programmes designed to facilitate the retirement of persons engaged in marketable agricultural production, or their movement to non-agricultural activities.

(b) Payments shall be conditional upon the total and permanent retirement of the recipients from marketable agricultural production.

10. Structural adjustment assistance provided through resource retirement programmes

(a) Eligibility for such payments shall be determined by reference to clearly defined criteria in programmes designed to remove land or other resources, including livestock, from marketable agricultural production.

(b) Payments shall be conditional upon the retirement of land from marketable agricultural production for a minimum of three years, and in the case of livestock on its slaughter or definitive permanent disposal.

(c) Payments shall not require or specify any alternative use for such land or other resources which involves the production of marketable agricultural products.

(d) Payments shall not be related to either the type or quantity of production or to

lands- eða heimsmarkaðsverði þeirrar framleiðslu sem á sér stað með því að nýta það land eða aðrar auðlindir sem eru notaðir áfram við framleiðslu.

11. Aðstoð vegna skipulagsbreytinga sem veitt er í formi fjárfestingarstyrkja.

a) Rétt til slíkra greiðslna skal ákvarða samkvæmt vel skilgreindum viðmiðunum í opinberum áætlunum sem miða að því að aðstoða við fjárhagslega eða efnislega endurskipulagningu á starfsemi framleiðanda í því skyni að bregðast við hlutlægt rökstuddum skipulagsgöllum. Réttur til hlutdeildar í slíkum áætlunum getur einnig byggst á vel skilgreindri opinberri áætlun um endureinkavæðingu ræktaðs lands.

b) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á tegund eða magni framleiðslu (þar með taldar búpeningseiningar) sem framleiðandi innir af hendi á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið að öðru leyti en því sem kveðið er á um í e-lið hér á eftir.

c) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á innanlands- eða heimsmarkaðsverði vöru sem er framleidd á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið.

d) Greiðslur skal einungis láta í té í þann tíma sem þarf til að ganga frá viðkomandi fjárfestingu.

e) Greiðslur skulu ekki fela í sér fyrirmæli eða tilmæli um að viðtakendum beri að framleiða tilteknar landbúnaðarvörur, en þó má fara fram á að þeir framleiði ekki tiltekna vöru.

f) Greiðslur skulu takmarkast við þá fjárhæð sem nauðsynleg er til að bæta úr skipulagsgöllum.

12. Greiðslur samkvæmt umhverfisáætlunum.

a) Rétt til slíkra greiðslna skal ákvarða sem hluta af vel skilgreindri umhverfis- eða verndaráætlun hins opinbera og skal hann vera háður því að sérstök skilyrði samkvæmt áætlun hins opinbera séu uppfyllt, þar með talin skilyrði er tengjast framleiðsluaðferðum eða aðföngum.

b) Fjárhæð greiðslu skal takmarkast við þann aukakostnað eða tekjutap sem fylgir því að fara eftir opinberu áætluninni.

the prices, domestic or international, applying to production undertaken using the land or other resources remaining in production.

11. Structural adjustment assistance provided through investment aids

(a) Eligibility for such payments shall be determined by reference to clearly-defined criteria in government programmes designed to assist the financial or physical restructuring of a producer's operations in response to objectively demonstrated structural disadvantages. Eligibility for such programmes may also be based on a clearly-defined government programme for the reprivatization of agricultural land.

(b) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the type or volume of production (including livestock units) undertaken by the producer in any year after the base period other than as provided for under criterion (e) below.

(c) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the prices, domestic or international, applying to any production undertaken in any year after the base period.

(d) The payments shall be given only for the period of time necessary for the realization of the investment in respect of which they are provided.

(e) The payments shall not mandate or in any way designate the agricultural products to be produced by the recipients except to require them not to produce a particular product.

(f) The payments shall be limited to the amount required to compensate for the structural disadvantage.

12. Payments under environmental programmes

(a) Eligibility for such payments shall be determined as part of a clearly-defined government environmental or conservation programme and be dependent on the fulfilment of specific conditions under the government programme, including conditions related to production methods or inputs.

(b) The amount of payment shall be limited to the extra costs or loss of income involved in complying with the government programme.

13. Greiðslur samkvæmt áætlunum um svæðisbundna aðstoð.

a) Réttur til slíkra greiðslna skal takmarkast við framleiðendur á svæðum sem standa illa að vígi. Hvert svæði um sig skal vera greinilega afmarkað samfellt landsvæði, sem hægt er að skilgreina sem efnahagslega og stjórnsýslulega einingu, og teljast illa statt á grundvelli hlutlausra og hlutlægra viðmiðana, sem er skýrt kveðið á um í lögum eða reglum, og gefa til kynna að erfiðleikar svæðisins stafi ekki eingöngu af tímabundnum aðstæðum.

b) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á tegund eða magni framleiðslu (þar með taldar búpeningseiningar) sem framleiðandi hefur framleitt á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið að öðru leyti en til að minnka þá framleiðslu.

c) Fjárhæð slíkra greiðslna á tilteknu ári skal ekki vera tengd eða byggð á innanlands- eða heimsmarkaðsverði framleiðslu sem er innt af hendi á tilteknu ári eftir viðmiðunartímabilið.

d) Greiðslur skulu einungis standa framleiðendum til boða á landsvæðum sem eiga rétt á slíkum greiðslum og almennt standa til boða öllum framleiðendum á slíkum landsvæðum.

e) Ef greiðslur eru tengdar framleiðsluþáttum skulu þær fara stiglækkandi þegar komið er yfir viðmiðunarmörk sem eru skilgreind fyrir viðkomandi þátt.

f) Greiðslur skulu takmarkast við þann aukakostnað eða tekjutap sem landbúnaðarframleiðsla á hinu skilgreinda svæði hefur í för með sér.

3. VIÐAUKI
INNANLANDSSTUÐNINGUR: ÚTREIKNINGUR Á HEILDARSTUÐNINGI

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. gr. skal reikna út heildarstuðning á grundvelli tiltekinnar vöru fyrir hverja grunnlandbúnaðarvöru sem nýtur markaðsverðstuðnings, beinna greiðslna sem eru ekki undanþegnar eða annarra styrkja sem eru ekki undanþegnir skuldbindingum um að draga úr stuðningi („aðrar óundanþegnar ráðstafanir"). Stuðningur sem ekki tengist tiltekinni vöru skal lagður saman og færður í einu lagi á óvörutengdan heildarstuðning í samanlögðum fjárhæðum.

13. Payments under regional assistance programmes

(a) Eligibility for such payments shall be limited to producers in disadvantaged regions. Each such region must be a clearly designated contiguous geographical area with a definable economic and administrative identity, considered as disadvantaged on the basis of neutral and objective criteria clearly spelt out in law or regulation and indicating that the region's difficulties arise out of more than temporary circumstances.

(b) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the type or volume of production (including livestock units) undertaken by the producer in any year after the base period other than to reduce that production.

(c) The amount of such payments in any given year shall not be related to, or based on, the prices, domestic or international, applying to any production undertaken in any year after the base period.

(d) Payments shall be available only to producers in eligible regions, but generally available to all producers within such regions.

(e) Where related to production factors, payments shall be made at a degressive rate above a threshold level of the factor concerned.

(f) The payments shall be limited to the extra costs or loss of income involved in undertaking agricultural production in the prescribed area.

ANNEX 3
DOMESTIC SUPPORT: CALCULATION OF AGGREGATE MEASUREMENT OF SUPPORT

1. Subject to the provisions of Article 6, an Aggregate Measurement of Support (AMS) shall be calculated on a product-specific basis for each basic agricultural product receiving market price support, non-exempt direct payments, or any other subsidy not exempted from the reduction commitment ("other non-exempt policies"). Support which is non-product specific shall be totalled into one non-product-specific AMS in total monetary terms.

2. Styrkir skv. 1. mgr. skulu taka til bæði opinberra útgjalda stjórnvalda og stofnana á vegum þeirra og tekjuliða sem eru felldir niður.
3. Bæði stuðningur á landsmælikvarða og svæðisbundinn stuðningur skal talinn með.
4. Sérstakar álögur og gjöld, sem framleiðendur í landbúnaði greiða, skal draga frá heildarstuðningi.
5. Heildarstuðningur, sem er reiknaður út eins og tilgreint er hér á eftir fyrir viðmiðunartímabilið, telst vera grunnstig við framkvæmd skuldbindinga um að draga úr innanlandsstuðningi.
6. Fyrir hverja grunnlandbúnaðarvöru skal ákvarða sérstakan heildarstuðning, sem er gefinn upp í samanlögðum fjárhæðum.
7. Heildarstuðning skal reikna út eins nálægt fyrsta sölustigi viðkomandi grunnlandbúnaðarvöru og unnt er. Taka skal tillit til ráðstafana sem beinast að vinnsluaðilum í landbúnaði að svo miklu leyti sem framleiðendur grunnlandbúnaðarvara hafa ávinning af slíkum ráðstöfunum.
8. Markaðsverðstuðningur: markaðsverðstuðning skal reikna út með því að margfalda mismuninn milli fastsetts erlends viðmiðunarverðs og gildandi fyrirfram ákveðins verðs með því framleiðslumagni sem greiða má gildandi fyrirfram ákveðið verð fyrir. Opinberar greiðslur sem þjóna þeim tilgangi að viðhalda þessum mismun, svo sem innkaups- eða geymslukostnaður, skulu ekki taldar með í heildarstuðningi.
9. Fast erlent viðmiðunarverð skal miðast við árin 1986-1988 og skal almennt vera meðaltal f.o.b. einingarverðs viðkomandi grunnlandbúnaðarvöru í nettóútflutningslandi og meðaltal c.i.f. einingarverðs viðkomandi grunnlandbúnaðarvöru í nettóinnflutningslandi á viðmiðunartímabilinu. Ef með þarf má breyta fastsettu viðmiðunarverði vegna gæðamismunar.

10. Óundanþegnar beinar greiðslur: óundanþegnar beinar greiðslur, sem eru miðaðar við verðmun, skal reikna út annaðhvort með því að margfalda mismuninn milli fastsetts viðmiðunarverðs og gildandi fyrirfram ákveðins verðs með því framleiðslumagni sem greiða má fyrirfram ákveðið verð fyrir eða með því að miða við opinber útgjöld.
11. Fastsett viðmiðunarverð skal miðast við árin 1986-1988 og skal almennt vera það raunverð sem miðað er við þegar greiðslufjárhæðir eru ákvarðaðar.
12. Óundanþegnar beinar greiðslur, sem byggjast á öðrum þáttum en verði, skal ákvarða með því að taka mið af opinberum útgjöldum.

2. Subsidies under paragraph 1 shall include both budgetary outlays and revenue foregone by governments or their agents.
3. Support at both the national and sub-national level shall be included.
4. Specific agricultural levies or fees paid by producers shall be deducted from the AMS.

5. The AMS calculated as outlined below for the base period shall constitute the base level for the implementation of the reduction commitment on domestic support.
6. For each basic agricultural product, a specific AMS shall be established, expressed in total monetary value terms.
7. The AMS shall be calculated as close as practicable to the point of first sale of the basic agricultural product concerned. Measures directed at agricultural processors shall be included to the extent that such measures benefit the producers of the basic agricultural products.

8. Market price support: market price support shall be calculated using the gap between a fixed external reference price and the applied administered price multiplied by the quantity of production eligible to receive the applied administered price. Budgetary payments made to maintain this gap, such as buying-in or storage costs, shall not be included in the AMS.

9. The fixed external reference price shall be based on the years 1986 to 1988 and shall generally be the average f.o.b. unit value for the basic agricultural product concerned in a net exporting country and the average c.i.f. unit value for the basic agricultural product concerned in a net importing country in the base period. The fixed reference price may be adjusted for quality differences as necessary.
10. Non-exempt direct payments: non-exempt direct payments which are dependent on a price gap shall be calculated either using the gap between the fixed reference price and the applied administered price multiplied by the quantity of production eligible to receive the administered price, or using budgetary outlays.

11. The fixed reference price shall be based on the years 1986 to 1988 and shall generally be the actual price used for determining payment rates.
12. Non-exempt direct payments which are based on factors other than price shall be measured using budgetary outlays.

13. Aðrar óundanþegnar ráðstafanir, þar með taldir aðfangastyrkir og aðrar ráðstafanir á borð við ráðstafanir til að draga úr kostnaði við markaðssetningu; verðgildi slíkra ráðstafana skal ákvarða með því að taka mið af opinberum útgjöldum stjórnvalda eða, í þeim tilvikum sem opinber útgjöld endurspegla ekki að öllu leyti viðkomandi styrk, skal grundvöllurinn fyrir útreikningi styrksins vera mismunurinn milli verðs á vöru eða þjónustu, sem nýtur styrkja, og dæmigerðs markaðsverðs fyrir svipaða vöru eða þjónustu margfaldað með vörumagni eða umfangi þjónustunnar.

13. Other non-exempt measures, including input subsidies and other measures such as marketing-cost reduction measures: the value of such measures shall be measured using government budgetary outlays or, where the use of budgetary outlays does not reflect the full extent of the subsidy concerned, the basis for calculating the subsidy shall be the gap between the price of the subsidized good or service and a representative market price for a similar good or service multiplied by the quantity of the good or service.

4. VIÐAUKI
INNANLANDSSTUÐNINGUR: ÚTREIKNINGUR Á JAFNGILDUM STUÐNINGI

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. gr. skal reikna út jafngildan stuðning að því er varðar allar grunnlandbúnaðarvörur þegar markaðsverðstuðningur, eins og hann er skilgreindur í 3. viðauka, er fyrir hendi en útreikningur á þeim þætti heildarstuðnings er ekki gerlegur. Hvað slíkar vörur varðar, skal grunnstig við framkvæmd skuldbindinga um að draga úr innanlandsstuðningi vera samsett af markaðsverðstuðningsþætti, gefið upp sem jafngildur stuðningur skv. 2. mgr. hér á eftir, og óundanþegnum beinum greiðslum og öðrum óundanþegnum stuðningi, sem meta skal í samræmi við það sem kveðið er á um í 3. mgr. hér á eftir. Stuðningur, bæði á landsmælikvarða og svæðisbundinn, skal talinn með.

2. Jafngildan stuðning, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal reikna út á grundvelli tiltekinnar vöru fyrir allar grunnlandbúnaðarvörur eins nálægt fyrsta sölustigi og unnt er þegar markaðsverðstuðningur er fyrir hendi og útreikningur á markaðsverðstuðningsþætti heildarstuðnings er ekki gerlegur. Að því er þessar grunnlandbúnaðarvörur varðar, skal meta jafngildan markaðsverðstuðning með því að miða við gildandi fyrirfram ákveðið verð og það framleiðslumagn sem greiða má slíkt verð fyrir eða, þegar það er ekki gerlegt, með því að miða við opinber útgjöld sem þjóna þeim tilgangi að viðhalda verði framleiðanda.

3. Ef grunnlandbúnaðarvörur, sem falla undir 1. mgr., eru óundanþegnar beinum greiðslum eða öðrum styrkjum, sem tengjast sérstakri vöru og eru ekki undanþegnir skuldbindingu um að draga úr stuðningi, skal jafngildur stuðningur, að því er þessar ráðstafanir varðar, byggjast á sams konar útreikningum og fyrir samsvarandi heildar-

ANNEX 4
DOMESTIC SUPPORT: CALCULATION OF EQUIVALENT MEASUREMENT OF SUPPORT

1. Subject to the provisions of Article 6, equivalent measurements of support shall be calculated in respect of all basic agricultural products where market price support as defined in Annex 3 exists but for which calculation of this component of the AMS is not practicable. For such products the base level for implementation of the domestic support reduction commitments shall consist of a market price support component expressed in terms of equivalent measurements of support under paragraph 2 below, as well as any non-exempt direct payments and other non-exempt support, which shall be evaluated as provided for under paragraph 3 below. Support at both national and sub-national level shall be included.

2. The equivalent measurements of support provided for in paragraph 1 shall be calculated on a product-specific basis for all basic agricultural products as close as practicable to the point of first sale receiving market price support and for which the calculation of the market price support component of the AMS is not practicable. For those basic agricultural products, equivalent measurements of market price support shall be made using the applied administered price and the quantity of production eligible to receive that price or, where this is not practicable, on budgetary outlays used to maintain the producer price.

3. Where basic agricultural products falling under paragraph 1 are the subject of non-exempt direct payments or any other product-specific subsidy not exempted from the reduction commitment, the basis for equivalent measurements of support concerning these measures shall be calculations as for the corresponding AMS com-

stuðningsþætti (tilgreindum í 10.-13. mgr. 3. viðauka).
4. Jafngildan stuðning skal reikna út á grundvelli fjárhæðar styrks eins nálægt fyrsta sölustigi viðkomandi grunnlandbúnaðarvöru og unnt er. Taka skal tillit til ráðstafana sem beinast að vinnsluaðilum í landbúnaði að svo miklu leyti sem framleiðendur grunnlandbúnaðarvara hafa ávinning af slíkum ráðstöfunum. Sérstakar álögur og gjöld, sem framleiðendur í landbúnaði greiða, skulu lækka jafngildan stuðning um samsvarandi fjárhæð.

5. VIÐAUKI
SÉRSTÖK MEÐFERÐ MEÐ TILLITI TIL 2. MGR. 4. GR.

Þáttur A.

1. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. þessa samnings skulu ekki koma til framkvæmda við gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina að því er varðar landbúnaðarhráefni og unnar og/eða tilreiddar vörur úr því („auðkenndar vörur“) þar sem eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt (hér á eftir nefnd „sérstök meðferð“):

a) innflutningur á auðkenndum vörum er undir 3% af samsvarandi innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu 1986-1988 („viðmiðunartímabilið“);

b) engir útflutningsstyrkir hafa verið veittir vegna auðkenndu varanna frá upphafi viðmiðunartímabilsins;

c) árangursríkum ráðstöfunum sem takmarka framleiðslu er beitt gagnvart landbúnaðarhráefninu;

d) slíkar vörur eru auðkenndar „ST – Annex 5“ í þætti I-B í I. hluta í skrá aðila, sem er viðauki við Marakess-bókunina, til að gefa til kynna að þær eigi að fá sérstaka meðferð vegna þátta sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, á borð við fæðuöryggi og umhverfisvernd; og

6302.40	Borðlín úr textílefnum, prjónað eða heklað	6302.40	Table linen, of textile knitted or crocheted materials
6302.51	Borðlín úr baðmull, ekki prjónað	6302.51	Table linen, of cotton, not knitted
6302.52	Borðlín úr hör, ekki prjónað	6302.52	Table linen, of flax, not knitted
6302.53	Borðlín úr tilbúnum trefjum, ekki prjónað	6302.53	Table linen, of man-made fibres, not knitted
6302.59	Borðlín úr öðrum textílefnum, ekki prjónað	6302.59	Table linen, of other textile materials, not knitted
6302.60	Baðlín og eldhúslín, úr frottéefni eða áþekkum frottédúk, úr baðmull	6302.60	Toilet & kitchen linen, of terry towelling or similar terry fabric, of cotton
6302.91	Baðlín og eldhúslín úr baðmull, ót.a.	6302.91	Toilet and kitchen linen, of cotton, nes
6302.92	Baðlín og eldhúslín úr hör	6302.92	Toilet and kitchen linen, of flax
6302.93	Baðlín og eldhúslín úr tilbúnum trefjum	6302.93	Toilet and kitchen linen, of man-made fibres
6302.99	Baðlín og eldhúslín úr öðrum textílefnum	6302.99	Toilet and kitchen linen, of other textile materials
6303.11	Gluggatjöld, stórísar, innanhústjöld og gluggatjöld kappar eða rúmsvuntur, úr baðmull, prjónað	6303.11	Curtains, drapes, interior blinds & curtain or bed valances, of cotton, knitted
6303.12	Gluggatjöld, stórísar, innanhústjöld og gluggatjöld kappar eða rúmsvuntur, úr syntetískum trefjum, prjónað	6303.12	Curtains, drapes, interior blinds & curtain/bed valances, of synthetic fibre, knitted
6303.19	Gluggatjöld, stórísar, innanhústjöld og gluggatjöld kappar eða rúmsvuntur, úr öðrum textílefnum, prjónað	6303.19	Curtains, drapes, interior blinds & curtain/bed valances, other textile materials, knitted
6303.91	Gluggatjöld, stórísar, innanhústjöld og gluggatjöld kappar eða rúmsvuntur, úr baðmull, ekki prjónað	6303.91	Curtains/drapes/interior blinds & curtain/bed valances, of cotton, not knitted
6303.92	Gluggatjöld, stórísar, innanhústjöld og gluggatjöld kappar eða rúmsvuntur, úr syntetískum trefjum, ekki prjónað	6303.92	Curtains/drapes/interior blinds curtain/bed valances, of synthetic fibre, not knitted
6303.99	Gluggatjöld, stórísar, innanhústjöld og gluggatjöld kappar eða rúmsvuntur, úr öðrum textílefnum, ekki prjónað	6303.99	Curtain/drape/interior blind curtain/ bed valance, of other textile materials, not knitted
6304.11	Rúmteppi úr textílefnum, ót.a., prjónað eða heklað	6304.11	Bedspreads of textile materials, nes, knitted or crocheted
6304.19	Rúmteppi úr textílefnum, ót.a., ekki prjónuð eða hekluð	6304.19	Bedspreads of textile materials, nes, not knitted or crocheted

6304.91	Vörur í vistarverur manna, ót.a., úr textílefnum, prjónað eða heklað	6304.91	Furnishing articles nes, of textile materials, knitted or crocheted
6304.92	Vörur í vistarverur manna, ót.a., úr baðmull, ekki prjónað eða heklað	6304.92	Furnishing articles nes, of cotton, not knitted or crocheted
6304.93	Vörur í vistarverur manna, ót.a., úr syntetískum trefjum, ekki prjónað eða heklað	6304.93	Furnishing articles nes, of synthetic fibres, not knitted or crocheted
6304.99	Vörur í vistarverur manna, ót.a., úr öðrum textílefnum, ekki prjónað eða heklað	6304.99	Furnishing articles nes, of other textile materials, not knitted or crocheted
6305.10	Sekkir og pokar til umbúða um vörur úr jútu eða öðrum basttextíltrefjum	6305.10	Sacks & bags, for packing of goods, of jute or of other textile bast fibres
6305.20	Sekkir og pokar til umbúða um vörur úr baðmull	6305.20	Sacks and bags, for packing of goods, of cotton
6305.31	Sekkir og pokar til umbúða um vörur úr pólýetýlen- eða pólýprópýlenræmum	6305.31	Sacks & bags, for packing of goods, of polyethylene or polypropylene strips
6305.39	Sekkir og pokar til umbúða um vörur úr öðrum tilbúnum textílefnum	6305.39	Sacks & bags, for packing of goods, of other man-made textile materials
6305.90	Sekkir og pokar til umbúða um vörur úr öðrum textílefnum	6305.90	Sacks and bags, for packing of goods, of other textile materials
6306.11	Yfirbreiðslur, skyggni og sóltjöld úr baðmull	6306.11	Tarpaulins, awnings and sunbleached inds, of cotton
6306.12	Yfirbreiðslur, skyggni og sóltjöld úr syntetískum trefjum	6306.12	Tarpaulins, awnings and sunbleached inds, of synthetic fibres
6306.19	Yfirbreiðslur, skyggni og sóltjöld úr öðrum textílefnum	6306.19	Tarpaulins, awnings and sunbleached inds, of other textile materials
6306.21	Tjöld úr baðmull	6306.21	Tents, of cotton
6306.22	Tjöld úr syntetískum trefjum	6306.22	Tents, of synthetic fibres
6306.29	Tjöld úr öðrum textílefnum	6306.29	Tents, of other textile materials
6306.31	Segl úr syntetískum trefjum	6306.31	Sails, of synthetic fibres
6306.39	Segl úr öðrum textílefnum	6306.39	Sails, of other textile materials
6306.41	Loftdýnur úr baðmull	6306.41	Pneumatic mattresses, of cotton
6306.49	Loftdýnur úr öðrum textílefnum	6306.49	Pneumatic mattresses, of other textile materials
6306.91	Viðlegubúnaður, ót.a., úr baðmull	6306.91	Camping goods nes, of cotton
6306.99	Viðlegubúnaður, ót.a., úr öðrum textílefnum	6306.99	Camping goods nes, of other textile materials
6307.10	Gólfklútar, uppþvottaklútar, afþurrkunarklútar og áþekkir hreinsiklútar úr textílefnum	6307.10	Floor-cloths, dish-cloths, dusters & similar cleaning cloths, of textile materials
6307.20	Björgunarvesti og björgunarbelti úr textílefnum	6307.20	Life jackets and life belts, of textile materials
6307.90	Fullgerðar vörur úr textílefnum, ót.a., þ.m.t. fatasnið	6307.90	Made up articles, of textile materials, nes, including dress patterns
6308.00	Samstæður sem í er ofinn dúkur og garn til að búa til úr gólfmottur, veggteppi og þess háttar	6308.00	Sets consisting of woven fabric & yarn, for making up into rugs, tapestries etc
6309.00	Notaður fatnaður og aðrar notaðar vörur	6309.00	Worn clothing and other worn articles

Textílvörur og fatnaður í 30.-49. og 64.- 96. kafla

ST nr.	Vörulýsing
3005.90	Vatt, grisjur, bindi og áþekkar vörur
úr 3921.12	Ofinn eða prjónaður dúkur eða vefleysa, húðuð, hjúpuð
úr 3921.13	eða lagskipuð með plasti
úr 3921.90	
úr 4202.12	
úr 4202.22	Ferðatöskur, handtöskur og flatur varningur, yfirborð
úr 4202.32	aðallega úr textílefnum
úr 4202.92	
úr 6405.20	Skófatnaður með sóla og yfirhluta úr ullarflóka
úr 6406.10	Skóyfirhlutar, 50% eða meira af yfirborði úr textílefnum
úr 6406.99	Legghlífar og ökklahlífar úr textílefnum
6501.00	Hattakollar, hattabolir og hettir úr flóka; skífur og hólkar úr flóka
6502.00	Hattaefni, fléttað eða úr ræmum úr hvers kyns efni
6503.00	Flókahattar og annar höfuðfatnaður úr flóka
6504.00	Hattar og annar höfuðfatnaður, fléttað eða úr ræmum úr hvers kyns efni
6505.90	Hattar og annar höfuðfatnaður, prjónað eða úr laufaborðum eða öðrum textílefnum
6601.10	Regnhlífar og sólhlífar, garðhlífar
6601.91	Aðrar gerðir regnhlífa, með innfellanlegu skafti
6601.99	Aðrar regnhlífar
úr 7019.10	Garn úr glertrefjum
úr 7019.20	Ofinn dúkur úr glertrefjum
8708.21	Öryggisbelti fyrir vélknúin ökutæki
8804.00	Fallhlífar, hlutar og fylgihlutir þeirra
9113.90	Úrólar, úrbönd og úrfestar úr textílefnum
úr 9404.90	Koddar og púðar úr baðmull, stungnar ábreiður, æðardúnsængur, værðarvoðir og áþekkar vörur úr textílefnum
9502.91	Brúðuföt
úr 9612.10	Ofnir borðar úr tilbúnum trefjum, ekki undir 30 mm á breidd, í hylkjum

Textile and clothing products in Chapters 30-49, 64-96

HS No.	Product Description
3005.90	Wadding, gauze, bandages and the like
ex 3921.12	Woven, knitted or non-woven fabrics coated, covered
ex 3921.13	or laminated with plastics
ex 3921.90	
ex 4202.12	
ex 4202.22	Luggage, handbags and flatgoods with an outer surface
ex 4202.32	predominantly of textile materials
ex 4202.92	
ex 6405.20	Footwear with soles and uppers of wool felt
ex 6406.10	Footwear uppers of which 50% or more of the external surface area is textile material
ex 6406.99	Leg warmers and gaiters of textile material
6501.00	Hat-forms, hat bodies and hoods of felt; plateaux and manchons of felt
6502.00	Hat-shapes, plaited or made by assembling strips of any material
6503.00	Felt hats and other felt headgear
6504.00	Hats & other headgear, plaited or made by assembling strips of any material
6505.90	Hats & other headgear, knitted or made up from lace, or other textile material
6601.10	Umbrellas and sun umbrellas, garden type
6601.91	Other umbrella types, telescopic shaft
6601.99	Other umbrellas
ex 7019.10	Yarns of fibre glass
ex 7019.20	Woven fabrics of fibre glass
8708.21	Safety seat belts for motor vehicles
8804.00	Parachutes; their parts and accessories
9113.90	Watch straps, bands and bracelets of textile materials
ex 9404.90	Pillow and cushions of cotton; quilts; eiderdowns; comforters and similar articles of textile materials
9502.91	Garments for dolls
ex 9612.10	Woven ribbons, of man-made fibres, other than those measuring less than 30 mm in width and permanently put in cartridges

SAMNINGUR UM TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR

Aðilar,

sem hafa hliðsjón af Úrúgvæ-lotu marghliða viðskiptaviðræðnanna,

sem æskja þess að vinna að markmiðum GATT-samningsins frá 1994,

sem viðurkenna að alþjóðlegir staðlar og samræmismatskerfi eru mikilvæg í þessu tilliti því að þau auka skilvirkni í framleiðslu og auðvelda alþjóðaviðskipti,

sem æskja þess þar af leiðandi að hvetja til þróunar þessara alþjóðlegu staðla og samræmismatskerfa,

sem æskja þess engu að síður að sjá til þess að tæknilegar reglugerðir og staðlar, þar á meðal kröfur sem lúta að pökkun, auðkenningu og merkingu, og málsmeðferð við mat á samræmi við tæknilegar reglugerðir og staðla hindri ekki alþjóðaviðskipti að óþörfu,

sem viðurkenna að ekki skuli hindra neitt land í að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði útflutnings eða vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna eða umhverfið eða koma í veg fyrir villandi viðskiptahætti, að því marki sem það telur við eiga, að því tilskildu að þessum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að í þeim felist geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun milli landa þar sem sömu aðstæður ríkja eða dulin takmörkun í alþjóðaviðskiptum og að þær séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði þessa samnings,

sem viðurkenna að ekki skuli hindra neitt land í að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda grundvallarhagsmuni sína í öryggismálum,

sem viðurkenna mikilvægi alþjóðlegrar stöðlunar fyrir miðlun tækniþekkingar frá iðnríkjum til þróunarlanda,

sem viðurkenna að fyrir þróunarlönd geti verið sérstökum erfiðleikum bundið að útfæra og beita tæknilegum reglugerðum og stöðlum og málsmeðferð við mat á samræmi við tæknilegar reglugerðir og staðla og æskja þess að styðja þau í viðleitni sinni í þessu tilliti,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

AGREEMENT ON TECHNICAL BARRIERS TO TRADE

Members,

Having regard to the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations;

Desiring to further the objectives of GATT 1994;

Recognizing the important contribution that international standards and conformity assessment systems can make in this regard by improving efficiency of production and facilitating the conduct of international trade;

Desiring therefore to encourage the development of such international standards and conformity assessment systems;

Desiring however to ensure that technical regulations and standards, including packaging, marking and labelling requirements, and procedures for assessment of conformity with technical regulations and standards do not create unnecessary obstacles to international trade;

Recognizing that no country should be prevented from taking measures necessary to ensure the quality of its exports, or for the protection of human, animal or plant life or health, of the environment, or for the prevention of deceptive practices, at the levels it considers appropriate, subject to the requirement that they are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where the same conditions prevail or a disguised restriction on international trade, and are otherwise in accordance with the provisions of this Agreement;

Recognizing that no country should be prevented from taking measures necessary for the protection of its essential security interest;

Recognizing the contribution which international standardization can make to the transfer of technology from developed to developing countries;

Recognizing that developing countries may encounter special difficulties in the formulation and application of technical regulations and standards and procedures for assessment of conformity with technical regulations and standards, and desiring to assist them in their endeavours in this regard;

Hereby *agree* as follows:

1. gr.
Almenn ákvæði.

1.1 Almenn hugtök um stöðlun og málsmeðferð við samræmismat skulu að jafnaði hafa sömu merkingu og í skilgreiningum sem samþykktar hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra staðlastofnana, að teknu tilliti til þess í hvaða samhengi þau birtast og með hliðsjón af markmiði og tilgangi þessa samnings.

1.2 Engu að síður er merking hugtaka í þessum samningi eins og segir í 1. viðauka.

1.3 Ákvæði þessa samnings gilda um allar vörur, þar á meðal iðnaðar- og landbúnaðarvörur.

1.4 Ákvæði þessa samnings gilda ekki um útboðslýsingu sem opinberra stofnana vegna framleiðslu eða neyslu opinberra stofnana en um það er fjallað í samningnum um opinber innkaup í samræmi við gildissvið hans.

1.5 Ákvæði þessa samnings gilda ekki um ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna eins og þær eru skilgreindar í viðauka A við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

1.6 Allar tilvísanir í þessum samningi í tæknilegar reglugerðir, staðla og málsmeðferð við samræmismat skulu túlkaðar á þann hátt að tillit sé tekið til breytinga á þeim og viðbóta við reglurnar eða þær vörur sem þær gilda um, nema um smávægilegar breytingar og viðbætur sé að ræða.

Article 1
General Provisions

1.1 General terms for standardization and procedures for assessment of conformity shall normally have the meaning given to them by definitions adopted within the United Nations system and by international standardizing bodies taking into account their context and in the light of the object and purpose of this Agreement.

1.2 However, for the purposes of this Agreement the meaning of the terms given in Annex 1 applies.

1.3 All products, including industrial and agricultural products, shall be subject to the provisions of this Agreement.

1.4 Purchasing specifications prepared by governmental bodies for production or consumption requirements of governmental bodies are not subject to the provisions of this Agreement but are addressed in the Agreement on Government Procurement, according to its coverage.

1.5 The provisions of this Agreement do not apply to sanitary and phytosanitary measures as defined in Annex A of the Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

1.6 All references in this Agreement to technical regulations, standards and conformity assessment procedures shall be construed to include any amendments thereto and any additions to the rules or the product coverage thereof, except amendments and additions of an insignificant nature.

TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR OG STAÐLAR

2. gr.
Samning, samþykkt og beiting tæknilegra reglugerða af hálfu ríkisstofnana.

Eftirfarandi ákvæði gilda um ríkisstofnanir aðila:

2.1 Aðilar skulu sjá til þess, hvað tæknilegar reglugerðir varðar, að innfluttar vörur frá yfirráðasvæði annars aðila hljóti ekki óhagstæðari meðferð en samsvarandi vörur af innlendum uppruna og samsvarandi vörur upprunnar í öðrum löndum.

2.2 Aðilar skulu sjá til þess að tæknilegar reglugerðir séu ekki samdar, samþykktar eða þeim beitt með það í huga eða með þeim afleiðingum að þær hindri alþjóðaviðskipti að óþörfu. Því skulu tæknilegar reglugerðir ekki hindra viðskipti meira en nauðsyn krefur til að lögmæt

TECHNICAL REGULATIONS AND STANDARDS

Article 2
Preparation, Adoption and Application of Technical Regulations by Central Government Bodies

With respect to their central government bodies:

2.1 Members shall ensure that in respect of technical regulations, products imported from the territory of any Member shall be accorded treatment no less favourable than that accorded to like products of national origin and to like products originating in any other country.

2.2 Members shall ensure that technical regulations are not prepared, adopted or applied with a view to or with the effect of creating unnecessary obstacles to international trade. For this purpose, technical regulations shall not be more trade-restrictive than necessary to fulfil a legit-

markmið náist, að teknu tilliti til áhættu sem fylgir því ef slíku markmiði verður ekki náð. Þessi lögmætu markmið eru meðal annars: kröfur um þjóðaröryggi, að koma í veg fyrir villandi viðskiptahætti, að vernda heilbrigði manna og tryggja öryggi þeirra, vernda líf og heilbrigði dýra og plantna eða vernda umhverfið. Við mat á slíkri áhættu skal meðal annars taka tillit til tiltækra vísindalegra og tæknilegra upplýsinga, viðkomandi vinnslutækni og fyrirhugaðrar notkunar vörunnar.

2.3 Ekki skal viðhalda tæknilegum reglugerðum ef aðstæður eða markmið, sem eru forsenda fyrir samþykkt þeirra, eru ekki lengur fyrir hendi eða ef unnt er að taka á breyttum aðstæðum eða markmiðum með þeim hætti að það leiði síður til viðskiptahindrana.

2.4 Ef tæknilegra reglugerða er krafist og viðeigandi alþjóðlegir staðlar eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir skulu aðilar nota slíka staðla, eða viðeigandi hluta þeirra, sem grunn að tæknilegum reglugerðum sínum nema þessir alþjóðlegu staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að, til dæmis vegna veðurfarslegra eða landfræðilegra þátta sem hafa grundvallarþýðingu eða tæknilegra vandkvæða sem hafa grundvallarþýðingu.

2.5 Aðili sem semur, samþykkir eða beitir tæknilegri reglugerð sem kann að hafa veruleg áhrif á viðskipti annarra aðila skal færa rök fyrir henni, að beiðni annars aðila, með tilliti til ákvæða 2.-4. mgr. Þegar tæknileg reglugerð er samin, samþykkt eða henni beitt vegna eins af þeim lögmætu markmiðum sem tekin eru skýrt fram í 2. mgr. og hún er í samræmi við viðeigandi alþjóðlega staðla skal litið svo á, nema annað sannist, að hún hindri ekki alþjóðaviðskipti að óþörfu.

2.6 Aðilar skulu, með það fyrir augum að samhæfa tæknilegar reglugerðir á eins víðtækan hátt og unnt er, taka virkan þátt, eftir því sem efni og ástæður leyfa, í vinnu hlutaðeigandi alþjóðlegra staðlastofnana við að setja alþjóðlega staðla fyrir vörur sem þeir hafa annaðhvort samþykkt eða hyggjast samþykkja tæknilegar reglugerðir fyrir.

2.7 Aðilar skulu taka til velviljaðrar athugunar að staðfesta tæknilegar reglugerðir annarra aðila sem jafngildar, jafnvel þótt þær séu frábrugðnar þeirra eigin, að því tilskildu að þeir séu þess fullvissir að þessar reglugerðir séu fullnægjandi þannig að markmiðum þeirra eigin reglugerða verði náð.

imate objective, taking account of the risks non-fulfilment would create. Such legitimate objectives are, inter alia: national security requirements; the prevention of deceptive practices; protection of human health or safety, animal or plant life or health, or the environment. In assessing such risks, relevant elements of consideration are, inter alia: available scientific and technical information, related processing technology or intended end-uses of products.

2.3 Technical regulations shall not be maintained if the circumstances or objectives giving rise to their adoption no longer exist or if the changed circumstances or objectives can be addressed in a less trade-restrictive manner.

2.4 Where technical regulations are required and relevant international standards exist or their completion is imminent, Members shall use them, or the relevant parts of them, as a basis for their technical regulations except when such international standards or relevant parts would be an ineffective or inappropriate means for the fulfilment of the legitimate objectives pursued, for instance because of fundamental climatic or geographical factors or fundamental technological problems.

2.5 A Member preparing, adopting or applying a technical regulation which may have a significant effect on trade of other Members shall, upon the request of another Member, explain the justification for that technical regulation in terms of the provisions of paragraphs 2 to 4. Whenever a technical regulation is prepared, adopted or applied for one of the legitimate objectives explicitly mentioned in paragraph 2, and is in accordance with relevant international standards, it shall be rebuttably presumed not to create an unnecessary obstacle to international trade.

2.6 With a view to harmonizing technical regulations on as wide a basis as possible, Members shall play a full part, within the limits of their resources, in the preparation by appropriate international standardizing bodies of international standards for products for which they either have adopted, or expect to adopt, technical regulations.

2.7 Members shall give positive consideration to accepting as equivalent technical regulations of other Members, even if these regulations differ from their own, provided they are satisfied that these regulations adequately fulfil the objectives of their own regulations.

2.8 Þar sem við á skulu aðilar tilgreina tæknilegar reglugerðir sem byggðar eru á kröfum varðandi virkni vörunnar fremur en hönnun eða tæknilega eiginleika hennar.

2.9 Ef viðeigandi alþjóðlegur staðall er ekki fyrir hendi eða tæknilegt inntak fyrirhugaðrar tæknilegrar reglugerðar er ekki í samræmi við tæknilegt inntak viðeigandi alþjóðlegra staðla og geti tæknilega reglugerðin haft veruleg áhrif á viðskipti annarra aðila skulu aðilar:

2.9.1 birta opinbera tilkynningu eins fljótt og unnt er, og með þeim hætti að þeim sem eiga hagsmuna að gæta hjá öðrum aðilum sé gert kleift að kynna sér efni hennar, um að þeir hyggist setja tiltekna tæknilega reglugerð;

2.9.2 tilkynna öðrum aðilum með milligöngu aðalskrifstofunnar um þær vörur sem fyrirhuguð tæknileg reglugerð skal taka til og tilgreina í stuttu máli markmið með og forsendu fyrir henni. Þessar tilkynningar skal senda eins fljótt og unnt er á meðan enn gefst svigrúm til að gera breytingar og taka tillit til athugasemda;

2.9.3 láta öðrum aðilum í té nákvæmar upplýsingar um eða eintök af fyrirhugaðri tæknilegri reglugerð að fenginni beiðni og, þegar unnt er, tilgreina þá hluta sem að efni til víkja frá viðkomandi alþjóðlegum stöðlum;

2.9.4 veita öðrum aðilum, án mismununar, hæfilegan frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir, ræða þær, að fenginni beiðni, og taka tillit til þeirra og niðurstaðna úr viðræðunum.

2.10 Með fyrirvara um ákvæðin í upphafsorðum 9. mgr., ef upp kemur vandi sem brýnt er að leysa í öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfismálum eða málum sem varða þjóðaröryggi aðila eða hætta er á að slíkur vandi komi upp hjá aðila, er þeim aðila heimilt að sleppa þeim af atriðunum, sem talin eru upp í 9. mgr., sem hann telur þörf á, að því tilskildu að sá aðili geri eftirfarandi um leið og tæknileg reglugerð er samþykkt:

2.10.1 tilkynni þegar í stað öðrum aðilum, með milligöngu aðalskrifstofunnar, um tiltekna tæknilega reglugerð og

2.8 Wherever appropriate, Members shall specify technical regulations based on product requirements in terms of performance rather than design or descriptive characteristics.

2.9 Whenever a relevant international standard does not exist or the technical content of a proposed technical regulation is not in accordance with the technical content of relevant international standards, and if the technical regulation may have a significant effect on trade of other Members, Members shall:

2.9.1 publish a notice in a publication at an early appropriate stage, in such a manner as to enable interested parties in other Members to become acquainted with it, that they propose to introduce a particular technical regulation;

2.9.2 notify other Members through the Secretariat of the products to be covered by the proposed technical regulation, together with a brief indication of its objective and rationale. Such notifications shall take place at an early appropriate stage, when amendments can still be introduced and comments taken into account;

2.9.3 upon request, provide to other Members particulars or copies of the proposed technical regulation and, whenever possible, identify the parts which in substance deviate from relevant international standards;

2.9.4 without discrimination, allow reasonable time for other Members to make comments in writing, discuss these comments upon request, and take these written comments and the results of these discussions into account.

2.10 Subject to the provisions in the lead-in to paragraph 9, where urgent problems of safety, health, environmental protection or national security arise or threaten to arise for a Member, that Member may omit such of the steps enumerated in paragraph 9 as it finds necessary, provided that the Member, upon adoption of a technical regulation, shall:

2.10.1 notify immediately other Members through the Secretariat of the particular technical regulation and the

þær vörur sem hún tekur til og tilgreini í stuttu máli markmið með og forsendu fyrir reglugerðinni, þar á meðal eðli þess vanda sem brýnt er að leysa;

2.10.2 láti öðrum aðilum í té eintök af tæknilegu reglugerðinni, að fenginni beiðni;

2.10.3 geri öðrum aðilum kleift, án mismununar, að leggja fram skriflegar athugasemdir, ræði þær að fenginni beiðni og taki tillit til þeirra og niðurstaðna úr viðræðunum.

2.11 Aðilar skulu sjá til þess að allar tæknilegar reglugerðir sem hafa verið samþykktar, séu birtar þegar í stað eða gerðar aðgengilegar á þann hátt að þeim sem eiga hagsmuna að gæta hjá öðrum aðilum sé gert kleift að kynna sér efni þeirra.

2.12 Aðilar skulu, nema vandi sé á höndum sem brýnt er að leysa eins og um getur í 10. mgr., láta hæfilegan tíma líða frá því að tæknilegar reglugerðir eru birtar og þar til þær taka gildi, til þess að framleiðendum í landi aðila sem er útflytjandi (hér eftir nefndir „útflutningsaðili"), einkum í landi aðila sem er þróunarland (hér eftir nefndur „þróunaraðildarland"), gefist svigrúm til að laga framleiðslu sína eða framleiðsluaðferðir að skilyrðum aðila sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili").

products covered, with a brief indication of the objective and the rationale of the technical regulation, including the nature of the urgent problems;

2.10.2 upon request, provide other Members with copies of the technical regulation;

2.10.3 without discrimination, allow other Members to present their comments in writing, discuss these comments upon request, and take these written comments and the results of these discussions into account.

2.11 Members shall ensure that all technical regulations which have been adopted are published promptly or otherwise made available in such a manner as to enable interested parties in other Members to become acquainted with them.

2.12 Except in those urgent circumstances referred to in paragraph 10, Members shall allow a reasonable interval between the publication of technical regulations and their entry into force in order to allow time for producers in exporting Members, and particularly in developing country Members, to adapt their products or methods of production to the requirements of the importing Member.

3. gr.

Samning, samþykkt og notkun tæknilegra reglugerða af hálfu stofnana staðbundinna stjórnvalda og óopinberra stofnana.

Eftirfarandi ákvæði gilda um stofnanir staðbundinna stjórnvalda og óopinberar stofnanir á yfirráðasvæðum aðila:

3.1 Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að þessar stofnanir fari að ákvæðum 2. gr., að undanskilinni tilkynningaskyldunni sem um getur í málsgreinum 9.2 og 10.1 í 2. gr.

3.2 Aðilar skulu sjá til þess að tilkynnt sé um tæknilegar reglugerðir staðbundinna stjórnvalda á næsta stjórnsýslustigi fyrir neðan ríkisstjórnir aðila í samræmi við ákvæði málsgreina 9.2 og 10.1 í 2. gr., með þeim fyrirvara að ekki er nauðsynlegt að tilkynna um tæknilegar reglugerðir ef tæknilegt inntak þeirra er í grundvallaratriðum það sama og í tæknilegum reglugerðum ríkisstofnana viðkomandi aðila sem áður hefur verið tilkynnt um.

Article 3

Preparation, Adoption and Application of Technical Regulations by Local Government Bodies and Non-Governmental Bodies

With respect to their local government and non-governmental bodies within their territories:

3.1 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure compliance by such bodies with the provisions of Article 2, with the exception of the obligation to notify as referred to in paragraphs 9.2 and 10.1 of Article 2.

3.2 Members shall ensure that the technical regulations of local governments on the level directly below that of the central government in Members are notified in accordance with the provisions of paragraphs 9.2 and 10.1 of Article 2, noting that notification shall not be required for technical regulations the technical content of which is substantially the same as that of previously notified technical regulations of central government bodies of the Member concerned.

3.3 Aðilar geta krafist þess að samskipti við aðra aðila, þar á meðal tilkynningar, upplýsingamiðlun, athugasemdir og viðræður, sem um getur í 9. og 10. mgr. 2. gr., fari fram með milligöngu viðkomandi ríkisstjórnar.
3.4 Aðilar skulu ekki gera ráðstafanir sem skylda eða hvetja stofnanir staðbundinna stjórnvalda eða óopinberar stofnanir á yfirráðasvæði þeirra til að grípa til aðgerða sem brjóta í bága við ákvæði 2. gr.
3.5 Aðilar bera að öllu leyti ábyrgð á því, samkvæmt ákvæðum þessa samnings, að öll ákvæði 2. gr. séu virt. Aðilar skulu móta og beita ráðstöfunum og kerfum sem stuðla að því að aðrar stofnanir en ríkisstofnanir virði ákvæði 2. gr.

4. gr.
Samning, samþykkt og notkun staðla.

4.1 Aðilar skulu sjá til þess að staðlastofnanir á vegum ríkisins staðfesti og fari að reglunum í 3. viðauka við þennan samning um góða starfshætti við samningu, samþykkt og notkun staðla (í þessum samningi nefndar „reglur um góða starfshætti"). Þeir skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að staðlastofnanir staðbundinna stjórnvalda og óopinberar staðlastofnanir á yfirráðasvæði þeirra, svo og svæðisbundnar staðlastofnanir sem þeir eða stofnanir á yfirráðasvæði þeirra eru aðilar að, staðfesti og fari að reglunum um góða starfshætti. Aðilar skulu heldur ekki gera ráðstafanir sem beint eða óbeint stuðla að því að skylda eða hvetja slíkar staðlastofnanir til að grípa til aðgerða sem brjóta í bága við reglurnar um góða starfshætti. Skyldur aðila með tilliti til þess að staðlastofnanir fari að ákvæðum í reglunum um góða starfshætti gilda án tillits til þess hvort staðlastofnun hefur staðfest reglurnar um góða starfshætti eða ekki.

4.2 Aðilar skulu viðurkenna að staðlastofnanir, sem hafa staðfest reglurnar um góða starfshætti og fara eftir þeim, fari að meginreglum þessa samnings.

3.3 Members may require contact with other Members, including the notifications, provision of information, comments and discussions referred to in paragraphs 9 and 10 of Article 2, to take place through the central government.
3.4 Members shall not take measures which require or encourage local government bodies or non-governmental bodies within their territories to act in a manner inconsistent with the provisions of Article 2.
3.5 Members are fully responsible under this Agreement for the observance of all provisions of Article 2. Members shall formulate and implement positive measures and mechanisms in support of the observance of the provisions of Article 2 by other than central government bodies.

Article 4
Preparation, Adoption and Application of Standards

4.1 Members shall ensure that their central government standardizing bodies accept and comply with the Code of Good Practice for the Preparation, Adoption and Application of Standards in Annex 3 to this Agreement (referred to in this Agreement as the "Code of Good Practice"). They shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that local government and non-governmental standardizing bodies within their territories, as well as regional standardizing bodies of which they or one or more bodies within their territories are members, accept and comply with this Code of Good Practice. In addition, Members shall not take measures which have the effect of, directly or indirectly, requiring or encouraging such standardizing bodies to act in a manner inconsistent with the Code of Good Practice. The obligations of Members with respect to compliance of standardizing bodies with the provisions of the Code of Good Practice shall apply irrespective of whether or not a standardizing body has accepted the Code of Good Practice.
4.2 Standardizing bodies that have accepted and are complying with the Code of Good Practice shall be acknowledged by the Members as complying with the principles of this Agreement.

SAMRÆMI VIÐ TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR OG STAÐLA

5. gr.

Málsmeðferð við samræmismat á vegum ríkisstofnana.

5.1 Aðilar skulu sjá til þess að ríkisstofnanir beiti eftirfarandi ákvæðum gagnvart vörum sem eru upprunnar á yfirráðasvæðum annarra aðila þegar krafist er fullrar vissu fyrir því að samræmis við tæknilegar reglugerðir eða staðla sé gætt:

5.1.1 málsmeðferð við samræmismat sé mótuð, samþykkt og henni beitt á þann hátt að birgjar samsvarandi vara, sem eru upprunnar á yfirráðasvæðum annarra aðila, fái aðgang með eigi lakari kjörum en birgjum samsvarandi vara af innlendum uppruna, eða vara sem eru upprunnar í öðrum löndum, er boðið við sambærilegar aðstæður; í aðgangi felst réttur birgja til samræmismats samkvæmt málsmeðferðarreglunum, meðal annars sá möguleiki, þegar gert er ráð fyrir slíku samkvæmt þessari málsmeðferð, að fram fari samræmismat á framleiðslustað og að samræmismerkið fáist;

5.1.2 málsmeðferð við samræmismat sé ekki mótuð, samþykkt og henni beitt með það í huga eða með þeim afleiðingum að alþjóðaviðskipti séu hindruð að óþörfu. Þetta felur meðal annars í sér að málsmeðferð við samræmismat skal ekki vera strangari eða henni beitt með meiri festu en nauðsynlegt er til að veita innflutningsaðila næga vissu fyrir því að vörur séu í samræmi við gildandi tæknilegar reglugerðir eða staðla, að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem því fylgir ef samræmis er ekki gætt.

5.2 Þegar ákvæðum 1. mgr. er beitt skulu aðilar sjá til þess að:

5.2.1 málsmeðferð við samræmismat sé framkvæmd og henni lokið eins fljótt og kostur er og á þann hátt að vörur, sem upprunnar eru á yfirráðasvæðum annarra aðila, hljóti ekki óhagstæðari meðferð en samsvarandi innlendar vörur;

5.2.2 birtar séu upplýsingar um hve lengi hver málsmeðferð við samræmismat

CONFORMITY WITH TECHNICAL REGULATIONS AND STANDARDS

Article 5

Procedures for Assessment of Conformity by Central Government Bodies

5.1 Members shall ensure that, in cases where a positive assurance of conformity with technical regulations or standards is required, their central government bodies apply the following provisions to products originating in the territories of other Members:

5.1.1 conformity assessment procedures are prepared, adopted and applied so as to grant access for suppliers of like products originating in the territories of other Members under conditions no less favourable than those accorded to suppliers of like products of national origin or originating in any other country, in a comparable situation; access entails suppliers' right to an assessment of conformity under the rules of the procedure, including, when foreseen by this procedure, the possibility to have conformity assessment activities undertaken at the site of facilities and to receive the mark of the system;

5.1.2 conformity assessment procedures are not prepared, adopted or applied with a view to or with the effect of creating unnecessary obstacles to international trade. This means, inter alia, that conformity assessment procedures shall not be more strict or be applied more strictly than is necessary to give the importing Member adequate confidence that products conform with the applicable technical regulations or standards, taking account of the risks non-conformity would create.

5.2 When implementing the provisions of paragraph 1, Members shall ensure that:

5.2.1 conformity assessment procedures are undertaken and completed as expeditiously as possible and in a no less favourable order for products originating in the territories of other Members than for like domestic products;

5.2.2 the standard processing period of each conformity assessment proce-

stendur venjulega yfir eða umsækjandi fái, ef hann óskar eftir því, vitneskju um þann tíma sem ætla má að hún standi yfir; þegar þar til bærri stofnun berst umsókn kanni hún þegar í stað hvort skjalfest gögn séu fullnægjandi og geri umsækjandanum nákvæma grein fyrir því ef einhverju er ábótavant; þar til bær stofnun sendi umsækjanda nákvæmar og ítarlegar niðurstöður matsins eins fljótt og auðið er til að unnt sé að gera úrbætur ef þörf krefur; jafnvel þótt umsókn sé ábótavant haldi þar til bær stofnun áfram samræmismati eftir því sem unnt er, æski umsækjandi þess og; umsækjandi fái, ef hann fer fram á það, upplýsingar um hvernig málsmeðferðinni miðar og skýringar á þeim töfum sem verða;

dure is published or that the anticipated processing period is communicated to the applicant upon request; when receiving an application, the competent body promptly examines the completeness of the documentation and informs the applicant in a precise and complete manner of all deficiencies; the competent body transmits as soon as possible the results of the assessment in a precise and complete manner to the applicant so that corrective action may be taken if necessary; even when the application has deficiencies, the competent body proceeds as far as practicable with the conformity assessment if the applicant so requests; and that, upon request, the applicant is informed of the stage of the procedure, with any delay being explained;

5.2.3 kröfur um upplýsingar takmarkist við það sem nauðsynlegt er til að meta samræmi og ákvarða gjöld;

5.2.3 information requirements are limited to what is necessary to assess conformity and determine fees;

5.2.4 trúnaðarkvaðir varðandi upplýsingar um vörur, sem upprunnar eru á yfirráðasvæðum annarra aðila, sem koma fram eða eru veittar í sambandi við samræmismat, séu virtar á sama hátt og um innlendar vörur væri að ræða og með þeim hætti að lögmætir viðskiptahagsmunir séu verndaðir;

5.2.4 the confidentiality of information about products originating in the territories of other Members arising from or supplied in connection with such conformity assessment procedures is respected in the same way as for domestic products and in such a manner that legitimate commercial interests are protected;

5.2.5 gjöld, sem eru greidd fyrir samræmismat vegna vara sem eru upprunnar á yfirráðasvæðum annarra aðila, séu sanngjörn í samanburði við þau gjöld sem heimilt er að setja upp fyrir samræmismat vegna samsvarandi vara af innlendum uppruna eða vara sem upprunnar eru í öðrum löndum, að teknu tilliti til fjarskipta, flutninga og annars kostnaðar sem rekja má til fjarlægðar milli framleiðslustaðar umsækjanda og stofnunar sem sér um samræmismat;

5.2.5 any fees imposed for assessing the conformity of products originating in the territories of other Members are equitable in relation to any fees chargeable for assessing the conformity of like products of national origin or originating in any other country, taking into account communication, transportation and other costs arising from differences between location of facilities of the applicant and the conformity assessment body;

5.2.6 staðsetning aðstöðu fyrir samræmismat og sýnatöku valdi umsækjendum eða umboðsmönnum þeirra ekki óþörfum óþægindum;

5.2.6 the siting of facilities used in conformity assessment procedures and the selection of samples are not such as to cause unnecessary inconvenience to applicants or their agents;

5.2.7 þegar forskriftum vöru er breytt í kjölfar ákvörðunar á því að hún sé í

5.2.7 whenever specifications of a product are changed subsequent to the deter-

samræmi við gildandi tæknilegar reglugerðir eða staðla takmarkist málsmeðferðin við samræmismat vegna hinnar breyttu vöru við það sem nauðsynlegt má teljast til að ákvarða hvort nægileg vissa sé fyrir því að varan sé eftir sem áður í samræmi við viðkomandi tæknilegar reglugerðir eða staðla;

5.2.8 fyrir hendi sé málsmeðferð sem gerir kleift að athuga kærur vegna beitingar málsmeðferðar við samræmismat og gera úrbætur þegar kæra reynist á rökum reist.

5.3 Ekkert í 1. og 2. mgr. kemur í veg fyrir að aðilar framkvæmi eðlilegar skyndikannanir innan yfirráðasvæða sinna.

5.4 Þegar krafist er fullrar vissu um að vörur séu í samræmi við tæknilegar reglugerðir eða staðla, og fyrir hendi eru viðeigandi leiðbeiningar eða tilmæli sem alþjóðlegar staðlastofnanir gefa út eða eru í þann veginn að ljúka við, skulu aðilar sjá til þess að ríkisstofnanir noti þær eða viðeigandi hluta þeirra sem grunn að málsmeðferð sinni við samræmismat, nema þessar leiðbeiningar eða tilmæli eða viðeigandi hlutar þeirra eigi ekki við um viðkomandi aðila og það sé útskýrt á tilhlýðilegan hátt samkvæmt beiðni meðal annars af eftirfarandi ástæðum: vegna krafna um þjóðaröryggi, að koma þurfi í veg fyrir villandi viðskiptahætti, að vernda þurfi heilbrigði manna eða tryggja öryggi þeirra og vernda líf eða heilbrigði dýra eða plantna eða umhverfi; vegna veðurfarslegra eða landfræðilegra þátta sem hafa grundvallarþýðingu og vegna tæknilegra eða skipulagslegra vandkvæða sem hafa grundvallarþýðingu.

5.5 Aðilar skulu, með það fyrir augum að samræma málsmeðferð við samræmismat á eins víðtækan hátt og unnt er, taka virkan þátt, eftir því sem efni og ástæður leyfa, í vinnu hlutaðeigandi alþjóðlegra staðlastofnana við að semja leiðbeiningar og tilmæli vegna málsmeðferðar við samræmismat.

5.6 Ef viðeigandi leiðbeiningar eða tilmæli, útgefin af alþjóðlegri staðlastofnun, eru ekki fyrir hendi eða tæknilegt inntak fyrirhugaðrar málsmeðferðar við samræmismat er ekki í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar eða tilmæli sem alþjóðlegar staðlastofnanir gefa út og geti málsmeðferð við samræmismat haft veruleg áhrif á viðskipti annarra aðila, skulu aðilar:

5.6.1 birta opinbera tilkynningu eins fljótt

mination of its conformity to the applicable technical regulations or standards, the conformity assessment procedure for the modified product is limited to what is necessary to determine whether adequate confidence exists that the product still meets the technical regulations or standards concerned;

5.2.8 a procedure exists to review complaints concerning the operation of a conformity assessment procedure and to take corrective action when a complaint is justified.

5.3 Nothing in paragraphs 1 and 2 shall prevent Members from carrying out reasonable spot checks within their territories.

5.4 In cases where a positive assurance is required that products conform with technical regulations or standards, and relevant guides or recommendations issued by international standardizing bodies exist or their completion is imminent, Members shall ensure that central government bodies use them, or the relevant parts of them, as a basis for their conformity assessment procedures, except where, as duly explained upon request, such guides or recommendations or relevant parts are inappropriate for the Members concerned, for, inter alia, such reasons as: national security requirements; the prevention of deceptive practices; protection of human health or safety, animal or plant life or health, or the environment; fundamental climatic or other geographical factors; fundamental technological or infrastructural problems.

5.5 With a view to harmonizing conformity assessment procedures on as wide a basis as possible, Members shall play a full part, within the limits of their resources, in the preparation by appropriate international standardizing bodies of guides and recommendations for conformity assessment procedures.

5.6 Whenever a relevant guide or recommendation issued by an international standardizing body does not exist or the technical content of a proposed conformity assessment procedure is not in accordance with relevant guides and recommendations issued by international standardizing bodies, and if the conformity assessment procedure may have a significant effect on trade of other Members, Members shall:

5.6.1 publish a notice in a publication at

og unnt er og með þeim hætti að þeim sem eiga hagsmuna að gæta í löndum annarra aðila sé gert kleift að kynna sér efni hennar um að þeir hyggist taka upp sérstaka málsmeðferð við samræmismat;

5.6.2 tilkynna öðrum aðilum með milligöngu aðalskrifstofunnar um þær vörur sem fyrirhuguð málsmeðferð við samræmismat tekur til og tilgreina í stuttu máli markmið með og forsendu fyrir henni. Þessar tilkynningar skal senda eins fljótt og unnt er á meðan enn gefst svigrúm til að gera breytingar og taka tillit til athugasemda;

5.6.3 láta öðrum aðilum í té nákvæmar upplýsingar um eða eintök af fyrirhugaðri málsmeðferð að fenginni beiðni og, þegar unnt er, tilgreina þá hluta sem víkja í meginatriðum frá viðkomandi leiðbeiningum eða tilmælum sem alþjóðlegar staðlastofnanir gefa út;

5.6.4 veita öðrum aðilum, án mismununar, hæfilegan frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir, ræða þær að fenginni beiðni, og taka tillit til þeirra og niðurstaðna úr viðræðunum.

5.7 Með fyrirvara um ákvæðin í upphafsorðum 6. mgr., ef upp kemur vandi sem brýnt er að leysa í öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfismálum eða málum sem varða þjóðaröryggi eða hætta er á að slíkur vandi komi upp hjá aðila, er þeim aðila heimilt að sleppa þeim af atriðunum sem talin eru upp í 6. mgr., sem hann telur þörf á, að því tilskildu að sá aðili geri eftirfarandi um leið og málsmeðferðin er tekin upp:

5.7.1 tilkynni þegar í stað öðrum aðilum, með milligöngu aðalskrifstofunnar, um tiltekna málsmeðferð og þær vörur sem hún tekur til ásamt stuttri lýsingu á markmiði með og forsendu fyrir málsmeðferðinni, þar á meðal eðli þess vanda sem brýnt er að leysa;

5.7.2 láti öðrum aðilum í té eintök af þeim reglum sem gilda um málsmeðferðina, að fenginni beiðni;

5.7.3 geri öðrum aðilum kleift, án mismununar, að leggja fram skriflegar athugasemdir, ræði þær að fenginni

an early appropriate stage, in such a manner as to enable interested parties in other Members to become acquainted with it, that they propose to introduce a particular conformity assessment procedure;

5.6.2 notify other Members through the Secretariat of the products to be covered by the proposed conformity assessment procedure, together with a brief indication of its objective and rationale. Such notifications shall take place at an early appropriate stage, when amendments can still be introduced and comments taken into account;

5.6.3 upon request, provide to other Members particulars or copies of the proposed procedure and, whenever possible, identify the parts which in substance deviate from relevant guides or recommendations issued by international standardizing bodies;

5.6.4 without discrimination, allow reasonable time for other Members to make comments in writing, discuss these comments upon request, and take these written comments and the results of these discussions into account.

5.7 Subject to the provisions in the lead-in to paragraph 6, where urgent problems of safety, health, environmental protection or national security arise or threaten to arise for a Member, that Member may omit such of the steps enumerated in paragraph 6 as it finds necessary, provided that the Member, upon adoption of the procedure, shall:

5.7.1 notify immediately other Members through the Secretariat of the particular procedure and the products covered, with a brief indication of the objective and the rationale of the procedure, including the nature of the urgent problems;

5.7.2 upon request, provide other Members with copies of the rules of the procedure;

5.7.3 without discrimination, allow other Members to present their comments in writing, discuss these comments

beiðni og taki tillit til þeirra og niðurstaðna úr viðræðunum.

5.8 Aðilar skulu sjá til þess að málsmeðferð við samræmismat, sem hefur verið tekin upp, sé birt þegar í stað eða gerð aðgengileg á annan hátt sem gerir þeim sem eiga hagsmuna að gæta í löndum annarra aðila kleift að kynna sér efni hennar.

5.9 Aðilar skulu, nema vandi sé á höndum sem brýnt er að leysa, eins og um getur í 7. mgr., láta hæfilegan tíma líða frá því að kröfur um málsmeðferð við samræmismat eru birtar og þar til þær taka gildi, til þess að framleiðendum útflutningsaðila, einkum hjá þróunaraðildarlöndum, gefist svigrúm til að laga framleiðslu sína eða framleiðsluaðferðir að kröfum innflutningsaðila.

6. gr.

Viðurkenning samræmismats af hálfu ríkisstofnana.

Eftirfarandi ákvæði gilda um ríkisstofnanir aðila:

6.1 Með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. skulu aðilar sjá til þess, þegar unnt er, að niðurstöður málsmeðferðar við samræmismat annarra aðila séu staðfestar, jafnvel þótt málsmeðferðin sé frábrugðin þeirra eigin, að því tilskildu að þeir séu þess fullvissir að sú málsmeðferð tryggi samræmi við gildandi tæknilegar reglugerðir eða staðla sem eru jafngildir þeirra eigin málsmeðferð. Viðurkennt er að undanfarandi viðræður kunni að vera nauðsynlegar svo unnt sé að komast að samkomulagi sem allir aðilar geta sætt sig við, einkum varðandi:

til, á samsvarandi vöru í almennum viðskiptum. Þegar ekki er unnt að ákvarða slíkar fjárhæðir á þessum grundvelli er heimilt að ákvarða fjárhæðirnar á grundvelli:

i) raunverulegra fjárhæða sem viðkomandi útflytjandi eða framleiðandi hefur greitt eða fengið greiddar vegna framleiðslu og sölu á sama almenna vöruflokki á innanlandsmarkaði upprunalandsins;

ii) vegins meðaltals raunverulegra fjárhæða sem aðrir útflytjendur eða framleiðendur, sem rannsóknin tekur til, greiða eða fá greiddar vegna framleiðslu og sölu á samsvarandi vöru á innanlandsmarkaði í upprunalandinu;

iii) annarrar sanngjarnrar aðferðar, að því tilskildu að fjárhæðin fyrir hagnað sem er ákveðin á þann hátt, sé ekki hærri en sá hagnaður sem aðrir útflytjendur eða framleiðendur hljóta að jafnaði af sölu vara úr sama almenna flokki á innanlandsmarkaði í upprunalandinu.

2.3 Í þeim tilvikum sem útflutningsverð er ekki fyrir hendi, eða hlutaðeigandi yfirvöld meta það svo að útflutningsverð sé óáreiðanlegt vegna tengsla eða bótafyrirkomulags milli útflytjanda og innflytjanda eða þriðja aðila, er heimilt að reikna útflutningsverð á grundvelli þess verðs sem innfluttu vörurnar eru fyrst endurseldar á til óháðs kaupanda eða á öðrum eðlilegum grundvelli, sem yfirvöld kunna að ákveða, ef vörurnar eru ekki endurseldar óháðum kaupanda eða ekki endurseldar í sama ástandi og við innflutning.

2.4. Gera skal réttlátan samanburð á útflutningsverði og eðlisverði. Samanburðinn skal gera á sama viðskiptastigi, að jafnaði á verksmiðjuverði, og á viðskiptum sem eiga sér stað samtímis eða eins nálægt því og unnt er. Í hverju tilviki skal taka tilhlýðilegt tillit, samkvæmt málsaðstæðum, til mismunar sem hefur áhrif á verðsamanburð, svo sem mismunandi aðstæðna og söluskilmála, skattlagningar, viðskiptastigs, magns, eðliseiginleika og annars munar ef sýnt þykir að hann hafi áhrif á verðsamanburð.[35] Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. ber einnig

product by the exporter or producer under investigation. When such amounts cannot be determined on this basis, the amounts may be determined on the basis of:

(i) the actual amounts incurred and realized by the exporter or producer in question in respect of production and sales in the domestic market of the country of origin of the same general category of products;

(ii) the weighted average of the actual amounts incurred and realized by other exporters or producers subject to investigation in respect of production and sales of the like product in the domestic market of the country of origin;

(iii) any other reasonable method, provided that the amount for profit so established shall not exceed the profit normally realized by other exporters or producers on sales of products of the same general category in the domestic market of the country of origin.

2.3 In cases where there is no export price or where it appears to the authorities concerned that the export price is unreliable because of association or a compensatory arrangement between the exporter and the importer or a third party, the export price may be constructed on the basis of the price at which the imported products are first resold to an independent buyer, or if the products are not resold to an independent buyer, or not resold in the condition as imported, on such reasonable basis as the authorities may determine.

2.4 A fair comparison shall be made between the export price and the normal value. This comparison shall be made at the same level of trade, normally at the ex-factory level, and in respect of sales made at as nearly as possible the same time. Due allowance shall be made in each case, on its merits, for differences which affect price comparability, including differences in conditions and terms of sale, taxation, levels of trade, quantities, physical characteristics, and any other differences which are also demonstrated to affect price comparability.[35] In the cases referred

að taka tillit til kostnaðar, þar með talið álagðra gjalda og skatta milli innflutnings og endursölu og til hagnaðar. Hafi þetta haft áhrif á verðsamanburð skulu yfirvöld ákveða eðlisverð á viðskiptastigi sem er jafngilt viðskiptastigi reiknaða útflutningsverðsins eða taka tilhlýðilegt tillit til þeirra þátta sem leyfilegt er að taka mið af samkvæmt þessari málsgrein. Yfirvöld skulu láta hlutaðeigandi málsaðila vita hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar til að tryggja réttlátan samanburð og ekki leggja ósanngjarna sönnunarbyrði á þá.

2.4.1 Ef samanburður samkvæmt 4. mgr. krefst þess að gjaldeyrir sé umreiknaður skal nota það gengi sem er í gildi á söludegi[36] við umreikninginn, nema þegar sala á erlendum gjaldeyri á framvirkum gjaldeyrismörkuðum er í beinum tengslum við viðkomandi útflutningssölu, en þá skal nota sama gengi og við framvirku söluna. Ekki skal taka tillit til gengissveiflna og við rannsókn skulu yfirvöld gefa útflytjendum að minnsta kosti 60 daga frest til að leiðrétta útflutningsverðið þannig að það endurspegli varanlegar gengisbreytingar á rannsóknartímanum.

2.4.2 Með fyrirvara um ákvæðin um réttlátan samanburð í 4. mgr. skal að jafnaði ákveða undirboðsfrávik í rannsókn með samanburði á vegnu meðaleðlisverði og vegnu meðalverði í öllum sambærilegum útflutningsviðskiptum eða með samanburði á eðlisverði og útflutningsverði í hverri sölu fyrir sig. Heimilt er að bera eðlisverð, sem er ákveðið á grundvelli vegins meðaltals, saman við verð í einstökum útflutningsviðskiptum ef yfirvöld finna verðmynstur í útflutningi sem er mjög mismunandi eftir kaupendum, svæðum eða tímabilum og gefin er skýring á því hvers vegna ekki er unnt að taka nægilegt tillit til þessa mismunar með því að bera annaðhvort vegin meðaltöl eða viðskipti saman innbyrðis.

to in paragraph 3, allowances for costs, including duties and taxes, incurred between importation and resale, and for profits accruing, should also be made. If in these cases price comparability has been affected, the authorities shall establish the normal value at a level of trade equivalent to the level of trade of the constructed export price, or shall make due allowance as warranted under this paragraph. The authorities shall indicate to the parties in question what information is necessary to ensure a fair comparison and shall not impose an unreasonable burden of proof on those parties.

2.4.1 When the comparison under paragraph 4 requires a conversion of currencies, such conversion should be made using the rate of exchange on the date of sale[36], provided that when a sale of foreign currency on forward markets is directly linked to the export sale involved, the rate of exchange in the forward sale shall be used. Fluctuations in exchange rates shall be ignored and in an investigation the authorities shall allow exporters at least 60 days to have adjusted their export prices to reflect sustained movements in exchange rates during the period of investigation.

2.4.2 Subject to the provisions governing fair comparison in paragraph 4, the existence of margins of dumping during the investigation phase shall normally be established on the basis of a comparison of a weighted average normal value with a weighted average of prices of all comparable export transactions or by a comparison of normal value and export prices on a transaction-to-transaction basis. A normal value established on a weighted average basis may be compared to prices of individual export transactions if the authorities find a pattern of export prices which differ significantly among different purchasers, regions or time periods, and if an explanation is provided as to why such differences cannot be taken into account appropriately by the use of a weighted average-to-weighted average or transaction-to-transaction comparison.

2.5 Þegar vörur eru ekki fluttar inn beint frá upprunalandinu en fluttar út til aðila sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili“) frá umflutningslandi skal að jafnaði bera verðið, sem vörurnar eru seldar á frá útflutningslandinu til innflutningsaðila, saman við sambærilegt verð í útflutningslandinu. Þó má gera samanburð við verð í upprunalandi ef vörurnar eru til dæmis aðeins fluttar um útflutningslandið eða ef slíkar vörur eru ekki framleiddar í útflutningslandinu eða ekki er til sambærilegt verð fyrir slíkar vörur í útflutningslandinu.

2.6 Í þessum samningi hefur hugtakið „samsvarandi vara“, merkinguna sambærileg vara, þ.e. vara sem er að öllu leyti eins og varan sem um er að ræða eða, ef slík vara er ekki til, önnur vara sem hefur eiginleika sem líkjast mjög mikið eiginleikum umræddrar vöru þótt hún sé ekki eins að öllu leyti.

2.7 Þessi grein er með fyrirvara um annað viðbótarákvæðið við 1. mgr. í VI. gr. I. viðauka við GATT-samninginn frá 1994.

3. gr.

Ákvörðun þess hvort skaði hafi orðið.[37]

3.1 Samkvæmt VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skal ákvörðun þess hvort skaði hafi orðið byggjast á óyggjandi sönnunargögnum og fela í sér hlutlæga athugun bæði á a) magni innflutningsvöru sem boðin er fram með undirboðskjörum og áhrifum hennar á innanlandsverð samsvarandi framleiðsluvara og b) afleiðingum þessa innflutnings fyrir innlenda framleiðendur slíkra vara.

3.2 Að því er varðar magn undirboðsvöru skulu rannsóknaryfirvöld athuga hvort veruleg aukning hafi orðið á innfluttum undirboðsvörum, annaðhvort hrein aukning eða sem hlutfall af framleiðslu eða neyslu hjá innflutningsaðila. Að því er varðar áhrif innfluttu undirboðsvörunnar á verð skulu rannsóknaryfirvöld athuga hvort um verulega verðlækkun sé að ræða á innfluttu undirboðsvörunni samanborið við verð á samsvarandi vöru innflutningsaðila eða hvort þessi innflutningur hafi á annan hátt áhrif í þá átt að þrýsta verði verulega niður eða koma í veg fyrir verðhækkanir sem annars hefðu orðið. Enginn einn eða nokkrir þessara þátta geta nauðsynlega ráðið úrslitum.

2.5 In the case where products are not imported directly from the country of origin but are exported to the importing Member from an intermediate country, the price at which the products are sold from the country of export to the importing Member shall normally be compared with the comparable price in the country of export. However, comparison may be made with the price in the country of origin, if, for example, the products are merely transshipped through the country of export, or such products are not produced in the country of export, or there is no comparable price for them in the country of export.

2.6 Throughout this Agreement the term "like product" ("produit similaire") shall be interpreted to mean a product which is identical, i.e. alike in all respects to the product under consideration, or in the absence of such a product, another product which, although not alike in all respects, has characteristics closely resembling those of the product under consideration.

2.7 This Article is without prejudice to the second Supplementary Provision to paragraph 1 of Article VI in Annex I to GATT 1994.

Article 3

Determination of Injury[37]

3.1 A determination of injury for purposes of Article VI of GATT 1994 shall be based on positive evidence and involve an objective examination of both (a) the volume of the dumped imports and the effect of the dumped imports on prices in the domestic market for like products, and (b) the consequent impact of these imports on domestic producers of such products.

3.2 With regard to the volume of the dumped imports, the investigating authorities shall consider whether there has been a significant increase in dumped imports, either in absolute terms or relative to production or consumption in the importing Member. With regard to the effect of the dumped imports on prices, the investigating authorities shall consider whether there has been a significant price undercutting by the dumped imports as compared with the price of a like product of the importing Member, or whether the effect of such imports is otherwise to depress prices to a significant degree or prevent price increases, which otherwise would have occurred, to a significant degree. No one or several of these factors can necessarily give decisive guidance.

3.3 Þegar rannsókn á undirboði fer fram samtímis á innflutningsvörum frá fleiri en einu landi er rannsóknaryfirvöldum aðeins heimilt að meta samanlögð áhrif slíks innflutnings ef þau ákvarða að a) undirboðsfrávik sem eru ákvörðuð í tengslum við innflutning frá hverju landi séu yfir lágmarki eins og það er skilgreint í 8. mgr. 5. gr. og magn innflutnings frá hverju landi sé ekki óverulegt og b) heildarmat á áhrifum innflutningsins eigi við í ljósi samkeppnisskilyrða milli innfluttu varanna og samkeppnisskilyrða milli innfluttu varanna og samsvarandi innlendrar framleiðsluvöru.

3.4 Athugun á áhrifum innfluttra undirboðsvara á innlenda atvinnugrein skal fela í sér mat á öllum efnahagsþáttum og vísitölum sem málið varða og hafa áhrif á stöðu atvinnugreinarinnar, þar á meðal raunverulegum og hugsanlegum samdrætti í sölu, hagnaði, framleiðslu, markaðshlutdeild, framleiðni, arðsemi fjárfestinga eða nýtingu afkastagetu; á þáttum sem hafa áhrif á innanlandsverð; stærð undirboðsfráviks; raunverulegum og hugsanlegum neikvæðum áhrifum á sjóðstreymi, birgðir, atvinnu, laun, hagvöxt og fjáröflunar- og fjárfestingarmöguleika. Þessi upptalning er ekki tæmandi og enginn einn eða nokkrir þessara þátta geta nauðsynlega ráðið úrslitum.

3.5 Sýna verður fram á að áhrif undirboðs á innflutningsvörur, eins og lýst er í 2. og 4. mgr., valdi skaða í skilningi þessa samnings. Sönnun þess að orsakatengsl séu á milli innfluttu undirboðsvaranna og skaða sem innlend atvinnugrein verður fyrir skal byggjast á athugun á öllum viðkomandi sönnunargögnum sem yfirvöld hafa undir höndum. Yfirvöld skulu einnig athuga aðra þekkta þætti en innfluttu undirboðsvörurnar sem hafa skaðleg áhrif á innlendu atvinnugreinina á sama tíma og ekki má rekja skaða af völdum þessara annarra þátta til innfluttu undirboðsvaranna. Þættir sem geta skipt máli í þessu sambandi eru meðal annars magn og verð vöru sem er flutt inn án þess að vera seld á undirboðsverði, samdráttur í eftirspurn eða breytingar í neyslumynstri, viðteknar viðskiptatakmarkanir og samkeppni milli erlendra og innlendra framleiðanda, tækniþróun og útflutningsmagn og framleiðni í innlendu atvinnugreininni.

3.6 Áhrif innfluttu undirboðsvaranna skulu metin með tilliti til innlendrar framleiðslu á sam-

3.3 Where imports of a product from more than one country are simultaneously subject to anti-dumping investigations, the investigating authorities may cumulatively assess the effects of such imports only if they determine that (a) the margin of dumping established in relation to the imports from each country is more than de minimis as defined in paragraph 8 of Article 5 and the volume of imports from each country is not negligible and (b) a cumulative assessment of the effects of the imports is appropriate in light of the conditions of competition between the imported products and the conditions of competition between the imported products and the like domestic product.

3.4 The examination of the impact of the dumped imports on the domestic industry concerned shall include an evaluation of all relevant economic factors and indices having a bearing on the state of the industry, including actual and potential decline in sales, profits, output, market share, productivity, return on investments, or utilization of capacity; factors affecting domestic prices; the magnitude of the margin of dumping; actual and potential negative effects on cash flow, inventories, employment, wages, growth, ability to raise capital or investments. This list is not exhaustive, nor can one or several of these factors necessarily give decisive guidance.

3.5 It must be demonstrated that the dumped imports are, through the effects of dumping, as set forth in paragraphs 2 and 4, causing injury within the meaning of this Agreement. The demonstration of a causal relationship between the dumped imports and the injury to the domestic industry shall be based on an examination of all relevant evidence before the authorities. The authorities shall also examine any known factors other than the dumped imports which at the same time are injuring the domestic industry, and the injuries caused by these other factors must not be attributed to the dumped imports. Factors which may be relevant in this respect include, inter alia, the volume and prices of imports not sold at dumping prices, contraction in demand or changes in the patterns of consumption, trade-restrictive practices of and competition between the foreign and domestic producers, developments in technology and the export performance and productivity of the domestic industry.

3.6 The effect of the dumped imports shall be assessed in relation to the domestic production

svarandi vöru þegar fyrirliggjandi gögn gera kleift að bera kennsl á þá framleiðslu sérstaklega á grundvelli viðmiðana eins og framleiðsluferlis, sölu og ágóða framleiðenda. Sé ekki unnt að bera kennsl á þá framleiðslu sérstaklega skal meta áhrif innfluttu undirboðsvaranna með því að athuga framleiðslu í þrengsta vöruflokki eða vörulínu sem samsvarandi vara fellur undir og unnt er að fá nauðsynlegar upplýsingar um.

3.7 Þegar ákvarðað er hvort hætta sé á umtalsverðum skaða skal byggja á staðreyndum en ekki einungis á staðhæfingu, tilgátu eða hverfandi líkum. Breyting á aðstæðum sem getur skapað það ástand að undirboð valdi skaða verður að vera fyrirsjáanleg og yfirvofandi.[38] Þegar ákvarðað er hvort hætta sé á umtalsverðum skaða skulu yfirvöld meðal annars taka tillit til eftirfarandi þátta:

i) verulegrar aukningar á magni innfluttra undirboðsvara á innanlandsmarkaði sem bendir til verulegrar aukningar í innflutningi;
ii) nægilegrar útflutningsgetu útflytjanda eða verulegrar og yfirvofandi aukningar á henni, sem bendir til þess að veruleg aukning geti orðið á útfluttum undirboðsvörum á markaði innflutningsaðila, að teknu tilliti til þess hvort útflutningsmarkaðir geti tekið við umframútflutningi;
iii) hvort vörur séu fluttar inn á verði sem hefur veruleg áhrif til lækkunar eða til að halda niðri verði innanlands og að líkindum auka enn frekar eftirspurn eftir innflutningsvörum; og
iv) birgða af vörunni sem er til rannsóknar.

Enginn einn þessara þátta getur nauðsynlega ráðið úrslitum við ákvarðanir en samanlagt hljóta þeir að leiða til þeirrar niðurstöðu að frekari innflutningur á undirboðsvörum sé yfirvofandi og að verulegur skaði muni hljótast af verði ekki gripið til verndaraðgerða.

3.8 Ef hætta er á skaða vegna innflutnings á undirboðsvörum skal sérstök aðgát höfð þegar íhugað er eða ákveðið að beita ráðstöfunum gegn undirboðum.

4. gr.

Skilgreining á innlendri atvinnugrein.

4.1 Í þessum samningi merkir hugtakið „innlend atvinnugrein" alla innlenda framleiðendur samsvarandi framleiðsluvara eða þá sem samanlagt

of the like product when available data permit the separate identification of that production on the basis of such criteria as the production process, producers' sales and profits. If such separate identification of that production is not possible, the effects of the dumped imports shall be assessed by the examination of the production of the narrowest group or range of products, which includes the like product, for which the necessary information can be provided.

3.7 A determination of a threat of material injury shall be based on facts and not merely on allegation, conjecture or remote possibility. The change in circumstances which would create a situation in which the dumping would cause injury must be clearly foreseen and imminent.38 In making a determination regarding the existence of a threat of material injury, the authorities should consider, inter alia, such factors as:

(i) a significant rate of increase of dumped imports into the domestic market indicating the likelihood of substantially increased importation;
(ii) sufficient freely disposable, or an imminent, substantial increase in, capacity of the exporter indicating the likelihood of substantially increased dumped exports to the importing Member's market, taking into account the availability of other export markets to absorb any additional exports;
(iii) whether imports are entering at prices that will have a significant depressing or suppressing effect on domestic prices, and would likely increase demand for further imports; and
(iv) inventories of the product being investigated.

No one of these factors by itself can necessarily give decisive guidance but the totality of the factors considered must lead to the conclusion that further dumped exports are imminent and that, unless protective action is taken, material injury would occur.

3.8 With respect to cases where injury is threatened by dumped imports, the application of anti-dumping measures shall be considered and decided with special care.

Article 4

Definition of Domestic Industry

4.1 For the purposes of this Agreement, the term "domestic industry" shall be interpreted as referring to the domestic producers as a whole of the

framleiða meginhluta allrar innlendrar framleiðslu þessara vara, nema um sé að ræða:

i) framleiðendur sem hafa tengsl[39] við útflytjendur eða innflytjendur eða þá sem flytja sjálfir inn meinta undirboðsvöru, en þá má líta svo á að hugtakið „innlend atvinnugrein“ eigi við um alla aðra framleiðendur;

ii) í undantekningartilvikum getur yfirráðasvæði aðila skipst í tvo eða fleiri samkeppnismarkaði að því er varðar viðkomandi vöru og líta má á framleiðendur á hverjum markaði um sig sem sérstaka atvinnugrein ef *a*) framleiðendur á slíku markaðssvæði selja alla eða næstum alla framleiðslu sína á viðkomandi vöru á þeim markaði og *b*) framleiðendur viðkomandi vöru, sem eru staðsettir annars staðar á svæðinu, fullnægja ekki að verulegu leyti eftirspurn á þeim markaði. Í slíkum tilvikum er heimilt að líta svo á að skaði hafi orðið, jafnvel þótt meginhluti innlendu atvinnugreinarinnar hafi ekki orðið fyrir skaða, á þeim forsendum að um sé að ræða mikið magn innfluttra undirboðsvara á slíkum einangruðum markaði og á þeim forsendum enn fremur að innfluttu undirboðsvörurnar skaði framleiðendur allra eða næstum allra vara á slíkum markaði.

4.2 Þegar innlend atvinnugrein er túlkuð á þann hátt að um sé að ræða framleiðendur á tilteknu svæði, t.d. á markaði eins og skilgreint er í ii-lið 1. mgr., skulu undirboðstollar aðeins lagðir á[40] þær vörur sem eru endanlega ætlaðar til neyslu á því svæði. Þegar stjórnskipunarlög innflutningsaðila leyfa ekki að lagðir séu á undirboðstollar á þeim grundvelli hefur innflutningsaðilinn því aðeins frjálsar hendur til álagningar undirboðstolla að *a*) útflytjendum sé gefið tækifæri til að hætta útflutningi á undirboðsverði til viðkomandi svæðis eða setja að öðrum kosti tryggingu samkvæmt 8. gr., ef nægileg trygging að þessu leyti hefur ekki verið sett, og *b*) ekki sé unnt að leggja slíka tolla eingöngu á vörur tiltekinna framleiðenda sem sjá viðkomandi svæði fyrir birgðum.

4.3 Þegar tvö eða fleiri lönd hafa náð svo miklum samruna samkvæmt ákvæðum a-liðar 8. mgr. XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994 að þau hafa eiginleika eins sameinaðs markaðar

like products or to those of them whose collective output of the products constitutes a major proportion of the total domestic production of those products, except that:

(i) when producers are related[39] to the exporters or importers or are themselves importers of the allegedly dumped product, the term "domestic industry" may be interpreted as referring to the rest of the producers;

(ii) in exceptional circumstances the territory of a Member may, for the production in question, be divided into two or more competitive markets and the producers within each market may be regarded as a separate industry if *(a)* the producers within such market sell all or almost all of their production of the product in question in that market, and *(b)* the demand in that market is not to any substantial degree supplied by producers of the product in question located elsewhere in the territory. In such circumstances, injury may be found to exist even where a major portion of the total domestic industry is not injured, provided there is a concentration of dumped imports into such an isolated market and provided further that the dumped imports are causing injury to the producers of all or almost all of the production within such market.

4.2 When the domestic industry has been interpreted as referring to the producers in a certain area, i.e. a market as defined in paragraph 1(ii), anti-dumping duties shall be levied[40] only on the products in question consigned for final consumption to that area. When the constitutional law of the importing Member does not permit the levying of anti-dumping duties on such a basis, the importing Member may levy the anti-dumping duties without limitation only if *(a)* the exporters shall have been given an opportunity to cease exporting at dumped prices to the area concerned or otherwise give assurances pursuant to Article 8 and adequate assurances in this regard have not been promptly given, and *(b)* such duties cannot be levied only on products of specific producers which supply the area in question.

4.3 Where two or more countries have reached under the provisions of paragraph 8(a) of Article XXIV of GATT 1994 such a level of integration that they have the characteristics of

skulu atvinnugreinar alls sameinaða svæðisins teljast innlendar atvinnugreinar í skilningi 1. mgr.
4.4 Ákvæði 6. mgr. 3. gr. gilda um þessa grein.

5. gr.
Upphaf og framhald rannsóknar.

5.1 Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. skal hefja rannsókn til að ákvarða hvort um meint undirboð sé að ræða og umfang og áhrif þess þegar skrifleg umsókn hefur borist frá innlendu atvinnugreininni eða fyrir hönd hennar.
5.2 Umsókn samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja sönnunargögn um *a)* undirboð, *b)* skaða í skilningi VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eins og hann er túlkaður í þessum samningi og *c)* orsakatengsl milli innfluttu undirboðsvaranna og meints skaða. Einföld staðhæfing, sem er ekki studd viðeigandi sönnunargögnum, getur ekki talist fullnægjandi til að uppfylla kröfur þessarar málsgreinar. Í umsókninni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar sem gera má ráð fyrir að umsækjandi eigi greiðan aðgang að:

i) heiti umsækjanda og lýsing hans á magni og verðgildi samsvarandi innlendrar vöru. Þegar skrifleg umsókn er lögð fram fyrir hönd innlendrar atvinnugreinar skal tilgreina atvinnugreinina sem sótt er um fyrir í skrá yfir alla innlenda framleiðendur samsvarandi vöru (eða samtök innlendra framleiðenda samsvarandi vöru) sem vitað er um ásamt, að svo miklu leyti sem unnt er, lýsingu þessara framleiðenda á magni og verðgildi samsvarandi innlendrar framleiðsluvöru;

ii) nákvæm lýsing á meintri undirboðsvöru, nafn landsins eða landanna þaðan sem viðkomandi vara er upprunnin eða flutt út, heiti allra útflytjenda eða erlendra framleiðenda sem vitað er um og skrá yfir þá sem vitað er að flytja inn viðkomandi vöru;

iii) upplýsingar um verðið sem viðkomandi vara er seld á þegar hún er ætluð til notkunar á innanlandsmarkaði í upprunalandinu eða -löndunum eða útflutningslandinu eða -löndunum (eða, eftir því sem við á, upplýsingar um verðið sem varan er seld á frá upprunalandinu eða -löndunum eða útflutningslandinu eða

a single, unified market, the industry in the entire area of integration shall be taken to be the domestic industry referred to in paragraph 1.
4.4 The provisions of paragraph 6 of Article 3 shall be applicable to this Article.

Article 5
Initiation and Subsequent Investigation

5.1 Except as provided for in paragraph 6, an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged dumping shall be initiated upon a written application by or on behalf of the domestic industry.
5.2 An application under paragraph 1 shall include evidence of *(a)* dumping, *(b)* injury within the meaning of Article VI of GATT 1994 as interpreted by this Agreement and *(c)* a causal link between the dumped imports and the alleged injury. Simple assertion, unsubstantiated by relevant evidence, cannot be considered sufficient to meet the requirements of this paragraph. The application shall contain such information as is reasonably available to the applicant on the following:

(i) the identity of the applicant and a description of the volume and value of the domestic production of the like product by the applicant. Where a written application is made on behalf of the domestic industry, the application shall identify the industry on behalf of which the application is made by a list of all known domestic producers of the like product (or associations of domestic producers of the like product) and, to the extent possible, a description of the volume and value of domestic production of the like product accounted for by such producers;

(ii) a complete description of the allegedly dumped product, the names of the country or countries of origin or export in question, the identity of each known exporter or foreign producer and a list of known persons importing the product in question;

(iii) information on prices at which the product in question is sold when destined for consumption in the domestic markets of the country or countries of origin or export (or, where appropriate, information on the prices at which the product is sold from the country or countries of origin or export to a third country or

-löndunum til þriðja lands eða þriðju landa eða um reiknað verðgildi vörunnar) og upplýsingar um útflutningsverð eða, eftir því sem við á, verðið sem varan er fyrst endurseld á til óháðs kaupanda á yfirráðasvæði innflutningsaðila;

iv) upplýsingar um þá þróun sem orðið hefur á magni meintrar innfluttrar undirboðsvöru, áhrif þessa innflutnings á verð samsvarandi framleiðsluvara á innanlandsmarkaði og afleiðingar fyrir innlendu atvinnugreinina, eins og fram kemur í viðkomandi þáttum og vísitölum sem skipta máli fyrir stöðu innlendu atvinnugreinarinnar, til dæmis þeim þáttum sem taldir eru upp í 2. og 4. mgr. 3. gr.

5.3 Yfirvöld skulu athuga hversu nákvæm og fullnægjandi sönnunargögnin sem eru lögð fram í umsókninni eru og ákvarða hvort þau nægi til að réttlæta að rannsókn verði hafin.

5.4 Ekki skal hefja rannsókn samkvæmt 1. mgr. nema yfirvöld hafi ákvarðað, á grundvelli könnunar á því hversu mikinn stuðning eða andstöðu við umsóknina innlendir framleiðendur samsvarandi vöru hafa látið í ljós,[41] að umsóknin sé frá innlendu atvinnugreininni eða fyrir hönd hennar.[42] Umsóknin telst vera „frá innlendu atvinnugreininni eða fyrir hönd hennar“ ef hún er studd af innlendum framleiðendum sem framleiða til samans meira en 50% af heildarframleiðslu samsvarandi vöru sem er framleidd af þeim hluta innlendrar atvinnugreinar er lætur annaðhvort í ljós stuðning eða andstöðu við umsóknina. Ekki skal hefja rannsókn ef innlendir framleiðendur sem lýsa stuðningi við umsóknina framleiða innan við 25% af heildarframleiðslu innlendu atvinnugreinarinnar á samsvarandi vöru.

5.5 Yfirvöld skulu forðast alla kynningu á umsókn um rannsókn nema ákvörðun hafi verið tekin um að hefja rannsókn. Yfirvöld skulu þó tilkynna ákvörðunina stjórnvöldum aðilans sem er útflutningsland (hér eftir nefndur „útflutningsaðili“) þegar þeim hefur borist umsókn með fullnægjandi málsskjölum og áður en þau hefja rannsókn.

5.6 Ef hlutaðeigandi yfirvöld ákveða, við sérstakar aðstæður, að hefja rannsókn, án þess að hafa fengið skriflega umsókn frá innlendri atvinnugrein eða fyrir hönd hennar um að hefja slíka rannsókn, skulu þau því aðeins halda henni

countries, or on the constructed value of the product) and information on export prices or, where appropriate, on the prices at which the product is first resold to an independent buyer in the territory of the importing Member;

(iv) information on the evolution of the volume of the allegedly dumped imports, the effect of these imports on prices of the like product in the domestic market and the consequent impact of the imports on the domestic industry, as demonstrated by relevant factors and indices having a bearing on the state of the domestic industry, such as those listed in paragraphs 2 and 4 of Article 3.

5.3 The authorities shall examine the accuracy and adequacy of the evidence provided in the application to determine whether there is sufficient evidence to justify the initiation of an investigation.

5.4 An investigation shall not be initiated pursuant to paragraph 1 unless the authorities have determined, on the basis of an examination of the degree of support for, or opposition to, the application expressed[41] by domestic producers of the like product, that the application has been made by or on behalf of the domestic industry.[42] The application shall be considered to have been made "by or on behalf of the domestic industry" if it is supported by those domestic producers whose collective output constitutes more than 50 per cent of the total production of the like product produced by that portion of the domestic industry expressing either support for or opposition to the application. However, no investigation shall be initiated when domestic producers expressly supporting the application account for less than 25 per cent of total production of the like product produced by the domestic industry.

5.5 The authorities shall avoid, unless a decision has been made to initiate an investigation, any publicizing of the application for the initiation of an investigation. However, after receipt of a properly documented application and before proceeding to initiate an investigation, the authorities shall notify the government of the exporting Member concerned.

5.6 If, in special circumstances, the authorities concerned decide to initiate an investigation without having received a written application by or on behalf of a domestic industry for the initiation of such investigation, they shall proceed

áfram að þau hafi nægileg sönnunargögn um að undirboð, skaði og orsakatengsl, eins og lýst er í 2. mgr., réttlæti að rannsókn verði hafin.

5.7 Sönnunargögn um að um undirboð sé að ræða og skaði hafi orðið skulu athuguð samtímis *a*) við ákvörðun á því hvort hefja skuli rannsókn eða ekki og *b*) á meðan rannsókn stendur yfir, en hún skal eigi hefjast síðar en fyrsta daginn sem heimilt er að beita bráðabirgðaráðstöfunum í samræmi við ákvæði þessa samnings.

5.8 Hafna skal umsókn samkvæmt 1. mgr. og hætta rannsókn um leið og hlutaðeigandi yfirvöld hafa fullvissað sig um að ekki séu nægileg sönnunargögn um að um undirboð sé að ræða eða skaði hafi orðið til að réttlæta að málinu sé haldið áfram. Hætta skal rannsókn þegar í stað ef yfirvöld ákvarða að undirboðsfrávik séu í lágmarki eða raunverulegt eða hugsanlegt tjón eða magn innfluttra undirboðsvara óverulegt. Undirboðsfrávik telst í lágmarki ef það er innan við 2% af útflutningsverðinu. Að jafnaði skal telja magn innfluttra undirboðsvara óverulegt ef innflutningsmagn undirboðsvara frá tilteknu landi er minna en 3% af innflutningi á samsvarandi vöru hjá innflutningsaðila nema lönd, sem hvert um sig standa að minna en 3% af innflutningi á samsvarandi vöru hjá innflutningsaðila, standi til samans að meira en 7% af þessum innflutningi.

5.9 Undirboðsmeðferð skal ekki koma í veg fyrir tollafgreiðslu.

5.10 Rannsóknum skal lokið innan eins árs nema við sérstakar aðstæður og í engu tilviki síðar en 18 mánuðum eftir að þær hefjast.

6. gr.

Sönnunargögn.

6.1 Allir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta í rannsókn á undirboðum, skulu fá vitneskju um hvaða upplýsinga yfirvöld krefjast og næg tækifæri til að leggja skriflega fram öll sönnunargögn sem þeir telja að skipti máli í sambandi við viðkomandi rannsókn.

6.1.1 Útflytjendur eða erlendir framleiðendur sem fá spurningalista sem eru notaðir við rannsókn á undirboðum

only if they have sufficient evidence of dumping, injury and a causal link, as described in paragraph 2, to justify the initiation of an investigation.

5.7 The evidence of both dumping and injury shall be considered simultaneously (*a*) in the decision whether or not to initiate an investigation, and (*b*) thereafter, during the course of the investigation, starting on a date not later than the earliest date on which in accordance with the provisions of this Agreement provisional measures may be applied.

5.8 An application under paragraph 1 shall be rejected and an investigation shall be terminated promptly as soon as the authorities concerned are satisfied that there is not sufficient evidence of either dumping or of injury to justify proceeding with the case. There shall be immediate termination in cases where the authorities determine that the margin of dumping is *de minimis,* or that the volume of dumped imports, actual or potential, or the injury, is negligible. The margin of dumping shall be considered to be *de minimis* if this margin is less than 2 per cent, expressed as a percentage of the export price. The volume of dumped imports shall normally be regarded as negligible if the volume of dumped imports from a particular country is found to account for less than 3 per cent of imports of the like product in the importing Member, unless countries which individually account for less than 3 per cent of the imports of the like product in the importing Member collectively account for more than 7 per cent of imports of the like product in the importing Member.

5.9 An anti-dumping proceeding shall not hinder the procedures of customs clearance.

5.10 Investigations shall, except in special circumstances, be concluded within one year, and in no case more than 18 months, after their initiation.

Article 6

Evidence

6.1 All interested parties in an anti-dumping investigation shall be given notice of the information which the authorities require and ample opportunity to present in writing all evidence which they consider relevant in respect of the investigation in question.

6.1.1 Exporters or foreign producers receiving questionnaires used in an anti-dumping investigation shall be

skulu fá að minnsta kosti 30 daga frest til að svara.[43] Taka ber tilhlýðilegt tillit til beiðna um framlengingu á 30 daga tímabilinu og jafnan skal veita leyfi fyrir slíkri framlengingu þegar hægt er að koma því við og næg ástæða er til.

6.1.2 Með fyrirvara um kröfuna um vernd trúnaðarupplýsinga skulu málsaðilar, sem hagsmuna eiga að gæta og eiga hlut að rannsókninni, þegar í stað fá aðgang að skriflegum sönnunargögnum sem einn málsaðili sem á hagsmuna að gæta leggur fram.

6.1.3 Um leið og rannsókn er hafin skulu yfirvöld afhenda útflytjendum sem vitað er um[44] og yfirvöldum útflutningsaðilans heildartexta skriflegu umsóknarinnar sem er móttekin skv. 1. mgr. 5. gr. og skulu veita öðrum sem hlut eiga að máli aðgang að henni, ef þeir fara fram á það. Taka skal tilhlýðilegt tillit til verndar trúnaðarupplýsinga, eins og kveðið er á um í 5. mgr.

6.2 Allir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta í rannsókn á undirboðum, skulu fá fullt tækifæri til að verja hagsmuni sína við rannsóknina. Yfirvöld skulu því, að fenginni beiðni þar að lútandi, veita öllum málsaðilum sem eiga hagsmuna að gæta tækifæri til að hitta þá sem hafa andstæðra hagsmuna að gæta til unnt sé að koma andstæðum skoðunum á framfæri og leggja fram gagnrök. Ef slík tækifæri eru veitt verður að taka tillit til verndar trúnaðarupplýsinga og þess hversu hagstæður þessi kostur er fyrir málsaðila. Engum málsaðila er skylt að mæta á fundi enda skaði það ekki málstað hans ef hann gerir það ekki. Aðilar sem eiga hagsmuna að gæta skulu einnig, þegar gildar ástæður liggja til þess, hafa rétt til að láta upplýsingar í té munnlega.

6.3 Yfirvöld skulu einungis taka tillit til upplýsinga sem veittar eru munnlega samkvæmt 2. mgr. ef þær eru síðan lagðar fram skriflega og öðrum málsaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, gert kleift að kynna sér efni þeirra eins og kveðið er á um í undirlið 1.2.

6.4 Þegar því verður við komið skulu yfirvöld veita öllum málsaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri og rúman tíma til að sjá allar upplýsingar sem varða málflutning í máli þeirra og yfirvöld nota við rannsókn á undirboðum ef

given at least 30 days for reply.[43] Due consideration should be given to any request for an extension of the 30-day period and, upon cause shown, such an extension should be granted whenever practicable.

6.1.2 Subject to the requirement to protect confidential information, evidence presented in writing by one interested party shall be made available promptly to other interested parties participating in the investigation.

6.1.3 As soon as an investigation has been initiated, the authorities shall provide the full text of the written application received under paragraph 1 of Article 5 to the known exporters[44] and to the authorities of the exporting Member and shall make it available, upon request, to other interested parties involved. Due regard shall be paid to the requirement for the protection of confidential information, as provided for in paragraph 5.

6.2 Throughout the anti-dumping investigation all interested parties shall have a full opportunity for the defence of their interests. To this end, the authorities shall, on request, provide opportunities for all interested parties to meet those parties with adverse interests, so that opposing views may be presented and rebuttal arguments offered. Provision of such opportunities must take account of the need to preserve confidentiality and of the convenience to the parties. There shall be no obligation on any party to attend a meeting, and failure to do so shall not be prejudicial to that party's case. Interested parties shall also have the right, on justification, to present other information orally.

6.3 Oral information provided under paragraph 2 shall be taken into account by the authorities only in so far as it is subsequently reproduced in writing and made available to other interested parties, as provided for in subparagraph 1.2.

6.4 The authorities shall whenever practicable provide timely opportunities for all interested parties to see all information that is relevant to the presentation of their cases, that is not confidential as defined in paragraph 5, and that is

þær eru ekki trúnaðarmál samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. og til að byggja málflutning sinn á þessum upplýsingum.

6.5 Upplýsingar, sem eru í eðli sínu trúnaðarmál (t.d. vegna þess að vitneskja um þær bætti samkeppnisstöðu keppinautar til muna eða hefði mjög óhagstæð áhrif fyrir þann sem veitir upplýsingarnar eða heimildarmann hans) eða málsaðilar að rannsókninni veita í trúnaði, skulu yfirvöld fara með sem trúnaðarmál, enda liggi gild rök til þess. Ekki skal láta slíkar upplýsingar í té án sérstaks leyfis þess sem veitir þær.[45]

6.5.1 Yfirvöld skulu krefjast þess að málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta og veita trúnaðarupplýsingar, geri samantekt úr þeim sem er ekki trúnaðarmál. Þessi samantekt skal vera nægilega nákvæm til að veita viðunandi skilning á efni upplýsinga sem veittar eru í trúnaði. Í undantekningartilvikum er málsaðilum heimilt að benda á að ekki sé unnt að gera samantekt úr slíkum upplýsingum. Í slíkum undantekningartilvikum verður að gera grein fyrir ástæðunum fyrir því að að ekki er unnt að gera samantekt.

6.5.2 Telji yfirvöld að beiðni um að upplýsingar séu trúnaðarmál eigi ekki rétt á sér, og sá sem veitir upplýsingarnar er annaðhvort ófús að birta þær eða heimila að þær verði látnar í té með almennu orðalagi eða sem samantekt, er yfirvöldum heimilt að líta framhjá slíkum upplýsingum nema unnt sé að sannfæra þau um, á grundvelli viðeigandi heimilda, að upplýsingarnar séu réttar.[46]

6.6 Meðan á rannsókn stendur skulu yfirvöld, nema þegar um er að ræða aðstæður sem kveðið er á um í 8. mgr., ganga úr skugga um réttmæti upplýsinganna sem aðilar eða aðrir, sem eiga hagsmuna að gæta, láta í té og niðurstöður þeirra byggjast á.

6.7 Til að sannreyna upplýsingar sem eru veittar eða til að afla frekari upplýsinga er yfirvöldum heimilt að framkvæma rannsóknir á yfirráðasvæði annarra aðila eftir því sem þörf krefur, að því tilskildu að þau fái samþykki viðkomandi fyrirtækja til þess og tilkynni það full-

used by the authorities in an anti-dumping investigation, and to prepare presentations on the basis of this information.

6.5 Any information which is by nature confidential (for example, because its disclosure would be of significant competitive advantage to a competitor or because its disclosure would have a significantly adverse effect upon a person supplying the information or upon a person from whom that person acquired the information), or which is provided on a confidential basis by parties to an investigation shall, upon good cause shown, be treated as such by the authorities. Such information shall not be disclosed without specific permission of the party submitting it.[45]

6.5.1 The authorities shall require interested parties providing confidential information to furnish non-confidential summaries thereof. These summaries shall be in sufficient detail to permit a reasonable understanding of the substance of the information submitted in confidence. In exceptional circumstances, such parties may indicate that such information is not susceptible of summary. In such exceptional circumstances, a statement of the reasons why summarization is not possible must be provided.

6.5.2 If the authorities find that a request for confidentiality is not warranted and if the supplier of the information is either unwilling to make the information public or to authorize its disclosure in generalized or summary form, the authorities may disregard such information unless it can be demonstrated to their satisfaction from appropriate sources that the information is correct.[46]

6.6 Except in circumstances provided for in paragraph 8, the authorities shall during the course of an investigation satisfy themselves as to the accuracy of the information supplied by interested parties upon which their findings are based.

6.7 In order to verify information provided or to obtain further details, the authorities may carry out investigations in the territory of other Members as required, provided they obtain the agreement of the firms concerned and notify the representatives of the government of the Mem-

trúum stjórnvalda viðkomandi aðila og aðilinn mótmæli ekki rannsókninni. Beita skal málsmeðferðinni, sem gerð er grein fyrir í I. viðauka, við rannsóknir sem fara fram á yfirráðasvæði annarra aðila. Með fyrirvara um kröfuna um verndun trúnaðarupplýsinga skulu yfirvöld veita fyrirtækjum sem eiga hlut að máli aðgang að niðurstöðum slíkra rannsókna, eða sjá til þess að þær séu veittar skv. 9. mgr., og er þeim heimilt að veita umsækjendum aðgang að slíkum niðurstöðum.

6.8 Þegar málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, synjar um aðgang að nauðsynlegum upplýsingum eða veitir þær ekki innan eðlilegs frests eða hindrar rannsóknina verulega er heimilt að ákvarða, til bráðabirgða eða endanlega, jákvætt eða neikvætt, á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda. Við beitingu þessarar málsgreinar skal ákvæðum II. viðauka fylgt.

6.9 Áður en endanlega er ákvarðað skulu yfirvöld veita öllum málsaðilum sem eiga hagsmuna að gæta upplýsingar um helstu staðreyndir sem eru í athugun og liggja til grundvallar ákvörðun um það hvort beita skuli endanlegum aðgerðum. Slíkar upplýsingar skal veita nægilega tímanlega til að málsaðilar geti varið hagsmuni sína.

6.10 Yfirvöld skulu að jafnaði ákvarða undirboðsfrávik hjá hverjum einstökum útflytjanda eða framleiðanda vörunnar sem rannsóknin tekur til og vitað er um. Ef um er að ræða svo marga útflytjendur, framleiðendur, innflytjendur eða vörutegundir að óframkvæmanlegt er að ákvarða slíkt er yfirvöldum heimilt að takmarka athugun sína annaðhvort við eðlilegan fjölda málsaðila, sem eiga hagsmuna að gæta, eða vara með því að nota tölfræðilega marktæk úrtök á grundvelli upplýsinga sem yfirvöld hafa aðgang að á þeim tíma sem úrtakið fer fram eða við hæsta hundraðshluta þess útflutningsmagns frá viðkomandi landi sem unnt er að rannsaka með góðu móti.

6.10.1 Val á útflytjendum, framleiðendum, innflytjendum eða vörutegundum samkvæmt þessari málsgrein skal helst fara fram í samráði við viðkomandi útflytjendur, framleiðendur eða innflytjendur og með samþykki þeirra.

6.10.2 Þótt yfirvöld hafi takmarkað athugun sína, eins og kveðið er á um í þessari málsgrein, skulu þau samt ákvarða undirboðsfrávik vegna útflytjanda eða framleiðanda sem var ekki valinn í upphafi en veitir nauðber in question, and unless that Member objects to the investigation. The procedures described in Annex I shall apply to investigations carried out in the territory of other Members. Subject to the requirement to protect confidential information, the authorities shall make the results of any such investigations available, or shall provide disclosure thereof pursuant to paragraph 9, to the firms to which they pertain and may make such results available to the applicants.

6.8 In cases in which any interested party refuses access to, or otherwise does not provide, necessary information within a reasonable period or significantly impedes the investigation, preliminary and final determinations, affirmative or negative, may be made on the basis of the facts available. The provisions of Annex II shall be observed in the application of this paragraph.

6.9 The authorities shall, before a final determination is made, inform all interested parties of the essential facts under consideration which form the basis for the decision whether to apply definitive measures. Such disclosure should take place in sufficient time for the parties to defend their interests.

6.10 The authorities shall, as a rule, determine an individual margin of dumping for each known exporter or producer concerned of the product under investigation. In cases where the number of exporters, producers, importers or types of products involved is so large as to make such a determination impracticable, the authorities may limit their examination either to a reasonable number of interested parties or products by using samples which are statistically valid on the basis of information available to the authorities at the time of the selection, or to the largest percentage of the volume of the exports from the country in question which can reasonably be investigated.

6.10.1 Any selection of exporters, producers, importers or types of products made under this paragraph shall preferably be chosen in consultation with and with the consent of the exporters, producers or importers concerned.

6.10.2 In cases where the authorities have limited their examination, as provided for in this paragraph, they shall nevertheless determine an individual margin of dumping for any exporter or producer not initially selected

synlegar upplýsingar nógu tímanlega til að unnt sé að nota þær við rannsóknina, nema útflytjendur eða framleiðendur séu svo margir að athugun á einstaklingum myndi íþyngja yfirvöldum óþarflega og koma í veg fyrir að rannsókninni lyki á réttum tíma. Ekki skal koma í veg fyrir að upplýsingar séu veittar af fúsum og frjálsum vilja.

6.11 Í þessum samningi merkir „málsaðili sem á hagsmuna að gæta“ eftirfarandi:

i) útflytjanda, erlendan framleiðanda eða innflytjanda vöru sem rannsókn tekur til eða verslunar- eða viðskiptasamtök þar sem framleiðendur, útflytjendur eða innflytjendur slíkrar vöru eru í meiri hluta;

ii) stjórnvöld útflutningsaðilans; og

iii) framleiðanda samsvarandi vöru hjá innflutningsaðila eða verslunar- og viðskiptasamtök þar sem meiri hlutinn framleiðir samsvarandi vöru á yfirráðasvæði innflutningsaðila.

Þessi upptalning skal ekki koma í veg fyrir að aðilar telji aðra eiga hagsmuna að gæta en þá sem getið er um hér að framan, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir.

6.12 Yfirvöld skulu veita þeim atvinnugreinum sem nota framleiðsluvöruna sem rannsókn tekur til og fulltrúum neytendasamtaka, í þeim tilvikum þegar varan er yfirleitt seld í smásölu, tækifæri til að leggja fram upplýsingar sem skipta máli fyrir rannsóknina varðandi undirboð, skaða og orsakatengsl.

6.13 Yfirvöld skulu taka tilhlýðilegt tillit til þess ef þeir sem eiga hagsmuna að gæta, einkum lítil fyrirtæki, eiga erfitt með að afla umbeðinna upplýsinga og skulu þau veita alla þá aðstoð sem unnt er.

6.14. Málsmeðferðin sem er lýst hér að framan skal ekki koma í veg fyrir að yfirvöld aðila geti látið mál fá skjótan framgang, hvort sem um er að ræða að hefja rannsókn, ákvarða til bráðabirgða eða endanlega, jákvætt eða neikvætt, eða beitt bráðabirgðaráðstöfunum eða endanlegum ráðstöfunum í samræmi við viðkomandi ákvæði þessa samnings.

who submits the necessary information in time for that information to be considered during the course of the investigation, except where the number of exporters or producers is so large that individual examinations would be unduly burdensome to the authorities and prevent the timely completion of the investigation. Voluntary responses shall not be discouraged.

6.11 For the purposes of this Agreement, "interested parties" shall include:

(i) an exporter or foreign producer or the importer of a product subject to investigation, or a trade or business association a majority of the members of which are producers, exporters or importers of such product;

(ii) the government of the exporting Member; and

(iii) a producer of the like product in the importing Member or a trade and business association a majority of the members of which produce the like product in the territory of the importing Member.

This list shall not preclude Members from allowing domestic or foreign parties other than those mentioned above to be included as interested parties.

6.12 The authorities shall provide opportunities for industrial users of the product under investigation, and for representative consumer organizations in cases where the product is commonly sold at the retail level, to provide information which is relevant to the investigation regarding dumping, injury and causality.

6.13 The authorities shall take due account of any difficulties experienced by interested parties, in particular small companies, in supplying information requested, and shall provide any assistance practicable.

6.14 The procedures set out above are not intended to prevent the authorities of a Member from proceeding expeditiously with regard to initiating an investigation, reaching preliminary or final determinations, whether affirmative or negative, or from applying provisional or final measures, in accordance with relevant provisions of this Agreement.

7. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir.

7.1 Ekki skal beita bráðabirgðaráðstöfunum nema:

i) rannsókn sé hafin í samræmi við ákvæði 5. gr., opinber tilkynning hafi verið gefin út þar að lútandi og málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, hafi fengið næg tækifæri til að leggja fram upplýsingar og bera fram athugasemdir;

ii) áður hafi verði ákvarðað að um undirboð sé að ræða og það hafi skaðað innlenda atvinnugrein; og

iii) hlutaðeigandi yfirvöld telji að slíkar ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir skaða á meðan rannsóknin stendur yfir.

7.2 Bráðabirgðaráðstafanir geta verið í formi bráðabirgðatolls eða, sem væri ákjósanlegra, tryggingar með geymslufé eða skuldabréfi jafnháu undirboðstollinum sem áætlaður er til bráðabirgða, og skal tollurinn eða tryggingin ekki vera hærri en undirboðsfrávikið, áætlað til bráðabirgða. Frestun á tollmati er viðeigandi bráðabirgðaráðstöfun, að því tilskildu að eðlilegur tollur og áætlaður undirboðstollur séu tilgreindir og sömu skilyrði gildi um frestun tollmats og aðrar bráðabirgðaráðstafanir.

7.3 Ekki skal beita bráðabirgðaráðstöfunum fyrr en 60 dögum eftir að rannsókn hefst.

7.4 Ekki skal beita bráðabirgðaráðstöfunum í lengri tíma en nauðsynlegt er og ekki lengur en fjóra mánuði eða, samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi yfirvalda að fenginni beiðni frá útflytjendum sem eru fulltrúar fyrir verulegan hluta af viðkomandi viðskiptum, ekki lengur en sex mánuði. Þegar yfirvöld kanna, í rannsókninni, hvort tollur, sem er lægri en undirboðsfrávikið, nægi til að bæta skaðann má lengja þetta tímabil, í fyrra tilvikinu í sex mánuði og í seinna tilvikinu í níu mánuði.

7.5 Fara skal eftir viðeigandi ákvæðum 9. gr. við beitingu bráðabirgðaráðstafana.

Article 7
Provisional Measures

7.1 Provisional measures may be applied only if:

(i) an investigation has been initiated in accordance with the provisions of Article 5, a public notice has been given to that effect and interested parties have been given adequate opportunities to submit information and make comments;

(ii) a preliminary affirmative determination has been made of dumping and consequent injury to a domestic industry; and

(iii) the authorities concerned judge such measures necessary to prevent injury being caused during the investigation.

7.2 Provisional measures may take the form of a provisional duty or, preferably, a security - by cash deposit or bond - equal to the amount of the anti-dumping duty provisionally estimated, being not greater than the provisionally estimated margin of dumping. Withholding of appraisement is an appropriate provisional measure, provided that the normal duty and the estimated amount of the anti-dumping duty be indicated and as long as the withholding of appraisement is subject to the same conditions as other provisional measures.

7.3 Provisional measures shall not be applied sooner than 60 days from the date of initiation of the investigation.

7.4 The application of provisional measures shall be limited to as short a period as possible, not exceeding four months or, on decision of the authorities concerned, upon request by exporters representing a significant percentage of the trade involved, to a period not exceeding six months. When authorities, in the course of an investigation, examine whether a duty lower than the margin of dumping would be sufficient to remove injury, these periods may be six and nine months, respectively.

7.5 The relevant provisions of Article 9 shall be followed in the application of provisional measures.

8. gr.
Verðskuldbindingar.

8.1 Heimilt[47] er að fresta eða binda enda á rannsókn án þess að bráðabirgðaráðstöfunum eða undirboðstollum sé beitt gegn því að fullnægjandi skuldbindingar séu lagðar fram af hálfu út-

Article 8
Price Undertakings

8.1 Proceedings may[47] be suspended or terminated without the imposition of provisional measures or anti-dumping duties upon receipt of satisfactory voluntary undertakings from any

flytjanda um að hann muni endurskoða verðið eða hætta útflutningi til viðkomandi svæðis á undirboðsverði og yfirvöld séu þess fullviss að skaðlegum áhrifum undirboðsins verði eytt. Verðhækkanir samkvæmt þessum skuldbindingum skulu ekki vera meiri en nauðsynlegt er til að til að vega á móti undirboðsfrávikinu. Æskilegt er að verðhækkanir séu minni en undirboðsfrávikinu nemur ef slík hækkun nægir til þess að innlenda atvinnugreinin skaðist ekki.

8.2 Ekki skal leita eftir eða staðfesta verðskuldbindingar frá útflytjendum nema yfirvöld innflutningsaðila hafi áður ákvarðað að um undirboð sé að ræða sem hafi valdið skaða á innlendri atvinnugrein.

8.3 Ekki er nauðsynlegt að staðfesta skuldbindingar ef yfirvöld telja það óraunhæft, til dæmis ef útflytjendur eru eða geta orðið of margir eða af öðrum ástæðum, þar með talið vegna almennrar stefnu í þessum málum. Í slíkum tilvikum skulu yfirvöld, þegar unnt er að koma því við, upplýsa útflytjandann um ástæður þess að þau telja ekki heppilegt að staðfesta skuldbindingu og skulu veita útflytjandanum tækifæri til að bera fram athugasemdir þar að lútandi, að því marki sem unnt er.

8.4 Þótt skuldbinding sé staðfest skal engu að síður ljúka rannsókn á því hvort um undirboð sé að ræða og skaði hafi orðið ef útflytjandi æskir þess eða yfirvöld ákveða það. Í slíku tilviki, þegar ákvarðað er að ekki sé um undirboð eða skaða að ræða, fellur skuldbindingin sjálfkrafa niður nema slík ákvörðun byggist að miklu leyti á því að verðskuldbinding sé fyrir hendi. Í þeim tilvikum er yfirvöldum heimilt að krefjast þess að skuldbindingu sé viðhaldið í hæfilegan tíma í samræmi við ákvæði þessa samnings. Liggi fyrir ákvörðun þess efnis að um undirboð sé að ræða og skaði hafi orðið skal skuldbindingin gilda áfram í samræmi við þá skilmála sem hafa verið settir og ákvæði þessa samnings.

8.5 Yfirvöld innflutningsaðilans geta gert tillögu um verðskuldbindingar en engum útflytjanda er skylt að taka þær skuldbindingar á sig. Þótt útflytjendur bjóði ekki slíkar skuldbindingar eða samþykki ekki boð um slíkt skal það á engan hátt hafa skaðleg áhrif á umfjöllun um málið. Yfirvöldum er þó frjálst að ákvarða að líklegra sé að hætta á skaða verði að veruleika ef innflutningi undirboðsvara er haldið áfram.

8.6 Yfirvöld innflutningsaðila geta krafist þess að útflytjandi, sem þau hafa staðfest skuldbind-

exporter to revise its prices or to cease exports to the area in question at dumped prices so that the authorities are satisfied that the injurious effect of the dumping is eliminated. Price increases under such undertakings shall not be higher than necessary to eliminate the margin of dumping. It is desirable that the price increases be less than the margin of dumping if such increases would be adequate to remove the injury to the domestic industry.

8.2 Price undertakings shall not be sought or accepted from exporters unless the authorities of the importing Member have made a preliminary affirmative determination of dumping and injury caused by such dumping.

8.3 Undertakings offered need not be accepted if the authorities consider their acceptance impractical, for example, if the number of actual or potential exporters is too great, or for other reasons, including reasons of general policy. Should the case arise and where practicable, the authorities shall provide to the exporter the reasons which have led them to consider acceptance of an undertaking as inappropriate, and shall, to the extent possible, give the exporter an opportunity to make comments thereon.

8.4 If an undertaking is accepted, the investigation of dumping and injury shall nevertheless be completed if the exporter so desires or the authorities so decide. In such a case, if a negative determination of dumping or injury is made, the undertaking shall automatically lapse, except in cases where such a determination is due in large part to the existence of a price undertaking. In such cases, the authorities may require that an undertaking be maintained for a reasonable period consistent with the provisions of this Agreement. In the event that an affirmative determination of dumping and injury is made, the undertaking shall continue consistent with its terms and the provisions of this Agreement.

8.5 Price undertakings may be suggested by the authorities of the importing Member, but no exporter shall be forced to enter into such undertakings. The fact that exporters do not offer such undertakings, or do not accept an invitation to do so, shall in no way prejudice the consideration of the case. However, the authorities are free to determine that a threat of injury is more likely to be realized if the dumped imports continue.

8.6 Authorities of an importing Member may require any exporter from whom an undertaking

ingu frá, láti reglulega í té upplýsingar er varða efndir slíkrar skuldbindingar og leyfi sannprófun viðkomandi gagna. Þegar ekki er staðið við skuldbindingu er yfirvöldum innflutningsaðilans heimilt, samkvæmt þessum samningi og í samræmi við ákvæði hans, að grípa til skjótra aðgerða sem geta falið það í sér að bráðabirgðaráðstöfunum verði beitt tafarlaust á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga. Í slíkum tilvikum er heimilt, í samræmi við þennan samning, að leggja endanlega tolla á vörur, sem eru fluttar inn til neyslu, allt að 90 dögum áður en slíkum bráðabirgðaráðstöfunum er beitt, en slíkt afturvirkt mat gildir þó ekki um vörur sem voru fluttar inn áður en vanefndir urðu á skuldbindingu.

9. gr.
Álagning og innheimta undirboðstolla.

9.1 Yfirvöld innflutningsaðilans ákveða hvort leggja beri á undirboðstolla eða ekki í tilvikum þar sem allar kröfur varðandi álagningu eru uppfylltar og hvort undirboðstollurinn, sem er lagður á, skuli samsvara undirboðinu eða vera lægri. Ákjósanlegt er að álagning sé leyfð á yfirráðasvæði allra aðila og að tollurinn sé lægri en undirboðið ef slíkur tollur nægir til að innlenda atvinnugreinin skaðist ekki.

9.2 Þegar undirboðstollur er lagður á vöru skal innheimta tollinn í viðeigandi fjárhæðum í hverju einstöku tilviki, án mismununar með tilliti til uppruna slíkrar innflutningsvöru sem ákvarðað hefur verið að sé á undirboði og valdi skaða, nema um sé að ræða innfluttar vörur frá þeim sem hafa tekið á sig verðskuldbindingar samkvæmt skilmálum þessa samnings og þær hafi verið staðfestar. Yfirvöld skulu nafngreina birgi eða birgja viðkomandi vöru. Eigi hins vegar margir birgjar frá sama landi hlut að máli og ógerlegt er að nafngreina þá alla er yfirvöldum heimilt að nafngreina viðkomandi söluland í staðinn. Ef margir birgjar frá fleiri en einu landi eiga hlut að máli er yfirvöldum annaðhvort heimilt að nafngreina alla birgja sem hlut eiga að máli eða, ef það er ógerlegt, öll sölulönd sem hlut eiga að máli.

9.3 Undirboðstollur skal ekki vera hærri en sem nemur undirboðsfrávikinu eins og það er ákveðið skv. 2. gr.

has been accepted to provide periodically information relevant to the fulfilment of such an undertaking and to permit verification of pertinent data. In case of violation of an undertaking, the authorities of the importing Member may take, under this Agreement in conformity with its provisions, expeditious actions which may constitute immediate application of provisional measures using the best information available. In such cases, definitive duties may be levied in accordance with this Agreement on products entered for consumption not more than 90 days before the application of such provisional measures, except that any such retroactive assessment shall not apply to imports entered before the violation of the undertaking.

Article 9
Imposition and Collection of Anti-Dumping Duties

9.1 The decision whether or not to impose an anti-dumping duty in cases where all requirements for the imposition have been fulfilled, and the decision whether the amount of the anti-dumping duty to be imposed shall be the full margin of dumping or less, are decisions to be made by the authorities of the importing Member. It is desirable that the imposition be permissive in the territory of all Members, and that the duty be less than the margin if such lesser duty would be adequate to remove the injury to the domestic industry.

9.2 When an anti-dumping duty is imposed in respect of any product, such anti-dumping duty shall be collected in the appropriate amounts in each case, on a non-discriminatory basis on imports of such product from all sources found to be dumped and causing injury, except as to imports from those sources from which price undertakings under the terms of this Agreement have been accepted. The authorities shall name the supplier or suppliers of the product concerned. If, however, several suppliers from the same country are involved, and it is impracticable to name all these suppliers, the authorities may name the supplying country concerned. If several suppliers from more than one country are involved, the authorities may name either all the suppliers involved, or, if this is impracticable, all the supplying countries involved.

9.3 The amount of the anti-dumping duty shall not exceed the margin of dumping as established under Article 2.

9.3.1 Þegar fjárhæð undirboðstolls er metin á afturvirkum grundvelli skal ákvarða endanlega ábyrgð á greiðslu undirboðstolla eins fljótt og unnt er, að jafnaði innan 12 mánaða og eigi síðar en innan 18 mánaða frá þeim degi þegar beðið var um lokamat á fjárhæð undirboðstolls.[48] Endurgreiðslur skulu fara fram þegar í stað og að jafnaði eigi síðar en 90 dögum eftir að endanleg ábyrgð samkvæmt þessum undirlið hefur verið ákvörðuð. Fari endurgreiðsla ekki fram innan 90 daga skulu yfirvöld gefa skýringu ef þess er farið á leit.

9.3.2 Þegar fjárhæð undirboðstolls er metin á grundvelli greiningar fram í tímann skal kveðið á um skjótar endurgreiðslur, að fenginni beiðni þar að lútandi, á öllum greiddum tollum umfram undirboðsfrávik. Endurgreiðsla á slíkum greiddum tollum umfram raunverulegt undirboðsfrávik skal að jafnaði fara fram innan 12 mánaða og eigi síðar en innan 18 mánaða frá þeim degi þegar innflytjandi vörunnar sem undirboðstollurinn er lagður á sótti um endurgreiðslu með tilhlýðilegum rökstuðningi. Endurgreiðslan sem heimiluð er skal að jafnaði fara fram innan 90 daga frá framangreindri ákvörðun.

9.3.3 Við ákvörðun á því hvort og að hve miklu leyti skuli endurgreitt þegar útflutningsverð er reiknað út í samræmi við 3. mgr. 2. gr. ber yfirvöldum að taka mið af öllum breytingum á eðlisverði, breytingum á kostnaði sem stofnað er til á milli innflutnings og endursölu og allri hreyfingu á endursöluverði sem speglast síðan á tilhlýðilegan hátt í söluverði og reikna útflutningsverðið án nokkurs frádráttar vegna greiddra undirboðstolla ef lögð eru fram ótvíræð gögn um áðurnefnd atriði.

9.3.1 When the amount of the anti-dumping duty is assessed on a retrospective basis, the determination of the final liability for payment of anti-dumping duties shall take place as soon as possible, normally within 12 months, and in no case more than 18 months, after the date on which a request for a final assessment of the amount of the anti-dumping duty has been made.[48] Any refund shall be made promptly and normally in not more than 90 days following the determination of final liability made pursuant to this subparagraph. In any case, where a refund is not made within 90 days, the authorities shall provide an explanation if so requested.

9.3.2 When the amount of the anti-dumping duty is assessed on a prospective basis, provision shall be made for a prompt refund, upon request, of any duty paid in excess of the margin of dumping. A refund of any such duty paid in excess of the actual margin of dumping shall normally take place within 12 months, and in no case more than 18 months, after the date on which a request for a refund, duly supported by evidence, has been made by an importer of the product subject to the anti-dumping duty. The refund authorized should normally be made within 90 days of the above-noted decision.

9.3.3 In determining whether and to what extent a reimbursement should be made when the export price is constructed in accordance with paragraph 3 of Article 2, authorities should take account of any change in normal value, any change in costs incurred between importation and resale, and any movement in the resale price which is duly reflected in subsequent selling prices, and should calculate the export price with no deduction for the amount of anti-dumping duties paid when conclusive evidence of the above is provided.

9.4 Þegar yfirvöld hafa takmarkað athuganir sínar í samræmi við annan málslið 10. mgr. 6. gr. skal enginn undirboðstollur á innflutning frá útflytjanda eða framleiðanda sem athugunin tekur ekki til vera hærri en:

i) vegið meðalfrávik undirboðs sem er staðfest að því er varðar þá útflytjendur eða framleiðendur sem valdir voru eða,
ii) mismunur á vegnu meðaleðlisverði hjá útflytjendum eða framleiðendum, sem athugunin tekur til, og útflutningsverði útflytjenda eða framleiðenda, sem sættu ekki athugun hver fyrir sig, þegar ábyrgð á greiðslu undirboðstolla er reiknuð á grundvelli eðlisverðs sem er reiknað fram í tímann,

að því tilskildu að yfirvöld líti framhjá, að því er þessa málsgrein varðar, öllum núll- og lágmarksundirboðsfrávikum og frávikum sem eru ákveðin við aðstæður sem um getur í 8. mgr. 6. gr. Yfirvöldin skulu nota sérstaka tolla eða miða við eðlisverð þegar um er að ræða innflutning frá útflytjendum eða framleiðendum sem athugunin tók ekki til en sem hafa veitt nauðsynlegar upplýsingar við rannsóknina eins og kveðið er á um í undirlið 10.2. í 6. gr.

9.5 Ef lagður er undirboðstollur á vöru hjá innflutningsaðila skulu yfirvöld þegar í stað láta fara fram endurskoðun í þeim tilgangi að ákvarða undirboðsfrávik hjá sérhverjum útflytjenda eða framleiðanda í umræddu útflutningslandi, sem hefur ekki flutt vöruna út á rannsóknartímanum til innflutningsaðilans, að því tilskildu að þessir útflytjendur eða framleiðendur geti sýnt fram á að þeir hafi ekki tengsl við neinn útflytjanda eða framleiðanda í útflutningslandinu sem fengið hefur undirboðstoll á vöruna. Þess háttar endurskoðun skal hefja og framkvæma hraðar en venja er við tollmat og endurskoðun hjá innflutningsaðila. Ekki skal leggja undirboðstolla á innflutning frá slíkum útflytjendum eða framleiðendum á meðan endurskoðun fer fram. Yfirvöldum er þó heimilt að fresta tollmati og/eða fara fram á ábyrgðir til að tryggja að unnt verði að leggja á tolla afturvirkt til þess tíma er endurskoðun hófst ef endurskoðun lýkur með ákvörðun um undirboð að því er varðar þessa framleiðendur eða útflytjendur.

9.4 When the authorities have limited their examination in accordance with the second sentence of paragraph 10 of Article 6, any anti-dumping duty applied to imports from exporters or producers not included in the examination shall not exceed:

(i) the weighted average margin of dumping established with respect to the selected exporters or producers or,
(ii) where the liability for payment of anti-dumping duties is calculated on the basis of a prospective normal value, the difference between the weighted average normal value of the selected exporters or producers and the export prices of exporters or producers not individually examined,

provided that the authorities shall disregard for the purpose of this paragraph any zero and *de minimis* margins and margins established under the circumstances referred to in paragraph 8 of Article 6. The authorities shall apply individual duties or normal values to imports from any exporter or producer not included in the examination who has provided the necessary information during the course of the investigation, as provided for in subparagraph 10.2 of Article 6.

9.5 If a product is subject to anti-dumping duties in an importing Member, the authorities shall promptly carry out a review for the purpose of determining individual margins of dumping for any exporters or producers in the exporting country in question who have not exported the product to the importing Member during the period of investigation, provided that these exporters or producers can show that they are not related to any of the exporters or producers in the exporting country who are subject to the anti-dumping duties on the product. Such a review shall be initiated and carried out on an accelerated basis, compared to normal duty assessment and review proceedings in the importing Member. No anti-dumping duties shall be levied on imports from such exporters or producers while the review is being carried out. The authorities may, however, withhold appraisement and/or request guarantees to ensure that, should such a review result in a determination of dumping in respect of such producers or exporters, anti-dumping duties can be levied retroactively to the date of the initiation of the review.

10. gr.
Afturvirkni.

10.1 Eingöngu skal beita bráðabirgðaráðstöfunum og undirboðstollum þegar um er að ræða framleiðsluvörur sem eru ætlaðar til neyslu eftir að ákvörðun sem tekin er skv. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. öðlast gildi, með fyrirvara um þær undantekningar sem gerð er grein fyrir í þessari grein.

10.2 Þegar ákvarðað hefur verið endanlega að skaði hafi orðið (en ekki að hætta sé á skaða eða að stofnun atvinnurekstrar sé torvelduð verulega eða, þegar ákvarðað er endanlega að hætta sé á skaða og áhrif innfluttu undirboðsvaranna myndu leiða til þess að ákvarðað væri að skaði hefði orðið ef engar bráðabirgðaráðstafanir væru gerðar, er heimilt að leggja á undirboðstolla afturvirkt fyrir tímabilið sem bráðabirgðaráðstafanirnar, ef einhverjar eru, gilda um.

10.3 Ef endanlegur undirboðstollur er hærri en bráðabirgðatollurinn sem greiddur var eða greiða ber eða áætluð tryggingarfjárhæð skal ekki innheimta mismuninn. Ef endanlegur tollur er lægri en bráðabirgðatollurinn sem greiddur var eða greiða ber eða áætluð tryggingarfjárhæð skal endurgreiða muninn eða endurreikna tollinn eftir því hvort við á.

10.4 Þegar ákvarðað hefur verið að hætta sé á skaða eða verulegri torveldun (en enginn skaði hefur enn orðið) er aðeins heimilt, með fyrirvara um 2. mgr., að leggja á endanlegan undirboðstoll frá þeim degi sem ákvarðað er að hætta sé á skaða eða verulegri torveldun og skal endurgreiða allt geymslufé sem hefur verið lagt inn á því tímabili sem bráðabirgðaráðstöfunum er beitt og skila öllum skuldabréfum þegar í stað.

10.5 Þegar endanleg ákvörðun er neikvæð skal endurgreiða allt geymslufé sem hefur verið lagt inn á því tímabili sem bráðabirgðaráðstöfunum er beitt og skila öllum skuldabréfum þegar í stað.

10.6 Heimilt er að leggja endanlegan undirboðstoll á vörur sem voru fluttar inn til neyslu allt að 90 dögum fyrir gildistöku bráðabirgðaráðstafananna ef yfirvöld ákvarða viðvíkjandi undirboðsvörunni að:

i) undirboð hafi áður valdið skaða eða innflytjandi hafi vitað eða getað vitað að útflytjandinn stundaði undirboð og að slíkt undirboð myndi valda skaða; og

Article 10
Retroactivity

10.1 Provisional measures and anti-dumping duties shall only be applied to products which enter for consumption after the time when the decision taken under paragraph 1 of Article 7 and paragraph 1 of Article 9, respectively, enters into force, subject to the exceptions set out in this Article.

10.2 Where a final determination of injury (but not of a threat thereof or of a material retardation of the establishment of an industry) is made or, in the case of a final determination of a threat of injury, where the effect of the dumped imports would, in the absence of the provisional measures, have led to a determination of injury, anti-dumping duties may be levied retroactively for the period for which provisional measures, if any, have been applied.

10.3 If the definitive anti-dumping duty is higher than the provisional duty paid or payable, or the amount estimated for the purpose of the security, the difference shall not be collected. If the definitive duty is lower than the provisional duty paid or payable, or the amount estimated for the purpose of the security, the difference shall be reimbursed or the duty recalculated, as the case may be.

10.4 Except as provided in paragraph 2, where a determination of threat of injury or material retardation is made (but no injury has yet occurred) a definitive anti-dumping duty may be imposed only from the date of the determination of threat of injury or material retardation, and any cash deposit made during the period of the application of provisional measures shall be refunded and any bonds released in an expeditious manner.

10.5 Where a final determination is negative, any cash deposit made during the period of the application of provisional measures shall be refunded and any bonds released in an expeditious manner.

10.6 A definitive anti-dumping duty may be levied on products which were entered for consumption not more than 90 days prior to the date of application of provisional measures, when the authorities determine for the dumped product in question that:

(i) there is a history of dumping which caused injury or that the importer was, or should have been, aware that the exporter practises dumping and that such dumping would cause injury, and

ii) skaðinn stafi af umfangsmiklum innflutningi undirboðsvöru á tiltölulega skömmum tíma, sem í ljósi tímasetningar og magns innfluttra undirboðsvara og annarra aðstæðna (svo sem hraðrar uppsöfnunar birgða innfluttu vörunnar) er líklegt að muni grafa verulega undan þeirri leiðréttingu sem endanlegur undirboðstollur á að hafa í för með sér, að því tilskildu að viðkomandi innflytjendur fái tækifæri til að bera fram athugasemdir.

10.7 Yfirvöldum er heimilt, eftir að rannsókn er hafin, að gera nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem að fresta tollmati eða mati sem kann að vera nauðsynlegt til að innheimta undirboðstolla afturvirkt, eins og kveðið er á um í 6. mgr., þegar þau hafa fengið nægar sannanir fyrir því að þeim skilyrðum sem sett eru fram í þeirri málsgrein hafi verið fullnægt.

10.8 Ekki skal leggja afturvirka tolla skv. 6. mgr. á vörur sem fluttar voru inn til neyslu fyrir upphafsdag rannsóknar.

(ii) the injury is caused by massive dumped imports of a product in a relatively short time which in light of the timing and the volume of the dumped imports and other circumstances (such as a rapid build-up of inventories of the imported product) is likely to seriously undermine the remedial effect of the definitive anti-dumping duty to be applied, provided that the importers concerned have been given an opportunity to comment.

10.7 The authorities may, after initiating an investigation, take such measures as the withholding of appraisement or assessment as may be necessary to collect anti-dumping duties retroactively, as provided for in paragraph 6, once they have sufficient evidence that the conditions set forth in that paragraph are satisfied.

10.8 No duties shall be levied retroactively pursuant to paragraph 6 on products entered for consumption prior to the date of initiation of the investigation.

11. gr.

Gildistími og endurskoðun undirboðstolla og verðskuldbindinga.

11.1 Undirboðstollur skal aðeins gilda í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er til að vega upp á móti undirboði sem veldur skaða.

11.2 Þegar ástæða er til skulu yfirvöld, að því tilskildu að hæfilegur tími sé liðinn frá því að endanlegur undirboðstollur var lagður á, endurskoða þörfina á áframhaldandi álagningu tollsins að eigin frumkvæði eða að fenginni beiðni frá málsaðila sem á hagsmuna að gæta og leggur fram ótvíræðar upplýsingar til rökstuðnings þörfinni á endurskoðun.[49] Málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, skulu eiga rétt á að fara þess á leit við yfirvöld að þau athugi hvort áframhaldandi álagning tollsins sé nauðsynleg til að vega upp á móti undirboði, hvort skaðleg áhrif haldist eða komi fram aftur ef tollurinn er felldur niður, honum breytt eða hvort tveggja. Ákvarði yfirvöld, í framhaldi af endurskoðun samkvæmt þessari málsgrein, að ekki séu lengur forsendur fyrir undirboðstolli skal hann tafarlaust felldur niður.

11.3 Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal fella niður alla endanlega undirboðstolla eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem þeir voru lagðir á (eða frá þeim degi sem síðasta endurskoðun skv. 2. mgr. fór fram, hafi endurskoðunin tekið

Article 11

Duration and Review of Anti-Dumping Duties and Price Undertakings

11.1 An anti-dumping duty shall remain in force only as long as and to the extent necessary to counteract dumping which is causing injury.

11.2 The authorities shall review the need for the continued imposition of the duty, where warranted, on their own initiative or, provided that a reasonable period of time has elapsed since the imposition of the definitive anti-dumping duty, upon request by any interested party which submits positive information substantiating the need for a review.[49] Interested parties shall have the right to request the authorities to examine whether the continued imposition of the duty is necessary to offset dumping, whether the injury would be likely to continue or recur if the duty were removed or varied, or both. If, as a result of the review under this paragraph, the authorities determine that the anti-dumping duty is no longer warranted, it shall be terminated immediately.

11.3 Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, any definitive anti-dumping duty shall be terminated on a date not later than five years from its imposition (or from the date of the most recent review under paragraph 2 if that

bæði til undirboðs og skaða, eða samkvæmt þessari málsgrein) nema yfirvöld ákvarði í endurskoðun, sem hefst fyrir þann dag, að eigin frumkvæði eða að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni frá eða fyrir hönd innlendu atvinnugreinarinnar, sem er lögð fram hæfilega löngu fyrir þann dag, að líklegt sé að niðurfelling tollsins muni leiða til áframhaldandi eða endurtekinna undirboða og skaða.[50] Heimilt er að halda tollinum í gildi þar til niðurstöður slíkrar endurskoðunar liggja fyrir.

11.4 Ákvæði 6. gr. um sönnunargögn og málsmeðferð skulu gilda um alla endurskoðun sem fer fram samkvæmt þessari grein. Hraða skal þess háttar endurskoðun og henni skal að jafnaði lokið innan tólf mánaða frá því að hún hefst.

11.5 Ákvæði þessarar greinar skulu gilda að breyttu breytanda um verðskuldbindingar sem eru staðfestar samkvæmt 8. gr.

12. gr.
Opinberar auglýsingar og skýringar á ákvörðunum.

12.1 Þegar yfirvöld eru þess fullviss að næg sönnunargögn séu fyrir hendi sem réttlæti að hafin verði rannsókn á undirboði skv. 5. gr. skal tilkynna það þeim aðila eða aðilum sem vörurnar er rannsóknin tekur til eru frá og öðrum sem rannsóknaryfirvöldum er kunnugt um að eigi hagsmuna að gæta og einnig skal birta um þetta opinbera auglýsingu.

12.1.1 Í opinberri auglýsingu um að rannsókn verði hafin skulu koma fram fullnægjandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, eða tilgreint á annan hátt í sérstakri skýrslu[51] hvar hægt er að fá vitneskju um þau:

i) heiti útflutningslands eða -landa og viðkomandi vöru;

ii) upphafsdag rannsóknar;

iii) rökin fyrir staðhæfingu um undirboð í beiðninni;

iv) samantekt á þeim þáttum sem staðhæfing um skaða byggist á;

v) heimilisfang sem málsaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, ber að beina athugasemdum sínum til;

vi) frest sem málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

review has covered both dumping and injury, or under this paragraph), unless the authorities determine, in a review initiated before that date on their own initiative or upon a duly substantiated request made by or on behalf of the domestic industry within a reasonable period of time prior to that date, that the expiry of the duty would be likely to lead to continuation or recurrence of dumping and injury.[50] The duty may remain in force pending the outcome of such a review.

11.4 The provisions of Article 6 regarding evidence and procedure shall apply to any review carried out under this Article. Any such review shall be carried out expeditiously and shall normally be concluded within 12 months of the date of initiation of the review.

11.5 The provisions of this Article shall apply mutatis mutandis to price undertakings accepted under Article 8.

Article 12
Public Notice and Explanation of Determinations

12.1 When the authorities are satisfied that there is sufficient evidence to justify the initiation of an anti-dumping investigation pursuant to Article 5, the Member or Members the products of which are subject to such investigation and other interested parties known to the investigating authorities to have an interest therein shall be notified and a public notice shall be given.

12.1.1 A public notice of the initiation of an investigation shall contain, or otherwise make available through a separate report[51], adequate information on the following:

(i) the name of the exporting country or countries and the product involved;

(ii) the date of initiation of the investigation;

(iii) the basis on which dumping is alleged in the application;

(iv) a summary of the factors on which the allegation of injury is based;

(v) the address to which representations by interested parties should be directed;

(vi) the time-limits allowed to interested parties for making their views known.

12.2 Birta skal opinberar auglýsingar um bráðabirgðaákvarðanir og endanlegar ákvarðanir, hvort sem ákvarðað er jákvætt eða neikvætt, er varða staðfestingu skuldbindingar skv. 8. gr., niðurfellingu þess háttar skuldbindingar og niðurfellingu endanlegs undirboðstolls. Í öllum slíkum auglýsingum skal setja fram nákvæmar upplýsingar um niðurstöður og ályktanir um álitaefni varðandi staðreyndir og lagaatriði, sem rannsóknaryfirvöld telja að skipti máli, eða gera að öðrum kosti grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu. Senda skal allar slíkar auglýsingar og skýrslur til aðilans eða aðilanna sem vörurnar, er falla undir slíka ákvörðun eða skuldbindingu, eru frá og til allra annarra sem vitað er að eiga hagsmuna að gæta.

12.2.1 Í opinberri auglýsingu um setningu bráðabirgðaráðstafana skal setja fram nægilega ítarlegar skýringar á bráðabirgðaákvörðunum eða gera að öðrum kosti grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu um hvort um undirboð sé að ræða og skaði orðið og vísað til staðreynda og lagaatriða sem leiddu til þess að rök voru tekin gild eða þeim hafnað. Í slíkri auglýsingu eða skýrslu skal, að teknu tilhlýðilegu tilliti til kröfunnar um vernd trúnaðarupplýsinga, einkum koma fram:

i) nöfn viðkomandi birgja eða, þegar það er óframkvæmanlegt, sölulanda sem eiga hlut að máli;

ii) lýsing á vörunni sem nægir við tollafgreiðslu;

iii) undirboðsfrávik sem staðfest ákveðið hefur verið og full skýring á ástæðum fyrir þeirri aðferðafræði sem notuð er til að ákveða og bera saman útflutningsverð og eðlisverð skv. 2. gr.;

iv) athuganir sem skipta máli þegar ákvarðað er að skaði hafi orðið eins og um getur í 3. gr.

v) helstu ástæður fyrir ákvörðuninni.

12.2.2 Í opinberri auglýsingu um lok eða frestun rannsóknar, þegar ákvarðað er að leggja skuli á endanlegan toll eða staðfesta verðskuldbindingu, skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar um staðreyndir og laga-

12.2 Public notice shall be given of any preliminary or final determination, whether affirmative or negative, of any decision to accept an undertaking pursuant to Article 8, of the termination of such an undertaking, and of the termination of a definitive anti-dumping duty. Each such notice shall set forth, or otherwise make available through a separate report, in sufficient detail the findings and conclusions reached on all issues of fact and law considered material by the investigating authorities. All such notices and reports shall be forwarded to the Member or Members the products of which are subject to such determination or undertaking and to other interested parties known to have an interest therein.

12.2.1 A public notice of the imposition of provisional measures shall set forth, or otherwise make available through a separate report, sufficiently detailed explanations for the preliminary determinations on dumping and injury and shall refer to the matters of fact and law which have led to arguments being accepted or rejected. Such a notice or report shall, due regard being paid to the requirement for the protection of confidential information, contain in particular:

(i) the names of the suppliers, or when this is impracticable, the supplying countries involved;

(ii) a description of the product which is sufficient for customs purposes;

(iii) the margins of dumping established and a full explanation of the reasons for the methodology used in the establishment and comparison of the export price and the normal value under Article 2;

(iv) considerations relevant to the injury determination as set out in Article 3;

(v) the main reasons leading to the determination.

12.2.2 A public notice of conclusion or suspension of an investigation in the case of an affirmative determination providing for the imposition of a definitive duty or the acceptance of a price undertaking shall contain, or

atriði, eða gera að öðrum kosti grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu og ástæður fyrir því að gripið var til endanlegra ráðstafana eða verðskuldbinding staðfest, að teknu tilhlýðilegu tilliti til kröfunnar um verndun trúnaðarupplýsinga. Í auglýsingunni eða skýrslunni skulu einkum koma fram upplýsingarnar sem gerð er grein fyrir í undirlið 2.1, svo og ástæður þess að viðkomandi rök eða kröfur útflytjenda og innflytjenda voru tekin gild eða þeim hafnað og grundvöllurinn fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt undirlið 10.2 í 6. gr.

12.2.3 Í opinberri auglýsingu um að hætta rannsókn eða fresta henni, í framhaldi af staðfestingu skuldbindingar skv. 8. gr., skal gerð grein fyrir þeim hluta skuldbindingarinnar sem er ekki trúnaðarmál eða gera að öðrum kosti grein fyrir honum í sérstakri skýrslu.

12.3 Ákvæði þessarar greinar gilda að breyttu breytanda um upphaf og lok endurskoðunar sem fer fram skv. 11. gr. og um ákvarðanir skv. 10. gr. um álagningu afturvirkra tolla.

13. gr.
Endurskoðun dómsvalda.

Séu ákvæði í innlendum lögum aðila um ráðstafanir gegn undirboði skal sá aðili hafa dómstól, gerðardóm eða stjórnsýsludómstól eða sérstaka málsmeðferð í slíkum málum, meðal annars til að unnt sé að endurskoða þegar í stað stjórnsýsluaðgerðir sem tengjast endanlegum ákvörðunum og endurskoðun ákvarðana í skilningi 11. gr. Þessir dómstólar eða málsmeðferð skulu óháð þeim yfirvöldum sem bera ábyrgð á viðkomandi ákvörðun eða endurskoðun.

14. gr.
Aðgerðir gegn undirboði fyrir hönd þriðja lands.

14.1 Yfirvöld þriðja lands sem fer fram á aðgerðir gegn undirboði skulu leggja fram umsókn um aðgerðirnar fyrir hönd þess.

14.2 Slík umsókn skal rökstudd með upplýsingum um verð, sem sýna að innfluttu vörurnar eru boðnar fram með undirboðskjörum, ásamt ítarlegum upplýsingum sem sýna að hið meinta undirboð skaðar viðkomandi innlenda atvinnu-

otherwise make available through a separate report, all relevant information on the matters of fact and law and reasons which have led to the imposition of final measures or the acceptance of a price undertaking, due regard being paid to the requirement for the protection of confidential information. In particular, the notice or report shall contain the information described in subparagraph 2.1, as well as the reasons for the acceptance or rejection of relevant arguments or claims made by the exporters and importers, and the basis for any decision made under subparagraph 10.2 of Article 6.

12.2.3 A public notice of the termination or suspension of an investigation following the acceptance of an undertaking pursuant to Article 8 shall include, or otherwise make available through a separate report, the non-confidential part of this undertaking.

12.3 The provisions of this Article shall apply *mutatis mutandis* to the initiation and completion of reviews pursuant to Article 11 and to decisions under Article 10 to apply duties retroactively.

Article 13
Judicial Review

Each Member whose national legislation contains provisions on anti-dumping measures shall maintain judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures for the purpose, *inter alia*, of the prompt review of administrative actions relating to final determinations and reviews of determinations within the meaning of Article 11. Such tribunals or procedures shall be independent of the authorities responsible for the determination or review in question.

Article 14
Anti-Dumping Action on Behalf of a Third Country

14.1 An application for anti-dumping action on behalf of a third country shall be made by the authorities of the third country requesting action.

14.2 Such an application shall be supported by price information to show that the imports are being dumped and by detailed information to show that the alleged dumping is causing injury to the domestic industry concerned in the third

grein í þriðja landi. Ríkisstjórn þriðja landsins skal veita yfirvöldum innflutningslandsins alla nauðsynlega aðstoð við að afla frekari upplýsinga sem það síðarnefnda kann að óska eftir.

14.3 Þegar yfirvöld innflutningslandsins taka slíka umsókn til athugunar skulu þau taka tillit til heildaráhrifa hins meinta undirboðs á viðkomandi atvinnugrein í þriðja landi; sem þýðir að hvorki skal meta skaðann eingöngu í sambandi við áhrif hins meinta undirboðs á útflutning atvinnugreinarinnar til innflutningslandsins né á heildarútflutning í þessari atvinnugrein.

14.4 Innflutningslandið ákveður hvort málinu skuli haldið áfram. Ákveði innflutningslandið að það sé reiðubúið að grípa til aðgerða er það hlutverk þess að leita til vöruviðskiptaráðs um samþykki fyrir aðgerðunum.

country. The government of the third country shall afford all assistance to the authorities of the importing country to obtain any further information which the latter may require.

14.3 In considering such an application, the authorities of the importing country shall consider the effects of the alleged dumping on the industry concerned as a whole in the third country; that is to say, the injury shall not be assessed in relation only to the effect of the alleged dumping on the industry's exports to the importing country or even on the industry's total exports.

14.4 The decision whether or not to proceed with a case shall rest with the importing country. If the importing country decides that it is prepared to take action, the initiation of the approach to the Council for Trade in Goods seeking its approval for such action shall rest with the importing country.

15. gr.

Aðilar sem eru þróunarlönd.

Viðurkennt er að aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefndir „iðnaðaraðildarlönd") verða að taka sérstakt tillit til sérstakra aðstæðna aðila sem eru þróunarlönd (hér eftir nefndir „þróunaraðildarlönd") þegar þau íhuga hvort beita skuli ráðstöfunum gegn undirboði samkvæmt þessum samningi. Kanna skal möguleika á úrræðum til bóta, sem kveðið er á um í þessum samningi, áður en lagðir eru á undirboðstollar sem hafa áhrif á grundvallarhagsmuni þróunaraðildarlanda.

Article 15

Developing Country Members

It is recognized that special regard must be given by developed country Members to the special situation of developing country Members when considering the application of anti-dumping measures under this Agreement. Possibilities of constructive remedies provided for by this Agreement shall be explored before applying anti-dumping duties where they would affect the essential interests of developing country Members.

II. HLUTI

16. gr.

Nefnd um aðgerðir gegn undirboði.

16.1 Hér með er komið á fót nefnd um aðgerðir gegn undirboði (í þessum samningi kölluð „nefndin") sem skipuð er fulltrúum allra aðila. Nefndin kýs sér formann og kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári og að öðru leyti að beiðni aðila eins og viðkomandi ákvæði þessa samnings segja til um. Nefndin skal gegna þeim skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi eða aðilar fela henni og skal hún veita aðilum tækifæri til viðræðna í málum er varða framkvæmd samningsins eða framgang markmiða hans. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gegnir hlutverki aðalskrifstofu nefndarinnar.

16.2 Nefndinni er heimilt að koma á fót undirnefndum eftir því sem við á.

PART II

Article 16

Committee on Anti-Dumping Practices

16.1 There is hereby established a Committee on Anti-Dumping Practices (referred to in this Agreement as the "Committee") composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and shall meet not less than twice a year and otherwise as envisaged by relevant provisions of this Agreement at the request of any Member. The Committee shall carry out responsibilities as assigned to it under this Agreement or by the Members and it shall afford Members the opportunity of consulting on any matters relating to the operation of the Agreement or the furtherance of its objectives. The WTO Secretariat shall act as the secretariat to the Committee.

16.2 The Committee may set up subsidiary bodies as appropriate.

2. Aðili getur ekki krafið einstakling, sem er ekki búsettur á yfirráðasvæði hans, um eða knúið hann til að leggja reikninga eða önnur gögn fram til rannsóknar eða veita aðgang að þeim vegna ákvörðunar á reiknuðu verði. Hins vegar geta yfirvöld innflutningslands sannprófað upplýsingar, sem framleiðandi vöru í öðru landi veitir vegna ákvörðunar á tollverði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með samþykki framleiðandans og að því tilskildu að þau láti stjórnvöld viðkomandi lands vita með nægum fyrirvara og að þau leggist ekki gegn rannsókninni.

Article 6

1. The customs value of imported goods under the provisions of this Article shall be based on a computed value. Computed value shall consist of the sum of:

(a) the cost or value of materials and fabrication or other processing employed in producing the imported goods;
(b) an amount for profit and general expenses equal to that usually reflected in sales of goods of the same class or kind as the goods being valued which are made by producers in the country of exportation for export to the country of importation;
(c) the cost or value of all other expenses necessary to reflect the valuation option chosen by the Member under paragraph 2 of Article 8.

2. No Member may require or compel any person not resident in its own territory to produce for examination, or to allow access to, any account or other record for the purposes of determining a computed value. However, information supplied by the producer of the goods for the purposes of determining the customs value under the provisions of this Article may be verified in another country by the authorities of the country of importation with the agreement of the producer and provided they give sufficient advance notice to the government of the country in question and the latter does not object to the investigation.

7. gr.

1. Sé ekki unnt að ákvarða tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum 1.-6. gr. skal það ákvarðað með því að beita sanngjörnum aðferðum sem samrýmast meginreglum og almennum ákvæðum þessa samnings og VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og á grundvelli fyrirliggjandi gagna í innflutningslandinu.

2. Aldrei skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli:

a) söluverðs í innflutningslandi á vöru sem er framleidd í því landi;
b) fyrirkomulags þar sem hærra verðið af tveimur mögulegum er látið gilda sem tollverð;
c) vöruverðs á innanlandsmarkaði í útflutningslandinu;
d) framleiðslukostnaðar, nema reiknaðs verðs

Article 7

1. If the customs value of the imported goods cannot be determined under the provisions of Articles 1 through 6, inclusive, the customs value shall be determined using reasonable means consistent with the principles and general provisions of this Agreement and of Article VII of GATT 1994 and on the basis of data available in the country of importation.

2. No customs value shall be determined under the provisions of this Article on the basis of:

(a) the selling price in the country of importation of goods produced in such country;
(b) a system which provides for the acceptance for customs purposes of the higher of two alternative values;
(c) the price of goods on the domestic market of the country of exportation;
(d) the cost of production other than com-

sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaða vöru í samræmi við ákvæði 6. gr.;

e) útflutningsverðs vöru til annars lands en innflutningslands;

f) lágmarkstollverðs; eða

g) geðþóttabundins eða óraunhæfs verðs.

3. Ef innflytjandinn óskar eftir því skal hann fá skriflegar upplýsingar um það tollverð sem hefur verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og þá aðferð sem var notuð við að ákvarða slíkt verð.

8. gr.

1. Þegar tollverð er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal bæta við það verð sem er greitt í raun eða ber að greiða fyrir innfluttu vöruna:

a) eftirfarandi þáttum sem eru ekki innifaldir í verði sem er greitt í raun eða ber að greiða fyrir vöruna en kaupandinn ber kostnað af:
   i) umboðs- og miðlaralaunum, nema umboðssölulaunum;
   ii) gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunni sem um er að ræða;
   iii) pökkunarkostnaði, hvort heldur er vegna vinnu eða efnis;

b) verðmæti eftirfarandi vöru og þjónustu, skipt niður eftir því sem við á, sem kaupandi lætur beint eða óbeint í té endurgjaldslaust eða á niðursettu verði til nota í sambandi við framleiðslu og útflutning á innfluttu vörunni, að svo miklu leyti sem þetta verðmæti er ekki innifalið í verðinu sem er greitt í raun eða ber að greiða:
   i) efni, íhlutar, stykki og aðrir hlutir af svipuðum toga sem eru hluti af innfluttu vörunni;
   ii) verkfæri, form, mót og aðrir hlutir af svipuðum toga sem eru notaðir við framleiðslu innfluttu vörunnar;
   iii) efni sem eru notuð við framleiðslu á innfluttu vörunni;
   iv) verkfræðivinna, þróun, listiðn, hönnun, áætlanir og uppdrættir sem unnið hefur verið að annars staðar en í innflutningslandinu og þörf er á við framleiðslu innfluttu vörunnar;

puted values which have been determined for identical or similar goods in accordance with the provisions of Article 6;

(e) the price of the goods for export to a country other than the country of importation;

(f) minimum customs values; or

(g) arbitrary or fictitious values.

3. If the importer so requests, the importer shall be informed in writing of the customs value determined under the provisions of this Article and the method used to determine such value.

Article 8

1. In determining the customs value under the provisions of Article 1, there shall be added to the price actually paid or payable for the imported goods:

(a) the following, to the extent that they are incurred by the buyer but are not included in the price actually paid or payable for the goods:
   (i) commissions and brokerage, except buying commissions;
   (ii) the cost of containers which are treated as being one for customs purposes with the goods in question;
   (iii) the cost of packing whether for labour or materials;

(b) the value, apportioned as appropriate, of the following goods and services where supplied directly or indirectly by the buyer free of charge or at reduced cost for use in connection with the production and sale for export of the imported goods, to the extent that such value has not been included in the price actually paid or payable:
   (i) materials, components, parts and similar items incorporated in the imported goods;
   (ii) tools, dies, moulds and similar items used in the production of the imported goods;
   (iii) materials consumed in the production of the imported goods;
   (iv) engineering, development, artwork, design work, and plans and sketches undertaken elsewhere than in the country of importation and necessary for the production of the imported goods;

c) einkaleyfisþóknun eða höfundarlaunum og leyfisgjöldum sem tengjast vörunni sem verið er að virða og kaupandinn verður að greiða samkvæmt söluskilmálum, annaðhvort beint eða óbeint, að svo miklu leyti sem slík þóknun og gjöld eru ekki innifalin í verðinu sem er greitt í raun eða ber að greiða;

d) verðmæti sérhvers hagnaðarhluta af síðari endursölu, ráðstöfun eða notkun innfluttu vörunnar sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

2. Við lagasetningu skal hver aðili um sig kveða á um hvort eftirfarandi þættir skuli teljast með í tollverði eða ekki, að öllu leyti eða að hluta til:

a) flutningskostnaður innfluttu vörunnar til innflutningshafnar eða -staðar;

b) fermingar-, affermingar- og meðferðargjöld, ásamt gjaldi fyrir flutning innfluttu vörunnar til innflutningshafnar eða -staðar; og

c) vátryggingakostnaður.

3. Viðbætur við verð, sem er greitt í raun eða ber að greiða, skulu eingöngu lagðar á samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra gagna.

4. Engar viðbætur skulu koma á verð sem er greitt í raun eða ber að greiða þegar tollverð er ákvarðað nema þær sem kveðið er á um í þessari grein.

9. gr.

1. Þegar umreikna þarf gjaldmiðil til að hægt sé að ákvarða tollverð skal nota það gengi sem þar til bær yfirvöld viðkomandi innflutningslands hafa birt á tilhlýðilegan hátt og skal það endurspegla eins vel og unnt er gildandi gengi slíks gjaldmiðils í verslunarviðskiptum á því tímabili sem slíkt útgáfuskjal gildir um, í gjaldmiðli innflutningslandsins.

2. Þegar gjaldeyrir er umreiknaður skal nota gildandi gengi á útflutningstíma eða innflutningstíma eftir því sem hver aðili um sig ákveður.

10. gr.

Allar upplýsingar, sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða eru látnar í té sem trúnaðarmál vegna tollafgreiðslu, skulu meðhöndlaðar í fyllsta trúnaði af viðkomandi yfirvöldum sem skulu ekki

(c) royalties and licence fees related to the goods being valued that the buyer must pay, either directly or indirectly, as a condition of sale of the goods being valued, to the extent that such royalties and fees are not included in the price actually paid or payable;

(d) the value of any part of the proceeds of any subsequent resale, disposal or use of the imported goods that accrues directly or indirectly to the seller.

2. In framing its legislation, each Member shall provide for the inclusion in or the exclusion from the customs value, in whole or in part, of the following:

(a) the cost of transport of the imported goods to the port or place of importation;

(b) loading, unloading and handling charges associated with the transport of the imported goods to the port or place of importation; and

(c) the cost of insurance.

3. Additions to the price actually paid or payable shall be made under this Article only on the basis of objective and quantifiable data.

4. No additions shall be made to the price actually paid or payable in determining the customs value except as provided in this Article.

Article 9

1. Where the conversion of currency is necessary for the determination of the customs value, the rate of exchange to be used shall be that duly published by the competent authorities of the country of importation concerned and shall reflect as effectively as possible, in respect of the period covered by each such document of publication, the current value of such currency in commercial transactions in terms of the currency of the country of importation.

2. The conversion rate to be used shall be that in effect at the time of exportation or the time of importation, as provided by each Member.

Article 10

All information which is by nature confidential or which is provided on a confidential basis for the purposes of customs valuation shall be treated as strictly confidential by the authorities

láta slíkar upplýsingar af hendi án sérstaks leyfis þess einstaklings eða stjórnvalds sem veitir þær, nema að svo miklu leyti sem heimilt er að krefjast þess að þær séu látnar af hendi í tengslum við málarekstur fyrir dómstóli.

11. gr.

1. Í lögum hvers aðila skal kveðið á um rétt innflytjanda eða annars einstaklings, sem er ábyrgur fyrir greiðslu tolla, til að áfrýja tollverðsákvörðun án viðurlaga.

2. Réttur til áfrýjunar án viðurlaga getur í upphafi falist í því að áfrýja til yfirvalds innan tollstjórnar eða óháðs aðila en í lögum hvers aðila skal kveðið á um rétt til áfrýjunar án viðurlaga til dómstóla.
3. Áfrýjanda skal tilkynnt um niðurstöðu í áfrýjunarmáli og ástæður fyrir þeirri ákvörðun gefnar skriflega. Einnig skal honum kynntur réttur til frekari áfrýjunar.

12. gr.

Hlutaðeigandi innflutningsland skal birta lög, reglur, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði sem hafa almennt gildi og hafa áhrif á þennan samning, í samræmi við X. gr. GATT-samningsins frá 1994.

13. gr.

Ef nauðsynlegt reynist að fresta endanlegri ákvörðun á tollverði innfluttrar vöru skal innflytjanda þó gert kleift að taka vörur sínar úr tolli ef hann leggur fram nægilega tryggingu, þegar þess er krafist, í formi ábyrgðar, geymslufjár eða á annan viðeigandi hátt, sem nægir fyrir endanlegri greiðslu þeirra tolla sem kunna að verða lagðir á vörur hans. Kveða skal á um slík tilvik í lögum hvers aðila.

14. gr.

Athugasemdirnar í I. viðauka við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans og lesa skal og beita greinum þessa samnings með hliðsjón af tilsvarandi athugasemdum við þær. II. og III. viðauki eru einnig óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

concerned who shall not disclose it without the specific permission of the person or government providing such information, except to the extent that it may be required to be disclosed in the context of judicial proceedings.

Article 11

1. The legislation of each Member shall provide in regard to a determination of customs value for the right of appeal, without penalty, by the importer or any other person liable for the payment of the duty.
2. An initial right of appeal without penalty may be to an authority within the customs administration or to an independent body, but the legislation of each Member shall provide for the right of appeal without penalty to a judicial authority.
3. Notice of the decision on appeal shall be given to the appellant and the reasons for such decision shall be provided in writing. The appellant shall also be informed of any rights of further appeal.

Article 12

Laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application giving effect to this Agreement shall be published in conformity with Article X of GATT 1994 by the country of importation concerned.

Article 13

If, in the course of determining the customs value of imported goods, it becomes necessary to delay the final determination of such customs value, the importer of the goods shall nevertheless be able to withdraw them from customs if, where so required, the importer provides sufficient guarantee in the form of a surety, a deposit or some other appropriate instrument, covering the ultimate payment of customs duties for which the goods may be liable. The legislation of each Member shall make provisions for such circumstances.

Article 14

The notes at Annex I to this Agreement form an integral part of this Agreement and the Articles of this Agreement are to be read and applied in conjunction with their respective notes. Annexes II and III also form an integral part of this Agreement.

15. gr.

1. Í þessum samningi:
   a) merkir „tollverð innfluttrar vöru“ vöruverð sem stuðst er við þegar tollar eru lagðir á innfluttar vörur eftir verðmæti þeirra;
   b) merkir „innflutningsland“ land eða tollsvæði fyrir innflutning; og
   c) felur orðið „framleitt“ í sér það sem er ræktað, búið til og unnið úr jörðu.
2. Í þessum samningi:
   a) merkir „sams konar vara“ vöru sem er eins að öllu leyti, að meðtöldum eðliseiginleikum, gæðum og orðspori. Smávægilegur munur á útliti kemur ekki í veg fyrir að vara, sem er að öðru leyti í samræmi við skilgreininguna, sé talin sams konar vara;
   b) merkir „svipuð vara“ vöru sem hefur sömu eiginleika og er úr sama efni, þótt hún sé ekki eins að öllu leyti, og gegnir því sama hlutverki og önnur vara og hægt að skipta á henni fyrir þá vöru í verslunarviðskiptum. Gæði vörunnar, orðsporið sem af henni fer og vörumerki eru meðal þeirra þátta sem taka þarf tillit til þegar ákvarðað er hvort um svipaða vöru sé að ræða;
   c) merkja hugtökin „sams konar vara“ og „svipuð vara“ ekki vöru þar sem verkfræðivinna, þróun, listiðnar, hönnun, áætlanir og uppdrættir eru hluti af vörunni eða endurspeglast í henni ef vöruverðið hefur ekki verið leiðrétt skv. iv-lið b-liðar 1. mgr. 8. gr. vegna þess að slík atriði eru afgreidd í innflutningslandinu;
   d) telst vara ekki vera „sams konar vara“ eða „svipuð vara“ nema hún hafi verið framleidd í sama landi og varan sem verið er að virða;
   e) skal einungis tekið tillit til vöru sem er framleidd af öðrum einstaklingi ef engar sams konar eða svipaðar vörur eru framleiddar af þeim einstaklingi sem framleiðir vöruna sem verið er að virða.

3. Í þessum samningi merkir „vara í sama flokki eða af sömu tegund“ vöru sem fellur undir vöruflokk eða vöruúrval sem er framleitt í tilteknum iðnaði eða atvinnugrein, þar á meðal sams konar eða svipaðar vörur.

4. Að því er þennan samning varðar er einungis litið svo á að um tengsl milli einstaklinga sé að ræða ef:

Article 15

1. In this Agreement:
   (a) "customs value of imported goods" means the value of goods for the purposes of levying ad valorem duties of customs on imported goods;
   (b) "country of importation" means country or customs territory of importation; and
   (c) "produced" includes grown, manufactured and mined.
2. In this Agreement:
   (a) "identical goods" means goods which are the same in all respects, including physical characteristics, quality and reputation. Minor differences in appearance would not preclude goods otherwise conforming to the definition from being regarded as identical;
   (b) "similar goods" means goods which, although not alike in all respects, have like characteristics and like component materials which enable them to perform the same functions and to be commercially interchangeable. The quality of the goods, their reputation and the existence of a trademark are among the factors to be considered in determining whether goods are similar;
   (c) the terms "identical goods" and "similar goods" do not include, as the case may be, goods which incorporate or reflect engineering, development, artwork, design work, and plans and sketches for which no adjustment has been made under paragraph 1(b)(iv) of Article 8 because such elements were undertaken in the country of importation;
   (d) goods shall not be regarded as "identical goods" or "similar goods" unless they were produced in the same country as the goods being valued;
   (e) goods produced by a different person shall be taken into account only when there are no identical goods or similar goods, as the case may be, produced by the same person as the goods being valued.

3. In this Agreement "goods of the same class or kind" means goods which fall within a group or range of goods produced by a particular industry or industry sector, and includes identical or similar goods.

4. For the purposes of this Agreement, persons shall be deemed to be related only if:

a) þeir eru stjórnendur eða forstjórar í fyrirtækjum hvers annars;
b) þeir eru löglega viðurkenndir viðskiptafélagar;
c) þeir eru vinnuveitandi og starfsmaður;
d) einstaklingur á, stjórnar eða ræður yfir 5% eða meira, beint eða óbeint, af útgefnum hlutabréfum með atkvæðisrétti í fyrirtækjum beggja;
e) annar þeirra stjórnar hinum, beint eða óbeint;
f) báðum er stjórnað af þriðja einstaklingi, beint eða óbeint;
g) þeir stjórna sameiginlega þriðja einstaklingi, beint eða óbeint;
h) þeir eru í sömu fjölskyldu.

5. Einstaklingar sem hafa viðskiptatengsl á þann hátt að annar er eini umboðsmaður, eini dreifingaraðili eða eini sérleyfishafi á vegum hins í einhverri mynd teljast að því er þennan samning varðar vera tengdir ef þeir falla undir viðmiðanirnar í 4. mgr.

16. gr.

Innflytjandi hefur rétt til þess að fá skriflegrar skýringar frá tollyfirvöldum innflutningslandsins, leggi hann fram skriflega beiðni um það, á því með hvaða hætti tollverð innflutningsvöru hans var ákvarðað.

17. gr.

Ekkert í þessum samningi skal túlkað á þann hátt að réttur tollyfirvalda til að fullvissa sig um sannleiksgildi eða nákvæmni hvers konar greinargerða, skjala eða yfirlýsinga, sem eru lagðar fram vegna tollverðsákvörðunar, sé takmarkaður eða vefengdur.

II. HLUTI
STJÓRNUN, VIÐRÆÐUR OG LAUSN DEILUMÁLA

18. gr.

Stofnanir.

1. Hér með er komið á fót nefnd um tollverðsákvörðun (í þessum samningi kölluð „nefndin") þar sem hver einstakur aðili á fulltrúa. Nefndin kýs sér formann og skal að jafnaði koma saman einu sinni á ári, nema annað sé ákveðið í ákvæðum þessa samnings, í þeim tilgangi að veita aðilum tækifæri til viðræðna um málefni sem varða stjórnun hvers aðila um sig á tollverðsákvörðunarfyrirkomulaginu, að því marki sem slík stjórnun gæti haft áhrif á framkvæmd þessa samnings eða að unnið sé að markmiðum hans,

(a) they are officers or directors of one another's businesses;
(b) they are legally recognized partners in business;
(c) they are employer and employee;
(d) any person directly or indirectly owns, controls or holds 5 per cent or more of the outstanding voting stock or shares of both of them;
(e) one of them directly or indirectly controls the other;
(f) both of them are directly or indirectly controlled by a third person;
(g) together they directly or indirectly control a third person; or
(h) they are members of the same family.

5. Persons who are associated in business with one another in that one is the sole agent, sole distributor or sole concessionaire, however described, of the other shall be deemed to be related for the purposes of this Agreement if they fall within the criteria of paragraph 4.

Article 16

Upon written request, the importer shall have the right to an explanation in writing from the customs administration of the country of importation as to how the customs value of the importer's goods was determined.

Article 17

Nothing in this Agreement shall be construed as restricting or calling into question the rights of customs administrations to satisfy themselves as to the truth or accuracy of any statement, document or declaration presented for customs valuation purposes.

PART II
ADMINISTRATION, CONSULTATIONS AND DISPUTE SETTLEMENT

Article 18

Institutions

1. There is hereby established a Committee on Customs Valuation (referred to in this Agreement as "the Committee") composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and shall normally meet once a year, or as is otherwise envisaged by the relevant provisions of this Agreement, for the purpose of affording Members the opportunity to consult on matters relating to the administration of the customs valuation system by any Member as it might affect the operation of this Agreement

og sinna þeim öðrum skyldustörfum sem aðilarnir kunna að fela henni. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal jafnframt vera aðalskrifstofa nefndarinnar.
2. Koma skal á fót tækninefnd um tollverðsákvörðun (í þessum samningi kölluð „tækninefndin"), sem starfar á vegum tollasamvinnuráðsins (í þessum samningi nefnt „tollasamvinnuráðið") sem skal sinna þeim skyldustörfum sem er lýst í II. viðauka við þennan samning og starfa í samræmi við þær reglur um málsmeðferð sem eru tilgreindar þar.

or the furtherance of its objectives and carrying out such other responsibilities as may be assigned to it by the Members. The WTO Secretariat shall act as the secretariat to the Committee.
2. There shall be established a Technical Committee on Customs Valuation (referred to in this Agreement as "the Technical Committee") under the auspices of the Customs Co-operation Council (referred to in this Agreement as "the CCC"), which shall carry out the responsibilities described in Annex II to this Agreement and shall operate in accordance with the rules of procedure contained therein.

19. gr.
Viðræður og lausn deilumála.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi gildir samkomulagið um lausn deilumála um viðræður og lausn deilumála að því er varðar þennan samning.
2. Ef aðili telur að ávinningur sem hann hefur samkvæmt þessum samningi, beint eða óbeint, sé gerður að engu eða skertur eða að komið sé í veg fyrir að einhver af markmiðum þessa samnings náist vegna aðgerða annars aðila eða annarra aðila er honum heimilt að óska eftir viðræðum við aðilann eða aðilana sem um er að ræða, með það fyrir augum að finna lausn á málinu sem allir aðilar geta sætt sig við. Sérhver aðili skal fjalla með velvilja um beiðnir annarra aðila um viðræður.

3. Tækninefndin skal veita aðilum sem eiga í viðræðum ráðgjöf og aðstoð, að fenginni beiðni.

4. Kærunefnd, sem er komið á fót til að kanna deilur varðandi ákvæði þessa samnings, er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að óska eftir því við tækninefndina að hún rannsaki öll vafamál er krefjast tæknilegrar umfjöllunar. Kærunefndin ákvarðar starfssvið tækninefndarinnar að því er varðar viðkomandi deilumál og setur tímamörk um skil á skýrslu tækninefndarinnar. Kærunefndin skal taka skýrslu tækninefndarinnar til athugunar. Náist ekki einróma samþykki innan tækninefndarinnar um mál sem vísað er til hennar samkvæmt þessari málsgrein skal kærunefndin veita deiluaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við hana.

5. Ekki skal afhenda upplýsingar sem kærunefnd eru veittar sem trúnaðarmál án formlegrar heimildar frá þeim einstaklingi, stofnun eða

Article 19
Consultations and Dispute Settlement

1. Except as otherwise provided herein, the Dispute Settlement Understanding is applicable to consultations and the settlement of disputes under this Agreement.
2. If any Member considers that any benefit accruing to it, directly or indirectly, under this Agreement is being nullified or impaired, or that the achievement of any objective of this Agreement is being impeded, as a result of the actions of another Member or of other Members, it may, with a view to reaching a mutually satisfactory solution of this matter, request consultations with the Member or Members in question. Each Member shall afford sympathetic consideration to any request from another Member for consultations.
3. The Technical Committee shall provide, upon request, advice and assistance to Members engaged in consultations.
4. At the request of a party to the dispute, or on its own initiative, a panel established to examine a dispute relating to the provisions of this Agreement may request the Technical Committee to carry out an examination of any questions requiring technical consideration. The panel shall determine the terms of reference of the Technical Committee for the particular dispute and set a time period for receipt of the report of the Technical Committee. The panel shall take into consideration the report of the Technical Committee. In the event that the Technical Committee is unable to reach consensus on a matter referred to it pursuant to this paragraph, the panel should afford the parties to the dispute an opportunity to present their views on the matter to the panel.
5. Confidential information provided to the panel shall not be disclosed without formal authorization from the person, body or authority provid-

yfirvaldi sem þær veitir. Sé kærunefndin beðin um þess konar upplýsingar en hefur ekki leyfi til að láta þær af hendi skal samantekt úr þeim, sem er ekki trúnaðarmál, látin í té með leyfi þess einstaklingsins, stofnunar eða yfirvalds sem upplýsingarnar veitir.

III. HLUTI
SÉRSTÖK MEÐFERÐ OG MISMUNANDI MEÐFERÐ

20. gr.

1. Aðilar sem eru þróunarlönd (hér eftir nefndir „þróunaraðildarlönd"), en eiga ekki aðild að samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, sem gerður var 12. apríl 1979, geta frestað beitingu ákvæða þessa samnings um fimm ár hið mesta frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina að því er þá varðar. Þróunaraðildarlönd sem kjósa að fresta beitingu þessa samnings skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um það.

2. Auk þess sem um getur í 1. mgr. geta þróunaraðildarlönd, sem eiga ekki aðild að samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti sem gerður var 12. apríl 1979, frestað beitingu iii-liðar b-liðar 2. mgr. 1. gr. og beitingu 6. gr. um þrjú ár hið mesta eftir að öllum öðrum ákvæðum þessa samnings hefur verið beitt. Þróunaraðildarlönd sem kjósa að fresta beitingu þeirra ákvæða sem tilgreind eru í þessari málsgrein skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um það.

3. Aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefnd „iðnaðaraðildarlönd") skulu veita þróunaraðildarlöndum tækniaðstoð, ef þau óska eftir því, með skilmálum sem samkomulag er um. Iðnaðaraðildarlöndin skulu, á þessum grundvelli, gera áætlanir um tækniaðstoð sem geta meðal annars falið í sér starfsþjálfun, aðstoð við undirbúning framkvæmdaráðstafana, aðgang að upplýsingum um aðferðir við tollverðsákvörðun og ráðgjöf varðandi beitingu ákvæða þessa samnings.

ing such information. Where such information is requested from the panel but release of such information by the panel is not authorized, a non-confidential summary of this information, authorized by the person, body or authority providing the information, shall be provided.

PART III
SPECIAL AND DIFFERENTIAL TREATMENT

Article 20

1. Developing country Members not party to the Agreement on Implementation of Article VII of the General Agreement on Tariffs and Trade done on 12 April 1979 may delay application of the provisions of this Agreement for a period not exceeding five years from the date of entry into force of the WTO Agreement for such Members. Developing country Members who choose to delay application of this Agreement shall notify the Director-General of the WTO accordingly.

2. In addition to paragraph 1, developing country Members not party to the Agreement on Implementation of Article VII of the General Agreement on Tariffs and Trade done on 12 April 1979 may delay application of paragraph 2(b)(iii) of Article 1 and Article 6 for a period not exceeding three years following their application of all other provisions of this Agreement. Developing country Members that choose to delay application of the provisions specified in this paragraph shall notify the Director-General of the WTO accordingly.

3. Developed country Members shall furnish, on mutually agreed terms, technical assistance to developing country Members that so request. On this basis developed country Members shall draw up programmes of technical assistance which may include, *inter alia,* training of personnel, assistance in preparing implementation measures, access to sources of information regarding customs valuation methodology, and advice on the application of the provisions of this Agreement.

IV. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

21. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er heimilt að setja fyrirvara hvað varðar ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

22. gr.
Innlend lög.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess, eigi síðar en þann dag sem ákvæði þessa samnings öðlast gildi hjá honum, að innlend lög, reglur og stjórnsýslufyrirmæli hans séu í samræmi við ákvæði þessa samnings.
2. Sérhver aðili skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á lögum sínum og reglum sem varða þennan samning og á beitingu slíkra laga og reglna.

23. gr.
Endurskoðun.

Nefndin skal endurskoða framkvæmd og rekstur þessa samnings árlega, að teknu tilliti til þeirra markmiða sem stefnt er að með honum. Nefndin skal tilkynna vöruviðskiptaráðinu árlega um þróun mála á því tímabili sem endurskoðunin nær yfir.

24. gr.
Aðalskrifstofa.

Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal veita skrifstofuþjónustu vegna þessa samnings nema hvað varðar starfsskyldur sem tækninefndinni eru sérstaklega faldar, en skrifstofa tollasamvinnuráðsins veitir þjónustu að því er þær varðar.

I. VIÐAUKI
SKÝRINGAR VARÐANDI TÚLKUN

Almenn athugasemd.

Beitingarröð verðákvörðunaraðferða.

1. Í 1.–7. gr. er skilgreint hvernig ákvarða skal tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Aðferðir við verðákvörðun eru settar fram í þeirri röð sem þeim er beitt. Meginaðferð við tollverðsákvörðun er skilgreind í 1. gr. og skal ætíð ákvarða tollverð innfluttrar vöru í samræmi við ákvæði þeirrar greinar þegar skilyrðunum, sem þar er mælt fyrir um er fullnægt.

2. Ef ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal það gert þannig að sú fyrsta af þeim greinum sem á eftir koma og

PART IV
FINAL PROVISIONS

Article 21
Reservations

Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement without the consent of the other Members.

Article 22
National Legislation

1. Each Member shall ensure, not later than the date of application of the provisions of this Agreement for it, the conformity of its laws, regulations and administrative procedures with the provisions of this Agreement.
2. Each Member shall inform the Committee of any changes in its laws and regulations relevant to this Agreement and in the administration of such laws and regulations.

Article 23
Review

The Committee shall review annually the implementation and operation of this Agreement taking into account the objectives thereof. The Committee shall annually inform the Council for Trade in Goods of developments during the period covered by such reviews.

Article 24
Secretariat

This Agreement shall be serviced by the WTO Secretariat except in regard to those responsibilities specifically assigned to the Technical Committee, which will be serviced by the CCC Secretariat.

ANNEX I
INTERPRETATIVE NOTES

General Note

Sequential Application of Valuation Methods

1. Articles 1 through 7 define how the customs value of imported goods is to be determined under the provisions of this Agreement. The methods of valuation are set out in a sequential order of application. The primary method for customs valuation is defined in Article 1 and imported goods are to be valued in accordance with the provisions of this Article whenever the conditions prescribed therein are fulfilled.
2. Where the customs value cannot be determined under the provisions of Article 1, it is to be determined by proceeding sequentially

hægt er að beita, er notuð. Aðeins er heimilt að beita ákvæðum næstu greinar í röðinni þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum tiltekinnar greinar nema kveðið sé á um annað í 4. gr.

3. Ef innflytjandinn óskar ekki eftir því að röð 5. og 6. gr. sé víxlað ber að fylgja réttri röð. Óski innflytjandinn eftir því en síðan reynist ógerlegt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 6. gr. skal ákvarða tollverðið samkvæmt ákvæðum 5. gr. ef það er unnt.

4. Þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 1.–6. gr. skal það ákvarðað samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Notkun góðrar reikningsskilavenju.

1. „Góð reikningsskilavenja" vísar til almennt viðurkennds samkomulags eða tilhögunar sem yfirvöld styðja í tilteknu landi á tilteknum tíma á því hvaða fjármagn og fjárhagslegar skuldbindingar skuli skrá sem eignir og skuldir, hvaða breytingar á eignum og skuldum skuli skrá, hvernig beri að meta eignir og skuldir og breytingar á þeim, hvaða upplýsingar skuli afhenda og á hvaða hátt og hvaða fjárhagsskýrslur skuli gerðar. Þessar reglur geta verið viðmiðunarreglur í stórum dráttum sem hafa almennt gildi eða nákvæm fyrirmæli um tilhögun og málsmeðferð.

2. Að því er þennan samning varðar skulu tollyfirvöld sérhvers aðila nota upplýsingar sem eru settar fram á þann hátt sem samrýmist góðri reikningsskilavenju í landinu og sem á við viðkomandi grein. Til dæmis er gert ráð fyrir því að venjulegur hagnaður og almenn útgjöld samkvæmt ákvæðum 5. gr. séu ákvörðuð á grundvelli upplýsinga sem eru settar fram á þann hátt sem samrýmist góðri reikningsskilavenju í innflutningslandinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því að venjulegur hagnaður og almenn útgjöld samkvæmt ákvæðum 6. gr. séu ákvörðuð á grundvelli upplýsinga sem eru settar fram á þann hátt sem samrýmist góðri reikningsskilavenju í framleiðslulandinu. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að verðákvörðun þáttar sem kveðið er á um í ii-lið b-liðar 1. mgr. 8. gr. fari fram með því að nota upplýsingar á þann hátt sem samrýmist góðri reikningsskilavenju í innflutningslandinu ef hún er gerð í því landi.

through the succeeding Articles to the first such Article under which the customs value can be determined. Except as provided in Article 4, it is only when the customs value cannot be determined under the provisions of a particular Article that the provisions of the next Article in the sequence can be used.

3. If the importer does not request that the order of Articles 5 and 6 be reversed, the normal order of the sequence is to be followed. If the importer does so request but it then proves impossible to determine the customs value under the provisions of Article 6, the customs value is to be determined under the provisions of Article 5, if it can be so determined.

4. Where the customs value cannot be determined under the provisions of Articles 1 through 6 it is to be determined under the provisions of Article 7.

Use of Generally Accepted Accounting Principles

1. "Generally accepted accounting principles" refers to the recognized consensus or substantial authoritative support within a country at a particular time as to which economic resources and obligations should be recorded as assets and liabilities, which changes in assets and liabilities should be recorded, how the assets and liabilities and changes in them should be measured, what information should be disclosed and how it should be disclosed, and which financial statements should be prepared. These standards may be broad guidelines of general application as well as detailed practices and procedures.

2. For the purposes of this Agreement, the customs administration of each Member shall utilize information prepared in a manner consistent with generally accepted accounting principles in the country which is appropriate for the Article in question. For example, the determination of usual profit and general expenses under the provisions of Article 5 would be carried out utilizing information prepared in a manner consistent with generally accepted accounting principles of the country of importation. On the other hand, the determination of usual profit and general expenses under the provisions of Article 6 would be carried out utilizing information prepared in a manner consistent with generally accepted accounting principles of the country of production. As a further example, the determination of an element provided for in paragraph 1(b)(ii) of Article 8 undertaken in the country of importation would be carried out utilizing information in a manner consistent with the generally accepted accounting principles of that country.

Athugasemd við 1. gr.
Verð sem er greitt í raun eða ber að greiða.

1. Verðið sem er greitt í raun eða ber að greiða er heildargreiðslan sem kaupandinn innir eða mun inna af hendi til seljanda innfluttu vörunnar eða kemur honum til góða. Greiðslan þarf ekki endilega að vera í formi tilflutnings á peningum. Unnt er að inna af hendi greiðslu í formi bankaábyrgða eða viðskiptabréfa. Greiðslu má inna af hendi beint eða óbeint. Dæmi um óbeina greiðslu gæti verið jöfnun á skuld seljanda við kaupanda, að öllu leyti eða að hluta til.

2. Starfsemi sem kaupandi hefur með höndum fyrir eigin reikning, önnur en sú sem kveðið er á um leiðréttingu fyrir í 8. gr., telst ekki vera óbein greiðsla til seljanda, jafnvel þótt líta megi svo á að hún komi seljanda til góða. Kostnaður við slíka starfsemi skal því ekki bætast við verðið sem er greitt í raun eða ber að greiða þegar tollverð er ákvarðað.

3. Eftirfarandi gjöld og kostnaður skulu ekki vera innifalin í tollverði, að því tilskildu að þau séu aðgreind frá verðinu sem er greitt í raun eða ber að greiða fyrir innfluttu vöruna:

a) gjöld vegna byggingar, uppsetningar, samsetningar, viðhalds eða tæknilegrar aðstoðar, sem fer fram að loknum innflutningi á innfluttu vörunni, svo sem á iðjuverum, vélbúnaði eða öðrum búnaði til iðnaðar;
b) kostnaður við flutning að loknum innflutningi;
c) tollar og skattar í innflutningslandinu.

4. Verð sem er greitt í raun eða ber að greiða er verð innfluttrar vöru. Þess vegna er yfirfærsla arðs eða annarra greiðslna frá kaupanda til seljanda, sem tengjast ekki innfluttu vörunni, ekki hluti af tollverði.

iii-liður a-liðar 1. mgr.

Meðal þeirra takmarkana, sem leiða ekki til þess að verð sem er greitt í raun eða ber að greiða teljist óviðunandi, eru takmarkanir sem hafa ekki veruleg áhrif á verð vörunnar. Dæmi um slíkar takmarkanir gæti verið þegar seljandi fer þess á leit við kaupanda bifreiða að hann selji þær ekki eða sýni fyrr en á fyrsta degi árgerðarársins.

b-liður 1. mgr.

1. Ef sala eða verð er háð einhverjum skilyrðum eða forsendum, sem ekki er unnt að meta til verðs að því er varðar vöruna sem verið er að

Note to Article 1
Price Actually Paid or Payable

1. The price actually paid or payable is the total payment made or to be made by the buyer to or for the benefit of the seller for the imported goods. The payment need not necessarily take the form of a transfer of money. Payment may be made by way of letters of credit or negotiable instruments. Payment may be made directly or indirectly. An example of an indirect payment would be the settlement by the buyer, whether in whole or in part, of a debt owed by the seller.

2. Activities undertaken by the buyer on the buyer's own account, other than those for which an adjustment is provided in Article 8, are not considered to be an indirect payment to the seller, even though they might be regarded as of benefit to the seller. The costs of such activities shall not, therefore, be added to the price actually paid or payable in determining the customs value.

3. The customs value shall not include the following charges or costs, provided that they are distinguished from the price actually paid or payable for the imported goods:

(a) charges for construction, erection, assembly, maintenance or technical assistance, undertaken after importation on imported goods such as industrial plant, machinery or equipment;

(b) the cost of transport after importation;

(c) duties and taxes of the country of importation.

4. The price actually paid or payable refers to the price for the imported goods. Thus the flow of dividends or other payments from the buyer to the seller that do not relate to the imported goods are not part of the customs value.

Paragraph 1(a)(iii)

Among restrictions which would not render a price actually paid or payable unacceptable are restrictions which do not substantially affect the value of the goods. An example of such restrictions would be the case where a seller requires a buyer of automobiles not to sell or exhibit them prior to a fixed date which represents the beginning of a model year.

Paragraph 1(b)

1. If the sale or price is subject to some condition or consideration for which a value cannot be determined with respect to the goods being val-

virða, skal viðskiptaverð ekki tekið gilt sem tollverð. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um þetta:

a) seljandi ákveður verð á innfluttu vörunni með þeim skilyrðum að kaupandinn kaupi einnig aðrar vörur í tilteknu magni;

b) verð innfluttu vörunnar er háð verði sem kaupandi innfluttu vörunnar fær fyrir aðrar vörur sem seljandi innfluttu vörunnar kaupir af honum;

c) verðið er ákveðið á grundvelli greiðsluforms sem er óviðkomandi innfluttu vörunni, t.d. þegar innflutta varan er hálfunnin vara en seljandi afhendir hana með því skilyrði að hann fái tiltekið magn af vörunni fullbúinni.

2. Viðskiptaverði skal þó ekki hafnað af þeim sökum að skilyrði eða forsendur tengist framleiðslu eða markaðssetningu innfluttu vörunnar. Þótt kaupandi láti seljanda til dæmis í té verkfræðivinnu og áætlanir sem eru gerðar í innflutningslandinu skal það ekki valda því að viðskiptaverði sé hafnað skv. 1. gr. Hafi kaupandinn á sama hátt með höndum starfsemi fyrir eigin reikning sem varðar markaðssetningu innfluttu vörunnar, jafnvel þótt það sé með samkomulagi við seljanda, skal verðgildi þessarar starfsemi ekki vera hluti af tollverði né heldur skal slík starfsemi valda því að viðskiptaverði sé hafnað.

2. mgr.

1. Í a- og b-lið 2. mgr. er kveðið á um aðrar aðferðir til að ákveða hvenær viðskiptaverð skuli tekið gilt.

2. Í a-lið 2. mgr. er kveðið á um að þar sem tengsl eru milli kaupanda og seljanda skuli kanna aðstæður við sölu og að taka skuli viðskiptaverð gilt sem tollverð að því tilskildu að þau tengsl hafi ekki áhrif á verðið. Ekki er ætlast til að könnun á aðstæðum fari fram í öllum tilvikum þar sem tengsl eru milli kaupanda og seljanda. Slíkrar könnunar verður aðeins krafist þar sem vafi leikur á um hvort unnt sé að taka verðið gilt. Þegar tollyfirvöld eru ekki í neinum vafa um að taka beri verðið gilt skal það samþykkt án þess að óska eftir frekari upplýsingum frá innflytjandanum. Til dæmis kunna tollyfirvöld að hafa kannað tengslin áður eða hafa þegar ítarlegar upplýsingar um kaupanda og seljanda

ued, the transaction value shall not be acceptable for customs purposes. Some examples of this include:

(a) the seller establishes the price of the imported goods on condition that the buyer will also buy other goods in specified quantities;

(b) the price of the imported goods is dependent upon the price or prices at which the buyer of the imported goods sells other goods to the seller of the imported goods;

(c) the price is established on the basis of a form of payment extraneous to the imported goods, such as where the imported goods are semi-finished goods which have been provided by the seller on condition that the seller will receive a specified quantity of the finished goods.

2. However, conditions or considerations relating to the production or marketing of the imported goods shall not result in rejection of the transaction value. For example, the fact that the buyer furnishes the seller with engineering and plans undertaken in the country of importation shall not result in rejection of the transaction value for the purposes of Article 1. Likewise, if the buyer undertakes on the buyer's own account, even though by agreement with the seller, activities relating to the marketing of the imported goods, the value of these activities is not part of the customs value nor shall such activities result in rejection of the transaction value.

Paragraph 2

1. Paragraphs 2(a) and 2(b) provide different means of establishing the acceptability of a transaction value.

2. Paragraph 2(a) provides that where the buyer and the seller are related, the circumstances surrounding the sale shall be examined and the transaction value shall be accepted as the customs value provided that the relationship did not influence the price. It is not intended that there should be an examination of the circumstances in all cases where the buyer and the seller are related. Such examination will only be required where there are doubts about the acceptability of the price. Where the customs administration have no doubts about the acceptability of the price, it should be accepted without requesting further information from the importer. For example, the customs administration may have previously

og eru þegar fullviss um, vegna slíkra kannana eða upplýsinga, að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið.

3. Þegar tollyfirvöld geta ekki tekið viðskiptaverðið gilt án frekari athugunar skulu þau gefa innflytjanda tækifæri til að útvega slíkar viðbótarupplýsingar, eins ítarlegar og þörf krefur, til að gera þeim kleift að kanna aðstæður við sölu. Í þessu sambandi þurfa tollyfirvöld að vera við því búin að kanna allar hliðar viðskiptanna sem máli skipta, þar með talið hvernig viðskiptatengslum kaupanda og seljanda er háttað og á hvern hátt umrætt verð var fengið, til að ákvarða hvort þessi tengsl hafi haft áhrif á verðið. Þegar unnt er að sýna fram á að kaupandi og seljandi, þó að tengsl séu á milli þeirra skv. 15. gr., kaupi af og selji hvor öðrum eins og ekki væri um nein tengsl að ræða, sýnir það að tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Dæmi um þetta er að þegar verð er ákveðið á þann hátt sem samrýmist venjulegum verðlagningarháttum í þeirri atvinnugrein sem um ræðir, eða á sama hátt og seljandi ákveður verð til kaupenda sem hann hefur engin tengsl við, sýnir það að tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Annað dæmi, sem gefur til kynna að tengsl hafa ekki áhrif á verðið, er þegar sýnt er fram á að verðið nægi til að mæta öllum kostnaði og gefi auk þess hagnað sem er dæmigerður fyrir heildarhagnað fyrirtækisins á tilteknu viðmiðunartímabili (t.d. á einu ári), þegar um er að ræða sölu á vörum í sama flokki eða af sömu tegund.

4. Í b-lið 2. mgr. er kveðið á um að innflytjandi skuli fá tækifæri til að sýna fram á að viðskiptaverð liggi mjög nærri „viðmiðunarverði“ sem tollyfirvöld hafa áður samþykkt og sem er þess vegna unnt að taka það gilt samkvæmt ákvæðum 1. gr. Ef viðmiðunum skv. b-lið 2. mgr. er fullnægt er ekki nauðsynlegt að kanna hvort tengsl hafi haft áhrif á verð skv. a-lið 2. mgr. Hafi tollyfirvöld þegar fengið nægar upplýsingar til að vera þess fullviss, án frekari athugunar á einstökum atriðum, að einhverri þeirra viðmiðana sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. sé fullnægt hafa þau enga ástæðu til að krefjast þess að innflytjandinn sanni það. Í b-lið 2. mgr. merkir hugtakið „ótengdir kaupendur“ kaupendur sem eru ekki í neinum tengslum við seljanda í einstökum málum.

examined the relationship, or it may already have detailed information concerning the buyer and the seller, and may already be satisfied from such examination or information that the relationship did not influence the price.

c) þegar verðsannprófun fer fram skulu stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu taka tilhlýðilegt tillit til skilmála sölusamnings og leiðréttingarþátta sem almennt er leyfilegt að beita í viðskiptunum; þessir þættir skulu fela í sér, en takmarkast ekki við, viðskiptastig og magn sölu, afhendingartíma og afhendingarskilyrði, ákvæði um stighækkandi verð, gæðaforskriftir, sérstaka hönnunarþætti, sérstakar sendingar- eða pökkunarforskriftir, pantað magn, sölu gegn staðgreiðslu, árstíðabundin áhrif, nytjaleyfisgjöld eða önnur gjöld vegna hugverka og þjónustu, sem er veitt samkvæmt samningi, nema venja sé að innheimta þau gjöld sérstaklega; þeir skulu og fela í sér tiltekin atriði varðandi það verð sem útflytjandi setur upp, til dæmis hvernig samningum er háttað milli útflytjanda og innflytjanda;

d) sannprófun flutningsgjalda skal einungis ná til þess verðs sem samkomulag er um fyrir viðkomandi flutningsmáta í útflutningslandi sem getið er um í sölusamningi;

e) ekki skal styðjast við eftirfarandi atriði þegar verð er sannprófað:

i) söluverð vara í innflutningslandi sem eru framleiddar þar;

ii) verð útflutningsvara frá öðru landi en útflutningslandi;

(i) only prices providing a valid basis of comparison shall be used, taking into account the relevant economic factors pertaining to the country of importation and a country or countries used for price comparison;

(ii) the preshipment inspection entity shall not rely upon the price of goods offered for export to different countries of importation to arbitrarily impose the lowest price upon the shipment;

(iii) the preshipment inspection entity shall take into account the specific elements listed in subparagraph (c);

(iv) at any stage in the process described above, the preshipment inspection entity shall provide the exporter with an opportunity to explain the price;

(c) when conducting price verification, preshipment inspection entities shall make appropriate allowances for the terms of the sales contract and generally applicable adjusting factors pertaining to the transaction; these factors shall include but not be limited to the commercial level and quantity of the sale, delivery periods and conditions, price escalation clauses, quality specifications, special design features, special shipping or packing specifications, order size, spot sales, seasonal influences, licence or other intellectual property fees, and services rendered as part of the contract if these are not customarily invoiced separately; they shall also include certain elements relating to the exporter's price, such as the contractual relationship between the exporter and importer;

(d) the verification of transportation charges shall relate only to the agreed price of the mode of transport in the country of exportation as indicated in the sales contract;

(e) the following shall not be used for price verification purposes:

(i) the selling price in the country of importation of goods produced in such country;

(ii) the price of goods for export from a country other than the country of exportation;

iii) framleiðslukostnað;
iv) verð eða gildi sem valin eru að geðþótta eða eru ímynduð.

Áfrýjun.

21. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu taki upp málsmeðferð fyrir móttöku, athugun og ákvarðanir vegna umkvörtunarefna útflytjenda og að útflytjendur geti fengið upplýsingar um slíka málsmeðferð í samræmi við ákvæði 6. og 7. mgr. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að málsmeðferð sé mótuð og viðhaldið í samræmi við eftirfarandi viðmiðunarreglur:

a) stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu skulu tilnefna einn eða fleiri embættismenn sem eru viðlátnir á venjulegum skrifstofutíma í hverri borg eða höfn þar sem þær hafa skrifstofu sem sér um vöruskoðun fyrir sendingu og taka á móti, athuga og taka ákvarðanir um áfrýjun eða umkvörtunarefni útflytjenda;
b) útflytjendur skulu láta tilnefndum embættismanni eða -mönnum í té skriflega allar staðreyndir varðandi þau tilteknu viðskipti sem um ræðir, eðli umkvörtunarefnis og tillögur að lausn;
c) tilnefndur embættismaður eða -menn skulu fjalla um umkvörtunarefni útflytjenda með velvilja og taka ákvörðun eins skjótt og unnt er eftir móttöku þeirra skriflegu gagna sem um getur í b-lið.

Frávik.

22. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu aðilar sem eru notendur kveða á um að ekki skuli skoða sendingar, að hlutasendingum undanskildum, sem eru undir því lágmarksverði sem gildir um slíkar sendingar samkvæmt skilgreiningu þess aðila sem er notandi, nema við sérstakar aðstæður. Fyrrnefnt lágmarksverð skal koma fram í þeim upplýsingum sem útflytjendum eru látnar í té samkvæmt ákvæðum 6. mgr.

3. gr.

Skyldur aðila sem eru útflytjendur. Bann við mismunun.

1. Aðilar sem eru útflytjendur skulu sjá til þess að lögum þeirra og reglum um vöruskoðun fyrir sendingu sé beitt án mismununar.

(iii) the cost of production;
(iv) arbitrary or fictitious prices or values.

Appeals Procedures

21. User Members shall ensure that preshipment inspection entities establish procedures to receive, consider and render decisions concerning grievances raised by exporters, and that information concerning such procedures is made available to exporters in accordance with the provisions of paragraphs 6 and 7. User Members shall ensure that the procedures are developed and maintained in accordance with the following guidelines:

(a) preshipment inspection entities shall designate one or more officials who shall be available during normal business hours in each city or port in which they maintain a preshipment inspection administrative office to receive, consider and render decisions on exporters' appeals or grievances;
(b) exporters shall provide in writing to the designated official(s) the facts concerning the specific transaction in question, the nature of the grievance and a suggested solution;
(c) the designated official(s) shall afford sympathetic consideration to exporters' grievances and shall render a decision as soon as possible after receipt of the documentation referred to in subparagraph (b).

Derogation

22. By derogation to the provisions of Article 2, user Members shall provide that, with the exception of part shipments, shipments whose value is less than a minimum value applicable to such shipments as defined by the user Member shall not be inspected, except in exceptional circumstances. This minimum value shall form part of the information furnished to exporters under the provisions of paragraph 6.

Article 3

Obligations of Exporter Members Non-discrimination

1. Exporter Members shall ensure that their laws and regulations relating to preshipment inspection activities are applied in a non-discriminatory manner.

Gagnsæi.

2. Aðilar sem eru útflytjendur skulu birta þegar í stað öll gildandi lög og reglur um vöruskoðun fyrir sendingu með þeim hætti að öðrum stjórnvöldum og kaupmönnum sé gert kleift að kynna sér efni þeirra.

Tækniaðstoð.

3. Aðilar sem eru útflytjendur skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, vera reiðubúnir að veita aðilum sem eru notendur tækniaðstoð í því skyni að ná fram markmiðum þessa samnings með skilmálum sem samkomulag er um.[57]

4. gr.

Óháð athugun.

Aðilar skulu hvetja stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og útflytjendur til að finna lausn á deilumálum sínum í sameiningu. Hvorum aðila um sig er samt sem áður heimilt að óska óháðrar athugunar á því deilumáli sem um er að ræða tveimur virkum dögum eftir að umkvörtunarefni er lagt fram í samræmi við ákvæði 21. mgr. 2. gr. Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að eftirfarandi málsmeðferð sé tekin upp og viðhaldið í þessu skyni:

a) óháð eining, sem stofnun á vegum stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og stofnun á vegum útflytjenda setja sameiginlega á laggirnar, skal hafa umsjón með framkvæmd þessarar málsmeðferðar að því er varðar þennan samning;
b) óháða einingin sem um getur í a-lið skal setja saman skrá yfir sérfræðinga með eftirfarandi hætti:
   i) hóp einstaklinga sem stofnun á vegum stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu tilnefnir;
   ii) hóp einstaklinga sem stofnun á vegum útflytjenda tilnefnir;
   iii) hóp óháðra sérfræðinga á sviði viðskipta sem óháða einingin sem um getur í a-lið tilnefnir.

   Staðsetning sérfræðinganna í skránni skal vera með þeim hætti í landfræðilegu tilliti að unnt sé að taka á deilumálum sem koma upp vegna fyrrnefndrar málsmeðferðar með skjótum hætti. Setja skal skrána saman innan tveggja mánaða frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi og uppfæra hana

Transparency

2. Exporter Members shall publish promptly all applicable laws and regulations relating to preshipment inspection activities in such a manner as to enable other governments and traders to become acquainted with them.

Technical Assistance

3. Exporter Members shall offer to provide to user Members, if requested, technical assistance directed towards the achievement of the objectives of this Agreement on mutually agreed terms.[57]

Article 4

Independent Review Procedures

Members shall encourage preshipment inspection entities and exporters mutually to resolve their disputes. However, two working days after submission of the grievance in accordance with the provisions of paragraph 21 of Article 2, either party may refer the dispute to independent review. Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that the following procedures are established and maintained to this end:

(a) these procedures shall be administered by an independent entity constituted jointly by an organization representing preshipment inspection entities and an organization representing exporters for the purposes of this Agreement;
(b) the independent entity referred to in subparagraph (a) shall establish a list of experts as follows:
   (i) a section of members nominated by an organization representing preshipment inspection entities;
   (ii) a section of members nominated by an organization representing exporters;
   (iii) a section of independent trade experts, nominated by the independent entity referred to in subparagraph (a).

   The geographical distribution of the experts on this list shall be such as to enable any disputes raised under these procedures to be dealt with expeditiously. This list shall be drawn up within two months of the entry into force of the WTO Agreement and shall be updated annually. The list shall be publicly avail-

einu sinni á ári. Almenningur skal hafa aðgang að skránni. Tilkynna skal aðalskrifstofunni um hana og dreifa henni til allra aðila;

c) útflytjandi eða stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu, sem óskar eftir því að bera upp ágreiningsmál, skal hafa samband við óháðu einingunа sem um getur í a-lið og bera fram beiðni um að kærunefnd verði komið á fót. Óháða einingin skal sjá til þess að skipuð verði kærunefnd. Í kærunefndinni sitja þrír nefndarmenn. Velja skal kærunefndarmenn með það í huga að komast hjá óþörfum kostnaði og töfum. Viðkomandi stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu skal velja fyrsta kærunefndarmann úr hópi i) í upptalningunni hér að framan að því tilskildu að hann sé ekki tengdur stofunni. Viðkomandi útflytjandi skal velja annan kærunefndarmann úr hópi ii) í upptalningunni hér að framan að því tilskildu að hann sé ekki tengdur útflytjandanum. Óháða einingin sem um getur í a-lið skal velja þriðja kærunefndarmann úr hópi iii) í upptalningunni hér að framan. Ekki skal hreyfa andmælum gegn óháðum sérfræðingi á sviði viðskipta sem valinn er úr hópi iii) í upptalningunni hér að framan;

d) óháði sérfræðingurinn á sviði viðskipta, sem valinn er úr hópi iii) í upptalningunni hér að framan, skal vera formaður kærunefndar. Hann skal taka nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja að kærunefndin leysi deiluna með skjótum hætti, til dæmis um það hvort staðreyndir málsins krefjist þess að kærunefndarmenn komi saman og, ef til þess kemur, hvar slíkur fundur skuli haldinn með hliðsjón af því hvar skoðunin sem um er að ræða fer fram;

e) óháða einingin sem um getur í a-lið getur, séu deiluaðilar sammála þar um, valið einn óháðan sérfræðing á sviði viðskipta úr hópi iii) í upptalningunni hér að framan til þess að athuga deilumál það sem um er að ræða. Sá sérfræðingur skal taka nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja að deilan verði leyst með skjótum hætti, til dæmis með hliðsjón af því hvar skoðunin sem um er að ræða fer fram;

f) athugunin skal miða að því að komast að því hvort deiluaðilar hafi farið að ákvæð-

able. It shall be notified to the Secretariat and circulated to all Members;

(c) an exporter or preshipment inspection entity wishing to raise a dispute shall contact the independent entity referred to in subparagraph (a) and request the formation of a panel. The independent entity shall be responsible for establishing a panel. This panel shall consist of three members. The members of the panel shall be chosen so as to avoid unnecessary costs and delays. The first member shall be chosen from section (i) of the above list by the preshipment inspection entity concerned, provided that this member is not affiliated to that entity. The second member shall be chosen from section (ii) of the above list by the exporter concerned, provided that this member is not affiliated to that exporter. The third member shall be chosen from section (iii) of the above list by the independent entity referred to in subparagraph (a). No objections shall be made to any independent trade expert drawn from section (iii) of the above list;

(d) the independent trade expert drawn from section (iii) of the above list shall serve as the chairman of the panel. The independent trade expert shall take the necessary decisions to ensure an expeditious settlement of the dispute by the panel, for instance, whether the facts of the case require the panelists to meet and, if so, where such a meeting shall take place, taking into account the site of the inspection in question;

(e) if the parties to the dispute so agree, one independent trade expert could be selected from section (iii) of the above list by the independent entity referred to in subparagraph (a) to review the dispute in question. This expert shall take the necessary decisions to ensure an expeditious settlement of the dispute, for instance taking into account the site of the inspection in question;

(f) the object of the review shall be to establish whether, in the course of the inspec-

um þessa samnings þegar skoðunin sem deilt er um fór fram. Meðferð málsins skal ganga fljótt og báðum málsaðilum veitt tækifæri til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum munnlega eða skriflega;

g) ákvarðanir þriggja manna kærunefndar skulu teknar með meirihluta atkvæða. Leggja skal niðurstöðu í deilumálinu fram innan átta virkra daga frá því að beiðni um óháða athugun kemur fram og kynna hana deiluaðilum. Heimilt er að lengja þennan frest með samþykki deiluaðila. Kærunefndin eða hinn óháði sérfræðingur í viðskiptum skal ákveða kostnaðarskiptingu á grundvelli atvika málsins;

h) ákvörðun kærunefndarinnar skal vera bindandi fyrir stofuna sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og útflytjandann sem eru aðilar að deilunni.

5. gr.
Tilkynningar.

Aðilar skulu láta aðalskrifstofunni í té eintök af þeim lögum og reglum sem þeir beita til að koma ákvæðum þessa samnings í framkvæmd og eintök af öðrum lögum og reglum um vöruskoðun fyrir sendingu þegar samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina gengur í gildi hjá viðkomandi aðila. Breytingar á lögum og reglum um vöruskoðun fyrir sendingu skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en slíkar breytingar hafa verið birtar opinberlega. Tilkynna skal aðalskrifstofunni um þær strax að birtingu lokinni. Aðalskrifstofan skal tilkynna aðilum að þessar upplýsingar séu fáanlegar.

6. gr.
Endurskoðun.

Ráðherrastefnan skal, við lok annars árs frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og þriðja hvert ár eftir það, endurskoða ákvæði, framkvæmd og rekstur þessa samnings að teknu tilliti til markmiða hans og að fenginni reynslu af framkvæmd hans. Ráðherrastefnunni er heimilt, í kjölfar slíkrar endurskoðunar, að breyta ákvæðum samningsins.

7. gr.
Viðræður.

Aðilar skulu eiga viðræður við aðra aðila, að fenginni beiðni, um málefni sem hafa áhrif á rekstur þessa samnings. Í slíkum tilvikum gilda

tion in dispute, the parties to the dispute have complied with the provisions of this Agreement. The procedures shall be expeditious and provide the opportunity for both parties to present their views in person or in writing;

(g) decisions by a three-member panel shall be taken by majority vote. The decision on the dispute shall be rendered within eight working days of the request for independent review and be communicated to the parties to the dispute. This time-limit could be extended upon agreement by the parties to the dispute. The panel or independent trade expert shall apportion the costs, based on the merits of the case;

(h) the decision of the panel shall be binding upon the preshipment inspection entity and the exporter which are parties to the dispute.

Article 5
Notification

Members shall submit to the Secretariat copies of the laws and regulations by which they put this Agreement into force, as well as copies of any other laws and regulations relating to preshipment inspection, when the WTO Agreement enters into force with respect to the Member concerned. No changes in the laws and regulations relating to preshipment inspection shall be enforced before such changes have been officially published. They shall be notified to the Secretariat immediately after their publication. The Secretariat shall inform the Members of the availability of this information.

Article 6
Review

At the end of the second year from the date of entry into force of the WTO Agreement and every three years thereafter, the Ministerial Conference shall review the provisions, implementation and operation of this Agreement, taking into account the objectives thereof and experience gained in its operation. As a result of such review, the Ministerial Conference may amend the provisions of the Agreement.

Article 7
Consultation

Members shall consult with other Members upon request with respect to any matter affecting the operation of this Agreement. In such

ákvæði XXII. gr. GATT-samningsins frá 1994 um þennan samning eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála.

8. gr.
Lausn deilumála.

Ákvæði XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um deilumál sem koma upp milli aðila vegna reksturs þessa samnings eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála.

9. gr.
Lokaákvæði.

1. Aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna framkvæmdar þessa samnings.
2. Aðilar skulu sjá til þess að lög þeirra og reglur séu ekki andstæð ákvæðum þessa samnings.

cases, the provisions of Article XXII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding, are applicable to this Agreement.

Article 8
Dispute Settlement

Any disputes among Members regarding the operation of this Agreement shall be subject to the provisions of Article XXIII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding.

Article 9
Final Provisions

1. Members shall take the necessary measures for the implementation of the present Agreement.
2. Members shall ensure that their laws and regulations shall not be contrary to the provisions of this Agreement.

SAMNINGUR UM UPPRUNAREGLUR

Aðilar,

sem gera sér ljóst að ráðherrar samþykktu, hinn 20. september 1986, að markmið Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna skyldi vera það að „auka frelsi í alþjóðaviðskiptum og efla þau", „styrkja hlutverk GATT" og „auka aðlögunarhæfni GATT-kerfisins að hinu síbreytilega alþjóðlega efnahagsumhverfi",

sem æskja þess að vinna að markmiðum GATT-samningsins frá 1994,

sem viðurkenna að skýrar og áreiðanlegar upprunareglur og beiting þeirra auðvelda alþjóðlegt viðskiptaflæði,

sem æskja þess að tryggja að upprunareglurnar hindri ekki í sjálfu sér viðskipti að óþörfu,

sem æskja þess að tryggja að upprunareglurnar geri ekki að engu eða skerði réttindi aðila samkvæmt GATT-samningnum frá 1994,

sem viðurkenna að æskilegt er að lög, reglur og starfshættir séu gagnsæ hvað upprunareglur varðar,

sem æskja þess að tryggja að upprunareglur séu samdar og þeim beitt á gagnsæjan, áreiðanlegan og hlutlausan hátt og jafnframt af samkvæmni og óhlutdrægni,

sem viðurkenna að fyrir hendi þarf að vera viðræðuvettvangur og málsmeðferð sem stuðlar að skjótum, skilvirkum og sanngjörnum lausnum deilumála sem koma upp á grundvelli þessa samnings,

AGREEMENT ON RULES OF ORIGIN

Members,

Noting that Ministers on 20 September 1986 agreed that the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations shall aim to "bring about further liberalization and expansion of world trade", "strengthen the role of GATT" and "increase the responsiveness of the GATT system to the evolving international economic environment";

Desiring to further the objectives of GATT 1994;

Recognizing that clear and predictable rules of origin and their application facilitate the flow of international trade;

Desiring to ensure that rules of origin themselves do not create unnecessary obstacles to trade;

Desiring to ensure that rules of origin do not nullify or impair the rights of Members under GATT 1994;

Recognizing that it is desirable to provide transparency of laws, regulations, and practices regarding rules of origin;

Desiring to ensure that rules of origin are prepared and applied in an impartial, transparent, predictable, consistent and neutral manner;

Recognizing the availability of a consultation mechanism and procedures for the speedy, effective and equitable resolution of disputes arising under this Agreement;

sem æskja þess að samhæfa og skýra upprunareglur,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI
SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.
Upprunareglur.

1. Að því er varðar I.–IV. hluta þessa samnings merkja upprunareglur þau lög, reglur og stjórnsýsluákvarðanir er hafa almennt gildi og aðilar beita til að ákvarða upprunaland vöru, að því tilskildu að slíkar upprunareglur tengist ekki samningsbundnu eða óháðu viðskiptafyrirkomulagi sem leiðir til tollfríðinda umfram það sem gert er ráð fyrir við beitingu 1. mgr. I. gr. GATT-samningsins frá 1994.

2. Upprunareglur sem um getur í 1. mgr. skulu taka til allra upprunareglna sem eru notaðar í gerningum varðandi viðskiptastefnu sem veita ekki fríðindi, svo sem við beitingu: bestukjarameðferðar samkvæmt I., II., III., XI. og XIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, undirboðs- og jöfnunartolla samkvæmt VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, verndarráðstafana samkvæmt XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994, krafna um upprunamerkingu samkvæmt IX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og allra magntakmarkana eða tollkvóta sem leiða til mismununar. Þær skulu einnig taka til upprunareglna sem eru notaðar í sambandi við opinber innkaup og tölulegar upplýsingar um viðskipti.[58]

II. HLUTI
VERKLAGSREGLUR SEM GILDA UM BEITINGU UPPRUNAREGLNA

2. gr.
Verklagsreglur á aðlögunartímabilinu.

Aðilar skulu, uns vinnuáætluninni um samhæfingu upprunareglna sem er sett fram í IV. hluta er lokið, sjá til þess að:

a) þegar þeir gefa út stjórnsýsluákvarðanir er hafa almennt gildi séu kröfur sem ber að uppfylla vel skilgreindar, einkum:

   i) í tilvikum þar sem viðmiðuninni um breytingu á tollflokkun er beitt verður, í slíkri upprunareglu og undantekningum frá henni, að tilgreina nákvæmlega undirliði eða vöruliði tollnafnaskrárinnar sem reglan gildir um;

Desiring to harmonize and clarify rules of origin;

Hereby *agree* as follows:

PART I
DEFINITIONS AND COVERAGE

Article 1
Rules of Origin

1. For the purposes of Parts I to IV of this Agreement, rules of origin shall be defined as those laws, regulations and administrative determinations of general application applied by any Member to determine the country of origin of goods provided such rules of origin are not related to contractual or autonomous trade regimes leading to the granting of tariff preferences going beyond the application of paragraph 1 of Article I of GATT 1994.

2. Rules of origin referred to in paragraph 1 shall include all rules of origin used in non-preferential commercial policy instruments, such as in the application of: most-favoured-nation treatment under Articles I, II, III, XI and XIII of GATT 1994; anti-dumping and countervailing duties under Article VI of GATT 1994; safeguard measures under Article XIX of GATT 1994; origin marking requirements under Article IX of GATT 1994; and any discriminatory quantitative restrictions or tariff quotas. They shall also include rules of origin used for government procurement and trade statistics.[58]

PART II
DISCIPLINES TO GOVERN THE APPLICATION OF RULES OF ORIGIN

Article 2
Disciplines During the Transition Period

Until the work programme for the harmonization of rules of origin set out in Part IV is completed, Members shall ensure that:

(a) when they issue administrative determinations of general application, the requirements to be fulfilled are clearly defined. In particular:

   (i) in cases where the criterion of change of tariff classification is applied, such a rule of origin, and any exceptions to the rule, must clearly specify the subheadings or headings within the tariff nomenclature that are addressed by the rule;

ii) í tilvikum þar sem viðmiðuninni um hundraðshluta af verðmæti er beitt skal einnig tilgreina í upprunareglunum hvaða aðferð er notuð til að reikna þennan hundraðshluta;

iii) í tilvikum þar sem mælt er fyrir um notkun viðmiðunarinnar um framleiðslu- eða vinnsluaðferðir skal tilgreina nákvæmlega þá aðgerð sem veitir viðkomandi vöru uppruna;

b) þrátt fyrir ráðstöfun eða gerning varðandi viðskiptastefnu sem upprunareglur þeirra tengjast séu þær ekki notaðar sem tæki til að ná viðskiptamarkmiðum, beint eða óbeint;

c) upprunareglur hafi ekki í sjálfu sér áhrif sem takmarka, trufla eða raska alþjóðaviðskiptum. Þeir skulu ekki gera óeðlilega strangar kröfur eða krefjast þess að tilteknu skilyrði, sem tengist ekki framleiðslu eða vinnslu, sé fullnægt sem forsendu fyrir ákvörðun upprunalands. Hins vegar er heimilt að telja með kostnað, sem tengist ekki beint framleiðslu eða vinnslu, þegar beita á viðmiðuninni um hundraðshluta af verðmæti í samræmi við a-lið;

d) upprunareglur, sem þeir beita varðandi innflutning og útflutning, séu ekki strangari en upprunareglur sem þeir nota til að ákvarða hvort vara sé innlend og skulu ekki mismuna aðilum, óháð því hvaða tengsl eru á milli framleiðenda viðkomandi vöru[59];

e) upprunareglum þeirra sé beitt af samkvæmni, einsleitni, óhlutdrægni og sanngirni;

f) upprunareglur þeirra byggist á jákvæðum staðli. Upprunareglur sem tiltaka í hverju uppruni felst ekki (neikvæður staðall) eru heimilar sem liður í að skýra jákvæðan staðal eða, í einstökum tilvikum, þar sem jákvæð upprunaákvörðun er ekki nauðsynleg;

g) lög þeirra, reglur, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurðir, er hafa almennt gildi að því er varðar upprunareglur, séu birt eins og þau falli undir ákvæði 1. mgr. X. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samræmi við þau;

h) að fenginni beiðni frá útflytjanda, innflytjanda eða einstaklingi með réttmætar

(ii) in cases where the ad valorem percentage criterion is applied, the method for calculating this percentage shall also be indicated in the rules of origin;

(iii) in cases where the criterion of manufacturing or processing operation is prescribed, the operation that confers origin on the good concerned shall be precisely specified;

(b) notwithstanding the measure or instrument of commercial policy to which they are linked, their rules of origin are not used as instruments to pursue trade objectives directly or indirectly;

(c) rules of origin shall not themselves create restrictive, distorting, or disruptive effects on international trade. They shall not pose unduly strict requirements or require the fulfilment of a certain condition not related to manufacturing or processing, as a prerequisite for the determination of the country of origin. However, costs not directly related to manufacturing or processing may be included for the purposes of the application of an ad valorem percentage criterion consistent with subparagraph (a);

(d) the rules of origin that they apply to imports and exports are not more stringent than the rules of origin they apply to determine whether or not a good is domestic and shall not discriminate between other Members, irrespective of the affiliation of the manufacturers of the good concerned[59];

(e) their rules of origin are administered in a consistent, uniform, impartial and reasonable manner;

(f) their rules of origin are based on a positive standard. Rules of origin that state what does not confer origin (negative standard) are permissible as part of a clarification of a positive standard or in individual cases where a positive determination of origin is not necessary;

(g) their laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application relating to rules of origin are published as if they were subject to, and in accordance with, the provisions of paragraph 1 of Article X of GATT 1994;

(h) upon the request of an exporter, importer or any person with a justifiable

ástæður sé upprunamat þeirra á vöru ákveðið eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 150 dögum[60] eftir að beiðni um slíkt mat kemur fram, að því tilskildu að öll nauðsynleg gögn hafi verið lögð fram. Beiðni um slíkt mat skal staðfest áður en viðskipti með viðkomandi vöru hefjast og hana er hægt að staðfesta hvenær sem er síðar. Matið skal gilda í þrjú ár að því tilskildu að staðreyndir og skilyrði, þar á meðal upprunareglurnar sem giltu við gerð þess, haldist sambærileg. Matið fellur úr gildi ef ákvörðun sem er andstæð því er tekin við endurskoðun eins og um getur í j-lið, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðilum sé tilkynnt um það fyrirfram. Matið skal gert opinbert með fyrirvara um ákvæði k-liðar;

i) þegar þeir gera breytingar á upprunareglum eða setja nýjar upprunareglur séu slíkar breytingar ekki afturvirkar eins og skilgreint er í lögum þeirra eða reglum og hafi ekki áhrif á þau;

j) unnt sé að endurskoða þegar í stað, óháð yfirvaldinu sem tekur ákvörðunina, af dómstóli, gerðardómi eða stjórnsýsludómstóli eða með sérstakri málsmeðferð, allar stjórnsýsluaðgerðir sem þeir grípa til við ákvörðun uppruna og geta haft áhrif á breytingu eða afturköllun ákvörðunarinnar;

k) allar upplýsingar, sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða veittar sem trúnaðarmál vegna beitingar upprunareglna, séu meðhöndlaðar í fyllsta trúnaði af hlutaðeigandi yfirvöldum, sem mega ekki láta þær í té án sérstakrar heimildar þess einstaklings eða stjórnvalda sem veita upplýsingarnar, nema þess sé krafist að trúnaðarkvöðum sé aflétt í tengslum við málarekstur.

cause, assessments of the origin they would accord to a good are issued as soon as possible but no later than 150 days[60] after a request for such an assessment provided that all necessary elements have been submitted. Requests for such assessments shall be accepted before trade in the good concerned begins and may be accepted at any later point in time. Such assessments shall remain valid for three years provided that the facts and conditions, including the rules of origin, under which they have been made remain comparable. Provided that the parties concerned are informed in advance, such assessments will no longer be valid when a decision contrary to the assessment is made in a review as referred to in subparagraph (j). Such assessments shall be made publicly available subject to the provisions of subparagraph (k);

(i) when introducing changes to their rules of origin or new rules of origin, they shall not apply such changes retroactively as defined in, and without prejudice to, their laws or regulations;

(j) any administrative action which they take in relation to the determination of origin is reviewable promptly by judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures, independent of the authority issuing the determination, which can effect the modification or reversal of the determination;

(k) all information that is by nature confidential or that is provided on a confidential basis for the purpose of the application of rules of origin is treated as strictly confidential by the authorities concerned, which shall not disclose it without the specific permission of the person or government providing such information, except to the extent that it may be required to be disclosed in the context of judicial proceedings.

3. gr.

Verklagsreglur að loknu aðlögunartímabilinu.

Með tilliti til þess markmiðs allra aðila að koma á samhæfðum upprunareglum, með vinnuáætlun um samhæfingu sem er sett fram í IV. hluta, skulu aðilar sjá til þess, enda hafi niðurstöðum samhæfingarvinnuáætlunarinnar verið hrundið í framkvæmd, að:

Article 3

Disciplines after the Transition Period

Taking into account the aim of all Members to achieve, as a result of the harmonization work programme set out in Part IV, the establishment of harmonized rules of origin, Members shall ensure, upon the implementation of the results of the harmonization work programme, that:

a) þeir beiti upprunareglum af óhlutdrægni á allan hátt eins og tilgreint er í 1. gr.;
b) samkvæmt upprunareglum þeirra sé land, sem ætlunin er að ákvarða sem upprunaland tiltekinnar vöru, annaðhvort landið þar sem varan er að öllu leyti fengin eða, þegar fleiri lönd en eitt hafa komið að framleiðslu vörunnar, landið þar sem síðast hafa verið gerðar á henni verulegar umbreytingar;
c) upprunareglur sem þeir nota um innflutning og útflutning séu ekki strangari en upprunareglur sem þeir nota til að ákvarða hvort vara sé innlend og þær mismuni ekki aðilum, óháð því hvaða tengsl eru á milli framleiðenda viðkomandi vöru;
d) upprunareglum þeirra sé beitt af samkvæmni, einsleitni, óhlutdrægni og sanngirni;
e) lög þeirra, reglur, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurðir, er hafa almennt gildi að því er varðar upprunareglur, séu birt eins og þau falli undir ákvæði 1. mgr. X. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samræmi við þau;
f) að fenginni beiðni frá útflytjanda, innflytjanda eða einstaklingi með réttmætar ástæður sé upprunamat þeirra á vöru ákveðið eins fljótt og unnt er, og eigi síðar en 150 dögum eftir að beiðni um slíkt mat kemur fram, að því tilskildu að öll nauðsynleg gögn hafi verið lögð fram. Beiðni um slíkt mat skal staðfest áður en viðskipti með viðeigandi vöru hefjast og hægt að staðfesta hana hvenær sem er síðar. Matið skal gilda í þrjú ár, að því tilskildu að staðreyndir og skilyrði, þar á meðal upprunareglurnar sem giltu við gerð þess, haldist sambærileg. Matið fellur úr gildi ef ákvörðun sem er andstæð því er tekin við endurskoðun eins og um getur í h-lið, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðilum sé tilkynnt um það fyrirfram. Matið skal gert opinbert með fyrirvara um ákvæði i-liðar;
g) þegar þeir gera breytingar á upprunareglum eða setja nýjar upprunareglum séu slíkar breytingar ekki afturvirkar eins og

(a) they apply rules of origin equally for all purposes as set out in Article 1;
(b) under their rules of origin, the country to be determined as the origin of a particular good is either the country where the good has been wholly obtained or, when more than one country is concerned in the production of the good, the country where the last substantial transformation has been carried out;
(c) the rules of origin that they apply to imports and exports are not more stringent than the rules of origin they apply to determine whether or not a good is domestic and shall not discriminate between other Members, irrespective of the affiliation of the manufacturers of the good concerned;
(d) the rules of origin are administered in a consistent, uniform, impartial and reasonable manner;
(e) their laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application relating to rules of origin are published as if they were subject to, and in accordance with, the provisions of paragraph 1 of Article X of GATT 1994;
(f) upon the request of an exporter, importer or any person with a justifiable cause, assessments of the origin they would accord to a good are issued as soon as possible but no later than 150 days after a request for such an assessment provided that all necessary elements have been submitted. Requests for such assessments shall be accepted before trade in the good concerned begins and may be accepted at any later point in time. Such assessments shall remain valid for three years provided that the facts and conditions, including the rules of origin, under which they have been made remain comparable. Provided that the parties concerned are informed in advance, such assessments will no longer be valid when a decision contrary to the assessment is made in a review as referred to in subparagraph (h). Such assessments shall be made publicly available subject to the provisions of subparagraph (i);
(g) when introducing changes to their rules of origin or new rules of origin, they shall not apply such changes retroac-

skilgreint er í lögum þeirra eða reglum og hafi ekki áhrif á þau;

h) unnt sé að endurskoða þegar í stað, óháð yfirvaldinu sem tekur ákvörðunina, af dómstóli, gerðardómi eða stjórnsýsludómstóli eða með sérstakri málsmeðferð, allar stjórnsýsluaðgerðir sem þeir grípa til við ákvörðun uppruna og geta haft áhrif á breytingu eða afturköllun ákvörðunarinnar;

i) allar upplýsingar, sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða eru veittar sem trúnaðarmál vegna beitingar upprunareglna, séu meðhöndlaðar í fyllsta trúnaði af hlutaðeigandi yfirvöldum sem mega ekki láta þær í té án sérstakrar heimildar þess einstaklings eða stjórnvalda sem veita upplýsingarnar, nema þess sé krafist að trúnaðarkvöðum sé aflétt í tengslum við málarekstur.

III. HLUTI
MÁLSMEÐFERÐ VIÐ TILKYNNINGAR, ENDURSKOÐUN, VIÐRÆÐUR OG LAUSN DEILUMÁLA

4. gr.
Stofnanir.

1. Hér með er komið á fót nefnd um upprunareglur (í þessum samningi kölluð „nefndin“) sem er skipuð fulltrúum allra aðila. Nefndin velur sér formann og kemur saman eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári, í þeim tilgangi að veita aðilum tækifæri til að eiga viðræður um málefni sem varða framkvæmd I., II., III. og IV. hluta eða til að stuðla að því að markmiðin sem eru sett fram í þessum hlutum náist og sinna öðrum skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi eða af vöruviðskiptaráðinu. Þegar það á við skal nefndin leita eftir upplýsingum og ráðgjöf frá tækninefndinni sem um getur í 2. mgr. um málefni er varða þennan samning. Nefndin getur einnig farið fram á að tækninefndin sinni öðrum störfum sem hún telur að stuðli að því að framangreind markmið þessa samnings náist. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal veita nefndinni skrifstofuþjónustu.

2. Koma skal á fót tækninefnd um upprunareglur (í þessum samningi kölluð „tækninefndin“) á vegum tollasamvinnuráðsins eins og kveðið er á um í I. viðauka. Tækninefndin skal annast tæknilega framkvæmd samningsins um upprunareglur og gegna þeim störfum sem henni eru falin í þessum samningi. Tækninefndin skal fylgjast með og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins og gefa nefndinni skýrslu um hana.

tively as defined in, and without prejudice to, their laws or regulations;

(h) any administrative action which they take in relation to the determination of origin is reviewable promptly by judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures, independent of the authority issuing the determination, which can effect the modification or reversal of the determination;

(i) all information which is by nature confidential or which is provided on a confidential basis for the purpose of the application of rules of origin is treated as strictly confidential by the authorities concerned, which shall not disclose it without the specific permission of the person or government providing such information, except to the extent that it may be required to be disclosed in the context of judicial proceedings.

PART III
PROCEDURAL ARRANGEMENTS ON NOTIFICATION, REVIEW, CONSULTATION AND DISPUTE SETTLEMENT

Article 4
Institutions

1. There is hereby established a Committee on Rules of Origin (referred to in this Agreement as "the Committee") composed of the representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and shall meet as necessary, but not less than once a year, for the purpose of affording Members the opportunity to consult on matters relating to the operation of Parts I, II, III and IV or the furtherance of the objectives set out in these Parts and to carry out such other responsibilities assigned to it under this Agreement or by the Council for Trade in Goods. Where appropriate, the Committee shall request information and advice from the Technical Committee referred to in paragraph 2 on matters related to this Agreement. The Committee may also request such other work from the Technical Committee as it considers appropriate for the furtherance of the above-mentioned objectives of this Agreement. The WTO Secretariat shall act as the secretariat to the Committee.

2. There shall be established a Technical Committee on Rules of Origin (referred to in this Agreement as "the Technical Committee") under the auspices of the Customs Co-operation Coun-

vinnuna sem fjallað er um í IV. hluta og mælt er fyrir um í I. viðauka. Eftir því sem við á skal tækninefndin leita eftir upplýsingum og ráðgjöf frá nefndinni um málefni er varða þennan samning. Tækninefndin getur einnig farið fram á að nefndin sinni öðrum störfum sem hún telur að stuðli að því að framangreind markmið þessa samnings náist. Aðalskrifstofa tollasamvinnuráðsins skal veita tækninefndinni skrifstofuþjónustu.

cil (CCC) as set out in Annex I. The Technical Committee shall carry out the technical work called for in Part IV and prescribed in Annex I. Where appropriate, the Technical Committee shall request information and advice from the Committee on matters related to this Agreement. The Technical Committee may also request such other work from the Committee as it considers appropriate for the furtherance of the above-mentioned objectives of the Agreement. The CCC Secretariat shall act as the secretariat to the Technical Committee.

5. gr.

Upplýsingar og málsmeðferð við breytingar og setningu nýrra upprunareglna.

1. Hver aðili um sig skal láta aðalskrifstofunni í té, innan 90 daga frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, upprunareglur sínar, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði, er hafa almennt gildi að því er varðar upprunareglur, sem eru í gildi á þeim degi. Hafi upprunaregla ekki verið látin í té, vegna misgánings, skal hlutaðeigandi aðili senda hana strax og það er ljóst. Aðalskrifstofan skal dreifa til aðila upplýsingaskrám sem henni hafa borist og liggja frammi hjá henni.

2. Á tímabilinu sem um getur í 2. gr. skulu aðilar sem gera breytingar, aðrar en lágmarksbreytingar, á upprunareglum sínum eða setja nýjar upprunareglur sem skulu, að því er þessa grein varðar, taka til upprunareglna sem um getur í 1. mgr. og hafa ekki verið sendar aðalskrifstofunni, birta auglýsingu þess efnis eigi síðar en 60 dögum fyrir gildistöku breyttrar eða nýrrar reglu með þeim hætti að hagsmunaaðilum sé gert kleift að kynna sér fyrirætlun um að breyta upprunareglunni eða setja nýja upprunareglu, nema um sérstakar aðstæður sé að ræða eða hætta sé á að þær komi upp hjá aðila. Í þessum undantekningartilvikum skal aðilinn birta hina breyttu eða nýju reglu eins fljótt og unnt er.

Article 5

Information and Procedures for Modification and Introduction of New Rules of Origin

1. Each Member shall provide to the Secretariat, within 90 days after the date of entry into force of the WTO Agreement for it, its rules of origin, judicial decisions, and administrative rulings of general application relating to rules of origin in effect on that date. If by inadvertence a rule of origin has not been provided, the Member concerned shall provide it immediately after this fact becomes known. Lists of information received and available with the Secretariat shall be circulated to the Members by the Secretariat.

2. During the period referred to in Article 2, Members introducing modifications, other than *de minimis* modifications, to their rules of origin or introducing new rules of origin, which, for the purpose of this Article, shall include any rule of origin referred to in paragraph 1 and not provided to the Secretariat, shall publish a notice to that effect at least 60 days before the entry into force of the modified or new rule in such a manner as to enable interested parties to become acquainted with the intention to modify a rule of origin or to introduce a new rule of origin, unless exceptional circumstances arise or threaten to arise for a Member. In these exceptional cases, the Member shall publish the modified or new rule as soon as possible.

6. gr.

Endurskoðun.

1. Nefndin skal endurskoða framkvæmd og rekstur II. og III. hluta þessa samnings ár hvert með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal árlega tilkynna vöruviðskiptaráðinu um þróun mála á því tímabili sem endurskoðunin stendur yfir.

2. Nefndin skal endurskoða ákvæði I., II. og III. hluta og gera tillögur um breytingar eftir því

Article 6

Review

1. The Committee shall review annually the implementation and operation of Parts II and III of this Agreement having regard to its objectives. The Committee shall annually inform the Council for Trade in Goods of developments during the period covered by such reviews.

2. The Committee shall review the provisions of Parts I, II and III and propose amendments as

sem með þarf með tilliti til niðurstaðna vinnuáætlunarinnar um samhæfingu.
3. Nefndin skal, í samvinnu við tækninefndina, koma á fyrirkomulagi þar sem tillit er tekið til niðurstaðna vinnuáætlunarinnar um samhæfingu og leggja fram tillögur um breytingar, að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem mælt er fyrir um í 9. gr. Þetta getur náð til tilvika þar sem þörf er á að gera reglurnar skilvirkari eða uppfæra þær með tilliti til nýs framleiðsluferlis sem á rætur að rekja til tæknibreytinga.

7. gr.
Viðræður.

Ákvæði XXII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um þennan samning.

8. gr.
Lausn deilumála.

Ákvæði XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um þennan samning.

IV. HLUTI
SAMHÆFING UPPRUNAREGLNA

9. gr.
Markmið og meginreglur.

1. Með það að markmiði að samhæfa upprunareglur og, meðal annars, að skapa meira öryggi á sviði heimsviðskipta skal ráðherrastefnan hrinda í framkvæmd vinnuáætluninni, sem er sett fram hér á eftir, í samvinnu við tollasamvinnuráðið á grundvelli eftirfarandi meginreglna:

a) upprunareglum skal beitt af óhlutdrægni á allan hátt eins og tilgreint er í 1. gr.;
b) samkvæmt upprunareglum skal land, sem ætlunin er að ákvarða sem upprunaland tiltekinnar vöru, vera annaðhvort landið þar sem varan er að öllu leyti fengin eða, þegar fleiri lönd en eitt hafa komið að framleiðslu vörunnar, landið þar sem síðast hafa verið gerðar á henni verulegar umbreytingar;
c) upprunareglur eiga að vera hlutlægar, skiljanlegar og áreiðanlegar;
d) þrátt fyrir ráðstöfun eða gerning sem upprunareglur tengjast skal ekki nota þær

necessary to reflect the results of the harmonization work programme.
3. The Committee, in cooperation with the Technical Committee, shall set up a mechanism to consider and propose amendments to the results of the harmonization work programme, taking into account the objectives and principles set out in Article 9. This may include instances where the rules need to be made more operational or need to be updated to take into account new production processes as affected by any technological change.

Article 7
Consultation

The provisions of Article XXII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding, are applicable to this Agreement.

Article 8
Dispute Settlement

The provisions of Article XXIII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding, are applicable to this Agreement.

PART IV
HARMONIZATION OF RULES OF ORIGIN

Article 9
Objectives and Principles

1. With the objectives of harmonizing rules of origin and, *inter alia*, providing more certainty in the conduct of world trade, the Ministerial Conference shall undertake the work programme set out below in conjunction with the CCC, on the basis of the following principles:

(a) rules of origin should be applied equally for all purposes as set out in Article 1;
(b) rules of origin should provide for the country to be determined as the origin of a particular good to be either the country where the good has been wholly obtained or, when more than one country is concerned in the production of the good, the country where the last substantial transformation has been carried out;
(c) rules of origin should be objective, understandable and predictable;
(d) notwithstanding the measure or instrument to which they may be linked, rules

sem tæki til að ná viðskiptamarkmiðum beint eða óbeint. Þær skulu ekki í sjálfu sér hafa áhrif sem takmarka, trufla eða raska alþjóðaviðskiptum. Með þeim skal ekki gera óeðlilega strangar kröfur eða krefjast þess að tilteknu skilyrði sem tengist ekki framleiðslu eða vinnslu sé fullnægt sem forsendu fyrir ákvörðun upprunalands. Hins vegar er heimilt að telja með kostnað sem tengist ekki beint framleiðslu eða vinnslu þegar beita á viðmiðuninni um hundraðshluta af verðmæti;

e) upprunareglum skal beita af samkvæmni, einsleitni, óhlutdrægni og sanngirni;

f) upprunareglur skulu vera samræmdar innbyrðis;

g) upprunareglur skulu byggjast á jákvæðum staðli. Neikvæða staðla má nota til að skýra jákvæðan staðal.

Vinnuáætlun.

2. a) Hrinda skal vinnuáætluninni í framkvæmd eins fljótt eftir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og unnt er og skal henni lokið innan þriggja ára frá því að vinnan hefst.

b) Nefndin og tækninefndin, sem kveðið er á um í 4. gr., eru réttu aðilarnir til að annast það verk.

c) Til að tryggja að nákvæmar upplýsingar fáist frá tollasamvinnuráðinu skal nefndin fara fram á það við tækninefndina að hún leggi fram túlkun sína og álit í tengslum við þá vinnu sem er lýst hér á eftir á grundvelli meginreglnanna sem fram koma í 1. mgr. Til að tryggja að vinnuáætluninni um samhæfingu verði lokið tímanlega skal sú vinna fara fram á grundvelli framleiðslusviða eins og þeir birtast í köflum og flokkum samræmdu tollskrárinnar.

i) *Vara að öllu leyti fengin og lágmarksaðgerðir eða aðvinnsla.*
Tækninefndin skal semja samhæfðar skilgreiningar á:

- vörum sem verða taldar að öllu leyti fengnar í einu landi. Þessi vinna skal útfærð eins nákvæmlega og unnt er;

of origin should not be used as instruments to pursue trade objectives directly or indirectly. They should not themselves create restrictive, distorting or disruptive effects on international trade. They should not pose unduly strict requirements or require the fulfilment of a certain condition not relating to manufacturing or processing as a prerequisite for the determination of the country of origin. However, costs not directly related to manufacturing or processing may be included for purposes of the application of an ad valorem percentage criterion;

(e) rules of origin should be administrable in a consistent, uniform, impartial and reasonable manner;

(f) rules of origin should be coherent;

(g) rules of origin should be based on a positive standard. Negative standards may be used to clarify a positive standard.

Work Programme

2. (a) The work programme shall be initiated as soon after the entry into force of the WTO Agreement as possible and will be completed within three years of initiation.

(b) The Committee and the Technical Committee provided for in Article 4 shall be the appropriate bodies to conduct this work.

(c) To provide for detailed input by the CCC, the Committee shall request the Technical Committee to provide its interpretations and opinions resulting from the work described below on the basis of the principles listed in paragraph 1. To ensure timely completion of the work programme for harmonization, such work shall be conducted on a product sector basis, as represented by various chapters or sections of the Harmonized System (HS) nomenclature.

(i) *Wholly Obtained and Minimal Operations or Processes*
The Technical Committee shall develop harmonized definitions of:

- the goods that are to be considered as being wholly obtained in one country. This work shall be as detailed as possible;

- lágmarksaðgerðum eða aðvinnslu sem hefur ekki áhrif á uppruna vöru í sjálfu sér.
  Árangur þessarar vinnu skal lagður fyrir nefndina innan þriggja mánaða frá því að beiðnin frá henni berst.

ii) *Verulegar umbreytingar. - Breyting á tollflokkun.*

- Tækninefndin skal athuga og útfæra nánar, á grundvelli viðmiðunarinnar um verulega umbreytingu, breytingar á undirlið eða vörulið við samningu upprunareglna fyrir tilteknar framleiðsluvörur eða framleiðslusvið og, ef við á, lágmarksbreytingu í tollskránni sem uppfyllir þessa viðmiðun.

- Tækninefndin skal sundurliða þessa vinnu eftir vörum, á grundvelli kafla eða flokka samræmdu tollskrárinnar, og leggja fyrir nefndina niðurstöður vinnu sinnar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Tækninefndin skal ljúka framangreindri vinnu innan eins árs og þriggja mánaða frá því að beiðni berst frá nefndinni.

iii) *Verulegar umbreytingar. - Viðbótarviðmiðanir.*
Þegar vinna skv. ii-lið hefur farið fram fyrir hvert framleiðslusvið eða vörutegund þar sem ekki er hægt að skera úr um það með notkun samræmdu tollskrárinnar einnar sér að um verulega umbreytingu sé að ræða:

- skal tækninefndin meta og útfæra nánar, á grundvelli viðmiðunarinnar um verulega umbreytingu, notkun annarra viðmiðana, til viðbótar eða sérstaklega, þar á meðal viðmiðun um hundraðshluta af verðmæti[61] og/eða framleiðslu- eða aðvinnsluaðgerðir,[62] við mótun upprunareglna fyrir tilteknar framleiðsluvörur eða framleiðslusvið;
- getur tækninefndin rökstutt tillögur sínar;
- skal tækninefndin sundurliða þessa vinnu eftir vöru að teknu tilliti til kafla eða flokka samræmdu tollskrár-

- minimal operations or processes that do not by themselves confer origin to a good.
  The results of this work shall be submitted to the Committee within three months of receipt of the request from the Committee.

(ii) *Substantial Transformation - Change in Tariff Classification*

- The Technical Committee shall consider and elaborate upon, on the basis of the criterion of substantial transformation, the use of change in tariff subheading or heading when developing rules of origin for particular products or a product sector and, if appropriate, the minimum change within the nomenclature that meets this criterion.

- The Technical Committee shall divide the above work on a product basis taking into account the chapters or sections of the HS nomenclature, so as to submit results of its work to the Committee at least on a quarterly basis. The Technical Committee shall complete the above work within one year and three months from receipt of the request of the Committee.

(iii) *Substantial Transformation - Supplementary Criteria*
Upon completion of the work under subparagraph (ii) for each product sector or individual product category where the exclusive use of the HS nomenclature does not allow for the expression of substantial transformation, the Technical Committee:

- shall consider and elaborate upon, on the basis of the criterion of substantial transformation, the use, in a supplementary or exclusive manner, of other requirements, including ad valorem percentages[61] and/or manufacturing or processing operations[62], when developing rules of origin for particular products or a product sector;
- may provide explanations for its proposals;
- shall divide the above work on a product basis taking into account the chapters or sections of the HS nom-

innar og leggja fyrir nefndina niðurstöður vinnu sinnar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Tækninefndin skal ljúka framangreindri vinnu innan tveggja ára og þriggja mánaða frá því að beiðni berst frá nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar.

3. Á grundvelli meginreglnanna sem koma fram í 1. mgr.:

a) skal nefndin athuga túlkun og álit tækninefndarinnar reglulega í samræmi við þau tímamörk sem kveðið er á um í i-, ii- og iii-lið c-liðar 2. mgr. með það fyrir augum að samþykkja slíka túlkun og álit. Nefndinni er heimilt að óska eftir því við tækninefndina að hún betrumbæti eða útfæri nánar vinnu sína og/eða móti nýjar aðferðir. Til að létta undir með tækninefndinni ber nefndinni að rökstyðja beiðni sína um frekari úrvinnslu og, eftir því sem við á, koma með tillögur að öðrum aðferðum;

b) þegar allri vinnu skv. i-, ii- og iii-lið c-liðar 2. mgr. er lokið skal nefndin meta niðurstöðurnar í ljósi heildarsamhengis þeirra.

Niðurstöður vinnuáætlunarinnar um samhæfingu og síðari vinna.

4. Ráðherrastefnan skal setja fram niðurstöður vinnuáætlunarinnar um samhæfingu í viðauka sem óaðskiljanlegan hluta þessa samnings.[63] Ráðherrastefnan skal ákveða tímamörk fyrir gildistöku þessa viðauka.

I. VIÐAUKI
TÆKNINEFND UM UPPRUNAREGLUR

Skyldur.

1. Tækninefndin skal gegna eftirfarandi föstum skyldustörfum:

a) að beiðni aðila að tækninefndinni, að rannsaka sérstök tæknileg vandamál sem koma upp við framkvæmd upprunareglna aðila frá degi til dags og veita ráðgefandi álit um viðeigandi lausnir á grundvelli þeirra staðreynda sem liggja fyrir;

enclature, so as to submit results of its work to the Committee at least on a quarterly basis. The Technical Committee shall complete the above work within two years and three months of receipt of the request from the Committee.

Role of the Committee

3. On the basis of the principles listed in paragraph 1:

(a) the Committee shall consider the interpretations and opinions of the Technical Committee periodically in accordance with the time-frames provided in subparagraphs (i), (ii) and (iii) of paragraph 2(c) with a view to endorsing such interpretations and opinions. The Committee may request the Technical Committee to refine or elaborate its work and/or to develop new approaches. To assist the Technical Committee, the Committee should provide its reasons for requests for additional work and, as appropriate, suggest alternative approaches;

(b) upon completion of all the work identified in subparagraphs (i), (ii) and (iii) of paragraph 2(c), the Committee shall consider the results in terms of their overall coherence.

Results of the Harmonization Work Programme and Subsequent Work

4. The Ministerial Conference shall establish the results of the harmonization work programme in an annex as an integral part of this Agreement.[63] The Ministerial Conference shall establish a time-frame for the entry into force of this annex.

ANNEX I
TECHNICAL COMMITTEE ON RULES OF ORIGIN

Responsibilities

1. The ongoing responsibilities of the Technical Committee shall include the following:

(a) at the request of any member of the Technical Committee, to examine specific technical problems arising in the day-to-day administration of the rules of origin of Members and to give advisory opinions on appropriate solutions based upon the facts presented;

b) að veita upplýsingar og ráðgjöf um málefni er varða upprunaákvörðun vöru að beiðni aðila eða nefndarinnar;

c) að semja og dreifa reglulega skýrslum um tæknileg atriði er varða rekstur og stöðu þessa samnings; og
d) að endurskoða árlega tæknileg atriði er varða framkvæmd og rekstur II. og III. hluta.

2. Tækninefndin skal sinna öðrum skyldustörfum eftir því sem nefndin óskar eftir.

3. Tækninefndin skal leitast við að ljúka störfum sínum að sérstökum málefnum, einkum þeim sem aðilar eða nefndin vísa til hennar, með skjótum hætti eftir því sem unnt er.

Fulltrúaseta.

4. Sérhver aðili skal eiga rétt á að eiga fulltrúa í tækninefndinni. Hverjum aðila um sig er heimilt að tilnefna einn fulltrúa og einn eða fleiri varamenn til setu í tækninefndinni. Aðili, sem á fulltrúa í nefndinni eins og hér er gert ráð fyrir, er hér á eftir nefndur „aðili“ í tækninefndinni. Fulltrúum aðila í tækninefndinni er heimilt að njóta aðstoðar ráðgjafa á fundum tækninefndarinnar. Starfsfólk aðalskrifstofu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar getur einnig sótt slíka fundi sem áheyrnarfulltrúar.

5. Aðilum að tollasamvinnuráðinu, sem eru ekki aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, er heimilt að hafa einn fulltrúa og einn eða fleiri varamenn á fundum tækninefndarinnar. Þessir fulltrúar skulu sækja fundi tækninefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

6. Með fyrirvara um samþykki formanns tækninefndarinnar er aðalframkvæmdastjóra tollasamvinnuráðsins (í þessum viðauka nefndur „aðalframkvæmdastjórinn“) heimilt að bjóða fulltrúum stjórnvalda sem eru hvorki aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni né tollasamvinnuráðinu og fulltrúum alþjóðlegra milliríkja- og viðskiptastofnana að sækja fundi tækninefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

7. Tilnefningar fulltrúa, varamanna og ráðgjafa til setu á fundum tækninefndarinnar skal leggja fyrir aðalframkvæmdastjórann.

Fundir.

8. Tækninefndin skal koma saman eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

(b) to furnish information and advice on any matters concerning the origin determination of goods as may be requested by any Member or the Committee;
(c) to prepare and circulate periodic reports on the technical aspects of the operation and status of this Agreement; and
(d) to review annually the technical aspects of the implementation and operation of Parts II and III.

2. The Technical Committee shall exercise such other responsibilities as the Committee may request of it.

3. The Technical Committee shall attempt to conclude its work on specific matters, especially those referred to it by Members or the Committee, in a reasonably short period of time.

Representation

4. Each Member shall have the right to be represented on the Technical Committee. Each Member may nominate one delegate and one or more alternates to be its representatives on the Technical Committee. Such a Member so represented on the Technical Committee is hereinafter referred to as a "member" of the Technical Committee. Representatives of members of the Technical Committee may be assisted by advisers at meetings of the Technical Committee. The WTO Secretariat may also attend such meetings with observer status.

5. Members of the CCC which are not Members of the WTO may be represented at meetings of the Technical Committee by one delegate and one or more alternates. Such representatives shall attend meetings of the Technical Committee as observers.

6. Subject to the approval of the Chairman of the Technical Committee, the Secretary-General of the CCC (referred to in this Annex as "the Secretary-General") may invite representatives of governments which are neither Members of the WTO nor members of the CCC and representatives of international governmental and trade organizations to attend meetings of the Technical Committee as observers.

7. Nominations of delegates, alternates and advisers to meetings of the Technical Committee shall be made to the Secretary-General.

Meetings

8. The Technical Committee shall meet as necessary, but not less than once a year.

Málsmeðferð.

9. Tækninefndin velur sér formann og setur sér reglur um málsmeðferð.

II. VIÐAUKI
SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM UPPRUNAREGLUR SEM VEITA FRÍÐINDI

1. Þar eð aðilar viðurkenna að sumir þeirra beita upprunareglum sem veita fríðindi, aðskildar frá reglum sem veita ekki fríðindi, koma þeir sér hér með saman um eftirfarandi.

2. Að því er þessa sameiginlegu yfirlýsingu varðar skulu upprunareglur sem veita fríðindi merkja þau lög, reglur og stjórnsýsluákvarðanir er hafa almennt gildi og aðilar beita til að ákvarða hvort vörur fullnægi kröfum um fríðindameðferð samkvæmt samningsbundnu eða óháðu viðskiptafyrirkomulagi sem leiðir til tollfríðinda umfram það sem gert er ráð fyrir við beitingu 1. mgr. I. gr. GATT-samningsins frá 1994.

3. Aðilar *koma sér saman um* að sjá til þess að:

a) þegar þeir gefa út stjórnsýsluákvarðanir er hafa almennt gildi séu kröfur sem ber að uppfylla vel skilgreindar, einkum:

i) í tilvikum þar sem viðmiðuninni um breytingu á tollflokkun er beitt verði, í slíkri upprunareglu sem veitir fríðindi og undantekningum frá henni, að tilgreina nákvæmlega undirliði eða vöruliði tollnafnaskrárinnar sem reglan gildir um;

ii) í tilvikum þar sem viðmiðuninni um hundraðshluta af verðmæti er beitt skal einnig tilgreina, í upprunareglunum sem veita fríðindi, hvaða aðferð er notuð til að reikna þennan hundraðshluta;

iii) í tilvikum þar sem mælt er fyrir um notkun framleiðslu- eða vinnsluaðferða skal tilgreina nákvæmlega þær aðferðir sem veita viðkomandi vöru fríðindauppruna;

b) upprunareglur þeirra sem veita fríðindi byggist á jákvæðum staðli. Upprunareglur sem veita fríðindi, sem tiltaka hvað veitir ekki fríðindauppruna (neikvæður staðall), eru heimilar sem liður í að skýra jákvæðan staðal eða, í einstökum tilvikum, þar sem jákvæð ákvörðun um fríðindauppruna er ekki nauðsynleg;

Procedures

9. The Technical Committee shall elect its own Chairman and shall establish its own procedures.

ANNEX II
COMMON DECLARATION WITH REGARD TO PREFERENTIAL RULES OF ORIGIN

1. Recognizing that some Members apply preferential rules of origin, distinct from non-preferential rules of origin, the Members hereby *agree* as follows.

2. For the purposes of this Common Declaration, preferential rules of origin shall be defined as those laws, regulations and administrative determinations of general application applied by any Member to determine whether goods qualify for preferential treatment under contractual or autonomous trade regimes leading to the granting of tariff preferences going beyond the application of paragraph 1 of Article I of GATT 1994.

3. The Members *agree* to ensure that:

(a) when they issue administrative determinations of general application, the requirements to be fulfilled are clearly defined. In particular:

(i) in cases where the criterion of change of tariff classification is applied, such a preferential rule of origin, and any exceptions to the rule, must clearly specify the subheadings or headings within the tariff nomenclature that are addressed by the rule;

(ii) in cases where the ad valorem percentage criterion is applied, the method for calculating this percentage shall also be indicated in the preferential rules of origin;

(iii) in cases where the criterion of manufacturing or processing operation is prescribed, the operation that confers preferential origin shall be precisely specified;

(b) their preferential rules of origin are based on a positive standard. Preferential rules of origin that state what does not confer preferential origin (negative standard) are permissible as part of a clarification of a positive standard or in individual cases where a positive determination of preferential origin is not necessary;

c) lög þeirra, reglur, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurðir, er hafa almennt gildi að því er varðar upprunareglur sem veita fríðindi, séu birt eins og þau falli undir ákvæði 1. mgr. X. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samræmi við þau;

d) að fenginni beiðni frá útflytjanda, innflytjanda eða einstaklingi með réttmætar ástæður sé mat þeirra á fríðindauppruna vöru ákveðið eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 150 dögum[64] eftir að beiðni um slíkt mat kemur fram, að því tilskildu að öll nauðsynleg gögn hafi verið lögð fram. Beiðni um slíkt mat skal staðfest áður en viðskipti með viðkomandi vöru hefjast og hana er hægt að staðfesta hvenær sem er síðar. Matið skal gilda í þrjú ár að því tilskildu að staðreyndir og skilyrði, þar á meðal upprunareglurnar um fríðindi sem giltu við gerð þess, haldist sambærileg. Matið fellur úr gildi ef ákvörðun, sem er andstæð því, er tekin við endurskoðun eins og um getur í f-lið, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðilum sé tilkynnt um það fyrirfram. Matið skal gert opinbert með fyrirvara um ákvæði g-liðar;

e) þegar þeir gera breytingar á reglum um fríðindauppruna eða setja nýjar reglur um fríðindauppruna, séu slíkar breytingar ekki afturvirkar eins og skilgreint er í lögum þeirra eða reglum og hafi ekki áhrif á þau;

f) unnt sé að endurskoða þegar í stað, óháð yfirvaldinu sem tekur ákvörðunina, af dómstóli, gerðardómi eða stjórnsýsludómstóli eða með sérstakri málsmeðferð, allar stjórnsýsluaðgerðir sem þeir grípa til við ákvörðun fríðindauppruna og geta haft áhrif á breytingu eða afturköllun ákvörðunarinnar;

g) allar upplýsingar, sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða eru veittar sem trúnaðarmál vegna beitingar reglna um fríðindauppruna, séu meðhöndlaðar í fyllsta trúnaði af hlutaðeigandi yfirvöldum, sem mega ekki láta þær í té án sérstakrar heimildar þess einstaklings eða stjórnvalda sem veita upplýsingarnar, nema

(c) their laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application relating to preferential rules of origin are published as if they were subject to, and in accordance with, the provisions of paragraph 1 of Article X of GATT 1994;

(d) upon request of an exporter, importer or any person with a justifiable cause, assessments of the preferential origin they would accord to a good are issued as soon as possible but no later than 150 days[64] after a request for such an assessment provided that all necessary elements have been submitted. Requests for such assessments shall be accepted before trade in the good concerned begins and may be accepted at any later point in time. Such assessments shall remain valid for three years provided that the facts and conditions, including the preferential rules of origin, under which they have been made remain comparable. Provided that the parties concerned are informed in advance, such assessments will no longer be valid when a decision contrary to the assessment is made in a review as referred to in subparagraph (f). Such assessments shall be made publicly available subject to the provisions of subparagraph (g);

(e) when introducing changes to their preferential rules of origin or new preferential rules of origin, they shall not apply such changes retroactively as defined in, and without prejudice to, their laws or regulations;

(f) any administrative action which they take in relation to the determination of preferential origin is reviewable promptly by judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures, independent of the authority issuing the determination, which can effect the modification or reversal of the determination;

(g) all information that is by nature confidential or that is provided on a confidential basis for the purpose of the application of preferential rules of origin is treated as strictly confidential by the authorities concerned, which shall not disclose it without the specific permission of the person or government

þess sé krafist að trúnaðarkvöðum sé aflétt í tengslum við málarekstur.

4. Aðilar *koma sér saman um* að leggja þegar í stað fyrir aðalskrifstofuna reglur sínar um fríðindauppruna, að meðtalinni skrá yfir fríðindaráðstafanir sem þær gilda um, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði er hafa almennt gildi og varða upprunareglur þeirra sem veita fríðindi sem eru í gildi þann dag sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi hjá hlutaðeigandi aðila. Enn fremur koma aðilar sér saman um að koma á framfæri við aðalskrifstofuna, eins fljótt og unnt er, upplýsingum um allar breytingar sem þeir gera á upprunareglum sínum sem veita fríðindi eða nýjar reglur um fríðindauppruna. Aðalskrifstofan skal dreifa til aðila upplýsingaskrám sem henni berast og liggja frammi þar.

providing such information, except to the extent that it may be required to be disclosed in the context of judicial proceedings.

4. Members *agree* to provide to the Secretariat promptly their preferential rules of origin, including a listing of the preferential arrangements to which they apply, judicial decisions, and administrative rulings of general application relating to their preferential rules of origin in effect on the date of entry into force of the WTO Agreement for the Member concerned. Furthermore, Members agree to provide any modifications to their preferential rules of origin or new preferential rules of origin as soon as possible to the Secretariat. Lists of information received and available with the Secretariat shall be circulated to the Members by the Secretariat.

SAMNINGUR UM MÁLSMEÐFERÐ VIÐ VEITINGU INNFLUTNINGSLEYFA

Aðilar,

sem hafa hliðsjón af marghliða viðskiptaviðræðunum,

sem æskja þess að vinna að markmiðum GATT-samningsins frá 1994,

sem taka tillit til sérstakra viðskiptalegra, þróunarlegra og fjárhagslegra þarfa aðila sem eru þróunarlönd (hér eftir nefnd „þróunaraðildarlönd“),

sem viðurkenna að sjálfkrafa veiting innflutningsleyfa geti verið gagnleg í vissum tilgangi en ekki ætti að beita henni til að takmarka viðskipti,

sem viðurkenna að heimilt er að nota veitingu innflutningsleyfa til að stjórna ráðstöfunum eins og þeim sem samþykktar eru samkvæmt ákvæðum GATT-samningsins frá 1994,

sem viðurkenna ákvæði GATT-samningsins frá 1994 sem gilda um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa,

sem æskja þess að tryggja að málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa verði ekki notuð með þeim hætti að andstætt sé meginreglum og skuldbindingum GATT-samningsins frá 1994,

sem viðurkenna að unnt væri að hindra alþjóðaviðskipti með því að beita málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa með óviðeigandi hætti,

sem eru sannfærðir um að framkvæmd við veitingu innflutningsleyfa, einkum þeirra sem eru ekki veitt sjálfkrafa, skuli vera gagnsæ og fyrirsjáanleg,

AGREEMENT ON IMPORT LICENSING PROCEDURES

Members,

Having regard to the Multilateral Trade Negotiations;

Desiring to further the objectives of GATT 1994;

Taking into account the particular trade, development and financial needs of developing country Members;

Recognizing the usefulness of automatic import licensing for certain purposes and that such licensing should not be used to restrict trade;

Recognizing that import licensing may be employed to administer measures such as those adopted pursuant to the relevant provisions of GATT 1994;

Recognizing the provisions of GATT 1994 as they apply to import licensing procedures;

Desiring to ensure that import licensing procedures are not utilized in a manner contrary to the principles and obligations of GATT 1994;

Recognizing that the flow of international trade could be impeded by the inappropriate use of import licensing procedures;

Convinced that import licensing, particularly non-automatic import licensing, should be implemented in a transparent and predictable manner;

sem viðurkenna að málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem ekki eru veitt sjálfkrafa eigi ekki að íþyngja stjórnsýslunni meira en nauðsynlegt er til að geta stjórnað viðkomandi ráðstöfunum,

sem æskja þess að einfalda þá stjórnsýslumeðferð og þá starfshætti sem tíðkast í alþjóðaviðskiptum og gera þá gagnsærri og tryggja réttláta og sanngjarna beitingu og stjórnun slíkrar málsmeðferðar og slíkra starfshátta,

sem æskja þess að skapa vettvang fyrir viðræður og leysa deilumál sem kunna að koma upp í tengslum við þennan samning með skjótum, skilvirkum og sanngjörnum hætti,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.
Almenn ákvæði.

1. Í þessum samningi er veiting innflutningsleyfa skilgreind sem stjórnsýslumeðferð[65] sem notuð er við stjórn veitingakerfis innflutningsleyfa þar sem gert er að skilyrði fyrir innflutningi til tollsvæðis aðila sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili") að umsókn eða önnur skjöl (önnur en krafist er vegna tollafgreiðslu) séu lögð fram hjá hlutaðeigandi stjórnsýslustofnun.

2. Aðilar skulu sjá til þess að stjórnsýslumeðferð sem notuð er til að hrinda veitingakerfi innflutningsleyfa í framkvæmd sé í samræmi við viðkomandi ákvæði GATT-samningsins frá 1994, að meðtöldum viðaukum og bókunum við hann, eins og þau eru túlkuð í þessum samningi, með það í huga að koma í veg fyrir röskun á viðskiptum sem gæti leitt af óviðeigandi beitingu þessarar málsmeðferðar, að teknu tilliti til þeirrar efnahagsþróunar sem stefnt er að og fjárhagslegra og viðskiptalegra þarfa þróunaraðildarlanda.[66]

3. Reglum um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa skal beitt hlutlaust og þær framkvæmdar á réttlátan og sanngjarnan hátt.

4. a) Reglur og allar upplýsingar um málsmeðferð við umsókn um innflutningsleyfi, þar með taldar upplýsingar um rétt einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til að leggja fram slíkar umsóknir, um stjórnsýslustofnanir sem ber að snúa sér til og skrár yfir vörur sem eru háðar kröfu um leyfi skulu birtar í heimildum sem tilkynnt er um til nefndarinnar um veitingu innflutningsleyfa sem kveðið er á um í 4. gr. (í þessum samningi kölluð „nefndin") með þeim hætti að stjórnvöldum[67] og kaupmönnum sé gert kleift að kynna

Recognizing that non-automatic licensing procedures should be no more administratively burdensome than absolutely necessary to administer the relevant measure;

Desiring to simplify, and bring transparency to, the administrative procedures and practices used in international trade, and to ensure the fair and equitable application and administration of such procedures and practices;

Desiring to provide for a consultative mechanism and the speedy, effective and equitable resolution of disputes arising under this Agreement;

Hereby *agree* as follows:

Article 1
General Provisions

1. For the purpose of this Agreement, import licensing is defined as administrative procedures[65] used for the operation of import licensing régimes requiring the submission of an application or other documentation (other than that required for customs purposes) to the relevant administrative body as a prior condition for importation into the customs territory of the importing Member.

2. Members shall ensure that the administrative procedures used to implement import licensing régimes are in conformity with the relevant provisions of GATT 1994 including its annexes and protocols, as interpreted by this Agreement, with a view to preventing trade distortions that may arise from an inappropriate operation of those procedures, taking into account the economic development purposes and financial and trade needs of developing country Members.[66]

3. The rules for import licensing procedures shall be neutral in application and administered in a fair and equitable manner.

4. (a) The rules and all information concerning procedures for the submission of applications, including the eligibility of persons, firms and institutions to make such applications, the administrative body(ies) to be approached, and the lists of products subject to the licensing requirement shall be published, in the sources notified to the Committee on Import Licensing provided for in Article 4 (referred to in this Agreement as "the Committee"), in such a manner as to enable governments[67] and traders to become acquainted with them.

sér efni þeirra. Þegar unnt er að koma því við skulu þessar upplýsingar birtar allt að 21 degi áður en kröfunni verður framfylgt, þó aldrei síðar en þann dag. Einnig skal, á sama hátt og innan þeirra tímamarka sem að framan greinir, auglýsa allar veittar undanþágur, frávik eða breytingar á reglum um málsmeðferð við leyfisveitingar eða breytingar á skrám yfir vörur sem eru háðar innflutningsleyfi. Einnig skal senda aðalskrifstofunni afrit af þessum auglýsingum.

b) Veita skal aðilum, sem óska eftir því að leggja fram skriflegar athugasemdir, tækifæri til að ræða þær athugasemdir ef þeir fara fram á það. Hlutaðeigandi aðilar skulu taka tilhlýðilegt tillit til þessara athugasemda og niðurstaðna viðræðnanna.

5. Umsóknareyðublöð og, þegar við á, eyðublöð til endurnýjunar á umsókn skulu vera eins einföld og unnt er. Við umsókn er heimilt að krefjast þeirra skjala og upplýsinga sem taldar eru algjörlega nauðsynlegar til þess að leyfisveitingakerfið virki eins og til er ætlast.

6. Málsmeðferð við umsókn og, þegar við á, málsmeðferð við endurnýjun á umsókn skal vera eins einföld og unnt er. Umsækjendur skulu fá hæfilegan frest til að leggja inn umsóknir um leyfi. Ef skilafrestur er tiltekinn ætti hann að vera að minnsta kosti 21 dagur og skal vera ákvæði um framlengingu hans í þeim tilvikum að ófullnægjandi umsóknir berist innan þess tíma. Umsækjendur eiga ekki að þurfa að hafa samskipti við fleiri en eina stjórnsýslustofnun vegna umsóknar. Ef algjörlega óhjákvæmilegt er að umsækjendur hafi samband við fleiri en eina stjórnsýslustofnun ættu þeir aldrei að þurfa að snúa sér til fleiri en þriggja stofnana.

7. Engri umsókn skal hafnað þó að í skjölunum finnist minni háttar skekkjur sem breyta ekki upplýsingunum í þeim í neinum grundvallaratriðum. Þótt eitthvað skorti á upplýsingar, villur finnist í skjölum eða ekki sé rétt staðið að umsókn skulu ekki vera strangari viðurlög við því en svo að þau geti talist viðvörun ef ljóst er að hvorki er um að ræða sviksamlegan tilgang né vítavert gáleysi.

8. Ekki skal hafna innflutningi sem leyfi er fyrir vegna smávægilegra frávika í verðgildi, magni eða þyngd frá þeirri tölu sem skráð er í leyfið vegna breytinga sem orðið hafa við flutninga, breytinga sem má rekja til þess að um lausafarm er að ræða og annarra smávægilegra breytinga sem samrýmast eðlilegum viðskiptaháttum.

9. Leyfishafar skulu hafa aðgang að erlendum

Such publication shall take place, whenever practicable, 21 days prior to the effective date of the requirement but in all events not later than such effective date. Any exception, derogations or changes in or from the rules concerning licensing procedures or the list of products subject to import licensing shall also be published in the same manner and within the same time periods as specified above. Copies of these publications shall also be made available to the Secretariat.

(b) Members which wish to make comments in writing shall be provided the opportunity to discuss these comments upon request. The concerned Member shall give due consideration to these comments and results of discussion.

5. Application forms and, where applicable, renewal forms shall be as simple as possible. Such documents and information as are considered strictly necessary for the proper functioning of the licensing régime may be required on application.

6. Application procedures and, where applicable, renewal procedures shall be as simple as possible. Applicants shall be allowed a reasonable period for the submission of licence applications. Where there is a closing date, this period should be at least 21 days with provision for extension in circumstances where insufficient applications have been received within this period. Applicants shall have to approach only one administrative body in connection with an application. Where it is strictly indispensable to approach more than one administrative body, applicants shall not need to approach more than three administrative bodies.

7. No application shall be refused for minor documentation errors which do not alter basic data contained therein. No penalty greater than necessary to serve merely as a warning shall be imposed in respect of any omission or mistake in documentation or procedures which is obviously made without fraudulent intent or gross negligence.

8. Licensed imports shall not be refused for minor variations in value, quantity or weight from the amount designated on the licence due to differences occurring during shipment, differences incidental to bulk loading and other minor differences consistent with normal commercial practice.

9. The foreign exchange necessary to pay for

gjaldeyri til greiðslu á leyfisbundnum innflutningi á sama hátt og innflytjendur vöru sem ekki þarf innflutningsleyfi fyrir.
10. Um undanþágur af öryggisástæðum fer samkvæmt ákvæðum XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994.
11. Ákvæði þessa samnings leggja engum aðila þær skyldur á herðar að láta af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

licensed imports shall be made available to licence holders on the same basis as to importers of goods not requiring import licences.
10. With regard to security exceptions, the provisions of Article XXI of GATT 1994 apply.

11. The provisions of this Agreement shall not require any Member to disclose confidential information which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

2. gr.

Sjálfkrafa veiting innflutningsleyfa.[68]

1. Sjálfkrafa veiting innflutningsleyfa er skilgreind sem veiting innflutningsleyfa þar sem umsókn er ávallt samþykkt og er í samræmi við skilyrði a-liðar 2. mgr.
2. Auk ákvæða 1.–11. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar gilda eftirfarandi ákvæði[69] um málsmeðferð við sjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa:

a) eigi skal haga málsmeðferð við sjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa með þeim hætti að hún geti haft takmarkandi áhrif á innflutning sem er bundinn sjálfkrafa leyfisveitingu. Málsmeðferð við sjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa telst hafa takmarkandi áhrif á viðskipti nema, meðal annars:
   i) allir einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir sem uppfylla lagaskilyrði innflutningsaðilans til að hefja innflutning á vörum, sem bundnar eru sjálfkrafa leyfisveitingu, hafi sama rétt til að sækja um og fá innflutningsleyfi;
   ii) unnt sé að leggja fram leyfisumsóknir hvaða virkan dag sem er áður en vörurnar eru tollafgreiddar;
   iii) leyfisumsóknir sem eru lagðar inn rétt og nákvæmlega útfylltar séu, að því marki sem gerlegt er innan stjórnsýslunnar, samþykktar strax og tekið er við þeim eða innan tíu virkra daga að hámarki;
b) aðilar viðurkenna að sjálfkrafa veiting innflutningsleyfa geti verið nauðsynleg þegar önnur viðeigandi málsmeðferð er ekki tiltæk. Sjálfkrafa veiting innflutningsleyfa er heimil svo lengi sem þær aðstæður eru fyrir hendi sem ollu því að

Article 2

Automatic Import Licensing[68]

1. Automatic import licensing is defined as import licensing where approval of the application is granted in all cases, and which is in accordance with the requirements of paragraph 2(a).
2. The following provisions[69], in addition to those in paragraphs 1 through 11 of Article 1 and paragraph 1 of this Article, shall apply to automatic import licensing procedures:

(a) automatic licensing procedures shall not be administered in such a manner as to have restricting effects on imports subject to automatic licensing. Automatic licensing procedures shall be deemed to have trade-restricting effects unless, *inter alia*:
   (i) any person, firm or institution which fulfils the legal requirements of the importing Member for engaging in import operations involving products subject to automatic licensing is equally eligible to apply for and to obtain import licences;
   (ii) applications for licences may be submitted on any working day prior to the customs clearance of the goods;
   (iii) applications for licences when submitted in appropriate and complete form are approved immediately on receipt, to the extent administratively feasible, but within a maximum of 10 working days;
(b) Members recognize that automatic import licensing may be necessary whenever other appropriate procedures are not available. Automatic import licensing may be maintained as long as the circumstances which gave rise to its

hún var tekin upp og svo lengi sem ekki finnst betri leið til að ná þeim markmiðum stjórnsýslunnar sem að var stefnt.

3. gr.

Ósjálfkrafa veiting innflutningsleyfa.

1. Eftirfarandi ákvæði, auk ákvæða 1.–11. mgr. 1. gr., gilda um málsmeðferð við ósjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa. Málsmeðferð við ósjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa er skilgreind sem veiting innflutningsleyfa sem falla ekki undir skilgreininguna í 1. mgr. 2. gr.

2. Ósjálfkrafa veiting innflutningsleyfa skal ekki hafa takmarkandi eða raskandi áhrif á innflutning umfram það sem verður við það að takmörkun er tekin upp. Ósjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa skal beitt í sama umfangi og jafnlengi og ráðstöfun sem hún er liður í að framkvæma en skal ekki vera stjórnunarlega íþyngjandi meira en nauðsynlegt er til að geta stjórnað viðkomandi ráðstöfun.

3. Þegar krafist er innflutningsleyfa í öðrum tilgangi en að beita magntakmörkunum skulu aðilar birta um það nægar upplýsingar svo að aðrir aðilar og kaupmenn viti á hverju leyfisveitingin og/eða úthlutunin grundvallast.

4. Þegar aðili veitir einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum tækifæri til að óska eftir undanþágum eða frávikum frá leyfisveitingarkröfu skal slíkt tekið fram í upplýsingunum sem eru birtar skv. 4. mgr. 1. gr. og því lýst hvernig setja skuli slíka beiðni fram og, að því marki sem unnt er, við hvaða aðstæður slík beiðni komi til álita.

5. a) Aðilar skulu láta í té allar upplýsingar sem málið varðar, að fenginni beiðni frá aðila sem á hagsmuna að gæta í viðskiptum með viðkomandi vöru, um:
   i) hvernig takmörkunum er beitt;
   ii) hvaða innflutningsleyfi hafa verið veitt á nýliðnu tímabili;
   iii) hvernig slík leyfi hafa dreifst á sölulönd;
   iv) tölulegar upplýsingar um innflutning (þ. e. að verðgildi og/eða magni) að því er varðar vörur sem eru háðar veitingu innflutningsleyfa, ef unnt er. Ekki er þó ætlast til að þróunaraðildarlönd taki á sig auknar stjórnunarlegar eða fjárhagslegar byrðar vegna þessa;

introduction prevail and as long as its underlying administrative purposes cannot be achieved in a more appropriate way.

Article 3

Non-Automatic Import Licensing

1. The following provisions, in addition to those in paragraphs 1 through 11 of Article 1, shall apply to non-automatic import licensing procedures. Non-automatic import licensing procedures are defined as import licensing not falling within the definition contained in paragraph 1 of Article 2.

2. Non-automatic licensing shall not have trade-restrictive or -distortive effects on imports additional to those caused by the imposition of the restriction. Non-automatic licensing procedures shall correspond in scope and duration to the measure they are used to implement, and shall be no more administratively burdensome than absolutely necessary to administer the measure.

3. In the case of licensing requirements for purposes other than the implementation of quantitative restrictions, Members shall publish sufficient information for other Members and traders to know the basis for granting and/or allocating licences.

4. Where a Member provides the possibility for persons, firms or institutions to request exceptions or derogations from a licensing requirement, it shall include this fact in the information published under paragraph 4 of Article 1 as well as information on how to make such a request and, to the extent possible, an indication of the circumstances under which requests would be considered.

5. (a) Members shall provide, upon the request of any Member having an interest in the trade in the product concerned, all relevant information concerning:
   (i) the administration of the restrictions;
   (ii) the import licences granted over a recent period;
   (iii) the distribution of such licences among supplying countries;
   (iv) where practicable, import statistics (i.e. value and/or volume) with respect to the products subject to import licensing. Developing country Members would not be expected to take additional administrative or financial burdens on this account;

b) aðilar sem halda uppi kvótum í formi leyfisveitinga skulu auglýsa hvert er umfang kvóta sem á að veita, að magni og/eða verðgildi, á hvaða tímabili þeir gilda og allar breytingar í þeim efnum, innan þeirra tímamarkana sem tilgreind eru í 4. mgr. 1. gr. og með þeim hætti að stjórnvöldum og kaupmönnum sé gert kleift að kynna sér efni þeirra;

c) þegar sölulöndum er úthlutað kvótum skal aðilinn sem beitir takmörkunum þegar í stað tilkynna öllum öðrum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta vegna sölu á sömu vöru hvernig kvótinn sem úthlutað var skiptist, að magni eða verðgildi, milli sölulanda og skal hann birta upplýsingar um það, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 4. mgr. 1. gr. og með þeim hætti að stjórnvöldum og kaupmönnum sé gert kleift að kynna sér efni þeirra;

d) ef sú staða kemur upp að nauðsynlegt verði að færa fram gildistökudag kvóta, ber að birta þær upplýsingar sem um getur í 4. mgr. 1. gr. innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 4. mgr. 1. gr. og með þeim hætti að stjórnvöldum og kaupmönnum sé gert kleift að kynna sér efni þeirra;

e) allir einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir, sem uppfylla laga- og stjórnsýslukröfur innflutningsaðilans, hafa sama rétt til að sækja um og koma til álita við leyfisveitingu. Ef umsókn um leyfi er ekki samþykkt skal umsækjandanum, að fenginni beiðni, greint frá ástæðum þess og á hann rétt á að áfrýja eða að málið sé endurskoðað í samræmi við innlenda löggjöf eða málsmeðferð innflutningsaðilans;

f) ekki á taka meira en 30 daga að afgreiða umsóknirnar, nema óviðráðanlegar utanaðkomandi ástæður komi til, ef farið er yfir umsóknirnar í þeirri röð sem þær koma inn, þ.e. samkvæmt þeirri reglu að þær sem berast fyrst eru afgreiddar fyrst, en ekki meira en 60 daga ef farið er yfir allar umsóknir samtímis. Í síðara tilvikinu telst afgreiðsla umsókna hafin daginn eftir að umsóknarfrestur rennur út;

(b) Members administering quotas by means of licensing shall publish the overall amount of quotas to be applied by quantity and/or value, the opening and closing dates of quotas, and any change thereof, within the time periods specified in paragraph 4 of Article 1 and in such a manner as to enable governments and traders to become acquainted with them;

(c) in the case of quotas allocated among supplying countries, the Member applying the restrictions shall promptly inform all other Members having an interest in supplying the product concerned of the shares in the quota currently allocated, by quantity or value, to the various supplying countries and shall publish this information within the time periods specified in paragraph 4 of Article 1 and in such a manner as to enable governments and traders to become acquainted with them;

(d) where situations arise which make it necessary to provide for an early opening date of quotas, the information referred to in paragraph 4 of Article 1 should be published within the time periods specified in paragraph 4 of Article 1 and in such a manner as to enable governments and traders to become acquainted with them;

(e) any person, firm or institution which fulfils the legal and administrative requirements of the importing Member shall be equally eligible to apply and to be considered for a licence. If the licence application is not approved, the applicant shall, on request, be given the reason therefor and shall have a right of appeal or review in accordance with the domestic legislation or procedures of the importing Member;

(f) the period for processing applications shall, except when not possible for reasons outside the control of the Member, not be longer than 30 days if applications are considered as and when received, i.e. on a first-come first-served basis, and no longer than 60 days if all applications are considered simultaneously. In the latter case, the period for processing applications shall be considered to begin on the day following the closing date of the announced application period;

g) gildistími leyfisins skal vera hæfilega langur og eigi svo skammur að hann komi í veg fyrir innflutning. Gildistíminn skal eigi að heldur koma í veg fyrir að unnt sé að flytja inn vörur frá fjarlægum slóðum, nema í sérstökum tilvikum þegar innflutningur reynist nauðsynlegur til að mæta ófyrirsjáanlegum skammtímaþörfum;

h) við kvótastjórnun skulu aðilar ekki koma í veg fyrir að innflutningur eigi sér stað í samræmi við útgefin leyfi og skulu ekki vinna gegn því að kvótar séu að fullu nýttir;

i) þegar aðilar veita leyfi skulu þeir taka tillit til þess að æskilegt er að veita leyfi fyrir vörum í magni sem er fjárhagslega hagkvæmt;

j) við úthlutun leyfa skulu aðilar taka tillit til fyrri innflutnings umsækjanda. Þannig ætti að taka tillit til þess hvort umsækjandinn hafi að fullu nýtt sér innflutningsleyfi sem honum var úthlutað á nýliðnu viðmiðunartímabili. Ef leyfin hafa ekki verið nýtt að fullu skulu aðilar kynna sér hvers vegna það var ekki gert og taka tilliti til þess við úthlutun nýrra leyfa. Einnig skal huga að því að hæfilegum hluta leyfanna sé úthlutað til nýrra innflytjenda, að teknu tilliti til þess að æskilegt er að veita leyfi fyrir vörum í magni sem er fjárhagslega hagkvæmt. Í þessum efnum ætti að taka sérstakt tillit til þeirra innflytjenda sem flytja inn vörur sem upprunnar eru hjá þróunaraðildarlöndum og þá einkum þeim aðildarlöndum sem eru skemmst á veg komin í þróun;

k) við kvótastjórnun í formi leyfa, sem er ekki skipt á milli sölulanda, er leyfishöfum[70] frjálst að flytja inn vörur hvaðan sem þær eru upprunnar. Ef um er að ræða kvóta sem er skipt á milli sölulanda skal tilgreina landið eða löndin svo að ekki verði um villst í leyfinu;

l) ef innflutningur fer fram úr því sem leyfið hljóðar upp á er heimilt að beita 8. mgr. 1. gr. og taka tillit til þess við síðari úthlutun þannig að leyfin jafnist út.

(g) the period of licence validity shall be of reasonable duration and not be so short as to preclude imports. The period of licence validity shall not preclude imports from distant sources, except in special cases where imports are necessary to meet unforeseen short-term requirements;

(h) when administering quotas, Members shall not prevent importation from being effected in accordance with the issued licences, and shall not discourage the full utilization of quotas;

(i) when issuing licences, Members shall take into account the desirability of issuing licences for products in economic quantities;

(j) in allocating licences, the Member should consider the import performance of the applicant. In this regard, consideration should be given as to whether licences issued to applicants in the past have been fully utilized during a recent representative period. In cases where licences have not been fully utilized, the Member shall examine the reasons for this and take these reasons into consideration when allocating new licences. Consideration shall also be given to ensuring a reasonable distribution of licences to new importers, taking into account the desirability of issuing licences for products in economic quantities. In this regard, special consideration should be given to those importers importing products originating in developing country Members and, in particular, the least-developed country Members;

(k) in the case of quotas administered through licences which are not allocated among supplying countries, licence holders[70] shall be free to choose the sources of imports. In the case of quotas allocated among supplying countries, the licence shall clearly stipulate the country or countries;

(l) in applying paragraph 8 of Article 1, compensating adjustments may be made in future licence allocations where imports exceeded a previous licence level.

4. gr.
Stofnanir.

Með samningi þessum er komið á fót nefnd um veitingu innflutningsleyfa sem skipuð er fulltrúum allra aðila. Nefndin kýs sér formann og varaformann og kemur saman eftir þörfum í þeim tilgangi að veita aðilum tækifæri til að eiga viðræður um málefni sem varða framkvæmd þessa samnings eða að markmið hans náist.

5. gr.
Tilkynningar.

1. Aðilar sem koma á málsmeðferð við veitingu leyfa eða breytingar á henni skulu tilkynna nefndinni um það innan 60 daga frá birtingu.

2. Í tilkynningum um að málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa hafi verið komið á skal eftirfarandi koma fram:

a) skrá yfir vörur sem eru háðar málsmeðferð við leyfisveitingu;
b) tengiliðir sem veita upplýsingar um hverjir eiga rétt á þeim;
c) hvaða stjórnarstofnun eða -stofnanir taka við umsóknum;
d) dagsetning og heiti ritsins þar sem málsmeðferð við leyfisveitingu er birt;
e) upplýsingar um hvort um er að ræða sjálfkrafa eða ósjálfkrafa leyfisveitingu samkvæmt skilgreiningu í 2. og 3. gr.;
f) ef um er að ræða málsmeðferð við sjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa, upplýsingar um stjórnunarlegan tilgang hennar;
g) ef um er að ræða málsmeðferð við ósjálfkrafa veitingu innflutningsleyfa, lýsing á þeim ráðstöfunum sem er komið til framkvæmda með málsmeðferð við leyfisveitingu; og
h) hve langan tíma megi gera ráð fyrir að málsmeðferð við leyfisveitingu taki, ef unnt er að áætla það með einhverjum líkindum, en ef svo er ekki verður að gefa skýringar á því hvers vegna ekki er unnt að veita þessar upplýsingar;

3. Í tilkynningum um breytta málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa skal tekið fram ef breytingar verða á áðurgreindum atriðum.
4. Aðilar skulu tilkynna nefndinni hvar upplýsingarnar sem krafist er í 4. mgr. 1. gr. verða birtar.
5. Telji aðili sem á hagsmuna að gæta að annar aðili hafi ekki gefið út tilkynningu, í samræmi við ákvæði 1.-3. mgr. þessarar greinar, um að

Article 4
Institutions

There is hereby established a Committee on Import Licensing composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and Vice-Chairman and shall meet as necessary for the purpose of affording Members the opportunity of consulting on any matters relating to the operation of this Agreement or the furtherance of its objectives.

Article 5
Notification

1. Members which institute licensing procedures or changes in these procedures shall notify the Committee of such within 60 days of publication.
2. Notifications of the institution of import licensing procedures shall include the following information:

(a) list of products subject to licensing procedures;
(b) contact point for information on eligibility;
(c) administrative body(ies) for submission of applications;
(d) date and name of publication where licensing procedures are published;
(e) indication of whether the licensing procedure is automatic or non-automatic according to definitions contained in Articles 2 and 3;
(f) in the case of automatic import licensing procedures, their administrative purpose;
(g) in the case of non-automatic import licensing procedures, indication of the measure being implemented through the licensing procedure; and
(h) expected duration of the licensing procedure if this can be estimated with some probability, and if not, reason why this information cannot be provided.

3. Notifications of changes in import licensing procedures shall indicate the elements mentioned above, if changes in such occur.
4. Members shall notify the Committee of the publication(s) in which the information required in paragraph 4 of Article 1 will be published.
5. Any interested Member which considers that another Member has not notified the institution of a licensing procedure or changes therein in

hafa tekið upp eða breytt málsmeðferð við leyfisveitingu, getur hann vakið athygli hins aðilans á því. Ef ekki er gefin út tilkynning þegar í stað eftir það getur fyrrnefndi aðilinn tilkynnt sjálfur um slíka málsmeðferð við veitingu leyfa eða um breytingar á henni og veitt allar upplýsingar sem málið varða og eru tiltækar.

6. gr.
Viðræður og lausn deilumála.

Við lausn deilumála og í viðræðum um málefni sem hafa áhrif á framkvæmd þessa samnings skal farið að ákvæðum XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála.

7. gr.
Endurskoðun.

1. Nefndin skal endurskoða eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti, framkvæmd og rekstur þessa samnings, að teknu tilliti til markmiða hans, ásamt þeim réttindum og skyldum sem í honum felast.
2. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal taka saman skýrslu, byggða á upplýsingunum sem um getur í 5. gr. um stöðu mála og svörum við árlegum fyrirspurnarlista um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa[71] ásamt öðrum áreiðanlegum upplýsingum sem hún hefur aðgang að og skal hún lögð til grundvallar við endurskoðun nefndarinnar. Þessi skýrsla skal vera samantekt áðurnefndra upplýsinga, þar sem einkum skulu koma fram breytingar eða sú þróun sem orðið hefur á viðkomandi tímabili, ásamt hvers konar upplýsingum öðrum sem nefndin samþykkir að komi fram þar.
3. Aðilar skulu útfylla bæði fljótt og ítarlega fyrirspurnarlista sem sendur er út árlega um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa.
4. Nefndin skal upplýsa vöruviðskiptaráðið um þá þróun sem varð á tímabilinu sem endurskoðunin tekur til.

8. gr.
Lokaákvæði.
Fyrirvarar.

1. Ekki er heimilt að gera fyrirvara við ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

Innlend löggjöf.

2. a) Sérhver aðili skal sjá til þess, eigi síðar en daginn sem samningurinn um Alþjóðavið-

accordance with the provisions of paragraphs 1 through 3 may bring the matter to the attention of such other Member. If notification is not made promptly thereafter, such Member may itself notify the licensing procedure or changes therein, including all relevant and available information.

Article 6
Consultation and Dispute Settlement

Consultations and the settlement of disputes with respect to any matter affecting the operation of this Agreement shall be subject to the provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding.

Article 7
Review

1. The Committee shall review as necessary, but at least once every two years, the implementation and operation of this Agreement, taking into account the objectives thereof, and the rights and obligations contained therein.
2. As a basis for the Committee review, the Secretariat shall prepare a factual report based on information provided under Article 5, responses to the annual questionnaire on import licensing procedures[71] and other relevant reliable information which is available to it. This report shall provide a synopsis of the aforementioned information, in particular indicating any changes or developments during the period under review, and including any other information as agreed by the Committee.
3. Members undertake to complete the annual questionnaire on import licensing procedures promptly and in full.
4. The Committee shall inform the Council for Trade in Goods of developments during the period covered by such reviews.

Article 8
Final Provisions
Reservations

1. Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement without the consent of the other Members.

Domestic Legislation

2. (a) Each Member shall ensure, not later than the date of entry into force of the WTO

skiptastofnunina öðlast gildi að því er hann varðar, að lög hans, reglur og stjórnsýslumeðferð séu í samræmi við ákvæði samnings þessa.

b) Sérhver aðili skal tilkynna nefndinni um allar breytingar sem hann gerir á lögum sínum og reglum í tengslum við þennan samning og um breytingar á því hvernig þeim lögum og reglum er framfylgt.

Agreement for it, the conformity of its laws, regulations and administrative procedures with the provisions of this Agreement.

(b) Each Member shall inform the Committee of any changes in its laws and regulations relevant to this Agreement and in the administration of such laws and regulations.

SAMNINGUR UM STYRKI OG JÖFNUNARRÁÐSTAFANIR

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI: ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreining á styrk.

1.1 Í þessum samningi telst styrkur vera:

a) 1) fjárframlag sem stjórnvöld eða opinber stofnun (í þessum samningi nefnd „hið opinbera“) á yfirráðasvæði aðila veitir, þ.e. þegar:

i) starfsemi hins opinbera felur í sér beina tilfærslu fjármagns (t.d. fjárveitingar, lán og eiginfjáraukningu) eða hugsanlega beina tilfærslu sjóða eða skuldbindinga (t.d. lánsábyrgðir);

ii) tekjuliðir hins opinbera, sem annars fengjust greiddir, eru felldir niður eða koma ekki til innheimtu (t.d. skattameðferð, svo sem endurgreiðsla skatta)[72];

iii) hið opinbera leggur til vörur eða þjónustu umfram hið almenna grunnvirki eða kaupir vörur;

iv) hið opinbera veitir fé í sjóðakerfi eða felur einkareknum stofnunum eða beinir því til þeirra að gegna einu eða fleiri af þeim hlutverkum sem lýst er í i- til iii-lið hér að framan, sem eru yfirleitt á hendi stjórnvalda, og starfsemin er ekki í raun frábrugðin þeirri starfsemi sem hið opinbera hefur alla jafna með höndum;

eða

a) 2) einhvers konar tekju- eða verðuppbót í skilningi XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994;

sem

b) ávinningur verður af.

1.2 Styrkur samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. fellur því aðeins undir ákvæði II. hluta eða ákvæði III. eða V. hluta að um sé að ræða sértækan styrk í samræmi við ákvæði 2. gr.

AGREEMENT ON SUBSIDIES AND COUNTERVAILING MEASURES

Members hereby *agree* as follows:

PART I: GENERAL PROVISIONS

Article 1

Definition of a Subsidy

1.1 For the purpose of this Agreement, a subsidy shall be deemed to exist if:

(a) (1) there is a financial contribution by a government or any public body within the territory of a Member (referred to in this Agreement as "government"), i.e. where:

(i) a government practice involves a direct transfer of funds (e.g. grants, loans, and equity infusion), potential direct transfers of funds or liabilities (e.g. loan guarantees);

(ii) government revenue that is otherwise due is foregone or not collected (e.g. fiscal incentives such as tax credits)[72];

(iii) a government provides goods or services other than general infrastructure, or purchases goods;

(iv) a government makes payments to a funding mechanism, or entrusts or directs a private body to carry out one or more of the type of functions illustrated in (i) to (iii) above which would normally be vested in the government and the practice, in no real sense, differs from practices normally followed by governments;

or

(a) (2) there is any form of income or price support in the sense of Article XVI of GATT 1994;

and

(b) a benefit is thereby conferred.

1.2 A subsidy as defined in paragraph 1 shall be subject to the provisions of Part II or shall be subject to the provisions of Part III or V only if such a subsidy is specific in accordance with the provisions of Article 2.

2. gr.
Sértækir styrkir.

2.1 Eftirfarandi meginreglur gilda við ákvörðun á því hvort styrkur, samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 1. gr., sé sértækur styrkur til fyrirtækis eða atvinnugreinar eða hóps fyrirtækja eða atvinnugreina (í þessum samningi nefnd „tiltekin fyrirtæki“) innan lögsögu yfirvaldsins sem veitir hann:

a) Þegar aðgangur að styrk er takmarkaður með skýrum hætti við tiltekin fyrirtæki, af yfirvaldi sem veitir hann eða í lögum sem það starfar eftir, skal slíkur styrkur teljast sértækur.

b) Þegar settar eru hlutlægar viðmiðanir eða skilyrði,[73] af yfirvaldi sem veitir styrk eða í lögum sem það starfar eftir, um rétt til styrks og hve mikill hann skuli vera, telst ekki vera um sértækan styrk að ræða, að því tilskildu að sá réttur sé sjálfvirkur og að farið sé nákvæmlega eftir slíkum viðmiðunum og skilyrðum. Viðmiðanirnar eða skilyrðin verða að koma greinilega fram í lögum, reglum eða öðrum opinberum skjölum til að unnt sé að sannreyna þau.

c) Ef ástæða er til að ætla að styrkur geti í raun verið sértækur, þrátt fyrir að beiting meginreglnanna sem kveðið er á um í a- og b-lið virðist sýna að svo sé ekki, er heimilt að taka aðra þætti til athugunar. Slíkir þættir eru: styrkjaáætlun þar sem gert er ráð fyrir takmörkuðum fjölda tiltekinna fyrirtækja, yfirgnæfandi hlutdeild tiltekinna fyrirtækja, veiting hlutfallslega of hárra styrkja til tiltekinna fyrirtækja og það hvernig yfirvaldið sem veitir styrkina hefur beitt ákvörðunarvaldi sínu við veitingu styrkja.[74] Við beitingu þessa liðar skal tekið tillit til þess hversu fjölbreytt efnahagsstarfsemi er innan lögsögu yfirvaldsins sem veitir styrkinn og einnig þess hve langan tíma styrkjaáætlunin hefur verið starfrækt.

2.2 Styrkur sem takmarkast við tiltekin fyrirtæki, sem staðsett eru á landfræðilega afmörkuðu svæði innan lögsögu yfirvaldsins sem veitir styrkinn, skal teljast sértækur. Litið er svo á að álagning eða breyting á almennum sköttum, á öllum stjórnvaldsstigum sem hafa til þess heimild, skuli ekki teljast sértækir styrkir að því er þennan samning varðar.

Article 2
Specificity

2.1 In order to determine whether a subsidy, as defined in paragraph 1 of Article 1, is specific to an enterprise or industry or group of enterprises or industries (referred to in this Agreement as “certain enterprises”) within the jurisdiction of the granting authority, the following principles shall apply:

(a) Where the granting authority, or the legislation pursuant to which the granting authority operates, explicitly limits access to a subsidy to certain enterprises, such subsidy shall be specific.

(b) Where the granting authority, or the legislation pursuant to which the granting authority operates, establishes objective criteria or conditions[73] governing the eligibility for, and the amount of, a subsidy, specificity shall not exist, provided that the eligibility is automatic and that such criteria and conditions are strictly adhered to. The criteria or conditions must be clearly spelled out in law, regulation, or other official document, so as to be capable of verification.

(c) If, notwithstanding any appearance of non-specificity resulting from the application of the principles laid down in subparagraphs (a) and (b), there are reasons to believe that the subsidy may in fact be specific, other factors may be considered. Such factors are: use of a subsidy programme by a limited number of certain enterprises, predominant use by certain enterprises, the granting of disproportionately large amounts of subsidy to certain enterprises, and the manner in which discretion has been exercised by the granting authority in the decision to grant a subsidy.[74] In applying this subparagraph, account shall be taken of the extent of diversification of economic activities within the jurisdiction of the granting authority, as well as of the length of time during which the subsidy programme has been in operation.

2.2 A subsidy which is limited to certain enterprises located within a designated geographical region within the jurisdiction of the granting authority shall be specific. It is understood that the setting or change of generally applicable tax rates by all levels of government entitled to do so shall not be deemed to be a specific subsidy for the purposes of this Agreement.

2.3 Allir styrkir sem falla undir ákvæði 3. gr. skulu teljast sértækir.
2.4 Allar ákvarðanir um sértæka styrki samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu vera vel rökstuddar á grundvelli óyggjandi sönnunargagna.

2.3 Any subsidy falling under the provisions of Article 3 shall be deemed to be specific.
2.4 Any determination of specificity under the provisions of this Article shall be clearly substantiated on the basis of positive evidence.

II. HLUTI: BANNAÐIR STYRKIR

3. gr.
Bann.

3.1 Með fyrirvara um ákvæði samningsins um landbúnað skulu eftirfarandi styrkir í skilningi 1. gr. bannaðir:

a) styrkir sem eru háðir útflutningsmagni, að lögum eða í reynd,[75] eingöngu eða ásamt öðrum skilyrðum, meðal annars þeir sem er lýst í I. viðauka[76];
b) styrkir sem eru háðir því skilyrði, eingöngu eða ásamt öðrum skilyrðum, að innlendar vörur séu notaðar fremur en innfluttar.

3.2 Aðili skal hvorki veita þá styrki sem um getur í 1. mgr. né viðhalda þeim.

PART II: PROHIBITED SUBSIDIES

Article 3
Prohibition

3.1 Except as provided in the Agreement on Agriculture, the following subsidies, within the meaning of Article 1, shall be prohibited:

(a) subsidies contingent, in law or in fact[75], whether solely or as one of several other conditions, upon export performance, including those illustrated in Annex I76;
(b) subsidies contingent, whether solely or as one of several other conditions, upon the use of domestic over imported goods.

3.2 A Member shall neither grant nor maintain subsidies referred to in paragraph 1.

4. gr.
Úrræði.

4.1 Hvenær sem aðili hefur ástæðu til að ætla að annar aðili veiti eða viðhaldi bönnuðum styrk getur sá aðili óskað eftir viðræðum við slíkan annan aðila.

4.2 Beiðni um viðræður samkvæmt 1. mgr. skal fylgja greinargerð um fyrirliggjandi sönnunargögn um að viðkomandi styrkur sé veittur og hvers eðlis hann er.
4.3 Að fenginni beiðni um viðræður samkvæmt 1. mgr. skal aðilinn sem talinn er veita eða viðhalda umræddum styrk ganga til slíkra viðræðna eins fljótt og unnt er. Tilgangur viðræðnanna skal vera sá að skýra staðreyndir málsins og finna lausn sem samkomulag er um.

4.4 Ef ekki tekst að ná fram lausn sem samkomulag er um innan 30 daga[77] frá beiðni um viðræður er hverjum þeim aðila sem á hlut að slíkum viðræðum heimilt að vísa málinu til nefndarinnar um lausn deilumála (deilumálanefndarinnar) með það fyrir augum að kærunefnd verði skipuð þegar í stað, nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki að skipa ekki kærunefnd.
4.5 Sé kærunefnd skipuð er henni heimilt að óska eftir aðstoð fastahóps sérfræðinga[78] (í þessum samningi nefndur „sérfræðingahópurinn“)

Article 4
Remedies

4.1 Whenever a Member has reason to believe that a prohibited subsidy is being granted or maintained by another Member, such Member may request consultations with such other Member.
4.2 A request for consultations under paragraph 1 shall include a statement of available evidence with regard to the existence and nature of the subsidy in question.
4.3 Upon request for consultations under paragraph 1, the Member believed to be granting or maintaining the subsidy in question shall enter into such consultations as quickly as possible. The purpose of the consultations shall be to clarify the facts of the situation and to arrive at a mutually agreed solution.
4.4 If no mutually agreed solution has been reached within 30 days[77] of the request for consultations, any Member party to such consultations may refer the matter to the Dispute Settlement Body ("DSB") for the immediate establishment of a panel, unless the DSB decides by consensus not to establish a panel.

4.5 Upon its establishment, the panel may request the assistance of the Permanent Group of Experts[78] (referred to in this Agreement as

við mat á því hvort ráðstafanirnar sem um ræðir séu bannaður styrkur. Sé óskað eftir því, skal sérfræðingahópurinn þegar í stað endurskoða sönnunargögnin með tilliti til þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið og hvers eðlis þær eru og skal hann veita aðilanum sem beitir eða viðheldur ráðstöfununum tækifæri til að sýna fram á að ekki sé um bannaðan styrk að ræða. Sérfræðingahópurinn skal skila álitsgerð um niðurstöður sínar til kærunefndarinnar innan tímamarka sem kærunefndin setur. Kærunefndin skal staðfesta, án breytinga, niðurstöður sérfræðingahópsins varðandi það hvort viðkomandi ráðstafanir séu bannaður styrkur.

4.6 Kærunefndin skal afhenda deiluaðilum lokaskýrslu sína. Skýrslunni skal dreift til allra aðila innan 90 daga frá þeim degi er kærunefndin var skipuð og starfsskilmálar hennar ákveðnir.

4.7 Ef komist er að þeirri niðurstöðu að viðkomandi ráðstafanir séu bannaður styrkur skal kærunefndin leggja til að aðilinn, sem veitir styrkinn, dragi hann þegar í stað til baka. Með hliðsjón af því skal kærunefndin tilgreina, í tilmælum sínum, á hvaða tímabili ráðstöfunin skuli felld úr gildi.

4.8 Deilumálanefndin skal samþykkja skýrslu kærunefndarinnar innan 30 daga frá því að hún er afhent öllum aðilum nema einhver af deiluaðilunum tilkynni henni formlega um þá ákvörðun sína að áfrýja eða nefndin ákveði, með einróma samþykki, að samþykkja skýrsluna ekki.

4.9 Þegar skýrslu kærunefndar er áfrýjað skal áfrýjunarnefndin tilkynna um ákvörðun sína innan 30 daga frá þeim degi er deiluaðilinn tilkynnir formlega um þá ákvörðun sína að áfrýja. Telji áfrýjunarnefndin að hún geti ekki skilað skýrslu sinni innan 30 daga skal hún tilkynna deilumálanefndinni skriflega um ástæðurnar fyrir töfinni og tilgreina áætlaðan skilatíma fyrir skýrsluna. Málsmeðferðin skal í engu tilviki taka lengri tíma en 60 daga. Skýrsla áfrýjunarnefndarinnar skal samþykkt af deilumálanefndinni og deiluaðilar skulu staðfesta hana skilyrðislaust nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki, innan 20 daga frá afhendingu skýrslunnar til aðilanna, að samþykkja hana ekki.[79]

4.10 Sé ekki farið að tilmælum deilumálanefndarinnar innan þeirra tímamarka sem kærunefndin tiltekur, sem hefjast sama dag og skýrsla kærunefndarinnar eða áfrýjunarnefndarinnar er samþykkt, skal deilumálanefndin veita aðilanum, sem ber fram kæru, heimild til að gera viðeigandi gagnráðstafanir[80], nema deilumálanefndin ákveði, með einróma samþykki, að hafna beiðninni.

the "PGE") with regard to whether the measure in question is a prohibited subsidy. If so requested, the PGE shall immediately review the evidence with regard to the existence and nature of the measure in question and shall provide an opportunity for the Member applying or maintaining the measure to demonstrate that the measure in question is not a prohibited subsidy. The PGE shall report its conclusions to the panel within a time-limit determined by the panel. The PGE's conclusions on the issue of whether or not the measure in question is a prohibited subsidy shall be accepted by the panel without modification.

4.6 The panel shall submit its final report to the parties to the dispute. The report shall be circulated to all Members within 90 days of the date of the composition and the establishment of the panel's terms of reference.

4.7 If the measure in question is found to be a prohibited subsidy, the panel shall recommend that the subsidizing Member withdraw the subsidy without delay. In this regard, the panel shall specify in its recommendation the time period within which the measure must be withdrawn.

4.8 Within 30 days of the issuance of the panel's report to all Members, the report shall be adopted by the DSB unless one of the parties to the dispute formally notifies the DSB of its decision to appeal or the DSB decides by consensus not to adopt the report.

4.9 Where a panel report is appealed, the Appellate Body shall issue its decision within 30 days from the date when the party to the dispute formally notifies its intention to appeal. When the Appellate Body considers that it cannot provide its report within 30 days, it shall inform the DSB in writing of the reasons for the delay together with an estimate of the period within which it will submit its report. In no case shall the proceedings exceed 60 days. The appellate report shall be adopted by the DSB and unconditionally accepted by the parties to the dispute unless the DSB decides by consensus not to adopt the appellate report within 20 days following its issuance to the Members.[79]

4.10 In the event the recommendation of the DSB is not followed within the time-period specified by the panel, which shall commence from the date of adoption of the panel's report or the Appellate Body's report, the DSB shall grant authorization to the complaining Member to take appropriate[80] countermeasures, unless the DSB decides by consensus to reject the request.

4.11 Ef deiluaðili óskar eftir því að máli sé vísað til gerðardóms skv. 6. mgr. 22. gr. samkomulagsins um lausn deilumála skal gerðardómari skera úr um hvort gagnráðstafanirnar séu hæfilegar.[81]

4.12 Þegar um er að ræða deilumál, sem er farið með samkvæmt þessari grein, skal tíminn, sem er ákveðinn fyrir meðferð slíkra deilumála, vera helmingi styttri en sá tími sem er tiltekinn samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, að undanskildum tímabilum sem er sérstaklega mælt fyrir um í þessari grein.

4.11 In the event a party to the dispute requests arbitration under paragraph 6 of Article 22 of the Dispute Settlement Understanding ("DSU"), the arbitrator shall determine whether the countermeasures are appropriate.[81]

4.12 For purposes of disputes conducted pursuant to this Article, except for time-periods specifically prescribed in this Article, time-periods applicable under the DSU for the conduct of such disputes shall be half the time prescribed therein.

III. HLUTI: STYRKIR SEM HEIMILT ER AÐ GRÍPA TIL AÐGERÐA GEGN

PART III: ACTIONABLE SUBSIDIES

5. gr.

Skaðleg áhrif.

Enginn aðili ætti, með notkun þeirra styrkja sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr., að hafa skaðleg áhrif á hagsmuni annars aðila, t.d. með því að:

a) skaða innlenda atvinnugrein annars aðila[82];

b) gera að engu eða skerða ávinning sem aðrir aðilar hafa beint eða óbeint samkvæmt GATT-samningnum frá 1994, einkum ávinning af ívilnunum sem eru veittar skv. II. gr. GATT-samningsins frá 1994[83];

c) vinna hagsmunum annars aðila alvarlegt tjón.[84]

Þessi grein gildir ekki um styrki sem er viðhaldið á landbúnaðarvörum samkvæmt ákvæðum 13. gr. samningsins um landbúnað.

Article 5

Adverse Effects

No Member should cause, through the use of any subsidy referred to in paragraphs 1 and 2 of Article 1, adverse effects to the interests of other Members, i.e.:

(a) injury to the domestic industry of another Member[82];

(b) nullification or impairment of benefits accruing directly or indirectly to other Members under GATT 1994 in particular the benefits of concessions bound under Article II of GATT 1994[83];

(c) serious prejudice to the interests of another Member.[84]

This Article does not apply to subsidies maintained on agricultural products as provided in Article 13 of the Agreement on Agriculture.

6. gr.

Alvarlegt tjón.

6.1 Alvarlegt tjón í skilningi c-liðar 5. gr. telst hafa orðið þegar:

a) heildarverðmæti styrks[85] er meira en 5% af vöruverði[86];

b) styrkur er veittur til að mæta rekstrarhalla atvinnugreinar;

c) styrkur er veittur til að mæta rekstrarhalla fyrirtækis, að frátöldum eingreiðsluráðstöfunum sem er ekki beitt aftur vegna sama fyrirtækis og eru aðeins gerðar til að vinna tíma fyrir þróun langtímalausna og til að komast hjá aðsteðjandi, félagslegum vanda;

d) bein eftirgjöf er á skuldum, til dæmis eftirgjöf hins opinbera á skuldum og fjárveitingar til að standa straum af endurgreiðslu skulda.[87]

Article 6

Serious Prejudice

6.1 Serious prejudice in the sense of paragraph (c) of Article 5 shall be deemed to exist in the case of:

(a) the total ad valorem subsidization[85] of a product exceeding 5 per cent[86];

(b) subsidies to cover operating losses sustained by an industry;

(c) subsidies to cover operating losses sustained by an enterprise, other than one-time measures which are non-recurrent and cannot be repeated for that enterprise and which are given merely to provide time for the development of long-term solutions and to avoid acute social problems;

(d) direct forgiveness of debt, i.e. forgiveness of government-held debt, and grants to cover debt repayment.[87]

6.2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. telst ekki vera um alvarlegt tjón að ræða ef aðilinn sem veitir styrk sýnir fram á að viðkomandi styrkur hafi ekki haft nein þau áhrif sem talin eru upp í 3. mgr.

6.3 Um alvarlegt tjón í skilningi c-liðar 5. gr. getur verið að ræða í þeim tilvikum þegar eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum eiga við:

a) styrkurinn hefur þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að samsvarandi vara frá öðrum aðila sé flutt inn á markað aðilans sem veitir styrkinn;

b) styrkurinn hefur þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir útflutning á samsvarandi vöru annars aðila til markaðar þriðja lands;

c) styrkurinn hefur þau áhrif að varan, sem nýtur styrksins, er á undirverði miðað við verðið á samsvarandi vöru annars aðila á sama markaði eða leiðir til þess að verði sé haldið niðri eða veruleg verðlækkun eða söluminnkun verði á sama markaði;

d) styrkurinn hefur þau áhrif að aukning verður á heimsmarkaðshlutdeild aðilans sem veitir hann að því er varðar tiltekið hráefni eða hrávöru[88], sem nýtur styrkja, miðað við meðaltalshlutdeild hans á þremur undanförnum árum og þessi aukning hefur verið stöðug á tímabili sem styrkir hafa verið veittir.

6.4 Í b-lið 3. mgr. felur orðalagið „torvelda eða koma í veg fyrir útflutning“ í sér þau tilvik, með fyrirvara um ákvæði 7. mgr., þar sem sýnt er fram á að breyting hafi orðið á hlutfallslegri markaðshlutdeild til tjóns fyrir samsvarandi vöru sem nýtur ekki styrkja (á hæfilegu viðmiðunartímabili sem er nægilega langt til að sýna greinilega fram á hver þróun markaðarins er að því er varðar viðkomandi vöru og sem, við venjulegar aðstæður, er að minnsta kosti eitt ár). Orðalagið „breyting á hlutfallslegri markaðshlutdeild“ tekur til eftirfarandi aðstæðna: a) aukning verður á markaðshlutdeild vöru sem nýtur styrkja; b) markaðshlutdeild vörunnar, sem nýtur styrkja, er óbreytt við aðstæður þar sem dregið hefði úr henni ef styrkja hefði ekki notið við; c) markaðshlutdeild vörunnar, sem nýtur styrkja, minnkar, en hægar en gerst hefði ef enginn styrkur hefði verið veittur.

6.2 Notwithstanding the provisions of paragraph 1, serious prejudice shall not be found if the subsidizing Member demonstrates that the subsidy in question has not resulted in any of the effects enumerated in paragraph 3.

6.3 Serious prejudice in the sense of paragraph (c) of Article 5 may arise in any case where one or several of the following apply:

(a) the effect of the subsidy is to displace or impede the imports of a like product of another Member into the market of the subsidizing Member;

(b) the effect of the subsidy is to displace or impede the exports of a like product of another Member from a third country market;

(c) the effect of the subsidy is a significant price undercutting by the subsidized product as compared with the price of a like product of another Member in the same market or significant price suppression, price depression or lost sales in the same market;

(d) the effect of the subsidy is an increase in the world market share of the subsidizing Member in a particular subsidized primary product or commodity88 as compared to the average share it had during the previous period of three years and this increase follows a consistent trend over a period when subsidies have been granted.

6.4 For the purpose of paragraph 3(b), the displacement or impeding of exports shall include any case in which, subject to the provisions of paragraph 7, it has been demonstrated that there has been a change in relative shares of the market to the disadvantage of the non-subsidized like product (over an appropriately representative period sufficient to demonstrate clear trends in the development of the market for the product concerned, which, in normal circumstances, shall be at least one year). “Change in relative shares of the market” shall include any of the following situations: (a) there is an increase in the market share of the subsidized product; (b) the market share of the subsidized product remains constant in circumstances in which, in the absence of the subsidy, it would have declined; (c) the market share of the subsidized product declines, but at a slower rate than would have been the case in the absence of the subsidy.

6.5 Í c-lið 3. mgr. felur „undirverð“ í sér þau tilvik þar sem sýnt hefur verið fram á að um undirverð sé að ræða með verðsamanburði á vöru sem nýtur styrkja og samsvarandi vöru á sama markaði sem nýtur ekki styrkja. Samanburðurinn skal gerður á sama viðskiptastigi og á sambærilegum tíma, að teknu tilhlýðilegu tilliti til allra annarra þátta sem hafa áhrif við verðsamanburð. Sé ekki unnt að gera slíkan beinan samanburð er hægt að sýna fram á að um undirverð sé að ræða á grundvelli einingaverðs í útflutningi.

6.6 Sérhver aðili á markaðinum þar sem því er haldið fram að alvarlegt tjón hafi orðið skal, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. V. viðauka, sjá til þess að málsaðilar í deilum sem falla undir 7. gr. og kærunefndin, sem komið er á fót skv. 4. mgr. 7. gr., hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum sem eru tiltækar um breytingar á markaðshlutdeild deiluaðila og einnig varðandi verð á viðkomandi vörum.

6.7 Innflutningur telst ekki hafa verið torveldaður eða komið í veg fyrir hann svo að alvarlegt tjón hljótist af skv. 3. mgr. þegar eftirfarandi aðstæður[89] eru fyrir hendi á viðkomandi tímabili:

a) bann eða takmarkanir á útflutningi samsvarandi vöru frá aðila sem ber fram kæru eða á innflutningi aðila, sem ber fram kæru, inn á markað í þriðja landi;

b) ákvörðun hins opinbera, í innflutningslandi þar sem rekin er ríkiseinkasala eða ríkisviðskipti með viðkomandi vöru, um að flytja viðskiptin, af ástæðum sem tengjast ekki viðskiptum, frá aðilanum, sem ber fram kæru, til annars lands eða landa;

c) náttúruhamfarir, verkföll, truflanir á samgöngum eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður sem hafa veruleg áhrif á framleiðslu, gæði, magn eða verð útflutningsvöru aðila sem ber fram kæru;

d) ráðstafanir sem takmarka útflutning frá aðila sem ber fram kæru;

e) minnkandi framboð á viðkomandi framleiðsluvöru til útflutnings að eigin frumkvæði aðila sem ber fram kæru (meðal annars aðstæður þar sem fyrirtæki aðila, sem ber fram kæru, hafa einhliða ráðstafað útflutningi á þessari framleiðslu til nýrra markaða);

6.5 For the purpose of paragraph 3(c), price undercutting shall include any case in which such price undercutting has been demonstrated through a comparison of prices of the subsidized product with prices of a non-subsidized like product supplied to the same market. The comparison shall be made at the same level of trade and at comparable times, due account being taken of any other factor affecting price comparability. However, if such a direct comparison is not possible, the existence of price undercutting may be demonstrated on the basis of export unit values.

6.6 Each Member in the market of which serious prejudice is alleged to have arisen shall, subject to the provisions of paragraph 3 of Annex V, make available to the parties to a dispute arising under Article 7, and to the panel established pursuant to paragraph 4 of Article 7, all relevant information that can be obtained as to the changes in market shares of the parties to the dispute as well as concerning prices of the products involved.

6.7 Displacement or impediment resulting in serious prejudice shall not arise under paragraph 3 where any of the following circumstances exist[89] during the relevant period:

(a) prohibition or restriction on exports of the like product from the complaining Member or on imports from the complaining Member into the third-country market concerned;

(b) decision by an importing government operating a monopoly of trade or state trading in the product concerned to shift, for non-commercial reasons, imports from the complaining Member to another country or countries;

(c) natural disasters, strikes, transport disruptions or other *force majeure* substantially affecting production, qualities, quantities or prices of the product available for export from the complaining Member;

(d) existence of arrangements limiting exports from the complaining Member;

(e) voluntary decrease in the availability for export of the product concerned from the complaining Member (including, *inter alia*, a situation where firms in the complaining Member have been autonomously reallocating exports of this product to new markets);

f) skortur á samræmi við staðla og aðrar lögbundnar kröfur í innflutningslandinu.

6.8 Þegar aðstæður, sem um getur í 7. mgr., eru ekki fyrir hendi skal ákvarða hvort um alvarlegt tjón er að ræða á grundvelli upplýsinga sem kærunefndinni eru látnar í té eða hún aflar sér, þar á meðal upplýsingar sem eru veittar í samræmi við ákvæði V. viðauka.
6.9 Þessi grein gildir ekki um styrki sem viðhaldið er á landbúnaðarvörum skv. 13. gr. samningsins um landbúnað.

7. gr.
Úrræði.

7.1 Með fyrirvara um ákvæði 13. gr. samningsins um landbúnað getur aðili, þegar hann hefur ástæðu til að ætla að einhver af þeim styrkjum, sem um getur í 1. gr. og eru veittir eða viðhaldið af öðrum aðila, skaði innlenda atvinnugrein, geri að engu eða skerði ávinning eða valdi alvarlegu tjóni, óskað eftir viðræðum við þann aðila.
7.2 Beiðni um viðræður samkvæmt 1. mgr. skal fylgja greinargerð um fyrirliggjandi sönnunargögn um a) að viðkomandi styrkur sé veittur og hvers eðlis hann er og b) skaðann sem innlenda atvinnugreinin hefur orðið fyrir eða að ávinningur þess aðila sem fer fram á viðræður hafi verið gerður að engu eða skertur eða hagsmunum hans unnið alvarlegt tjón.[90]
7.3 Að fenginni beiðni um viðræður samkvæmt 1. mgr. skal aðilinn sem talinn er veita eða viðhalda viðkomandi styrk ganga til slíkra viðræðna eins fljótt og kostur er. Tilgangur viðræðnanna skal vera sá að skýra staðreyndir málsins og finna lausn sem samkomulag er um.

7.4 Ef viðræðurnar leiða ekki til lausnar sem samkomulag er um innan 60 daga[91] getur hver sá aðili sem á hlut að slíkum viðræðum vísað málinu til deilumálanefndarinnar til að fá skipaða kærunefnd nema deilumálanefndin ákveði, með einróma samþykki, að koma ekki á fót kærunefnd. Innan 15 daga frá þeim degi sem kærunefnd er skipuð skal ákvarða verksvið hennar og hverjir eiga þar sæti.
7.5 Kærunefndin skal athuga málið og afhenda deiluaðilum lokaskýrslu sína. Skýrslunni skal dreift til allra aðila innan 120 daga frá þeim degi er kærunefndin var skipuð og verksvið hennar ákvarðað.

7.6 Deilumálanefndin skal samþykkja skýrslu

(f) failure to conform to standards and other regulatory requirements in the importing country.

6.8 In the absence of circumstances referred to in paragraph 7, the existence of serious prejudice should be determined on the basis of the information submitted to or obtained by the panel, including information submitted in accordance with the provisions of Annex V.
6.9 This Article does not apply to subsidies maintained on agricultural products as provided in Article 13 of the Agreement on Agriculture.

Article 7
Remedies

7.1 Except as provided in Article 13 of the Agreement on Agriculture, whenever a Member has reason to believe that any subsidy referred to in Article 1, granted or maintained by another Member, results in injury to its domestic industry, nullification or impairment or serious prejudice, such Member may request consultations with such other Member.
7.2 A request for consultations under paragraph 1 shall include a statement of available evidence with regard to *(a)* the existence and nature of the subsidy in question, and *(b)* the injury caused to the domestic industry, or the nullification or impairment, or serious prejudice[90] caused to the interests of the Member requesting consultations.
7.3 Upon request for consultations under paragraph 1, the Member believed to be granting or maintaining the subsidy practice in question shall enter into such consultations as quickly as possible. The purpose of the consultations shall be to clarify the facts of the situation and to arrive at a mutually agreed solution.
7.4 If consultations do not result in a mutually agreed solution within 60 days[91], any Member party to such consultations may refer the matter to the DSB for the establishment of a panel, unless the DSB decides by consensus not to establish a panel. The composition of the panel and its terms of reference shall be established within 15 days from the date when it is established.
7.5 The panel shall review the matter and shall submit its final report to the parties to the dispute. The report shall be circulated to all Members within 120 days of the date of the composition and establishment of the panel's terms of reference.
7.6 Within 30 days of the issuance of the

kærunefndarinnar[92] innan 30 daga frá því að henni er dreift til allra aðila nema einhver af deiluaðilunum tilkynni henni formlega um þá ákvörðun sína að áfrýja eða nefndin ákveði með einróma samþykki að samþykkja skýrsluna ekki.

7.7 Þegar skýrslu kærunefndar er áfrýjað skal áfrýjunarnefndin tilkynna um ákvörðun sína innan 60 daga frá þeim degi er deiluaðilinn tilkynnir formlega um þá ákvörðun sína að áfrýja. Telji áfrýjunarnefndin að hún geti ekki skilað skýrslu sinni innan 60 daga skal hún tilkynna deilumálanefndinni skriflega um ástæðurnar fyrir töfinni og tilgreina áætlaðan skilatíma fyrir skýrsluna. Málsmeðferðin skal í engu tilviki taka lengri tíma en 90 daga. Skýrsla áfrýjunarnefndarinnar skal samþykkt af deilumálanefndinni og deiluaðilar skulu staðfesta hana skilyrðislaust nema nefndin um lausn deilumála ákveði með einróma samþykki, innan 20 daga frá dreifingu skýrslunnar til aðilanna, að samþykkja hana ekki.[93]

7.8 Þegar skýrsla kærunefndar eða áfrýjunarnefndar hefur verið samþykkt, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að styrkur hafi skaðað hagsmuni annars aðila í skilningi 5. gr., skal aðilinn sem veitir eða viðheldur slíkum styrk gera viðeigandi ráðstafanir til að eyða þessum skaðlegu áhrifum eða draga styrkinn til baka.

7.9 Hafi aðilinn ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að eyða skaðlegum áhrifum styrksins eða draga hann til baka, innan sex mánaða frá þeim degi er deilumálanefndin samþykkir skýrslu kærunefndarinnar eða áfrýjunarnefndarinnar og ef ekki er fyrir hendi samningur um bætur, skal deilumálanefndin veita aðilanum, sem ber fram kæruna, heimild til að gera gagnráðstafanir í réttu hlutfalli við umfang og eðli þeirra skaðlegu áhrifa sem gengið hefur verið úr skugga um að séu til staðar nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki að hafna beiðninni.

7.10 Ef deiluaðili óskar eftir því að máli sé vísað til gerðardóms skv. 6. mgr. 22. gr. samkomulagsins um lausn deilumála skal gerðardómur skera úr um hvort gagnráðstafanirnar séu í réttu hlutfalli við umfang og eðli þeirra skaðlegu áhrifa sem gengið hefur verið úr skugga um að séu til staðar.

panel's report to all Members, the report shall be adopted by the DSB[92] unless one of the parties to the dispute formally notifies the DSB of its decision to appeal or the DSB decides by consensus not to adopt the report.

7.7 Where a panel report is appealed, the Appellate Body shall issue its decision within 60 days from the date when the party to the dispute formally notifies its intention to appeal. When the Appellate Body considers that it cannot provide its report within 60 days, it shall inform the DSB in writing of the reasons for the delay together with an estimate of the period within which it will submit its report. In no case shall the proceedings exceed 90 days. The appellate report shall be adopted by the DSB and unconditionally accepted by the parties to the dispute unless the DSB decides by consensus not to adopt the appellate report within 20 days following its issuance to the Members.[93]

7.8 Where a panel report or an Appellate Body report is adopted in which it is determined that any subsidy has resulted in adverse effects to the interests of another Member within the meaning of Article 5, the Member granting or maintaining such subsidy shall take appropriate steps to remove the adverse effects or shall withdraw the subsidy.

7.9 In the event the Member has not taken appropriate steps to remove the adverse effects of the subsidy or withdraw the subsidy within six months from the date when the DSB adopts the panel report or the Appellate Body report, and in the absence of agreement on compensation, the DSB shall grant authorization to the complaining Member to take countermeasures, commensurate with the degree and nature of the adverse effects determined to exist, unless the DSB decides by consensus to reject the request.

7.10 In the event that a party to the dispute requests arbitration under paragraph 6 of Article 22 of the DSU, the arbitrator shall determine whether the countermeasures are commensurate with the degree and nature of the adverse effects determined to exist.

IV. HLUTI: STYRKIR SEM EKKI ER HEIMILT AÐ GRÍPA TIL AÐGERÐA GEGN

8. gr.

Ákvörðun styrkja sem ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn.

8.1 Ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn eftirtöldum styrkjum[94]:

a) styrkjum sem eru ekki sértækir styrkir í skilningi 2. gr.;

b) styrkjum sem eru sértækir styrkir í skilningi 2. gr. en uppfylla öll skilyrðin sem kveðið er á um í a-, b- eða c-lið 2. mgr. hér á eftir.

8.2 Þrátt fyrir ákvæði III. og V. hluta telst ekki vera heimilt að grípa til aðgerða gegn eftirtöldum styrkjum:

a) aðstoð vegna rannsóknarstarfsemi fyrirtækja, æðri menntastofnana eða rannsóknarstöðva sem eru á samningi við fyrirtæki ef:[95, 96, 97]
aðstoðin[98] nemur ekki meira en 75% af kostnaði við iðnaðarrannsóknir[99] eða 50% af kostnaði við þróunarstarf áður en samkeppnisstigi er náð [100, 101];

og að því tilskildu að slík aðstoð sé eingöngu bundin við:

i) kostnað við starfsmannahald (rannsóknarmenn, tæknimenn og aðra starfsmenn sem eingöngu starfa við rannsóknirnar);

ii) kostnað við tæki, búnað, land og byggingar sem eru eingöngu og til frambúðar ætluð til rannsóknarstarfsemi (nema um sé að ræða afnot á viðskiptagrundvelli);

iii) kostnað við ráðgjöf og jafngilda þjónustu vegna rannsóknarstarfsemi eingöngu, þar með taldar aðkeyptar rannsóknir, tækniþekking, einkaleyfi o.s.frv.;

iv) annan fastakostnað sem er beinlínis til kominn vegna rannsóknarstarfseminnar;

v) annan rekstrarkostnað (svo sem efni, birgðir o.þ.h.) sem er beinlínis til kominn vegna rannsóknarstarfseminnar;

b) aðstoð við illa stödd svæði á yfirráðasvæði aðila, sem er veitt samkvæmt almennum ramma um svæðaþróun[102] og er ekki sértækur styrkur (í skilningi 2. gr.)

PART IV: NON-ACTIONABLE SUBSIDIES

Article 8

Identification of Non-Actionable Subsidies

8.1 The following subsidies shall be considered as non-actionable[94]:

(a) subsidies which are not specific within the meaning of Article 2;

(b) subsidies which are specific within the meaning of Article 2 but which meet all of the conditions provided for in paragraphs 2(a), 2(b) or 2(c) below.

8.2 Notwithstanding the provisions of Parts III and V, the following subsidies shall be non-actionable:

(a) assistance for research activities conducted by firms or by higher education or research establishments on a contract basis with firms if:[95, 96, 97]
the assistance covers[98] not more than 75 per cent of the costs of industrial research[99] or 50 per cent of the costs of pre-competitive development activity[100, 101];
and provided that such assistance is limited exclusively to:

(i) costs of personnel (researchers, technicians and other supporting staff employed exclusively in the research activity);

(ii) costs of instruments, equipment, land and buildings used exclusively and permanently (except when disposed of on a commercial basis) for the research activity;

(iii) costs of consultancy and equivalent services used exclusively for the research activity, including bought-in research, technical knowledge, patents, etc.;

(iv) additional overhead costs incurred directly as a result of the research activity;

(v) other running costs (such as those of materials, supplies and the like), incurred directly as a result of the research activity.

(b) assistance to disadvantaged regions within the territory of a Member given pursuant to a general framework of regional development[102] and non-specific (with-

á svæðum sem eru styrkhæf, að því tilskildu að:

i) hvert illa statt svæði sé greinilega afmarkað samfellt landsvæði með sérstök efnahagsleg og stjórnunarleg einkenni sem unnt er að skilgreina;

ii) svæðið teljist illa statt á grundvelli hlutlausra og hlutlægra viðmiðana[103] sem gefa til kynna að erfiðleikarnir stafi ekki einungis af tímabundnum aðstæðum; slíkar viðmiðanir verða að koma skýrt fram í lögum og reglum eða öðrum opinberum skjölum til að unnt sé að staðfesta þær;

iii) viðmiðanirnar skulu fela í sér mælingu á efnahagsþróun sem skal byggjast á að minnsta kosti einum af eftirfarandi þáttum:
- tekjum á mann eða heimilistekjum á mann eða vergum þjóðartekjum (GDP) á mann, sem mega ekki fara yfir 85% af meðaltali viðkomandi svæðis;
- atvinnuleysisstigi sem þarf að vera að minnsta kosti 110% af meðaltali viðkomandi svæðis;

eins og það mælist á þriggja ára tímabili; slíkar mælingar geta þó verið samsettar og náð til annarra þátta;

c) aðstoð við að laga þá aðstöðu sem er fyrir hendi[104] að nýjum umhverfiskröfum, sem eru settar með lögum og/eða reglum, sem setja fyrirtækjum þrengri skorður og auka fjárhagsbyrðar þeirra, að því tilskildu að aðstoðin:

i) sé ein ráðstöfun sem er ekki beitt aftur; og

ii) sé takmörkuð við 20% af aðlögunarkostnaði; og

iii) taki ekki til kostnaðar við að skipta um og reka fjárfestinguna sem aðstoðin nemur til, sem fyrirtæki verða að bera að fullu; og

iv) tengist beinlínis og í réttum hlutföllum áformum fyrirtækis um að draga úr óþægindum og mengun og taki ekki til sparnaðar í framleiðslukostnaði sem kann að nást fram; og

v) sé í boði fyrir öll fyrirtæki sem geta tekið upp hinn nýja búnað og/eða framleiðsluferli.

in the meaning of Article 2) within eligible regions provided that:

(i) each disadvantaged region must be a clearly designated contiguous geographical area with a definable economic and administrative identity;

25.7 Members recognize that notification of a measure does not prejudge either its legal status under GATT 1994 and this Agreement, the effects under this Agreement, or the nature of the measure itself.

25.8 Any Member may, at any time, make a written request for information on the nature and extent of any subsidy granted or maintained by another Member (including any subsidy referred to in Part IV), or for an explanation of the reasons for which a specific measure has been considered as not subject to the requirement of notification.

25.9 Members so requested shall provide such information as quickly as possible and in a comprehensive manner, and shall be ready, upon request, to provide additional information to the requesting Member. In particular, they shall provide sufficient details to enable the other Member to assess their compliance with the terms of this Agreement. Any Member which considers that such information has not been provided may bring the matter to the attention of the Committee.

25.10 Any Member which considers that any measure of another Member having the effects of a subsidy has not been notified in accordance with the provisions of paragraph 1 of Article XVI of GATT 1994 and this Article may bring the matter to the attention of such other Member. If the alleged subsidy is not thereafter notified promptly, such Member may itself bring the alleged subsidy in question to the notice of the Committee.

25.11 Members shall report without delay to the Committee all preliminary or final actions taken with respect to countervailing duties. Such

aðilar skulu hafa aðgang að slíkum skýrslum á aðalskrifstofunni. Aðilar skulu einnig, tvisvar á ári, leggja fram skýrslur um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar í formi jöfnunartolla á undanfarandi sex mánuðum. Þessar hálfsársskýrslur skulu lagðar fram á samþykktum, stöðluðum eyðublöðum.

25.12 Sérhver aðili skal veita nefndinni upplýsingar um *a)* hvaða yfirvöld eru til þess bær að hefja og framkvæma rannsóknir sem um getur í 11. gr. og *b)* innlenda málsmeðferð sem er beitt þegar slíkar rannsóknir eru hafnar og þær framkvæmdar.

26. gr.
Eftirlit.

26.1 Nefndin skal taka nýjar fullmótaðar tilkynningar, sem eru lagðar fram samkvæmt 1. mgr. XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og 1. mgr. 25. gr. þessa samnings, til athugunar á sérstökum fundum sem eru haldnir þriðja hvert ár. Tilkynningar sem eru gefnar út þess á milli (uppfærðar tilkynningar) skulu teknar til athugunar á öllum fastafundum nefndarinnar.

26.2 Nefndin skal taka skýrslur, sem eru lagðar fram skv. 11. mgr. 25. gr., til athugunar á öllum fastafundum sínum.

VIII. HLUTI: AÐILAR SEM ERU ÞRÓUNARLÖND

27. gr.
Sérstök meðferð og mismunandi meðferð aðila sem eru þróunarlönd.

27.1 Aðilar viðurkenna að styrkir geti gegnt mikilvægu hlutverki í áætlunum aðila sem eru þróunarlönd (hér eftir nefnd „þróunaraðildarlönd“) um efnahagsþróun.

27.2 Bannið í a-lið 1. mgr. 3. gr. gildir ekki um:

a) þróunaraðildarlönd sem um getur í VII. viðauka;
b) önnur þróunaraðildarlönd, í átta ár frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, með fyrirvara um að farið sé að ákvæðum 4. mgr.

27.3 Bannið í b-lið 1. mgr. 3. gr. gildir ekki í fimm ár um þróunaraðildarlönd og það gildir ekki í átta ár frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina um þau aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.

27.4 Öll þróunaraðildarlönd, sem um getur í b-lið 2. mgr., skulu fella niður útflutningsstyrki

reports shall be available in the Secretariat for inspection by other Members. Members shall also submit, on a semi-annual basis, reports on any countervailing duty actions taken within the preceding six months. The semi-annual reports shall be submitted on an agreed standard form.

25.12 Each Member shall notify the Committee *(a)* which of its authorities are competent to initiate and conduct investigations referred to in Article 11 and *(b)* its domestic procedures governing the initiation and conduct of such investigations.

Article 26
Surveillance

26.1 The Committee shall examine new and full notifications submitted under paragraph 1 of Article XVI of GATT 1994 and paragraph 1 of Article 25 of this Agreement at special sessions held every third year. Notifications submitted in the intervening years (updating notifications) shall be examined at each regular meeting of the Committee.

26.2 The Committee shall examine reports submitted under paragraph 11 of Article 25 at each regular meeting of the Committee.

PART VIII: DEVELOPING COUNTRY MEMBERS

Article 27
Special and Differential Treatment of Developing Country Members

27.1 Members recognize that subsidies may play an important role in economic development programmes of developing country Members.

27.2 The prohibition of paragraph 1(a) of Article 3 shall not apply to:

(a) developing country Members referred to in Annex VII.
(b) other developing country Members for a period of eight years from the date of entry into force of the WTO Agreement, subject to compliance with the provisions in paragraph 4.

27.3 The prohibition of paragraph 1(b) of Article 3 shall not apply to developing country Members for a period of five years, and shall not apply to least-developed country Members for a period of eight years, from the date of entry into force of the WTO Agreement.

27.4 Any developing country Member referred to in paragraph 2(b) shall phase out its export

sína á átta árum, helst smám saman. Þróunaraðildarland skal ekki auka útflutningsstyrki sína[126] og skal afnema þá á styttri tíma en kveðið er á um í þessari málsgrein þegar slíkir útflutningsstyrkir eru ekki í samræmi við þarfir þess með tilliti til þróunar. Ef þróunaraðildarland telur nauðsynlegt að beita slíkum styrkjum lengur en í átta ár skal það, eigi síðar en einu ári áður en því tímabili lýkur, hefja viðræður við nefndina sem ákvarðar hvort réttlætanlegt sé að framlengja tímabilið eftir að hafa skoðað allar þarfir hlutaðeigandi þróunaraðildarlands sem skipta máli með tilliti til efnahags, fjárhags og þróunar. Ákvarði nefndin að þörf sé á að framlengja tímabilið, skal viðkomandi þróunaraðildarland eiga viðræður við nefndina á hverju ári til að ákvarða hvort nauðsynlegt sé að viðhalda styrkjunum. Ef nefndin ákvarðar ekki á þann veg skal þróunaraðildarlandið leggja smám saman niður þá útflutningsstyrki sem eftir eru innan tveggja ára frá lokum síðasta tímabils sem heimild var fyrir.

27.5 Þróunaraðildarland, sem er orðið samkeppnishæft í útflutningi einhverrar tiltekinnar framleiðsluvöru, skal smám saman fella niður útflutningsstyrki sína á slíkar vörur á tveggja ára tímabili. Þróunaraðildarland, sem um getur í VII. viðauka og sem er orðið samkeppnishæft í útflutningi einnar eða fleiri framleiðsluvara, skal þó fella smám saman niður útflutningsstyrki á slíkar vörur á átta ára tímabili.

27.6 Útflutningur á framleiðsluvöru þróunaraðildarlands telst samkeppnishæfur ef það flytur út að minnsta kosti 3,25% af heimsviðskiptum á þeirri vöru í tvö ár samfleytt. Samkeppnishæfni í útflutningi er viðurkennd *a)* á grundvelli tilkynningar þróunaraðildarlands sem er orðið samkeppnishæft eða *b)* á grundvelli útreiknings sem aðalskrifstofan annast að beiðni einhvers aðila. Að því er þessa málsgrein varðar er framleiðsluvara skilgreind út frá flokkunarnúmeri í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni. Nefndin skal endurskoða framkvæmd þessara ákvæða fimm árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

27.7 Ákvæði 4. gr. gilda ekki um þróunaraðildarlönd ef um er að ræða útflutningsstyrki

subsidies within the eight-year period, preferably in a progressive manner. However, a developing country Member shall not increase the level of its export subsidies[126], and shall eliminate them within a period shorter than that provided for in this paragraph when the use of such export subsidies is inconsistent with its development needs. If a developing country Member deems it necessary to apply such subsidies beyond the eight-year period, it shall not later than one year before the expiry of this period enter into consultation with the Committee, which will determine whether an extension of this period is justified, after examining all the relevant economic, financial and development needs of the developing country Member in question. If the Committee determines that the extension is justified, the developing country Member concerned shall hold annual consultations with the Committee to determine the necessity of maintaining the subsidies. If no such determination is made by the Committee, the developing country Member shall phase out the remaining export subsidies within two years from the end of the last authorized period.

27.5 A developing country Member which has reached export competitiveness in any given product shall phase out its export subsidies for such product(s) over a period of two years. However, for a developing country Member which is referred to in Annex VII and which has reached export competitiveness in one or more products, export subsidies on such products shall be gradually phased out over a period of eight years.

27.6 Export competitiveness in a product exists if a developing country Member's exports of that product have reached a share of at least 3.25 per cent in world trade of that product for two consecutive calendar years. Export competitiveness shall exist either *(a)* on the basis of notification by the developing country Member having reached export competitiveness, or *(b)* on the basis of a computation undertaken by the Secretariat at the request of any Member. For the purpose of this paragraph, a product is defined as a section heading of the Harmonized System Nomenclature. The Committee shall review the operation of this provision five years from the date of the entry into force of the WTO Agreement.

27.7 The provisions of Article 4 shall not apply to a developing country Member in the case of

sem eru í samræmi við ákvæði 2.-5. mgr. Ákvæði 7. gr. gilda í þeim tilvikum.

27.8 Ekki skal ganga út frá því sem vísu, samkvæmt skilmálum 1. mgr. 6. gr., að styrkur veittur af þróunaraðildarlandi valdi alvarlegu tjóni eins og það er skilgreint í þessum samningi. Sýna skal fram á slíkt alvarlegt tjón, þegar það á við samkvæmt ákvæðum 9. mgr., með óyggjandi sönnunargögnum í samræmi við ákvæði 3.-8. mgr. 6. gr.

27.9 Varðandi styrki sem heimilt er að grípa til aðgerða gegn, sem þróunaraðildarland veitir eða viðheldur, aðra en þá sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skal ekki heimila eða hefja aðgerðir skv. 7. gr. nema slíkir styrkir séu taldir valda því að tollaívilnanir eða aðrar skuldbindingar samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 skerðist eða verði að engu á þann hátt að það torveldi eða komi í veg fyrir innflutning samsvarandi vöru annars aðila á markað þróunaraðildarlandsins sem veitir styrki eða að innlend atvinnugrein á markaði innflutningsaðila hafi orðið fyrir skaða.

27.10 Rannsókn á jöfnunartollum sem lagðir eru á framleiðsluvöru þróunaraðildarlands skal hætt um leið og hlutaðeigandi yfirvöld hafa ákvarðað að:

a) heildarstyrkir vegna viðkomandi framleiðsluvöru fari ekki yfir 2% af verði hennar, reiknað á hverja einingu; eða

b) magn vörunnar sem nýtur styrkja sé innan við 4% af heildarinnflutningi samsvarandi vöru hjá innflutningsaðila, nema innflutningur frá þróunaraðildarlöndum, þar sem hlutur hvers og eins í heildarinnflutningi er innan við 4%, sé samanlagt yfir 9% af heildarinnflutningi innflutningsaðilans á samsvarandi vöru.

27.11 Þegar um er að ræða þróunaraðildarlönd í skilningi b-liðar 2. mgr., sem afnema útflutningsstyrki áður en átta ára tímabilinu eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina lýkur, og þau þróunaraðildarlönd sem um getur í VII. viðauka, skal talan í a-lið 10. mgr. vera 3% en ekki 2%. Þetta ákvæði gildir frá þeim degi er afnám útflutningsstyrkja er tilkynnt til nefndarinnar og svo lengi sem þróunaraðildarland, sem gefur út slíka tilkynningu, veitir ekki útflutningsstyrki. Þetta ákvæði

export subsidies which are in conformity with the provisions of paragraphs 2 through 5. The relevant provisions in such a case shall be those of Article 7.

27.8 There shall be no presumption in terms of paragraph 1 of Article 6 that a subsidy granted by a developing country Member results in serious prejudice, as defined in this Agreement. Such serious prejudice, where applicable under the terms of paragraph 9, shall be demonstrated by positive evidence, in accordance with the provisions of paragraphs 3 through 8 of Article 6.

27.9 Regarding actionable subsidies granted or maintained by a developing country Member other than those referred to in paragraph 1 of Article 6, action may not be authorized or taken under Article 7 unless nullification or impairment of tariff concessions or other obligations under GATT 1994 is found to exist as a result of such a subsidy, in such a way as to displace or impede imports of a like product of another Member into the market of the subsidizing developing country Member or unless injury to a domestic industry in the market of an importing Member occurs.

27.10 Any countervailing duty investigation of a product originating in a developing country Member shall be terminated as soon as the authorities concerned determine that:

(a) the overall level of subsidies granted upon the product in question does not exceed 2 per cent of its value calculated on a per unit basis; or

(b) the volume of the subsidized imports represents less than 4 per cent of the total imports of the like product in the importing Member, unless imports from developing country Members whose individual shares of total imports represent less than 4 per cent collectively account for more than 9 per cent of the total imports of the like product in the importing Member.

27.11 For those developing country Members within the scope of paragraph 2(b) which have eliminated export subsidies prior to the expiry of the period of eight years from the date of entry into force of the WTO Agreement, and for those developing country Members referred to in Annex VII, the number in paragraph 10(a) shall be 3 per cent rather than 2 per cent. This provision shall apply from the date that the elimination of export subsidies is notified to the Committee, and for so long as export subsidies are not granted by the notifying developing country Member. This provision shall expire eight years

fellur úr gildi átta árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
27.12 Ákvæði 10. og 11. mgr. gilda um allar ákvarðanir um lágmarksupphæð skv. 3. mgr. 15. gr.
27.13 Ákvæði III. hluta gilda ekki um beina eftirgjöf skulda, styrkja til að mæta útgjöldum til félagsmála, í hvaða formi sem er, né heldur eftirgjöf á greiðslum til hins opinbera og aðra tilfærslu skulda þegar slíkir styrkir eru veittir vegna einkavæðingaráætlana þróunaraðildarlands og í beinum tengslum við þær, að því tilskildu að slíkum áætlunum og styrkjum, sem tengjast þeim, sé beitt í takmarkaðan tíma og nefndinni sé tilkynnt um þá og að áætlunin leiði að lokum til einkareksturs viðkomandi fyrirtækis.

27.14 Nefndin skal, að fenginni beiðni frá aðila sem á hagsmuna að gæta, endurskoða einstakar veitingar útflutningsstyrkja þróunaraðildarlands til að kanna hvort þær séu í samræmi við þarfir þess að því er varðar þróun.
27.15 Nefndin skal, að fenginni beiðni frá þróunaraðildarlandi sem á hagsmuna að gæta, endurskoða einstakar jöfnunarráðstafanir til að kanna hvort þær samrýmast ákvæðum 10. og 11. gr. eins og þeim er beitt gagnvart hlutaðeigandi þróunaraðildarlandi.

from the date of entry into force of the WTO Agreement.
27.12 The provisions of paragraphs 10 and 11 shall govern any determination of *de minimis* under paragraph 3 of Article 15.
27.13 The provisions of Part III shall not apply to direct forgiveness of debts, subsidies to cover social costs, in whatever form, including relinquishment of government revenue and other transfer of liabilities when such subsidies are granted within and directly linked to a privatization programme of a developing country Member, provided that both such programme and the subsidies involved are granted for a limited period and notified to the Committee and that the programme results in eventual privatization of the enterprise concerned.
27.14 The Committee shall, upon request by an interested Member, undertake a review of a specific export subsidy practice of a developing country Member to examine whether the practice is in conformity with its development needs.
27.15 The Committee shall, upon request by an interested developing country Member, undertake a review of a specific countervailing measure to examine whether it is consistent with the provisions of paragraphs 10 and 11 as applicable to the developing country Member in question.

IX. HLUTI: AÐLÖGUNARFYRIRKOMULAG

28. gr.

Fyrirliggjandi áætlanir.

28.1 Styrkjaáætlanir sem komið hefur verið á fót á yfirráðasvæði einhvers aðila áður en sá aðili undirritaði samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina og samrýmast ekki ákvæðum þessa samnings skulu:

a) tilkynntar nefndinni eigi síðar en 90 dögum eftir að sá aðili undirritaði samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina; og

b) færðar til samræmis við ákvæði þessa samnings innan þriggja ára frá því að sá aðili undirritaði samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina og gildir II. hluti ekki um þær fram að þeim tíma.

28.2 Enginn aðili skal færa út gildissvið slíkrar áætlunar né heldur skal slík áætlun endurnýjuð þegar gildistími hennar rennur út.

PART IX: TRANSITIONAL ARRANGEMENTS

Article 28

Existing Programmes

28.1 Subsidy programmes which have been established within the territory of any Member before the date on which such a Member signed the WTO Agreement and which are inconsistent with the provisions of this Agreement shall be:

(a) notified to the Committee not later than 90 days after the date of entry into force of the WTO Agreement for such Member; and

(b) brought into conformity with the provisions of this Agreement within three years of the date of entry into force of the WTO Agreement for such Member and until then shall not be subject to Part II.

28.2 No Member shall extend the scope of any such programme, nor shall such a programme be renewed upon its expiry.

29. gr.

Skipt yfir í markaðshagkerfi.

29.1 Aðilum, sem eru að færa sig frá miðstýrðu efnahagskerfi yfir í frjálst markaðshagkerfi, er heimilt að beita þeim áætlunum og ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar fyrir slík umskipti.

29.2 Að því er slíka aðila varðar skulu styrkjaáætlanir, sem falla undir gildissvið 3. gr. og eru tilkynntar skv. 3. mgr., felldar niður smám saman eða færðar til samræmis við 3. gr. á sjö ára tímabili frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Í því tilviki gildir 4. gr. ekki. Á sama tímabili skulu þar að auki:

a) styrkjaáætlanir, sem ákvæði d-liðar 1. mgr. 6. gr. gilda ekki um, gefa tilefni til aðgerða samkvæmt 7. gr.;
b) ákvæði 9. mgr. 27. gr. gilda um aðra styrki sem heimilt er að grípa til aðgerða gegn.

29.3 Tilkynna skal nefndinni um styrkjaáætlanir sem falla undir gildissvið 3. gr. við fyrstu hentugleika eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Heimilt er að senda frekari tilkynningar um slíka styrki allt að tveimur árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

29.4 Í undantekningartilvikum getur nefndin leyft að aðilar, sem um getur í 1. mgr., víki frá tilkynntum áætlunum sínum, ráðstöfunum og tímaáætlunum ef slík frávik eru talin nauðsynleg til að umskiptin geti átt sér stað.

Article 29

Transformation into a Market Economy

29.1 Members in the process of transformation from a centrally-planned into a market, free-enterprise economy may apply programmes and measures necessary for such a transformation.

29.2 For such Members, subsidy programmes falling within the scope of Article 3, and notified according to paragraph 3, shall be phased out or brought into conformity with Article 3 within a period of seven years from the date of entry into force of the WTO Agreement. In such a case, Article 4 shall not apply. In addition during the same period:

(a) subsidy programmes falling within the scope of paragraph 1(d) of Article 6 shall not be actionable under Article 7;
(b) with respect to other actionable subsidies, the provisions of paragraph 9 of Article 27 shall apply.

29.3 Subsidy programmes falling within the scope of Article 3 shall be notified to the Committee by the earliest practicable date after the date of entry into force of the WTO Agreement. Further notifications of such subsidies may be made up to two years after the date of entry into force of the WTO Agreement.

29.4 In exceptional circumstances Members referred to in paragraph 1 may be given departures from their notified programmes and measures and their time-frame by the Committee if such departures are deemed necessary for the process of transformation.

X. HLUTI: LAUSN DEILUMÁLA

30. gr.

Sé ekki sérstaklega kveðið á um annað í þessum samningi skulu ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, gilda um viðræður og lausn deilumála samkvæmt þessum samningi.

PART X: DISPUTE SETTLEMENT

Article 30

The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding shall apply to consultations and the settlement of disputes under this Agreement, except as otherwise specifically provided herein.

XI. HLUTI: LOKAÁKVÆÐI

31. gr.

Bráðabirgðabeiting.

Beita skal ákvæðum 1. mgr. 6. gr. og ákvæðum 8. og 9. gr. á fimm ára tímabili sem hefst á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Eigi síðar en 180 dögum fyrir lok þess tímabils skal nefndin endurskoða beitingu þessara ákvæða með það fyrir augum að ákvarða hvort þau skuli gilda áfram í annað tímabil, annaðhvort óbreytt eða í breyttri mynd.

PART XI: FINAL PROVISIONS

Article 31

Provisional Application

The provisions of paragraph 1 of Article 6 and the provisions of Article 8 and Article 9 shall apply for a period of five years, beginning with the date of entry into force of the WTO Agreement. Not later than 180 days before the end of this period, the Committee shall review the operation of those provisions, with a view to determining whether to extend their application, either as presently drafted or in a modified form, for a further period.

32. gr.
Önnur lokaákvæði.

32.1 Ekki er unnt að grípa til sérstakra aðgerða gegn styrk sem annar aðili veitir nema það sé gert í samræmi við ákvæði GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru túlkuð í þessum samningi.[127]

32.2 Ekki er heimilt að setja fyrirvara við ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

32.3 Með fyrirvara um 4. mgr. skulu ákvæði þessa samnings gilda um rannsóknir og endurskoðun gildandi ráðstafana sem eru hafnar samkvæmt umsóknum sem eru lagðar fram sama dag og samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi að því er aðila varðar eða síðar.

32.4 Að því er 3. mgr. 21. gr. varðar skulu gildandi jöfnunarráðstafanir teljast hafnar eigi síðar en þann dag sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi að því er aðila varðar, nema sams konar ákvæði og er að finna í þeirri málsgrein séu þegar í gildandi innlendum lögum aðila á þeim degi.

32.5 Sérhver aðili skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, almenns eða sérstaks eðlis, til að tryggja, eigi síðar en daginn sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi að því er hann varðar, að lög hans, reglur og stjórnsýslumeðferð séu í samræmi við ákvæði þessa samnings eins og þeim er beitt gagnvart hlutaðeigandi aðila.

32.6 Sérhver aðili skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á lögum sínum og reglum sem varða þennan samning og á framkvæmd slíkra laga og reglna.

32.7 Nefndin skal endurskoða framkvæmd og rekstur þessa samnings ár hvert með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal tilkynna vöruviðskiptaráðinu árlega um þá þróun sem orðið hefur á því tímabili sem endurskoðunin náði til.

32.8 Viðaukarnir við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans.

Article 32
Other Final Provisions

32.1 No specific action against a subsidy of another Member can be taken except in accordance with the provisions of GATT 1994, as interpreted by this Agreement.[127]

32.2 Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement without the consent of the other Members.

32.3 Subject to paragraph 4, the provisions of this Agreement shall apply to investigations, and reviews of existing measures, initiated pursuant to applications which have been made on or after the date of entry into force for a Member of the WTO Agreement.

32.4 For the purposes of paragraph 3 of Article 21, existing countervailing measures shall be deemed to be imposed on a date not later than the date of entry into force for a Member of the WTO Agreement, except in cases in which the domestic legislation of a Member in force at that date already included a clause of the type provided for in that paragraph.

32.5 Each Member shall take all necessary steps, of a general or particular character, to ensure, not later than the date of entry into force of the WTO Agreement for it, the conformity of its laws, regulations and administrative procedures with the provisions of this Agreement as they may apply to the Member in question.

32.6 Each Member shall inform the Committee of any changes in its laws and regulations relevant to this Agreement and in the administration of such laws and regulations.

32.7 The Committee shall review annually the implementation and operation of this Agreement, taking into account the objectives thereof. The Committee shall inform annually the Council for Trade in Goods of developments during the period covered by such reviews.

32.8 The Annexes to this Agreement constitute an integral part thereof.

I. VIÐAUKI
SKÝRINGASKRÁ YFIR ÚTFLUTNINGSSTYRKI

a) Beinir styrkir frá hinu opinbera til fyrirtækis eða atvinnugreinar sem háðir eru útflutningsmagni.

b) Fyrirkomulag sem gerir útflytjendum kleift að halda eftir hluta af gjaldeyristekjum sínum eða viðlíka aðgerðir sem hafa í för með sér tekjuauka af útflutningi.

c) Innlend flutnings- og farmgjöld af vörusendingum til útlanda, sem hið opinbera ákveður eða eru ákveðin í umboði þess, með hagstæðari kjörum en gilda um vörusendingar innanlands.

d) Innfluttar eða innlendar framleiðsluvörur eða þjónusta, sem hið opinbera eða stofnanir þess láta í té, beint eða óbeint, gegnum kerfi hins opinbera til notkunar við framleiðslu á útflutningsvörum á hagstæðari kjörum eða skilyrðum en fást við öflun sams konar vöru eða þjónustu eða beinnar samkeppnisvöru eða -þjónustu til notkunar við framleiðslu á vörum til innanlandsneyslu, ef slík kjör eru hagstæðari (þegar um framleiðsluvörur er að ræða) en þau viðskiptakjör sem eru í boði[128] fyrir útflytjendur á heimsmörkuðum.

e) Undanþága að öllu leyti eða að hluta, eftirgjöf eða frestun, í sérstökum tengslum við útflutning, á beinum sköttum[129] eða félagslegum gjöldum sem verslunar- og iðnfyrirtæki greiða eða ber að greiða.[130]

f) Leyfi til sérstaks frádráttar við útreikning á álagningarstofni beinna skatta í beinum tengslum við útflutning eða útflutningsmagn, umfram þann sem er veittur vegna framleiðslu til innanlandsneyslu.

g) Undanþága eða eftirgjöf óbeinna skatta[129], á framleiðslu og dreifingu útfluttra framleiddra vara, sem eru umfram álagðan skatt á framleiðslu og dreifingu samsvarandi vara þegar þær eru seldar til innanlandsneyslu.

h) Undanþága, eftirgjöf eða frestun á uppsöfnuðum, óbeinum sköttum á fyrri vinnslustigum,[129] vegna vöru eða þjónustu, sem notuð er við vinnslu á útfluttum framleiðsluvörum, sem er umfram undanþágu, eftirgjöf eða frestun samsvarandi uppsafnaðra óbeinna skatta á fyrri vinnslustigum vegna vöru eða þjónustu sem er notuð við framleiðslu samsvarandi vara til innanlandsneyslu; þó er

ANNEX I
ILLUSTRATIVE LIST OF EXPORT SUBSIDIES

(a) The provision by governments of direct subsidies to a firm or an industry contingent upon export performance.

(b) Currency retention schemes or any similar practices which involve a bonus on exports.

(c) Internal transport and freight charges on export shipments, provided or mandated by governments, on terms more favourable than for domestic shipments.

(d) The provision by governments or their agencies either directly or indirectly through government-mandated schemes, of imported or domestic products or services for use in the production of exported goods, on terms or conditions more favourable than for provision of like or directly competitive products or services for use in the production of goods for domestic consumption, if (in the case of products) such terms or conditions are more favourable than those commercially available[128] on world markets to their exporters.

(e) The full or partial exemption remission, or deferral specifically related to exports, of direct taxes[129] or social welfare charges paid or payable by industrial or commercial enterprises.[130]

(f) The allowance of special deductions directly related to exports or export performance, over and above those granted in respect to production for domestic consumption, in the calculation of the base on which direct taxes are charged.

(g) The exemption or remission, in respect of the production and distribution of exported products, of indirect taxes[129] in excess of those levied in respect of the production and distribution of like products when sold for domestic consumption.

(h) The exemption, remission or deferral of prior-stage cumulative indirect taxes[129] on goods or services used in the production of exported products in excess of the exemption, remission or deferral of like prior-stage cumulative indirect taxes on goods or services used in the production of like products when sold for domestic consumption; provided, however, that prior-stage cumula-

heimilt að veita undanþágu, eftirgjöf eða frestun á uppsöfnuðum óbeinum sköttum á fyrri vinnslustigum vegna útflutningsvara, jafnvel þótt ekki sé veitt undanþága, eftirgjöf eða frestun vegna samsvarandi framleiðsluvara til innanlandsneyslu, ef uppsafnaðir óbeinir skattar á fyrri vinnslustigum eru lagðir á aðföng sem eru notuð við framleiðslu útflutningsvörunnar og verða hluti af henni (að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar).[131] Þetta atriði skal túlkað í samræmi við viðmiðunarreglurnar í II. viðauka um notkun aðfanga í framleiðsluferlinu.

i) Eftirgjöf eða niðurfelling á innflutningsgjöldum[58] umfram þau sem eru lögð á aðföng sem eru notuð við framleiðslu útflutningsvörunnar og verða hluti af henni (að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar); í sérstökum tilvikum er fyrirtæki þó heimilt að nota tiltekið magn aðfanga af heimamarkaði, jafn mikið og með sömu gæði og eiginleika og innfluttu aðföngin, í staðinn fyrir þau til að hafa ávinning af þessu ákvæði ef innflutningur og samsvarandi útflutningur eiga sér stað innan eðlilegra tímamarka sem mega ekki vera rýmri en tvö ár. Þetta atriði ber að túlka í samræmi við viðmiðunarreglurnar í II. viðauka um notkun á aðföngum í framleiðsluferlinu og viðmiðunarreglur í III. viðauka um ákvörðun á því hvort niðurfellingarkerfi, þar sem ein vara kemur í stað annarrar, skuli teljast til útflutningsstyrkja.

j) Lánsábyrgða- eða tryggingaáætlanir hins opinbera (eða sérstakra stofnana á vegum þess) vegna útflutnings, tryggingar- eða ábyrgðaáætlanir vegna aukins kostnaðar við útfluttar framleiðsluvörur eða gengisáhættu áætlanir, þar sem iðgjöld nægja ekki til að mæta kostnaði og tapi vegna framkvæmdar áætlananna til langs tíma.

k) Útflutningslán sem hið opinbera veitir (eða sérstakar stofnanir undir stjórn og/eða á vegum hins opinbera) með lægri vöxtum en þeim sem þarf að greiða vegna sjóða sem er varið í þessu skyni (eða yrði að greiða ef fjárins væri aflað með láni á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, með sama gjalddaga, sömu lánaskilmálum og í sama gjaldmiðli og útflutningslánið) eða greiðslur hins opinbera á öllum kostnaði eða hluta þess kostnaðar sem hlýst af lántökum útflytjenda eða fjármálastofnana, að svo miklu leyti sem

tive indirect taxes may be exempted, remitted or deferred on exported products even when not exempted, remitted or deferred on like products when sold for domestic consumption, if the prior-stage cumulative indirect taxes are levied on inputs that are consumed in the production of the exported product (making normal allowance for waste).[131] This item shall be interpreted in accordance with the guidelines on consumption of inputs in the production process contained in Annex II.

(i) The remission or drawback of import charges[58] in excess of those levied on imported inputs that are consumed in the production of the exported product (making normal allowance for waste); provided, however, that in particular cases a firm may use a quantity of home market inputs equal to, and having the same quality and characteristics as, the imported inputs as a substitute for them in order to benefit from this provision if the import and the corresponding export operations both occur within a reasonable time period, not to exceed two years. This item shall be interpreted in accordance with the guidelines on consumption of inputs in the production process contained in Annex II and the guidelines in the determination of substitution drawback systems as export subsidies contained in Annex III.

(j) The provision by governments (or special institutions controlled by governments) of export credit guarantee or insurance programmes, of insurance or guarantee programmes against increases in the cost of exported products or of exchange risk programmes, at premium rates which are inadequate to cover the long-term operating costs and losses of the programmes.

(k) The grant by governments (or special institutions controlled by and/or acting under the authority of governments) of export credits at rates below those which they actually have to pay for the funds so employed (or would have to pay if they borrowed on international capital markets in order to obtain funds of the same maturity and other credit terms and denominated in the same currency as the export credit), or the payment by them of all or part of the costs incurred by exporters or financial institu-

þeim greiðslum er varið til að tryggja verulega bætta skilmála á sviði útflutningslána.

Eigi aðili hins vegar hlut að alþjóðlegum samningi um opinber útflutningslán sem að minnsta kosti tólf stofnaðilar þessa samnings frá 1. janúar 1979 eiga aðild að (eða síðari samningi á grunni hins fyrri sem þessir aðilar samþykkja), eða ef aðili beitir í raun vaxtakjaraákvæðum viðkomandi samnings, skulu útflutningslán, veitt samkvæmt starfsháttum sem eru í samræmi við þau ákvæði, ekki teljast útflutningsstyrkir sem eru bannaðir samkvæmt þessum samningi.

l) Önnur gjöld sem eru greidd af almannafé og teljast útflutningsstyrkir í skilningi XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

II. VIÐAUKI
VIÐMIÐUNARREGLUR UM NOTKUN AÐFANGA Í FRAMLEIÐSLUFERLINU[132]

I

1. Með afsláttarfyrirkomulagi á óbeinum sköttum er unnt að veita möguleika á undanþágu, eftirgjöf eða frestun á uppsöfnuðum óbeinum sköttum á fyrri vinnslustigum sem lagðir eru á aðföng sem eru notuð í framleiðslu á útflutningsvörum (að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar). Á sama hátt getur niðurfellingarfyrirkomulag veitt möguleika á eftirgjöf eða niðurfellingu innflutningsgjalda sem eru lögð á aðföng sem eru notuð í framleiðslu á útflutningsvörum (að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar).

2. Í h- og i-lið skýringaskrárinnar yfir útflutningsstyrki í I. viðauka þessa samnings er notað hugtakið „aðföng sem eru notuð við framleiðslu útflutningsvörunnar og verða hluti af henni“. Samkvæmt h-lið getur afsláttarfyrirkomulag á óbeinum sköttum verið útflutningsstyrkur að því marki sem það leiðir af sér undanþágu, eftirgjöf eða frestun á uppsöfnuðum óbeinum sköttum á fyrri vinnslustigum umfram þá fjárhæð slíkra skatta sem er í raun lögð á aðföng sem eru notuð við framleiðslu útflutningsvörunnar og verða hluti af henni. Samkvæmt i-lið getur niðurfellingarfyrirkomulag talist útflutningsstyrkur að því marki sem það leiðir af sér eftirgjöf eða niðurfellingu innflutningsgjalda umfram gjöld sem eru í raun lögð á þau aðföng sem eru notuð við framleiðslu útflutningsvörunnar og verða hluti af henni. Í báðum liðum er tekið fram að í niðurtions in obtaining credits, in so far as they are used to secure a material advantage in the field of export credit terms.

Provided, however, that if a Member is a party to an international undertaking on official export credits to which at least twelve original Members to this Agreement are parties as of 1 January 1979 (or a successor undertaking which has been adopted by those original Members), or if in practice a Member applies the interest rates provisions of the relevant undertaking, an export credit practice which is in conformity with those provisions shall not be considered an export subsidy prohibited by this Agreement.

(l) Any other charge on the public account constituting an export subsidy in the sense of Article XVI of GATT 1994.

ANNEX II
GUIDELINES ON CONSUMPTION OF INPUTS IN THE PRODUCTION PROCESS[132]

I

1. Indirect tax rebate schemes can allow for exemption, remission or deferral of prior-stage cumulative indirect taxes levied on inputs that are consumed in the production of the exported product (making normal allowance for waste). Similarly, drawback schemes can allow for the remission or drawback of import charges levied on inputs that are consumed in the production of the exported product (making normal allowance for waste).

2. The Illustrative List of Export Subsidies in Annex I of this Agreement makes reference to the term "inputs that are consumed in the production of the exported product" in paragraphs (h) and (i). Pursuant to paragraph (h), indirect tax rebate schemes can constitute an export subsidy to the extent that they result in exemption, remission or deferral of prior-stage cumulative indirect taxes in excess of the amount of such taxes actually levied on inputs that are consumed in the production of the exported product. Pursuant to paragraph (i), drawback schemes can constitute an export subsidy to the extent that they result in a remission or drawback of import charges in excess of those actually levied on inputs that are consumed in the production of the exported product. Both paragraphs stipulate that normal allowance for waste must be made

stöðum varðandi notkun aðfanga í framleiðslu útflutningsvörunnar verði að taka tillit til eðlilegrar rýrnunar. Í i-lið er einnig kveðið á um vörur sem eru notaðar í stað annarra, þegar það á við.

II

Við athugun á því hvort aðföng séu notuð við framleiðslu útflutningsvöru og verði hluti af henni, sem er liður í rannsókn á jöfnunartollum samkvæmt þessum samningi, skulu rannsóknaryfirvöld haga málsmeðferð með eftirfarandi hætti:

1. Þegar því er haldið fram að afsláttarfyrirkomulag óbeinna skatta eða niðurfellingarfyrirkomulag megi teljast styrkur, vegna of mikils afsláttar eða niðurfellingar óbeinna skatta eða innflutningsgjalda á aðföng sem eru notuð í útflutningsvöru og eru hluti af henni, skulu rannsóknaryfirvöld fyrst ákvarða hvort stjórnvöld útflutningsaðila hafi yfir að ráða og beiti kerfi eða málsmeðferð til að staðfesta hvaða aðföng séu hluti af útflutningsvörunni og í hve miklu magni. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að slíku kerfi eða málsmeðferð sé beitt skulu rannsóknaryfirvöld athuga kerfið eða málsmeðferðina til að meta hvort hún sé eðlileg, skili tilætluðum árangri og byggist á góðum viðskiptaháttum í útflutningslandinu. Rannsóknaryfirvöld kunna að telja nauðsynlegt að gera tilteknar verklegar prófanir, í samræmi við 6. mgr. 12. gr., til að sannreyna upplýsingar eða sannfærast um að kerfinu eða málsmeðferðinni sé beitt með skilvirkum hætti.

2. Þegar ekkert slíkt kerfi eða málsmeðferð er fyrir hendi, þegar málsmeðferðin telst ekki eðlileg eða þegar hún er viðtekin og telst eðlileg en er ekki beitt eða er ekki beitt með skilvirkum hætti, er nauðsynlegt að útflutningsaðili láti fara fram frekari athugun sem byggist á sjálfum aðföngunum til að ganga úr skugga um hvort umframgreiðslur hafi átt sér stað. Telji rannsóknaryfirvöld það nauðsynlegt skal frekari athugun fara fram í samræmi við 1. mgr.

3. Rannsóknaryfirvöld skulu líta svo á að aðföng hafi sameinast vörunni ef þau eru notuð í framleiðsluferlinu og eru efnislegur hluti af útflutningsvörunni. Aðilar gera sér ljóst að aðföng þurfa ekki að vera í sama formi í endanlegu vörunni og þegar þau voru sett inn í framleiðsluferlið.

in findings regarding consumption of inputs in the production of the exported product. Paragraph (i) also provides for substitution, where appropriate.

II

In examining whether inputs are consumed in the production of the exported product, as part of a countervailing duty investigation pursuant to this Agreement, investigating authorities should proceed on the following basis:

1. Where it is alleged that an indirect tax rebate scheme, or a drawback scheme, conveys a subsidy by reason of over-rebate or excess drawback of indirect taxes or import charges on inputs consumed in the production of the exported product, the investigating authorities should first determine whether the government of the exporting Member has in place and applies a system or procedure to confirm which inputs are consumed in the production of the exported product and in what amounts. Where such a system or procedure is determined to be applied, the investigating authorities should then examine the system or procedure to see whether it is reasonable, effective for the purpose intended, and based on generally accepted commercial practices in the country of export. The investigating authorities may deem it necessary to carry out, in accordance with paragraph 6 of Article 12, certain practical tests in order to verify information or to satisfy themselves that the system or procedure is being effectively applied.
2. Where there is no such system or procedure, where it is not reasonable, or where it is instituted and considered reasonable but is found not to be applied or not to be applied effectively, a further examination by the exporting Member based on the actual inputs involved would need to be carried out in the context of determining whether an excess payment occurred. If the investigating authorities deemed it necessary, a further examination would be carried out in accordance with paragraph 1.
3. Investigating authorities should treat inputs as physically incorporated if such inputs are used in the production process and are physically present in the product exported. The Members note that an input need not be present in the final product in the same form in which it entered the production process.

4. Þegar ákvarðað er magn sérstakra aðfanga, sem eru notuð við framleiðslu útflutningsvöru og verða hluti af henni, skal taka tillit til „eðlilegrar rýrnunar“ og líta á slíka rýrnun eins og hún hafi orðið við framleiðslu útflutningsvörunnar. Hugtakið „rýrnun“ vísar til þess hluta af tilteknum aðföngum sem þjóna ekki sjálfstæðu hlutverki í framleiðsluferlinu, eru ekki hluti af framleiðslu útflutningsvörunnar (til dæmis vegna óvirkni) og skila sér hvorki til baka né eru notuð eða seld af sama framleiðanda.

5. Við ákvörðun rannsóknaryfirvalda á því hvort tilgreind frávik vegna rýrnunar séu „eðlileg“ skal taka tillit til framleiðsluferlisins, þess hver reynslan hefur verið að meðaltali í þeirri atvinnugrein í útflutningslandinu og annarra tæknilegra atriða eftir því sem við á. Rannsóknaryfirvöld skulu hafa hugfast að miklu máli skiptir hvort yfirvöld útflutningsaðila hafi reiknað með rýrnun í hæfilegu magni þegar reikna á með því magni við veitingu afsláttar eða við eftirgjöf skatta eða tolla.

III. VIÐAUKI
VIÐMIÐUNARREGLUR UM ÁKVÖRÐUN Á ÞVÍ HVORT NIÐURFELLINGARKERFI ÞAR SEM EIN VARA ER NOTUÐ Í STAÐ ANNARRAR SÉU ÚTFLUTNINGSSTYRKIR

I

Með niðurfellingarkerfi er unnt að veita möguleika á endurgreiðslu eða niðurfellingu innflutningsgjalda á aðföng sem verða hluti af annarri útflutningsvöru í framleiðsluferlinu og þegar innlend aðföng af sömu gæðum og eiginleikum eru notuð í hana í staðinn fyrir innfluttu aðföngin. Samkvæmt i-lið skýringaskrárinnar yfir útflutningsstyrki í I. viðauka geta niðurfellingarkerfi, þar sem ein vara er notuð í stað annarrar, talist útflutningsstyrkur að því marki sem þau leiða til meiri niðurfellingar en nemur innflutningsgjöldunum sem voru lögð upphaflega á innfluttu aðföngin sem niðurfellingar er krafist fyrir.

II

Þegar niðurfellingarkerfi, þar sem ein vara er notuð í stað annarrar, er tekið til athugunar sem hluti af rannsókn á jöfnunartollum samkvæmt þessum samningi skulu rannsóknaryfirvöld beita eftirfarandi málsmeðferð.

1. Í i-lið skýringaskrárinnar er tekið fram að nota megi aðföng af heimamarkaði í staðinn fyrir innflutt aðföng í framleiðslu á útflutnings-

4. In determining the amount of a particular input that is consumed in the production of the exported product, a “normal allowance for waste” should be taken into account, and such waste should be treated as consumed in the production of the exported product. The term “waste” refers to that portion of a given input which does not serve an independent function in the production process, is not consumed in the production of the exported product (for reasons such as inefficiencies) and is not recovered, used or sold by the same manufacturer.

5. The investigating authority’s determination of whether the claimed allowance for waste is “normal” should take into account the production process, the average experience of the industry in the country of export, and other technical factors, as appropriate. The investigating authority should bear in mind that an important question is whether the authorities in the exporting Member have reasonably calculated the amount of waste, when such an amount is intended to be included in the tax or duty rebate or remission.

ANNEX III
GUIDELINES IN THE DETERMINATION OF SUBSTITUTION DRAWBACK SYSTEMS AS EXPORT SUBSIDIES

I

Drawback systems can allow for the refund or drawback of import charges on inputs which are consumed in the production process of another product and where the export of this latter product contains domestic inputs having the same quality and characteristics as those substituted for the imported inputs. Pursuant to paragraph (i) of the Illustrative List of Export Subsidies in Annex I, substitution drawback systems can constitute an export subsidy to the extent that they result in an excess drawback of the import charges levied initially on the imported inputs for which drawback is being claimed.

II

In examining any substitution drawback system as part of a countervailing duty investigation pursuant to this Agreement, investigating authorities should proceed on the following basis:

1. Paragraph (i) of the Illustrative List stipulates that home market inputs may be substituted for imported inputs in the production of a product

vöru, að því tilskildu að slík aðföng séu í jafn miklu magni og af sömu gæðum og eiginleikum og innfluttu aðföngin sem þau koma í staðinn fyrir. Nauðsynlegt er að eftirlitskerfi eða málsmeðferð sé fyrir hendi til að gera stjórnvöldum útflutningsaðila kleift að sjá til þess og sýna fram á að magn aðfanga, sem niðurfellingar er krafist fyrir, sé ekki meira en magn svipaðra framleiðsluvara sem eru fluttar út, í hvaða formi sem þær eru, og að ekki sé um að ræða niðurfellingu á innflutningsgjöldum umfram þau sem voru upphaflega lögð á innfluttu aðföngin.

2. Þegar því er haldið fram að niðurfellingarkerfi þar sem ein vara er notuð í stað annarrar megi teljast styrkur skulu rannsóknaryfirvöld fyrst ákvarða hvort stjórnvöld útflutningsaðila hafi yfir að ráða og beiti sannprófunarkerfi eða -málsmeðferð. Þegar ákvarðað er að slíku kerfi eða málsmeðferð sé beitt skulu rannsóknaryfirvöld athuga sannprófunaraðferðina til að meta hvort hún sé eðlileg, skili tilætluðum árangri og byggist á góðum viðskiptaháttum í útflutningslandinu. Sé ákvarðað að aðferðin standist þessa prófun og sé beitt á skilvirkan hátt telst styrkur ekki hafa verið veittur. Rannsóknaryfirvöld kunna að telja nauðsynlegt að gera, tilteknar prófanir, í samræmi við 6. mgr. 12. gr., til að sannreyna upplýsingar eða sannfærast um að sannprófunaraðferðinni sé beitt með skilvirkum hætti.

3. Þegar engin sannprófunaraðferð er fyrir hendi, þegar aðferðin telst ekki eðlileg eða þegar hún er viðtekin og telst eðlileg en er ekki beitt eða er ekki beitt með skilvirkum hætti, er hugsanlegt að um styrk sé að ræða. Í því tilviki er nauðsynlegt að útflutningsaðili geri frekari athugun, sem byggist á þeim viðskiptum sem hafa farið fram í raun, til að ganga úr skugga um hvort umframgreiðslur hafi átt sér stað. Telji rannsóknaryfirvöld það nauðsynlegt ætti frekari athugun að fara fram í samræmi við 2. mgr.

4. Þótt til séu ákvæði um niðurfellingu þar sem ein vara kemur í stað annarrar sem heimila útflytjendum að velja til innflutnings tilteknar sendingar, sem niðurfellingar er krafist fyrir, skal það ekki teljast styrkur í sjálfu sér.

5. Ef hið opinbera greiðir vexti af fé, sem er endurgreitt samkvæmt niðurfellingarfyrirkomulagi þess, að svo miklu leyti sem greiða ber vexti eða þeir eru greiddir í raun, telst vera um of mikla niðurfellingu á innflutningsgjöldum að ræða í skilningi i-liðar.

for export provided such inputs are equal in quantity to, and have the same quality and characteristics as, the imported inputs being substituted. The existence of a verification system or procedure is important because it enables the government of the exporting Member to ensure and demonstrate that the quantity of inputs for which drawback is claimed does not exceed the quantity of similar products exported, in whatever form, and that there is not drawback of import charges in excess of those originally levied on the imported inputs in question.

2. Where it is alleged that a substitution drawback system conveys a subsidy, the investigating authorities should first proceed to determine whether the government of the exporting Member has in place and applies a verification system or procedure. Where such a system or procedure is determined to be applied, the investigating authorities should then examine the verification procedures to see whether they are reasonable, effective for the purpose intended, and based on generally accepted commercial practices in the country of export. To the extent that the procedures are determined to meet this test and are effectively applied, no subsidy should be presumed to exist. It may be deemed necessary by the investigating authorities to carry out, in accordance with paragraph 6 of Article 12, certain practical tests in order to verify information or to satisfy themselves that the verification procedures are being effectively applied.

3. Where there are no verification procedures, where they are not reasonable, or where such procedures are instituted and considered reasonable but are found not to be actually applied or not applied effectively, there may be a subsidy. In such cases a further examination by the exporting Member based on the actual transactions involved would need to be carried out to determine whether an excess payment occurred. If the investigating authorities deemed it necessary, a further examination would be carried out in accordance with paragraph 2.

4. The existence of a substitution drawback provision under which exporters are allowed to select particular import shipments on which drawback is claimed should not of itself be considered to convey a subsidy.

5. An excess drawback of import charges in the sense of paragraph (i) would be deemed to exist where governments paid interest on any monies refunded under their drawback schemes, to the extent of the interest actually paid or payable.

IV. VIÐAUKI
ÚTREIKNINGUR Á HEILDARVERÐMÆTI STYRKS (A-LIÐUR 1. MGR. 6. GR.)[133]

1. Útreikningur á fjárhæð styrks í skilningi a-liðar 1. mgr. 6. gr. skal gerður á grundvelli þess kostnaðar sem hann hefur í för með sér fyrir stjórnvöld sem veita styrkinn.
2. Þegar ákvarðað er hvort samanlögð fjárhæð styrkja fari yfir 5% af verðgildi vöru skal verðgildi vörunnar reiknað, í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í 3.-5. mgr., sem heildarverðgildi sölu viðtökufyrirtækisins[134] á 12 mánaða tímabili sem nýjustu upplýsingar um sölu eru til um á undan tímabilinu þegar styrkurinn er veittur.[135]
3. Þegar styrkur er bundinn framleiðslu eða sölu á tiltekinni vöru skal verðgildi vörunnar reiknað sem heildarverðgildi sölu viðtökufyrirtækisins á þeirri vöru á 12 mánaða tímabili sem nýjustu upplýsingar um sölu eru til um á undan tímabilinu þegar styrkurinn er veittur.

4. Þegar viðtökufyrirtækið er á byrjunarstigi telst alvarlegt tjón hafa orðið ef heildarfjárhæð styrkja fer yfir 15% af heildarfjárfestingu. Að því er þessa málsgrein varðar telst fyrirtæki einungis vera á byrjunarstigi fyrsta árið sem framleiðsla fer fram.[136]
5. Þegar viðtökufyrirtækið er í landi þar sem verðbólga er ríkjandi skal verðmæti framleiðsluvörunnar reiknað sem heildarsala viðtökufyrirtækisins (eða sala á viðkomandi framleiðsluvöru ef styrkurinn er bundinn) á næstliðnu almanaksári, vísitölubundið samkvæmt verðbólgustigi síðustu 12 mánaða áður en styrkurinn er veittur.
6. Þegar heildarstyrkveiting tiltekins árs er ákveðin skulu styrkir, sem eru veittir samkvæmt mismunandi áætlunum og af mismunandi yfirvöldum á yfirráðasvæði aðila, lagðir saman.
7. Styrkir, sem eru veittir fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina en ávinningur af þeim kemur á síðari tíma framleiðslu, skulu taldir með í heildarfjárhæð styrkja.
8. Styrkir, sem ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa samnings, skulu ekki taldir með í útreikningum á fjárhæð styrks að því er varðar a-lið 1. mgr. 6. gr.

ANNEX IV
CALCULATION OF THE TOTAL AD VALOREM SUBSIDIZATION (PARAGRAPH 1(a) OF ARTICLE 6)[133]

1. Any calculation of the amount of a subsidy for the purpose of paragraph 1(a) of Article 6 shall be done in terms of the cost to the granting government.
2. Except as provided in paragraphs 3 through 5, in determining whether the overall rate of subsidization exceeds 5 per cent of the value of the product, the value of the product shall be calculated as the total value of the recipient firm's[134] sales in the most recent 12-month period, for which sales data is available, preceding the period in which the subsidy is granted.[135]
3. Where the subsidy is tied to the production or sale of a given product, the value of the product shall be calculated as the total value of the recipient firm's sales of that product in the most recent 12-month period, for which sales data is available, preceding the period in which the subsidy is granted.
4. Where the recipient firm is in a start-up situation, serious prejudice shall be deemed to exist if the overall rate of subsidization exceeds 15 per cent of the total funds invested. For purposes of this paragraph, a start-up period will not extend beyond the first year of production.[136]
5. Where the recipient firm is located in an inflationary economy country, the value of the product shall be calculated as the recipient firm's total sales (or sales of the relevant product, if the subsidy is tied) in the preceding calendar year indexed by the rate of inflation experienced in the 12 months preceding the month in which the subsidy is to be given.
6. In determining the overall rate of subsidization in a given year, subsidies given under different programmes and by different authorities in the territory of a Member shall be aggregated.
7. Subsidies granted prior to the date of entry into force of the WTO Agreement, the benefits of which are allocated to future production, shall be included in the overall rate of subsidization.
8. Subsidies which are non-actionable under relevant provisions of this Agreement shall not be included in the calculation of the amount of a subsidy for the purpose of paragraph 1(a) of Article 6.

V. VIÐAUKI
MÁLSMEÐFERÐ VIÐ ÖFLUN UPPLÝSINGA UM ALVARLEGT TJÓN

1. Allir aðilar skulu hafa samvinnu um að safna saman sönnunargögnum sem kærunefnd rannsakar við málsmeðferð samkvæmt 4.-6. mgr. 7. gr. Deiluaðilar, og aðilar sem eru þriðju lönd og eiga hlut að máli, skulu tilkynna deilumálanefndinni, strax og skírskotað er til ákvæða 4. mgr. 7. gr., um það hvaða stofnun annast framkvæmd þessa ákvæðis á yfirráðasvæði þeirra og hvaða málsmeðferð verði viðhöfð við að afgreiða beiðnir um upplýsingar.

2. Í tilvikum þar sem málum er vísað til deilumálanefndarinnar skv. 4. mgr. 7. gr. skal deilumálanefndin, að fenginni beiðni, hefja málsmeðferð til að afla þeirra upplýsinga frá stjórnvöldum aðilans sem veitir styrki, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða hvort um styrk sé að ræða og hve mikill hann sé, verðgildi heildarsölu þeirra fyrirtækja sem njóta styrkja svo og upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að greina hin skaðlegu áhrif sem varan er nýtur styrkja hefur í för með sér.[137] Í þessu ferli geta falist, eftir því sem við á, fyrirspurnir til stjórnvalda aðilans sem veitir styrki og þess aðila sem ber fram kæru með það fyrir augum að afla upplýsinga og fá nánari skýringu og útlistun á upplýsingum sem deiluaðilar hafa aðgang að á grundvelli reglna um tilkynningar sem fjallað er um í VII. hluta.[138]
3. Ef áhrifa gætir á mörkuðum þriðja lands er deiluaðila heimilt að safna upplýsingum, þar á meðal með fyrirspurnum til stjórnvalda aðila sem er þriðja land, sem eru nauðsynlegar til að greina skaðleg áhrif en ekki er unnt að fá á annan hátt með góðu móti frá aðilanum sem ber fram kæru eða aðilanum sem veitir styrk. Farið skal með þessa kröfu á þann hátt að ekki valdi aðila sem er þriðja land of miklum erfiðleikum. Meðal annars er ekki ætlast til að slíkur aðili geri sérstaka markaðs- eða verðkönnun í þessu skyni. Einungis skal veita upplýsingar sem eru þegar fyrir hendi eða þessi aðili getur fengið með hægu móti (t.d. nýjustu tölulegar upplýsingar sem hafa verið teknar saman af viðkomandi hagstofu en ekki verið birtar, gögn frá tollþjónustunni varðandi innflutning og uppgefið verð á viðkomandi vöru o.s.frv.). Ef deiluaðili gerir engu að síður nákvæma markaðskönnun á sinn eigin kostnað skulu yfirvöld aðilans sem er þriðja land auðvelda þeim einstaklingi eða fyrirtæki sem gerir slíka könnun starfið og skal veita

ANNEX V
PROCEDURES FOR DEVELOPING INFORMATION CONCERNING SERIOUS PREJUDICE

1. Every Member shall cooperate in the development of evidence to be examined by a panel in procedures under paragraphs 4 through 6 of Article 7. The parties to the dispute and any third-country Member concerned shall notify to the DSB, as soon as the provisions of paragraph 4 of Article 7 have been invoked, the organization responsible for administration of this provision within its territory and the procedures to be used to comply with requests for information.
2. In cases where matters are referred to the DSB under paragraph 4 of Article 7, the DSB shall, upon request, initiate the procedure to obtain such information from the government of the subsidizing Member as necessary to establish the existence and amount of subsidization, the value of total sales of the subsidized firms, as well as information necessary to analyze the adverse effects caused by the subsidized product.[137] This process may include, where appropriate, presentation of questions to the government of the subsidizing Member and of the complaining Member to collect information, as well as to clarify and obtain elaboration of information available to the parties to a dispute through the notification procedures set forth in Part VII.[138]

3. In the case of effects in third-country markets, a party to a dispute may collect information, including through the use of questions to the government of the third-country Member, necessary to analyze adverse effects, which is not otherwise reasonably available from the complaining Member or the subsidizing Member. This requirement should be administered in such a way as not to impose an unreasonable burden on the third-country Member. In particular, such a Member is not expected to make a market or price analysis specially for that purpose. The information to be supplied is that which is already available or can be readily obtained by this Member (e.g. most recent statistics which have already been gathered by relevant statistical services but which have not yet been published, customs data concerning imports and declared values of the products concerned, etc.). However, if a party to a dispute undertakes a detailed market analysis at its own expense, the task of the person or firm conducting such an

slíkum einstaklingi eða fyrirtæki aðgang að öllum upplýsingum sem stjórnvöld fara að jafnaði ekki með sem trúnaðarmál.

4. Deilumálanefndin skal tilnefna fulltrúa sem hefur það hlutverk að auðvelda upplýsingasöfnunina. Starf fulltrúans skal eingöngu vera að tryggja nauðsynlega upplýsingaöflun í tæka tíð til að endurskoðun á deilunni geti farið tafarlaust fram á grundvelli marghliða samninganna. Einkum getur fulltrúinn gert tillögur um skilvirkustu leiðir til að afla nauðsynlegra upplýsinga og einnig stuðlað að samvinnu málsaðila.

5. Upplýsingasöfnuninni, sem gerð er grein fyrir í 2.-4. mgr., skal lokið innan 60 daga frá þeim degi er málinu er vísað til deilumálanefndarinnar skv. 4. mgr. 7. gr. Upplýsingarnar sem er aflað í þessu ferli skulu lagðar fyrir kærunefndina sem deilumálanefndin kemur á fót í samræmi við ákvæði X. hluta. Meðal þessara upplýsinga skulu vera gögn varðandi fjárhæð styrksins sem um er að ræða (og, þegar við á, verðgildi heildarsölu fyrirtækjanna sem njóta styrkja), verð þeirra vara sem njóta styrkja, verð vara sem njóta ekki styrkja, verð annarra birgja sem setja vöru á sama markað, breytingar á framboði vara sem njóta styrkja á viðkomandi markaði og breytingar á markaðshlutdeild. Þar skulu einnig vera gagnrök svo og þær viðbótarupplýsingar sem kærunefndin telur að skipti máli fyrir niðurstöðu.

6. Ef ekki næst samvinna milli aðila, sem veitir styrki og/eða aðila sem er þriðja land, við upplýsingaöflunina leggur aðilinn sem ber fram kæru fram mál sitt um alvarlegt tjón, byggt á tiltækum sönnunargögnum, ásamt staðreyndum og aðstæðum er varða skort á samvinnu aðilans sem veitir styrki og/eða er þriðja land. Þegar ekki er unnt að fá upplýsingar vegna skorts á samvinnu við aðila sem veitir styrki og/eða er þriðja land er kærunefndinni heimilt að ljúka skýrslunni á grundvelli bestu upplýsinga sem eru fáanlegar með öðru móti.
7. Þegar kærunefndin tekur ákvörðun skal túlka það málsaðila í óhag ef hann hefur ekki sýnt samstarfsvilja við upplýsingaöflun.

8. Þegar kærunefndin ákveður hvort ákvörðun skuli byggjast á bestu fyrirliggjandi upplýsingum eða vera óhagstæð skal hún taka tillit til ráðlegginga fulltrúa deilumálanefndarinnar, sem er

analysis shall be facilitated by the authorities of the third-country Member and such a person or firm shall be given access to all information which is not normally maintained confidential by the government.
4. The DSB shall designate a representative to serve the function of facilitating the information-gathering process. The sole purpose of the representative shall be to ensure the timely development of the information necessary to facilitate expeditious subsequent multilateral review of the dispute. In particular, the representative may suggest ways to most efficiently solicit necessary information as well as encourage the cooperation of the parties.
5. The information-gathering process outlined in paragraphs 2 through 4 shall be completed within 60 days of the date on which the matter has been referred to the DSB under paragraph 4 of Article 7. The information obtained during this process shall be submitted to the panel established by the DSB in accordance with the provisions of Part X. This information should include, *inter alia*, data concerning the amount of the subsidy in question (and, where appropriate, the value of total sales of the subsidized firms), prices of the subsidized product, prices of the non-subsidized product, prices of other suppliers to the market, changes in the supply of the subsidized product to the market in question and changes in market shares. It should also include rebuttal evidence, as well as such supplemental information as the panel deems relevant in the course of reaching its conclusions.
6. If the subsidizing and/or third-country Member fail to cooperate in the information-gathering process, the complaining Member will present its case of serious prejudice, based on evidence available to it, together with facts and circumstances of the non-cooperation of the subsidizing and/or third-country Member. Where information is unavailable due to non-cooperation by the subsidizing and/or third-country Member, the panel may complete the record as necessary relying on best information otherwise available.

7. In making its determination, the panel should draw adverse inferences from instances of non-cooperation by any party involved in the information-gathering process.
8. In making a determination to use either best information available or adverse inferences, the panel shall consider the advice of the DSB representative nominated under paragraph 4 as to the

tilnefndur skv. 4. mgr., um það hvort rétt sé að leggja fram beiðni um upplýsingar og að hve miklu leyti aðilar séu fúsir til samvinnu og sinni slíkri beiðni í tæka tíð.

9. Við öflun upplýsinga skal ekki að neinu leyti takmarka möguleika kærunefndar á því að leita eftir þeim viðbótarupplýsingum sem var ekki nægilega leitað eftir eða unnið úr meðan á þeirri vinnu stóð en hún telur nauðsynlegar til að fullnægjandi niðurstaða náist í deilumáli. Kærunefnd skal þó ekki að jafnaði leita eftir viðbótarupplýsingum til að ljúka skýrslu ef slíkar upplýsingarnar styrkja stöðu tiltekins málsaðila og þær eru ekki með í skýrslunni vegna óeðlilegs skorts á samvinnu af hálfu þess aðila við söfnun upplýsinganna.

reasonableness of any requests for information and the efforts made by parties to comply with these requests in a cooperative and timely manner.

9. Nothing in the information-gathering process shall limit the ability of the panel to seek such additional information it deems essential to a proper resolution to the dispute, and which was not adequately sought or developed during that process. However, ordinarily the panel should not request additional information to complete the record where the information would support a particular party's position and the absence of that information in the record is the result of unreasonable non-cooperation by that party in the information-gathering process.

VI. VIÐAUKI
MÁLSMEÐFERÐ VIÐ VETTVANGSRANNSÓKN SAMKVÆMT 6. MGR. 12. GR.

1. Við upphaf rannsóknar skulu yfirvöld útflutningsaðila og fyrirtæki, sem vitað er að málið varðar, látin vita ef fyrirhugað er að láta fara fram vettvangsrannsóknir.

2. Ef fyrirhugað er, við sérstakar aðstæður, að sérfræðingar, sem eru ekki í þjónustu hins opinbera, taki þátt í rannsóknarhópnum skulu fyrirtæki og yfirvöld útflutningsaðila látin vita um það. Ströng viðurlög skulu liggja við því ef slíkir sérfræðingar virða ekki kröfuna um þagnarskyldu.

3. Það ætti að vera föst venja að fá fullt samþykki viðkomandi fyrirtækja hjá útflutningsaðila áður en vitjunardagur er ákveðinn.

4. Strax og samþykki viðkomandi fyrirtækja er fengið skulu rannsóknaryfirvöld tilkynna yfirvöldum útflutningsaðila um nöfn og heimilisföng fyrirtækjanna sem verður vitjað og hvaða dag það verður.

5. Fyrirtækin sem eiga í hlut skulu látin vita um vitjunina með góðum fyrirvara.

6. Vitjanir til að útskýra spurningalista skulu aðeins gerðar að beiðni útflutningsfyrirtækis. Þegar um slíka beiðni er að ræða er rannsóknaryfirvöldum heimilt að koma fyrirtækinu til aðstoðar; slík vitjun er aðeins heimil ef *a)* yfirvöld innflutningsaðilans tilkynna það fulltrúum stjórnvalda viðkomandi aðila og *b)* sá síðarnefndi er ekki mótfallinn vitjuninni.

ANNEX VI
PROCEDURES FOR ON-THE-SPOT INVESTIGATIONS PURSUANT TO PARAGRAPH 6 OF ARTICLE 12

1. Upon initiation of an investigation, the authorities of the exporting Member and the firms known to be concerned should be informed of the intention to carry out on-the-spot investigations.

2. If in exceptional circumstances it is intended to include non-governmental experts in the investigating team, the firms and the authorities of the exporting Member should be so informed. Such non-governmental experts should be subject to effective sanctions for breach of confidentiality requirements.

3. It should be standard practice to obtain explicit agreement of the firms concerned in the exporting Member before the visit is finally scheduled.

4. As soon as the agreement of the firms concerned has been obtained, the investigating authorities should notify the authorities of the exporting Member of the names and addresses of the firms to be visited and the dates agreed.

5. Sufficient advance notice should be given to the firms in question before the visit is made.

6. Visits to explain the questionnaire should only be made at the request of an exporting firm. In case of such a request the investigating authorities may place themselves at the disposal of the firm; such a visit may only be made if *(a)* the authorities of the importing Member notify the representatives of the government of the Member in question and *(b)* the latter do not object to the visit.

7. Þar sem megintilgangur vettvangsrannsóknar er að sannreyna upplýsingar, sem hafa verið veittar, eða afla frekari upplýsinga, skal hún fara fram eftir að svar hefur borist við spurningalistanum nema fyrirtækið samþykki hið gagnstæða og ef rannsóknaryfirvöld upplýsa stjórnvöld útflutningsaðila um væntanlega vitjun og þau eru henni ekki mótfallin; enn fremur ætti að vera föst venja við vitjun að veita viðkomandi fyrirtæki vitneskju almenns eðlis um upplýsingarnar sem á að sannreyna og allar frekari upplýsingar sem þarf að útvega en þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að frekari spurningar verði lagðar fyrir á staðnum í ljósi fenginna upplýsinga.

8. Þegar unnt er skal svara fyrirspurnum eða spurningum sem yfirvöld eða fyrirtæki frá útflutningsaðila leggja fram og eru nauðsynlegar til að vettvangsrannsókn heppnist vel áður en farið er í vitjun.

VII. VIÐAUKI
ÞRÓUNARAÐILDARLÖND SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. MGR. 27. GR.

Þróunaraðildarlönd, sem þurfa ekki að hlíta ákvæðum a-liðar 1. mgr. 3. gr. samkvæmt skilmálum a-liðar 2. mgr. 27. gr., eru:

a) Lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, útnefnd sem slík af Sameinuðu þjóðunum, og eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

b) Eftirfarandi þróunarlönd sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni skulu hlíta ákvæðum sem skv. b-lið 2. mgr. 27. gr. gilda um önnur þróunaraðildarlönd þegar verg þjóðarframleiðsla á mann hefur náð 1.000 dollurum á ári:[139] Bólivía, Dóminíska lýðveldið, Egyptaland, Filippseyjar, Fílabeinsströndin, Gana, Gvatemala, Gvæjana, Indland, Indónesía, Kamerún, Kenýa, Kongó, Marokkó, Nikaragva, Nígería, Pakistan, Senegal, Simbabve og Srí Lanka.

7. As the main purpose of the on-the-spot investigation is to verify information provided or to obtain further details, it should be carried out after the response to the questionnaire has been received unless the firm agrees to the contrary and the government of the exporting Member is informed by the investigating authorities of the anticipated visit and does not object to it; further, it should be standard practice prior to the visit to advise the firms concerned of the general nature of the information to be verified and of any further information which needs to be provided, though this should not preclude requests to be made on the spot for further details to be provided in the light of information obtained.

8. Enquiries or questions put by the authorities or firms of the exporting Members and essential to a successful on-the-spot investigation should, whenever possible, be answered before the visit is made.

ANNEX VII
DEVELOPING COUNTRY MEMBERS REFERRED TO IN PARAGRAPH 2(a) OF ARTICLE 27

The developing country Members not subject to the provisions of paragraph 1(a) of Article 3 under the terms of paragraph 2(a) of Article 27 are:

(a) Least-developed countries designated as such by the United Nations which are Members of the WTO.

(b) Each of the following developing countries which are Members of the WTO shall be subject to the provisions which are applicable to other developing country Members according to paragraph 2(b) of Article 27 when GNP per capita has reached $1,000 per annum[139]: Bolivia, Cameroon, Congo, Côte d'Ivoire, Dominican Republic, Egypt, Ghana, Guatemala, Guyana, India, Indonesia, Kenya, Morocco, Nicaragua, Nigeria, Pakistan, Philippines, Senegal, Sri Lanka and Zimbabwe.

SAMNINGUR UM VERNDARRÁÐSTAFANIR

Aðilar,

sem hafa hugfast það almenna markmið aðilanna að bæta og styrkja hið alþjóðlega viðskiptakerfi sem byggt er á GATT-samningnum frá 1994,

sem viðurkenna að nauðsynlegt er að skýra og styrkja verklagsreglur GATT-samningsins frá 1994, einkum XIX. gr. hans (Neyðaraðgerðir vegna innflutnings einstakra vara), að koma að nýju á marghliða eftirliti með verndarráðstöfunum og fella úr gildi ráðstafanir sem fara á svig við slíkt eftirlit,

sem viðurkenna að mikilvægt er að gera skipulagsbreytingar og nauðsynlegt að auka fremur en takmarka samkeppni á alþjóðamörkuðum, og

sem viðurkenna enn fremur að í þeim tilgangi sé þörf á heildarsamningi sem nái til allra aðila og byggi á grundvallarreglum GATT-samningsins frá 1994,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.
Almenn ákvæði.

Í þessum samningi eru settar reglur um beitingu verndarráðstafana og er þá átt við þær ráðstafanir sem kveðið er á um í XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994.

2. gr.
Skilyrði.

1. Aðila[140] er því aðeins heimilt að beita verndarráðstöfun gagnvart vöru að hann hafi ákvarðað, í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram hér á eftir, að varan sé flutt inn á yfirráðasvæði hans í svo auknum mæli, annaðhvort sem hrein aukning eða hlutfall af innlendri framleiðslu, og að aðstæður séu slíkar að það skaði eða hætta sé á að það skaði alvarlega innlenda atvinnugrein sem framleiðir samsvarandi vörur eða vörur í beinni samkeppni.

2. Beita skal verndarráðstöfunum gagnvart innfluttri vöru án tillits til þess hvaðan hún er upprunnin.

3. gr.
Rannsókn.

1. Aðila er því aðeins heimilt að beita verndarráðstöfun að þar til bær yfirvöld hans hafi látið fara fram rannsókn samkvæmt áður ákveðinni málsmeðferð sem kunngerð hefur verið í samræmi við X. gr. GATT-samningsins frá 1994.

AGREEMENT ON SAFEGUARDS

Members,

Having in mind the overall objective of the Members to improve and strengthen the international trading system based on GATT 1994;

Recognizing the need to clarify and reinforce the disciplines of GATT 1994, and specifically those of its Article XIX (Emergency Action on Imports of Particular Products), to re-establish multilateral control over safeguards and eliminate measures that escape such control;

Recognizing the importance of structural adjustment and the need to enhance rather than limit competition in international markets; and

Recognizing further that, for these purposes, a comprehensive agreement, applicable to all Members and based on the basic principles of GATT 1994, is called for;

Hereby *agree* as follows:

Article 1
General Provision

This Agreement establishes rules for the application of safeguard measures which shall be understood to mean those measures provided for in Article XIX of GATT 1994.

Article 2
Conditions

1. A Member[140] may apply a safeguard measure to a product only if that Member has determined, pursuant to the provisions set out below, that such product is being imported into its territory in such increased quantities, absolute or relative to domestic production, and under such conditions as to cause or threaten to cause serious injury to the domestic industry that produces like or directly competitive products.

2. Safeguard measures shall be applied to a product being imported irrespective of its source.

Article 3
Investigation

1. A Member may apply a safeguard measure only following an investigation by the competent authorities of that Member pursuant to procedures previously established and made public in consonance with Article X of GATT 1994. This

Undir rannsóknina falla opinberar tilkynningar til allra sem eiga hagsmuna að gæta og opinber skýrslugjöf eða annar viðeigandi vettvangur þar sem innflytjendur, útflytjendur og aðrir, sem eiga hagsmuna að gæta, geta lagt fram sönnunargögn og komið sjónarmiðum sínum á framfæri og fengið tækifæri til að svara því sem aðrir leggja til málanna, og látið í ljós skoðanir sínar, meðal annars á því hvort beiting verndarráðstöfunarinnar þjóni hagsmunum almennings. Þar til bær yfirvöld skulu birta skýrslu þar sem þau setja fram niðurstöður sínar og rökstuddar ályktanir um öll viðeigandi álitaefni varðandi staðreyndir og lagaatriði.

2. Upplýsingar sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða veittar í trúnaði skulu þar til bær yfirvöld fara með sem slíkar, enda séu færð rök fyrir því. Þessar upplýsingar skulu ekki látnar af hendi án leyfis þess málsaðila sem veitti þær. Heimilt er að fara þess á leit að þeir málsaðilar, sem veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál, láti í té samantekt úr þeim sem er ekki trúnaðarmál, en telji þeir ekki að unnt sé að gera slíka samantekt skal gera grein fyrir ástæðum þess. Telji þar til bær yfirvöld að beiðni þess efnis að upplýsingar séu trúnaðarmál eigi ekki rétt á sér, og ef hlutaðeigandi málsaðili er ófáanlegur til að opinbera upplýsingarnar eða heimila að þær verði látnar í té með almennu orðalagi eða sem samantekt, geta yfirvöld litið fram hjá slíkum upplýsingum, nema unnt sé að sýna þeim fram á það svo fullnægjandi sé og með viðeigandi heimildum að upplýsingarnar séu réttar.

investigation shall include reasonable public notice to all interested parties and public hearings or other appropriate means in which importers, exporters and other interested parties could present evidence and their views, including the opportunity to respond to the presentations of other parties and to submit their views, *inter alia*, as to whether or not the application of a safeguard measure would be in the public interest. The competent authorities shall publish a report setting forth their findings and reasoned conclusions reached on all pertinent issues of fact and law.

2. Any information which is by nature confidential or which is provided on a confidential basis shall, upon cause being shown, be treated as such by the competent authorities. Such information shall not be disclosed without permission of the party submitting it. Parties providing confidential information may be requested to furnish non-confidential summaries thereof or, if such parties indicate that such information cannot be summarized, the reasons why a summary cannot be provided. However, if the competent authorities find that a request for confidentiality is not warranted and if the party concerned is either unwilling to make the information public or to authorize its disclosure in generalized or summary form, the authorities may disregard such information unless it can be demonstrated to their satisfaction from appropriate sources that the information is correct.

4. gr.

Ákvörðun þess hvort alvarlegur skaði hafi orðið eða hætta sé á alvarlegum skaða.

1. Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „alvarlegur skaði“: almennt verulega versnandi staða innlendrar atvinnugreinar;

b) „hætta á alvarlegum skaða“: að alvarlegur skaði sé greinilega yfirvofandi, í samræmi við ákvæði 2. mgr. Ákvörðun þess hvort hætta sé á alvarlegum skaða skal byggð á staðreyndum en ekki einungis á staðhæfingu, tilgátu eða hverfandi líkum; og

c) „innlend atvinnugrein“: við ákvörðun á skaða eða hættu á skaða merkir það alla framleiðendur samsvarandi vöru eða vöru í beinni samkeppni sem starfa á yfirráða-

Article 4

Determination of Serious Injury or Threat Thereof

1. For the purposes of this Agreement:

(a) "serious injury" shall be understood to mean a significant overall impairment in the position of a domestic industry;

(b) "threat of serious injury" shall be understood to mean serious injury that is clearly imminent, in accordance with the provisions of paragraph 2. A determination of the existence of a threat of serious injury shall be based on facts and not merely on allegation, conjecture or remote possibility; and

(c) in determining injury or threat thereof, a "domestic industry" shall be understood to mean the producers as a whole of the like or directly competitive products

svæði aðila eða þá sem framleiða samanlagt meginhluta af allri innlendri framleiðslu þessara vara.

2. a) Við rannsókn til að ákvarða hvort aukinn innflutningur hafi skaðað eða hætta sé á að hann skaði alvarlega innlenda atvinnugrein í skilningi þessa samnings skulu þar til bær yfirvöld meta alla hlutlæga og mælanlega þætti sem málið varðar og hafa áhrif á stöðu þeirrar atvinnugreinar, einkum hversu ör og í hve miklu magni aukningin á innflutningi viðkomandi vöru verður, bæði hrein aukning og hlutfallsleg, hve stóran hluta af innlenda markaðinum innflutningurinn leggur undir sig, breytingar er verða á sölustigi, framleiðslu, framleiðni, nýtingu afkastagetu, hagnaði og tapi og störfum.

b) Ákvörðunin sem um getur í a-lið skal ekki fara fram nema rannsóknin leiði í ljós, á grundvelli hlutlægra sönnunargagna, að orsakatengsl séu á milli aukins innflutnings á viðkomandi vöru og alvarlegs skaða eða hættu á alvarlegum skaða af hans völdum. Ef aðrir þættir en aukinn innflutningur skaða innlenda atvinnugrein á sama tíma skal ekki gengið út frá því að skaðinn sé af völdum aukins innflutnings.

c) Þar til bær yfirvöld skulu þegar í stað, í samræmi við ákvæði 3. gr., birta nákvæma greinargerð um málið sem er í rannsókn og sýna fram á að þau atriði, sem verið er að rannsaka, varði málið.

operating within the territory of a Member, or those whose collective output of the like or directly competitive products constitutes a major proportion of the total domestic production of those products.

2. (a) In the investigation to determine whether increased imports have caused or are threatening to cause serious injury to a domestic industry under the terms of this Agreement, the competent authorities shall evaluate all relevant factors of an objective and quantifiable nature having a bearing on the situation of that industry, in particular, the rate and amount of the increase in imports of the product concerned in absolute and relative terms, the share of the domestic market taken by increased imports, changes in the level of sales, production, productivity, capacity utilization, profits and losses, and employment.

(b) The determination referred to in subparagraph (a) shall not be made unless this investigation demonstrates, on the basis of objective evidence, the existence of the causal link between increased imports of the product concerned and serious injury or threat thereof. When factors other than increased imports are causing injury to the domestic industry at the same time, such injury shall not be attributed to increased imports.

(c) The competent authorities shall publish promptly, in accordance with the provisions of Article 3, a detailed analysis of the case under investigation as well as a demonstration of the relevance of the factors examined.

5. gr.

Beiting verndarráðstafana.

1. Aðili skal einungis beita verndarráðstöfunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir alvarlegan skaða eða bæta alvarlegan skaða sem orðinn er og til að auðvelda aðlögun. Ef magntakmörkun er beitt, skal sú ráðstöfun ekki draga úr innflutningi þannig að hann fari niður fyrir það magn sem flutt var inn að meðaltali á nýliðnu þriggja ára tímabili sem telst dæmigert og tölulegar upplýsingar liggja fyrir um, nema gild rök séu fyrir því að nauðsynlegt sé að breyta magninu til að koma í veg fyrir skaða eða bæta alvarlegan skaða sem orðinn er. Aðilar ættu að velja þær ráðstafanir sem best henta til að ná þessum markmiðum.

Article 5

Application of Safeguard Measures

1. A Member shall apply safeguard measures only to the extent necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment. If a quantitative restriction is used, such a measure shall not reduce the quantity of imports below the level of a recent period which shall be the average of imports in the last three representative years for which statistics are available, unless clear justification is given that a different level is necessary to prevent or remedy serious injury. Members should choose measures most suitable for the achievement of these objectives.

2. a) Ef sölulöndum er úthlutað kvóta er aðila sem beitir takmörkunum heimilt að leita eftir samkomulagi um hvernig kvótum verði úthlutað við alla aðra aðila sem eiga verulegra hagsmuna að gæta við sölu á viðkomandi vöru. Ef óhægt er um vik að beita þessari aðferð skal viðkomandi aðili úthluta aðilum, sem eiga verulegra hagsmuna að gæta við sölu vörunnar, kvóta sem miðast við hlutfall af heildarmagni eða -verðgildi innflutningsvörunnar sem þeir aðilar seldu á liðnu viðmiðunartímabili, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérstakra þátta sem kunna að hafa eða geta haft áhrif á viðskipti með vöruna.

b) Aðila er heimilt að víkja frá ákvæðum a-liðar að því tilskildu að viðræður skv. 3. mgr. 12. gr. fari fram á vegum nefndarinnar um verndarráðstafanir sem kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr. og sannað fyrir nefndinni, svo óyggjandi sé, að *i)* innflutningur frá tilteknum aðilum hafi ekki aukist í réttu hlutfalli við heildaraukningu í innflutningi á viðkomandi vöru á viðmiðunartímabilinu, *ii)* forsendur fyrir fráviki frá ákvæðum a-liðar séu réttlætanlegar, og *iii)* skilyrði fyrir slíku fráviki séu hin sömu fyrir alla birgja viðkomandi vöru. Gildistími slíkrar ráðstöfunar skal ekki vera lengri en upphaflega tímabilið skv. 1. mgr. 7. gr. Frávik sem um getur hér að framan eru óheimil ef hætta er á alvarlegum skaða.

2. (a) In cases in which a quota is allocated among supplying countries, the Member applying the restrictions may seek agreement with respect to the allocation of shares in the quota with all other Members having a substantial interest in supplying the product concerned. In cases in which this method is not reasonably practicable, the Member concerned shall allot to Members having a substantial interest in supplying the product shares based upon the proportions, supplied by such Members during a previous representative period, of the total quantity or value of imports of the product, due account being taken of any special factors which may have affected or may be affecting the trade in the product.

(b) A Member may depart from the provisions in subparagraph (a) provided that consultations under paragraph 3 of Article 12 are conducted under the auspices of the Committee on Safeguards provided for in paragraph 1 of Article 13 and that clear demonstration is provided to the Committee that *(i)* imports from certain Members have increased in disproportionate percentage in relation to the total increase of imports of the product concerned in the representative period, *(ii)* the reasons for the departure from the provisions in subparagraph (a) are justified, and *(iii)* the conditions of such departure are equitable to all suppliers of the product concerned. The duration of any such measure shall not be extended beyond the initial period under paragraph 1 of Article 7. The departure referred to above shall not be permitted in the case of threat of serious injury.

6. gr.

Verndarráðstafanir til bráðabirgða.

Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er aðila heimilt að gera verndarráðstafanir til bráðabirgða ef ákvarðað hefur verið að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því. Bráðabirgðaráðstöfun skal ekki gilda lengur en í 200 daga og á því tímabili skulu viðeigandi skilyrði 2.-7. gr. og 12. gr. uppfyllt. Ráðstafanir þessar skulu vera í formi hækkaðra tolla sem skal end-

Article 6

Provisional Safeguard Measures

In critical circumstances where delay would cause damage which it would be difficult to repair, a Member may take a provisional safeguard measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury. The duration of the provisional measure shall not exceed 200 days, during which period the pertinent requirements of Articles 2 through 7 and 12 shall be met. Such

urgreiða þegar í stað ef ekki verður ákvarðað að lokinni rannsókninni, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., að aukinn innflutningur hafi skaðað alvarlega innlenda atvinnugrein eða hætta sé á því. Gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal teljast vera hluti af upphaflega tímabilinu ásamt hvers konar framlengingu sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 7. gr.

measures should take the form of tariff increases to be promptly refunded if the subsequent investigation referred to in paragraph 2 of Article 4 does not determine that increased imports have caused or threatened to cause serious injury to a domestic industry. The duration of any such provisional measure shall be counted as a part of the initial period and any extension referred to in paragraphs 1, 2 and 3 of Article 7.

7. gr.
Gildistími og endurskoðun verndarráðstafana.

1. Aðili skal einungis beita verndarráðstöfunum svo lengi sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir alvarlegan skaða eða bæta alvarlegan skaða sem orðinn er og til að auðvelda aðlögun. Það tímabil skal eigi vera lengra en fjögur ár, nema það sé framlengt skv. 2. mgr.

2. Heimilt er að framlengja tímabilið, sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að þar til bær yfirvöld aðilans sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili“) hafi ákvarðað, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2., 3., 4. og 5. gr., að verndarráðstöfunin sé áfram nauðsynleg til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegan skaða sem orðinn er og að merki sjáist um aðlögun atvinnugreinarinnar, og að því tilskildu að viðeigandi ákvæði 8. og 12. gr. séu virt.

3. Heildargildistími verndarráðstöfunar, að meðtöldum þeim tíma sem bráðabirgðaráðstöfun er beitt, upphaflega gildistímabilinu og framlengingu á því, skal eigi vera lengri en átta ár.

4. Til að auðvelda aðlögun í tilvikum þar sem gert er ráð fyrir að verndarráðstöfun, sem tilkynnt var skv. 1. mgr. 12. gr., gildi lengur en í eitt ár skal aðilinn, sem beitir ráðstöfunum, aflétta þeim í áföngum á þeim tíma sem þær eru í gildi. Gildi verndarráðstöfun lengur en í þrjú ár skal aðilinn sem beitir slíkri ráðstöfun endurmeta stöðuna eigi síðar en að gildistímanum hálfnuðum og, ef við á, fella úr gildi eða aflétta henni hraðar en áður. Ráðstöfun sem er framlengd skv. 2. mgr., skal ekki vera strangari en í lok upphaflega tímabilsins og skal haldið áfram að aflétta henni.

5. Ekki skal beita verndarráðstöfun að nýju gagnvart innflutningi á vöru, sem slíkri ráðstöfun hefur áður verið beitt gagnvart eftir gildis-

Article 7
Duration and Review of Safeguard Measures

1. A Member shall apply safeguard measures only for such period of time as may be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment. The period shall not exceed four years, unless it is extended under paragraph 2.

2. The period mentioned in paragraph 1 may be extended provided that the competent authorities of the importing Member have determined, in conformity with the procedures set out in Articles 2, 3, 4 and 5, that the safeguard measure continues to be necessary to prevent or remedy serious injury and that there is evidence that the industry is adjusting, and provided that the pertinent provisions of Articles 8 and 12 are observed.

3. The total period of application of a safeguard measure including the period of application of any provisional measure, the period of initial application and any extension thereof, shall not exceed eight years.

4. In order to facilitate adjustment in a situation where the expected duration of a safeguard measure as notified under the provisions of paragraph 1 of Article 12 is over one year, the Member applying the measure shall progressively liberalize it at regular intervals during the period of application. If the duration of the measure exceeds three years, the Member applying such a measure shall review the situation not later than the mid-term of the measure and, if appropriate, withdraw it or increase the pace of liberalization. A measure extended under paragraph 2 shall not be more restrictive than it was at the end of the initial period, and should continue to be liberalized.

5. No safeguard measure shall be applied again to the import of a product which has been subject to such a measure, taken after the date of

tökudag samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, í jafnlangan tíma og slíkri ráðstöfun var áður beitt, að því tilskildu að tímabilið, sem ekki skal beita slíkri ráðstöfun, sé að minnsta kosti tvö ár.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. er heimilt að beita verndarráðstöfunum að nýju í 180 daga eða skemur vegna innflutnings vöru ef:

a) að minnsta kosti eitt ár er liðið frá því að byrjað var að beita verndarráðstöfun gagnvart innflutningi á þeirri vöru; og
b) slíkri verndarráðstöfun hafi ekki verið beitt vegna sömu vöru oftar en tvisvar á næstliðnu fimm ára tímabili áður en byrjað var að beita ráðstöfuninni.

8. gr.

Stig ívilnana og annarra skyldna.

1. Aðili sem hyggst beita verndarráðstöfun, eða leitar eftir því að framlengja gildistíma verndarráðstöfunar, skal leitast við að viðhalda ívilnunum og öðrum skyldum á jafngildu stigi í meginatriðum og gert er ráð fyrir í GATT-samningnum frá 1994 milli hans og útflutningsaðila sem slík ráðstöfun myndi hafa áhrif á, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 12. gr. Til þess að ná þessu markmiði er hlutaðeigandi aðilum heimilt að koma sér saman um viðeigandi form á viðskiptauppbót fyrir þau skaðlegu áhrif sem ráðstöfunin hefur á viðskipti þeirra.

2. Ef ekki næst samkomulag innan 30 daga í viðræðum skv. 3. mgr. 12. gr. er útflutningsaðila, sem ráðstöfunin hefur áhrif á, frjálst að fresta, eigi síðar en 90 dögum eftir að ráðstöfun er beitt og eftir að 30 dagar eru liðnir frá þeim degi sem vöruviðskiptaráðið fær skriflega tilkynningu um frestunina, beitingu ívilnana eða annarra skyldna, sem eru jafngildar í meginatriðum og gert er ráð fyrir í GATT-samningnum frá 1994, í viðskiptum við aðilann sem beitir verndarráðstöfunum, geri vöruviðskiptaráðið enga athugasemd við frestunina.

3. Rétturinn til frestunar, sem um getur í 2. mgr., skal ekki nýttur fyrstu þrjú árin sem verndarráðstöfunin er í gildi, að því tilskildu að verndarráðstöfunin sem gerð hefur verið sé afleiðing af hreinni aukningu innflutnings og í samræmi við ákvæði þessa samnings.

entry into force of the WTO Agreement, for a period of time equal to that during which such measure had been previously applied, provided that the period of non-application is at least two years.

6. Notwithstanding the provisions of paragraph 5, a safeguard measure with a duration of 180 days or less may be applied again to the import of a product if:

(a) at least one year has elapsed since the date of introduction of a safeguard measure on the import of that product; and
(b) such a safeguard measure has not been applied on the same product more than twice in the five-year period immediately preceding the date of introduction of the measure.

Article 8

Level of Concessions and Other Obligations

1. A Member proposing to apply a safeguard measure or seeking an extension of a safeguard measure shall endeavour to maintain a substantially equivalent level of concessions and other obligations to that existing under GATT 1994 between it and the exporting Members which would be affected by such a measure, in accordance with the provisions of paragraph 3 of Article 12. To achieve this objective, the Members concerned may agree on any adequate means of trade compensation for the adverse effects of the measure on their trade.

2. If no agreement is reached within 30 days in the consultations under paragraph 3 of Article 12, then the affected exporting Members shall be free, not later than 90 days after the measure is applied, to suspend, upon the expiration of 30 days from the day on which written notice of such suspension is received by the Council for Trade in Goods, the application of substantially equivalent concessions or other obligations under GATT 1994, to the trade of the Member applying the safeguard measure, the suspension of which the Council for Trade in Goods does not disapprove.

3. The right of suspension referred to in paragraph 2 shall not be exercised for the first three years that a safeguard measure is in effect, provided that the safeguard measure has been taken as a result of an absolute increase in imports and that such a measure conforms to the provisions of this Agreement.

9. gr.
Aðilar sem eru þróunarlönd.

1. Verndarráðstöfun skal ekki beitt vegna vara sem eru upprunnar hjá aðila sem er þróunarland (hér eftir nefndur „þróunaraðildarland"), á meðan hlutur hans í innflutningi á viðkomandi vöru fer ekki yfir 3% hjá innflutningsaðila, að því tilskildu að þróunaraðildarlönd sem eiga minna en 3% af innflutningnum, eigi samanlagt ekki meira en 9% af heildarinnflutningi á viðkomandi vöru.[141]

2. Þróunaraðildarland á rétt á að framlengja gildistíma verndarráðstöfunar um allt að tvö ár umfram hámarkstímann sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 7. gr. á þróunaraðildarland rétt á að beita verndarráðstöfunum að nýju gagnvart innflutningi á vöru, sem slíkri ráðstöfun hefur áður verið beitt gagnvart, eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, eftir að liðið er tímabil sem er helmingi skemmra en það tímabil sem slíkri ráðstöfun var áður beitt, að því tilskildu að tímabilið sem ekki skal beita slíkri ráðstöfun sé að minnsta kosti tvö ár.

Article 9
Developing Country Members

1. Safeguard measures shall not be applied against a product originating in a developing country Member as long as its share of imports of the product concerned in the importing Member does not exceed 3 per cent, provided that developing country Members with less than 3 per cent import share collectively account for not more than 9 per cent of total imports of the product concerned.[141]

2. A developing country Member shall have the right to extend the period of application of a safeguard measure for a period of up to two years beyond the maximum period provided for in paragraph 3 of Article 7. Notwithstanding the provisions of paragraph 5 of Article 7, a developing country Member shall have the right to apply a safeguard measure again to the import of a product which has been subject to such a measure, taken after the date of entry into force of the WTO Agreement, after a period of time equal to half that during which such a measure has been previously applied, provided that the period of non-application is at least two years.

10. gr.
Ráðstafanir í samræmi við XIX. gr. sem giltu áður.

Aðilar skulu afnema allar verndarráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt XIX. gr. GATT-samkomulagsins frá 1947, sem voru í gildi á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, eigi síðar en átta árum eftir þann dag sem þeim var fyrst beitt eða fimm árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, hvort heldur verður síðar.

Article 10
Pre-existing Article XIX Measures

Members shall terminate all safeguard measures taken pursuant to Article XIX of GATT 1947 that were in existence on the date of entry into force of the WTO Agreement not later than eight years after the date on which they were first applied or five years after the date of entry into force of the WTO Agreement, whichever comes later.

11. gr.
Bann og afnám tiltekinnar ráðstöfunar.

1. a) Aðili skal hvorki gera né leita eftir því að gera neyðarráðstöfun gagnvart innflutningi á tilteknum vörum eins og skilgreint er í XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994, nema slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði þeirrar greinar og henni sé beitt í samræmi við þennan samning.

b) Enn fremur skal aðili ekki sjálfviljugur leita eftir, grípa til eða viðhalda útflutningstakmörkunum, skipulegri markaðssetningu eða öðrum svipuðum ráðstöfunum í útflutningi eða innflutningi.[142,143]

Article 11
Prohibition and Elimination of Certain Measures

1. (a) A Member shall not take or seek any emergency action on imports of particular products as set forth in Article XIX of GATT 1994 unless such action conforms with the provisions of that Article applied in accordance with this Agreement.

(b) Furthermore, a Member shall not seek, take or maintain any voluntary export restraints, orderly marketing arrangements or any other similar measures on the export or the import side.[142,143] These

Þar með talið eru aðgerðir sem einstakir aðilar grípa til svo og aðgerðir samkvæmt samningi, fyrirkomulagi eða samkomulagi tveggja eða fleiri aðila. Hverja slíka ráðstöfun, sem var í gildi á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, skal færa til samræmis við þennan samning eða fella hana niður smám saman í samræmi við 2. mgr.

c) Samningur þessi gildir ekki um ráðstafanir sem aðili hefur leitað eftir, gert eða viðhaldið samkvæmt ákvæðum GATT-samningsins frá 1994, öðrum en ákvæðum XIX. gr., og ákvæðum marghliða viðskiptasamninganna í 1. viðauka A, öðrum en þessum samningi, eða samkvæmt bókunum og samningum eða fyrirkomulagi sem er samþykkt innan ramma GATT-samningsins frá 1994.

include actions taken by a single Member as well as actions under agreements, arrangements and understandings entered into by two or more Members. Any such measure in effect on the date of entry into force of the WTO Agreement shall be brought into conformity with this Agreement or phased out in accordance with paragraph 2.

(c) This Agreement does not apply to measures sought, taken or maintained by a Member pursuant to provisions of GATT 1994 other than Article XIX, and Multilateral Trade Agreements in Annex 1A other than this Agreement, or pursuant to protocols and agreements or arrangements concluded within the framework of GATT 1994.

2. Ráðstafanir, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu felldar niður smám saman samkvæmt tímaáætlunum sem hlutaðeigandi aðilar leggja fyrir nefndina um verndarráðstafanir eigi síðar en 180 dögum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Í þessum tímaáætlunum skal kveðið á um að ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., verði felldar niður smám saman eða þeim verði breytt til samræmis við þennan samning eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, með þeim fyrirvara þó að hverjum innflutningsaðila[144] sé heimilt að gera eina sérráðstöfun og skal hún eigi gilda lengur en til 31. desember 1999. Allar slíkar undantekningar skulu hljóta samþykki aðila sem eiga beinan hlut að máli og ber að tilkynna þær til nefndarinnar um verndarráðstafanir til endurskoðunar og staðfestingar innan 90 daga frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi. Í viðaukanum við þennan samning er getið um þá ráðstöfun sem samþykkt hefur verið að falli undir þessa undantekningu.

2. The phasing out of measures referred to in paragraph 1(b) shall be carried out according to timetables to be presented to the Committee on Safeguards by the Members concerned not later than 180 days after the date of entry into force of the WTO Agreement. These timetables shall provide for all measures referred to in paragraph 1 to be phased out or brought into conformity with this Agreement within a period not exceeding four years after the date of entry into force of the WTO Agreement, subject to not more than one specific measure per importing Member[144], the duration of which shall not extend beyond 31 December 1999. Any such exception must be mutually agreed between the Members directly concerned and notified to the Committee on Safeguards for its review and acceptance within 90 days of the entry into force of the WTO Agreement. The Annex to this Agreement indicates a measure which has been agreed as falling under this exception.

3. Aðilar skulu ekki vera þess hvetjandi eða stuðla að því að fyrirtæki í eigu hins opinbera eða í einkaeign komi á eða viðhaldi ráðstöfunum sem eru ekki gerðar af stjórnvöldum og jafngilda þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. mgr.

3. Members shall not encourage or support the adoption or maintenance by public and private enterprises of non-governmental measures equivalent to those referred to in paragraph 1.

12. gr.

Tilkynningar og viðræður.

1. Aðili skal þegar í stað tilkynna nefndinni um verndarráðstafanir:

a) ef hafin er rannsókn á alvarlegum skaða eða hættu á alvarlegum skaða og orsökum hans;

Article 12

Notification and Consultation

1. A Member shall immediately notify the Committee on Safeguards upon:

(a) initiating an investigatory process relating to serious injury or threat thereof and the reasons for it;

b) þegar ákvarðað hefur verið að alvarlegur skaði hafi orðið eða hætta sé á alvarlegum skaða vegna aukins innflutnings; og
c) þegar tekin hefur verið ákvörðun um að beita verndarráðstöfun eða framlengja gildistíma hennar.

2. Þegar aðili sem gerir tillögu um að beita verndarráðstöfun eða framlengja hana sendir tilkynninguna, sem um getur í b- og c- lið 1. mgr., skal hann láta nefndinni um verndarráðstafanir í té allar upplýsingar þar að lútandi, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegan skaða eða hættu á alvarlegum skaða af völdum aukins innflutnings, nákvæma lýsingu á vörunni sem um ræðir og á fyrirhugaðri ráðstöfun, frá hvaða degi og hve lengi ráðstöfunin eigi að gilda og tímaáætlun um að fella hana niður smám saman. Ef framlengja á ráðstöfun skal færa sönnur á að aðlögun eigi sér stað í viðkomandi atvinnugrein. Vöruviðskiptaráðinu eða nefndinni um verndarráðstafanir er heimilt að krefja aðilann sem fyrirhugar að beita ráðstöfun eða framlengja hana um viðbótarupplýsingar sem hún telur nauðsynlegar.

3. Aðili sem fyrirhugar að beita verndarráðstöfun eða framlengja hana skal áður veita aðilum, sem eiga verulegra hagsmuna að gæta sem útflytjendur viðkomandi vöru, nægileg tækifæri til viðræðna með það fyrir augum, meðal annars, að fara yfir upplýsingarnar sem kveðið er á um í 2. mgr., skiptast á skoðunum um ráðstöfunina og ná samkomulagi um leiðir til að ná því markmiði sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr.

4. Aðili skal tilkynna nefndinni um verndarráðstafanir áður en hann gerir verndarráðstöfun til bráðabirgða sem um getur í 6. gr. Hefja skal viðræður um leið og ráðstöfunin hefur verið gerð.

5. Hlutaðeigandi aðilar skulu þegar í stað tilkynna vöruskiptaráðinu um niðurstöður viðræðnanna, sem um getur í þessari grein, svo og um niðurstöður endurmats þegar gildistíminn er hálfnaður, sem um getur í 4. mgr. 7. gr., hvers konar bætur sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og fyrirhugaða frestun ívilnana og annarra skyldna sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

6. Aðilar skulu þegar í stað tilkynna nefndinni um verndarráðstafanir um lög sín, reglur og stjórnsýslumeðferð er varða verndarráðstafanir sem og um allar breytingar sem eru gerðar á þeim.

7. Aðilar, sem viðhalda ráðstöfunum sem lýst er í 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. og eru í gildi á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofn-

(b) making a finding of serious injury or threat thereof caused by increased imports; and
(c) taking a decision to apply or extend a safeguard measure.

2. In making the notifications referred to in paragraphs 1(b) and 1(c), the Member proposing to apply or extend a safeguard measure shall provide the Committee on Safeguards with all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, precise description of the product involved and the proposed measure, proposed date of introduction, expected duration and timetable for progressive liberalization. In the case of an extension of a measure, evidence that the industry concerned is adjusting shall also be provided. The Council for Trade in Goods or the Committee on Safeguards may request such additional information as they may consider necessary from the Member proposing to apply or extend the measure.

3. A Member proposing to apply or extend a safeguard measure shall provide adequate opportunity for prior consultations with those Members having a substantial interest as exporters of the product concerned, with a view to, *inter alia*, reviewing the information provided under paragraph 2, exchanging views on the measure and reaching an understanding on ways to achieve the objective set out in paragraph 1 of Article 8.

4. A Member shall make a notification to the Committee on Safeguards before taking a provisional safeguard measure referred to in Article 6. Consultations shall be initiated immediately after the measure is taken.

5. The results of the consultations referred to in this Article, as well as the results of mid-term reviews referred to in paragraph 4 of Article 7, any form of compensation referred to in paragraph 1 of Article 8, and proposed suspensions of concessions and other obligations referred to in paragraph 2 of Article 8, shall be notified immediately to the Council for Trade in Goods by the Members concerned.

6. Members shall notify promptly the Committee on Safeguards of their laws, regulations and administrative procedures relating to safeguard measures as well as any modifications made to them.

7. Members maintaining measures described in Article 10 and paragraph 1 of Article 11 which exist on the date of entry into force of the

unina, skulu tilkynna nefndinni um verndarráðstafanir um slíkar ráðstafanir eigi síðar en 60 dögum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
8. Aðilum er heimilt að tilkynna nefndinni um verndarráðstafanir um öll lög, reglur og stjórnsýslumeðferð sem og aðrar ráðstafanir eða aðgerðir sem fjallað er um í þessum samningi en aðrir aðilar, sem samkvæmt þessum samningi eiga að tilkynna um slíkt, hafa látið hjá líða að tilkynna.
9. Aðilum er heimilt að tilkynna nefndinni um verndarráðstafanir um þær ráðstafanir sem eru ekki gerðar af stjórnvöldum og um getur í 3. mgr. 11. gr.
10. Tilkynningar til vöruviðskiptaráðsins sem um getur í þessum samningi skulu allajafna sendar með milligöngu nefndarinnar um verndarráðstafanir.
11. Ákvæði þessa samnings um tilkynningar leggja engum aðila þær skyldur á herðar að láta af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

13. gr.
Eftirlit.

1. Hér með er komið á fót nefnd um verndarráðstafanir sem heyrir undir vöruviðskiptaráðið og er þátttaka í henni heimil öllum aðilum sem vilja starfa í henni. Störf nefndarinnar eru eftirfarandi:

a) fylgjast með og gefa vöruviðskiptaráðinu árlega skýrslu um almenna framkvæmd þessa samnings og leggja fram tillögur um úrbætur:

b) að kanna, að fenginni beiðni frá aðila sem málið varðar, hvort farið hafi verið að kröfum þessa samnings um málsmeðferð í tengslum við verndarráðstöfun og gefa vöruviðskiptaráðinu skýrslu um niðurstöðurnar;
c) að aðstoða aðila, sem þess óska, í viðræðum sem fara fram samkvæmt ákvæðum þessa samnings;
d) að fjalla um ráðstafanir sem eru gerðar skv. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr., hafa eftirlit með því að slíkar ráðstafanir verði felldar niður smám saman og gefa vöruviðskiptaráðinu skýrslu þar um, eftir því sem við á;

WTO Agreement shall notify such measures to the Committee on Safeguards not later than 60 days after the date of entry into force of the WTO Agreement.
8. Any Member may notify the Committee on Safeguards of all laws, regulations, administrative procedures and any measures or actions dealt with in this Agreement that have not been notified by other Members that are required by this Agreement to make such notifications.

9. Any Member may notify the Committee on Safeguards of any non-governmental measures referred to in paragraph 3 of Article 11.

10. All notifications to the Council for Trade in Goods referred to in this Agreement shall normally be made through the Committee on Safeguards.
11. The provisions on notification in this Agreement shall not require any Member to disclose confidential information the disclosure of which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

Article 13
Surveillance

1. A Committee on Safeguards is hereby established, under the authority of the Council for Trade in Goods, which shall be open to the participation of any Member indicating its wish to serve on it. The Committee will have the following functions:
(a) to monitor, and report annually to the Council for Trade in Goods on, the general implementation of this Agreement and make recommendations towards its improvement;
(b) to find, upon request of an affected Member, whether or not the procedural requirements of this Agreement have been complied with in connection with a safeguard measure, and report its findings to the Council for Trade in Goods;
(c) to assist Members, if they so request, in their consultations under the provisions of this Agreement;
(d) to examine measures covered by Article 10 and paragraph 1 of Article 11, monitor the phase-out of such measures and report as appropriate to the Council for Trade in Goods;

e) að athuga, að beiðni aðila sem beitir verndarráðstöfun, hvort tillögur um að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum séu „jafngildar í meginatriðum“ og gefa vöruviðskiptaráðinu skýrslu þar um, eftir því sem við á;

f) að taka við öllum tilkynningum sem kveðið er á um í þessum samningi og fjalla um þær og gefa vöruviðskiptaráðinu skýrslu þar um, eftir því sem við á; og

g) að annast önnur störf í tengslum við þennan samning sem vöruviðskiptaráðið kann að ákvarða.

2. Til að aðstoða nefndina við eftirlitsstörfin skal aðalskrifstofan taka saman árlega skýrslu um framkvæmd þessa samnings á grundvelli tilkynninga og annarra áreiðanlegra upplýsinga sem hún hefur aðgang að.

(e) to review, at the request of the Member taking a safeguard measure, whether proposals to suspend concessions or other obligations are "substantially equivalent", and report as appropriate to the Council for Trade in Goods;

(f) to receive and review all notifications provided for in this Agreement and report as appropriate to the Council for Trade in Goods; and

(g) to perform any other function connected with this Agreement that the Council for Trade in Goods may determine.

2. To assist the Committee in carrying out its surveillance function, the Secretariat shall prepare annually a factual report on the operation of this Agreement based on notifications and other reliable information available to it.

14. gr.

Lausn deilumála.

Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um viðræður og lausn deilumála er koma upp á grundvelli þessa samnings.

Article 14

Dispute Settlement

The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding shall apply to consultations and the settlement of disputes arising under this Agreement.

VIÐAUKI

UNDANÞÁGUR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 11. GR.

Hlutaðeigandi aðilar	Vara	Gildir til
EB/Japan	Fólksbifreiðar, torfærubifreiðar, léttar sendibifreiðar, léttar vöruflutningabifreiðar (allt að 5 tonnum) og sömu ökutæki í pörtum (CKD).	31. desember 1999

ANNEX

EXCEPTION REFERRED TO IN PARAGRAPH 2 OF ARTICLE 11

Members concerned	Product	Termination
EC/Japan	Passenger cars, off road vehicles, light commercial vehicles, light trucks (up to 5 tonnes), and the same vehicles in wholly knocked-down form (CKD sets).	31 December 1999

1. VIÐAUKI B: HINN ALMENNI SAMNINGUR UM ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

I. HLUTI GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

I. gr. Gildissvið og skilgreiningar.

II. HLUTI ALMENNAR SKYLDUR OG VERKLAGSREGLUR

II. gr. Bestukjarameðferð.

III. gr. Gagnsæi.

III. gr. a Birting trúnaðarupplýsinga.

IV. gr. Aukin þátttaka þróunarlanda.

V. gr. Efnahagssamruni.

V. gr. a Samningar um samruna vinnumarkaða.

VI. gr. Innlendar reglur.

VII. gr. Viðurkenning.

VIII. gr. Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

IX. gr. Viðskiptahættir.

X. gr. Verndarráðstafanir í neyðartilvikum.

XI. gr. Greiðslur og yfirfærslur.

XII. gr. Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

XIII. gr. Opinber innkaup.

XIV. gr. Almennar undanþágur.

XIV. gr. a Undanþágur af öryggisástæðum.

XV. gr. Styrkir.

III. HLUTI SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

XVI. gr. Markaðsaðgangur.

XVII. gr. Innlend meðferð.

XVIII. gr. Viðbótarskuldbindingar.

IV. HLUTI FRELSI AUKIÐ Í ÁFÖNGUM

XIX. gr. Samningaviðræður um sérstakar skuldbindingar.

XX. gr. Skrár yfir sérstakar skuldbindingar.

XXI. gr. Breytingar á skrám.

V. HLUTI STOFNANAÁKVÆÐI

XXII. gr. Viðræður.

XXIII. gr. Lausn deilumála og framkvæmd.

ANNEX 1B GENERAL AGREEMENT ON TRADE IN SERVICES

PART I SCOPE AND DEFINITION

Article I Scope and Definition

PART II GENERAL OBLIGATIONS AND DISCIPLINES

Article II Most-Favoured-Nation Treatment

Article III Transparency

Article III bis Disclosure of Confidential Information

Article IV Increasing Participation of Developing Countries

Article V Economic Integration

Article V bis Labour Markets Integration Agreements

Article VI Domestic Regulation

Article VII Recognition

Article VIII Monopolies and Exclusive Service Suppliers

Article IX Business Practices

Article X Emergency Safeguard Measures

Article XI Payments and Transfers

Article XII Restrictions to Safeguard the Balance of Payments

Article XIII Government Procurement

Article XIV General Exceptions

Article XIV bis Security Exceptions

Article XV Subsidies

PART III SPECIFIC COMMITMENTS

Article XVI Market Access

Article XVII National Treatment

Article XVIII Additional Commitments

PART IV PROGRESSIVE LIBERALIZATION

Article XIX Negotiation of Specific Commitments

Article XX Schedules of Specific Commitments

Article XXI Modification of Schedules

PART V INSTITUTIONAL PROVISIONS

Article XXII Consultation

Article XXIII Dispute Settlement and Enforcement

XXIV. gr. Þjónustuviðskiptaráð.
XXV. gr. Tæknisamvinna.
XXVI. gr. Samskipti við aðrar alþjóðastofnanir.

VI. HLUTI LOKAÁKVÆÐI
XXVII. gr. Synjun um ávinning.
XXVIII. gr. Skilgreiningar.
XXIX. gr. Viðaukar.

VIÐAUKAR
Viðauki um undanþágur frá II. gr.
Viðauki um för einstaklinga sem veita þjónustu samkvæmt þessum samningi.
Viðauki um flugþjónustu.
Viðauki um fjármálaþjónustu.
Annar viðauki um fjármálaþjónustu.
Viðauki um samningaviðræður um þjónustu á sviði sjóflutninga.
Viðauki um fjarskipti.
Viðauki um samningaviðræður um grunnfjarskipti.

Article XXIV Council for Trade in Services
Article XXV Technical Cooperation
Article XXVI Relationship with Other International Organizations

PART VI FINAL PROVISIONS
Article XXVII Denial of Benefits
Article XXVIII Definitions
Article XXIX Annexes

ANNEXES
Annex on Article II Exemptions
Annex on Movement of Natural Persons Supplying Services under the Agreement
Annex on Air Transport Services
Annex on Financial Services
Second Annex on Financial Services
Annex on Negotiations on Maritime Transport Services
Annex on Telecommunications
Annex on Negotiations on Basic Telecommunications

1. VIÐAUKI B: HINN ALMENNI SAMNINGUR UM ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

Aðilar,

sem viðurkenna aukið mikilvægi þjónustuviðskipta fyrir hagvöxt og hagþróun í heiminum,

sem hafa hug á að skapa marghliða ramma meginreglna og ákvæða um þjónustuviðskipti með það fyrir augum að auka slík viðskipti við aðstæður sem byggjast á gagnsæi og stigvaxandi frelsi og stuðla að hagvexti í löndum allra viðskiptaaðila og framþróun í þróunarlöndum,

sem æskja þess að ná fram, hratt og í síauknum mæli, auknu frelsi í þjónustuviðskiptum með endurteknum marghliða samningaviðræðum sem miða að því að efla hag allra þátttakenda og tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna, að teknu tilhlýðilegu tilliti til markmiða innlendrar stefnu,

sem viðurkenna rétt aðila til að starfrækja samkvæmt lögum og setja nýjar reglur um þjónustu, sem er veitt á yfirráðasvæði þeirra, til að markmiðum innlendrar stefnu verði náð og, með tilliti til þess ósamræmis sem gætir vegna þess að setning reglna um þjónustuviðskipti er misjafnlega vel á veg komin í hinum ýmsu löndum, sérstakri þörf þróunarlandanna á að neyta þessa réttar síns verði fullnægt,

ANNEX 1B GENERAL AGREEMENT ON TRADE IN SERVICES

Members,

Recognizing the growing importance of trade in services for the growth and development of the world economy;

Wishing to establish a multilateral framework of principles and rules for trade in services with a view to the expansion of such trade under conditions of transparency and progressive liberalization and as a means of promoting the economic growth of all trading partners and the development of developing countries;

Desiring the early achievement of progressively higher levels of liberalization of trade in services through successive rounds of multilateral negotiations aimed at promoting the interests of all participants on a mutually advantageous basis and at securing an overall balance of rights and obligations, while giving due respect to national policy objectives;

Recognizing the right of Members to regulate, and to introduce new regulations, on the supply of services within their territories in order to meet national policy objectives and, given asymmetries existing with respect to the degree of development of services regulations in different countries, the particular need of developing countries to exercise this right;

sem æskja þess að greiða fyrir aukinni þátttöku þróunarlandanna í þjónustuviðskiptum og að auka útflutning þeirra á þjónustu, meðal annars með því að auka getu þeirra til að veita innlenda þjónustu og auka skilvirkni hennar og samkeppnishæfni,

sem taka sérstakt tillit til alvarlegra erfiðleika þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun í ljósi sérstakra efnahagsaðstæðna og þróunarlegra, viðskiptalegra og fjárhagslegra þarfa þeirra,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI
GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR
I. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. Þessi samningur gildir um þær ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti.

2. Að því er varðar þennan samning eru þjónustuviðskipti skilgreind sem þjónusta sem er veitt:

a) af yfirráðasvæði eins aðila yfir á yfirráðasvæði annars aðila;

b) á yfirráðasvæði eins aðila til þjónustuneytanda annars aðila;

c) af hálfu þjónustuveitanda eins aðila, með viðskiptanærveru á yfirráðasvæði annars aðila;

d) af hálfu þjónustuveitanda eins aðila, með nærveru einstaklinga frá aðila á yfirráðasvæði annars aðila.

3. Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ráðstafanir aðila“ eru ráðstafanir gerðar af:

i) ríkisstjórnum eða yfirvöldum, svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum; og

ii) óopinberum stofnunum í umboði ríkisstjórnar eða yfirvalda, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda.

Sérhver aðili skal gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og hann hefur tök á til að tryggja að svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og óopinberar stofnanir á yfirráðasvæði hans virði skyldur og skuldbindingar samningsins;

b) „þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita;

Desiring to facilitate the increasing participation of developing countries in trade in services and the expansion of their service exports including, *inter alia*, through the strengthening of their domestic services capacity and its efficiency and competitiveness;

Taking particular account of the serious difficulty of the least-developed countries in view of their special economic situation and their development, trade and financial needs;

Hereby *agree* as follows:

PART I
SCOPE AND DEFINITION
Article I
Scope and Definition

1. This Agreement applies to measures by Members affecting trade in services.

2. For the purposes of this Agreement, trade in services is defined as the supply of a service:

(a) from the territory of one Member into the territory of any other Member;

(b) in the territory of one Member to the service consumer of any other Member;

(c) by a service supplier of one Member, through commercial presence in the territory of any other Member;

(d) by a service supplier of one Member, through presence of natural persons of a Member in the territory of any other Member.

3. For the purposes of this Agreement:

(a) “measures by Members” means measures taken by:

(i) central, regional or local governments and authorities; and

(ii) non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional or local governments or authorities.

In fulfilling its obligations and commitments under the Agreement, each Member shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure their observance by regional and local governments and authorities and non-governmental bodies within its territory;

(b) “services” includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority;

c) „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grundvelli né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.

II. HLUTI
ALMENNAR SKYLDUR OG VERKLAGSREGLUR

II. gr.
Bestukjaramеðferð.

1. Að því er varðar ráðstafanir, sem þessi samningur tekur til, skal sérhver aðili tafarlaust og skilyrðislaust veita þjónustu og þjónustuveitendum frá öðrum aðila eigi óhagstæðari meðferð en hann veitir sams konar þjónustu og þjónustuveitendum frá öðrum löndum.
2. Aðila er heimilt að viðhalda ráðstöfun sem er í ósamræmi við 1. mgr., að því tilskildu að sú ráðstöfun sé skráð í viðaukanum um undanþágur frá II. gr. og uppfylli kröfur hans.
3. Ákvæði þessa samnings skulu ekki túlkuð á þann hátt að þau komi í veg fyrir að aðili geti veitt aðliggjandi löndum hagstæðari skilmála í því skyni að auðvelda skipti á þjónustu sem verður bæði til og er notuð á samliggjandi þjónustusvæðum á landamærum.

III. gr.
Gagnsæi.

1. Sérhver aðili skal þegar í stað birta, nema í neyðartilvikum, upplýsingar um allar viðeigandi ráðstafanir, sem hafa almennt gildi og varða eða hafa áhrif á rekstur þessa samnings, í síðasta lagi þegar þær taka gildi. Einnig skal birta alþjóðlega samninga sem aðili hefur undirritað og varða eða hafa áhrif á þjónustuviðskipti.

2. Ef ekki er unnt að birta upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skal almenningur hafa aðgang að þeim með öðrum hætti.
3. Sérhver aðili skal, þegar í stað og að minnsta kosti einu sinni á ári, tilkynna þjónustuviðskiptaráðinu um samþykkt nýrra laga, reglna og viðmiðunarreglna stjórnsýslunnar eða breytingar á þeim sem í gildi eru sem hafa veruleg áhrif á þjónustuviðskipti sem falla undir sérstakar skuldbindingar hans samkvæmt þessum samningi.
4. Sérhver aðili skal svara þegar í stað öllum beiðnum annarra aðila um tilteknar upplýsingar er lúta að ráðstöfunum sem hann hefur gert og hafa almennt gildi eða um alþjóðlega samninga í skilningi 1. mgr. Sérhver aðili skal einnig koma á fót upplýsingamiðstöðvum á einum eða fleiri

(c) "a service supplied in the exercise of governmental authority" means any service which is supplied neither on a commercial basis nor in competition with one or more service suppliers.

PART II
GENERAL OBLIGATIONS AND DISCIPLINES

Article II
Most-Favoured-Nation Treatment

1. With respect to any measure covered by this Agreement, each Member shall accord immediately and unconditionally to services and service suppliers of any other Member treatment no less favourable than that it accords to like services and service suppliers of any other country.
2. A Member may maintain a measure inconsistent with paragraph 1 provided that such a measure is listed in, and meets the conditions of, the Annex on Article II Exemptions.
3. The provisions of this Agreement shall not be so construed as to prevent any Member from conferring or according advantages to adjacent countries in order to facilitate exchanges limited to contiguous frontier zones of services that are both locally produced and consumed.

Article III
Transparency

1. Each Member shall publish promptly and, except in emergency situations, at the latest by the time of their entry into force, all relevant measures of general application which pertain to or affect the operation of this Agreement. International agreements pertaining to or affecting trade in services to which a Member is a signatory shall also be published.
2. Where publication as referred to in paragraph 1 is not practicable, such information shall be made otherwise publicly available.
3. Each Member shall promptly and at least annually inform the Council for Trade in Services of the introduction of any new, or any changes to existing, laws, regulations or administrative guidelines which significantly affect trade in services covered by its specific commitments under this Agreement.
4. Each Member shall respond promptly to all requests by any other Member for specific information on any of its measures of general application or international agreements within the meaning of paragraph 1. Each Member shall also establish one or more enquiry points to provide

stöðum til að veita öðrum aðilum, að fenginni beiðni, tilteknar upplýsingar um öll slík málefni og önnur þau málefni sem falla undir kröfuna um tilkynningar í 3. mgr. Slíkum upplýsingamiðstöðvum skal komið á fót innan tveggja ára frá gildistökudegi samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (í þessum samningi nefndur „samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina"). Heimilt er að veita einstökum aðilum sem eru þróunarlönd (hér eftir nefndir „þróunaraðildarlönd") hæfilegan sveigjanleika að því er varðar þessi tímamörk til að koma á fót slíkum upplýsingamiðstöðvum. Ekki er nauðsynlegt að upplýsingamiðstöðvar séu vörsluaðilar laga og reglna.

5. Hver aðili getur tilkynnt þjónustuviðskiptaráðinu um ráðstafanir sem annar aðili gerir og hann telur hafa áhrif á rekstur þessa samnings.

specific information to other Members, upon request, on all such matters as well as those subject to the notification requirement in paragraph 3. Such enquiry points shall be established within two years from the date of entry into force of the Agreement Establishing the WTO (referred to in this Agreement as the "WTO Agreement"). Appropriate flexibility with respect to the time-limit within which such enquiry points are to be established may be agreed upon for individual developing country Members. Enquiry points need not be depositories of laws and regulations.

5. Any Member may notify to the Council for Trade in Services any measure, taken by any other Member, which it considers affects the operation of this Agreement.

III. gr. a.

Birting trúnaðarupplýsinga.

Ekkert í þessum samningi leggur aðilum þær skyldur á herðar að veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt almenningshagsmunum eða það skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

Article III bis

Disclosure of Confidential Information

Nothing in this Agreement shall require any Member to provide confidential information, the disclosure of which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest, or which would prejudice legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

IV. gr.

Aukin þátttaka þróunarlanda.

1. Greiða skal fyrir aukinni þátttöku þróunaraðildarlanda í alþjóðaviðskiptum með samkomulagi ýmissa aðila um sérstakar skuldbindingar skv. III. og IV. hluta þessa samnings varðandi:

a) eflingu innlendrar þjónustu hjá þeim, skilvirkni hennar og samkeppnishæfni, meðal annars með aðgangi að tækni á viðskiptalegum grundvelli;
b) aukinn aðgang þeirra að dreifingarleiðum og upplýsinganetum; og
c) aukið frelsi á markaðsaðgangi í þeim útflutningsgreinum og -háttum þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta.

2. Aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefndir „iðnaðaraðildarlönd") og aðrir aðilar skulu, að því marki sem unnt er og innan tveggja ára frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, koma á fót tengiliðum til að greiða fyrir aðgangi þjónustuveitenda hjá þróunaraðildarlöndum að upplýsingum sem tengjast mörkuðum þeirra varðandi:

Article IV

Increasing Participation of Developing Countries

1. The increasing participation of developing country Members in world trade shall be facilitated through negotiated specific commitments, by different Members pursuant to Parts III and IV of this Agreement, relating to:

(a) the strengthening of their domestic services capacity and its efficiency and competitiveness, inter alia through access to technology on a commercial basis;
(b) the improvement of their access to distribution channels and information networks; and
(c) the liberalization of market access in sectors and modes of supply of export interest to them.

2. Developed country Members, and to the extent possible other Members, shall establish contact points within two years from the date of entry into force of the WTO Agreement to facilitate the access of developing country Members' service suppliers to information, related to their respective markets, concerning:

a) viðskiptalega og tæknilega þætti þjónustunnar;
b) skráningu, viðurkenningu og öflun faglegrar menntunar og hæfis; og
c) það hvort tæknibúnaður á sviði þjónustu er fáanlegur.

3. Veita skal þeim aðildarlöndum sem eru skemmst á veg komin í þróun sérstakan forgang að því er varðar framkvæmd 1. og 2. mgr. Sérstaklega skal tekið tillit til þess hversu erfitt það er fyrir aðildarlönd, sem eru skemmst á veg komin í þróun, að staðfesta sérstakar skuldbindingar vegna sérstakra efnahagsaðstæðna sinna og þróunarlegra, viðskiptalegra og fjárhagslegra þarfa.

(a) commercial and technical aspects of the supply of services;
(b) registration, recognition and obtaining of professional qualifications; and
(c) the availability of services technology.

3. Special priority shall be given to the least-developed country Members in the implementation of paragraphs 1 and 2. Particular account shall be taken of the serious difficulty of the least-developed countries in accepting negotiated specific commitments in view of their special economic situation and their development, trade and financial needs.

V. gr.
Efnahagssamruni.

1. Þessi samningur skal ekki koma í veg fyrir að aðilar að honum eigi eða fái aðild að samningi um að auka frelsi í þjónustuviðskiptum milli aðila að slíkum samningi, að því tilskildu að slíkur samningur:

a) nái til verulegs fjölda þjónustusviða[145]; og
b) innihaldi ákvæði um að mismunun, í skilningi XVII. gr., skuli ekki eiga sér stað eða hún verði aflögð í öllum aðalatriðum milli aðilanna, að því er varðar þau svið sem falla undir a-lið, með því að:
   i) afnema gildandi ráðstafanir sem fela í sér mismunun; og/eða
   ii) banna nýjar ráðstafanir sem fela í sér eða auka mismunun;

   annaðhvort við gildistöku þess samnings eða innan hæfilegs tíma, nema um sé að ræða ráðstafanir sem eru leyfðar skv. XI., XII., XIV. og XIV. gr. a.

2. Þegar metið er hvort skilyrðin skv. b-lið 1. mgr. séu uppfyllt er heimilt að taka tillit til tengsla samningsins við víðtækari efnahagslegan samruna eða aukins viðskiptafrelsis milli hlutaðeigandi landa.

3. a) Ef þróunarlönd eru aðilar að samningi af þeirri gerð, sem um getur í 1. mgr., skal veita sveigjanleika varðandi skilyrðin sem tilgreind eru í 1. mgr., einkum að því er varðar b-lið, í samræmi við þróunarstig landanna sem eiga í hlut, bæði að því er heildina varðar og einstök svið og undirsvið.

Article V
Economic Integration

1. This Agreement shall not prevent any of its Members from being a party to or entering into an agreement liberalizing trade in services between or among the parties to such an agreement, provided that such an agreement:

(a) has substantial sectoral coverage[145], and

(b) provides for the absence or elimination of substantially all discrimination, in the sense of Article XVII, between or among the parties, in the sectors covered under subparagraph (a), through:

   (i) elimination of existing discriminatory measures, and/or
   (ii) prohibition of new or more discriminatory measures,

   either at the entry into force of that agreement or on the basis of a reasonable time-frame, except for measures permitted under Articles XI, XII, XIV and XIV bis.

2. In evaluating whether the conditions under paragraph 1(b) are met, consideration may be given to the relationship of the agreement to a wider process of economic integration or trade liberalization among the countries concerned.

3. (a) Where developing countries are parties to an agreement of the type referred to in paragraph 1, flexibility shall be provided for regarding the conditions set out in paragraph 1, particularly with reference to subparagraph (b) thereof, in accordance with the level of development of the countries concerned, both overall and in individual sectors and subsectors.

b) Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. er heimilt að veita lögpersónum, sem eru í eigu eða er stjórnað af einstaklingum sem eiga aðild að samningi, hagstæðari meðferð ef um er að ræða samning af þeirri gerð sem um getur í 1. mgr. og tekur aðeins til þróunarlanda.

4. Allir samningar, sem um getur í 1. mgr., skulu þannig gerðir að þeir greiði fyrir viðskiptum milli samningsaðila og skulu þeir ekki, að því er varðar aðila sem standa utan samningsins, leiða til aukinna hindrana í þjónustuviðskiptum á viðkomandi sviðum eða undirsviðum miðað við þær hindranir sem beitt var áður en slíkur samningur var gerður.

5. Ef aðili hyggst, við frágang, útvíkkun eða verulega breytingu á samningi skv. 1. mgr., breyta eða afturkalla sérstakar skuldbindingar á þann hátt að það samrýmist ekki þeim skilmálum og skilyrðum, sem tilgreind eru í skrá hans, skal hann tilkynna slíka breytingu eða afturköllun með að minnsta kosti 90 daga fyrirvara og gildir þá málsmeðferðin sem sett er fram í 2., 3. og 4. mgr. XXI. gr.

6. Þjónustuveitandi á yfirráðasvæði annars aðila, sem er lögpersóna sem stofnuð hefur verið samkvæmt lögum aðila að samningi sem um getur í 1. mgr., skal eiga rétt á meðferð sem er samkvæmt slíkum samningi, að því tilskildu að hann stundi veruleg viðskipti á yfirráðasvæði þeirra sem eiga hlut að slíkum samningi.

7. a) Aðilar sem eiga hlut að samningi, sem um getur í 1. mgr., skulu þegar í stað tilkynna þjónustuviðskiptaráðinu um slíkan samning og ef aukið er við hann eða verulegar breytingar gerðar á honum. Þeir skulu einnig veita ráðinu þær upplýsingar þessu viðkomandi sem það kann að óska. Ráðinu er heimilt að koma á fót starfshópi til að kanna slíkan samning eða viðbætur við hann eða breytingar sem eru gerðar á honum og tilkynnir starfshópurinn ráðinu hvort samningurinn sé í samræmi við þessa grein.

b) Aðilar, sem eiga hlut að samningi, eins og um getur í 1. mgr., sem kemur til framkvæmda samkvæmt tímaáætlun, skulu senda þjónustuviðskiptaráðinu skýrslu með reglulegu millibili um framkvæmd hans. Þjónustuviðskiptaráðinu er heimilt að koma á fót starfshópi til að kanna þessar skýrslur ef það álítur að þörf sé á slíkum starfshópi.

(b) Notwithstanding paragraph 6, in the case of an agreement of the type referred to in paragraph 1 involving only developing countries, more favourable treatment may be granted to juridical persons owned or controlled by natural persons of the parties to such an agreement.

4. Any agreement referred to in paragraph 1 shall be designed to facilitate trade between the parties to the agreement and shall not in respect of any Member outside the agreement raise the overall level of barriers to trade in services within the respective sectors or subsectors compared to the level applicable prior to such an agreement.

5. If, in the conclusion, enlargement or any significant modification of any agreement under paragraph 1, a Member intends to withdraw or modify a specific commitment inconsistently with the terms and conditions set out in its Schedule, it shall provide at least 90 days advance notice of such modification or withdrawal and the procedure set forth in paragraphs 2, 3 and 4 of Article XXI shall apply.

6. A service supplier of any other Member that is a juridical person constituted under the laws of a party to an agreement referred to in paragraph 1 shall be entitled to treatment granted under such agreement, provided that it engages in substantive business operations in the territory of the parties to such agreement.

7. (a) Members which are parties to any agreement referred to in paragraph 1 shall promptly notify any such agreement and any enlargement or any significant modification of that agreement to the Council for Trade in Services. They shall also make available to the Council such relevant information as may be requested by it. The Council may establish a working party to examine such an agreement or enlargement or modification of that agreement and to report to the Council on its consistency with this Article.

(b) Members which are parties to any agreement referred to in paragraph 1 which is implemented on the basis of a time-frame shall report periodically to the Council for Trade in Services on its implementation. The Council may establish a working party to examine such reports if it deems such a working party necessary.

c) Ráðið getur, á grundvelli skýrslna starfshópanna sem um getur í a- og b-lið beint tilmælum til þeirra sem eiga hlut að samningunum eftir því sem það telur við þurfa.

8. Aðili, sem á hlut að samningi sem um getur í 1. mgr., getur ekki krafist þess að fá uppbót vegna viðskiptalegs ávinnings sem annar aðili kann að hljóta vegna slíks samnings.

(c) Based on the reports of the working parties referred to in subparagraphs (a) and (b), the Council may make recommendations to the parties as it deems appropriate.

8. A Member which is a party to any agreement referred to in paragraph 1 may not seek compensation for trade benefits that may accrue to any other Member from such agreement.

V. gr. a.

Samningar um samruna vinnumarkaða.

Þessi samningur skal ekki hindra aðila hans í að eiga aðild að samningi um fullan samruna[146] vinnumarkaða milli þeirra sem eiga aðild að slíkum samningi, að því tilskildu að slíkur samningur:

a) veiti borgurum samningsaðila undanþágu frá kröfum um búsetu- og atvinnuleyfi;

b) sé tilkynntur þjónustuviðskiptaráðinu.

Article V bis

Labour Markets Integration Agreements

This Agreement shall not prevent any of its Members from being a party to an agreement establishing full integration[146] of the labour markets between or among the parties to such an agreement, provided that such an agreement:

(a) exempts citizens of parties to the agreement from requirements concerning residency and work permits;

(b) is notified to the Council for Trade in Services.

VI. gr.

Innlendar reglur.

1. Á sviðum þar sem aðilar taka á sig sérstakar skuldbindingar skal sérhver aðili sjá til þess að ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt á eðlilegan, hlutlægan og óhlutdrægan hátt.

2. a) Sérhver aðili skal, að beiðni þjónustuveitanda sem málið varðar, hafa eða koma á fót eins fljótt og unnt er dómstólum, gerðardómi eða stjórnsýsludómstólum eða sérstakri málsmeðferð þar sem stjórnsýsluákvarðanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, verða tafarlaust endurskoðaðar að beiðni þjónustuveitanda sem málið varðar og gripið til viðeigandi úrræða ef slíkt telst réttmætt. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni, sem tekur viðkomandi stjórnsýsluákvörðun, skal aðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í raun í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.

b) Ákvæði a-liðar skulu ekki túlkuð þannig að þess sé krafist að aðili komi á fót slíkum dómstólum eða málsmeðferð ef það er andstætt stjórnskipulagi eða réttarkerfi hans.

3. Ef krafist er leyfis fyrir veitingu þjónustu, sem sérstök skuldbinding gildir um skulu þar til bær yfirvöld aðila tilkynna umsækjandanum,

Article VI

Domestic Regulation

1. In sectors where specific commitments are undertaken, each Member shall ensure that all measures of general application affecting trade in services are administered in a reasonable, objective and impartial manner.

2. (a) Each Member shall maintain or institute as soon as practicable judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures which provide, at the request of an affected service supplier, for the prompt review of, and where justified, appropriate remedies for, administrative decisions affecting trade in services. Where such procedures are not independent of the agency entrusted with the administrative decision concerned, the Member shall ensure that the procedures in fact provide for an objective and impartial review.

(b) The provisions of subparagraph (a) shall not be construed to require a Member to institute such tribunals or procedures where this would be inconsistent with its constitutional structure or the nature of its legal system.

3. Where authorization is required for the supply of a service on which a specific commitment has been made, the competent authorities of a

innan hæfilegs frests eftir að umsókn sem telst uppfylla innlend lög og reglur hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirvöld aðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án óþarfra tafa.

4. Til að tryggja að ráðstafanir, sem varða hæfniskröfur og málsmeðferð, tæknistaðla og kröfur um leyfisveitingu, hafi ekki í för með sér óþarfar hindranir í þjónustuviðskiptum skal þjónustuviðskiptaráðið, með aðstoð nefnda sem það skipar í því skyni, setja nauðsynlegar verklagsreglur. Með slíkum verklagsreglum er stefnt að því, meðal annars, að tryggja að slíkar kröfur:

a) séu byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, svo sem hæfni og getu til að veita þjónustu;
b) séu ekki íþyngjandi umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði þjónustunnar;
c) takmarki ekki í sjálfu sér veitingu þjónustunnar þegar málsmeðferð við leyfisveitingu er annars vegar.

5. a) Á sviðum þar sem aðili hefur gengist undir sérstakar skuldbindingar, þangað til verklagsreglurnar skv. 4. mgr. taka gildi á þeim sviðum, skal hann ekki beita kröfum um leyfisveitingar, hæfniskröfur og tæknilega staðla, sem gera að engu eða skerða slíkar skuldbindingar með þeim hætti:

i) sem samrýmist ekki viðmiðununum sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 4. mgr.; og
ii) sem ekki hefði verið eðlilegt að vænta af hálfu aðilans á þeim tíma þegar hann gekkst undir sérstakrar skuldbindingar á þessum sviðum.

b) Þegar ákvarðað er hvort aðili uppfylli skyldur skv. a-lið 5. mgr. skal tekið tillit til alþjóðastaðla viðkomandi alþjóðastofnana[147] sem sá aðili notar.

6. Á sviðum þar sem samið hefur verið um sérstakar skuldbindingar um sérfræðiþjónustu skal hver aðili kveða á um fullnægjandi málsmeðferð til að sannprófa hæfni fagmanna hjá öðrum aðilum.

Member shall, within a reasonable period of time after the submission of an application considered complete under domestic laws and regulations, inform the applicant of the decision concerning the application. At the request of the applicant, the competent authorities of the Member shall provide, without undue delay, information concerning the status of the application.

4. With a view to ensuring that measures relating to qualification requirements and procedures, technical standards and licensing requirements do not constitute unnecessary barriers to trade in services, the Council for Trade in Services shall, through appropriate bodies it may establish, develop any necessary disciplines. Such disciplines shall aim to ensure that such requirements are, *inter alia*:

(a) based on objective and transparent criteria, such as competence and the ability to supply the service;
(b) not more burdensome than necessary to ensure the quality of the service;
(c) in the case of licensing procedures, not in themselves a restriction on the supply of the service.

5. (a) In sectors in which a Member has undertaken specific commitments, pending the entry into force of disciplines developed in these sectors pursuant to paragraph 4, the Member shall not apply licensing and qualification requirements and technical standards that nullify or impair such specific commitments in a manner which:
(i) does not comply with the criteria outlined in subparagraphs 4(a), (b) or (c); and
(ii) could not reasonably have been expected of that Member at the time the specific commitments in those sectors were made.

(b) In determining whether a Member is in conformity with the obligation under paragraph 5(a), account shall be taken of international standards of relevant international organizations[147] applied by that Member.

6. In sectors where specific commitments regarding professional services are undertaken, each Member shall provide for adequate procedures to verify the competence of professionals of any other Member.

VII. gr.

Viðurkenning.

1. Til að uppfylla, að öllu leyti eða að hluta, staðla sína eða viðmiðanir um útgáfu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum og með fyrirvara um kröfur 3. mgr. er aðila heimilt að viðurkenna menntun, fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða veitingu leyfis eða skírteinis í tilteknu landi. Slíka viðurkenningu, sem unnt er að ná með samhæfingu eða með öðrum hætti, er heimilt að byggja á samningi eða fyrirkomulagi hlutaðeigandi landa eða veita hana einhliða.

2. Aðili, sem á hlut að samningi eða fyrirkomulagi eins og um getur í 1. mgr., hvort sem það liggur fyrir eða er fyrirhugað, skal veita öðrum aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, nægileg tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða fyrirkomulagi eða til að gera sambærilega samninga. Ef aðili veitir viðurkenningu einhliða skal hann veita öllum öðrum aðilum nægileg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri menntun, fengna reynslu, svo og leyfi eða skírteini eða uppfylltar kröfur á yfirráðasvæði þessara aðila.

3. Aðili skal ekki veita viðurkenningu með þeim hætti að hann mismuni löndum þegar hann beitir stöðlum sínum eða viðmiðunum um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum né með þeim hætti að það skapi duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum.

4. Sérhver aðili skal:

a) innan 12 mánaða frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlaðist gildi að því er hann varðar, tilkynna þjónustuviðskiptaráðinu um gildandi ráðstafanir um viðurkenningu og taka fram hvort slíkar ráðstafanir séu byggðar á samningum eða fyrirkomulagi eins og um getur í 1. mgr.;

b) tilkynna það þjónustuviðskiptaráðinu þegar í stað og með eins miklum fyrirvara og unnt er, taki hann upp viðræður um samninga eða fyrirkomulag eins og um getur í 1. mgr., til að allir aðrir aðilar fái nægileg tækifæri til að láta í ljós áhuga sinn á þátttöku í samningaviðræðunum áður en kemur að viðræðum um efnisleg grundvallaratriði;

c) tilkynna það þjónustuviðskiptaráðinu þegar í stað samþykki hann nýjar ráðstafanir um viðurkenningu eða breytir gild-

Article VII

Recognition

1. For the purposes of the fulfilment, in whole or in part, of its standards or criteria for the authorization, licensing or certification of services suppliers, and subject to the requirements of paragraph 3, a Member may recognize the education or experience obtained, requirements met, or licenses or certifications granted in a particular country. Such recognition, which may be achieved through harmonization or otherwise, may be based upon an agreement or arrangement with the country concerned or may be accorded autonomously.

2. A Member that is a party to an agreement or arrangement of the type referred to in paragraph 1, whether existing or future, shall afford adequate opportunity for other interested Members to negotiate their accession to such an agreement or arrangement or to negotiate comparable ones with it. Where a Member accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for any other Member to demonstrate that education, experience, licences, or certifications obtained or requirements met in that other Member's territory should be recognized.

3. A Member shall not accord recognition in a manner which would constitute a means of discrimination between countries in the application of its standards or criteria for the authorization, licensing or certification of services suppliers, or a disguised restriction on trade in services.

4. Each Member shall:

(a) within 12 months from the date on which the WTO Agreement takes effect for it, inform the Council for Trade in Services of its existing recognition measures and state whether such measures are based on agreements or arrangements of the type referred to in paragraph 1;

(b) promptly inform the Council for Trade in Services as far in advance as possible of the opening of negotiations on an agreement or arrangement of the type referred to in paragraph 1 in order to provide adequate opportunity to any other Member to indicate their interest in participating in the negotiations before they enter a substantive phase;

(c) promptly inform the Council for Trade in Services when it adopts new recognition measures or significantly modifies exist-

andi ráðstöfunum verulega og taka fram hvort ráðstafanirnar séu byggðar á samningi eða fyrirkomulagi eins og um getur í 1. mgr.

5. Þegar við á ætti viðurkenning að byggjast á viðmiðunum sem hafa verið samþykktar á alþjóðavettvangi. Þegar við á skulu aðilar eiga samstarf við viðeigandi milliríkjastofnanir eða óopinberar stofnanir í því skyni að setja og samþykkja sameiginlega alþjóðastaðla og viðmiðanir um viðurkenningu og sameiginlega alþjóðastaðla um heimild til að stunda þjónustustarfsemi og störf í viðkomandi fagi.

ing ones and state whether the measures are based on an agreement or arrangement of the type referred to in paragraph 1.

5. Wherever appropriate, recognition should be based on multilaterally agreed criteria. In appropriate cases, Members shall work in cooperation with relevant intergovernmental and non-governmental organizations towards the establishment and adoption of common international standards and criteria for recognition and common international standards for the practice of relevant services trades and professions.

VIII. gr.

Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess að þjónustuveitandi, sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði hans, starfi ekki í ósamræmi við skyldur þessa aðila skv. II. gr. og sérstökum skuldbindingum aðilans þegar hann veitir einokunarþjónustuna á viðkomandi markaði.

2. Ef sá sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði aðila keppir, annaðhvort beint eða í gegnum eignatengd fyrirtæki, um veitingu þjónustu utan þess sviðs sem hann hefur einokunar aðstöðu á og þjónustan fellur undir sérstakar skuldbindingar þessa aðila skal aðilinn sjá til þess að sá þjónustuveitandi misnoti ekki einokunaraðstöðu sína með þeim hætti að brjóti í bága við þessar skuldbindingar.

3. Þjónustuviðskiptaráðið getur, að beiðni aðila sem hefur ástæðu til að ætla að þjónustuveitandi, sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu frá öðrum aðila, starfi í ósamræmi við 1. og 2. mgr., óskað eftir því við aðilann, sem kemur á fót, viðheldur eða veitir leyfi fyrir starfsemi þessa þjónustuveitanda, að hann láti í té tilteknar upplýsingar um viðkomandi starfsemi.

4. Ef aðili veitir einokunaraðstöðu til þjónustu, sem fellur undir sérstakar skuldbindingar hans, eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina skal hann tilkynna þjónustuviðskiptaráðinu það, eigi síðar en þremur mánuðum áður en veiting fyrirhugaðs leyfis til einokunaraðstöðu kemur til framkvæmda og gilda ákvæði 2.,3. og 4. mgr. XXI. gr.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um þjónustuveitendur með einkarétt þegar aðili, formlega eða í raun, *a*) veitir leyfi fyrir eða kemur á fót litlum hópi þjónustuveitenda og *b*) kemur að verulegu leyti í veg fyrir samkeppni milli þessara þjónustuveitenda á yfirráðasvæði sínu.

Article VIII

Monopolies and Exclusive Service Suppliers

1. Each Member shall ensure that any monopoly supplier of a service in its territory does not, in the supply of the monopoly service in the relevant market, act in a manner inconsistent with that Member's obligations under Article II and specific commitments.

2. Where a Member's monopoly supplier competes, either directly or through an affiliated company, in the supply of a service outside the scope of its monopoly rights and which is subject to that Member's specific commitments, the Member shall ensure that such a supplier does not abuse its monopoly position to act in its territory in a manner inconsistent with such commitments.

3. The Council for Trade in Services may, at the request of a Member which has a reason to believe that a monopoly supplier of a service of any other Member is acting in a manner inconsistent with paragraph 1 or 2, request the Member establishing, maintaining or authorizing such supplier to provide specific information concerning the relevant operations.

4. If, after the date of entry into force of the WTO Agreement, a Member grants monopoly rights regarding the supply of a service covered by its specific commitments, that Member shall notify the Council for Trade in Services no later than three months before the intended implementation of the grant of monopoly rights and the provisions of paragraphs 2, 3 and 4 of Article XXI shall apply.

5. The provisions of this Article shall also apply to cases of exclusive service suppliers, where a Member, formally or in effect, (*a*) authorizes or establishes a small number of service suppliers and (*b*) substantially prevents competition among those suppliers in its territory.

IX. gr.
Viðskiptahættir.

1. Aðilar viðurkenna að ákveðnir viðskiptahættir þjónustuveitenda, aðrir en þeir sem falla undir VIII. gr., geti hamlað samkeppni og þar með takmarkað þjónustuviðskipti.

2. Sérhver aðili skal, að beiðni annars aðila, hefja viðræður með það fyrir augum að afnema þá viðskiptahætti sem um getur í 1. mgr. Aðilinn, sem málinu er beint til, skal fjalla ítarlega og með velvilja um slíka beiðni og eiga samvinnu um að útvega upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að og eru ekki trúnaðarmál og sem eru viðkomandi málinu sem um ræðir. Aðilinn, sem málinu er beint til, skal einnig láta aðilanum, sem lagði fram beiðnina, í té aðrar upplýsingar sem tiltækar eru, með fyrirvara um innlend lög sín og að gerður hafi verið fullnægjandi samningur um að fyllsta trúnaðar verði gætt af hálfu þess aðila sem lagði fram beiðnina.

Article IX
Business Practices

1. Members recognize that certain business practices of service suppliers, other than those falling under Article VIII, may restrain competition and thereby restrict trade in services.

2. Each Member shall, at the request of any other Member, enter into consultations with a view to eliminating practices referred to in paragraph 1. The Member addressed shall accord full and sympathetic consideration to such a request and shall cooperate through the supply of publicly available non-confidential information of relevance to the matter in question. The Member addressed shall also provide other information available to the requesting Member, subject to its domestic law and to the conclusion of satisfactory agreement concerning the safeguarding of its confidentiality by the requesting Member.

X. gr.
Verndarráðstafanir í neyðartilvikum.

1. Hefja skal marghliða samningaviðræður um verndarráðstafanir í neyðartilvikum sem byggjast á meginreglunni um bann við mismunun. Niðurstöður slíkra samningaviðræðna skulu öðlast gildi eigi síðar en þremur árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

2. Á tímabilinu áður en niðurstöður samningaviðræðnanna, sem um getur í 1. mgr., öðlast gildi geta aðilar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. XXI. gr., að tilkynnt þjónustuviðskiptaráðinu um þá fyrirætlun sína að afturkalla eða breyta sérstakri skuldbindingu þegar eitt ár er liðið frá þeim degi er hún öðlast gildi, að því tilskildu að aðilinn geti sýnt ráðinu fram á að ekki sé hægt að láta breytinguna eða afturköllunina bíða í þrjú ár eins og kveðið er á um í 1. mgr. XXI. gr.

3. Ákvæði 2. mgr. falla úr gildi þremur árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Article X
Emergency Safeguard Measures

1. There shall be multilateral negotiations on the question of emergency safeguard measures based on the principle of non-discrimination. The results of such negotiations shall enter into effect on a date not later than three years from the date of entry into force of the WTO Agreement.

2. In the period before the entry into effect of the results of the negotiations referred to in paragraph 1, any Member may, notwithstanding the provisions of paragraph 1 of Article XXI, notify the Council on Trade in Services of its intention to modify or withdraw a specific commitment after a period of one year from the date on which the commitment enters into force; provided that the Member shows cause to the Council that the modification or withdrawal cannot await the lapse of the three-year period provided for in paragraph 1 of Article XXI.

3. The provisions of paragraph 2 shall cease to apply three years after the date of entry into force of the WTO Agreement.

XI. gr.
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Aðili skal ekki, nema í tilvikum sem tilgreind eru í XII. gr., setja takmarkanir á alþjóðlegar yfirfærslur og greiðslur í yfirstandandi viðskiptum er varða sérstakar skuldbindingar hans.

2. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á

Article XI
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article XII, a Member shall not apply restrictions on international transfers and payments for current transactions relating to its specific commitments.

2. Nothing in this Agreement shall affect the

réttindi og skyldur þeirra sem eiga aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samkvæmt samningsákvæðum sjóðsins, þar á meðal ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við ákvæði hans, að því tilskildu að aðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans, nema skv. XII. gr. eða að beiðni sjóðsins.

XII. gr.
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Ef um er að ræða mjög óhagstæðan greiðslujöfnuð og erfið ytri fjárhagsskilyrði eða hættu á slíku er aðila heimilt að taka upp eða viðhalda takmörkunum í þjónustuviðskiptum þar sem hann hefur tekið á sig sérstakar skuldbindingar, þar á meðal takmörkunum á greiðslum eða yfirfærslum í viðskiptum sem tengjast slíkum skuldbindingum. Viðurkennt er að þegar aðili er undir sérstökum þrýstingi að því er varðar greiðslujöfnuð vegna þróunar eða breytinga sem eru að verða í efnahagsmálum geti verið nauðsynlegt að beita takmörkunum til að tryggja, meðal annars, að hann hafi nægilegt fjármagn í varasjóðum til að koma í framkvæmd áætlun um efnahagsþróun eða breytingar í efnahagsmálum.

2. Takmarkanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu:
   a) ekki mismuna aðilum;
   b) vera í samræmi við ákvæði samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn;
   c) ekki skaða viðskipta-, efnahags- og fjárhagslega hagsmuni annarra aðila að óþörfu;
   d) ekki vera meiri en nauðsynlegt er til að bregðast við þeim aðstæðum sem lýst er í 1. mgr.;
   e) vera tímabundnar og skal þeim aflétt í áföngum þegar aðstæðurnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. batna.

3. Þegar aðilar ákvarða hve oft eigi að setja slíkar takmarkanir er þeim heimilt að veita þeirri þjónustu forgang sem er mikilvæg fyrir efnahags- eða þróunaráætlanir þeirra. Ekki skal þó taka upp eða viðhalda slíkum takmörkunum í því skyni að vernda tiltekið þjónustusvið.

4. Tilkynna skal aðalráðinu þegar í stað um allar takmarkanir sem eru teknar upp eða er viðhaldið skv. 1. mgr. eða breytingar sem eru gerðar á þeim.

rights and obligations of the members of the International Monetary Fund under the Articles of Agreement of the Fund, including the use of exchange actions which are in conformity with the Articles of Agreement, provided that a Member shall not impose restrictions on any capital transactions inconsistently with its specific commitments regarding such transactions, except under Article XII or at the request of the Fund.

Article XII
Restrictions to Safeguard the Balance of Payments

1. In the event of serious balance-of-payments and external financial difficulties or threat thereof, a Member may adopt or maintain restrictions on trade in services on which it has undertaken specific commitments, including on payments or transfers for transactions related to such commitments. It is recognized that particular pressures on the balance of payments of a Member in the process of economic development or economic transition may necessitate the use of restrictions to ensure, *inter alia,* the maintenance of a level of financial reserves adequate for the implementation of its programme of economic development or economic transition.

2. The restrictions referred to in paragraph 1:
   (a) shall not discriminate among Members;
   (b) shall be consistent with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund;
   (c) shall avoid unnecessary damage to the commercial, economic and financial interests of any other Member;
   (d) shall not exceed those necessary to deal with the circumstances described in paragraph 1;
   (e) shall be temporary and be phased out progressively as the situation specified in paragraph 1 improves.

3. In determining the incidence of such restrictions, Members may give priority to the supply of services which are more essential to their economic or development programmes. However, such restrictions shall not be adopted or maintained for the purpose of protecting a particular service sector.

4. Any restrictions adopted or maintained under paragraph 1, or any changes therein, shall be promptly notified to the General Council.

5. a) Aðilar, sem beita ákvæðum þessarar greinar, skulu þegar í stað hafa samráð við nefndina um takmarkanir vegna greiðslujafnaðar vegna takmarkana sem eru teknar upp samkvæmt þessari grein.

b) Ráðherrastefnan skal ákveða málsmeðferð[148] fyrir reglubundnar viðræður með það að markmiði að unnt verði að beina þeim tilmælum sem hún kann að telja við eiga til viðkomandi aðila.

c) Í slíkum viðræðum skal meta stöðu greiðslujafnaðar viðkomandi aðila og takmarkanir sem eru teknar upp eða er viðhaldið samkvæmt þessari grein, meðal annars að teknu tilliti til þátta eins og:

i) eðlis og umfangs erfiðleika vegna greiðslujafnaðar og erfiðra ytri fjárhagsskilyrða;

ii) ytra efnahags- og viðskiptaumhverfis aðilans sem á hlut að viðræðum;

iii) annarra leiðréttingar ráðstafana sem kunna að vera tiltækar.

d) Í viðræðunum skal fjalla um það hvort takmarkanir séu í samræmi við 2. mgr., einkum afléttingu takmarkana smám saman í samræmi við e-lið 2. mgr.

e) Í slíkum viðræðum skulu staðfest öll tölfræðileg gögn og aðrar staðreyndir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur fram um erlendan gjaldeyri, gjaldeyrissjóði og greiðslujöfnuð og skulu niðurstöður byggðar á mati sjóðsins á greiðslujöfnuði og ytri fjárhagsskilyrðum aðilans sem á hlut að viðræðum.

6. Ef aðili, sem á ekki aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, æskir þess að beita ákvæðum þessarar greinar skal ráðherrastefnan ákveða málsmeðferð um endurskoðun svo og hvers konar málsmeðferð aðra eftir því sem þörf krefur.

XIII. gr.

Opinber innkaup.

1. Ákvæði II., XVI. og XVII. gilda ekki um lög, reglur eða kröfur sem taka til innkaupa opinberra stofnana á þjónustu til eigin nota sem er ekki ætluð til endursölu í hagnaðarskyni eða til veitingar þjónustu í hagnaðarskyni.

5. (a) Members applying the provisions of this Article shall consult promptly with the Committee on Balance-of-Payments Restrictions on restrictions adopted under this Article.

(b) The Ministerial Conference shall establish procedures[148] for periodic consultations with the objective of enabling such recommendations to be made to the Member concerned as it may deem appropriate.

(c) Such consultations shall assess the balance-of-payment situation of the Member concerned and the restrictions adopted or maintained under this Article, taking into account, inter alia, such factors as:

(i) the nature and extent of the balance-of-payments and the external financial difficulties;

(ii) the external economic and trading environment of the consulting Member;

(iii) alternative corrective measures which may be available.

(d) The consultations shall address the compliance of any restrictions with paragraph 2, in particular the progressive phaseout of restrictions in accordance with paragraph 2(e).

(e) In such consultations, all findings of statistical and other facts presented by the International Monetary Fund relating to foreign exchange, monetary reserves and balance of payments, shall be accepted and conclusions shall be based on the assessment by the Fund of the balance-of-payments and the external financial situation of the consulting Member.

6. If a Member which is not a member of the International Monetary Fund wishes to apply the provisions of this Article, the Ministerial Conference shall establish a review procedure and any other procedures necessary.

Article XIII

Government Procurement

1. Articles II, XVI and XVII shall not apply to laws, regulations or requirements governing the procurement by governmental agencies of services purchased for governmental purposes and not with a view to commercial resale or with a view to use in the supply of services for commercial sale.

2. Hefja skal marghliða samningaviðræður um opinber innkaup á þjónustu samkvæmt þessum samningi innan tveggja ára frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

2. There shall be multilateral negotiations on government procurement in services under this Agreement within two years from the date of entry into force of the WTO Agreement.

XIV. gr.

Almennar undantekningar.

Með fyrirvara um kröfu þess efnis að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun landa, þar sem aðstæður eru þær sömu, eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum, skal ekkert í þessum samningi túlkað þannig að það komi í veg fyrir að aðilar samþykki eða beiti ráðstöfunum sem eru:

a) nauðsynlegar til að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu[149];
b) nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, dýra eða plantna;
c) nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga eða reglna sem eru ekki ósamrýmanlegar ákvæðum þessa samnings, að meðtöldum ákvæðum sem tengjast:
   i) því að koma í veg fyrir villandi og sviksamlega viðskiptahætti eða bregðast við vanefndum á þjónustusamningum;
   ii) því að vernda friðhelgi einstaklinga í tengslum við vinnslu og dreifingu persónuupplýsinga og að fara með persónulegar skrár og reikninga sem trúnaðarmál;
   iii) öryggi;
d) ekki í samræmi við XVII. gr., að því tilskildu að þegar ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur[150] eða innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annarra aðila;
e) ekki í samræmi við II. gr., að því tilskildu að ólík meðferð sé til komin vegna samnings til að koma í veg fyrir tvísköttun eða ákvæða til að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem aðilinn er bundinn.

Article XIV

General Exceptions

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where like conditions prevail, or a disguised restriction on trade in services, nothing in this Agreement shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Member of measures:

(a) necessary to protect public morals or to maintain public order;[149]
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to secure compliance with laws or regulations which are not inconsistent with the provisions of this Agreement including those relating to:
   (i) the prevention of deceptive and fraudulent practices or to deal with the effects of a default on services contracts;
   (ii) the protection of the privacy of individuals in relation to the processing and dissemination of personal data and the protection of confidentiality of individual records and accounts;
   (iii)safety;
(d) inconsistent with Article XVII, provided that the difference in treatment is aimed at ensuring the equitable or effective[150] imposition or collection of direct taxes in respect of services or service suppliers of other Members;
(e) inconsistent with Article II, provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which the Member is bound.

XIV. gr. a.

Undantekningar af öryggisástæðum.

1. Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:

Article XIV bis

Security Exceptions

1. Nothing in this Agreement shall be construed:

a) að krafist sé af aðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að afhenda; eða
b) að komið sé í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
   i) varðandi þjónustu sem er veitt beint eða óbeint í þeim tilgangi að birgja upp herstöðvar;
   ii) varðandi kjarnakleyf efni og kjarnasamrunaefni eða efni sem þau eru unnin úr;
   iii) á stríðstímum eða í öðrum neyðartilvikum í alþjóðasamskiptum; eða
c) að komið sé í veg fyrir að aðili grípi til ráðstafana, í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, til að viðhalda friði og öryggi í heiminum.

2. Þjónustuviðskiptaráðið skal fá eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um ráðstafanir gerðar skv. b- og c-lið 1. mgr. og hvenær þær ganga úr gildi.

(a) to require any Member to furnish any information, the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests; or
(b) to prevent any Member from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests:
   (i) relating to the supply of services as carried out directly or indirectly for the purpose of provisioning a military establishment;
   (ii) relating to fissionable and fusionable materials or the materials from which they are derived;
   (iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or
(c) to prevent any Member from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

2. The Council for Trade in Services shall be informed to the fullest extent possible of measures taken under paragraphs 1(b) and (c) and of their termination.

XV. gr.
Styrkir.

1. Aðilar viðurkenna að við tilteknar aðstæður geti styrkir valdið röskun á þjónustuviðskiptum. Aðilar skulu hefja samningaviðræður með það fyrir augum að þróa nauðsynlegar marghliða verklagsreglur til að koma í veg fyrir slíka röskun á þjónustuviðskiptum.[151] Í samningaviðræðunum skal einnig fjallað um hvort heppilegt sé að beita jöfnunarráðstöfunum. Í slíkum samningaviðræðum skal einnig viðurkennt hlutverk styrkja í tengslum við þróunaráætlanir þróunarlanda og tekið tillit til þarfa aðila, einkum þróunaraðildarlanda, fyrir sveigjanleika á þessu sviði. Að því er varðar slíkar samningaviðræður skulu aðilar skiptast á upplýsingum um alla styrki í tengslum við þjónustuviðskipti sem þeir veita innlendum þjónustuveitendum.

2. Aðili, sem telur sig hafa orðið fyrir skaðlegum áhrifum vegna styrkja frá öðrum aðila, getur óskað eftir viðræðum um það við þann aðila. Fjalla skal um slíkar beiðnir með velvilja.

Article XV
Subsidies

1. Members recognize that, in certain circumstances, subsidies may have distortive effects on trade in services. Members shall enter into negotiations with a view to developing the necessary multilateral disciplines to avoid such trade-distortive effects.[151] The negotiations shall also address the appropriateness of countervailing procedures. Such negotiations shall recognize the role of subsidies in relation to the development programmes of developing countries and take into account the needs of Members, particularly developing country Members, for flexibility in this area. For the purpose of such negotiations, Members shall exchange information concerning all subsidies related to trade in services that they provide to their domestic service suppliers.

2. Any Member which considers that it is adversely affected by a subsidy of another Member may request consultations with that Member on such matters. Such requests shall be accorded sympathetic consideration.

III. HLUTI
SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR
XVI . gr.
Markaðsaðgangur.

1. Að því er varðar markaðsaðgang þjónustu á þann hátt sem tilgreint er í I. gr. skal sérhver aðili veita þjónustu og þjónustuveitendum frá öðrum aðila eigi óhagstæðari meðferð en þá sem kveðið er á um samkvæmt skilmálum, takmörkunum og skilyrðum sem hafa verið samþykkt og tilgreind eru í skrá hans.[152]

2. Á sviðum þar sem gengist hefur verið undir skuldbindingar um markaðsaðgang eru ráðstafanir, sem aðili skal ekki viðhalda eða samþykkja, hvort heldur er á grundvelli undirskiptingar svæða eða á grundvelli alls yfirráðasvæðisins, nema annað sé tilgreint í skrá hans, skilgreindar sem:

a) takmarkanir á fjölda þjónustuveitenda, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einokun, þjónustuveitendur með einkarétt eða kröfur um könnun á efnahagslegum þörfum;

b) takmarkanir á heildarverðmæti þjónustuviðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum;

c) takmarkanir á samanlögðum fjölda þjónustuverkefna eða á heildarmagni afurða þjónustustarfsemi, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum[153];

d) takmarkanir á heildarfjölda einstaklinga sem heimilt er að ráða á sérstöku þjónustusviði eða sem þjónustuveitanda er heimilt að ráða og sem eru nauðsynlegir og beinlínis tengdir veitingu sérstakrar þjónustu í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum;

e) ráðstafanir sem takmarka eða krefjast þess að þjónustuveitandinn hafi á sínum vegum sérstaka tegund lögaðila eða sameiginlegra fyrirtækja sem veita þjónustuna fyrir hann;

f) takmarkanir á hlutdeild erlends fjármagns, settar fram sem hámarks hundraðshluti sem má vera í eigu erlendra hluthafa eða heildarverðmæti einstakra eða samanlagðra erlendra fjárfestinga.

PART III
SPECIFIC COMMITMENTS
Article XVI
Market Access

1. With respect to market access through the modes of supply identified in Article I, each Member shall accord services and service suppliers of any other Member treatment no less favourable than that provided for under the terms, limitations and conditions agreed and specified in its Schedule.[152]

2. In sectors where market-access commitments are undertaken, the measures which a Member shall not maintain or adopt either on the basis of a regional subdivision or on the basis of its entire territory, unless otherwise specified in its Schedule, are defined as:

(a) limitations on the number of service suppliers whether in the form of numerical quotas, monopolies, exclusive service suppliers or the requirements of an economic needs test;

(b) limitations on the total value of service transactions or assets in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;

(c) limitations on the total number of service operations or on the total quantity of service output expressed in terms of designated numerical units in the form of quotas or the requirement of an economic needs test;[153]

(d) limitations on the total number of natural persons that may be employed in a particular service sector or that a service supplier may employ and who are necessary for, and directly related to, the supply of a specific service in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;

(e) measures which restrict or require specific types of legal entity or joint venture through which a service supplier may supply a service; and

(f) limitations on the participation of foreign capital in terms of maximum percentage limit on foreign shareholding or the total value of individual or aggregate foreign investment.

XVII. gr.
Innlend meðferð.

1. Sérhver aðili skal, á þeim sviðum sem eru tilgreind í skrá hans og samkvæmt þeim skilyrðum og hæfniskröfum sem eru settar fram þar, veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra aðila eigi óhagstæðari meðferð, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustunnar, en hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.[154]

2. Aðili getur uppfyllt kröfur 1. mgr. með því að veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra aðila formlega sams konar meðferð eða formlega ólíka meðferð þeirri sem hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.

3. Meðferð, sem er formlega sams konar eða formlega ólík, skal talin óhagstæðari ef hún breytir samkeppnisskilyrðum til hagsbóta fyrir þjónustu eða þjónustuveitendur aðilans miðað við samsvarandi þjónustu eða þjónustuveitendur annarra aðila.

XVIII. gr.
Viðbótarskuldbindingar.

Aðilum er heimilt að semja um skuldbindingar að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og eru ekki háðar skráningu skv. XVI. eða XVII. gr., þar á meðal þær ráðstafanir sem varða hæfi, staðla eða leyfisveitingar. Slíkar skuldbindingar skulu færðar í skrá aðila.

IV. HLUTI
FRELSI AUKIÐ SMÁM SAMAN

XIX. gr.
Samningaviðræður um sérstakar skuldbindingar.

1. Í samræmi við markmið þessa samnings skulu aðilar hefja samningaviðræður og skal fyrsta samningalotan hefjast eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og fara fram með reglulegu millibili eftir það í því skyni að auka frelsi smám saman. Þessar samningaviðræður skulu miða að því að draga úr eða afnema ráðstafanir, sem hafa skaðleg áhrif á þjónustuviðskipti, í því skyni að veita greiðan markaðsaðgang. Markmiðið með þessu ferli er að efla hag allra þátttakenda og tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna.

2. Aukning frelsis skal fara fram að teknu til-

Article XVII
National Treatment

1. In the sectors inscribed in its Schedule, and subject to any conditions and qualifications set out therein, each Member shall accord to services and service suppliers of any other Member, in respect of all measures affecting the supply of services, treatment no less favourable than that it accords to its own like services and service suppliers.[154]

2. A Member may meet the requirement of paragraph 1 by according to services and service suppliers of any other Member, either formally identical treatment or formally different treatment to that it accords to its own like services and service suppliers.

3. Formally identical or formally different treatment shall be considered to be less favourable if it modifies the conditions of competition in favour of services or service suppliers of the Member compared to like services or service suppliers of any other Member.

Article XVIII
Additional Commitments

Members may negotiate commitments with respect to measures affecting trade in services not subject to scheduling under Articles XVI or XVII, including those regarding qualifications, standards or licensing matters. Such commitments shall be inscribed in a Member's Schedule.

PART IV
PROGRESSIVE LIBERALIZATION

Article XIX
Negotiation of Specific Commitments

1. In pursuance of the objectives of this Agreement, Members shall enter into successive rounds of negotiations, beginning not later than five years from the date of entry into force of the WTO Agreement and periodically thereafter, with a view to achieving a progressively higher level of liberalization. Such negotiations shall be directed to the reduction or elimination of the adverse effects on trade in services of measures as a means of providing effective market access. This process shall take place with a view to promoting the interests of all participants on a mutually advantageous basis and to securing an overall balance of rights and obligations.

2. The process of liberalization shall take place

hlýðilegu tilliti til markmiða innlendrar stefnu og þróunarstigs einstakra aðila, bæði í heild og á einstökum sviðum. Veita skal einstökum þróunaraðildarlöndum hæfilegan sveigjanleika til að þau geti opnað færri svið, aukið frelsi í færri tegundum viðskipta, aukið markaðsaðgang smám saman í samræmi við þróunarstig sitt og bundið aðgang að mörkuðum sínum skilyrðum, þegar þeir opna þá fyrir erlendum þjónustuveitendum, í því skyni að ná þeim markmiðum sem um getur í IV. gr.

3. Fyrir hverja samningalotu skal ákveða viðmiðunarreglur og málsmeðferð fyrir samningaviðræðurnar. Til að ákveða slíkar viðmiðunarreglur skal þjónustuviðskiptaráðið framkvæma mat á þjónustuviðskiptum, bæði í heild sinni og eftir sviðum, með hliðsjón af markmiðum þessa samnings, þar á meðal þeim sem tilgreind eru í 1. mgr. IV. gr. Í viðmiðunarreglunum fyrir samningaviðræður skal ákveðin meðferð fyrir aukið frelsi, sem aðilar hafa tekist einhliða á hendur frá því að síðustu samningaviðræður fóru fram, svo og sú sérstaka meðferð sem þau aðildarlönd, sem eru skemmst á veg komin í þróun, fá samkvæmt ákvæðum 3. mgr. IV. gr.
4. Í hverri samningalotu skal unnið áfram að því að auka frelsi smám saman með tvíhliða, fjölhliða eða marghliða samningaviðræðum sem miða að því að aðilar taki á sig sérstakar skuldbindingar í auknum mæli samkvæmt þessum samningi.

XX. gr.

Skrár yfir sérstakar skuldbindingar.

1. Sérhver aðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur sér á hendur skv. III. hluta þessa samnings. Að því er varðar þau svið þar sem skuldbindingarnar eru gerðar skal eftirfarandi tilgreint í hverri skrá:

a) skilmálar, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi;
b) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð;
c) samþykkt varðandi viðbótarskuldbindingar;
d) tímamörk fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga, ef við á; og
e) gildistökudagur slíkra skuldbindinga.

2. Ráðstafanir sem eru ósamrýmanlegar bæði XVI. og XVII. gr. skulu skráðar í dálkinn sem á við XVI. gr. Þá merkir skráningin einnig skilyrði eða forsendu sem á við XVII. gr.

with due respect for national policy objectives and the level of development of individual Members, both overall and in individual sectors. There shall be appropriate flexibility for individual developing country Members for opening fewer sectors, liberalizing fewer types of transactions, progressively extending market access in line with their development situation and, when making access to their markets available to foreign service suppliers, attaching to such access conditions aimed at achieving the objectives referred to in Article IV.
3. For each round, negotiating guidelines and procedures shall be established. For the purposes of establishing such guidelines, the Council for Trade in Services shall carry out an assessment of trade in services in overall terms and on a sectoral basis with reference to the objectives of this Agreement, including those set out in paragraph 1 of Article IV. Negotiating guidelines shall establish modalities for the treatment of liberalization undertaken autonomously by Members since previous negotiations, as well as for the special treatment for least-developed country Members under the provisions of paragraph 3 of Article IV.
4. The process of progressive liberalization shall be advanced in each such round through bilateral, plurilateral or multilateral negotiations directed towards increasing the general level of specific commitments undertaken by Members under this Agreement.

Article XX

Schedules of Specific Commitments

1. Each Member shall set out in a schedule the specific commitments it undertakes under Part III of this Agreement. With respect to sectors where such commitments are undertaken, each Schedule shall specify:

(a) terms, limitations and conditions on market access;
(b) conditions and qualifications on national treatment;
(c) undertakings relating to additional commitments;
(d) where appropriate the time-frame for implementation of such commitments; and
(e) the date of entry into force of such commitments.

2. Measures inconsistent with both Articles XVI and XVII shall be inscribed in the column relating to Article XVI. In this case the inscription will be considered to provide a condition or qualification to Article XVII as well.

3. Skrár yfir sérstakar skuldbindingar skulu vera í viðauka við þennan samning og vera óaðskiljanlegur hluti hans.

XXI. gr.

Breytingar á skrám.

1. a) Aðili (í þessari grein nefndur „breytingaraðili“) getur breytt eða afturkallað skuldbindingar í skrá sinni, hvenær sem er eftir að liðin eru þrjú ár frá gildistökudegi skuldbindingarinnar, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

b) Breytingaraðilinn skal tilkynna þjónustuviðskiptaráðinu áform sín um að breyta eða afturkalla skuldbindingu samkvæmt þessari grein eigi síðar en þremur mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að breytingin eða afturköllunin komi til framkvæmda.

2. a) Ef fyrirhugaðar breytingar eða afturköllun, sem tilkynnt er um skv. b-lið 1. mgr., kunna að hafa áhrif á hagsmuni aðila (í þessari grein nefndur „aðili sem breytingar hafa áhrif á“) skal breytingaraðilinn hefja samningaviðræður að beiðni aðilans sem breytingarnar hafa áhrif á í því skyni að komast að samkomulagi um nauðsynlegar bætur. Í slíkum samningaviðræðum og samkomulagi skulu aðilar, sem í hlut eiga, leitast við að haga almennu stigi skuldbindinga á þann veg að þær séu hagstæðar hverjum og einum þeirra og ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem þegar var kveðið á um í skránum yfir sérstakar skuldbindingar áður en samningaviðræðurnar hófust.

b) Bætur skulu vera á grundvelli bestukjara.

3. a) Ef samkomulag næst ekki milli breytingaraðila og aðila, sem breytingin hefur áhrif á, áður en tímabilið, sem er ákveðið fyrir samningaviðræðurnar, rennur út er aðilanum, sem breytingin hefur áhrif á, heimilt að vísa málinu til gerðardóms. Hver aðili, sem breytingin hefur áhrif á og óskar að knýja fram rétt sem hann kann að eiga til bóta, verður að eiga hlut að gerðardómsmálinu.

b) Ef enginn af þeim aðilum, sem breytingin hefur áhrif á, krefst þess að gerðardómur fjalli um málið skal breytingaraðilanum frjálst að koma fyrirhugaðri breytingu eða afturköllun í framkvæmd.

3. Schedules of specific commitments shall be annexed to this Agreement and shall form an integral part thereof.

Article XXI

Modification of Schedules

1. (a) A Member (referred to in this Article as the “modifying Member”) may modify or withdraw any commitment in its Schedule, at any time after three years have elapsed from the date on which that commitment entered into force, in accordance with the provisions of this Article.

(b) A modifying Member shall notify its intent to modify or withdraw a commitment pursuant to this Article to the Council for Trade in Services no later than three months before the intended date of implementation of the modification or withdrawal.

2. (a) At the request of any Member the benefits of which under this Agreement may be affected (referred to in this Article as an “affected Member”) by a proposed modification or withdrawal notified under subparagraph 1(b), the modifying Member shall enter into negotiations with a view to reaching agreement on any necessary compensatory adjustment. In such negotiations and agreement, the Members concerned shall endeavour to maintain a general level of mutually advantageous commitments not less favourable to trade than that provided for in Schedules of specific commitments prior to such negotiations.

(b) Compensatory adjustments shall be made on a most-favoured-nation basis.

3. (a) If agreement is not reached between the modifying Member and any affected Member before the end of the period provided for negotiations, such affected Member may refer the matter to arbitration. Any affected Member that wishes to enforce a right that it may have to compensation must participate in the arbitration.

(b) If no affected Member has requested arbitration, the modifying Member shall be free to implement the proposed modification or withdrawal.

4. a) Breytingaraðila er ekki heimilt að breyta eða afturkalla skuldbindingar sínar fyrr en hann hefur veitt bæturnar í samræmi við niðurstöður gerðardómsins.

b) Ef breytingaraðili kemur fyrirhugaðri breytingu eða afturköllun í framkvæmd en hlítir ekki niðurstöðum gerðardómsins er aðilanum, sem breytingin hefur áhrif á og átti hlut að gerðardómsmálinu, heimilt að breyta eða afturkalla jafngildan ávinning í samræmi við þessar niðurstöður. Þrátt fyrir ákvæði II. gr. er einungis heimilt að gera slíka breytingu eða afturköllun gagnvart breytingaraðilanum.

5. Þjónustuviðskiptaráðið skal ákveða málsmeðferð við leiðréttingu eða breytingu á skránum. Aðili, sem hefur breytt skráðum skuldbindingum eða afturkallað þær samkvæmt þessari grein, skal breyta sinni skrá í samræmi við slíka málsmeðferð.

V. HLUTI
STOFNANAÁKVÆÐI
XXII. gr.
Viðræður.

1. Sérhver aðili skal fjalla með velvilja um þær athugasemdir sem aðrir aðilar hafa fram að færa um málefni er varða framkvæmd þessa samnings og veita nægileg tækifæri til viðræðna um slíkar athugasemdir. Samkomulagið um lausn deilumála gildir um slíkar viðræður.

2. Þjónustuviðskiptaráðið eða nefndin um lausn deilumála getur, að beiðni aðila, átt viðræður við einn eða fleiri aðila um málefni sem ekki hefur verið unnt að finna viðunandi lausn á með viðræðum samkvæmt 1. mgr.

3. Aðila er ekki heimilt að skírskota til XVII. gr., hvorki samkvæmt þessari grein né XXIII. gr., að því er varðar ráðstöfun annars aðila sem fellur undir gildissvið alþjóðlegs samnings milli þeirra til að koma í veg fyrir tvísköttun. Ef aðila greinir á um hvort ráðstöfun falli undir gildissvið slíks samnings milli þeirra er hvorum þeirra sem er frjálst að leggja málið fyrir þjónustuviðskiptaráðið.[155] Ráðið skal vísa málinu til gerðardóms. Ákvörðun gerðardómsins skal vera endanleg og bindandi fyrir aðilana.

4. (a) The modifying Member may not modify or withdraw its commitment until it has made compensatory adjustments in conformity with the findings of the arbitration.

(b) If the modifying Member implements its proposed modification or withdrawal and does not comply with the findings of the arbitration, any affected Member that participated in the arbitration may modify or withdraw substantially equivalent benefits in conformity with those findings. Notwithstanding Article II, such a modification or withdrawal may be implemented solely with respect to the modifying Member.

5. The Council for Trade in Services shall establish procedures for rectification or modification of Schedules. Any Member which has modified or withdrawn scheduled commitments under this Article shall modify its Schedule according to such procedures.

PART V
INSTITUTIONAL PROVISIONS
Article XXII
Consultation

1. Each Member shall accord sympathetic consideration to, and shall afford adequate opportunity for, consultation regarding such representations as may be made by any other Member with respect to any matter affecting the operation of this Agreement. The Dispute Settlement Understanding (DSU) shall apply to such consultations.

2. The Council for Trade in Services or the Dispute Settlement Body (DSB) may, at the request of a Member, consult with any Member or Members in respect of any matter for which it has not been possible to find a satisfactory solution through consultation under paragraph 1.

3. A Member may not invoke Article XVII, either under this Article or Article XXIII, with respect to a measure of another Member that falls within the scope of an international agreement between them relating to the avoidance of double taxation. In case of disagreement between Members as to whether a measure falls within the scope of such an agreement between them, it shall be open to either Member to bring this matter before the Council for Trade in Services.[155] The Council shall refer the matter to arbitration. The decision of the arbitrator shall be final and binding on the Members.

XXIII. gr.
Lausn deilumála og framkvæmd.

1. Ef aðili telur að annar aðili ræki ekki skyldur sínar eða sérstakar skuldbindingar samkvæmt þessum samningi er honum heimilt að hagnýta sér samkomulagið um lausn deilumála með það fyrir augum að finna lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við.
2. Nefndinni um lausn deilumála er heimilt að leyfa einum eða fleiri aðilum að fresta framkvæmd á skyldum og sérstökum skuldbindingum gagnvart einum eða fleiri aðilum í samræmi við 22. gr. samkomulagsins um lausn deilumála, ef hún telur að ástandið sé nógu alvarlegt til að réttlæta slíka ákvörðun.
3. Ef aðili telur að ávinningur, sem hann gat búist við að fá samkvæmt sérstakri skuldbindingu annars aðila í samræmi við III. hluta þessa samnings, sé gerður að engu eða skertur vegna beitingar ráðstöfunar sem stangast ekki á við ákvæði þessa samnings getur hann hagnýtt sér samkomulagið um lausn deilumála. Ef nefnd um lausn deilumála ákvarðar að ráðstöfunin hafi gert að engu eða skert slíkan ávinning hefur aðili, sem ráðstöfunin hefur haft áhrif á, rétt til bóta á grundvelli 2. mgr. XXI. gr. sem báðir aðilar geta sætt sig við og gæti falið í sér breytingar eða afturköllun á ráðstöfuninni. Ef hlutaðeigandi aðilar ná ekki samkomulagi gildir 22. gr. samkomulagsins um lausn deilumála.

Article XXIII
Dispute Settlement and Enforcement

1. If any Member should consider that any other Member fails to carry out its obligations or specific commitments under this Agreement, it may with a view to reaching a mutually satisfactory resolution of the matter have recourse to the DSU.
2. If the DSB considers that the circumstances are serious enough to justify such action, it may authorize a Member or Members to suspend the application to any other Member or Members of obligations and specific commitments in accordance with Article 22 of the DSU.

3. If any Member considers that any benefit it could reasonably have expected to accrue to it under a specific commitment of another Member under Part III of this Agreement is being nullified or impaired as a result of the application of any measure which does not conflict with the provisions of this Agreement, it may have recourse to the DSU. If the measure is determined by the DSB to have nullified or impaired such a benefit, the Member affected shall be entitled to a mutually satisfactory adjustment on the basis of paragraph 2 of Article XXI, which may include the modification or withdrawal of the measure. In the event an agreement cannot be reached between the Members concerned, Article 22 of the DSU shall apply.

XXIV. gr.
Þjónustuviðskiptaráð.

1. Þjónustuviðskiptaráðið skal sinna þeim störfum sem því eru falin til að auðvelda rekstur þessa samnings og vinna að markmiðum hans. Ráðinu er heimilt að koma á fót þeim undirnefndum, sem það telur við eiga, til að geta sinnt störfum sínum á skilvirkan hátt.
2. Þátttaka í ráðinu og undirnefndum þess er opin fulltrúum allra aðila nema ráðið ákveði annað.
3. Aðilar kjósa formann ráðsins.

Article XXIV
Council for Trade in Services

1. The Council for Trade in Services shall carry out such functions as may be assigned to it to facilitate the operation of this Agreement and further its objectives. The Council may establish such subsidiary bodies as it considers appropriate for the effective discharge of its functions.
2. The Council and, unless the Council decides otherwise, its subsidiary bodies shall be open to participation by representatives of all Members.
3. The Chairman of the Council shall be elected by the Members.

XXV. gr.
Tæknisamvinna.

1. Þjónustuveitendur aðila skulu eiga aðgang að þjónustu tengiliðanna sem um getur í 2. mgr. IV. gr. ef þeir þurfa á slíkri aðstoð að halda.

2. Aðalskrifstofan veitir þróunarlöndum tækniaðstoð á marghliða grundvelli og þjónustuviðskiptaráðið tekur ákvörðun um slíka tækniaðstoð.

Article XXV
Technical Cooperation

1. Service suppliers of Members which are in need of such assistance shall have access to the services of contact points referred to in paragraph 2 of Article IV.
2. Technical assistance to developing countries shall be provided at the multilateral level by the Secretariat and shall be decided upon by the Council for Trade in Services.

XXVI. gr.
Samskipti við aðrar alþjóðastofnanir.

Aðalráðið skal koma á viðeigandi fyrirkomulagi fyrir viðræður og samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra og við aðrar milliríkjastofnanir sem sinna málefnum er varða þjónustu.

VI. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

XXVII. gr.
Synjun um ávinning.

Aðila er heimilt að synja um ávinning sem leiðir af þessum samningi:

a) vegna veitingar þjónustu, ef hann færir sönnur á að þjónustan sé veitt frá eða á yfirráðasvæði einhvers sem er ekki aðili eða yfirráðasvæði aðila sem synjunaraðilinn beitir ekki samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina gagnvart;
b) ef um er að ræða þjónustu á sviði sjóflutninga, ef hann færir sönnur á að þjónustan sé veitt:
   i) af skipi sem er skráð samkvæmt lögum lands sem er ekki aðili eða aðila sem synjunaraðilinn beitir ekki samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina gagnvart; og
   ii) af einstaklingi sem rekur og/eða notar skipið að öllu leyti eða að hluta en er frá landi sem er ekki aðili eða frá aðila sem synjunaraðilinn beitir ekki samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina gagnvart;
c) vegna þjónustuveitanda sem er lögpersóna, ef hann færir sönnur á að hann sé ekki þjónustuveitandi frá öðrum aðila eða að hann sé þjónustuveitandi aðila sem synjunaraðilinn beitir ekki samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina gagnvart.

XXVIII. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ráðstöfun“ er ráðstöfun aðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð eða annað sambærilegt;
b) „veiting þjónustu“ er framleiðsla, dreifing, markaðssetning, sala og afhending þjónustu;
c) „ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“ eru ráðstafanir er varða:

Article XXVI
Relationship with Other International Organizations

The General Council shall make appropriate arrangements for consultation and cooperation with the United Nations and its specialized agencies as well as with other intergovernmental organizations concerned with services.

PART VI
FINAL PROVISIONS

Article XXVII
Denial of Benefits

A Member may deny the benefits of this Agreement:

(a) to the supply of a service, if it establishes that the service is supplied from or in the territory of a non-Member or of a Member to which the denying Member does not apply the WTO Agreement;

(b) in the case of the supply of a maritime transport service, if it establishes that the service is supplied:
   (i) by a vessel registered under the laws of a non-Member or of a Member to which the denying Member does not apply the WTO Agreement, and

   (ii) by a person which operates and/or uses the vessel in whole or in part but which is of a non-Member or of a Member to which the denying Member does not apply the WTO Agreement;
(c) to a service supplier that is a juridical person, if it establishes that it is not a service supplier of another Member, or that it is a service supplier of a Member to which the denying Member does not apply the WTO Agreement.

Article XXVIII
Definitions

For the purpose of this Agreement:

(a) “measure” means any measure by a Member, whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, decision, administrative action, or any other form;
(b) “supply of a service” includes the production, distribution, marketing, sale and delivery of a service;
(c) “measures by Members affecting trade in services” include measures in respect of

i) kaup á, greiðslu fyrir eða afnot af þjónustu;
ii) aðgang að eða afnot af þjónustu, í sambandi við veitingu þjónustu sem þessir aðilar krefjast að almenningi standi almennt til boða;
iii) nærveru, þar á meðal viðskiptanærveru, einstaklinga og lögpersóna frá einum aðila vegna þjónustuveitingar á yfirráðasvæði annars aðila;

d) „viðskiptanærvera“ er hvers konar viðskipta- eða atvinnustarfsemi, þar á meðal:

i) stofnun, kaup á eða áframhaldandi rekstur lögpersónu; eða
ii) stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu,

á yfirráðasvæði aðila í því skyni að veita þjónustu;

e) „svið“ þjónustu er:
i) að því er varðar sérstaka skuldbindingu, eitt eða fleiri eða öll undirsvið þeirrar þjónustu, eins og tilgreint er í skrá aðila;
ii) að öðrum kosti þjónustusviðið í heild, þar á meðal öll undirsvið þess;

f) „þjónusta annars aðila“ er þjónusta sem er veitt:
i) af eða á yfirráðasvæði þessa annars aðila eða, ef um er að ræða sjóflutninga, af skipi sem er skráð samkvæmt lögum þess aðila eða af einstaklingi eða lögpersónu frá aðilanum sem veitir þjónustuna með því að gera út skip og/eða nota það að öllu leyti eða að hluta; eða
ii) af þjónustuveitanda þessa annars aðila, ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru eða nærveru einstaklings;

g) „þjónustuveitandi“ er hver sá einstaklingur eða lögpersóna sem veitir þjónustu[156];

h) „einstaklingur eða lögpersóna sem hefur fengið einokunaraðstöðu til að veita þjónustu“ er hver sá einstaklingur eða lögpersóna, í opinbera geiranum eða einkageiranum, sem hefur leyfi aðila eða er komið á fót af honum, formlega eða í raun, til að starfa sem eini veitandi þessarar þjónustu á viðkomandi markaði á yfirráðasvæði hans;

i) „þjónustuneytandi“ er hver sá einstaklingur eða lögpersóna sem fær eða notar þjónustu;

(i) the purchase, payment or use of a service;
(ii) the access to and use of, in connection with the supply of a service, services which are required by those Members to be offered to the public generally;
(iii) the presence, including commercial presence, of persons of a Member for the supply of a service in the territory of another Member;

(d) "commercial presence" means any type of business or professional establishment, including through
(i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person, or
(ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office,
within the territory of a Member for the purpose of supplying a service;

(e) "sector" of a service means,
(i) with reference to a specific commitment, one or more, or all, subsectors of that service, as specified in a Member's Schedule,
(ii) otherwise, the whole of that service sector, including all of its subsectors;

(f) "service of another Member" means a service which is supplied,
(i) from or in the territory of that other Member, or in the case of maritime transport, by a vessel registered under the laws of that other Member, or by a person of that other Member which supplies the service through the operation of a vessel and/or its use in whole or in part; or
(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence or through the presence of natural persons, by a service supplier of that other Member;

(g) "service supplier" means any person that supplies a service;[156]

(h) "monopoly supplier of a service" means any person, public or private, which in the relevant market of the territory of a Member is authorized or established formally or in effect by that Member as the sole supplier of that service;

(i) "service consumer" means any person that receives or uses a service;

j) „einstaklingur eða lögpersóna“ er einstakur maður eða stofnun eða félag sem er persóna að lögum;

k) „einstaklingur frá öðrum aðila“ er einstaklingur sem er búsettur á yfirráðasvæði þess aðila eða einhvers annars aðila og sem samkvæmt lögum þessa aðila:

i) er ríkisborgari þess aðila; eða

ii) hefur rétt til fastrar búsetu hjá þessum aðila, ef um er að ræða aðila þar sem:

1. enginn ríkisborgari er; eða
2. einstaklingar, sem hafa fasta búsetu þar, fá sömu meðferð í aðalatriðum og hans eigin ríkisborgarar njóta að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, eins og tilkynnt er þegar hann staðfestir eða fær aðild að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, að því tilskildu að enginn aðili sé skuldbundinn til að veita slíkum einstaklingum, sem hafa fasta búsetu, hagstæðari meðferð en þessi annar aðili býður slíkum einstaklingum. Í þessari tilkynningu skal vera trygging fyrir því að þessi aðili taki á sig sömu skyldur, í samræmi við lög sín og reglur, gagnvart slíkum einstaklingum og hann tekur á sig fyrir ríkisborgara sína;

l) „lögpersóna“ er lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þar á meðal hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök;

m) „lögpersóna annars aðila“ er lögpersóna sem er annaðhvort:

i) stofnuð eða skipulögð samkvæmt lögum þessa annars aðila og stundar umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði hans eða einhvers annars aðila; eða

ii) ef um er að ræða þjónustu sem er veitt á grundvelli viðskiptanærveru, í eigu eða undir stjórn:

1. einstaklinga frá þeim aðila; eða

(j) "person" means either a natural person or a juridical person;

(k) "natural person of another Member" means a natural person who resides in the territory of that other Member or any other Member, and who under the law of that other Member:

(i) is a national of that other Member; or

(ii) has the right of permanent residence in that other Member, in the case of a Member which:

1. does not have nationals; or
2. accords substantially the same treatment to its permanent residents as it does to its nationals in respect of measures affecting trade in services, as notified in its acceptance of or accession to the WTO Agreement, provided that no Member is obligated to accord to such permanent residents treatment more favourable than would be accorded by that other Member to such permanent residents. Such notification shall include the assurance to assume, with respect to those permanent residents, in accordance with its laws and regulations, the same responsibilities that other Member bears with respect to its nationals;

(l) "juridical person" means any legal entity duly constituted or otherwise organized under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;

(m) "juridical person of another Member" means a juridical person which is either:

(i) constituted or otherwise organized under the law of that other Member, and is engaged in substantive business operations in the territory of that Member or any other Member; or

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by:

1. natural persons of that Member; or

2. lögpersóna frá þeim aðila, samkvæmt i-lið;

n) lögpersóna er
   i) „í eigu“ einstaklinga eða lögpersóna frá aðila ef meira en 50% af eignarhlutdeild í henni er hrein eign einstaklinga eða lögpersóna frá þeim aðila;
   ii) „undir stjórn“ einstaklinga eða lögpersóna frá aðila ef þessir einstaklingar eða lögpersónur hafa vald til að tilnefna meiri hluta stjórnenda eða stjórna starfsemi hennar á annan hátt lögum samkvæmt;
   iii) „tengd“ öðrum einstaklingi eða lögpersónu ef hún stjórnar eða henni er stjórnað af þeim einstaklingi eða lögpersónu eða ef bæði henni og þeim einstaklingi eða lögpersónu er stjórnað af sama einstaklingi eða lögpersónu;

o) „beinir skattar“ eru allir skattar af heildartekjum, af heildarfjármagni eða af einstökum liðum tekna eða fjármagns, þar á meðal eru skattar á hagnað vegna afsals eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir, skattar af heildarupphæð launa sem fyrirtæki greiða svo og skattar af verðgildishækkun fjármagns.

XXIX. gr.
Viðaukar.

Viðaukarnir við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans.

VIÐAUKAR

Viðauki um undanþágur frá II. gr.
Gildissvið.

1. Í þessum viðauka er tilgreint við hvaða aðstæður aðili er undanþeginn skyldum sínum skv. 1. mgr. II. gr. við gildistöku þessa samnings.

2. Farið skal með allar nýjar undanþágur, sem sótt er um eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, skv. 3. mgr. IX. gr. þess samnings.

Endurskoðun.

3. Þjónustuviðskiptaráðið skal endurskoða allar undanþágur sem veittar hafa verið til lengri tíma en fimm ára. Fyrsta endurskoðunin skal fara fram eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

2. juridical persons of that other Member identified under subparagraph (i);

(n) a juridical person is:
   (i) "owned" by persons of a Member if more than 50 per cent of the equity interest in it is beneficially owned by persons of that Member;
   (ii) "controlled" by persons of a Member if such persons have the power to name a majority of its directors or otherwise to legally direct its actions;
   (iii) "affiliated" with another person when it controls, or is controlled by, that other person; or when it and the other person are both controlled by the same person; and

(o) "direct taxes" comprise all taxes on total income, on total capital or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of property, taxes on estates, inheritances and gifts, and taxes on the total amounts of wages or salaries paid by enterprises, as well as taxes on capital appreciation.

Article XXIX
Annexes

The Annexes to this Agreement are an integral part of this Agreement.

ANNEXES

Annex on Article II Exemptions
Scope

1. This Annex specifies the conditions under which a Member, at the entry into force of this Agreement, is exempted from its obligations under paragraph 1 of Article II.

2. Any new exemptions applied for after the date of entry into force of the WTO Agreement shall be dealt with under paragraph 3 of Article IX of that Agreement.

Review

3. The Council for Trade in Services shall review all exemptions granted for a period of more than five years. The first such review shall take place no more than five years after the entry into force of the WTO Agreement.

4. Við endurskoðun skal þjónustuviðskiptaráðið

a) kanna hvort aðstæðurnar, sem sköpuðu þörf fyrir undanþáguna, séu enn fyrir hendi; og
b) ákveða hvenær frekari endurskoðun skuli fara fram.

4. The Council for Trade in Services in a review shall:

(a) examine whether the conditions which created the need for the exemption still prevail; and
(b) determine the date of any further review.

Lok.

5. Undanþága aðila frá skyldum sínum skv. 1. mgr. II. gr. samningsins, að því er varðar tiltekna ráðstöfun, rennur út á þeim degi sem kveðið er á um í undanþágunni.

6. Að meginstefnu til ættu slíkar undanþágur ekki að gilda lengur en í tíu ár. Þær skulu í öllum tilvikum teknar upp í síðari samningaviðræðum um að auka frelsi í viðskiptum.
7. Aðili skal tilkynna þjónustuviðskiptaráðinu við lok undanþágutímabilsins að ráðstöfunin, sem samrýmdist ekki samningnum, hafi verið færð til samræmis við 1. mgr. II. gr. hans.

Termination

5. The exemption of a Member from its obligations under paragraph 1 of Article II of the Agreement with respect to a particular measure terminates on the date provided for in the exemption.
6. In principle, such exemptions should not exceed a period of 10 years. In any event, they shall be subject to negotiation in subsequent trade-liberalizing rounds.
7. A Member shall notify the Council for Trade in Services at the termination of the exemption period that the inconsistent measure has been brought into conformity with paragraph 1 of Article II of the Agreement.

Skrár yfir undanþágur frá II. gr.

[Umsömdum skrám yfir undanþágur skv. 2. mgr. II. gr. verður bætt við sem hluta af þessum viðauka í frumeintaki samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina].

Lists of Article II Exemptions

[The agreed lists of exemptions under paragraph 2 of Article II appear as part of this Annex in the treaty copy of the WTO Agreement.]

Viðauki um för einstaklinga sem veita þjónustu samkvæmt þessum samningi.

1. Þessi viðauki gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur aðila og einstaklinga hjá aðila sem eru ráðnir af þjónustuveitanda aðila til að veita þjónustu.

2. Samningurinn gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði hjá aðila né ráðstafanir varðandi ríkisborgararétt, búsetu eða fasta atvinnu.
3. Aðilum er heimilt, í samræmi við III. og IV. hluta samningsins, að semja um sérstakar skuldbindingar sem gilda um för allra flokka einstaklinga sem veita þjónustu samkvæmt samningnum. Einstaklingum, sem falla undir sérstaka skuldbindingu, skal heimilt að veita þjónustu í samræmi við skilmála þeirrar skuldbindingar.
4. Samningurinn skal ekki koma í veg fyrir að aðili geti beitt ráðstöfunum til að stýra för einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, þar á meðal ráðstöfunum

Annex on Movement of Natural Persons Supplying Services under the Agreement

1. This Annex applies to measures affecting natural persons who are service suppliers of a Member, and natural persons of a Member who are employed by a service supplier of a Member, in respect of the supply of a service.
2. The Agreement shall not apply to measures affecting natural persons seeking access to the employment market of a Member, nor shall it apply to measures regarding citizenship, residence or employment on a permanent basis.
3. In accordance with Parts III and IV of the Agreement, Members may negotiate specific commitments applying to the movement of all categories of natural persons supplying services under the Agreement. Natural persons covered by a specific commitment shall be allowed to supply the service in accordance with the terms of that commitment.
4. The Agreement shall not prevent a Member from applying measures to regulate the entry of natural persons into, or their temporary stay in, its territory, including those measures necessary

sem eru nauðsynlegar til að tryggja heilleika landamæra hans og tryggja skipulag á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að þær geri að engu eða skerði þann ávinning sem aðili hefur samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.[157]

Viðauki um flugþjónustu.

1. Þessi viðauki gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugþjónustu, hvort sem um er að ræða áætlunarflug eða óreglubundið flug, og stoðþjónustu. Staðfest er að sérstakar skuldbindingar eða skyldur, sem aðilar hafa tekið á sig samkvæmt þessum samningi, skuli ekki draga úr eða hafa áhrif á skyldur aðila samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum sem eru í gildi á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

2. Samningurinn, þar á meðal málsmeðferð við lausn deilumála, gildir ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á:

a) flugréttindi, án tillits til þess hvernig þau eru veitt; eða

b) þjónustu sem tengist beint nýtingu flugréttinda,

með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 3. mgr. þessa viðauka.

3. Samningurinn gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á:

a) viðgerðir og viðhaldsþjónustu loftfara;

b) sölu og markaðssetningu flugþjónustu;

c) þjónustu gegnum tölvufarskráningarkerfi.

4. Einungis má skírskota til málsmeðferðar samningsins um lausn deilumála ef hlutaðeigandi aðilar hafa tekið á sig skyldur eða sérstakar skuldbindingar og ef málsmeðferð um lausn deilumála í tvíhliða samningum og öðrum marghliða samningum hefur verið fullreynd.

5. Þjónustuviðskiptaráðið skal, með reglulegu millibili og að minnsta kosti fimmta hvert ár, endurskoða hver þróun í flugþjónustu og framkvæmd þessa viðauka hefur orðið með það fyrir augum að athuga hvort ekki megi beita samningnum enn frekar á þessu sviði.

6. Skilgreiningar:

a) „Viðgerðir og viðhaldsþjónusta loftfara“ merkir allar viðgerðir sem fara fram á loftfari eða hluta þess á meðan það er ekki í notkun og falla ekki undir svonefnt línuviðhald.

b) „Sala og markaðssetning flugþjónustu“

to protect the integrity of, and to ensure the orderly movement of natural persons across, its borders, provided that such measures are not applied in such a manner as to nullify or impair the benefits accruing to any Member under the terms of a specific commitment.[157]

Annex on Air Transport Services

1. This Annex applies to measures affecting trade in air transport services, whether scheduled or non-scheduled, and ancillary services. It is confirmed that any specific commitment or obligation assumed under this Agreement shall not reduce or affect a Member's obligations under bilateral or multilateral agreements that are in effect on the date of entry into force of the WTO Agreement.

2. The Agreement, including its dispute settlement procedures, shall not apply to measures affecting:

(a) traffic rights, however granted; or

(b) services directly related to the exercise of traffic rights,

except as provided in paragraph 3 of this Annex.

3. The Agreement shall apply to measures affecting:

(a) aircraft repair and maintenance services;

(b) the selling and marketing of air transport services;

(c) computer reservation system (CRS) services.

4. The dispute settlement procedures of the Agreement may be invoked only where obligations or specific commitments have been assumed by the concerned Members and where dispute settlement procedures in bilateral and other multilateral agreements or arrangements have been exhausted.

5. The Council for Trade in Services shall review periodically, and at least every five years, developments in the air transport sector and the operation of this Annex with a view to considering the possible further application of the Agreement in this sector.

6. Definitions:

(a) "Aircraft repair and maintenance services" mean such activities when undertaken on an aircraft or a part thereof while it is withdrawn from service and do not include so-called line maintenance.

(b) "Selling and marketing of air transport

merkir tækifæri hlutaðeigandi flugfélags til að selja og markaðssetja að vild flugþjónustu sína en þar á meðal eru allir þættir markaðssetningar eins og markaðsrannsóknir, auglýsingar og dreifing. Þessi starfsemi felur ekki í sér verðlagningu á flugþjónustu eða gildandi skilmála.

c) „Þjónusta gegnum tölvufarskráningarkerfi“ merkir þjónustu sem er veitt með tölvukerfum sem innihalda upplýsingar um áætlanir flugfélaga, sætaframboð, fargjöld og fargjaldareglur og hægt er að nota til að bóka far eða gefa út farseðla.

d) „Flugréttindi“ merkir réttindi til að halda uppi áætlunarflugi eða óreglubundinni flugþjónustu og/eða flytja farþega, farm og póst gegn gjaldi eða leigu frá, til, innan eða yfir yfirráðasvæði aðila, að meðtöldum stöðum sem á að þjóna, flutningaleiðum, tegundum flutninga, flutningsgetu, gjaldskrám og skilyrðum þeirra svo og, viðmiðanir fyrir tilnefningu flugfélaga, þar á meðal viðmiðanir eins og fjöldi, eignarhald og yfirráð.

Viðauki um fjármálaþjónustu.

1. Gildissvið og skilgreiningar.

a) Þessi viðauki gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu fjármálaþjónustu. Þegar vísað er til veitingar fjármálaþjónustu í þessum viðauka merkir það veitingu þjónustu samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. I. gr. samningsins.

b) Að því er varðar b-lið 3. mgr. I. gr. samningsins merkir „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ eftirfarandi:

i) starfsemi sem er stunduð af seðlabanka eða yfirvöldum peningamála eða annarri opinberri stofnun sem framfylgir fjármála- og gengisstefnu;

ii) starfsemi sem er hluti af lögbundnu almannatrygginga- eða eftirlaunakerfi; og

iii) aðra starfsemi sem er stunduð af opinberri stofnun á kostnað ríkisins eða með ríkisábyrgð eða með því að nota fjármuni ríkisins.

c) Að því er varðar b-lið 3. mgr. I. gr. samningsins skal „þjónusta“ ná yfir starfsemi sem um getur í ii-lið eða iii-lið b-liðar þessarar málsgreinar ef aðili leyfir fjár-

services" mean opportunities for the air carrier concerned to sell and market freely its air transport services including all aspects of marketing such as market research, advertising and distribution. These activities do not include the pricing of air transport services nor the applicable conditions.

(c) "Computer reservation system (CRS) services" mean services provided by computerized systems that contain information about air carriers' schedules, availability, fares and fare rules, through which reservations can be made or tickets may be issued.

(d) "Traffic rights" mean the right for scheduled and non-scheduled services to operate and/or to carry passengers, cargo and mail for remuneration or hire from, to, within, or over the territory of a Member, including points to be served, routes to be operated, types of traffic to be carried, capacity to be provided, tariffs to be charged and their conditions, and criteria for designation of airlines, including such criteria as number, ownership, and control.

Annex on Financial Services

1. Scope and Definition

(a) This Annex applies to measures affecting the supply of financial services. Reference to the supply of a financial service in this Annex shall mean the supply of a service as defined in paragraph 2 of Article I of the Agreement.

(b) For the purposes of subparagraph 3(b) of Article I of the Agreement, "services supplied in the exercise of governmental authority" means the following:

(i) activities conducted by a central bank or monetary authority or by any other public entity in pursuit of monetary or exchange rate policies;

(ii) activities forming part of a statutory system of social security or public retirement plans; and

(iii) other activities conducted by a public entity for the account or with the guarantee or using the financial resources of the Government.

(c) For the purposes of subparagraph 3(b) of Article I of the Agreement, if a Member allows any of the activities referred to in subparagraphs (b)(ii) or (b)(iii) of this

málaþjónustuveitendum sínum að stunda einhverja slíka starfsemi í samkeppni við opinbera stofnun eða veitanda fjármálaþjónustu.

d) Ákvæði c-liðar 3. mgr. I. gr. samningsins gildir ekki um þjónustu sem fjallað er um í þessum viðauka.

2. *Innlendar reglur.*

a) Þrátt fyrir önnur ákvæði samningsins skal ekki komið í veg fyrir að aðili geri varúðarráðstafanir, þar á meðal til að vernda fjárfesta, innstæðueigendur, skírteinishafa eða einstaklinga og lögpersónur sem hafa sett fjármuni í vörslu þeirra sem veita fjármálaþjónustu eða til að tryggja áreiðanleika og stöðugleika fjármálakerfisins. Ef slíkar ráðstafanir eru ekki í samræmi við ákvæði samningsins skal aðili ekki nota þær til að komast hjá skuldbindingum sínum eða skyldum samkvæmt samningnum.

b) Ekkert í þessum samningi ber að túlka þannig að þess sé krafist að aðili láti í té upplýsingar sem varða málefni og reikninga einstakra viðskiptamanna eða upplýsingar um trúnaðarmál eða eignarhluti sem opinberar stofnanir hafa vitneskju um.

3. *Viðurkenning.*

a) Aðili getur viðurkennt varúðarráðstafanir annars ríkis þegar hann ákveður hvernig hann skuli beita ráðstöfunum sínum sem varða fjármálaþjónustu. Slíka viðurkenningu, sem hægt er að ná fram með samhæfingu eða með öðrum hætti, má grundvalla á samningi eða fyrirkomulagi milli hlutaðeigandi landa eða viðurkenna einhliða.

b) Aðili, sem á hlut að slíkum samningi eða fyrirkomulagi sem um getur í a-lið, hvort sem það er fyrirhugað eða í gildi, skal veita öðrum aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningum eða fyrirkomulagi eða gera sambærilega samninga við hann við aðstæður þar sem gilda sambærilegar reglur, eftirlit, framkvæmd slíkra reglna og, ef við á, málsmeðferð varðandi upplýsingaskipti milli þeirra sem eiga aðild að samningnum eða fyrirkomulaginu. Ef aðili veitir slíka viðurparagraph to be conducted by its financial service suppliers in competition with a public entity or a financial service supplier, "services" shall include such activities.

(d) Subparagraph 3(c) of Article I of the Agreement shall not apply to services covered by this Annex.

2. *Domestic Regulation*

(a) Notwithstanding any other provisions of the Agreement, a Member shall not be prevented from taking measures for prudential reasons, including for the protection of investors, depositors, policy holders or persons to whom a fiduciary duty is owed by a financial service supplier, or to ensure the integrity and stability of the financial system. Where such measures do not conform with the provisions of the Agreement, they shall not be used as a means of avoiding the Member's commitments or obligations under the Agreement.

(b) Nothing in the Agreement shall be construed to require a Member to disclose information relating to the affairs and accounts of individual customers or any confidential or proprietary information in the possession of public entities.

3. *Recognition*

(a) A Member may recognize prudential measures of any other country in determining how the Member's measures relating to financial services shall be applied. Such recognition, which may be achieved through harmonization or otherwise, may be based upon an agreement or arrangement with the country concerned or may be accorded autonomously.

(b) A Member that is a party to such an agreement or arrangement referred to in subparagraph (a), whether future or existing, shall afford adequate opportunity for other interested Members to negotiate their accession to such agreements or arrangements, or to negotiate comparable ones with it, under circumstances in which there would be equivalent regulation, oversight, implementation of such regulation, and, if appropriate, procedures concerning the sharing of information between the parties to the agreement or arrangement.

kenningu einhliða skal hann veita öllum aðilum næg tækifæri til að sýna fram á að slíkar aðstæður séu fyrir hendi.

c) Ef aðili hefur í hyggju að viðurkenna varúðarráðstafanir annars lands gildir b-liður 4. mgr. VII. gr. ekki.

4. Lausn deilumála.

Kærunefndir um deilumál er varða varfærnisráðstafanir og önnur fjárhagsleg málefni skulu búa yfir nauðsynlegri sérþekkingu um þá fjármálaþjónustu sem deilt er um.

5. Skilgreiningar.

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Fjármálaþjónusta" er hvers konar þjónusta af fjármálalegum toga sem fjármálaþjónustuveitandi hjá aðila veitir. Fjármálaþjónusta felur í sér allar vátryggingar og þjónustu tengda vátryggingum og alla bankaþjónustu og aðra fjármálaþjónustu (nema vátryggingar). Til fjármálaþjónustu telst eftirfarandi starfsemi:

Vátryggingar og þjónusta tengd vátryggingum.

i) frumtrygging (þar á meðal samtrygging):
   A) líftrygging;
   B) skaðatrygging;
ii) endurtrygging;
iii) milliganga um tryggingar, til dæmis miðlun og umboð;
iv) stoðþjónusta við vátryggingar, til dæmis ráðgjöf, þjónusta varðandi tryggingafræðileg atriði, áhættumat og tjónauppgjör.

Bankaþjónusta og önnur fjármálaþjónusta (nema vátryggingar).

v) staðfesting innlána og annarra endurgreiðanlega fjármuna frá almenningi;
vi) allar tegundir útlána, þar á meðal neytendalán, veðlán, kröfukaup og rekstrarlán;
vii) fjármögnunarleiga;
viii) öll þjónusta við millifærslu greiðslna og peninga, þar með talin lánakort, gjaldfærslu og staðgreiðslukort, ferðaávísanir og bankaávísanir;

Where a Member accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for any other Member to demonstrate that such circumstances exist.

(c) Where a Member is contemplating according recognition to prudential measures of any other country, paragraph 4(b) of Article VII shall not apply.

4. Dispute Settlement

Panels for disputes on prudential issues and other financial matters shall have the necessary expertise relevant to the specific financial service under dispute.

5. Definitions

For the purposes of this Annex:

(a) A financial service is any service of a financial nature offered by a financial service supplier of a Member. Financial services include all insurance and insurance-related services, and all banking and other financial services (excluding insurance). Financial services include the following activities:

Insurance and insurance-related services

(i) Direct insurance (including co-insurance):
   (A) life
   (B) non-life
(ii) Reinsurance and retrocession;
(iii) Insurance intermediation, such as brokerage and agency;
(iv) Services auxiliary to insurance, such as consultancy, actuarial, risk assessment and claim settlement services.

Banking and other financial services (excluding insurance)

(v) Acceptance of deposits and other repayable funds from the public;
(vi) Lending of all types, including consumer credit, mortgage credit, factoring and financing of commercial transaction;
(vii) Financial leasing;
(viii) All payment and money transmission services, including credit, charge and debit cards, travellers cheques and bankers drafts;

ix) ábyrgðir og skuldbindingar;
x) viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina, hvort sem er á verðbréfaþingi, utan verðbréfamarkaða (OTC) eða með öðrum hætti, með eftirfarandi:
A) fjármálaskjöl á peningamarkaði (þar á meðal ávísanir, víxlar, innlánsskírteini);
B) erlendan gjaldeyri;
C) afleidd skjöl, þar á meðal en þó ekki eingöngu, framvirka staðlaða samninga og valrétt;
D) gengis- og vaxtasamninga, þar á meðal skiptasamninga og framvirka samninga;
E) framseljanleg verðbréf;
F) önnur viðskiptabréf og peningalegar eignir, þar með talið silfur og gull í stöngum;
xi) þátttaka í útgáfu hvers konar verðbréfa, þar með taldar sölutrygging og milliganga um markaðssetningu (hvort sem um er að ræða almennt útboð eða lokað útboð) og þjónusta sem er veitt í tengslum við slíka útgáfu;
xii) peningamiðlun;
xiii) stjórnun eigna, svo sem sjóða eða verðbréfasamvals, allar tegundir sameiginlegrar fjárfestingarstjórnunar, lífeyrissjóðsstjórnunar og vörslu, innlána- og fjárhaldsþjónustu;
xiv) uppgjörs- og greiðslujöfnunarþjónusta fyrir peningalegar eignir, þar á meðal verðbréf, afleidd skjöl og önnur viðskiptabréf;
xv) veiting og miðlun fjármálaupplýsinga, og vinnsla fjármálagagna og hugbúnaður er þessu tengist frá þeim sem veita aðra fjármálaþjónustu;
xvi) ráðgjafarþjónusta, milliganga og önnur stoðþjónusta tengd allri þeirri starfsemi sem er talin upp í v- til xv-lið, þar á meðal upplýsingar um lánstraust og lánsmat, rannsókn og ráðgjöf varðandi fjárfestingu og samval verðbréfa, ráðgjöf varðandi yfirtöku og endurskipulagningu fyrirtækja og stefnumörkun þeirra.

b) „fjármálaþjónustuveitandi“ er sérhver einstaklingur eða lögpersóna hjá aðila sem óskar eftir að veita eða veitir fjármálaþjónustu en hugtakið nær ekki til opinberra stofnana.

(ix) Guarantees and commitments;
(x) Trading for own account or for account of customers, whether on an exchange, in an over-the-counter market or otherwise, the following:
(A) money market instruments (including cheques, bills, certificates of deposits);
(B) foreign exchange;
(C) derivative products including, but not limited to, futures and options;
(D) exchange rate and interest rate instruments, including products such as swaps, forward rate agreements;
(E) transferable securities;
(F) other negotiable instruments and financial assets, including bullion.

(xi) Participation in issues of all kinds of securities, including underwriting and placement as agent (whether publicly or privately) and provision of services related to such issues;

(xii) Money broking;
(xiii) Asset management, such as cash or portfolio management, all forms of collective investment management, pension fund management, custodial, depository and trust services;
(xiv) Settlement and clearing services for financial assets, including securities, derivative products, and other negotiable instruments;
(xv) Provision and transfer of financial information, and financial data processing and related software by suppliers of other financial services;
(xvi) Advisory, intermediation and other auxiliary financial services on all the activities listed in subparagraphs (v) through (xv), including credit reference and analysis, investment and portfolio research and advice, advice on acquisitions and on corporate restructuring and strategy.+

(b) A financial service supplier means any natural or juridical person of a Member wishing to supply or supplying financial services but the term "financial service supplier" does not include a public entity.

c) „Opinber stofnun“ er:
   i) stjórnvöld, seðlabanki eða yfirvöld peningamála hjá aðila eða stofnun sem er í eigu eða er stjórnað af aðila og sér aðallega um að framkvæma stjórnvaldsaðgerðir eða hefur með höndum starfsemi á sviði stjórnsýslu, að frátöldum stofnunum sem veita aðallega fjármálaþjónustu á viðskiptagrundvelli; eða

   ii) einkastofnun sem hefur með höndum starfsemi sem venjulega er í höndum seðlabanka eða yfirvalda peningamála.

Annar viðauki um fjármálaþjónustu.

1. Þrátt fyrir II. gr. samningsins og 1. og 2. mgr. viðaukans um undanþágur frá II. gr. er aðila heimilt, á 60 daga tímabili sem hefst fjórum mánuðum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, að skrá í þann viðauka ráðstafanir sem tengjast fjármálaþjónustu sem er ekki í samræmi við 1. mgr. II. gr. samningsins.
2. Þrátt fyrir XXI. gr. samningsins er aðila heimilt, á 60 daga tímabili sem hefst fjórum mánuðum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, að endurbæta, breyta eða afturkalla allar eða hluta af þeim sérstöku skuldbindingum um fjármálaþjónustu sem eru í skrá hans.
3. Þjónustuviðskiptaráðið skal taka upp málsmeðferð sem er nauðsynleg til að beita 1. og 2. mgr.

Viðauki um samningaviðræður um þjónustu á sviði sjóflutninga.

1. Ákvæði II. gr. og viðaukinn um undanþágur frá II. gr., þar á meðal krafan um að skrá í viðaukann allar ráðstafanir sem aðili viðheldur og brjóta í bága við bestukjarameðferð, öðlast ekki gildi að því er varðar millilandaflutninga, stoðþjónustu og aðgang að hafnaraðstöðu og notkun hennar fyrr en:
   a) á framkvæmdardegi sem verður ákveðinn samkvæmt 4. mgr. ákvörðunar ráðherra um samningaviðræður um þjónustu á sviði sjóflutninga; eða
   b) þegar endanleg skýrsla samningahópsins um þjónustu á sviði sjóflutninga, sem kveðið er á um í þeirri ákvörðun, kemur út hafi samningaviðræður ekki skilað árangri.

(c) "Public entity" means:
   (i) a government, a central bank or a monetary authority, of a Member, or an entity owned or controlled by a Member, that is principally engaged in carrying out governmental functions or activities for governmental purposes, not including an entity principally engaged in supplying financial services on commercial terms; or
   (ii) a private entity, performing functions normally performed by a central bank or monetary authority, when exercising those functions.

Second Annex on Financial Services

1. Notwithstanding Article II of the Agreement and paragraphs 1 and 2 of the Annex on Article II Exemptions, a Member may, during a period of 60 days beginning four months after the date of entry into force of the WTO Agreement, list in that Annex measures relating to financial services which are inconsistent with paragraph 1 of Article II of the Agreement.
2. Notwithstanding Article XXI of the Agreement, a Member may, during a period of 60 days beginning four months after the date of entry into force of the WTO Agreement, improve, modify or withdraw all or part of the specific commitments on financial services inscribed in its Schedule.
3. The Council for Trade in Services shall establish any procedures necessary for the application of paragraphs 1 and 2.

Annex on Negotiations on Maritime Transport Services

1. Article II and the Annex on Article II Exemptions, including the requirement to list in the Annex any measure inconsistent with most-favoured-nation treatment that a Member will maintain, shall enter into force for international shipping, auxiliary services and access to and use of port facilities only on:
   (a) the implementation date to be determined under paragraph 4 of the Ministerial Decision on Negotiations on Maritime Transport Services; or,
   (b) should the negotiations not succeed, the date of the final report of the Negotiating Group on Maritime Transport Services provided for in that Decision.

2. 1. mgr. gildir ekki um neina af þeim sérstöku skuldbindingum um þjónustu á sviði sjóflutninga sem eru tilgreindar í skrá aðila.
3. Þrátt fyrir XXI. gr. er aðila heimilt, frá lokum samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og fyrir framkvæmdardaginn, að endurbæta, breyta eða afturkalla allar eða hluta af sérstökum skuldbindingum sínum á þessu sviði án þess að bætur komi á móti.

Viðauki um fjarskipti.

1. Markmið.

Um leið og viðurkennd er sérstaða fjarskiptaþjónustu, einkum hið tvíþætta hlutverk sem hún gegnir, annars vegar sem sérstök efnahagsstarfsemi og hins vegar sem samskiptamiðill fyrir aðra efnahagsstarfsemi, hafa aðilar komið sér saman um eftirfarandi viðauka til að útfæra nánar ákvæði samningsins að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á aðgang að og notkun á almennum fjarskiptanetum og -þjónustu. Þess vegna eru settar inn athugasemdir og viðbótarákvæði við samninginn í þennan viðauka.

2. Gildissvið.

a) Þessi viðauki gildir um allar ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á aðgang að og notkun á almennum fjarskiptanetum og -þjónustu.[158]
b) Þessi viðauki tekur ekki til ráðstafana sem varða hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem sent er út gegnum útvarpsstöðvar eða dreift um kapalkerfi.
c) Ekkert í þessum viðauka skal túlkað á þann hátt:
   i) að þess sé krafist að aðili veiti þjónustuveitanda hjá öðrum aðila leyfi til að koma á fót, setja upp, eignast, leigja, starfrækja eða bjóða fram fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í skrá hans; eða
   ii) að þess sé krafist að aðili komi á fót, setji upp, eignist, leigi, starfræki eða bjóði fram, fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu sem stendur ekki öllum almenningi til boða (eða að þess sé krafist af aðila að hann skyldi þjónustuveitendur innan sinnar lögsögu til þess).

2. Paragraph 1 shall not apply to any specific commitment on maritime transport services which is inscribed in a Member's Schedule.
3. From the conclusion of the negotiations referred to in paragraph 1, and before the implementation date, a Member may improve, modify or withdraw all or part of its specific commitments in this sector without offering compensation, notwithstanding the provisions of Article XXI.

Annex on Telecommunications

1. Objectives

Recognizing the specificities of the telecommunications services sector and, in particular, its dual role as a distinct sector of economic activity and as the underlying transport means for other economic activities, the Members have agreed to the following Annex with the objective of elaborating upon the provisions of the Agreement with respect to measures affecting access to and use of public telecommunications transport networks and services. Accordingly, this Annex provides notes and supplementary provisions to the Agreement.

2. Scope

(a) This Annex shall apply to all measures of a Member that affect access to and use of public telecommunications transport networks and services.[158]
(b) This Annex shall not apply to measures affecting the cable or broadcast distribution of radio or television programming.
(c) Nothing in this Annex shall be construed:
   (i) to require a Member to authorize a service supplier of any other Member to establish, construct, acquire, lease, operate, or supply telecommunications transport networks or services, other than as provided for in its Schedule; or
   (ii) to require a Member (or to require a Member to oblige service suppliers under its jurisdiction) to establish, construct, acquire, lease, operate or supply telecommunications transport networks or services not offered to the public generally.

3. Skilgreiningar.

Í viðauka þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Fjarskipti“ er sending og móttaka merkja með hvers konar rafsegulbylgjum.

b) „Almenn fjarskiptaþjónusta“ er fjarskiptaþjónusta sem aðili krefst, með beinum fyrirmælum eða í reynd, að öllum almenningi standi til boða. Slík þjónusta getur meðal annars tekið til ritsíma, talsíma, símbréfa og gagnaflutnings sem felur að jafnaði í sér rauntímasendingar á upplýsingum notenda milli tveggja eða fleiri staða án þess að nokkur breyting verði á formi eða innihaldi upplýsinga notandans.

c) „Almennt fjarskiptanet“ er grunnvirki almennra fjarskipta sem gera fjarskipti milli tiltekinna nettengipunkta möguleg.

d) „Samskipti innan fyrirtækis“ eru fjarskipti sem eru notuð innan fyrirtækis og við eða milli dótturfyrirtækja þess, útibúa og, með fyrirvara um innlend lög og reglur aðila, eignatengdra fyrirtækja. Að því er varðar hugtökin „dótturfyrirtæki“, „útibú“ og, þar sem við á, „eignatengd fyrirtæki“ skal merking þeirra vera eins og skilgreint er hjá hverjum aðila um sig. Í þessum viðauka taka „samskipti innan fyrirtækis“ ekki til þjónustu, hvort heldur er á viðskiptagrundvelli eða ekki, sem er veitt fyrirtækjum sem eru ekki tengd dótturfyrirtæki, útibú eða eignatengd fyrirtæki eða sem er boðin viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum.

e) Þegar vísað er í málsgrein eða undirlið í þessum viðauka tekur það til allra undirþátta.

4. Gagnsæi.

Við beitingu III. gr. samningsins skal hver aðili sjá til þess að almenningur hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum um skilyrði sem hafa áhrif á aðgang að og notkun almennra fjarskiptaneta og -þjónustu, þar á meðal eru gjaldskrár og aðrir skilmálar og skilyrði fyrir þjónustu, forskriftir fyrir tæknilega skilfleti við slík net og þjónustu, upplýsingar um stofnanir sem annast setningu og samþykkt staðla sem hafa áhrif á slíkan aðgang og notkun, skilyrði að því er

3. Definitions

For the purposes of this Annex:

(a) “Telecommunications” means the transmission and reception of signals by any electromagnetic means.

(b) “Public telecommunications transport service” means any telecommunications transport service required, explicitly or in effect, by a Member to be offered to the public generally. Such services may include, inter alia, telegraph, telephone, telex, and data transmission typically involving the real-time transmission of customer-supplied information between two or more points without any end-to-end change in the form or content of the customer’s information.

(c) “Public telecommunications transport network” means the public telecommunications infrastructure which permits telecommunications between and among defined network termination points.

(d) “Intra-corporate communications” means telecommunications through which a company communicates within the company or with or among its subsidiaries, branches and, subject to a Member’s domestic laws and regulations, affiliates. For these purposes, “subsidiaries”, “branches” and, where applicable, “affiliates” shall be as defined by each Member. “Intra-corporate communications” in this Annex excludes commercial or non-commercial services that are supplied to companies that are not related subsidiaries, branches or affiliates, or that are offered to customers or potential customers.

(e) Any reference to a paragraph or subparagraph of this Annex includes all subdivisions thereof.

4. Transparency

In the application of Article III of the Agreement, each Member shall ensure that relevant information on conditions affecting access to and use of public telecommunications transport networks and services is publicly available, including: tariffs and other terms and conditions of service; specifications of technical interfaces with such networks and services; information on bodies responsible for the preparation and adoption of standards affecting such access and use;

varðar tengingu við endabúnað og annan búnað og kröfur um tilkynningar, skráningu eða leyfisveitingu, ef einhverjar eru.

5. Aðgangur að og notkun almennra fjarskiptaneta og -þjónustu.

a) Sérhver aðili skal sjá til þess að þjónustuveitandi frá öðrum aðila fái aðgang að og geti notað almenn fjarskiptanet og -þjónustu með eðlilegum skilmálum og skilyrðum og án mismununar til að hann geti veitt þá þjónustu sem er tilgreind í skrá aðilans. Þessi skylda tekur meðal annars til b- til f-liðar.[159]

b) Sérhver aðili skal sjá til þess að þjónustuveitendur frá öðrum aðilum fái aðgang að og geti notað öll almenn fjarskiptanet og -þjónustu sem í boði er innan landamæra og yfir landamæri þessa aðila, þar á meðal eru leigurásir einkaaðila, og skal í þessu skyni sjá til þess, með fyrirvara um e- og f-lið, að þessum þjónustuveitendum verði leyft:

i) að kaupa eða taka á leigu og tengja notendabúnað eða annan búnað sem er með skilfleti við netið og er nauðsynlegur til að þjónustuveitandi geti veitt þjónustu sína;

ii) að samtengja leigulínur eða línur í einkaeign við almenn fjarskiptanet og -þjónustu eða við leigurásir eða rásir í eigu annars þjónustuveitanda; og

iii) að nota samskiptareglur að vali þjónustuveitanda við veitingu allrar þjónustu, með þeim undantekningum sem eru nauðsynlegar til að tryggja aðgengi almennings að fjarskiptanetum og -þjónustu.

c) Sérhver aðili skal sjá til þess að þjónustuveitendur annarra aðila geti notað almenn fjarskiptanet og -þjónustu til að flytja upplýsingar innanlands og yfir landamæri, þar á meðal fjarskipti milli slíkra þjónustuveitenda, og til að fá aðgang að upplýsingum sem eru geymdar í gagnagrunnum eða á annan hátt í tölvutæku formi á yfirráðasvæði aðila. Tilkynna skal um allar nýjar eða breyttar ráðstafanir aðila sem hafa veruleg áhrif á slíka notkun og skal fjallað um þær í viðconditions applying to attachment of terminal or other equipment; and notifications, registration or licensing requirements, if any.

5. Access to and Use of Public Telecommunications Transport Networks and Services

(a) Each Member shall ensure that any service supplier of any other Member is accorded access to and use of public telecommunications transport networks and services on reasonable and non-discriminatory terms and conditions, for the supply of a service included in its Schedule. This obligation shall be applied, inter alia, through paragraphs (b) through (f).[159]

(b) Each Member shall ensure that service suppliers of any other Member have access to and use of any public telecommunications transport network or service offered within or across the border of that Member, including private leased circuits, and to this end shall ensure, subject to paragraphs (e) and (f), that such suppliers are permitted:

(i) to purchase or lease and attach terminal or other equipment which interfaces with the network and which is necessary to supply a supplier's services;

(ii) to interconnect private leased or owned circuits with public telecommunications transport networks and services or with circuits leased or owned by another service supplier; and

(iii) to use operating protocols of the service supplier's choice in the supply of any service, other than as necessary to ensure the availability of telecommunications transport networks and services to the public generally.

(c) Each Member shall ensure that service suppliers of any other Member may use public telecommunications transport networks and services for the movement of information within and across borders, including for intra-corporate communications of such service suppliers, and for access to information contained in data bases or otherwise stored in machine-readable form in the territory of any Member. Any new or amended measures of a Member significantly affecting such

ræðum í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins.

d) Þrátt fyrir undanfarandi málsgrein er aðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi og leynd upplýsinga, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt þannig að þær feli í sér sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun eða duldar hömlur á þjónustuviðskipti.

e) Sérhver aðili skal tryggja að ekki verði sett nein skilyrði um aðgang að eða notkun almennra fjarskiptaneta og -þjónustu nema það sé nauðsynlegt:

i) til að tryggja að þeir sem starfrækja almennu fjarskiptanetin og veita þjónustu geti rækt skyldur sínar á sviði almennrar þjónustu, einkum að því er varðar möguleika þeirra á því að veita almenningi aðgang að netum eða þjónustu;
ii) til að standa vörð um tæknilegt heildstæði almennra fjarskiptaneta eða -þjónustu; eða
iii) til að tryggja að þjónustuveitendur annars aðila veiti ekki þjónustu nema þeir hafi leyfi til þess samkvæmt skuldbindingum í skrá aðilans.

f) Skilyrði fyrir aðgangi að og notkun almennra fjarskiptaneta og -þjónustu getur falið í sér eftirfarandi, að því tilskildu að viðmiðunum í e-lið sé fullnægt:

i) takmarkanir á endursölu eða sameiginlegum notum slíkrar þjónustu;
ii) kröfu um að notaðir verði tilteknir tæknilegir skilfletir, þar á meðal samskiptareglur um skilfleti fyrir samtengingu við slík net og þjónustu;
iii) kröfur, ef þörf er á, um rekstrarsamhæfi slíkrar þjónustu og að hvatt verði til að markmiðunum, sem tilgreind eru í a-lið 7. mgr., verði náð;
iv) gerðarviðurkenningu notendabúnaðar eða annars búnaðar sem tengist netinu og tæknikröfur varðandi tengingu þessa búnaðar við slík net;

v) takmarkanir á samtengingu leigulína eða lína í einkaeign við slík net eða

use shall be notified and shall be subject to consultation, in accordance with relevant provisions of the Agreement.

(d) Notwithstanding the preceding paragraph, a Member may take such measures as are necessary to ensure the security and confidentiality of messages, subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on trade in services.

(e) Each Member shall ensure that no condition is imposed on access to and use of public telecommunications transport networks and services other than as necessary:
(i) to safeguard the public service responsibilities of suppliers of public telecommunications transport networks and services, in particular their ability to make their networks or services available to the public generally;
(ii) to protect the technical integrity of public telecommunications transport networks or services; or
(iii) to ensure that service suppliers of any other Member do not supply services unless permitted pursuant to commitments in the Member's Schedule.

(f) Provided that they satisfy the criteria set out in paragraph (e), conditions for access to and use of public telecommunications transport networks and services may include:
(i) restrictions on resale or shared use of such services;
(ii) a requirement to use specified technical interfaces, including interface protocols, for inter-connection with such networks and services;
(iii) requirements, where necessary, for the inter-operability of such services and to encourage the achievement of the goals set out in paragraph 7(a);
(iv) type approval of terminal or other equipment which interfaces with the network and technical requirements relating to the attachment of such equipment to such networks;
(v) restrictions on inter-connection of private leased or owned circuits with

þjónustu eða við línur sem annar þjónustuveitandi tekur á leigu eða á; eða

vi) tilkynningu, skráningu og leyfisveitingu.

g) Þrátt fyrir undanfarandi málsgreinar í þessum hluta er þróunaraðildarlandi heimilt, í samræmi við þróunarstig sitt, að setja sanngjörn skilyrði um aðgang að og notkun almennra fjarskiptaneta og -þjónustu sem eru nauðsynleg til að styrkja grunnvirki almennra fjarskiptaneta og þjónustugetu þeirra innanlands og auka þátttöku sína í alþjóðlegum viðskiptum á sviði fjarskiptaþjónustu. Slík skilyrði skulu tilgreind í skrá aðilans.

such networks or services or with circuits leased or owned by another service supplier; or

(vi) notification, registration and licensing.

(g) Notwithstanding the preceding paragraphs of this section, a developing country Member may, consistent with its level of development, place reasonable conditions on access to and use of public telecommunications transport networks and services necessary to strengthen its domestic telecommunications infrastructure and service capacity and to increase its participation in international trade in telecommunications services. Such conditions shall be specified in the Member's Schedule.

6. *Tæknisamvinna.*

a) Aðilar viðurkenna að mikilvægt sé að grunnvirki í fjarskiptum séu skilvirk og þróuð, einkum í þróunarlöndum, til að þjónustuviðskipti þeirra geti eflst. Í þessu skyni styðja og hvetja aðilar iðnríki og þróunarlönd og þá sem starfrækja þar almenn fjarskiptanet og veita þjónustu og aðrar stofnanir til að taka þátt í, í eins miklum mæli og unnt er, þróunaráætlunum alþjóðlegra stofnana og svæðastofnana, þar á meðal Alþjóðafjarskiptasambandsins, Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans til endurbyggingar og nýbyggingar.

b) Aðilar skulu hvetja til og styðja samvinnu þróunarlanda á sviði fjarskipta á alþjóðavettvangi eða á vettvangi sem takmarkast við svæði eða svæðahluta.

c) Í samvinnu við viðeigandi alþjóðastofnanir skulu aðilar sjá til þess, ef unnt er, að þróunarlönd hafi aðgang að upplýsingum um fjarskiptaþjónustu og þróun á sviði fjarskipta og upplýsingatækni til að aðstoða þau við eflingu þjónustu á sviði fjarskipta innanlands.

d) Aðilar skulu huga sérstaklega að möguleikum landanna, sem eru skemmst á veg komin í þróun, til að hvetja erlenda veitendur fjarskiptaþjónustu til að aðstoða

6. *Technical Cooperation*

(a) Members recognize that an efficient, advanced telecommunications infrastructure in countries, particularly developing countries, is essential to the expansion of their trade in services. To this end, Members endorse and encourage the participation, to the fullest extent practicable, of developed and developing countries and their suppliers of public telecommunications transport networks and services and other entities in the development programmes of international and regional organizations, including the International Telecommunication Union, the United Nations Development Programme, and the International Bank for Reconstruction and Development.

(b) Members shall encourage and support telecommunications cooperation among developing countries at the international, regional and sub-regional levels.

(c) In cooperation with relevant international organizations, Members shall make available, where practicable, to developing countries information with respect to telecommunications services and developments in telecommunications and information technology to assist in strengthening their domestic telecommunications services sector.

(d) Members shall give special consideration to opportunities for the least-developed countries to encourage foreign suppliers of telecommunications services to assist

þau við tæknimiðlun, þjálfun og aðra starfsemi sem stuðlar að þróun grunnvirkja þeirra á sviði fjarskipta og eflir viðskipti þeirra á sviði fjarskiptaþjónustu.

7. Tengsl við alþjóðastofnanir og -samninga.

a) Aðilar viðurkenna mikilvægi alþjóðastaðla fyrir hnattræna samræmingu og rekstrarsamhæfi fjarskiptaneta og -þjónustu og taka að sér að efla slíka staðla með starfsemi viðeigandi alþjóðastofnana, þar á meðal Alþjóðafjarskiptasambandsins og Alþjóðastaðlastofnunarinnar.

b) Aðilar viðurkenna það hlutverk sem milliríkjasamtök og -samningar og óopinber samtök og samningar gegna við að tryggja skilvirkan rekstur innlendrar og alþjóðlegrar fjarskiptaþjónustu, einkum Alþjóðafjarskiptasambandið. Aðilar skulu koma á viðeigandi fyrirkomulagi, ef við á, fyrir viðræður við slík samtök um mál sem koma upp vegna framkvæmdar þessa viðauka.

Viðauki um samningaviðræður um grunnfjarskipti.

1. Ákvæði II. gr. og viðaukinn um undanþágur frá II. gr., þar á meðal krafan um að skrá í viðaukann allar ráðstafanir sem brjóta í bága við bestukjarameðferð sem aðili viðheldur, öðlast ekki gildi fyrir grunnfjarskipti fyrr en:

a) á framkvæmdardegi sem verður ákveðinn skv. 5. mgr. ráðherraákvörðunar um samningaviðræður um grunnfjarskipti; eða
b) hafi samningaviðræður ekki skilað árangri skal miða við dagsetningu lokaskýrslu samningahópsins um grunnfjarskipti sem kveðið er á um í þeirri ákvörðun.

2. 1. mgr. gildir ekki um neina af þeim sérstöku skuldbindingum um grunnfjarskipti sem eru tilgreindar í skrá aðila.

in the transfer of technology, training and other activities that support the development of their telecommunications infrastructure and expansion of their telecommunications services trade.

7. Relation to International Organizations and Agreements

(a) Members recognize the importance of international standards for global compatibility and inter-operability of telecommunication networks and services and undertake to promote such standards through the work of relevant international bodies, including the International Telecommunication Union and the International Organization for Standardization.

(b) Members recognize the role played by intergovernmental and non-governmental organizations and agreements in ensuring the efficient operation of domestic and global telecommunications services, in particular the International Telecommunication Union. Members shall make appropriate arrangements, where relevant, for consultation with such organizations on matters arising from the implementation of this Annex.

Annex on Negotiations on Basic Telecommunications

1. Article II and the Annex on Article II Exemptions, including the requirement to list in the Annex any measure inconsistent with most-favoured-nation treatment that a Member will maintain, shall enter into force for basic telecommunications only on:

(a) the implementation date to be determined under paragraph 5 of the Ministerial Decision on Negotiations on Basic Telecommunications; or,
(b) should the negotiations not succeed, the date of the final report of the Negotiating Group on Basic Telecommunications provided for in that Decision.

2. Paragraph 1 shall not apply to any specific commitment on basic telecommunications which is inscribed in a Member's Schedule.

1. VIÐAUKI C: SAMNINGUR UM HUGVERKARÉTT Í VIÐSKIPTUM

I. HLUTI ALMENN ÁKVÆÐI OG GRUNDVALLARREGLUR

II. HLUTI STAÐLAR UM HUGVERKARÉTT, GILDISSVIÐ HANS OG NOTKUN

1. Höfundarréttur og skyld réttindi.
2. Vörumerki.
3. Landfræðilegar merkingar.
4. Iðnhönnun.
5. Einkaleyfi.
6. Formhönnun (svæðislýsingar) smárása.
7. Vernd trúnaðarupplýsinga.
8. Eftirlit með samkeppnishamlandi starfsháttum í tengslum við samningsbundin nytjaleyfi.

III. HLUTI FULLNUSTA HUGVERKARÉTTAR

1. Almennar skyldur.
2. Málsmeðferð og úrræði í einkamálum og stjórnvaldsaðgerðir.
3. Bráðabirgðaráðstafanir.
4. Sérstakar kröfur í tengslum við ráðstafanir á landamærum.
5. Málsmeðferð í refsimálum.

IV. HLUTI ÖFLUN OG VIÐHALD HUGVERKARÉTTAR OG SKYLD MÁLSMEÐFERÐ

V. HLUTI MÁLSMEÐFERÐ TIL AÐ FYRIRBYGGJA OG LEYSA DEILUMÁL

VI. HLUTI AÐLÖGUNARFYRIRKOMULAG

VII. HLUTI STOFNANAÁKVÆÐI; LOKAÁKVÆÐI

ANNEX 1C AGREEMENT ON TRADE-RELATED ASPECTS OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

PART I GENERAL PROVISIONS AND BASIC PRINCIPLES

PART II STANDARDS CONCERNING THE AVAILABILITY, SCOPE AND USE OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

1. Copyright and Related Rights
2. Trademarks
3. Geographical Indications
4. Industrial Designs
5. Patents
6. Layout-Designs (Topographies) of Integrated Circuits
7. Protection of Undisclosed Information
8. Control of Anti-Competitive Practices in Contractual Licences

PART III ENFORCEMENT OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

1. General Obligations
2. Civil and Administrative Procedures and Remedies
3. Provisional Measures
4. Special Requirements Related to Border Measures
5. Criminal Procedures

PART IV ACQUISITION AND MAINTENANCE OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS AND RELATED INTER PARTES PROCEDURES

PART V DISPUTE PREVENTION AND SETTLEMENT

PART VI TRANSITIONAL ARRANGEMENTS

PART VII INSTITUTIONAL ARRANGEMENTS; FINAL PROVISIONS

1. VIÐAUKI C: SAMNINGUR UM HUGVERKARÉTT Í VIÐSKIPTUM

Aðilar,

sem æskja þess að draga úr röskun og hindrunum í alþjóðaviðskiptum, með hliðsjón af nauðsyn þess að stuðla að haldgóðri og fullnægjandi vernd hugverkaréttar, og tryggja að ráðstafanir og málsmeðferð við fullnustu hugverkaréttar hindri ekki lögmæt viðskipti,

sem viðurkenna að í þessu skyni er þörf á nýjum reglum og verklagsreglum varðandi:

a) beitingu grundvallarreglna GATT-samningsins frá 1994 og viðkomandi alþjóðasamninga eða sáttmála um hugverk;

b) setningu viðeigandi staðla og meginreglna um hvernig hægt sé að öðlast hugverkarétt í viðskiptum, gildissvið hans og notkun;

c) skilvirkar og heppilegar leiðir til fullnustu hugverkaréttar í viðskiptum, með tilliti til ólíkra réttarkerfa eftir löndum;

d) skilvirka og skjótvirka málsmeðferð til að fyrirbyggja og leysa deilumál milli stjórnvalda á alþjóðavettvangi; og

e) aðlögunarfyrirkomulag sem miðar að því að sem flestir geti tekið þátt í að móta niðurstöður samningaviðræðnanna;

sem viðurkenna að þörf er á marghliða ramma meginreglna, verklagsreglna og annarra reglna um alþjóðaviðskipti með sviknar vörur,

sem viðurkenna hugverkarétt sem einkarétt,

sem viðurkenna stefnumið hins opinbera sem innlendar reglur um vernd hugverkaréttar byggjast á, þar með talin markmið er varða þróun og tækni,

sem viðurkenna sérstaka þörf þeirra aðildarlanda, sem eru skemmst á veg komin í þróun, fyrir mesta mögulegan sveigjanleika þegar lögum og reglum er framfylgt innanlands til að geta skapað sér traustan og lífvænlegan tæknigrundvöll,

sem leggja áherslu á mikilvægi þess að draga úr spennu með auknum skuldbindingum um að leysa deilur um hugverk í viðskiptum með marghliða málsmeðferð,

ANNEX 1C AGREEMENT ON TRADE-RELATED ASPECTS OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

Members,

Desiring to reduce distortions and impediments to international trade, and taking into account the need to promote effective and adequate protection of intellectual property rights, and to ensure that measures and procedures to enforce intellectual property rights do not themselves become barriers to legitimate trade;

Recognizing, to this end, the need for new rules and disciplines concerning:

(a) the applicability of the basic principles of GATT 1994 and of relevant international intellectual property agreements or conventions;

(b) the provision of adequate standards and principles concerning the availability, scope and use of trade-related intellectual property rights;

(c) the provision of effective and appropriate means for the enforcement of trade-related intellectual property rights, taking into account differences in national legal systems;

(d) the provision of effective and expeditious procedures for the multilateral prevention and settlement of disputes between governments: and

(e) transitional arrangements aiming at the fullest participation in the results of the negotiations;

Recognizing the need for a multilateral framework of principles, rules and disciplines dealing with international trade in counterfeit goods;

Recognizing that intellectual property rights are private rights;

Recognizing the underlying public policy objectives of national systems for the protection of intellectual property, including developmental and technological objectives;

Recognizing also the special needs of the least-developed country Members in respect of maximum flexibility in the domestic implementation of laws and regulations in order to enable them to create a sound and viable technological base;

Emphasizing the importance of reducing tensions by reaching strengthened commitments to resolve disputes on trade-related intellectual property issues through multilateral procedures;

sem æskja þess að komið verði á sambandi um gagnkvæman stuðning milli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og Alþjóðahugverkastofnunarinnar svo og annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI OG GRUNDVALLARREGLUR

1. gr.
Eðli og umfang skyldna.

1. Aðilar skulu hrinda ákvæðum þessa samnings í framkvæmd. Aðilum er heimilt, en ekki skylt, að setja lög um víðtækari vernd en kveðið er á um með þessum samningi, að því tilskildu að slík vernd brjóti ekki í bága við ákvæði þessa samnings. Aðilum skal vera frjálst að ákvarða heppilega aðferð við að koma ákvæðum þessa samnings í framkvæmd í samræmi við eigin réttarkerfi og venjur.

2. Í þessum samningi vísar hugtakið „hugverk" til allra flokka hugverka sem fjallað er um í 1.-7. þætti II. hluta.

3. Aðilar skulu veita ríkisborgurum annarra aðila[160] þá meðferð sem kveðið er á um í þessum samningi. Að því er viðkomandi hugverkarétt varðar ber að líta á ríkisborgara annarra aðila sem einstaklinga eða lögpersónur er uppfylla skilyrði um rétt til verndar samkvæmt Parísarsamningnum (1967), Bernarsáttmálanum (1971), Rómarsamningnum og samningnum um hugverk er varða samrásir, ef allir aðilar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru aðilar að þessum samningum.[161] Aðili, sem nýtir sér möguleika, sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. eða 2. mgr. 6. gr. Rómarsamningsins, skal senda tilkynningu, eins og gert er ráð fyrir í þessum ákvæðum, til ráðsins um hugverkarétt í viðskiptum („hugverkaréttarráðsins").

2. gr.
Samningar um hugverk.

1. Að því er varðar II., III. og IV. hluta þessa samnings skulu aðilar hlíta ákvæðum 1.-12. gr. og 19. gr. Parísarsamningsins (1967).

2. Með I.–IV. hluta þessa samnings skal í engu vikið frá skyldum sem aðilar kunna að hafa hver

Desiring to establish a mutually supportive relationship between the WTO and the World Intellectual Property Organization (referred to in this Agreement as "WIPO") as well as other relevant international organizations;

Hereby agree as follows:

PART I
GENERAL PROVISIONS AND BASIC PRINCIPLES

Article 1
Nature and Scope of Obligations

1. Members shall give effect to the provisions of this Agreement. Members may, but shall not be obliged to, implement in their law more extensive protection than is required by this Agreement, provided that such protection does not contravene the provisions of this Agreement. Members shall be free to determine the appropriate method of implementing the provisions of this Agreement within their own legal system and practice.

2. For the purposes of this Agreement, the term "intellectual property" refers to all categories of intellectual property that are the subject of Sections 1 through 7 of Part II.

3. Members shall accord the treatment provided for in this Agreement to the nationals of other Members.[160] In respect of the relevant intellectual property right, the nationals of other Members shall be understood as those natural or legal persons that would meet the criteria for eligibility for protection provided for in the Paris Convention (1967), the Berne Convention (1971), the Rome Convention and the Treaty on Intellectual Property in Respect of Integrated Circuits, were all Members of the WTO members of those Conventions.[161] Any Member availing itself of the possibilities provided in paragraph 3 of Article 5 or paragraph 2 of Article 6 of the Rome Convention shall make a notification as foreseen in those provisions to the Council for Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (the "Council for TRIPS").

Article 2
Intellectual Property Conventions

1. In respect of Parts II, III and IV of this Agreement, Members shall comply with Articles 1 through 12, and Article 19, of the Paris Convention (1967).

2. Nothing in Parts I to IV of this Agreement shall derogate from existing obligations that

gagnvart öðrum samkvæmt Parísarsamningnum, Bernarsáttmálanum, Rómarsamningnum og samningnum um hugverk er varða samrásir.

3. gr.
Innlend meðferð.

1. Sérhver aðili skal veita ríkisborgurum annarra aðila eigi óhagstæðari meðferð en hans eigin ríkisborgarar njóta með tilliti til verndar[162] á hugverkum, með fyrirvara um undantekningar sem þegar hefur verið kveðið á um í Parísarsamningnum (1967), Bernarsáttmálanum (1971), Rómarsamningnum eða samningnum um hugverk er varða samrásir. Fyrir listflytjendur, framleiðendur hljóðrita og útvarps- og sjónvarpsstöðvar gildir þessi skylda eingöngu að því er varðar réttindi sem kveðið er á um í þessum samningi. Aðili, sem nýtir sér möguleika sem kveðið er á um í 6. gr. Bernarsáttmálans (1971) eða í b-lið 1. mgr. 16. gr. Rómarsamningsins, skal tilkynna hugverkaréttarráðinu um það, eins og gert er ráð fyrir í þeim ákvæðum.

2. Aðilar mega einungis nýta sér undantekningar sem eru leyfðar samkvæmt 1. mgr. í tengslum við laga- og stjórnsýslumeðferð, þar með talið að tilnefna þjónustuaðila eða umboðsmann innan lögsögu aðila, ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að lögum og reglum sem samrýmast ákvæðum þessa samnings og slíkum reglum er ekki beitt á þann hátt sem telst vera duldar viðskiptahindranir.

4. gr.
Bestukjarameðferð.

Hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi, sem aðili veitir ríkisborgurum annars lands að því er varðar vernd hugverka, skal þegar í stað og skilyrðislaust veita ríkisborgurum allra hinna aðilanna. Undanþegið frá þessari skyldu er hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi sem aðili veitir:

a) á grundvelli alþjóðasamninga um lagalega aðstoð eða fullnustu laga sem eru almenns eðlis og takmarkast ekki sérstaklega við vernd hugverka;

b) í samræmi við ákvæði Bernarsáttmálans (1971) eða Rómarsamningsins er heimila

Members may have to each other under the Paris Convention, the Berne Convention, the Rome Convention and the Treaty on Intellectual Property in Respect of Integrated Circuits.

Article 3
National Treatment

1. Each Member shall accord to the nationals of other Members treatment no less favourable than that it accords to its own nationals with regard to the protection[162] of intellectual property, subject to the exceptions already provided in, respectively, the Paris Convention (1967), the Berne Convention (1971), the Rome Convention or the Treaty on Intellectual Property in Respect of Integrated Circuits. In respect of performers, producers of phonograms and broadcasting organizations, this obligation only applies in respect of the rights provided under this Agreement. Any Member availing itself of the possibilities provided in Article 6 of the Berne Convention (1971) or paragraph 1(b) of Article 16 of the Rome Convention shall make a notification as foreseen in those provisions to the Council for TRIPS.

2. Members may avail themselves of the exceptions permitted under paragraph 1 in relation to judicial and administrative procedures, including the designation of an address for service or the appointment of an agent within the jurisdiction of a Member, only where such exceptions are necessary to secure compliance with laws and regulations which are not inconsistent with the provisions of this Agreement and where such practices are not applied in a manner which would constitute a disguised restriction on trade.

Article 4
Most-Favoured-Nation Treatment

With regard to the protection of intellectual property, any advantage, favour, privilege or immunity granted by a Member to the nationals of any other country shall be accorded immediately and unconditionally to the nationals of all other Members. Exempted from this obligation are any advantage, favour, privilege or immunity accorded by a Member:

(a) deriving from international agreements on judicial assistance or law enforcement of a general nature and not particularly confined to the protection of intellectual property;

(b) granted in accordance with the provisions of the Berne Convention (1971) or the

að meðferð miðist ekki við innlenda meðferð heldur meðferð sem er veitt í öðru landi;

c) að því er varðar réttindi listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarps- og sjónvarpsstöðva sem ekki er kveðið á um í þessum samningi;
d) á grundvelli alþjóðasamninga í tengslum við vernd hugverka sem öðluðust gildi fyrir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, að því tilskildu að slíkir samningar hafi verið tilkynntir til hugverkaréttarráðsins og í þeim felist ekki geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun gagnvart ríkisborgurum annarra aðila.

5. gr.
Marghliða samningar um öflun eða viðhald verndar.

Skyldur skv. 3. og 4. gr. eiga ekki við um málsmeðferð sem kveðið er á um í marghliða samningum, gerðum á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar, er varða öflun eða viðhald hugverkaréttar.

6. gr.
Réttindaþurrð.

Að því er varðar lausn deilumála samkvæmt þessum samningi skal ekkert í þessum samningi vera grundvöllur umfjöllunar um tæmingu hugverkaréttar, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr.

7. gr.
Markmið.

Vernd og fullnusta hugverkaréttar ætti að ýta undir tækninýjungar um miðlun og útbreiðslu á tækni á þann hátt er nýtist bæði framleiðendum og notendum tækniþekkingar og stuðlar að félagslegri og efnahagslegri velferð og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

8. gr.
Meginreglur.

1. Aðilum er heimilt, þegar þeir semja eða breyta lögum sínum og reglum, að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði og fæðu manna og til að efla áhuga almennings á sviðum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir hagfélagslega og tæknilega þróun í löndum þeirra, að

Rome Convention authorizing that the treatment accorded be a function not of national treatment but of the treatment accorded in another country;
(c) in respect of the rights of performers, producers of phonograms and broadcasting organizations not provided under this Agreement;
(d) deriving from international agreements related to the protection of intellectual property which entered into force prior to the entry into force of the WTO Agreement, provided that such agreements are notified to the Council for TRIPS and do not constitute an arbitrary or unjustifiable discrimination against nationals of other Members.

Article 5
Multilateral Agreements on Acquisition or Maintenance of Protection

The obligations under Articles 3 and 4 do not apply to procedures provided in multilateral agreements concluded under the auspices of WIPO relating to the acquisition or maintenance of intellectual property rights.

Article 6
Exhaustion

For the purposes of dispute settlement under this Agreement, subject to the provisions of Articles 3 and 4 nothing in this Agreement shall be used to address the issue of the exhaustion of intellectual property rights.

Article 7
Objectives

The protection and enforcement of intellectual property rights should contribute to the promotion of technological innovation and to the transfer and dissemination of technology, to the mutual advantage of producers and users of technological knowledge and in a manner conducive to social and economic welfare, and to a balance of rights and obligations.

Article 8
Principles

1. Members may, in formulating or amending their laws and regulations, adopt measures necessary to protect public health and nutrition, and to promote the public interest in sectors of vital importance to their socio-economic and technological development, provided that such mea-

því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist ákvæðum þessa samnings.
2. Nauðsynlegt getur verið að gera viðeigandi ráðstafanir, að því tilskildu að þær samrýmist ákvæðum þessa samnings, til að koma í veg fyrir að rétthafar misbeiti hugverkarétti eða til að koma í veg fyrir starfshætti sem hamla viðskiptum á óeðlilegan hátt eða hafa skaðleg áhrif á miðlun tækni milli landa.

II. HLUTI
STAÐLAR UM HUGVERKARÉTT, GILDISSVIÐ HANS OG NOTKUN
1. þáttur: Höfundarréttur og skyld réttindi.

9. gr.

Tengsl við Bernarsáttmálann.

1. Aðilar skulu fara að ákvæðum 1.–21. gr. Bernarsáttmálans (1971) og ákvæðum í viðauka við hann. Aðilar hafa þó ekki réttindi eða skyldur samkvæmt þessum samningi að því er varðar réttindi sem eru veitt skv. 6. gr. a í Bernarsáttmálanum eða réttindi sem eiga rætur að rekja til hans.
2. Vernd höfundarréttar skal taka til framsetningar en ekki til hugmynda, málsmeðferðar, starfsaðferða eða stærðfræðihugtaka sem slíkra.

10. gr.

Tölvuforrit og gagnasöfnun.

1. Tölvuforrit, hvort sem um er að ræða frumkóða eða viðfangskóða, skal vernda á sama hátt og bókmenntaverk samkvæmt Bernarsáttmálanum (1971).
2. Söfn gagna eða annars efnis, hvort heldur er á tölvutæku eða öðru formi, sem teljast til hugverka sökum efnisvals eða niðurröðunar efnis, skal vernda sem slík. Slík vernd, sem skal ekki taka til sjálfra gagnanna eða sjálfs efnisins, skal ekki hafa áhrif á höfundarrétt er kann að fylgja sjálfum gögnunum eða sjálfu efninu.

11. gr.

Leiguréttur.

Aðilar skulu, að minnsta kosti að því er varðar tölvuforrit og kvikmyndaverk, veita höfundum og síðari handhöfum réttinda rétt til að heimila eða banna leigu til almennings í ábataskyni á frumritum eða afritum verka sinna sem höfundarréttur er á. Aðili skal vera undanþeginn þessari skyldu að því er varðar kvikmyndaverk nema slík leiga hafi leitt til almennrar fjölföldunar slíkra verka er skaðar verulega einkarétt til fjölföldunar sem sá aðili veitir höfundum og síðari

sures are consistent with the provisions of this Agreement.
2. Appropriate measures, provided that they are consistent with the provisions of this Agreement, may be needed to prevent the abuse of intellectual property rights by right holders or the resort to practices which unreasonably restrain trade or adversely affect the international transfer of technology.

PART II
STANDARDS CONCERNING THE AVAILABILITY, SCOPE AND USE OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS
Section 1: Copyright and Related Rights

Article 9

Relation to the Berne Convention

1. Members shall comply with Articles 1 through 21 of the Berne Convention (1971) and the Appendix thereto. However, Members shall not have rights or obligations under this Agreement in respect of the rights conferred under Article 6*bis* of that Convention or of the rights derived therefrom.
2. Copyright protection shall extend to expressions and not to ideas, procedures, methods of operation or mathematical concepts as such.

Article 10

Computer Programs and Compilations of Data

1. Computer programs, whether in source or object code, shall be protected as literary works under the Berne Convention (1971).

2. Compilations of data or other material, whether in machine readable or other form, which by reason of the selection or arrangement of their contents constitute intellectual creations shall be protected as such. Such protection, which shall not extend to the data or material itself, shall be without prejudice to any copyright subsisting in the data or material itself.

Article 11

Rental Rights

In respect of at least computer programs and cinematographic works, a Member shall provide authors and their successors in title the right to authorize or to prohibit the commercial rental to the public of originals or copies of their copyright works. A Member shall be excepted from this obligation in respect of cinematographic works unless such rental has led to widespread copying of such works which is materially impairing the exclusive right of reproduction conferred in that Member on authors and their suc-

handhöfum réttinda þeirra. Að því er varðar tölvuforrit gildir þessi skylda ekki um leigu ef það er ekki fyrst og fremst forritið sjálft sem er leigt út.

12. gr.
Gildistími verndar.

Þegar gildistími verndar vegna verks, annars en ljósmyndaverks eða nytjalistar, er reiknaður út á öðrum forsendum en ævi einstaklings skal hann ekki vera skemmri en 50 ár frá lokum almanaksárs hinnar heimiluðu útgáfu eða, ef ekki er um slíka heimilaða útgáfu að ræða innan 50 ára frá því að verkið er búið til, 50 ár frá lokum þess almanaksárs þegar verkið er búið til.

13. gr.
Takmarkanir og undantekningar.

Aðilar skulu einskorða takmarkanir á einkarétti eða undantekningar frá honum við sérstök tilvik sem stangast ekki á við eðlilega nýtingu verks og skaða ekki í óeðlilegum mæli réttmæta hagsmuni rétthafa.

14. gr.
Vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita (hljóðritana) og útvarps- og sjónvarpsstöðva.

1. Listflytjendur skulu, að því er varðar hljóðupptöku á flutningi þeirra, eiga þess kost að koma í veg fyrir að eftirfarandi eigi sér stað án heimildar þeirra: upptaka á listflutningi þeirra, sem ekki hefur áður verið tekinn upp, og fjölföldun slíkrar upptöku. Listflytjendur skulu enn fremur eiga kost á að koma í veg fyrir að eftirfarandi eigi sér stað án heimildar þeirra: þráðlaus útsending og bein útsending til almennings frá listflutningi þeirra.
2. Framleiðendur hljóðrita hafa rétt til að heimila eða banna beina eða óbeina fjölföldun á hljóðritum þeirra.
3. Útvarps- og sjónvarpsstöðvar hafa rétt til að banna að eftirfarandi eigi sér stað án heimildar þeirra: upptaka, fjölföldun á upptökum og þráðlaust endurvarp á útsendingum og sjónvarpssendingar sama efnis til almennings. Veiti aðilar útvarps- og sjónvarpsstöðvum ekki slík réttindi skulu þeir gefa eigendum höfundarréttar að útsendu efni kost á að koma í veg fyrir áðurnefnt athæfi, með fyrirvara um ákvæði Bernarsáttmálans (1971).

cessors in title. In respect of computer programs, this obligation does not apply to rentals where the program itself is not the essential object of the rental.

Article 12
Term of Protection

Whenever the term of protection of a work, other than a photographic work or a work of applied art, is calculated on a basis other than the life of a natural person, such term shall be no less than 50 years from the end of the calendar year of authorized publication, or, failing such authorized publication within 50 years from the making of the work, 50 years from the end of the calendar year of making.

Article 13
Limitations and Exceptions

Members shall confine limitations or exceptions to exclusive rights to certain special cases which do not conflict with a normal exploitation of the work and do not unreasonably prejudice the legitimate interests of the right holder.

Article 14
Protection of Performers, Producers of Phonograms (Sound Recordings) and Broadcasting Organizations

1. In respect of a fixation of their performance on a phonogram, performers shall have the possibility of preventing the following acts when undertaken without their authorization: the fixation of their unfixed performance and the reproduction of such fixation. Performers shall also have the possibility of preventing the following acts when undertaken without their authorization: the broadcasting by wireless means and the communication to the public of their live performance.
2. Producers of phonograms shall enjoy the right to authorize or prohibit the direct or indirect reproduction of their phonograms.
3. Broadcasting organizations shall have the right to prohibit the following acts when undertaken without their authorization: the fixation, the reproduction of fixations, and the rebroadcasting by wireless means of broadcasts, as well as the communication to the public of television broadcasts of the same. Where Members do not grant such rights to broadcasting organizations, they shall provide owners of copyright in the subject matter of broadcasts with the possibility of preventing the above acts, subject to the provisions of the Berne Convention (1971).

4. Ákvæði 11. gr. skulu, að því er varðar tölvuforrit, gilda að breyttu breytanda um framleiðendur hljóðrita og aðra rétthafa hljóðrita eftir því sem segir í lögum aðila. Ef kerfi yfir sanngjarna þóknun til rétthafa fyrir leigu hljóðrita er í gildi hjá aðila 15. apríl 1994, getur hann viðhaldið slíku kerfi, að því tilskildu að leiga hljóðrita í ábataskyni skerði ekki að verulegu leyti einkarétt rétthafa til fjölföldunar.

5. Gildistíma verndar, sem listflytjendur og framleiðendur hljóðrita njóta samkvæmt þessum samningi, lýkur ekki fyrr en að minnsta kosti 50 ár eru liðin frá lokum þess almanaksárs er upptakan eða listflutningurinn átti sér stað. Gildistíma verndar á grundvelli 3. mgr. lýkur ekki fyrr en að minnsta kosti 20 ár eru liðin frá lokum þess almanaksárs er útsendingin átti sér stað.

6. Aðila er heimilt, með hliðsjón af réttindum skv. 1., 2. og 3. mgr., að kveða á um skilyrði, takmarkanir, undantekningar og fyrirvara eftir því sem Rómarsamningurinn leyfir. Ákvæði 18. gr. Bernarsáttmálans (1971) skulu þó einnig gilda að breyttu breytanda um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita að því er hljóðritanir varðar.

4. The provisions of Article 11 in respect of computer programs shall apply *mutatis mutandis* to producers of phonograms and any other right holders in phonograms as determined in a Member's law. If on 15 April 1994 a Member has in force a system of equitable remuneration of right holders in respect of the rental of phonograms, it may maintain such system provided that the commercial rental of phonograms is not giving rise to the material impairment of the exclusive rights of reproduction of right holders.

5. The term of the protection available under this Agreement to performers and producers of phonograms shall last at least until the end of a period of 50 years computed from the end of the calendar year in which the fixation was made or the performance took place. The term of protection granted pursuant to paragraph 3 shall last for at least 20 years from the end of the calendar year in which the broadcast took place.

6. Any Member may, in relation to the rights conferred under paragraphs 1, 2 and 3, provide for conditions, limitations, exceptions and reservations to the extent permitted by the Rome Convention. However, the provisions of Article 18 of the Berne Convention (1971) shall also apply, *mutatis mutandis*, to the rights of performers and producers of phonograms in phonograms.

2. þáttur: Vörumerki.

15. gr.

Efni sem nýtur verndar.

1. Vörumerki geta verið hvers konar tákn eða samsetning tákna sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum eða þjónustu annarra fyrirtækja. Slík tákn, einkum orð sem í eru mannanöfn, bókstafir, tölustafir, myndeiningar og litasamsetningar og samsetningar slíkra tákna, skal vera unnt að skrá sem vörumerki. Ef tákn eru ekki til þess fallin að greina milli vara eða þjónustu geta aðilar ákveðið að skráningarhæfi fari eftir aðgreiningarhæfi sem hefur áunnist við notkun. Aðilar geta sett það skilyrði fyrir skráningu að tákn séu sýnileg.

2. Ekki ber að líta svo á að ákvæði 1. mgr. komi í veg fyrir að aðili geti neitað skráningu vöru-

Section 2: Trademarks

Article 15

Protectable Subject Matter

1. Any sign, or any combination of signs, capable of distinguishing the goods or services of one undertaking from those of other undertakings, shall be capable of constituting a trademark. Such signs, in particular words including personal names, letters, numerals, figurative elements and combinations of colours as well as any combination of such signs, shall be eligible for registration as trademarks. Where signs are not inherently capable of distinguishing the relevant goods or services, Members may make registrability depend on distinctiveness acquired through use. Members may require, as a condition of registration, that signs be visually perceptible.

2. Paragraph 1 shall not be understood to prevent a Member from denying registration of a

merkis af öðrum ástæðum, að því tilskildu að þessar ástæður fari ekki í bága við ákvæði Parísarsamningsins (1967).
3. Aðilum er heimilt að láta skráningarhæfi byggjast á notkun. Raunveruleg notkun vörumerkis skal þó ekki vera skilyrði fyrir því að unnt sé að leggja fram umsókn um skráningu. Ekki má hafna umsókn eingöngu vegna þess að fyrirhuguð notkun hefur ekki átt sér stað innan þriggja ára frá umsóknardegi.
4. Eiginleikar vöru eða þjónustu, sem vörumerki á að standa fyrir, skulu í engu tilviki vera hindrun í vegi fyrir skráningu vörumerkisins.
5. Aðilar skulu birta sérhvert vörumerki áður en það er skráð eða þegar í stað að skráningu lokinni og veita sanngjarnt tækifæri til að leggja fram beiðni um ógildingu skráningar. Þar að auki er aðilum heimilt að gefa kost á andmælum gegn skráningu vörumerkis.

16. gr.
Réttindi.

1. Eigandi skráðs vörumerkis hefur einkarétt á að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem ekki hafa til þess samþykki eiganda, noti merki sem eru sams konar eða svipuð og skráð vörumerki, í viðskiptum með sams konar eða svipaða vöru eða þjónustu og vörumerkið er skráð fyrir, ef slíkri notkun fylgir hætta á ruglingi. Við notkun sams konar merkis fyrir sams konar vörur eða þjónustu skal gera ráð fyrir að hætta sé á ruglingi. Réttindin, sem er lýst hér að framan, hafa ekki áhrif á réttindi sem fyrir eru né á möguleika aðila til að veita réttindi á grundvelli notkunar.

2. Ákvæði 6. gr. a í Parísarsamningnum (1967) gildir að breyttu breytanda um þjónustu. Við ákvörðun á því hvort vörumerki er vel þekkt skulu aðilar taka tillit til þess hvort það er vel þekkt á viðkomandi sviði, meðal annars hvort það er þekkt hjá hlutaðeigandi aðila vegna kynningar á vörumerkinu þar.

3. Ákvæði 6. gr. a í Parísarsamningnum (1967) gilda að breyttu breytanda um vöru eða þjónustu sem er ekki svipuð þeirri sem vörumerkið er skráð fyrir, að því tilskildu að notkun þess vörumerkis í sambandi við þá vöru eða þjónustu bendi til tengsla milli þessarar vöru eða þjón-

trademark on other grounds, provided that they do not derogate from the provisions of the Paris Convention (1967).
2. Aðilar skulu tilkynna lög og reglur sem um getur í 1. mgr. til hugverkaréttarráðsins með það fyrir augum að vera því ráði innan handar við endurskoðun á framkvæmd þessa samnings. Ráðið skal leitast við að auðvelda aðila að rækja þessa skyldu og getur tekið ákvörðun um að fella niður skylduna um að tilkynna slík lög og reglur beint til ráðsins svo framarlega sem samkomulag næst við Alþjóðahugverkastofnunina um gerð sameiginlegrar skrár yfir þessi lög og reglur. Ráðið skal í þessu sambandi einnig íhuga hvort nauðsynlegt sé að gera einhverjar ráðstafanir varðandi tilkynningar vegna skyldna samkvæmt þessum samningi sem grundvallast á ákvæðum 6. gr. Parísarsamningsins (1967).

3. Sérhver aðili skal fúslega veita upplýsingar af því tagi sem um getur í 1. mgr., sem svar við skriflegri beiðni annars aðila. Einnig getur aðili, sem hefur ástæðu til að ætla að sérstök dómsniðurstaða eða stjórnsýsluúrskurður eða tvíhliða samningur á sviði hugverkaréttar hafi áhrif á réttindi hans samkvæmt þessum samningi, lagt fram skriflega beiðni um aðgang að eða nægilega nákvæmar upplýsingar um slíkar dómsniðurstöður eða stjórnsýsluúrskurði eða tvíhliða samninga.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. leggja aðilum ekki þær skyldur á herðar að láta í té trúnaðarupplýsingar ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

PART V
DISPUTE PREVENTION AND SETTLEMENT

Article 63
Transparency

1. Laws and regulations, and final judicial decisions and administrative rulings of general application, made effective by a Member pertaining to the subject matter of this Agreement (the availability, scope, acquisition, enforcement and prevention of the abuse of intellectual property rights) shall be published, or where such publication is not practicable made publicly available, in a national language, in such a manner as to enable governments and right holders to become acquainted with them. Agreements concerning the subject matter of this Agreement which are in force between the government or a governmental agency of a Member and the government or a governmental agency of another Member shall also be published.

2. Members shall notify the laws and regulations referred to in paragraph 1 to the Council for TRIPS in order to assist that Council in its review of the operation of this Agreement. The Council shall attempt to minimize the burden on Members in carrying out this obligation and may decide to waive the obligation to notify such laws and regulations directly to the Council if consultations with WIPO on the establishment of a common register containing these laws and regulations are successful. The Council shall also consider in this connection any action required regarding notifications pursuant to the obligations under this Agreement stemming from the provisions of Article 6*ter* of the Paris Convention (1967).

3. Each Member shall be prepared to supply, in response to a written request from another Member, information of the sort referred to in paragraph 1. A Member, having reason to believe that a specific judicial decision or administrative ruling or bilateral agreement in the area of intellectual property rights affects its rights under this Agreement, may also request in writing to be given access to or be informed in sufficient detail of such specific judicial decisions or administrative rulings or bilateral agreements.

4. Nothing in paragraphs 1, 2 and 3 shall require Members to disclose confidential information which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

64. gr.
Lausn deilumála.

1. Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulagi um lausn deilumála, skulu gilda um viðræður og lausn deilumála á grundvelli þessa samnings nema annað sé tekið fram í honum.
2. Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda ekki um lausn deilumála á grundvelli þessa samnings í fimm ár frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
3. Á því tímabili sem um getur í 2. mgr. skal hugverkaréttarráðið kanna umfang og reglur að því er varðar kærur annarrar tegundar sem fjallað er um í b- og c-lið 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og lagðar eru fram samkvæmt þessum samningi og leggja tilmæli sín fyrir ráðherrastefnuna til samþykkis. Ákvarðanir ráðherrastefnunnar um að samþykkja slík tilmæli eða lengja tímabilið, sem um getur í 2. mgr., skulu eingöngu teknar með einróma samþykki og staðfest tilmæli skulu öðlast gildi fyrir alla aðila án frekara formlegs staðfestingarferlis.

Article 64
Dispute Settlement

1. The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding shall apply to consultations and the settlement of disputes under this Agreement except as otherwise specifically provided herein.
2. Subparagraphs 1(b) and 1(c) of Article XXIII of GATT 1994 shall not apply to the settlement of disputes under this Agreement for a period of five years from the date of entry into force of the WTO Agreement.
3. During the time period referred to in paragraph 2, the Council for TRIPS shall examine the scope and modalities for complaints of the type provided for under subparagraphs 1(b) and 1(c) of Article XXIII of GATT 1994 made pursuant to this Agreement, and submit its recommendations to the Ministerial Conference for approval. Any decision of the Ministerial Conference to approve such recommendations or to extend the period in paragraph 2 shall be made only by consensus, and approved recommendations shall be effective for all Members without further formal acceptance process.

VI. HLUTI
AÐLÖGUNARFYRIRKOMULAG

65. gr.
Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr. er engum aðila skylt að beita ákvæðum þessa samnings fyrr en almennur frestur, sem er eitt ár frá gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, er runninn út.
2. Aðili sem er þróunarland (hér eftir nefndur „þróunaraðildarland“) á rétt á að fresta gildistökudegi ákvæða þessa samnings, eins og um getur í 1. mgr., um fjögur ár til viðbótar, að undanskildum ákvæðum 3., 4. og 5. gr.
3. Aðrir aðilar, sem eru að skipta úr miðstýrðu efnahagskerfi yfir í frjálst markaðskerfi og gera skipulagsbreytingar á hugverkaréttarkerfi sínu og standa frammi fyrir sérstökum vandamálum við undirbúning og framkvæmd laga og reglna um hugverkarétt, geta einnig notið góðs af framlengingu frests sem gert er ráð fyrir í 2. mgr.

4. Þróunaraðildarlandi er með þessum samningi gert skylt að láta einkaleyfisvernd ná til tæknisviða sem njóta ekki slíkrar verndar á yfirráðasvæði þess á almennum gildistökudegi þessa

PART VI
TRANSITIONAL ARRANGEMENTS

Article 65
Transitional Arrangements

1. Subject to the provisions of paragraphs 2, 3 and 4, no Member shall be obliged to apply the provisions of this Agreement before the expiry of a general period of one year following the date of entry into force of the WTO Agreement.
2. A developing country Member is entitled to delay for a further period of four years the date of application, as defined in paragraph 1, of the provisions of this Agreement other than Articles 3, 4 and 5.
3. Any other Member which is in the process of transformation from a centrally-planned into a market, free-enterprise economy and which is undertaking structural reform of its intellectual property system and facing special problems in the preparation and implementation of intellectual property laws and regulations, may also benefit from a period of delay as foreseen in paragraph 2.
4. To the extent that a developing country Member is obliged by this Agreement to extend product patent protection to areas of technology not so protectable in its territory on the general date

samnings í því landi, samkvæmt skilgreiningu 2. mgr., er því heimilt að fresta beitingu ákvæða 5. þáttar II. hluta um einkaleyfi vara á slíkum tæknisviðum um fimm ár til viðbótar.

5. Aðili, sem nýtir sér aðlögunartímabil skv. 1., 2., 3. eða 4. mgr., skal sjá til þess að breytingar á lögum, reglum og starfsháttum, sem eru gerðar á því tímabili, hafi ekki í för með sér aukið ósamræmi við ákvæði þessa samnings.

of application of this Agreement for that Member, as defined in paragraph 2, it may delay the application of the provisions on product patents of Section 5 of Part II to such areas of technology for an additional period of five years.
5. A Member availing itself of a transitional period under paragraphs 1, 2, 3 or 4 shall ensure that any changes in its laws, regulations and practice made during that period do not result in a lesser degree of consistency with the provisions of this Agreement.

66. gr.
Aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.

1. Með tilliti til sérstakra þarfa og krafna aðildarlanda, sem eru skemmst á veg komin í þróun, hafta í atvinnulífi þeirra, fjármálum og stjórnsýslu og þarfar þeirra fyrir sveigjanleika til að geta skapað sér öflugan tæknigrundvöll skal slíkum löndum ekki skylt að beita ákvæðum þessa samnings, að undanskildum ákvæðum 3., 4. og 5. gr., í 10 ár frá gildistökudegi eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 65. gr. Hugverkaréttarráðið skal framlengja þennan frest samkvæmt rökstuddri beiðni aðildarlanda sem eru skemmst á veg komin í þróun.
2. Aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefndir „iðnaðaraðildarlönd") skulu styrkja fyrirtæki og stofnanir á yfirráðasvæði sínu til að stuðla að og hvetja til flutnings á tækni til þeirra aðila sem eru skemmst á veg komnir í þróun og gera þeim þannig kleift að skapa sér traustan og öflugan tæknigrundvöll.

Article 66
Least-Developed Country Members

1. In view of the special needs and requirements of least-developed country Members, their economic, financial and administrative constraints, and their need for flexibility to create a viable technological base, such Members shall not be required to apply the provisions of this Agreement, other than Articles 3, 4 and 5, for a period of 10 years from the date of application as defined under paragraph 1 of Article 65. The Council for TRIPS shall, upon duly motivated request by a least-developed country Member, accord extensions of this period.
2. Developed country Members shall provide incentives to enterprises and institutions in their territories for the purpose of promoting and encouraging technology transfer to least-developed country Members in order to enable them to create a sound and viable technological base.

67. gr.
Tæknileg samvinna.

Til að auðvelda framkvæmd þessa samnings skulu iðnaðaraðildarlönd bjóða þróunaraðildarlöndum og aðildarlöndum, sem eru skemmst á veg komin í þróun, tæknilega og fjárhagslega samvinnu, samkvæmt beiðni og með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um. Slík samvinna skal taka til aðstoðar vegna undirbúnings laga og reglna um vernd og fullnustu hugverkaréttar og hvernig koma skuli í veg fyrir misbeitingu hans, og skal taka til stuðnings við að stofna eða efla embætti og umboðsstofnanir innanlands í þessu skyni, að þjálfun starfsmanna meðtalinni.

Article 67
Technical Cooperation

In order to facilitate the implementation of this Agreement, developed country Members shall provide, on request and on mutually agreed terms and conditions, technical and financial cooperation in favour of developing and least-developed country Members. Such cooperation shall include assistance in the preparation of laws and regulations on the protection and enforcement of intellectual property rights as well as on the prevention of their abuse, and shall include support regarding the establishment or reinforcement of domestic offices and agencies relevant to these matters, including the training of personnel.

VII. HLUTI
ÁKVÆÐI UM STOFNANIR: LOKAÁKVÆÐI

68. gr.
Ráð um hugverkarétt í viðskiptum.

Hugverkaréttarráðið skal fylgjast með rekstri þessa samnings, einkum að aðilar uppfylli skyldur sínar samkvæmt honum, og veita aðilum tækifæri til viðræðna í málum er varða hugverkarétt í viðskiptum. Það skal gegna þeim skyldustörfum sem aðilarnir fela því og einkum veita alla umbeðna aðstoð varðandi málsmeðferð við lausn deilumála. Hugverkaréttarráðinu er heimilt í störfum sínum að leita eftir ráðgjöf og upplýsingum hvar sem það telur við eiga. Í samráði við Alþjóðahugverkastofnunina skal ráðið, áður en ár er liðið frá fyrsta fundi þess, leitast við að koma á heppilegu fyrirkomulagi um samstarf við nefndir þeirrar stofnunar.

69. gr.
Alþjóðleg samvinna.

Aðilar hafa komið sér saman um samvinnu sín á milli með það fyrir augum að útiloka alþjóðaviðskipti með vörur sem fela í sér brot á hugverkarétti. Í þessu skyni skulu þeir koma upp tengiliðum í stjórnkerfi sínu, tilkynna um slíka þjónustu og vera reiðubúnir að skiptast á upplýsingum um viðskipti með ólöglegar vörur. Þeir skulu einkum stuðla að upplýsingamiðlun og samvinnu milli tollyfirvalda í tengslum við viðskipti með vörur með fölsuðum vörumerkjum og vörum þar sem höfundarréttur hefur verið brotinn.

70. gr.
Vernd efnis sem er til fyrir.

1. Þessi samningur hefur ekki í för með sér skyldur að því er varðar athæfi sem var framið fyrir gildistökudag samningsins að því er hlutaðeigandi aðila varðar.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi hefur þessi samningur í för með sér skyldur að því er varðar allt efni sem er til á gildistökudegi samningsins að því er hlutaðeigandi aðila varðar og nýtur verndar hjá þeim aðila á þeim degi eða uppfyllir eða mun síðar uppfylla viðmiðanir um vernd samkvæmt skilmálum þessa samnings. Með tilliti til þessarar málsgreinar og 3. og 4. mgr. skal eingöngu ákvarða

PART VII
INSTITUTIONAL ARRANGEMENTS: FINAL PROVISIONS

Article 68
Council for Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights

The Council for TRIPS shall monitor the operation of this Agreement and, in particular, Members' compliance with their obligations hereunder, and shall afford Members the opportunity of consulting on matters relating to the trade-related aspects of intellectual property rights. It shall carry out such other responsibilities as assigned to it by the Members, and it shall, in particular, provide any assistance requested by them in the context of dispute settlement procedures. In carrying out its functions, the Council for TRIPS may consult with and seek information from any source it deems appropriate. In consultation with WIPO, the Council shall seek to establish, within one year of its first meeting, appropriate arrangements for cooperation with bodies of that Organization.

Article 69
International Cooperation

Members agree to cooperate with each other with a view to eliminating international trade in goods infringing intellectual property rights. For this purpose, they shall establish and notify contact points in their administrations and be ready to exchange information on trade in infringing goods. They shall, in particular, promote the exchange of information and cooperation between customs authorities with regard to trade in counterfeit trademark goods and pirated copyright goods.

Article 70
Protection of Existing Subject Matter

1. This Agreement does not give rise to obligations in respect of acts which occurred before the date of application of the Agreement for the Member in question.

2. Except as otherwise provided for in this Agreement, this Agreement gives rise to obligations in respect of all subject matter existing at the date of application of this Agreement for the Member in question, and which is protected in that Member on the said date, or which meets or comes subsequently to meet the criteria for protection under the terms of this Agreement. In respect of this paragraph and paragraphs 3 and

höfundarréttarskyldur að því er varðar fyrirliggjandi efni á grundvelli 18. gr. Bernarsáttmálans (1971), og skyldur tengdar réttindum framleiðenda hljóðrita og listflytjenda fyrirliggjandi hljóðrita skal eingöngu ákvarða á grundvelli 18. gr. Bernarsáttmálans (1971), í samræmi við beitingu þeirrar greinar á grundvelli 6. mgr. 14. gr. þessa samnings.

3. Ekki skal vera skylt að taka aftur upp vernd fyrir efni sem á gildistökudegi þessa samnings að því er hlutaðeigandi aðila varðar nýtur ekki lengur höfundaréttar.
4. Að því er varðar verknað, sem hefst eða hefur í för með sér verulegar fjárfestingar áður en hlutaðeigandi aðili samþykkir samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, í tengslum við tiltekið viðfang er felur í sér verndað efni sem fellur undir ólöglegan verknað samkvæmt skilmálum laga í samræmi við þennan samning, er aðila heimilt að kveða á um takmörkun úrræða sem rétthafa eru tiltæk með tilliti til framhalds á slíkum verknaði eftir gildistökudag þessa samnings að því er þann aðila varðar. Í slíkum tilvikum skal aðili þó að minnsta kosti kveða á um sanngjarna þóknun.

5. Aðila er ekki skylt að beita ákvæðum 11. gr. og 4. mgr. 14. gr. að því er varðar frumrit eða afrit sem eru keypt fyrir gildistökudag þessa samnings að því er þann aðila varðar.

6. Aðilum skal ekki vera skylt að beita ákvæðum 31. gr., eða skilyrði 1. mgr. 27. gr. um að unnt skuli vera að nýta einkarétt án þess að gera greinarmun á tæknisviðum, um notkun án heimildar rétthafa hafi ríkisvaldið heimilað slíka notkun áður en vitað var um efni þessa samnings.

7. Ef vernd hugverkaréttar er bundinn skilyrðum við skráningu skal vera leyfilegt að breyta umsóknum um vernd, sem liggja fyrir á gildistökudegi þessa samnings að því er hlutaðeigandi aðila varðar, í þeim tilgangi að fara fram á víðtækari vernd samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Slíkar breytingar skulu ekki taka til nýs efnis.
8. Hafi aðili ekki, á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, kveðið á um einkaleyfisvernd fyrir lyfjavöru- og efnaafurðir í landbúnaði sem samsvarar skyldum hans skv. 27. gr. skal hann:

a) þrátt fyrir ákvæði VI. hluta kveða á um,

4, copyright obligations with respect to existing works shall be solely determined under Article 18 of the Berne Convention (1971), and obligations with respect to the rights of producers of phonograms and performers in existing phonograms shall be determined solely under Article 18 of the Berne Convention (1971) as made applicable under paragraph 6 of Article 14 of this Agreement.
3. There shall be no obligation to restore protection to subject matter which on the date of application of this Agreement for the Member in question has fallen into the public domain.
4. In respect of any acts in respect of specific objects embodying protected subject matter which become infringing under the terms of legislation in conformity with this Agreement, and which were commenced, or in respect of which a significant investment was made, before the date of acceptance of the WTO Agreement by that Member, any Member may provide for a limitation of the remedies available to the right holder as to the continued performance of such acts after the date of application of this Agreement for that Member. In such cases the Member shall, however, at least provide for the payment of equitable remuneration.
5. A Member is not obliged to apply the provisions of Article 11 and of paragraph 4 of Article 14 with respect to originals or copies purchased prior to the date of application of this Agreement for that Member.
6. Members shall not be required to apply Article 31, or the requirement in paragraph 1 of Article 27 that patent rights shall be enjoyable without discrimination as to the field of technology, to use without the authorization of the right holder where authorization for such use was granted by the government before the date this Agreement became known.
7. In the case of intellectual property rights for which protection is conditional upon registration, applications for protection which are pending on the date of application of this Agreement for the Member in question shall be permitted to be amended to claim any enhanced protection provided under the provisions of this Agreement. Such amendments shall not include new matter.
8. Where a Member does not make available as of the date of entry into force of the WTO Agreement patent protection for pharmaceutical and agricultural chemical products commensurate with its obligations under Article 27, that Member shall:

(a) notwithstanding the provisions of

frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, með hvaða hætti unnt sé að leggja inn umsóknir um einkaleyfi fyrir slíkum uppfinningum;

b) beita, frá gildistökudegi þessa samnings, viðmiðunum um einkaleyfishæfi, sem mælt er fyrir um í þessum samningi, vegna þessara umsókna eins og þeim viðmiðunum væri beitt á umsóknardegi hjá viðkomandi aðila eða, ef forgangur er veittur og farið er fram á hann, þeim degi sem forgangsréttar er krafist samkvæmt umsókninni; og

c) veita einkaleyfisvernd í samræmi við þennan samning um leið og einkaleyfi er veitt, sem gildir jafnlengi og einkaleyfið, frá umsóknardegi í samræmi við 33. gr. þessa samnings, fyrir þær umsóknir sem uppfylla viðmiðanir um vernd sem um getur í b-lið.

9. Þegar sótt er um einkaleyfi á vöru hjá aðila í samræmi við a-lið 8. mgr. skal veita einkarétt til markaðssetningar, þrátt fyrir ákvæði VI. hluta, í fimm ár eftir að samþykki fyrir markaðssetningu er veitt hjá þeim aðila eða þar til vörueinkaleyfi hefur verið veitt eða hafnað hjá þeim aðila, hvort tímabilið sem er styttra, að því tilskildu að í kjölfar gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina hafi umsókn um einkaleyfi verið skráð og einkaleyfi á vörunni veitt hjá öðrum aðila og samþykki fengist fyrir markaðssetningu hjá þessum öðrum aðila.

71. gr.

Endurskoðun og breytingar.

1. Hugverkaréttarráðið skal endurskoða framkvæmd þessa samnings eftir að aðlögunartímabilinu, sem um getur í 2. mgr. 65. gr., lýkur. Ráðið skal, með hliðsjón af reynslu af framkvæmdinni, endurskoða hana tveimur árum eftir þann dag og þaðan í frá með jöfnu millibili. Ráðinu er einnig heimilt að takast á hendur endurskoðun í ljósi nýrrar þróunar sem kann að gefa tilefni til breytinga á þessum samningi.

2. Heimilt er að vísa breytingum, sem eingöngu þjóna þeim tilgangi að auka vernd hugverkaréttar sem hefur áunnist og gildir samkvæmt öðrum marghliða samningum og er staðfestur samkvæmt þeim samningum af öllum aðilum að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, til ráðherrastefn-

Part VI, provide as from the date of entry into force of the WTO Agreement a means by which applications for patents for such inventions can be filed;

(b) apply to these applications, as of the date of application of this Agreement, the criteria for patentability as laid down in this Agreement as if those criteria were being applied on the date of filing in that Member or, where priority is available and claimed, the priority date of the application; and

(c) provide patent protection in accordance with this Agreement as from the grant of the patent and for the remainder of the patent term, counted from the filing date in accordance with Article 33 of this Agreement, for those of these applications that meet the criteria for protection referred to in subparagraph (b).

9. Where a product is the subject of a patent application in a Member in accordance with paragraph 8(a), exclusive marketing rights shall be granted, notwithstanding the provisions of Part VI, for a period of five years after obtaining marketing approval in that Member or until a product patent is granted or rejected in that Member, whichever period is shorter, provided that, subsequent to the entry into force of the WTO Agreement, a patent application has been filed and a patent granted for that product in another Member and marketing approval obtained in such other Member.

Article 71

Review and Amendment

1. The Council for TRIPS shall review the implementation of this Agreement after the expiration of the transitional period referred to in paragraph 2 of Article 65. The Council shall, having regard to the experience gained in its implementation, review it two years after that date, and at identical intervals thereafter. The Council may also undertake reviews in the light of any relevant new developments which might warrant modification or amendment of this Agreement.

2. Amendments merely serving the purpose of adjusting to higher levels of protection of intellectual property rights achieved, and in force, in other multilateral agreements and accepted under those agreements by all Members of the WTO may be referred to the Ministerial Conference for

unnar til afgreiðslu í samræmi við 6. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina á grundvelli tillögu hugverkaréttarráðsins sem hefur verið samþykkt með einróma samþykki.

72. gr.

Fyrirvarar.

Ekki er heimilt að gera fyrirvara að því er varðar ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

73. gr.

Undantekningar af öryggisástæðum.

Ekkert í þessum samningi skal túlka þannig:

a) að aðila beri að veita upplýsingar telji hann birtingu þeirra vinna gegn grundvallaröryggishagsmunum sínum;

b) að komið sé í veg fyrir að aðili geti gripið til aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína;

   i) í tengslum við kjarnkleyf efni eða frumefni þeirra;

   ii) í tengslum við sölu á vopnum, skotfærum og öðrum stríðsbúnaði og slíka sölu með aðrar vörur og efni sem er beinlínis eða óbeinlínis ætlað til hernaðar;

   iii) á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í samskiptum ríkja; eða

c) að komið sé í veg fyrir að aðili geti gripið til aðgerða í samræmi við skyldur sínar á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

action in accordance with paragraph 6 of Article X of the WTO Agreement on the basis of a consensus proposal from the Council for TRIPS.

Article 72

Reservations

Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement without the consent of the other Members.

Article 73

Security Exceptions

Nothing in this Agreement shall be construed:

(a) to require a Member to furnish any information the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests; or

(b) to prevent a Member from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests;

   (i) relating to fissionable materials or the materials from which they are derived;

   (ii) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war and to such traffic in other goods and materials as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment;

   (iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or

(c) to prevent a Member from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

2. VIÐAUKI: SAMKOMULAG UM REGLUR OG MÁLSMEÐFERÐ VIÐ LAUSN DEILUMÁLA

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.
Gildissvið og beiting.

1. Reglur og málsmeðferð í þessu samkomulagi gilda um deilur sem bornar eru upp samkvæmt ákvæðum um viðræður og lausn deilumála í samningunum sem eru taldir upp í 1. viðbæti við þetta samkomulag (í þessu samkomulagi nefndir „tilgreindir samningar"). Reglur og málsmeðferð í þessu samkomulagi skulu einnig gilda um viðræður og lausn deilumála milli aðila um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (í þessu samkomulagi nefndur „samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina") og ákvæðum þessa samkomulags, annaðhvort einvörðungu eða ásamt öðrum tilgreindum samningi.

2. Reglur og málsmeðferð í þessu samkomulagi gilda með fyrirvara um sérreglur eða viðbótarreglur og -málsmeðferð við lausn deilumála í tilgreindu samningunum, sem um getur í 2. viðbæti við þetta samkomulag. Að því marki sem reglur og málsmeðferð í þessu samkomulagi stangast á við sérreglur eða viðbótarreglur og -málsmeðferð í 2. viðbæti ganga sérreglur eða viðbótarreglur og -málsmeðferð í 2. viðbæti framar. Ef sérreglur eða viðbótarreglur og -málsmeðferð í þeim samningum, sem eru til endurskoðunar, stangast á í deilum er varða reglur og málsmeðferð í fleiri en einum tilgreindum samningi skal formaður nefndarinnar um lausn deilumála (í þessu samkomulagi nefnd „deilumálanefndin") sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., ákvarða í samráði við deiluaðila, innan 10 daga frá því að annar hvor aðilinn fór þess á leit, hvaða reglum og málsmeðferð skuli fylgt ef deiluaðilar ná ekki samkomulagi um reglur og málsmeðferð innan 20 daga frá því að kærunefnd er skipuð. Formaðurinn skal hafa að leiðarljósi meginregluna um að sérreglum eða viðbótarreglum og -málsmeðferð skuli beitt þegar unnt er og að reglum og málsmeðferð í þessu samkomulagi skuli beitt að því marki sem nauðsynlegt er til að komast hjá ágreiningi.

ANNEX 2 UNDERSTANDING ON RULES AND PROCEDURES GOVERNING THE SETTLEMENT OF DISPUTES

Members hereby *agree* as follows:

Article 1
Coverage and Application

1. The rules and procedures of this Understanding shall apply to disputes brought pursuant to the consultation and dispute settlement provisions of the agreements listed in Appendix 1 to this Understanding (referred to in this Understanding as the "covered agreements"). The rules and procedures of this Understanding shall also apply to consultations and the settlement of disputes between Members concerning their rights and obligations under the provisions of the Agreement Establishing the World Trade Organization (referred to in this Understanding as the "WTO Agreement") and of this Understanding taken in isolation or in combination with any other covered agreement.

2. The rules and procedures of this Understanding shall apply subject to such special or additional rules and procedures on dispute settlement contained in the covered agreements as are identified in Appendix 2 to this Understanding. To the extent that there is a difference between the rules and procedures of this Understanding and the special or additional rules and procedures set forth in Appendix 2, the special or additional rules and procedures in Appendix 2 shall prevail. In disputes involving rules and procedures under more than one covered agreement, if there is a conflict between special or additional rules and procedures of such agreements under review, and where the parties to the dispute cannot agree on rules and procedures within 20 days of the establishment of the panel, the Chairman of the Dispute Settlement Body provided for in paragraph 1 of Article 2 (referred to in this Understanding as the "DSB"), in consultation with the parties to the dispute, shall determine the rules and procedures to be followed within 10 days after a request by either Member. The Chairman shall be guided by the principle that special or additional rules and procedures should be used where possible, and the rules and procedures set out in this Understanding should be used to the extent necessary to avoid conflict.

2. gr.
Stjórnun.

1. Nefndinni um lausn deilumála er hér með komið á fót til að hafa umsjón með framkvæmd þessara reglna og málsmeðferðar og ákvæða tilgreindu samninganna er varða viðræður og lausn deilumála, nema kveðið sé á um annað í tilgreindum samningi. Þannig hefur deilumálanefndin vald til að skipa kærunefndir, samþykkja skýrslur kærunefnda og áfrýjunarnefnda, hafa eftirlit með framkvæmd úrskurða og tilmæla og heimila frestun ívilnana og annarra skyldna samkvæmt tilgreindu samningunum. Að því er varðar deilur sem koma upp á grundvelli tilgreinds samnings sem er fjölhliða viðskiptasamningur vísar orðið „aðili", eins og það er notað hér, einungis til þeirra aðila sem eiga aðild að viðkomandi fjölhliða viðskiptasamningi. Þegar deilumálanefndin hefur umsjón með framkvæmd ákvæða fjölhliða viðskiptasamnings um lausn deilumála er einungis aðilum að þeim samningi heimilt að eiga þátt í ákvörðunum deilumálanefndarinnar eða ráðstöfunum sem hún gerir í sambandi við deiluna.

2. Deilumálanefndin skal upplýsa viðkomandi ráð og nefndir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framvindu þeirra deilumála er varða ákvæði tilgreindra samninga.

3. Deilumálanefndin skal koma saman eins oft og þörf krefur til að ljúka störfum innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þessu samkomulagi.

4. Þegar reglurnar og málsmeðferðin í þessu samkomulagi kveða á um að deilumálanefndin skuli taka ákvörðun skal það gert með einróma samþykki.[74]

Article 2
Administration

1. The Dispute Settlement Body is hereby established to administer these rules and procedures and, except as otherwise provided in a covered agreement, the consultation and dispute settlement provisions of the covered agreements. Accordingly, the DSB shall have the authority to establish panels, adopt panel and Appellate Body reports, maintain surveillance of implementation of rulings and recommendations, and authorize suspension of concessions and other obligations under the covered agreements. With respect to disputes arising under a covered agreement which is a Plurilateral Trade Agreement, the term "Member" as used herein shall refer only to those Members that are parties to the relevant Plurilateral Trade Agreement. Where the DSB administers the dispute settlement provisions of a Plurilateral Trade Agreement, only those Members that are parties to that Agreement may participate in decisions or actions taken by the DSB with respect to that dispute.

2. The DSB shall inform the relevant WTO Councils and Committees of any developments in disputes related to provisions of the respective covered agreements.

3. The DSB shall meet as often as necessary to carry out its functions within the time-frames provided in this Understanding.

4. Where the rules and procedures of this Understanding provide for the DSB to take a decision, it shall do so by consensus.[74]

3. gr.
Almenn ákvæði.

1. Aðilar samþykkja að fara að meginreglunum um meðferð deilumála sem fram til þessa hafa gilt skv. XXII. og XXIII. gr. GATT-samkomulagsins frá 1947 og reglum og málsmeðferð eins og þær eru nánar útfærðar og þeim breytt í þessum samningi.

2. Fyrirkomulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á lausn deilumála er veigamikill þáttur í því að tryggja öryggi og áreiðanleika marghliða viðskiptakerfisins. Aðilar viðurkenna að það þjóni þeim tilgangi að standa vörð um réttindi og skyldur aðila samkvæmt tilgreindum samningum og gera gildandi ákvæði þeirra samninga skýrari í samræmi við viðteknar reglur um túlkun þjóðaréttar. Tilmæli og úrskurðir deilumálanefndar-

Article 3
General Provisions

1. Members affirm their adherence to the principles for the management of disputes heretoforeapplied under Articles XXII and XXIII of GATT 1947, and the rules and procedures as further elaboratedand modified herein.

2. The dispute settlement system of the WTO is a central element in providing security and predictability to the multilateral trading system. The Members recognize that it serves to preserve the rights and obligations of Members under the covered agreements, and to clarify the existing provisions of those agreements in accordance with customary rules of interpretation of public international law. Recommendations and rulings

innar geta hvorki aukið né dregið úr þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í tilgreindu samningunum.
3. Þegar málum er þannig háttað að aðili telur að ávinningur, sem hann hefur beint eða óbeint af tilgreindum samningum, skerðist vegna ráðstafana sem annar aðili gerir er skjót lausn frumskilyrði fyrir því að starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sé skilvirk og að eðlilegt jafnvægi haldist milli réttinda og skyldna aðila.

4. Tilmæli eða úrskurðir deilumálanefndarinnar skulu miða að því að viðunandi lausn náist í hverju máli í samræmi við réttindi og skyldur samkvæmt þessu samkomulagi og samkvæmt tilgreindu samningunum.
5. Allar lausnir mála, sem eru formlega borin upp samkvæmt ákvæðum tilgreindu samninganna um viðræður og lausn deilumála, þar á meðal úrskurðir gerðardóms, skulu samrýmast þeim samningum og hvorki gera að engu né skerða þann ávinning sem aðili hefur samkvæmt þeim samningum né koma í veg fyrir að markmiðum þeirra samninga verði náð.
6. Lausnir, sem samkomulag er um, á málum sem hafa verið formlega borin upp samkvæmt ákvæðum tilgreindu samninganna um viðræður og lausn deilumála skulu tilkynntar deilumálanefndinni og viðkomandi ráðum og nefndum, þar sem aðilum er heimilt að gera athugasemdir þar að lútandi.
7. Áður en aðili leggur fram mál skal hann vega og meta hvort vænlegt sé til árangurs að fylgja þessari málsmeðferð. Markmiðið með fyrirkomulaginu á lausn deilumála er að tryggja farsæla lausn á deilu. Tvímælalaust er ákjósanlegast að deiluaðilar finni lausn sem þeir sætta sig við og samrýmist tilgreindu samningunum. Ef ekki næst samkomulag um lausn er höfuðmarkmiðið með fyrirkomulaginu við lausn deilumála alla jafna að tryggja að viðkomandi ráðstöfun verði afturkölluð ef í ljós kemur að hún brýtur í bága við ákvæði einhverra af tilgreindu samningunum. Ekki ætti að grípa til þess úrræðis að veita bætur nema ógerlegt sé að afturkalla ráðstöfunina þegar í stað og skal slíkt vera bráðabirgðaráðstöfun sem gildir uns þær ráðstafanir, sem brjóta í bága við tilgreindu samningana, hafa verið afturkallaðar. Síðasta úrræði aðila, sem skírskotar til málsmeðferðar við lausn deilumála samkvæmt þessu samkomulagi, er möguleiki á að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum samkvæmt tilgreindu samningunum og mismuna þannig hinum aðilanum, með fyrirvara um að deilumálanefndin heimili slíkar ráðstafanir.

of the DSB cannot add to or diminish the rights and obligations provided in the covered agreements.
3. The prompt settlement of situations in which a Member considers that any benefits accruing to it directly or indirectly under the covered agreements are being impaired by measures taken by another Member is essential to the effective functioning of the WTO and the maintenance of a proper balance between the rights and obligations of Members.
4. Recommendations or rulings made by the DSB shall be aimed at achieving a satisfactory settlement of the matter in accordance with the rights and obligations under this Understanding and under the covered agreements.
5. All solutions to matters formally raised under the consultation and dispute settlement provisions of the covered agreements, including arbitration awards, shall be consistent with those agreements and shall not nullify or impair benefits accruing to any Member under those agreements, nor impede the attainment of any objective of those agreements.
6. Mutually agreed solutions to matters formally raised under the consultation and dispute settlement provisions of the covered agreements shall be notified to the DSB and the relevant Councils and Committees, where any Member may raise any point relating thereto.

7. Before bringing a case, a Member shall exercise its judgement as to whether action under these procedures would be fruitful. The aim of the dispute settlement mechanism is to secure a positive solution to a dispute. A solution mutually acceptable to the parties to a dispute and consistent with the covered agreements is clearly to be preferred. In the absence of a mutually agreed solution, the first objective of the dispute settlement mechanism is usually to secure the withdrawal of the measures concerned if these are found to be inconsistent with the provisions of any of the covered agreements. The provision of compensation should be resorted to only if the immediate withdrawal of the measure is impracticable and as a temporary measure pending the withdrawal of the measure which is inconsistent with a covered agreement. The last resort which this Understanding provides to the Member invoking the dispute settlement procedures is the possibility of suspending the application of concessions or other obligations under the covered agreements on a discriminatory basis vis-à-vis the other Member, subject to authorization by the DSB of such measures.

8. Þegar ekki er staðið við skyldurnar sem gengist var undir samkvæmt tilgreindum samningi telst það athæfi að órannsökuðu máli gera að engu eða skerða ávinning. Þetta þýðir að alla jafna er gengið út frá því að brot á reglum hafi skaðleg áhrif á aðra aðila að tilgreindum samningi og í slíkum tilvikum er það deiluaðilans, sem var kærður, að andmæla kærunni.

9. Ákvæði þessa samkomulags hafa ekki áhrif á rétt aðila til að leita eftir óvéfengjanlegri túlkun á ákvæðum tilgreinds samnings í formi ákvarðanatöku samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina eða samkvæmt tilgreindum samningi sem er fjölhliða viðskiptasamningur.

10. Sá skilningur ríkir að beiðni um sættir og beitingu málsmeðferðarinnar til lausnar deilumála sé hvorki ætluð sem ögrun né talin slík og ef deila kemur upp muni allir aðilar koma að málsmeðferðinni í góðri trú til að reyna að leysa deiluna. Sá skilningur ríkir einnig að ekki beri að tengja saman kærur og gagnkærur í óskyldum málum.

11. Þetta samkomulag gildir einungis um nýjar beiðnir um viðræður samkvæmt ákvæðum um viðræður í tilgreindu samningunum sem lagðar eru fram á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina eða síðar. Að því er varðar deilur, sem óskað var eftir viðræðum um samkvæmt GATT-samkomulaginu frá 1947, eða samkvæmt samningi gerðum á undan tilgreindu samningunum fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, gilda áfram þær viðeigandi reglur og málsmeðferð við lausn deilumála sem voru í gildi fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.[175]

12. Ef aðili sem er þróunarland (hér eftir nefndur „þróunaraðildarland“) leggur fram kæru, sem byggð er á tilgreindum samningi, á hendur aðila sem er iðnríki (hér eftir nefndur „iðnaðaraðildarland“) á kærandinn, þrátt fyrir 11. mgr., rétt á að skírskota til ákvæða ákvörðunarinnar frá 5. apríl 1966 (BISD 14S/18) í stað samsvarandi ákvæða 4., 5., 6. og 12. gr. þessa samkomulags, nema kærunefndin telji að fresturinn, sem kveðið er á um í 7. mgr. þeirrar ákvörðunar, nægi henni ekki til að skila skýrslu sinni og er þá heimilt, með samþykki kærandans, að framlengja þann frest. Að því marki sem reglurnar og málsmeðferðin í 4., 5., 6. og 12. gr. stangast á við samsvarandi reglur og málsmeðferð í ákvörðuninni ganga þau síðarnefndu framar.

8. In cases where there is an infringement of the obligations assumed under a covered agreement, the action is considered *prima facie* to constitute a case of nullification or impairment. This means that there is normally a presumption that a breach of the rules has an adverse impact on other Members parties to that covered agreement, and in such cases, it shall be up to the Member against whom the complaint has been brought to rebut the charge.

9. The provisions of this Understanding are without prejudice to the rights of Members to seek authoritative interpretation of provisions of a covered agreement through decision-making under the WTO Agreement or a covered agreement which is a Plurilateral Trade Agreement.

10. It is understood that requests for conciliation and the use of the dispute settlement procedures should not be intended or considered as contentious acts and that, if a dispute arises, all Members will engage in these procedures in good faith in an effort to resolve the dispute. It is also understood that complaints and countercomplaints in regard to distinct matters should not be linked.

11. This Understanding shall be applied only with respect to new requests for consultations under the consultation provisions of the covered agreements made on or after the date of entry into force of the WTO Agreement. With respect to disputes for which the request for consultations was made under GATT 1947 or under any other predecessor agreement to the covered agreements before the date of entry into force of the WTO Agreement, the relevant dispute settlement rules and procedures in effect immediately prior to the date of entry into force of the WTO Agreement shall continue to apply.[175]

12. Notwithstanding paragraph 11, if a complaint based on any of the covered agreements is brought by a developing country Member against a developed country Member, the complaining party shall have the right to invoke, as an alternative to the provisions contained in Articles 4, 5, 6 and 12 of this Understanding, the corresponding provisions of the Decision of 5 April 1966 (BISD 14S/18), except that where the Panel considers that the time-frame provided for in paragraph 7 of that Decision is insufficient to provide its report and with the agreement of the complaining party, that time-frame may be extended. To the extent that there is a difference between the rules and procedures of Articles 4, 5, 6 and 12 and the corresponding rules and procedures of the Decision, the latter shall prevail.

4. gr.
Viðræður.

1. Aðilar staðfesta ásetning sinn um að auka og bæta skilvirkni þeirrar málsmeðferðar sem aðilar nota í viðræðum.
2. Sérhver aðili skuldbindur sig til þess að taka til velviljaðrar athugunar og veita nægileg tækifæri til viðræðna um allar athugasemdir sem annar aðili kemur á framfæri við hann um ráðstafanir, gerðar á yfirráðasvæði fyrri aðilans, sem hafa áhrif á rekstur tilgreinds samnings.[176]

3. Ef óskað er eftir viðræðum samkvæmt tilgreindum samningi skal aðilinn, sem fær beiðnina, svara henni eigi síðar en 10 dögum eftir að hún berst, nema samkomulag verði um annað, og hefja viðræður í góðri trú innan 30 daga eftir að beiðnin berst, með það fyrir augum að finna lausn sem málsaðilar sætta sig við. Ef aðilinn svarar ekki innan 10 daga frá því að beiðnin berst eða gengur ekki til viðræðna innan 30 daga, eða annars frests sem samkomulag næst um, getur aðilinn, sem óskaði eftir viðræðunum, haldið áfram og óskað eftir því að skipuð verði kærunefnd.

4. Aðilinn, sem óskar eftir viðræðum, skal í öllum tilvikum tilkynna um slíka beiðni til deilumálanefndarinnar og til viðeigandi ráða og nefnda. Beiðnir um viðræður skulu lagðar fram skriflega og skal skýra frá ástæðunum fyrir beiðninni og meðal annars tilgreina þær ráðstafanir sem um er að ræða og þann lagagrundvöll sem kæran er byggð á.
5. Í viðræðum samkvæmt ákvæðum tilgreinds samnings ættu aðilar að freista þess að finna viðunandi lausn á málinu áður en gripið er til frekari úrræða samkvæmt þessu samkomulagi.

6. Viðræður eru trúnaðarmál og hafa þær engin áhrif á rétt aðila við frekari málsmeðferð.

7. Takist ekki að leysa deiluna með viðræðum innan 60 daga frá því að beiðni um viðræður barst er kæranda heimilt að óska eftir að skipuð verði kærunefnd. Ef viðræðuaðilar eru sammála um að ekki hafi tekist að leysa deiluna í viðræðum er kæranda heimilt, á 60 daga tímabilinu, að óska skriflega eftir að skipuð verði kærunefnd.
8. Í tilvikum þar sem skjótra aðgerða er þörf,

Article 4
Consultations

1. Members affirm their resolve to strengthen and improve the effectiveness of the consultation procedures employed by Members.
2. Each Member undertakes to accord sympathetic consideration to and afford adequate opportunity for consultation regarding any representations made by another Member concerning measures affecting the operation of any covered agreement taken within the territory of the former.[176]
4. Only parties to the dispute, not third parties, may appeal a panel report. Third parties which have notified the DSB of a substantial interest in the matter pursuant to paragraph 2 of Article 10 may make written submissions to, and be given an opportunity to be heard by, the Appellate Body.

5. As a general rule, the proceedings shall not exceed 60 days from the date a party to the dispute formally notifies its decision to appeal to the date the Appellate Body circulates its report. In fixing its timetable the Appellate Body shall take into account the provisions of paragraph 9 of Article 4, if relevant. When the Appellate Body considers that it cannot provide its report within 60 days, it shall inform the DSB in writing of the reasons for the delay together with an estimate of the period within which it will submit its report. In no case shall the proceedings exceed 90 days.

6. An appeal shall be limited to issues of law covered in the panel report and legal interpretations developed by the panel.

7. The Appellate Body shall be provided with appropriate administrative and legal support as it requires.

8. The expenses of persons serving on the Appellate Body, including travel and subsistence allowance, shall be met from the WTO budget in accordance with criteria to be adopted by the General Council, based on recommendations of the Committee on Budget, Finance and Administration.

Procedures for Appellate Review

9. Working procedures shall be drawn up by the Appellate Body in consultation with the Chairman of the DSB and the Director-General, and communicated to the Members for their information.

10. The proceedings of the Appellate Body shall be confidential. The reports of the Appellate Body shall be drafted without the presence of the parties to the dispute and in the light of the information provided and the statements made.

11. Opinions expressed in the Appellate Body report by individuals serving on the Appellate Body shall be anonymous.

12. The Appellate Body shall address each of the issues raised in accordance with paragraph 6 during the appellate proceeding.

13. Áfrýjunarnefndinni er heimilt að staðfesta, breyta eða hnekkja lögfræðilegum niðurstöðum og ályktunum kærunefndar.

Samþykkt skýrslu áfrýjunarnefndarinnar.
14. Deilumálanefndin skal samþykkja skýrslu áfrýjunarnefndarinnar og deiluaðilar skulu staðfesta hana skilyrðislaust nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki að samþykkja ekki skýrslu áfrýjunarnefndarinnar innan 30 daga frá því að hún var send aðilum.[181] Þessi málsmeðferð við samþykki hefur ekki áhrif á rétt aðila til að láta í ljós skoðun sína á skýrslu áfrýjunarnefndarinnar.

13. The Appellate Body may uphold, modify or reverse the legal findings and conclusions of the panel.

Adoption of Appellate Body Reports
14. An Appellate Body report shall be adopted by the DSB and unconditionally accepted by the parties to the dispute unless the DSB decides by consensus not to adopt the Appellate Body report within 30 days following its circulation to the Members.[181] This adoption procedure is without prejudice to the right of Members to express their views on an Appellate Body report.

18. gr.
Samskipti við kærunefnd eða áfrýjunarnefnd.
1. Deiluaðilar skulu ekki eiga nein einhliða samskipti við kærunefnd eða áfrýjunarnefnd er varða mál sem eru til umfjöllunar hjá kærunefnd eða áfrýjunarnefnd.
2. Fara skal með skriflegar greinargerðir, sem afhentar eru kærunefnd eða áfrýjunarnefnd, sem trúnaðarmál en deiluaðilar skulu hafa aðgang að þeim. Ekkert í þessu samkomulagi skal koma í veg fyrir að deiluaðili geri opinberlega grein fyrir afstöðu sinni. Aðilar skulu fara með upplýsingar, sem annar aðili hefur látið kærunefnd eða áfrýjunarnefnd í té, sem trúnaðarmál hafi sá aðili merkt það sem slíkt. Einnig skal deiluaðili, að beiðni aðila, láta í té samantekt úr skriflegum greinargerðum sínum sem er ekki trúnaðarmál og má því birta almenningi.

Article 18
Communications with the Panel or Appellate Body
1. There shall be no *ex parte* communications with the panel or Appellate Body concerning matters under consideration by the panel or Appellate Body.
2. Written submissions to the panel or the Appellate Body shall be treated as confidential, but shall be made available to the parties to the dispute. Nothing in this Understanding shall preclude a party to a dispute from disclosing statements of its own positions to the public. Members shall treat as confidential information submitted by another Member to the panel or the Appellate Body which that Member has designated as confidential. A party to a dispute shall also, upon request of a Member, provide a non-confidential summary of the information contained in its written submissions that could be disclosed to the public.

19. gr.
Tilmæli kærunefndar og áfrýjunarnefndar.
1. Ef kærunefnd eða áfrýjunarnefnd ályktar að ráðstöfun brjóti í bága við tilgreindan samning skal hún gefa út tilmæli þess efnis að hlutaðeigandi aðili[182] færi ráðstöfunina til samræmis við þann samning.[183] Auk þess er kærunefnd eða áfrýjunarnefnd heimilt að gera tillögur um á hvern hátt hlutaðeigandi aðili geti komið tilmælunum í framkvæmd.

2. Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. getur kærunefnd eða áfrýjunarnefnd, í niðurstöðum sínum og tilmælum, hvorki aukið né minnkað réttindi eða skyldur sem kveðið er á um í tilgreindu samningunum.

Article 19
Panel and Appellate Body Recommendations
1. Where a panel or the Appellate Body concludes that a measure is inconsistent with a covered agreement, it shall recommend that the Member concerned[182] bring the measure into conformity with that agreement.[183] In addition to its recommendations, the panel or Appellate Body may suggest ways in which the Member concerned could implement the recommendations.
2. In accordance with paragraph 2 of Article 3, in their findings and recommendations, the panel and Appellate Body cannot add to or diminish the rights and obligations provided in the covered agreements.

20. gr.
Tímamörk fyrir ákvarðanir deilumálanefndarinnar.

Hafi deiluaðilar ekki komið sér saman um annað er almenn regla, ef skýrslu kærunefndar er ekki áfrýjað, að ekki skuli líða lengri tími en níu mánuðir frá því að deilumálanefndin skipar kærunefnd þar til hún fær skýrslu kærunefndar eða áfrýjunarnefndar til umfjöllunar, en tólf mánuðir ef skýrslunni er áfrýjað. Ef annaðhvort kærunefnd eða áfrýjunarnefnd hefur gert ráðstafanir, skv. 9. mgr. 12. gr. eða 5. mgr. 17. gr., til að framlengja frestinn til að skila skýrslu sinni bætist sá tími við ofangreind tímabil.

Article 20
Time-frame for DSB Decisions

Unless otherwise agreed to by the parties to the dispute, the period from the date of establishment of the panel by the DSB until the date the DSB considers the panel or appellate report for adoption shall as a general rule not exceed nine months where the panel report is not appealed or 12 months where the report is appealed. Where either the panel or the Appellate Body has acted, pursuant to paragraph 9 of Article 12 or paragraph 5 of Article 17, to extend the time for providing its report, the additional time taken shall be added to the above periods.

21. gr.
Eftirlit með framkvæmd tilmæla og úrskurða.

1. Til að tryggja skilvirka lausn deilumála öllum aðilum í hag er grundvallaratriði að skjótt sé brugðist við og farið að tilmælum eða úrskurðum deilumálanefndarinnar.

2. Sérstaklega ber að huga að málum sem hafa áhrif á hagsmuni þróunaraðildarlanda að því er varðar ráðstafanir sem deilumálanefndin hefur fengið til umfjöllunar.

3. Á fundi deilumálanefndarinnar, sem haldinn er áður en 30 dagar[184] eru liðnir frá því að skýrsla kærunefndar eða áfrýjunarnefndar er samþykkt, skal hlutaðeigandi aðili upplýsa deilumálanefndina um hvernig hann hyggst koma tilmælum og úrskurðum deilumálanefndarinnar í framkvæmd. Ef ógerlegt er að fara að tilmælunum eða úrskurðunum þegar í stað skal hlutaðeigandi aðili fá til þess hæfilegan frest. Hæfilegur frestur telst vera:

a) frestur sem hlutaðeigandi aðili gerir tillögu um, að því tilskildu að deilumálanefndin samþykki hann; eða, ef slíkt samþykki fæst ekki;

b) frestur sem deiluaðilar ná samkomulagi um innan 45 daga frá þeim degi sem tilmælin og úrskurðirnir voru samþykktir; eða, ef slíkt samkomulag næst ekki;

c) frestur sem ákvarðaður er með bindandi gerðardómi innan 90 daga frá því að tilmælin og úrskurðirnir[185] voru samþykkt. Í slíkum gerðardómi ætti viðmiðunarregla gerðardómara[186] að vera á þann veg að hæfilegur frestur til að koma tilmælum kærunefndar eða áfrýjunarnefndar í

Article 21
Surveillance of Implementation of Recommendations and Rulings

1. Prompt compliance with recommendations or rulings of the DSB is essential in order to ensure effective resolution of disputes to the benefit of all Members.

2. Particular attention should be paid to matters affecting the interests of developing country Members with respect to measures which have been subject to dispute settlement.

3. At a DSB meeting held within 30 days[184] after the date of adoption of the panel or Appellate Body report, the Member concerned shall inform the DSB of its intentions in respect of implementation of the recommendations and rulings of the DSB. If it is impracticable to comply immediately with the recommendations and rulings, the Member concerned shall have a reasonable period of time in which to do so. The reasonable period of time shall be:

(a) the period of time proposed by the Member concerned, provided that such period is approved by the DSB; or, in the absence of such approval,

(b) a period of time mutually agreed by the parties to the dispute within 45 days after the date of adoption of the recommendations and rulings; or, in the absence of such agreement,

(c) a period of time determined through binding arbitration within 90 days after the date of adoption of the recommendations and rulings.[185] In such arbitration, a guideline for the arbitrator[186] should be that the reasonable period of time to implement panel or Appellate Body recommendations should not exceed 15

framkvæmd skuli ekki vera lengri en 15 mánuðir frá því að skýrsla kærunefndar eða áfrýjunarnefndar var samþykkt. Þó er heimilt að fresturinn verði, eftir atvikum, lengri eða skemmri.

4. Ef kærunefnd eða áfrýjunarnefnd hefur ekki framlengt, skv. 9. mgr. 12. gr. eða 5. mgr. 17. gr., þann frest sem hún hefur til að skila skýrslu sinni skulu ekki líða nema 15 mánuðir frá því að deilumálanefndin skipar kærunefnd þar til ákveðið er hvað telst hæfilegur frestur, nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Hafi annaðhvort kærunefnd eða áfrýjunarnefnd gert ráðstafanir til að framlengja frestinn til að skila skýrslunni bætist sá tími við 15 mánaða frestinn, að því tilskildu að fresturinn verði samanlagt aldrei lengri en 18 mánuðir, nema deiluaðilar séu sammála um að um sérstakar aðstæður sé að ræða.

5. Ef ágreiningur er um hvort gerðar hafi verið ráðstafanir til að fara að tilmælum og úrskurðum eða hvort ráðstafanirnar samrýmist tilgreindum samningi skal skera úr slíkri deilu með því að hagnýta sér þessa málsmeðferð við lausn deilumála og skjóta deilunni til upphaflegrar kærunefndar, þegar unnt er. Kærunefnd skal skila skýrslu eigi síðar en 90 dögum eftir að málinu var vísað til hennar. Ef kærunefnd telur sér ekki fært að skila skýrslunni innan þessara tímamarka skal hún greina deilumálanefndinni skriflega frá ástæðum fyrir töfinni og áætla innan hvaða tímamarka hún muni leggja skýrslu sína fram.

6. Deilumálanefndin skal hafa eftirlit með framkvæmd tilmæla eða úrskurða sem samþykktir hafa verið. Aðilar geta borið upp í deilumálanefndinni mál er varða framkvæmd tilmæla eða úrskurða hvenær sem er eftir að tilmælin eða úrskurðirnir hafa verið samþykktir. Mál er varðar framkvæmd tilmæla eða úrskurða skulu tekin á dagskrá fundar deilumálanefndarinnar sex mánuðum eftir að hæfilegur frestur samkvæmt 3. mgr. er ákveðinn, nema deilumálanefndin ákveði annað, og vera á dagskrá uns málið er leyst. Minnst 10 dögum fyrir hvern slíkan fund deilumálanefndarinnar skal hlutaðeigandi aðili láta deilumálanefndinni í té skriflega áfangaskýrslu um hvernig framkvæmd tilmælanna eða úrskurðanna miðar.

7. Ef þróunaraðildarland hefur borið málið upp skal deilumálanefndin íhuga hvaða frekari ráðstafanir skuli gera er hæfi aðstæðum.

months from the date of adoption of a panel or Appellate Body report. However, that time may be shorter or longer, depending upon the particular circumstances.

4. Except where the panel or the Appellate Body has extended, pursuant to paragraph 9 of Article 12 or paragraph 5 of Article 17, the time of providing its report, the period from the date of establishment of the panel by the DSB until the date of determination of the reasonable period of time shall not exceed 15 months unless the parties to the dispute agree otherwise. Where either the panel or the Appellate Body has acted to extend the time of providing its report, the additional time taken shall be added to the 15-month period; provided that unless the parties to the dispute agree that there are exceptional circumstances, the total time shall not exceed 18 months.

5. Where there is disagreement as to the existence or consistency with a covered agreement of measures taken to comply with the recommendations and rulings such dispute shall be decided through recourse to these dispute settlement procedures, including wherever possible resort to the original panel. The panel shall circulate its report within 90 days after the date of referral of the matter to it. When the panel considers that it cannot provide its report within this time frame, it shall inform the DSB in writing of the reasons for the delay together with an estimate of the period within which it will submit its report.

6. The DSB shall keep under surveillance the implementation of adopted recommendations or rulings. The issue of implementation of the recommendations or rulings may be raised at the DSB by any Member at any time following their adoption. Unless the DSB decides otherwise, the issue of implementation of the recommendations or rulings shall be placed on the agenda of the DSB meeting after six months following the date of establishment of the reasonable period of time pursuant to paragraph 3 and shall remain on the DSB's agenda until the issue is resolved. At least 10 days prior to each such DSB meeting, the Member concerned shall provide the DSB with a status report in writing of its progress in the implementation of the recommendations or rulings.

7. If the matter is one which has been raised by a developing country Member, the DSB shall consider what further action it might take which would be appropriate to the circumstances.

8. Ef þróunaraðildarland ber málið upp skal deilumálanefndin, þegar hún íhugar hvaða frekari ráðstafanir skuli gera, ekki einungis taka tillit til þess hve mikil áhrif ráðstafanirnar, sem kært er út af, hafa á viðskipti heldur einnig hvaða áhrif þær geta haft á efnahag hlutaðeigandi þróunaraðildarlanda.

22. gr.
Bætur og frestun ívilnana.

1. Bætur og frestun ívilnana eða annarra skyldna eru bráðabirgðaráðstafanir sem grípa má til ef tilmæli og úrskurðir koma ekki til framkvæmda innan hæfilegs frests. Þó eru hvorki bætur né frestun ívilnana eða annarra skyldna teknar fram yfir fulla framkvæmd tilmæla um að færa ráðstöfun til samræmis við tilgreindu samningana. Frjálst er að veita bætur, en sé það gert skulu þær vera í samræmi við tilgreindu samningana.

2. Ef hlutaðeigandi aðili lætur hjá líða að færa ráðstöfun, sem úrskurðuð hefur verið ósamrýmanleg tilgreindum samningi, til samræmis við umræddan samning eða að fara á annan hátt að tilmælum og úrskurðum innan hæfilega frestsins, sem ákvarðaður var skv. 3. mgr. 21. gr., skal slíkur aðili, ef þess er óskað og eigi síðar en hæfilegi fresturinn er útrunninn, hefja samningaviðræður við þann aðila sem óskaði eftir að hafin yrði málsmeðferð við lausn deilumála, með það í huga að ákveða bætur sem báðir aðilar sætta sig við. Ef ekki semst um viðunandi bætur innan 20 daga frá því að sá frestur sem talinn var hæfilegur rann út geta allir aðilar, sem hafa óskað eftir að hafin yrði málsmeðferð við lausn deilumála, óskað eftir heimild deilumálanefndarinnar til að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum samkvæmt tilgreindu samningunum gagnvart hlutaðeigandi aðila.

3. Þegar kærandi íhugar hvaða ívilnunum eða öðrum skyldum skuli frestað skal hann beita eftirfarandi meginreglum og málsmeðferð:

a) meginreglan er að kærendum beri fyrst að leita eftir frestun ívilnana eða annarra skyldna á sama eða sömu sviðum og þeim sem kærunefnd eða áfrýjunarnefnd hefur ákvarðað að samningur hafi verið brotinn á eða ávinningur gerður að engu eða skertur;
b) ef kærandi telur að ekki sé gerlegt eða

8. If the case is one brought by a developing country Member, in considering what appropriate action might be taken, the DSB shall take into account not only the trade coverage of measures complained of, but also their impact on the economy of developing country Members concerned.

Article 22
Compensation and the Suspension of Concessions

1. Compensation and the suspension of concessions or other obligations are temporary measures available in the event that the recommendations and rulings are not implemented within a reasonable period of time. However, neither compensation nor the suspension of concessions or other obligations is preferred to full implementation of a recommendation to bring a measure into conformity with the covered agreements. Compensation is voluntary and, if granted, shall be consistent with the covered agreements.

2. If the Member concerned fails to bring the measure found to be inconsistent with a covered agreement into compliance therewith or otherwise comply with the recommendations and rulings within the reasonable period of time determined pursuant to paragraph 3 of Article 21, such Member shall, if so requested, and no later than the expiry of the reasonable period of time, enter into negotiations with any party having invoked the dispute settlement procedures, with a view to developing mutually acceptable compensation. If no satisfactory compensation has been agreed within 20 days after the date of expiry of the reasonable period of time, any party having invoked the dispute settlement procedures may request authorization from the DSB to suspend the application to the Member concerned of concessions or other obligations under the covered agreements.

3. In considering what concessions or other obligations to suspend, the complaining party shall apply the following principles and procedures:

(a) the general principle is that the complaining party should first seek to suspend concessions or other obligations with respect to the same sector(s) as that in which the panel or Appellate Body has found a violation or other nullification or impairment;
(b) if that party considers that it is not prac-

vænlegt til árangurs að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum á sama sviði eða sömu sviðum getur hann farið fram á frestun ívilnana eða annarra skyldna á öðrum sviðum samkvæmt sama samningi;

c) ef kærandi telur að ekki sé gerlegt eða vænlegt til árangurs að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum á öðrum sviðum samkvæmt sama samningi, og ef ástandið er nógu alvarlegt, getur hann farið fram á frestun ívilnana eða annarra skyldna samkvæmt öðrum tilgreindum samningi;

d) þegar framangreindum meginreglum er beitt skal kærandi taka tillit til:
   i) viðskipta á því sviði eða samkvæmt þeim samningi sem kærunefnd eða áfrýjunarnefnd hefur ákvarðað að hafi verið brotinn eða ávinningur gerður að engu eða skertur og til þess hve mikilvæg slík viðskipti eru fyrir kæranda;
   ii) efnahagslegra þátta í víðu samhengi sem tengjast því að ávinningur hefur verið gerður að engu eða skertur og efnahagslegra afleiðinga í víðu samhengi sem frestun ívilnana eða annarra skyldna getur haft;

e) ef kærandi ákveður að óska eftir heimild til að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum skv. b- eða c-lið skal hann tilgreina ástæður þessa í beiðninni. Um leið og beiðnin er send deilumálanefndinni skal hún einnig send viðkomandi ráðum og, ef um er að ræða beiðni samkvæmt b-lið, einnig nefndum á viðkomandi sérsviðum;

f) í málsgrein þessari merkir „svið“:

   i) að því er varðar vörur, allar vörur;
   ii) að því er varðar þjónustu, aðalsvið eins og það er skilgreint í gildandi skrá yfir flokkun þjónustusviða þar sem sviðin eru tilgreind[187];
   iii) að því er varðar hugverkarétt í viðskiptum, alla flokka hugverkaréttar sem fjallað er um í 1., 2., 3., 4., 5., 6. eða 7. þætti II. hluta eða skyldurnar skv. III. eða IV. hluta samningsins um hugverkarétt í viðskiptum;

ticable or effective to suspend concessions or other obligations with respect to the same sector(s), it may seek to suspend concessions or other obligations in other sectors under the same agreement;

(c) if that party considers that it is not practicable or effective to suspend concessions or other obligations with respect to other sectors under the same agreement, and that the circumstances are serious enough, it may seek to suspend concessions or other obligations under another covered agreement;

(d) in applying the above principles, that party shall take into account:
   (i) the trade in the sector or under the agreement under which the panel or Appellate Body has found a violation or other nullification or impairment, and the importance of such trade to that party;

   (ii) the broader economic elements related to the nullification or impairment and the broader economic consequences of the suspension of concessions or other obligations;

(e) if that party decides to request authorization to suspend concessions or other obligations pursuant to subparagraphs (b) or (c), it shall state the reasons therefor in its request. At the same time as the request is forwarded to the DSB, it also shall be forwarded to the relevant Councils and also, in the case of a request pursuant to subparagraph (b), the relevant sectoral bodies;

(f) for purposes of this paragraph, "sector" means:
   (i) with respect to goods, all goods;
   (ii) with respect to services, a principal sector as identified in the current "Services Sectoral Classification List" which identifies such sectors;[187]
   (iii) with respect to trade-related intellectual property rights, each of the categories of intellectual property rights covered in Section 1, or Section 2, or Section 3, or Section 4, or Section 5, or Section 6, or Section 7 of Part II, or the obligations under Part III, or Part IV of the Agreement on TRIPS;

g) í málsgrein þessari merkir „samningur“:

i) að því er varðar vörur, samningana sem eru taldir upp í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina í heild sinni svo og fjölhliða viðskiptasamningana, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi deiluaðilar eiga aðild að þeim samningum;

ii) að því er varðar þjónustu, samninginn um þjónustuviðskipti;

iii) að því er varðar hugverkarétt, samninginn um hugverkarétt í viðskiptum.

4. Frestun ívilnana eða annarra skyldna sem deilumálanefndin heimilar skal vera að umfangi sem jafngildir umfangi þess ávinnings sem gerður var að engu eða skertur.

5. Deilumálanefndin skal ekki heimila frestun ívilnana eða annarra skyldna ef tilgreindur samningur bannar slíka frestun.

6. Þegar upp kemur sú staða sem lýst er í 2. mgr. skal deilumálanefndin, að fenginni beiðni, veita heimild til að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum innan 30 daga frá því að hæfilegi fresturinn rennur út nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki að hafna beiðninni. Þó skal málinu vísað í gerðardóm ef hlutaðeigandi aðili andmælir því umfangi frestunar sem tillaga er gerð um eða ef hann heldur því fram að meginreglum og málsmeðferð skv. 3. mgr. hafi ekki verið fylgt þegar kærandi fór fram á heimild til að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum skv. b- eða c-lið 3. mgr. Skal upphaflega kærunefndin, ef nefndarmenn hennar eru tiltækir, eða gerðardómari,[188] skipaður af aðalframkvæmdarstjóranum, fella úrskurðinn og skal því vera lokið innan 60 daga frá því að hæfilegi fresturinn rann út. Ekki skal fresta ívilnunum eða öðrum skyldum á meðan málið er í gerðardómi.

7. Gerðardómari,[189] sem starfar skv. 6. mgr., skal ekki kanna hvers eðlis ívilnanir eða aðrar skyldur, sem fresta á, eru heldur skal hann ákvarða hvort umfang slíkrar frestunar jafngildi umfangi þess ávinnings sem gerður var að engu eða skertur. Gerðardómari úrskurðar einnig hvort fyrirhuguð frestun ívilnana eða annarra skyldna sé leyfileg samkvæmt tilgreinda samningnum. Ef því er haldið fram, í máli sem er vísað til gerðardóms, að ekki hafi verið farið að meginreglum og málsmeðferð skv. 3. mgr. skal gerðardómari kanna þá staðhæfingu. Ef gerðardómari úrskurðar að ekki hafi verið farið að

(g) for purposes of this paragraph, "agreement" means:

(i) with respect to goods, the agreements listed in Annex 1A of the WTO Agreement, taken as a whole as well as the Plurilateral Trade Agreements in so far as the relevant parties to the dispute are parties to these agreements;

(ii) with respect to services, the GATS;

(iii) with respect to intellectual property rights, the Agreement on TRIPS.

4. The level of the suspension of concessions or other obligations authorized by the DSB shall be equivalent to the level of the nullification or impairment.

5. The DSB shall not authorize suspension of concessions or other obligations if a covered agreement prohibits such suspension.

6. When the situation described in paragraph 2 occurs, the DSB, upon request, shall grant authorization to suspend concessions or other obligations within 30 days of the expiry of the reasonable period of time unless the DSB decides by consensus to reject the request. However, if the Member concerned objects to the level of suspension proposed, or claims that the principles and procedures set forth in paragraph 3 have not been followed where a complaining party has requested authorization to suspend concessions or other obligations pursuant to paragraph 3(b) or (c), the matter shall be referred to arbitration. Such arbitration shall be carried out by the original panel, if members are available, or by an arbitrator[188] appointed by the Director-General and shall be completed within 60 days after the date of expiry of the reasonable period of time. Concessions or other obligations shall not be suspended during the course of the arbitration.

7. The arbitrator[189] acting pursuant to paragraph 6 shall not examine the nature of the concessions or other obligations to be suspended but shall determine whether the level of such suspension is equivalent to the level of nullification or impairment. The arbitrator may also determine if the proposed suspension of concessions or other obligations is allowed under the covered agreement. However, if the matter referred to arbitration includes a claim that the principles and procedures set forth in paragraph 3 have not been followed, the arbitrator shall examine that claim. In the event the arbitrator determines that

þessum meginreglum og málsmeðferð skal kærandi beita þeim í samræmi við 3. mgr. Deiluaðilar skulu staðfesta úrskurð gerðardómara sem endanlegan og skulu hlutaðeigandi deiluaðilar ekki vísa málinu að nýju til gerðardóms. Deilumálanefndinni skal þegar í stað tilkynnt um úrskurð gerðardómara og skal hún, að fenginni beiðni, veita heimild til frestunar ívilnana eða annarra skyldna ef beiðnin er í samræmi við úrskurð gerðardómara, nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki að hafna þeirri beiðni.

8. Frestun ívilnana eða annarra skyldna skal vera tímabundin og einungis gilda þar til ráðstöfunin sem telst brjóta í bága við tilgreindan samning hefur verið afturkölluð eða aðilinn, sem á að koma tilmælunum eða úrskurðunum í framkvæmd, finnur lausn á því að ávinningur hefur verið gerður að engu eða skertur eða uns fundin er lausn sem báðir aðilar sætta sig við. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. skal deilumálanefndin hafa áframhaldandi eftirlit með framkvæmd samþykktra tilmæla eða úrskurða, einnig í tilvikum þar sem bætur hafa verið veittar eða ívilnunum eða öðrum skyldum verið frestað en tilmælum um að færa ráðstafanir til samræmis við tilgreinda samninga hefur ekki verið komið í framkvæmd.

9. Heimilt er að beita ákvæðum tilgreindu samninganna um lausn deilumála þegar um er að ræða ráðstafanir gerðar af svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum eða yfirvöldum á yfirráðasvæði aðila til að staðið verði við tilgreindu samningana. Ef deilumálanefndin hefur úrskurðað að ekki hafi verið farið að ákvæðum tilgreinds samnings skal aðilinn, sem ábyrgur er, gera þær ráðstafanir sem eðlilegar eru og honum kunna að vera tiltækar til að tryggja að farið sé að ákvæðunum. Ákvæði tilgreindu samninganna og þessa samkomulags, er varða bætur og frestun ívilnana eða annarra skyldna, gilda í tilvikum þar sem ekki hefur reynst unnt að tryggja að farið sé að slíkum samningum.[190]

23. gr.

Styrking alþjóðakerfisins.

1. Þegar aðilar leita eftir bótum vegna þess að ekki hefur verið staðið við skyldur eða að ávinningur samkvæmt tilgreindum samningi hefur verið gerður að engu eða skertur eða komið hefur verið í veg fyrir að markmið tilgreindu samninganna náist geta þeir hagnýtt sér reglur og málsmeðferð þessa samkomulags, og skulu fara eftir þeim.

those principles and procedures have not been followed, the complaining party shall apply them consistent with paragraph 3. The parties shall accept the arbitrator's decision as final and the parties concerned shall not seek a second arbitration. The DSB shall be informed promptly of the decision of the arbitrator and shall upon request, grant authorization to suspend concessions or other obligations where the request is consistent with the decision of the arbitrator, unless the DSB decides by consensus to reject the request.

8. The suspension of concessions or other obligations shall be temporary and shall only be applied until such time as the measure found to be inconsistent with a covered agreement has been removed, or the Member that must implement recommendations or rulings provides a solution to the nullification or impairment of benefits, or a mutually satisfactory solution is reached. In accordance with paragraph 6 of Article 21, the DSB shall continue to keep under surveillance the implementation of adopted recommendations or rulings, including those cases where compensation has been provided or concessions or other obligations have been suspended but the recommendations to bring a measure into conformity with the covered agreements have not been implemented.

9. The dispute settlement provisions of the covered agreements may be invoked in respect of measures affecting their observance taken by regional or local governments or authorities within the territory of a Member. When the DSB has ruled that a provision of a covered agreement has not been observed, the responsible Member shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure its observance. The provisions of the covered agreements and this Understanding relating to compensation and suspension of concessions or other obligations apply in cases where it has not been possible to secure such observance.[190]

Article 23

Strengthening of the Multilateral System

1. When Members seek the redress of a violation of obligations or other nullification or impairment of benefits under the covered agreements or an impediment to the attainment of any objective of the covered agreements, they shall have recourse to, and abide by, the rules and procedures of this Understanding.

2. Í slíkum tilvikum skulu aðilar:
   a) ekki ákvarða að brot hafi átt sér stað, ávinningur hafi verið gerður að engu eða skertur eða að komið hafi verið í veg fyrir að markmið tilgreindra samninga hafi náðst, nema með því að hagnýta sér lausn deilumála í samræmi við málsmeðferð og reglur í þessu samkomulagi og skulu þeir sjá til þess að slíkar ákvarðanir séu í samræmi við niðurstöður í skýrslum kærunefndar eða áfrýjunarnefndar, sem deilumálanefndin hefur samþykkt, eða gerðardómsúrskurð sem kveðinn er upp samkvæmt þessu samkomulagi;

   b) fylgja málsmeðferðinni sem fram kemur í 21. gr. við ákvörðun á því hvað sé hæfilegur frestur fyrir hlutaðeigandi aðila til þess að koma tilmælunum og úrskurðunum í framkvæmd; og
   c) fylgja málsmeðferðinni sem fram kemur í 22. gr. við ákvörðun á því hvert umfang frestunar ívilnana eða annarra skyldna skuli vera og fá til þess heimild deilumálanefndarinnar í samræmi við þá málsmeðferð áður en ívilnunum eða öðrum skyldum, samkvæmt tilgreindu samningunum, er frestað sem svar við því að hlutaðeigandi aðili hefur látið hjá líða að koma tilmælunum og úrskurðunum í framkvæmd innan þess frests sem talinn var hæfilegur.

2. In such cases, Members shall:
   (a) not make a determination to the effect that a violation has occurred, that benefits have been nullified or impaired or that the attainment of any objective of the covered agreements has been impeded, except through recourse to dispute settlement in accordance with the rules and procedures of this Understanding, and shall make any such determination consistent with the findings contained in the panel or Appellate Body report adopted by the DSB or an arbitration award rendered under this Understanding;
   (b) follow the procedures set forth in Article 21 to determine the reasonable period of time for the Member concerned to implement the recommendations and rulings; and
   (c) follow the procedures set forth in Article 22 to determine the level of suspension of concessions or other obligations and obtain DSB authorization in accordance with those procedures before suspending concessions or other obligations under the covered agreements in response to the failure of the Member concerned to implement the recommendations and rulings within that reasonable period of time.

24. gr.
Sérstök málsmeðferð vegna aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun.

1. Þegar orsakir deilu, þar sem eitt aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun á hlut að máli, eru ákvarðaðar skal á öllum stigum málsins og á meðan unnið er að lausn deilunnar tekið sérstakt tillit til sérstakra aðstæðna slíks aðila. Aðilar skulu í þessu tilliti sýna tilhlýðilegt aðhald þegar þeir bera upp mál samkvæmt þessari málsmeðferð þar sem eitt aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun á hlut að máli. Ef niðurstaðan er að ráðstöfun eins aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun hafi gert að engu eða skert ávinning skulu kærendur sýna tilhlýðilegt aðhald þegar þeir fara fram á bætur eða leita eftir heimild til að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum samkvæmt þessari málsmeðferð.
2. Ef ekki finnst viðunandi lausn í viðræðum í deilumáli þar sem eitt aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun á hlut að máli skal

Article 24
Special Procedures Involving Least-Developed Country Members

1. At all stages of the determination of the causes of a dispute and of dispute settlement procedures involving a least-developed country Member, particular consideration shall be given to the special situation of least-developed country Members. In this regard, Members shall exercise due restraint in raising matters under these procedures involving a least-developed country Member. If nullification or impairment is found to result from a measure taken by a least-developed country Member, complaining parties shall exercise due restraint in asking for compensation or seeking authorization to suspend the application of concessions or other obligations pursuant to these procedures.
2. In dispute settlement cases involving a least-developed country Member, where a satisfactory solution has not been found in the course of

aðalframkvæmdarstjórinn eða formaður deilumálanefndarinnar, að beiðni eins aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun, bjóða deiluaðilum málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum með það í huga að aðstoða deiluaðila við að leysa deiluna áður en farið er fram á að kærunefnd verði skipuð. Aðalframkvæmdarstjóranum eða formanni deilumálanefndarinnar er heimilt að nýta sér hvaða heimildir sem þeir telja við eiga þegar þeir veita slíka aðstoð.

25. gr.
Gerðardómsmeðferð.

1. Skjót gerðardómsmeðferð innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er annar möguleiki til að leysa deilur og getur hún greitt fyrir lausn ákveðinna deilna um málefni sem eru skýrt skilgreind af báðum aðilum.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessu samkomulagi er málskot til gerðardóms háð samkomulagi milli deiluaðila sem skulu koma sér saman um hvaða málsmeðferð skuli fylgt. Samkomulag um málskot til gerðardóms skal tilkynnt öllum aðilum með nægum fyrirvara áður en málsmeðferð hefst í gerðardómi.
3. Öðrum aðilum er aðeins heimilt að eiga hlut að málsmeðferð í gerðardómi að fengnu samþykki þeirra deiluaðila sem komu sér saman um að skjóta málinu til gerðardóms. Málsaðilar skulu samþykkja að hlíta gerðardómsúrskurðinum. Gerðardómsúrskurður skal tilkynntur til deilumálanefndarinnar og til ráðs eða nefndar viðkomandi samnings þar sem aðilar geta borið upp einstök atriði er varða málið.
4. Ákvæði 21. og 22. gr. þessa samkomulags gilda að breyttu breytanda um gerðardómsúrskurði.

consultations the Director-General or the Chairman of the DSB shall, upon request by a least-developed country Member offer their good offices, conciliation and mediation with a view to assisting the parties to settle the dispute, before a request for a panel is made. The Director-General or the Chairman of the DSB, in providing the above assistance, may consult any source which either deems appropriate.

Article 25
Arbitration

1. Expeditious arbitration within the WTO as an alternative means of dispute settlement can facilitate the solution of certain disputes that concern issues that are clearly defined by both parties.

2. Except as otherwise provided in this Understanding, resort to arbitration shall be subject to mutual agreement of the parties which shall agree on the procedures to be followed. Agreements to resort to arbitration shall be notified to all Members sufficiently in advance of the actual commencement of the arbitration process.
3. Other Members may become party to an arbitration proceeding only upon the agreement of the parties which have agreed to have recourse to arbitration. The parties to the proceeding shall agree to abide by the arbitration award. Arbitration awards shall be notified to the DSB and the Council or Committee of any relevant agreement where any Member may raise any point relating thereto.
4. Articles 21 and 22 of this Understanding shall apply *mutatis mutandis* to arbitration awards.

26. gr.
1. Kærur er varða ekki brot á samningi og lýst er í b-lið 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

Ef ákvæði b-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um tilgreindan samning er kærunefnd eða áfrýjunarnefnd ekki heimilt að úrskurða eða gefa út tilmæli nema deiluaðili telji að ávinningur, sem hann hefur beint eða óbeint samkvæmt tilgreindum samningi, sé gerður að engu eða skertur eða að komið sé í veg fyrir að markmiðum þess samnings verði náð vegna ráðstöfunar sem aðili gerir, hvort sem hún brýtur í bága við ákvæði þess samnings eða ekki. Þegar og að því marki sem slíkur deiluaðili

Article 26
1. Non-Violation Complaints of the Type Described in Paragraph 1(b) of Article XXIII of GATT 1994

Where the provisions of paragraph 1(b) of Article XXIII of GATT 1994 are applicable to a covered agreement, a panel or the Appellate Body may only make rulings and recommendations where a party to the dispute considers that any benefit accruing to it directly or indirectly under the relevant covered agreement is being nullified or impaired or the attainment of any objective of that Agreement is being impeded as a result of the application by a Member of any measure, whether or not it conflicts with the pro-

álítur og kærunefnd eða áfrýjunarnefnd ákvarðar að málið varði ráðstöfun, sem brýtur ekki í bága við ákvæði tilgreinds samnings sem ákvæði b-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um, skal málsmeðferð þessa samkomulags gilda, með fyrirvara um eftirfarandi:

a) kærandi skal leggja fram ítarleg rök til stuðnings kærum er varða ráðstafanir sem brjóta ekki í bága við viðkomandi tilgreindan samning;

b) þegar staðfest hefur verið að ráðstöfunin geri að engu eða skerði ávinning samkvæmt viðkomandi tilgreindum samningi eða hún komi í veg fyrir að markmið hans náist, án þess að um brot á samningnum sé að ræða, er ekki skylt að afturkalla ráðstöfunina. Í slíkum málum skal þó kærunefnd eða áfrýjunarnefnd beina þeim tilmælum til hlutaðeigandi aðila að hann breyti ráðstöfuninni á þann veg sem deiluaðilarnir sætta sig við;

c) þrátt fyrir ákvæði 21. gr. er heimilt að gerðardómurinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 21. gr., feli í sér, að beiðni annars hvors deiluaðilans, ákvörðun um umfang ávinningsins sem hefur verið skertur eða gerður að engu og einnig tillögur um leiðir til að ná samkomulagi um breytingar sem deiluaðilar sætta sig við; slíkar tillögur eru ekki bindandi fyrir deiluaðila;

d) þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. er heimilt að bætur séu hluti af breytingum sem deiluaðilar geta sætt sig við sem endanlega lausn á deilunni.

visions of that Agreement. Where and to the extent that such party considers and a panel or the Appellate Body determines that a case concerns a measure that does not conflict with the provisions of a covered agreement to which the provisions of paragraph 1(b) of Article XXIII of GATT 1994 are applicable, the procedures in this Understanding shall apply, subject to the following:

(a) the complaining party shall present a detailed justification in support of any complaint relating to a measure which does not conflict with the relevant covered agreement;

(b) where a measure has been found to nullify or impair benefits under, or impede the attainment of objectives, of the relevant covered agreement without violation thereof, there is no obligation to withdraw the measure. However, in such cases, the panel or the Appellate Body shall recommend that the Member concerned make a mutually satisfactory adjustment;

(c) notwithstanding the provisions of Article 21, the arbitration provided for in paragraph 3 of Article 21, upon request of either party, may include a determination of the level of benefits which have been nullified or impaired, and may also suggest ways and means of reaching a mutually satisfactory adjustment; such suggestions shall not be binding upon the parties to the dispute;

(d) notwithstanding the provisions of paragraph 1 of Article 22, compensation may be part of a mutually satisfactory adjustment as final settlement of the dispute.

2. Kærur sem lýst er í c-lið 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

Þegar ákvæði c-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um tilgreindan samning er kærunefnd einungis heimilt að kveða upp úrskurði og gefa út tilmæli þegar deiluaðili telur að ávinningur, sem hann hefur beint eða óbeint samkvæmt tilgreindum samningi, sé gerður að engu eða skertur eða að komið sé í veg fyrir að markmiðum þess samnings verði náð vegna þess að aðrar aðstæður eru fyrir hendi en þær sem ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda

2. Complaints of the Type Described in Paragraph 1(c) of Article XXIII of GATT 1994

Where the provisions of paragraph 1(c) of Article XXIII of GATT 1994 are applicable to a covered agreement, a panel may only make rulings and recommendations where a party considers that any benefit accruing to it directly or indirectly under the relevant covered agreement is being nullified or impaired or the attainment of any objective of that Agreement is being impeded as a result of the existence of any situation other than those to which the provisions of paragraphs 1(a) and 1(b) of Article XXIII of

um. Þegar og að því marki sem slíkur deiluaðili álítur og kærunefnd ákvarðar að málið falli undir þessa málsgrein gildir málsmeðferð þessa samkomulags einungis þar til skýrslu kærunefndar hefur verið dreift til aðila. Reglurnar og málsmeðferðin við lausn deilumála, sem ákvörðunin frá 12. apríl 1989 (BISD 36S/61-67) hefur að geyma, gilda þegar tilmæli og úrskurðir eru tekin fyrir og samþykkt og við eftirlit og framkvæmd þeirra. Einnig gildir eftirfarandi:

a) kærandi skal leggja fram ítarleg rök máli sínu til stuðnings í málum sem falla undir þessa málsgrein;

b) í málum, sem falla undir þessa málsgrein, skal kærunefnd, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að málið tengist lausn annarra deilumála en þeirra sem þessi málsgrein gildir um, senda deilumálanefndinni skýrslu sem fjallar um þau mál og sérstaka skýrslu um mál sem falla undir þessa málsgrein.

27. gr.

Hlutverk aðalskrifstofunnar.

1. Aðalskrifstofan skal veita kærunefndinni aðstoð, einkum að því er varðar þær hliðar viðfangsefna er snúa að lagalegum og sögulegum þáttum og málsmeðferð og veita þeim aðstoð við skrifstofuvinnu og tæknilega aðstoð.

2. Þegar aðalskrifstofan aðstoðar aðila við lausn deilumála að þeirra beiðni kann einnig að vera þörf á frekari lagalegri ráðgjöf og aðstoð við lausn deilumála að því er varðar þróunaraðildarlönd. Í þessu skyni skal aðalskrifstofan útvega þróunaraðildarlandi hæfan lagasérfræðing frá tæknisamvinnudeild Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ef þess er óskað. Sá sérfræðingur skal, í störfum sínum fyrir þróunaraðildarland, tryggja að aðalskrifstofan sé jafnan óhlutdræg.

3. Aðalskrifstofan skal halda sérstök námskeið um þessa málsmeðferð og venjur við lausn deilumála fyrir aðila sem eiga hagsmuna að gæta svo að sérfræðingum aðila gefist kostur á að afla sér meiri vitneskju þar að lútandi.

GATT 1994 are applicable. Where and to the extent that such party considers and a panel determines that the matter is covered by this paragraph, the procedures of this Understanding shall apply only up to and including the point in the proceedings where the panel report has been circulated to the Members. The dispute settlement rules and procedures contained in the Decision of 12 April 1989 (BISD 36S/61-67) shall apply to consideration for adoption, and surveillance and implementation of recommendations and rulings. The following shall also apply:

(a) the complaining party shall present a detailed justification in support of any argument made with respect to issues covered under this paragraph;

(b) in cases involving matters covered by this paragraph, if a panel finds that cases also involve dispute settlement matters other than those covered by this paragraph, the panel shall circulate a report to the DSB addressing any such matters and a separate report on matters falling under this paragraph.

Article 27

Responsibilities of the Secretariat

1. The Secretariat shall have the responsibility of assisting panels, especially on the legal, historical and procedural aspects of the matters dealt with, and of providing secretarial and technical support.

2. While the Secretariat assists Members in respect of dispute settlement at their request, there may also be a need to provide additional legal advice and assistance in respect of dispute settlement to developing country Members. To this end, the Secretariat shall make available a qualified legal expert from the WTO technical cooperation services to any developing country Member which so requests. This expert shall assist the developing country Member in a manner ensuring the continued impartiality of the Secretariat.

3. The Secretariat shall conduct special training courses for interested Members concerning these dispute settlement procedures and practices so as to enable Members' experts to be better informed in this regard.

1. VIÐBÆTIR
SAMNINGAR SEM SAMKOMULAG ÞETTA TEKUR TIL

A) Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

B) Marghliða viðskiptasamningar.
- 1. viðauki A: Marghliða samningar um vöruviðskipti.
- 1. viðauki B: Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti.
- 1. viðauki C: Samningur um hugverkarétt í viðskiptum.
- 2. viðauki: Samkomulag um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.

C) Fjölhliða viðskiptasamningar.
- 4. viðauki: Samningur um viðskipti með almenn loftför.
  Samningur um opinber innkaup.
  Alþjóðasamningur um viðskipti með mjólkurvörur.
  Alþjóðasamningur um viðskipti með nautakjöt.

Beiting þessa samkomulags að því er varðar fjölhliða viðskiptasamningana er háð því að aðilar að hverjum samningi samþykki ákvörðun þar sem settir eru fram skilmálar um hvernig samkomulaginu skuli beitt að því er varðar hvern einstakan samning, að meðtöldum sérreglum eða viðbótarreglum eða -málsmeðferð sem verður bætt í 2. viðbæti, eins og tilkynnt er til deilumálanefndarinnar.

APPENDIX 1
AGREEMENTS COVERED BY THE UNDERSTANDING

(A) Agreement Establishing the World Trade Organization

(B) Multilateral Trade Agreements
- Annex 1A: Multilateral Agreements on Trade in Goods
- Annex 1B: General Agreement on Trade in Services
- Annex 1C: Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights
- Annex 2: Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes

(C) Plurilateral Trade Agreements
- Annex 4: Agreement on Trade in Civil Aircraft
  Agreement on Government Procurement
  International Dairy Agreement
  International Bovine Meat Agreement

The applicability of this Understanding to the Plurilateral Trade Agreements shall be subject to the adoption of a decision by the parties to each agreement setting out the terms for the application of the Understanding to the individual agreement, including any special or additional rules or procedures for inclusion in Appendix 2, as notified to the DSB.

2. VIÐBÆTIR
SÉRREGLUR EÐA VIÐBÓTARREGLUR OG -MÁLSMEÐFERÐ Í TILGREINDU SAMNINGUNUM

Samningar	*Reglur og málsmeðferð*
Samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna	11.2
Samningur um textílvörur og fatnað	2.14, 2.21, 4.4, 5.2, 5.4, 5.6, 6.9, 6.10, 6.11, 8.1 til 8.12
Samningur um tæknilegar viðskiptahindranir	14.2 til 14.4, 2. viðauki
Samningur um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994	17.4 til 17.7
Samningur um framkvæmd VII. gr. GATT-samningsins frá 1994	19.3 til 19.5, f-liður 2. mgr. og 3., 9. og 21. mgr. II. viðauka
Samningur um styrki og jöfnunarráðstafanir	4.2 til 4.12, 6.6, 7.2 til 7.10, 8.5, 35. nmgr., 24.4, 27.7, V. viðauki
Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti	XXIII:3
Viðauki um fjármálaþjónustu	4
Viðauki um flugþjónustu	4
Ákvörðun um tiltekna málsmeðferð við lausn deilumála í þjónustuviðskiptum	1 til 5

Í skránni yfir reglur og málsmeðferð í þessum viðbæti eru ákvæði sem kunna að eiga við einungis að hluta til í þessu samhengi.

Sérreglur eða viðbótarreglur eða -málsmeðferð í fjölhliða viðskiptasamningunum eins og þær voru ákvarðaðar af þar til bærum ráðum og nefndum sérhvers samnings og deilumálanefndinni var tilkynnt um.

APPENDIX 2
SPECIAL OR ADDITIONAL RULES AND PROCEDURES CONTAINED IN THE COVERED AGREEMENTS

Agreement	*Rules and Procedures*
Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures	11.2
Agreement on Textiles and Clothing through	2.14, 2.21, 4.4, 5.2, 5.4, 5.6, 6.9, 6.10, 6.11, 8.1 through 8.12
Agreement on Technical Barriers to Trade	14.2 through 14.4, Annex 2
Agreement on Implementation of Article VI of GATT 1994	17.4 through 17.7
Agreement on Implementation of Article VII of GATT 1994	19.3 through 19.5, Annex II. 2(f), 3, 9, 21
Agreement on Subsidies and Countervailing Measures	4.2 through 4.12, 6.6, 7.2 through 7.10, 8.5, footnote 35, 24.4, 27.7, Annex V
General Agreement on Trade in Services	XXIII:3
Annex on Financial Services	4
Annex on Air Transport Services	4
Decision on Certain Dispute Settlement Procedures for the GATS	1 through 5

The list of rules and procedures in this Appendix includes provisions where only a part of the provision may be relevant in this context.

Any special or additional rules or procedures in the Plurilateral Trade Agreements as determined by the competent bodies of each agreement and as notified to the DSB.

3. VIÐBÆTIR
STARFSREGLUR

1. Kærunefnd skal starfa eftir þeim ákvæðum þessa samkomulags sem við eiga. Að auki skulu eftirfarandi starfsreglur gilda.

2. Kærunefnd starfar fyrir luktum dyrum. Deiluaðilar og þeir sem eiga hagsmuna að gæta skulu því aðeins sitja fundi að þeir séu boðaðir til fundar af kærunefnd.

APPENDIX 3
WORKING PROCEDURES

1. In its proceedings the panel shall follow the relevant provisions of this Understanding. In addition, the following working procedures shall apply.

2. The panel shall meet in closed session. The parties to the dispute, and interested parties, shall be present at the meetings only when invited by the panel to appear before it.

3. Umræður í kærunefnd og skjöl, sem henni berast, skulu vera trúnaðarmál. Ekkert í þessu samkomulagi skal koma í veg fyrir að deiluaðili geri opinberlega grein fyrir afstöðu sinni. Aðilar skulu fara með upplýsingar, sem annar aðili hefur látið kærunefnd eða áfrýjunarnefnd í té, sem trúnaðarmál, hafi síðarnefndi aðilinn merkt það sem slíkt. Þegar deiluaðili leggur skriflegar greinargerðir sínar sem trúnaðarskjal fyrir kærunefnd skal hann einnig, að beiðni aðila, láta í té samantekt úr skriflegum greinargerðum sínum, sem er ekki trúnaðarmál og má því birta almenningi.

4. Áður en kærunefnd heldur fyrsta efnislega fundinn með deiluaðilum skulu deiluaðilar senda kærunefndinni skriflegar greinargerðir um staðreyndir málsins og rök sín.

5. Á fyrsta fundi um málið með deiluaðilum óskar kærunefndin eftir því við kærandann að hann geri grein fyrir máli sínu. Eftir það fær deiluaðilinn, sem kærður er, að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, einnig á sama fundi.

6. Öllum þriðju aðilum, sem hafa tilkynnt deilumálanefndinni að þeir eigi hagsmuna að gæta, skal boðið skriflega að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum á þeim hluta fyrsta fundarins um málið sem kærunefnd ætlar til þessa. Allir slíkir þriðju aðilar mega sitja allan þennan hluta fundarins.

7. Á öðrum fundi kærunefndar um málið eru lögð fram formleg gagnrök. Deiluaðilinn, sem er kærður, á rétt á að flytja mál sitt fyrst og síðan kærandinn. Fyrir þann fund skulu deiluaðilar leggja skrifleg gagnrök fyrir kærunefndina.

8. Kærunefnd er hvenær sem er heimilt að leggja spurningar fyrir deiluaðila og óska eftir því að fá skýringar, annaðhvort á fundi með deiluaðilum eða skriflega.

9. Deiluaðilar og allir þriðju aðilar, sem er boðið að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum í samræmi við 10. gr., skulu afhenda kærunefndinni skriflega útgáfu af þeim yfirlýsingum sem þeir höfðu áður gefið munnlega.

10. Til þess að fullt gagnsæi ríki skulu deiluaðilar vera viðstaddir þegar sjónarmið eru kynnt og lögð fram gagnrök þau og yfirlýsingar sem um getur í 5.–9. mgr. Enn fremur skal hinum deiluaðilanum eða -aðilunum veittur aðgangur að skriflegum greinargerðum sérhvers deiluaðila,

3. The deliberations of the panel and the documents submitted to it shall be kept confidential. Nothing in this Understanding shall preclude a party to a dispute from disclosing statements of its own positions to the public. Members shall treat as confidential information submitted by another Member to the panel which that Member has designated as confidential. Where a party to a dispute submits a confidential version of its written submissions to the panel, it shall also, upon request of a Member, provide a non-confidential summary of the information contained in its submissions that could be disclosed to the public.

4. Before the first substantive meeting of the panel with the parties, the parties to the dispute shall transmit to the panel written submissions in which they present the facts of the case and their arguments.

5. At its first substantive meeting with the parties, the panel shall ask the party which has brought the complaint to present its case. Subsequently, and still at the same meeting, the party against which the complaint has been brought shall be asked to present its point of view.

6. All third parties which have notified their interest in the dispute to the DSB shall be invited in writing to present their views during a session of the first substantive meeting of the panel set aside for that purpose. All such third parties may be present during the entirety of this session.

7. Formal rebuttals shall be made at a second substantive meeting of the panel. The party complained against shall have the right to take the floor first to be followed by the complaining party. The parties shall submit, prior to that meeting, written rebuttals to the panel.

8. The panel may at any time put questions to the parties and ask them for explanations either in the course of a meeting with the parties or in writing.

9. The parties to the dispute and any third party invited to present its views in accordance with Article 10 shall make available to the panel a written version of their oral statements.

10. In the interest of full transparency, the presentations, rebuttals and statements referred to in paragraphs 5 to 9 shall be made in the presence of the parties. Moreover, each party's written submissions, including any comments on the descriptive part of the report and responses to

að meðtöldum athugasemdum um þann hluta skýrslunnar þar sem málinu er lýst og svörum við spurningum kærunefndar.

11. Hvers konar önnur málsmeðferð sem er sérstök fyrir þessa kærunefnd.

12. Tillögur að tímaáætlun fyrir kærunefndir:

a) Fyrstu skriflegu greinargerðir deiluaðila mótteknar frá:
   1) kæranda: ____ 3–6 vikur
   2) deiluaðila sem var kærður: ____ 2–3 vikur
b) Dagur, tími og staður fundar með deiluaðilum þar sem fjallað er um málið í fyrsta sinn; fundur með þriðju aðilum: ____ 1–2 vikur
c) Skrifleg gagnrök deiluaðila móttekin: ____ 2–3 vikur
d) Dagur, tími og staður fundar með deiluaðilum þar sem fjallað er um málið í annað sinn: ____ 1–2 vikur
e) Sá hluti skýrslunnar, þar sem málinu er lýst, afhentur deiluaðilum: ____ 2–4 vikur
f) Deiluaðilar gera athugasemdir við þann hluta skýrslunnar þar sem málinu er lýst: ____ 2 vikur
g) Deiluaðilum afhent bráðabirgðaskýrsla með niðurstöðum og ályktunum: ____ 2–4 vikur
h) Frestur deiluaðila til að fara fram á endurskoðun á einum eða fleiri hlutum skýrslu: ____ 1 vika
i) Tíminn sem kærunefnd hefur til endurskoðunar, að meðtöldum aukafundum með deiluaðilum ef þörf er á: ____ 2 vikur
j) Deiluaðilum afhent lokaskýrsla: ____ 2 vikur
k) Lokaskýrsla send aðilum: ____ 3 vikur

Breyta má framangreindri tímaáætlun ef málið

questions put by the panel, shall be made available to the other party or parties.

11. Any additional procedures specific to the panel.

12. Proposed timetable for panel work:

(a) Receipt of first written submissions of the parties:
   (1) complaining Party: ____ 3–6 weeks
   (2) Party complained against: ____ 2–3 weeks
(b) Date, time and place of first substantive meeting with the parties; third party session: ____ 1–2 weeks
(c) Receipt of written rebuttals of the parties: ____ 2–3 weeks
(d) Date, time and place of second substantive meeting with the parties: ____ 1–2 weeks
(e) Issuance of descriptive part of the report to the parties: ____ 2–4 weeks
(f) Receipt of comments by the parties on the descriptive part of the report: ____ 2 weeks
(g) Issuance of the interim report, including the findings and conclusions, to the parties: ____ 2–4 weeks
(h) Deadline for party to request review of part(s) of report: ____ 1 week
(i) Period of review by panel, including possible additional meeting with parties: ____ 2 weeks
(j) Issuance of final report to parties to dispute: ____ 2 weeks
(k) Circulation of the final report to the Members: ____ 3 weeks

The above calendar may be changed in the light

tekur óvænta stefnu. Boða skal til aukafunda með deiluaðilum ef þörf er á.

4. VIÐBÆTIR
RÁÐGEFANDI SÉRFRÆÐINGAHÓPAR

Eftirfarandi reglur og málsmeðferð gilda um ráðgefandi sérfræðingahópa sem komið er á fót í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr.

1. Ráðgefandi sérfræðingahópar heyra undir kærunefnd. Kærunefnd ákveður starfsskilmála þeirra og setur þeim nákvæmar starfsreglur og skulu þeir gefa kærunefndinni skýrslu.
2. Ráðgefandi sérfræðingahópar skulu einungis skipaðir mönnum með fagþekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
3. Ríkisborgarar deiluaðila skulu ekki starfa í hópi ráðgefandi sérfræðinga án samþykkis allra deiluaðila nema kærunefnd telji, við sérstakar aðstæður, að ekki sé unnt að uppfylla kröfur um vísindalega sérþekkingu á annan hátt. Í hópi ráðgefandi sérfræðinga skulu ekki vera embættismenn stjórnvalds sem er deiluaðili. Þeir sem eru í hópi ráðgefandi sérfræðinga starfa þar á einstaklingsgrundvelli en ekki sem fulltrúar stjórnvalda eða fulltrúar stofnana eða samtaka. Því skulu hvorki stjórnvöld né stofnanir eða samtök gefa þeim fyrirmæli í málum sem eru til umfjöllunar hjá ráðgefandi sérfræðingahópi.

4. Ráðgefandi sérfræðingahópar geta nýtt sér hvaða heimild sem er og leitað eftir upplýsingum og tæknilegri ráðgjöf þar sem þeir telja við eiga. Áður en ráðgefandi sérfræðingahópur leitar eftir slíkum upplýsingum eða ráðgjöf innan lögsögu aðila skal hann tilkynna það stjórnvöldum þess aðila. Aðilar skulu bregðast fljótt og vel við öllum beiðnum ráðgefandi sérfræðingahóps um þær upplýsingar sem hópurinn telur nauðsynlegar og við eiga.
5. Deiluaðilar skulu hafa aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum sem látnar eru ráðgefandi sérfræðingahópi í té, nema um trúnaðarmál sé að ræða. Trúnaðarupplýsingar, sem látnar eru ráðgefandi sérfræðingahópi í té, skal ekki láta af hendi nema með formlegu samþykki stjórnvaldsins, stofnunarinnar, samtakanna eða þess manns sem þær veitti. Ef óskað er eftir slíkum upplýsingum frá ráðgefandi sérfræðingahópi en honum er óheimilt að veita þær, ber stjórnvaldinu, samtökunum eða einstaklingnum, sem veitir upplýsingarnar, að láta í té samantekt úr þeim sem er ekki trúnaðarmál.

of unforeseen developments. Additional meetings with the parties shall be scheduled if required.

APPENDIX 4
EXPERT REVIEW GROUPS

The following rules and procedures shall apply to expert review groups established in accordance with the provisions of paragraph 2 of Article 13.
1. Expert review groups are under the panel's authority. Their terms of reference and detailed working procedures shall be decided by the panel, and they shall report to the panel.
2. Participation in expert review groups shall be restricted to persons of professional standing and experience in the field in question.
3. Citizens of parties to the dispute shall not serve on an expert review group without the joint agreement of the parties to the dispute, except in exceptional circumstances when the panel considers that the need for specialized scientific expertise cannot be fulfilled otherwise. Government officials of parties to the dispute shall not serve on an expert review group. Members of expert review groups shall serve in their individual capacities and not as government representatives, nor as representatives of any organization. Governments or organizations shall therefore not give them instructions with regard to matters before an expert review group.
4. Expert review groups may consult and seek information and technical advice from any source they deem appropriate. Before an expert review group seeks such information or advice from a source within the jurisdiction of a Member, it shall inform the government of that Member. Any Member shall respond promptly and fully to any request by an expert review group for such information as the expert review group considers necessary and appropriate.
5. The parties to a dispute shall have access to all relevant information provided to an expert review group, unless it is of a confidential nature. Confidential information provided to the expert review group shall not be released without formal authorization from the government, organization or person providing the information. Where such information is requested from the expert review group but release of such information by the expert review group is not authorized, a non-confidential summary of the information will be provided by the government, organization or person supplying the information.

6. Sérfræðingahópurinn skal fá deiluaðilum í hendur drög að skýrslu með það í huga að þeir geri athugasemdir og skal tekið tillit til þeirra athugasemda, eftir því sem við á, í lokaskýrslu sinni sem er einnig afhent deiluaðilum þegar hún er lögð fyrir kærunefnd. Lokaskýrsla sérfræðingahópsins er einungis ráðgefandi.

3. VIÐAUKI: FYRIRKOMULAG Á ENDURSKOÐUN VIÐSKIPTASTEFNU

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:

A. Markmið.

i) Tilgangurinn með föstu fyrirkomulagi á endurskoðun viðskiptastefnu er að stuðla að því, með auknu gagnsæi og auknum skilningi að því er viðvíkur viðskiptastefnu og viðskiptaháttum aðila, að allir aðilar virði í auknum mæli reglur, verklagsreglur og skuldbindingar samkvæmt marghliða viðskiptasamningunum og, þar sem við á, fjölhliða viðskiptasamningunum og auðvelda með þessum hætti framkvæmd marghliða viðskiptakerfisins. Þannig veitir endurskoðunarfyrirkomulagið tækifæri til að skilja og meta, með reglubundnum hætti og í heild sinni, viðskiptastefnu og viðskiptahætti einstakra aðila og áhrif þeirra á virkni marghliða viðskiptakerfisins. Samt er ekki ætlunin að endurskoðunarfyrirkomulagið verði grundvöllur til að framfylgja tilteknum skyldum samkvæmt samningunum eða málsmeðferð við lausn deilumála eða að leggja nýjar skuldbindingar um viðskiptastefnu á aðila.

ii) Matið, sem framkvæmt er með endurskoðunarfyrirkomulaginu, fer fram, að því marki sem við á, með hliðsjón af alhliða þörfum viðkomandi aðila með tilliti til efnahags og þróunar, stefnu og markmiða og ytra umhverfis hans. Tilgangurinn með endurskoðunarfyrirkomulaginu er samt sem áður að kanna þau áhrif sem viðskiptastefna og viðskiptahættir aðila hafa á marghliða viðskiptakerfið.

B. Gagnsæi innanlands.

Aðilar viðurkenna mikilvægi þess, bæði fyrir efnahag aðila og marghliða viðskiptakerfið, að ákvarðanir stjórnvalda innanlands séu gagnsæj-

6. The expert review group shall submit a draft report to the parties to the dispute with a view to obtaining their comments, and taking them into account, as appropriate, in the final report, which shall also be issued to the parties to the dispute when it is submitted to the panel. The final report of the expert review group shall be advisory only.

ANNEX 3 TRADE POLICY REVIEW MECHANISM

Members hereby *agree* as follows:

A. Objectives

(i) The purpose of the Trade Policy Review Mechanism ("TPRM") is to contribute to improved adherence by all Members to rules, disciplines and commitments made under the Multilateral Trade Agreements and, where applicable, the Plurilateral Trade Agreements, and hence to the smoother functioning of the multilateral trading system, by achieving greater transparency in, and understanding of, the trade policies and practices of Members. Accordingly, the review mechanism enables the regular collective appreciation and evaluation of the full range of individual Members' trade policies and practices and their impact on the functioning of the multilateral trading system. It is not, however, intended to serve as a basis for the enforcement of specific obligations under the Agreements or for dispute settlement procedures, or to impose new policy commitments on Members.

(ii) The assessment carried out under the review mechanism takes place, to the extent relevant, against the background of the wider economic and developmental needs, policies and objectives of the Member concerned, as well as of its external environment. However, the function of the review mechanism is to examine the impact of a Member's trade policies and practices on the multilateral trading system.

B. Domestic transparency

Members recognize the inherent value of domestic transparency of government decision-making on trade policy matters for both Members'

ar í málum er varða viðskiptastefnu og hafa komið sér saman um að hvetja til og stuðla að auknu gagnsæi eigin kerfa um leið og þeir fallast á að sérhver aðili verði að koma á gagnsæi innanlands af frjálsum vilja og með tilliti til laga og stjórnarhátta sinna.

C. Málsmeðferð við endurskoðun.

i) Nefnd um endurskoðun á viðskiptastefnu (hér á eftir kölluð „endurskoðunarnefndin“) er hér með komið á fót í þeim tilgangi að annast endurskoðun á viðskiptastefnu.

ii) Endurskoða skal viðskiptastefnu og viðskiptahætti allra aðila með reglubundnu millibili. Hve títt endurskoðun fer fram ræðst af þeim áhrifum sem einstakir aðilar hafa á framkvæmd marghliða viðskiptakerfisins og skilgreind eru samkvæmt hlutdeild þeirra í heimsviðskiptum á nýliðnu viðmiðunartímabili. Endurskoðun fjögurra fyrstu viðskiptaeiningaanna, sem tilgreindar eru með þessum hætti (Evrópubandalögin teljast ein viðskiptaeining), skal fara fram annað hvert ár. Endurskoðun 16 þeirra næstu skal fara fram fjórða hvert ár. Endurskoðun annarra aðila skal fara fram á sex ára fresti, en heimilt er að ákvarða lengra tímabil fyrir þau aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun. Sá skilningur ríkir að endurskoðun eininga, sem hafa sameiginlega utanríkisstefnu sem gildir fyrir fleiri en einn aðila, skuli ná til allra þátta viðskiptastefnu, þar með talin viðeigandi stefna og viðskiptahættir einstakra aðila. Í undantekningartilvikum er endurskoðunarnefndinni heimilt, eftir að viðræður hafa farið fram, að óska eftir að viðkomandi aðili hraði næstu endurskoðun ef um er að ræða breytingar á viðskiptastefnu eða viðskiptaháttum hans sem kunna að hafa veruleg áhrif á þá sem hann á viðskipti við.

iii) Umræður á fundum endurskoðunarnefndarinnar skulu vera á grundvelli þeirra markmiða sem sett eru fram í A-hluta. Meginefni umræðnanna skal vera viðskiptastefna og viðskiptahættir viðkomandi aðila sem eru til endurskoðunar.

iv) Endurskoðunarnefndin skal ákveða meginskipulag á framkvæmd endurskoðunar. Hún getur einnig fjallað um og haft hlið-

economies and the multilateral trading system, and agree to encourage and promote greater transparency within their own systems, acknowledging that the implementation of domestic transparency must be on a voluntary basis and take account of each Member's legal and political systems.

C. Procedures for review

(i) The Trade Policy Review Body (referred to herein as the "TPRB") is hereby established to carry out trade policy reviews.

(ii) The trade policies and practices of all Members shall be subject to periodic review. The impact of individual Members on the functioning of the multilateral trading system, defined in terms of their share of world trade in a recent representative period, will be the determining factor in deciding on the frequency of reviews. The first four trading entities so identified (counting the European Communities as one) shall be subject to review every two years. The next 16 shall be reviewed every four years. Other Members shall be reviewed every six years, except that a longer period may be fixed for least-developed country Members. It is understood that the review of entities having a common external policy covering more than one Member shall cover all components of policy affecting trade including relevant policies and practices of the individual Members. Exceptionally, in the event of changes in a Member's trade policies or practices that may have a significant impact on its trading partners, the Member concerned may be requested by the TPRB, after consultation, to bring forward its next review.

(iii) Discussions in the meetings of the TPRB shall be governed by the objectives set forth in paragraph A. The focus of these discussions shall be on the Member's trade policies and practices, which are the subject of the assessment under the review mechanism.

(iv) The TPRB shall establish a basic plan for the conduct of the reviews. It may also discuss and take note of updated reports

sjón af skýrslum frá aðilum með nýjustu upplýsingum. Endurskoðunarnefndin skal gera áætlun um endurskoðun fyrir hvert ár í samráði við þá aðila sem eiga beinan hlut að máli. Formanni nefndarinnar er heimilt, í samráði við aðilann eða aðilana sem endurskoðunin nær til, að velja framsögumenn í viðræðunum sem skulu koma fram á einstaklingsgrundvelli og kynna málið sem er til umræðu fyrir endurskoðunarnefndinni.

v) Endurskoðunarnefndin skal byggja störf sín á eftirfarandi gögnum:
   a) ítarlegri skýrslu, sem um getur í D-hluta, frá aðilanum eða aðilunum sem endurskoðunin tekur til;
   b) skýrslu sem aðalskrifstofan semur á eigin ábyrgð og byggð er á upplýsingum sem hún hefur aðgang að og upplýsingum sem viðkomandi aðili eða aðilar láta í té. Aðalskrifstofan skal leita eftir nánari skýringum frá viðkomandi aðila eða aðilum á viðskiptastefnu þeirra og viðskiptaháttum.

vi) Að endurskoðun lokinni skal þegar í stað birta skýrslu aðilans sem endurskoðun tekur til og skýrslu aðalskrifstofunnar ásamt fundargerð frá fundi endurskoðunarnefndarinnar um málið.

vii) Þessi gögn verða send ráðherrastefnunni sem skal taka tillit til þeirra.

D. Skýrslur.

Sérhver aðili skal senda endurskoðunarnefndinni skýrslu reglulega til að tryggja gagnsæi að því marki sem framast er unnt. Í ítarlegum skýrslum skal lýsa viðskiptastefnu og viðskiptaháttum sem viðkomandi aðili eða aðilar fylgja og hafa skýrsluna með sniði sem samkomulag er um og endurskoðunarnefndin ákveður. Í byrjun skal þetta snið byggt á grunnsniði fyrir skýrslur landa sem ákveðið var með ákvörðun frá 19. júlí 1989 (BISD 36S/406-409), með nauðsynlegum breytingum til þess að skýrslan geti náð til allra þátta viðskiptastefnu sem marghliða viðskiptasamningarnir í 1. viðauka og, þar sem við á, fjölhliða viðskiptasamningarnir taka til. Endurskoðunarnefndinni er heimilt að endurskoða þetta snið í ljósi fenginnar reynslu. Verði verulegar breytingar á viðskiptastefnu aðila milli þess sem endurskoðun fer fram skulu þeir leggja fram stuttar skýrslur; árlega skal

from Members. The TPRB shall establish a programme of reviews for each year in consultation with the Members directly concerned. In consultation with the Member or Members under review, the Chairman may choose discussants who, acting in their personal capacity, shall introduce the discussions in the TPRB.

(v) The TPRB shall base its work on the following documentation:
   (a) a full report, referred to in paragraph D, supplied by the Member or Members under review;
   (b) a report, to be drawn up by the Secretariat on its own responsibility, based on the information available to it and that provided by the Member or Members concerned. The Secretariat should seek clarification from the Member or Members concerned of their trade policies and practices.

(vi) The reports by the Member under review and by the Secretariat, together with the minutes of the respective meeting of the TPRB, shall be published promptly after the review.

(vii) These documents will be forwarded to the Ministerial Conference, which shall take note of them.

D. Reporting

In order to achieve the fullest possible degree of transparency, each Member shall report regularly to the TPRB. Full reports shall describe the trade policies and practices pursued by the Member or Members concerned, based on an agreed format to be decided upon by the TPRB. This format shall initially be based on the Outline Format for Country Reports established by the Decision of 19 July 1989 (BISD 36S/406-409), amended as necessary to extend the coverage of reports to all aspects of trade policies covered by the Multilateral Trade Agreements in Annex 1 and, where applicable, the Plurilateral Trade Agreements. This format may be revised by the TPRB in the light of experience. Between reviews, Members shall provide brief reports when there are any significant changes in their trade policies; an annual update of statistical information will be provided according

leggja fram nýjustu tölulegu upplýsingar í samræmi við samþykkt snið. Taka skal sérstakt tillit til erfiðleika sem aðildarlönd, sem eru skemmst á veg komin í þróun, eiga við að glíma við skýrslugerð. Aðalskrifstofan skal veita aðilum sem eru þróunarlönd (hér eftir nefndir „þróunaraðildarlönd"), einkum aðildarlöndum sem eru skemmst á veg komin í þróun, tæknilega aðstoð sé óskað eftir því. Upplýsingar í skýrslum ber að samræma eins og frekast er unnt við tilkynningar samkvæmt ákvæðum marghliða viðskiptasamninganna og, þar sem við á, ákvæðum fjölhliða viðskiptasamninganna.

E. Tengsl við ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994 og samningnum um þjónustuviðskipti.

Aðilar viðurkenna þörfina á að draga eins og unnt er úr álagi á stjórnvöld sem einnig þurfa að eiga ítarlegar viðræður samkvæmt ákvæðunum um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994 eða samningnum um þjónustuviðskipti. Í þessu skyni skal formaður endurskoðunarnefndar, í samráði við viðkomandi aðila, einn eða fleiri, og formann nefndarinnar um takmarkanir vegna greiðslujafnaðar, leggja til stjórnunarfyrirkomulag sem veldur ekki meira en 12 mánaða frestun á endurskoðun viðskiptastefnu og er til þess ætlað að samhæfa eðlililega tíðni endurskoðunar á viðskiptastefnu og tímaáætlunina fyrir viðræður um greiðslujöfnuð.

F. Mat á fyrirkomulaginu.

Endurskoðunarnefndin skal leggja mat á framkvæmd fyrirkomulagsins á endurskoðun viðskiptastefnu eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Niðurstöður matsins skulu lagðar fyrir ráðherrastefnuna. Nefndinni er síðan heimilt að leggja mat á fyrirkomulag endurskoðunar með því millibili sem hún ákveður eða samkvæmt beiðni ráðherrastefnunnar.

G. Yfirlit yfir þróun í alþjóðaviðskiptum.

Endurskoðunarnefndin skal einnig taka saman árlegt yfirlit yfir þá þróun sem á sér stað í alþjóðaviðskiptum og hefur áhrif á marghliða viðskiptakerfið. Auk yfirlitsins skal hafa hliðsjón af ársskýrslu aðalframkvæmdastjórans þar sem fram koma helstu þættir í starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og athygli er beint að mikilvægum stefnumálum sem áhrif hafa á viðskiptakerfið.

to the agreed format. Particular account shall be taken of difficulties presented to least-developed country Members in compiling their reports. The Secretariat shall make available technical assistance on request to developing country Members, and in particular to the least-developed country Members. Information contained in reports should to the greatest extent possible be coordinated with notifications made under provisions of the Multilateral Trade Agreements and, where applicable, the Plurilateral Trade Agreements.

E. Relationship with the balance-of-payments provisions of GATT 1994 and GATS

Members recognize the need to minimize the burden for governments also subject to full consultations under the balance-of-payments provisions of GATT 1994 or GATS. To this end, the Chairman of the TPRB shall, in consultation with the Member or Members concerned, and with the Chairman of the Committee on Balance-of-Payments Restrictions, devise administrative arrangements that harmonize the normal rhythm of the trade policy reviews with the timetable for balance-of-payments consultations but do not postpone the trade policy review by more than 12 months.

F. Appraisal of the Mechanism

The TPRB shall undertake an appraisal of the operation of the TPRM not more than five years after the entry into force of the Agreement Establishing the WTO. The results of the appraisal will be presented to the Ministerial Conference. It may subsequently undertake appraisals of the TPRM at intervals to be determined by it or as requested by the Ministerial Conference.

G. Overview of Developments in the International Trading Environment

An annual overview of developments in the international trading environment which are having an impact on the multilateral trading system shall also be undertaken by the TPRB. The overview is to be assisted by an annual report by the Director-General setting out major activities of the WTO and highlighting significant policy issues affecting the trading system.

4. VIÐAUKI:
FJÖLHLIÐA VIÐSKIPTASAMNINGAR

ANNEX 4
PLURILATERAL TRADE AGREEMENTS

SAMNINGUR UM FLUGVÉLA-VIÐSKIPTI

Samningur um flugvélaviðskipti, gerður í Genf 12. apríl 1979 (BISD 26S/162), með síðari lagfæringum, leiðréttingum og breytingum.

AGREEMENT ON TRADE IN CIVIL AIRCRAFT

The Agreement on Trade in Civil Aircraft, done at Geneva on 12 April 1979 (BISD 26S/162), as subsequently modified, rectified or amended.

SAMNINGUR UM OPINBER INNKAUP

Samningur um opinber innkaup, gerður í Marakess 15. apríl 1994.

AGREEMENT ON GOVERNMENT PROCUREMENT

The Agreement on Government Procurement done at Marrakesh on 15 April 1994.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM VIÐSKIPTI MEÐ MJÓLKURVÖRUR

Alþjóðasamningur um viðskipti með mjólkurvörur, gerður í Marakess 15. apríl 1994.

INTERNATIONAL DAIRY AGREEMENT

The International Dairy Agreement done at Marrakesh on 15 April 1994.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM VIÐSKIPTI MEÐ NAUTAKJÖT

Alþjóðasamningur um viðskipti með nautakjöt, gerður í Marakess 15. apríl 1994.

INTERNATIONAL BOVINE MEAT AGREEMENT

The International Bovine Meat Agreement done at Marrakesh on 15 April 1994.

Neðanmálsgreinar.

[1] Hlutaðeigandi stofnun, ráð eða nefnd telst hafa tekið ákvörðun í máli sem fyrir hana er lagt samhljóða ef enginn aðili, sem er viðstaddur á fundi þegar ákvörðunin er tekin, mótmælir fyrirhugaðri ákvörðun með formlegum hætti.
[2] Fjöldi atkvæða Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra skal aldrei vera meiri en sem nemur fjölda aðildarríkja Evrópubandalaganna.
[3] Ákvarðanir aðalráðsins, þegar það kemur saman sem nefnd um lausn deilumála, skulu einungis teknar í samræmi við ákvæði 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins um lausn deilumála.
[4] Ákvörðun um að veita undanþágu frá skyldu, sem er háð aðlögunartímabili eða tímabili þar sem ákvæði eru látin koma til framkvæmda í áföngum, og sem aðilinn er leggur fram beiðni um undanþágu hefur ekki uppfyllt í lok viðkomandi tímabils, skal einungis tekin samhljóða.
[5] Undanþágur sem þetta ákvæði gildir um eru taldar upp í 7. mgr. á bls. 11 og 12 í II. hluta skjalsins MTN/FA frá 15. desember 1993 og í MTN/FA/6. leiðr. frá 21. mars 1994. Ráðherrastefnan skal á fyrsta fundi sínum setja fram endurskoðaða skrá yfir undanþágur sem þetta ákvæði gildir um þar sem undanþágum sem veittar eru samkvæmt Gatt-samkomulaginu frá 1947, eftir 15. desember 1993 og fyrir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, er bætt við og felldar niður undanþágur sem þá verða útrunnar.
[6] Samræma ber störf þessa starfshóps og störf starfshópsins sem kveðið er á um í III. þætti ráðherraákvörðunarinnar varðandi málsmeðferð við tilkynningar sem samþykkt var 15. apríl 1994.
[7] Engu í þessu samkomulagi er ætlað að hafa þau áhrif að breyta réttindum og skyldum aðila samkvæmt XII. gr. eða B-hluta XVIII gr. GATT-samningsins frá 1994. Heimilt er að beita ákvæðum XXII. gr. og XXIII gr. GATT-samningsins frá 1994 eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála að því er varðar mál sem koma upp vegna beitingar innflutningstakmarkana sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar.
[8] Þessar ráðstafanir taka til magntakmarkana á innflutningi, breytilegra innflutningsgjalda, lágmarksinnflutningsverðs, veitingar innflutningsleyfa að eigin ákvörðun, ráðstafana annarra en tolla sem er viðhaldið í gegnum ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, útflutningshafta að eigin ákvörðun og svipaðra ráðstafana á landamærum, annarra en venjulegra tolla, hvort sem ráðstöfununum er viðhaldið samkvæmt undanþágum tiltekins lands frá ákvæðum GATT-samkomulagsins frá 1947 eða ekki, en ekki til ráðstafana sem er viðhaldið samkvæmt ákvæðum um greiðslujöfnuð eða öðrum almennum ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 sem ekki tengjast sérstökum landbúnaðarákvæðum eða öðrum marghliða viðskiptasamningum í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
[9] Viðmiðunararverð, sem miðað er við þegar þessum lið er beitt, skal almennt vera meðaltal c.i.f. einingarverðs viðkomandi vöru eða að öðrum kosti viðeigandi verð miðað við gæði og vinnslustig vörunnar. Að upphaflegri notkun lokinni skal tilgreina það opinberlega og það skal vera tiltækt að því marki sem er nauðsynlegt til að gera öðrum aðilum fært að meta hvaða viðbótartoll er heimilt að leggja á.

Footnotes

[1] The body concerned shall be deemed to have decided by consensus on a matter submitted for its consideration, if no Member, present at the meeting when the decision is taken, formally objects to the proposed decision.
[2] The number of votes of the European Communities and their member States shall in no case exceed the number of the member States of the European Communities.
[3] Decisions by the General Council when convened as the Dispute Settlement Body shall be taken only in accordance with the provisions of paragraph 4 of Article 2 of the Dispute Settlement Understanding.
[4] A decision to grant a waiver in respect of any obligation subject to a transition period or a period for staged implementation that the requesting Member has not performed by the end of the relevant period shall be taken only by consensus.
[5] The waivers covered by this provision are listed in footnote 7 on pages 11 and 12 in Part II of document MTN/FA of 15 December 1993 and in MTN/FA/Corr.6 of 21 March 1994. The Ministerial Conference shall establish at its first session a revised list of waivers covered by this provision that adds any waivers granted under GATT 1947 after 15 December 1993 and before the date of entry into force of the WTO Agreement, and deletes the waivers which will have expired by that time.

[6] The activities of this working party shall be coordinated with those of the working group provided for in Section III of the Ministerial Decision on Notification Procedures adopted on 15 April 1994.
[7] Nothing in this Understanding is intended to modify the rights and obligations of Members under Articles XII or XVIII:B of GATT 1994. The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding may be invoked with respect to any matters arising from the application of restrictive import measures taken for balance-of-payments purposes.
[8] These measures include quantitative import restrictions, variable import levies, minimum import prices, discretionary import licensing, non-tariff measures maintained through state-trading enterprises, voluntary export restraints, and similar border measures other than ordinary customs duties, whether or not the measures are maintained under country-specific derogations from the provisions of GATT 1947, but not measures maintained under balance-of-payments provisions or under other general, non-agriculture-specific provisions of GATT 1994 or of the other Multilateral Trade Agreements in Annex 1A to the WTO Agreement.

[9] The reference price used to invoke the provisions of this subparagraph shall, in general, be the average c.i.f. unit value of the product concerned, or otherwise shall be an appropriate price in terms of the quality of the product and its stage of processing. It shall, following its initial use, be publicly specified and available to the extent necessary to allow other Members to assess the additional duty that may be levied.

[10] Ef ekki er tekið tillit til innanlandsneyslu gildir grunnmarkstig skv. a-lið 4. mgr.
[11] „Jöfnunartollar“ sem um getur í þessari grein eru þeir sem falla undir VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og V. hluta samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir.

[12] Að því er varðar 3. mgr. þessa viðauka skal litið svo á að opinberar áætlanir um birgðahald með tilliti til fæðuöryggis í þróunarlöndum framkvæmdar á gagnsæjan hátt og í samræmi við hlutlægar viðmiðanir eða viðmiðunarreglur, sem hafa verið birtar opinberlega, séu í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar, þar með taldar áætlanir um að matvælabirgða með tilliti til fæðuöryggis sé aflað og þær seldar á fyrirframákveðnu verði, að því tilskildu að mismunur á kaupverði og erlendu viðmiðunarverði komi fram í heildarstuðningi.

[13] (5 og 6) Að því er varðar 3. og 4. mgr. þessa viðauka skal litið svo á að úthlutun matvæla á niðurgreiddu verði í þeim tilgangi að fullnægja næringarþörfum fátækra í borgum og dreifbýli þróunarlanda, reglubundið og á sanngjörnu verði, sé í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar.
[14] Í þessum samningi tekur tilvísun til b-liðar XX. greinar einnig til inngangs þeirrar greinar.
[15] Að því er 3. mgr. 3. gr. varðar er um vísindaleg rök að ræða ef aðili ákvarðar, á grundvelli athugunar og mats á tiltækum vísindalegum upplýsingum í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa samnings, að viðeigandi alþjóðlegir staðlar, viðmiðunarreglur eða tilmæli nægi ekki til að ná hæfilegu verndarstigi í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna.

[16] Að því er 6. mgr. 5. gr. varðar takmarkar ráðstöfun viðskipti ekki meira en nauðsynlegt er nema önnur ráðstöfun, hæfilega aðgengileg og gerð með tilliti til þess hvað er tæknilega og efnahagslega gerlegt, nægi til að ná hæfilegu verndarstigi í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna og takmarki viðskipti mun minna.
[17] Í þessum skilgreiningum tekur hugtakið „dýr“ til fiska og villtra dýra, „planta“ tekur til skóga og villtra plantna, hugtakið „plágur“ tekur til illgresis og „aðskotaefni“ til varnarefna- og dýralyfjaleifa og aðskotahluta.
[18] Ráðstafanir sem tengjast hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna á borð við almenn lög og stjórnsýslufyrirmæli.
[19] Þegar „ríkisborgara“ er getið í þessum samningi skal líta svo á, þegar um er að ræða sérstakt tollsvæði sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, að átt sé við einstaklinga eða lögpersónur með lögheimili eða raunverulegan og virkan atvinnurekstur eða viðskipti á því tollsvæði.

[20] Málsmeðferð við eftirlit, skoðun og samþykki felur meðal annars í sér málsmeðferð við sýnatöku, prófun og vottun.
[21] Útflutningur frá aðilum, sem eru skemmst á veg komnir í þróun, getur einnig notið góðs af þessu ákvæði að því marki sem unnt er.
[22] „Samningsár“ merkir 12 mánaða tímabil sem hefst þann dag sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi og síðan 12 mánuðir í senn.

[23] Viðkomandi ákvæði GATT-samningsins frá 1994 taka ekki til ákvæða XIX. gr. með tilliti til vara sem hafa ekki

[10] Where domestic consumption is not taken into account, the base trigger level under subparagraph 4(a) shall apply.
[11] "Countervailing duties" where referred to in this Article are those covered by Article VI of GATT 1994 and Part V of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures.
[12] For the purposes of paragraph 3 of this Annex, governmental stockholding programmes for food security purposes in developing countries whose operation is transparent and conducted in accordance with officially published objective criteria or guidelines shall be considered to be in conformity with the provisions of this paragraph, including programmes under which stocks of foodstuffs for food security purposes are acquired and released at administered prices, provided that the difference between the acquisition price and the external reference price is accounted for in the AMS.
[13] (5 & 6) For the purposes of paragraphs 3 and 4 of this Annex, the provision of foodstuffs at subsidized prices with the objective of meeting food requirements of urban and rural poor in developing countries on a regular basis at reasonable prices shall be considered to be in conformity with the provisions of this paragraph.
[14] In this Agreement, reference to Article XX(b) includes also the chapeau of that Article.
[15] For the purposes of paragraph 3 of Article 3, there is a scientific justification if, on the basis of an examination and evaluation of available scientific information in conformity with the relevant provisions of this Agreement, a Member determines that the relevant international standards, guidelines or recommendations are not sufficient to achieve its appropriate level of sanitary or phytosanitary protection.
[16] For purposes of paragraph 6 of Article 5, a measure is not more trade-restrictive than required unless there is another measure, reasonably available taking into account technical and economic feasibility, that achieves the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection and is significantly less restrictive to trade.
[17] For the purpose of these definitions, "animal" includes fish and wild fauna; "plant" includes forests and wild flora; "pests" include weeds; and "contaminants" include pesticide and veterinary drug residues and extraneous matter.
[18] Sanitary and phytosanitary measures such as laws, decrees or ordinances which are applicable generally.

[19] When "nationals" are referred to in this Agreement, the term shall be deemed, in the case of a separate customs territory Member of the WTO, to mean persons, natural or legal, who are domiciled or who have a real and effective industrial or commercial establishment in that customs territory.
[20] Control, inspection and approval procedures include, *inter alia*, procedures for sampling, testing and certification.
[21] To the extent possible, exports from a least-developed country Member may also benefit from this provision.

[22] The "agreement year" is defined to mean a 12-month period beginning from the date of entry into force of the WTO Agreement and at the subsequent 12-month intervals.
[23] The relevant GATT 1994 provisions shall not include Article XIX in respect of products not yet integrated into

enn verið felldar inn í GATT-samninginn frá 1994, nema sérstaklega sé kveðið á um það í 3. mgr. viðaukans.

[24] Með takmörkunum er átt við allar einhliða magntakmarkanir, tvíhliða fyrirkomulag og aðrar ráðstafanir sem hafa svipuð áhrif.

[25] Tollabandalagi er heimilt að beita verndarráðstöfun sem ein heild eða fyrir hönd aðildarríkis. Þegar tollabandalag beitir verndarráðstöfun sem ein heild skulu allar forsendur fyrir ákvörðun þess efnis að um alvarlegan skaða sé að ræða, eða raunverulega hættu á slíku, samkvæmt þessum samningi byggðar á þeim skilyrðum sem eru fyrir hendi í tollabandalaginu í heild. Þegar verndarráðstöfun er beitt fyrir hönd aðildarríkis skulu allar forsendur fyrir ákvörðun þess efnis að um alvarlegan skaða sé að ræða, eða raunverulega hættu á slíku, byggðar á þeim skilyrðum sem eru fyrir hendi í því aðildarríki og skal ráðstöfunin takmarkast við það aðildarríki.

[26] Slík yfirvofandi aukning skal vera mælanleg og skal ekki ákvörðuð á grundvelli staðhæfingar, tilgátu eða möguleika sem til dæmis er rakinn til framleiðslugetu útflutningsaðila.

[27] Þegar „ríkisborgara" er getið í þessum samningi skal líta svo á, þegar um er að ræða yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er sérstakt tollsvæði, að átt sé við einstaklinga eða lögpersónur með lögheimili eða raunverulega og virka starfstöð fyrir atvinnurekstur eða viðskipti á því tollsvæði.

[28] Tilkynna skal um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum, gerðar að eigin ákvörðun yfirvalds, í hvert sinn sem þeim er beitt. Eigi ber nauðsyn til að láta af hendi upplýsingar sem kynnu að skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja.

[29] Hugtakið „hefja rannsókn" eins og það er notað í þessum samningi merkir málsmeðferð þar sem aðili hefur rannsókn með formlegum hætti eins og kveðið er á um í 5. gr.

[30] Sala á samsvarandi vöru, sem er ætluð til neyslu á innanlandsmarkaði í útflutningslandinu, telst að jafnaði nægilegt magn til að ákvarða eðlisverð ef slík sala er 5% eða meira af sölu viðkomandi vöru til innflutningsaðila, að því tilskildu að lægra hlutfall sé talið viðunandi ef sýnt er fram á það með sönnunargögnum að innlend sala í svo lágu hlutfalli nægi samt til að gefa fullnægjandi samanburð.

[31] Í þessum samningi merkir hugtakið „yfirvöld" hæfilega hátt sett yfirvöld.

[32] Þessi langi tími ætti að jafnaði að vera eitt ár og aldrei minna en sex mánuðir.

[33] Sala undir kostnaði á einingu fer fram í umtalsverðu magni ef yfirvöld komast að raun um að vegið meðalsöluverð í viðskiptunum, sem athugast til að ákvarða eðlisverð, er lægra en veginn meðalkostnaður á einingu eða ef magn sölu undir einingakostnaði er ekki undir 20% af því magni sem selt er í viðskiptunum sem verið er að athuga til að ákvarða eðlisverð.

[34] Leiðréttingar vegna byrjunarreksturs skulu endurspegla kostnað í lok byrjunartímabilsins eða, nái það tímabil fram yfir rannsóknartímabilið, nýjasta kostnað sem eðlilegt er að yfirvöld taki tillit til við rannsóknina.

GATT 1994, except as specifically provided in paragraph 3 of the Annex.

[24] Restrictions denote all unilateral quantitative restrictions, bilateral arrangements and other measures having a similar effect.

[25] A customs union may apply a safeguard measure as a single unit or on behalf of a member State. When a customs union applies a safeguard measure as a single unit, all the requirements for the determination of serious damage or actual threat thereof under this Agreement shall be based on the conditions existing in the customs union as a whole. When a safeguard measure is applied on behalf of a member State, all the requirements for the determination of serious damage, or actual threat thereof, shall be based on the conditions existing in that member State and the measure shall be limited to that member State.

[26] Such an imminent increase shall be a measurable one and shall not be determined to exist on the basis of allegation, conjecture or mere possibility arising, for example, from the existence of production capacity in the exporting Members.

[27] "Nationals" here shall be deemed, in the case of a separate customs territory Member of the WTO, to mean persons, natural or legal, who are domiciled or who have a real and effective industrial or commercial establishment in that customs territory.

[28] In the case of TRIMs applied under discretionary authority, each specific application shall be notified. Information that would prejudice the legitimate commercial interests of particular enterprises need not be disclosed.

[29] The term "initiated" as used in this Agreement means the procedural action by which a Member formally commences an investigation as provided in Article 5.

[30] Sales of the like product destined for consumption in the domestic market of the exporting country shall normally be considered a sufficient quantity for the determination of the normal value if such sales constitute 5 per cent or more of the sales of the product under consideration to the importing Member, provided that a lower ratio should be acceptable where the evidence demonstrates that domestic sales at such lower ratio are nonetheless of sufficient magnitude to provide for a proper comparison.

[31] When in this Agreement the term "authorities" is used, it shall be interpreted as meaning authorities at an appropriate senior level.

[32] The extended period of time should normally be one year but shall in no case be less than six months.

[33] Sales below per unit costs are made in substantial quantities when the authorities establish that the weighted average selling price of the transactions under consideration for the determination of the normal value is below the weighted average per unit costs, or that the volume of sales below per unit costs represents not less than 20 per cent of the volume sold in transactions under consideration for the determination of the normal value.

[34] The adjustment made for start-up operations shall reflect the costs at the end of the start-up period or, if that period extends beyond the period of investigation, the most recent costs which can reasonably be taken into account by the authorities during the investigation.

[35] Gert er ráð fyrir því að sumir framangreindra þátta kunni að skarast og yfirvöld skulu sjá til þess að þau endurtaki ekki leiðréttingar sem hafa þegar verið gerðar samkvæmt þessu ákvæði.
[36] Dagsetning sölu er að jafnaði dagsetning samnings, pöntunar, staðfestingar á pöntun eða reiknings eftir því í hverju þessara skjala söluskilmálar eru ákveðnir.
[37] Í þessum samningi merkir hugtakið „skaði", nema annað sé tilgreint, umtalsverðan skaða eða hættu á umtalsverðum skaða fyrir innlenda atvinnugrein eða umtalsverða torveldun á stofnun slíks atvinnureksturs og skal það túlkað í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

[38] Sem eitt dæmi af mörgum má nefna að ærin ástæða sé til að ætla að í náinni framtíð verði veruleg aukning á innflutningi vörunnar á undirboðsverði.

[39] Í þessari málsgrein teljast framleiðendur því aðeins hafa tengsl við útflytjendur eða innflytjendur að *a)* annar stjórni hinum, beint eða óbeint, eða *b)* þriðji aðili stjórni þeim báðum, beint eða óbeint, eða *c)* þeir stjórni þriðja aðila í sameiningu, beint eða óbeint enda sé ástæða til að álíta eða gruna að þessi tengsl hafi þau áhrif að viðkomandi framleiðandi hagi sér á annan hátt en framleiðendur sem hafa engin slík tengsl. Í þessari málsgrein telst einn stjórna öðrum ef sá fyrrnefndi er að lögum eða í starfi í aðstöðu til að setja þeim síðarnefnda takmarkanir eða stjórna honum.

[40] Í þessum samningi merkir hugtakið „leggja á" endanlega álagningu eða innheimtu tolla eða skatta.

[41] Þegar um er að ræða margskiptar atvinnugreinar með óvenjulega mörgum framleiðendum geta yfirvöld ákvarðað stuðning og andstöðu með tölfræðilega gildri úrtaksaðferð.
[42] Aðilar gera sér grein fyrir því að á yfirráðasvæði tiltekinna aðila geta starfsmenn innlendra framleiðenda samsvarandi vöru eða fulltrúar þessara starfsmanna sent inn eða stutt umsókn um rannsókn samkvæmt 1. mgr.

[43] Að jafnaði skal reikna frest fyrir útflytjendur frá þeim degi er þeir taka við spurningalista sem telst í þessu sambandi móttekinn einni viku frá þeim degi er hann var sendur til þess sem ber að svara eða afhentur hlutaðeigandi sendifulltrúa útflutningsaðila eða, þegar um er að ræða einstök tollsvæði sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, opinberum fulltrúa útflutningssvæðisins.

[44] Gert er ráð fyrir að þegar útflytjendur eru óvenju margir sé heildartexti skriflegu umsóknarinnar aðeins afhentur yfirvöldum útflutningsaðila eða viðkomandi atvinnugreinasamtökum.

[45] Aðilar gera sér grein fyrir að á yfirráðasvæði tiltekinna aðila kann þess að vera krafist að afhending upplýsing sé háð ströngum reglum um upplýsingaleynd.
[46] Aðilar samþykkja að ekki megi hafna beiðnum um upplýsingaleynd að geðþótta.
[47] Orðið „heimilt" ber ekki að skilja svo að unnt sé að halda áfram rannsókn jafnhliða skuldbindingum, nema það sé gert samkvæmt ákvæðum 4. gr.

[48] Þetta er skilið þannig að ef til vill sé ekki unnt að hlíta

[35] It is understood that some of the above factors may overlap, and authorities shall ensure that they do not duplicate adjustments that have been already made under this provision.
[36] Normally, the date of sale would be the date of contract, purchase order, order confirmation, or invoice, whichever establishes the material terms of sale.
[37] Under this Agreement the term "injury" shall, unless otherwise specified, be taken to mean material injury to a domestic industry, threat of material injury to a domestic industry or material retardation of the establishment of such an industry and shall be interpreted in accordance with the provisions of this Article.
[38] One example, though not an exclusive one, is that there is convincing reason to believe that there will be, in the near future, substantially increased importation of the product at dumped prices.
[39] For the purpose of this paragraph, producers shall be deemed to be related to exporters or importers only if *(a)* one of them directly or indirectly controls the other; or *(b)* both of them are directly or indirectly controlled by a third person; or *(c)* together they directly or indirectly control a third person, provided that there are grounds for believing or suspecting that the effect of the relationship is such as to cause the producer concerned to behave differently from non-related producers. For the purpose of this paragraph, one shall be deemed to control another when the former is legally or operationally in a position to exercise restraint or direction over the latter.
[40] As used in this Agreement "levy" shall mean the definitive or final legal assessment or collection of a duty or tax.
[41] In the case of fragmented industries involving an exceptionally large number of producers, authorities may determine support and opposition by using statistically valid sampling techniques.
[42] Members are aware that in the territory of certain Members employees of domestic producers of the like product or representatives of those employees may make or support an application for an investigation under paragraph 1.
[43] As a general rule, the time-limit for exporters shall be counted from the date of receipt of the questionnaire, which for this purpose shall be deemed to have been received one week from the date on which it was sent to the respondent or transmitted to the appropriate diplomatic representative of the exporting Member or, in the case of a separate customs territory Member of the WTO, an official representative of the exporting territory.
[44] It being understood that, where the number of exporters involved is particularly high, the full text of the written application should instead be provided only to the authorities of the exporting Member or to the relevant trade association.
[45] Members are aware that in the territory of certain Members disclosure pursuant to a narrowly-drawn protective order may be required.
[46] Members agree that requests for confidentiality should not be arbitrarily rejected.
[47] The word "may" shall not be interpreted to allow the simultaneous continuation of proceedings with the implementation of price undertakings except as provided in paragraph 4.
[48] It is understood that the observance of the time-limits

kröfum um tímamörk sem getið er um í þessum undirlið og í undirlið 3.2 ef viðkomandi vara er háð endurskoðun dómsvalda.

[49] Ákvörðun um endanlega ábyrgð á greiðslu undirboðstolla, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr., telst ekki eiginleg endurskoðun í skilningi þessarar greinar.

[50] Þegar fjárhæð undirboðstolls er metin afturvirkt er yfirvöldum ekki skylt að fella endanlegan toll niður þótt niðurstaðan úr nýjasta mati samkvæmt undirlið 3.1 í 9. gr. gefi til kynna að ekki skuli leggja tolla á.

[51] Ef yfirvöld gefa upplýsingar og skýringar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar í sérstakri skýrslu skulu þau sjá til þess að almenningur eigi greiðan aðgang að skýrslunni.

[52] Þetta kemur ekki í veg fyrir að gripið sé til aðgerða samkvæmt öðrum viðeigandi ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 eftir því sem við á.

[53] Sá skilningur ríkir að þetta ákvæði skyldi ekki aðila til að heimila opinberum stofnunum annarra aðila að framkvæma vöruskoðun fyrir sendingu á yfirráðasvæði þeirra.

[54] Alþjóðastaðall er staðall sem opinber eða óopinber stofnun notar, þar sem öllum aðilum er heimil þátttaka og einn þáttur í viðurkenndri starfsemi stofnunarinnar er á sviði stöðlunar.

[55] Að því er varðar þennan samning ríkir sá skilningur að „óviðráðanlegar aðstæður“ merki „þvingun eða nauðung sem viðkomandi fær ekki rönd við reist, ófyrirsjáanlega atburðarás sem veitir undanþágu frá því að uppfylla samningsákvæði“.

[56] Skyldur aðila sem eru notendur, með tilliti til þjónustu stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu í tengslum við tollverðsákvörðun, skulu vera sömu skyldur og þeir hafa gengist undir samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 og öðrum marghliða viðskiptasamningum sem um getur í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

[57] Sá skilningur ríkir að heimilt sé að veita slíka tækniaðstoð á tvíhliða, fjölhliða eða marghliða grundvelli.

[58] Litið er svo á að þetta ákvæði hafi ekki áhrif á ákvarðanir sem eru teknar í þeim tilgangi að skilgreina „innlenda atvinnugrein“ eða „samsvarandi vörur innlendrar atvinnugreinar“ eða svipuð hugtök hvar sem þau koma fyrir.

[59] Hvað varðar upprunareglur, sem eru notaðar í tengslum við opinber innkaup, skal þetta ákvæði ekki leiða af sér skyldur umfram þær sem aðilar hafa þegar tekið á sig samkvæmt GATT-samningnum frá 1994.

[60] Hvað varðar beiðnir sem fram koma á fyrsta árinu eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina verður þess einungis krafist að aðilar framkvæmi slíkt mat eins fljótt og unnt er.

[61] Ef mælt er fyrir um viðmiðunina um hundraðshluta af verðmæti skal einnig tilgreina í upprunareglunum aðferð til að reikna þennan hundraðshluta.

[62] Ef mælt er fyrir um viðmiðun vegna framleiðslu- eða vinnsluaðferða skal tilgreina nákvæmlega aðgerðina sem er notuð til að ákvarða uppruna viðkomandi vöru.

[63] Samhliða þessu skal tekið tillit til fyrirkomulags við lausn deilumála er varða tollflokkun.

[64] Hvað varðar beiðnir sem fram koma á fyrsta árinu eftir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina

mentioned in this subparagraph and in subparagraph 3.2 may not be possible where the product in question is subject to judicial review proceedings.

[49] A determination of final liability for payment of anti-dumping duties, as provided for in paragraph 3 of Article 9, does not by itself constitute a review within the meaning of this Article.

[50] When the amount of the anti-dumping duty is assessed on a retrospective basis, a finding in the most recent assessment proceeding under subparagraph 3.1 of Article 9 that no duty is to be levied shall not by itself require the authorities to terminate the definitive duty.

[51] Where authorities provide information and explanations under the provisions of this Article in a separate report, they shall ensure that such report is readily available to the public.

[52] This is not intended to preclude action under other relevant provisions of GATT 1994, as appropriate.

[53] It is understood that this provision does not obligate Members to allow government entities of other Members to conduct preshipment inspection activities on their territory.

[54] An international standard is a standard adopted by a governmental or non-governmental body whose membership is open to all Members, one of whose recognized activities is in the field of standardization.

[55] It is understood that, for the purposes of this Agreement, *"force majeure"* shall mean "irresistible compulsion or coercion, unforeseeable course of events excusing from fulfilment of contract".

[56] The obligations of user Members with respect to the services of preshipment inspection entities in connection with customs valuation shall be the obligations which they have accepted in GATT 1994 and the other Multilateral Trade Agreements included in Annex 1A of the WTO Agreement.

[57] It is understood that such technical assistance may be given on a bilateral, plurilateral or multilateral basis.

[58] It is understood that this provision is without prejudice to those determinations made for purposes of defining "domestic industry" or "like products of domestic industry" or similar terms wherever they apply.

[59] With respect to rules of origin applied for the purposes of government procurement, this provision shall not create obligations additional to those already assumed by Members under GATT 1994.

[60] In respect of requests made during the first year from the date of entry into force of the WTO Agreement, Members shall only be required to issue these assessments as soon as possible.

[61] If the ad valorem criterion is prescribed, the method for calculating this percentage shall also be indicated in the rules of origin.

[62] If the criterion of manufacturing or processing operation is prescribed, the operation that confers origin on the product concerned shall be precisely specified.

[63] At the same time, consideration shall be given to arrangements concerning the settlement of disputes relating to customs classification.

[64] In respect of requests made during the first year from entry into force of the WTO Agreement, Members shall

verður þess einungis krafist að aðilar framkvæmi slíkt mat eins fljótt og unnt er.

[65] Málsmeðferð sem nefnd er „leyfisveiting“ og önnur svipuð stjórnsýslumeðferð.

[66] Eigi ber að líta svo á að neitt í samningi þessum merki að grundvöllur, gildissvið eða tímalengd ráðstöfunar, sem er gerð í tengslum við leyfisveitingu, sé vafa undirorpin samkvæmt samningi þessum.

[67] Í samningi þessum nær hugtakið „stjórnvöld“ til þar til bærra yfirvalda Evrópubandalaganna.

[68] Málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa þar sem skylt er að leggja fram tryggingu en hefur engin takmarkandi áhrif á innflutning telst falla undir gildissvið 1. og 2. mgr.

[69] Þróunaraðildarlöndum, öðrum en þróunaraðildarlöndum sem áttu aðild að samningnum um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem gerður var 12. apríl 1979 og eiga í sérstökum erfiðleikum með kröfur ii-og iii-liðar a-liðar, er heimilt, með tilkynningu til nefndarinnar, að fresta beitingu ákvæða þessara liða í allt að tvö ár frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

[70] Einnig nefndir „handhafar kvóta“.

[71] Upphaflega gefið út sem GATT-samkomulagið frá 1947, skjal L/3515 frá 23. mars, 1971.

[72] Í samræmi við ákvæði XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (skýring við XVI. gr.) og ákvæði I. til III. viðauka við þennan samning skal undanþága fyrir útfluttar vörur frá tollum eða sköttum, sem lagðir eru á samsvarandi vörur þegar þær eru ætlaðar til innanlandsneyslu, eða eftirgjöf á slíkum tollum eða sköttum sem nemur ekki hærri fjárhæðum en þeim sem eru áfallnar, ekki teljast styrkur.

[73] Hlutlægar viðmiðanir eða skilyrði merkja hér viðmiðanir eða skilyrði sem eru hlutlaus, þjóna ekki hagsmunum tiltekinna fyrirtækja umfram önnur, varða efnahag og miðast við sambærileg atriði, svo sem fjölda starfsmanna eða stærð fyrirtækis.

[74] Í þessu sambandi skal einkum tekið tillit til upplýsinga um hve oft umsóknum um styrk er hafnað eða þær samþykktar og forsendna fyrir slíkum ákvörðunum.

[75] Þessi staðall telst uppfylltur þegar staðreyndir sýna að styrkveiting, sem hefur ekki verið lögformlega tengd útflutningi, er í raun bundin raunverulegum eða fyrirhuguðum útflutningi eða hagnaði af útflutningi. Þótt styrkur sé veittur til fyrirtækja sem stunda útflutning skal sú staðreynd ekki ein og sér vera næg ástæða til þess að styrkurinn teljist vera útflutningsstyrkur í skilningi þessa ákvæðis.

[76] Ráðstafanir sem um getur í I. viðauka og teljast ekki útflutningsstyrkur eru ekki bannaðar samkvæmt þessu eða neinu öðru ákvæði þessa samnings.

[77] Heimilt er að framlengja þau tímabil sem eru nefnd í þessari grein með samkomulagi þar um.

[78] Eins og fram kemur í 24. gr.

[79] Ef ekki er gert ráð fyrir fundi í deilumálanefndinni á þessu tímabili skal kalla saman fund til að fjalla um þetta.

[80] Þetta orðalag merkir ekki að leyfa eigi gagnráðstafanir sem eru hlutfallslega rangar sökum þess að styrkir, sem þessi ákvæði gilda um, eru bannaðir.

[81] Þetta orðalag merkir ekki að leyfa eigi gagnráðstafanir sem eru hlutfallslega rangar sökum þess að styrkir, sem þessi ákvæði gilda um, eru bannaðir.

only be required to issue these assessments as soon as possible.

[65] Those procedures referred to as "licensing" as well as other similar administrative procedures.

[66] Nothing in this Agreement shall be taken as implying that the basis, scope or duration of a measure being implemented by a licensing procedure is subject to question under this Agreement.

[67] For the purpose of this Agreement, the term "governments" is deemed to include the competent authorities of the European Communities.

[68] Those import licensing procedures requiring a security which have no restrictive effects on imports are to be considered as falling within the scope of paragraphs 1 and 2.

[69] A developing country Member, other than a developing country Member which was a Party to the Agreement on Import Licensing Procedures done on 12 April 1979, which has specific difficulties with the requirements of subparagraphs (a)(ii) and (a)(iii) may, upon notification to the Committee, delay the application of these subparagraphs by not more than two years from the date of entry into force of the WTO Agreement for such Member.

[70] Sometimes referred to as "quota holders".

[71] Originally circulated as GATT 1947 document L/3515 of 23 March 1971.

[72] In accordance with the provisions of Article XVI of GATT 1994 (Note to Article XVI) and the provisions of Annexes I through III of this Agreement, the exemption of an exported product from duties or taxes borne by the like product when destined for domestic consumption, or the remission of such duties or taxes in amounts not in excess of those which have accrued, shall not be deemed to be a subsidy.

[73] Objective criteria or conditions, as used herein, mean criteria or conditions which are neutral, which do not favour certain enterprises over others, and which are economic in nature and horizontal in application, such as number of employees or size of enterprise.

[74] In this regard, in particular, information on the frequency with which applications for a subsidy are refused or approved and the reasons for such decisions shall be considered.

[75] This standard is met when the facts demonstrate that the granting of a subsidy, without having been made legally contingent upon export performance, is in fact tied to actual or anticipated exportation or export earnings. The mere fact that a subsidy is granted to enterprises which export shall not for that reason alone be considered to be an export subsidy within the meaning of this provision.

[76] Measures referred to in Annex I as not constituting export subsidies shall not be prohibited under this or any other provision of this Agreement.

[77] Any time periods mentioned in this Article may be extended by mutual agreement.

[78] As established in Article 24.

[79] If a meeting of the DSB is not scheduled during this period, such a meeting shall be held for this purpose.

[80] This expression is not meant to allow countermeasures that are disproportionate in light of the fact that the subsidies dealt with under these provisions are prohibited.

[81] This expression is not meant to allow countermeasures that are disproportionate in light of the fact that the subsidies dealt with under these provisions are prohibited.

[82] Orðalagið „að skaða innlenda atvinnugrein“ er notað hér í sömu merkingu og í V. hluta.
[83] Orðalagið „að gera að engu eða skerða“ er notað í þessum samningi í sömu merkingu og í viðkomandi ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 og mat á því hvort um slíkt sé að ræða skal vera í samræmi við venjubundna beitingu þeirra ákvæða.
[84] Orðalagið „að vinna hagsmunum annars aðila alvarlegt tjón“ er notað í þessum samningi í sömu merkingu og í 1. mgr. XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og felur einnig í sér hættu á alvarlegu tjóni.
[85] Heildarverðmæti styrks skal reiknað í samræmi við ákvæði IV. viðauka.
[86] Þar sem gert er ráð fyrir að sérstakar marghliða reglur gildi um almenn loftför eiga viðmiðunarmörkin, sem eru tilgreind í þessum lið, ekki við um almenn loftför.
[87] Aðilar viðurkenna að þegar fjárframlag, sem byggist á einkaleyfisþóknun eða höfundarlaun vegna áætlana um smíði almennra loftfara, fæst ekki endurgreitt að fullu vegna þess að salan varð minni en gert hafði verið ráð fyrir telst það ekki valda alvarlegu tjóni í sjálfu sér að því er varðar ákvæði þessa liðar.
[88] Nema aðrar sérreglur settar með marghliða samþykktum gildi um viðskipti með framleiðslu- eða verslunarvöruna sem um er að ræða.
[89] Þótt tilteknar aðstæður séu tilgreindar í þessari málsgrein öðlast þær ekki við það lagalegt gildi í sjálfu sér, hvorki samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 né þessum samningi. Þessum aðstæðum má ekki stilla upp án samhengis, með tilviljanakenndum hætti eða á annan ómarktækan hátt.
[90] Ef beiðnin er í tengslum við styrk sem telst valda alvarlegu tjóni í skilningi 1. mgr. 6. gr. nægir að í fyrirliggjandi sönnunargögnum um alvarlegt tjón komi fram hvort skilyrðin í 1. mgr. 6. gr. hafi verið uppfyllt eða ekki.

[91] Heimilt er að framlengja þau tímabil sem eru nefnd í þessari grein með samkomulagi þar um.
[92] Ef ekki er áætlað að halda fund í deilumálanefndinni á þessu tímabili skal kalla saman fund til að fjalla um þetta.
[93] Ef ekki er áætlað að halda fund í deilumálanefndinni á þessu tímabili skal kalla saman fund til að fjalla um þetta.
[94] Viðurkennt er að algengt sé að aðilar veiti opinbera aðstoð í margs konar tilgangi og þótt slík aðstoð falli e.t.v. ekki undir aðstoð, sem ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, takmarkar það ekki í sjálfu sér möguleika aðila á að veita slíka aðstoð.

[95] Þar sem gert er ráð fyrir að sérstakar reglur samkvæmt marghliða samningum gildi um almenn loftför gilda ákvæði þessa liðar ekki um þau.
[96] Eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina skal nefndin um styrki og jöfnunarráðstafanir, sem kveðið er á um í 24., gr. (í þessum samningi kölluð „nefndin“) athuga virkni ákvæða a-liðar 2. mgr. 8. gr. með það fyrir augum að gera allar nauðsynlegar breytingar til að bæta virkni þessara ákvæða. Nefndin skal, með tilliti til hugsanlegra breytinga, endurskoða nákvæmlega flokkaskiptinguna sem sett er fram í þeim lið í ljósi reynslu aðila við framkvæmd rannsóknaráætlana og af því starfi sem fer fram hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum á þessu sviði.

[97] Ákvæði þessa samnings gilda ekki um óháðar grundvallarrannsóknir á vegum æðri menntastofnana eða rannsóknarstöðva. Orðið „grundvallarrannsóknir“ merkir út-

[82] The term “injury to the domestic industry” is used here in the same sense as it is used in Part V.
[83] The term “nullification or impairment” is used in this Agreement in the same sense as it is used in the relevant provisions of GATT 1994, and the existence of such nullification or impairment shall be established in accordance with the practice of application of these provisions.
[84] The term “serious prejudice to the interests of another Member” is used in this Agreement in the same sense as it is used in paragraph 1 of Article XVI of GATT 1994, and includes threat of serious prejudice.
[85] The total ad valorem subsidization shall be calculated in accordance with the provisions of Annex IV.
[86] Since it is anticipated that civil aircraft will be subject to specific multilateral rules, the threshold in this subparagraph does not apply to civil aircraft.
[87] Members recognize that where royalty-based financing for a civil aircraft programme is not being fully repaid due to the level of actual sales falling below the level of forecast sales, this does not in itself constitute serious prejudice for the purposes of this subparagraph.

[88] Unless other multilaterally agreed specific rules apply to the trade in the product or commodity in question.

[89] The fact that certain circumstances are referred to in this paragraph does not, in itself, confer upon them any legal status in terms of either GATT 1994 or this Agreement. These circumstances must not be isolated, sporadic or otherwise insignificant.

[90] In the event that the request relates to a subsidy deemed to result in serious prejudice in terms of paragraph 1 of Article 6, the available evidence of serious prejudice may be limited to the available evidence as to whether the conditions of paragraph 1 of Article 6 have been met or not.
[91] Any time periods mentioned in this Article may be extended by mutual agreement.
[92] If a meeting of the DSB is not scheduled during this period, such a meeting shall be held for this purpose.
[93] If a meeting of the DSB is not scheduled during this period, such a meeting shall be held for this purpose.
[94] It is recognized that government assistance for various purposes is widely provided by Members and that the mere fact that such assistance may not qualify for non-actionable treatment under the provisions of this Article does not in itself restrict the ability of Members to provide such assistance.
[95] Since it is anticipated that civil aircraft will be subject to specific multilateral rules, the provisions of this subparagraph do not apply to that product.
[96] Not later than 18 months after the date of entry into force of the WTO Agreement, the Committee on Subsidies and Countervailing Measures provided for in Article 24 (referred to in this Agreement as “the Committee”) shall review the operation of the provisions of subparagraph 2(a) with a view to making all necessary modifications to improve the operation of these provisions. In its consideration of possible modifications, the Committee shall carefully review the definitions of the categories set forth in this subparagraph in the light of the experience of Members in the operation of research programmes and the work in other relevant international institutions.
[97] The provisions of this Agreement do not apply to fundamental research activities independently conducted by

víkkun almennrar vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar án tengsla við markmið í iðnaði eða verslun.

[98] Leyfileg mörk fyrir aðstoð sem ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn og um getur í þessum lið skulu ákvörðuð með hliðsjón af heildarkostnaði sem talið er eðlilegt að verði á meðan hvert einstakt verkefni stendur yfir.
[99] Hugtakið „iðnaðarrannsóknir" merkir skipulega leit eða nákvæma rannsókn sem beinist að því að afla nýrrar þekkingar með það að markmiði að slík þekking geti orðið gagnleg við þróun nýrrar vöru, vinnsluaðferða eða þjónustu eða til að koma í kring mikilvægum umbótum á vöru, vinnsluaðferðum eða þjónustu sem fyrir er.
[100] Hugtakið „þróunarstarf áður en að markaðssetningu kemur" merkir yfirfærslu á niðurstöðum iðnaðarrannsókna yfir í áætlun, verkteikningu eða hönnun nýrrar, breyttrar eða endurbættrar vöru, vinnsluaðferða eða þjónustu, hvort heldur er til sölu eða notkunar, þar með talin fyrsta frummynd sem telst ekki hæf sem verslunarvara. Einnig getur það falið í sér hugmyndavinnu og hönnun á öðrum gerðum framleiðsluvöru, vinnsluaðferða eða þjónustu og fyrstu kynningu eða tilraunaverkefni, að því tilskildu að ekki sé unnt að umbreyta þessum verkefnum til iðnaðarnota eða nýta þau í viðskiptalegum tilgangi. Það felur ekki í sér venju- eða reglubundnar breytingar á framleiðsluvörum sem eru til fyrir, framleiðslulínum, vinnsluaðferðum í framleiðslu, þjónustu eða annarri starfsemi sem fer að jafnaði fram, jafnvel þótt þessar breytingar geti talist til endurbóta.
[101] Þegar um er að ræða áætlanir sem ná yfir bæði iðnaðarrannsóknir og þróunarstarf áður en að markaðssetningu kemur skulu leyfileg mörk fyrir aðstoð, sem ekki er heimilt að grípa til aðgerða gegn, ekki vera yfir einföldu meðaltali leyfilegra marka slíkrar aðstoðar í þessum tveimur flokkum, reiknað á grundvelli alls kostnaðar er uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í i- til v-lið þessa liðar.
[102] „Almennur rammi um þróun tiltekinna svæða" merkir að áætlanir um svæðisbundna styrki eru hluti af stefnu sem er innbyrðis samkvæm og gildir almennt um þróun svæða og að styrkir vegna þróunar tiltekinna svæða eru ekki veittir á einangruðum landfræðilegum stöðum sem hafa engin eða nánast engin áhrif á þróun svæðisins.
[103] „Hlutlausar og hlutlægar viðmiðanir" merkir viðmiðanir sem miða ekki að því að hygla tilteknum svæðum umfram það sem nauðsynlegt er til að eyða eða draga úr svæðisbundnum mismun innan ramma stefnu um þróun svæða. Í ljósi þessa skal vera þak á áætlunum um svæðisbundna styrki að því er varðar fjárhæð aðstoðarinnar sem unnt er að veita hverju verkefni sem er styrkt. Aðgreina þarf slík þök samkvæmt hinum ýmsu stigum þróunar á þeim svæðum sem njóta aðstoðar og setja fram í formi fjárfestingarkostnaðar eða kostnaðar við atvinnusköpun. Innan slíkra þaka skal aðstoðin dreifast nægilega víða og jafnt til að koma í veg fyrir yfirgnæfandi hlutdeild tiltekinna fyrirtækja í styrkjum, eða veitingu hlutfallslega of hárra styrkja til tiltekinna fyrirtækja, eins og kveðið er á um í 2. gr.
[104] „Aðstaða sem er fyrir hendi" merkir aðstöðu sem hefur verið í notkun í að minnsta kosti tvö ár þegar nýjar umhverfiskröfur eru gerðar.
[105] Viðurkennt er að í þessum ákvæðum um tilkynningar er ekkert sem krefst þess að trúnaðarupplýsingar séu látnar í té og á það einnig við um viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál.

higher education or research establishments. The term "fundamental research" means an enlargement of general scientific and technical knowledge not linked to industrial or commercial objectives.
[98] The allowable levels of non-actionable assistance referred to in this subparagraph shall be established by reference to the total eligible costs incurred over the duration of an individual project.
[99] The term "industrial research" means planned search or critical investigation aimed at discovery of new knowledge, with the objective that such knowledge may be useful in developing new products, processes or services, or in bringing about a significant improvement to existing products, processes or services.
[100] The term "pre-competitive development activity" means the translation of industrial research findings into a plan, blueprint or design for new, modified or improved products, processes or services whether intended for sale or use, including the creation of a first prototype which would not be capable of commercial use. It may further include the conceptual formulation and design of products, processes or services alternatives and initial demonstration or pilot projects, provided that these same projects cannot be converted or used for industrial application or commercial exploitation. It does not include routine or periodic alterations to existing products, production lines, manufacturing processes, services, and other on-going operations even though those alterations may represent improvements.

[101] In the case of programmes which span industrial research and pre-competitive development activity, the allowable level of non-actionable assistance shall not exceed the simple average of the allowable levels of non-actionable assistance applicable to the above two categories, calculated on the basis of all eligible costs as set forth in items (i) to (v) of this subparagraph.
[102] A "general framework of regional development" means that regional subsidy programmes are part of an internally consistent and generally applicable regional development policy and that regional development subsidies are not granted in isolated geographical points having no, or virtually no, influence on the development of a region.
[103] "Neutral and objective criteria" means criteria which do not favour certain regions beyond what is appropriate for the elimination or reduction of regional disparities within the framework of the regional development policy. In this regard, regional subsidy programmes shall include ceilings on the amount of assistance which can be granted to each subsidized project. Such ceilings must be differentiated according to the different levels of development of assisted regions and must be expressed in terms of investment costs or cost of job creation. Within such ceilings, the distribution of assistance shall be sufficiently broad and even to avoid the predominant use of a subsidy by, or the granting of disproportionately large amounts of subsidy to, certain enterprises as provided for in Article 2.

[104] The term "existing facilities" means facilities which have been in operation for at least two years at the time when new environmental requirements are imposed.
[105] It is recognized that nothing in this notification provision requires the provision of confidential information, including confidential business information.

[106] Heimilt er að beita ákvæðum II. og III. hluta jafnhliða ákvæðum V. hluta; með tilliti til áhrifa tiltekins styrks á innlendum markaði innflutningsaðila skal þó aðeins vera unnt að nota eitt form af undanþágum (annaðhvort jöfnunartoll, ef farið er eftir kröfum V. hluta, eða gagnráðstafanir samkvæmt ákvæðum 4. eða 7. gr.). Ekki skal beita ákvæðum III. og V. hluta þegar um er að ræða ráðstafanir sem ekki er heimilt að beita aðgerðum gegn samkvæmt ákvæðum IV. hluta. Engu að síður er heimilt að rannsókn fari fram á ráðstöfunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 8. gr. til að ákvarða hvort um sé að ræða sértækar ráðstafanir í skilningi 2. gr. Þar að auki, ef um er að ræða styrk sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og er veittur samkvæmt áætlun sem hefur ekki verið tilkynnt um í samræmi við 3. mgr. 8. gr., er heimilt að beita ákvæðum III. eða V. hluta en litið er svo á að ekki sé heimilt að beita aðgerðum gegn slíkum styrk ef hann samrýmist skilgreiningum 2. mgr. 8. gr.

[107] Litið skal svo á að „jöfnunartollur" merki sérstakan toll sem lagður er á í þeim tilgangi að vega á móti hvers konar styrkjum sem eru beint eða óbeint veittir til framleiðslu eða útflutnings á hvers konar verslunarvöru, eins og kveðið er á um í 3. mgr. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

[108] Hugtakið „hefja rannsókn", eins og það er notað hér á eftir, merkir málsmeðferð þar sem aðili hefur rannsókn með formlegum hætti eins og kveðið er á um í 11. gr.

[109] Þegar um er að ræða margskiptar atvinnugreinar með óvenjulega mörgum framleiðendum er yfirvöldum heimilt að ákvarða stuðning og andstöðu með tölfræðilega gildri úrtaksaðferð.

[110] Aðilar gera sér grein fyrir að á yfirráðasvæði tiltekinna aðila er starfsmönnum innlendra framleiðenda samsvarandi vöru eða fulltrúum þessara starfsmanna heimilt að senda inn eða styðja umsókn um rannsókn samkvæmt 1. mgr.

[111] Að jafnaði skal reikna frest fyrir útflytjendur frá þeim degi er þeir taka við spurningalista sem telst í þessu sambandi móttekinn einni viku eftir þann dag er hann var sendur til þess sem ber að svara eða afhentur hlutaðeigandi sendifulltrúa útflutningsaðila eða, þegar um er að ræða einstök tollsvæði sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, opinberum fulltrúa útflutningssvæðisins.

[112] Gert er ráð fyrir því að þegar útflytjendur eru óvenju margir sé heildartexti umsóknarinnar aðeins afhentur yfirvöldum útflutningsaðila eða viðkomandi atvinnugreinasamtökum sem senda afrit áfram til viðkomandi útflytjenda.

[113] Aðilar gera sér grein fyrir að á yfirráðasvæði tiltekinna aðila kann þess að vera krafist að upplýsingar séu gefnar upp samkvæmt ströngum reglum um upplýsingaleynd.

[114] Aðilar samþykkja að ekki megi hafna beiðnum um upplýsingaleynd að geðþótta. Aðilar samþykkja einnig að rannsóknaryfirvaldi sé heimilt að krefjast þess að upplýsingaleynd sé aflétt varðandi upplýsingar sem aðeins skipta máli fyrir rannsóknina.

[115] Afar mikilvægt er, í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar, að ekki sé ákvarðað jákvætt, hvorki til bráðabirgða né endanlega, án þess að eðlilegt tækifæri sé veitt til viðræðna. Með slíkum viðræðum er unnt að leggja grunninn að málsmeðferð samkvæmt ákvæðum II. III. eða X. hluta.

[106] The provisions of Part II or III may be invoked in parallel with the provisions of Part V; however, with regard to the effects of a particular subsidy in the domestic market of the importing Member, only one form of relief (either a countervailing duty, if the requirements of Part V are met, or a countermeasure under Articles 4 or 7) shall be available. The provisions of Parts III and V shall not be invoked regarding measures considered non-actionable in accordance with the provisions of Part IV. However, measures referred to in paragraph 1(a) of Article 8 may be investigated in order to determine whether or not they are specific within the meaning of Article 2. In addition, in the case of a subsidy referred to in paragraph 2 of Article 8 conferred pursuant to a programme which has not been notified in accordance with paragraph 3 of Article 8, the provisions of Part III or V may be invoked, but such subsidy shall be treated as non-actionable if it is found to conform to the standards set forth in paragraph 2 of Article 8.

[107] The term "countervailing duty" shall be understood to mean a special duty levied for the purpose of offsetting any subsidy bestowed directly or indirectly upon the manufacture, production or export of any merchandise, as provided for in paragraph 3 of Article VI of GATT 1994.

[108] The term "initiated" as used hereinafter means procedural action by which a Member formally commences an investigation as provided in Article 11.

[109] In the case of fragmented industries involving an exceptionally large number of producers, authorities may determine support and opposition by using statistically valid sampling techniques.

[110] Members are aware that in the territory of certain Members employees of domestic producers of the like product or representatives of those employees may make or support an application for an investigation under paragraph 1.

[111] As a general rule, the time-limit for exporters shall be counted from the date of receipt of the questionnaire, which for this purpose shall be deemed to have been received one week from the date on which it was sent to the respondent or transmitted to the appropriate diplomatic representatives of the exporting Member or, in the case of a separate customs territory Member of the WTO, an official representative of the exporting territory.

[112] It being understood that where the number of exporters involved is particularly high, the full text of the application should instead be provided only to the authorities of the exporting Member or to the relevant trade association who then should forward copies to the exporters concerned.

[113] Members are aware that in the territory of certain Members disclosure pursuant to a narrowly-drawn protective order may be required.

[114] Members agree that requests for confidentiality should not be arbitrarily rejected. Members further agree that the investigating authority may request the waiving of confidentiality only regarding information relevant to the proceedings.

[115] It is particularly important, in accordance with the provisions of this paragraph, that no affirmative determination whether preliminary or final be made without reasonable opportunity for consultations having been given. Such consultations may establish the basis for proceeding under the provisions of Part II, III or X.

[116] Í þessum samningi merkir hugtakið „skaði“, nema annað sé tilgreint, verulegan skaða fyrir innlenda atvinnugrein, hættu á verulegum skaða fyrir innlenda atvinnugrein eða verulega torveldun á því að slíkri atvinnugrein sé komið á fót og skal það túlkað í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
[117] Í þessum samningi hefur hugtakið „samsvarandi vara“ merkinguna sambærileg vara, þ.e. vara sem er að öllu leyti eins og varan sem um er að ræða eða, ef slík vara er ekki til, önnur vara með eiginleikum sem líkjast mjög mikið eiginleikum umræddrar vöru þótt hún sé ekki eins að öllu leyti.

[118] Eins og tilgreint er í 2. og 4. mgr.
